Frumvarp til Fjárlaga

fyrir

árin 1896 og 97

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

---

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1896 og 1897 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,163,200 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 888,400 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000.	17,000.	34,000.
b) á lausafje	25,000.	25,000.	50,000.
2. húsaskattur	4,200.	4,200.	8,400.
3. tekjuskattur	13,000.	13,000.	26,000.
4. aukatekjur	20,000.	20,000.	40,000.
5. erfðafjárskattur	2,000.	2,000.	4,000.
6. vitagjald	7,000.	7,000.	14,000.
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000.	2,000.	4,000.
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	30,000.	30,000.	60,000.
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	110,000.	110,000.	220,000.
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	60,000.	60,000.	120,000.
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2 % í innheimtulaun	130,000.	130,000.	260,000.
12. tekjur af póstferðum	22,000.	22,000.	44,000.
13. óvissar tekjur	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	444,200.	444,200.	888,400.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 34,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls..... 9,000 —	25,000.	25,000.	50,000.
2. Tekjur af kirkjum	300.	300.	600.
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgastaðafjalli	1,000.	1,000.	2,000.
samtals...	26,300.	26,300.	52,600.

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	34,000.	34,000.	68,000.
Uppí lán verður borgað: á árinu 1896 22,770 kr. 62 a. - — 1897 22,094 — 17 - 44,864 kr. 79 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	5,000.	5,000.	10,000.
samtals...	39,000.	39,000.	78,000.

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000.	2,000.	4,000.
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna...	600.	600.	1,200.
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum ..	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	4,600.	4,600.	9,200.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 135,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000.	60,000.	120,000.
Aukatillag	8,500.	6,500.	15,000.
samtals...	68,500.	66,500.	135,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1896 og 1897 veitast til útgjalda 1,130,607 kr. 64 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1896: 12,400 kr., og árið 1897: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 295,477 kr. 64 a.

A.	1896.	1897.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,300.	18,316. 66	36,616. 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl. ..	3,800.	3,800.	7,600.
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda ..... 500 —			
	3,000.	3,000.	6,000.
	25,100.	25,116. 66	50,216. 66
flyt...	.....	.....	50,216. 66

		1896.	1897.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	.....	.....	50,216. 66
	B.			
	Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	68,853. 49	68,853. 49	
	b. til hreppstjóra.....	6,000.	6,000.	
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík....	1,400.	1,400.	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:			
	a. laun umsjónarmannsins ..... 1896. 800 kr. / 1897. 800 kr.			
	viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..... 200 — / 200 —			
	þóknun handa dómkirkjuprestinum .... 100 — / 100 —			
	þóknun handa lækni 60 — / 60 —			
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag. 1,225 — / 1,225 —			
	3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e..... 230 — / 230 —			
	þvottur ..... 30 — / 30 —			
	til eldiviðar og ljósa 520 — / 520 —			
	útgjöld við byggingina sjálfa og áhöld. 400 — / 400 —			
	til þess að útvega verkefni ..... 500 — / 500 —			
	ýmisleg útgjöld..... 150 — / 150 —			
	4,215 kr. / 4,215 kr.			
	arður af verkum talinn..... 615 — / 615 —			
	3,600 kr. / 3,600 kr.			
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna ..... 100 — / 100 —			
		3,700.	3,700.	
	flyt...	79,953. 49	79,953. 49	50,216. 66

			1896.	1897.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...		79,953. 49	79,953. 49	50,216. 66
4.	önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn.	50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —			
			5,200.	5,200.	
			85,153. 49	85,153. 49	
	C.				170,306. 98
	Ýmisleg útgjöld:				
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
	b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 28 arkir og deildarinnar C. 25 arkir	2,279 —			
	c. til kostnaðar við sending með póstum	350 —			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina	900 —			
			3,829.	3,829.	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,900.	1,900.	
3.	brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,200.	1,200.	
4.	styrkur til eflingar búnaði:				
	a. til búnaðarskóla:	1896. 1897.			
	1. til skólans í Ólafsdal	kr. kr. 2,500 2,500			
	2. til skólans á Hólum	3,500 3,500			
	3. — — - Eyðum	2,000 2,000			
	4. — — - Hvanneyri	2,000 2,000			
	flyt...	10,000 10,000	6,929.	6,929.	220,519. 64

	1896. kr.	1897. kr.	1896. kr.	1897. kr.	alls. kr.
fluttar...	10,000	10,000	6,929.	6,929.	220,519. 64
b. til búnaðarfjelaga..... Þar af til búnaðarfjelags Suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.	12,000	12,000			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina.....	240	240			
d. styrkur til að kaupa »harmonium« handa 3 landssjóðs kirkjum í Vestur-Skaptafellssýslu.....	800	»			
e. styrkur til ábyrgðarfjelags fyrir fiskiskip við Faxaflóa ..	5,000	»			
			28,040.	22,240.	
5. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitamannsins.....	1,200				
b. til eptirlits með vitanum ..	60				
c. til að kaupa olíu	1,200				
d. — — lampakveiki o. fl.	150				
e. til að kaupa steinkol	120				
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum.....	200				
g. eptirgjald eptir lóðina	30				
			2,960.	2,960.	
6. til vörðuvita			2,200.	700.	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,000.	1,000.	
			41,129.	33,829.	74,958.
samtals...			.....	.....	295,477. 64

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 119,864 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,058.	39,058.	78,116.
2. styrkur til 14 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum,			
n. til læknis í Grímsness, Biskupstungna, Hrunamanna, Gnúpverja, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnes sýslu.			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	14,000.	14,000.	28,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar sem augnalæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000.	2,000.	4,000.
4. styrkur til Ó. Nickolins tannlæknis	500.	500.	1,000.
5. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — á Akureyri 400 —			
flyt... 1,600 kr.	55,558.	55,558.	111,116.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar... 1,600 kr.	55,558.	55,558.	111,116.
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ..... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 500 —	4,124.	4,124.	8,248.
f. styrkur til að útvega leiðbeinandi rit við alþýðu hæfi um meðferð holdsveikra, fyrir 1896	500.		500.
samtals...	60,182.	59,682.	119,864.

12. gr.

Til samgöngumála veitast 298,500 kr.:

A.	1896.	1897.	alls.
Til útgjalda við póststjórnina:	kr.	kr.	kr
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum .... 6,200 —			
c. — brjefhirðingarmönnum .... 4,000 —	12,600.	12,600.	25,200.
2. póstflutningur.....	36,000.	36,000.	72,000.
3. önnur útgjöld:	1896. kr.	1897. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 ‰ um.....	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu.....	800	800	
e. til áhalda	700	700	
f. 1 brjefberi í Reykjavík.....	50	50	
g. óviss útgjöld.....	200	200	
	3,650.	3,650.	7,300.
samtals...	52,250.	52,250.	104,500.

B.	1896.	1897.			
Til vegabóta:	kr.	kr.			
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum.....	3,000.	3,000			
b. til flutningabrauta	50,000.	50,000			
flyt...	53,000	53,000	52,250.	52,250.	104,500.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1896. 1897.			
kr. kr.			
fluttar...53,000 53,000	52,250.	52,250.	104,500.
c. til aðalvega.....15,000. 15,000			
d. til fjallvega..... 2,000. 2,000			
	70,000.	70,000.	140,000.
C.			
Til strandferða: kr.			
a. til hins sameinaða gufuskipafjelags.... 18,000			
b. til gufubátsferða á Faxaflóa..... 3,000			
c. — — meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að..... 3.000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist aðeins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.			
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna $^1/_4$ móti $^3/_4$ úr landssjóði.			
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, sem njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum, allt án sjerstaks endurgjalds.			
	24,000.	24,000.	48,000.
d. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að..... 6,000			
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram $^1/_4$ til móts við landssjóðsstyrkinn.			
	6,000.	«	6,000.
samtals...	.....	.....	298,500.

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 268,166 kr.:

			1896.	1897.	alls.
A.					
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			kr.	kr.	kr.
a. laun til biskupsins			7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:					
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			9,000.	9,500.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			2,000.	2,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi			200.	200.	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum			3,000.	3,000.	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað			1,000.	1,000.	
			22,800.	23,300.	46,100.
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200.	9,200.	
b. önnur útgjöld:					
	1896.	1897.			
1. húsaleigustyrkur handa 16 lærisveinum 1896 og 20 1897, 80 kr. handa hverjum	1,280 kr.	1,600 kr.			
2. ölmusu styrkur	600 —	600 —			
3. til tímakennslu.	100 —	100 —			
4. til bókakaupa..	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar...	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	200 —	200 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 25 kr. fyrir örkina allt að	250 —	250 —			
9. til þess ad kaupa »harmonium« til					
flyt...	2,930 kr.	3,250 kr.	9,200.	9,200.	46,100.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
	1896. 1897.		
fluttar...	2,930 kr. 3,250 kr.	9,200.	9,200.	46,100.
notkunar við kenzlu i tónlist og sálmasöng...	250 —	3,180.	3,250.	
		12,380.	12,450.	24,830.
II. til læknaskólans.				
a. laun		3,200.	3,200.	
b. önnur útgjöld:	1896. 1897.			
1. 4 ölmusur, 200 kr. hvor.....	800 kr. 800 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 — 150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	500 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ...	300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 10 lærisveinum.	800 — 800 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að...	200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld.	100 — 100 —			
		2,950.	2,750.	
		6,150.	5,950.	12,100.
III. til hins lærða skóla:				
a. laun		19,200.	19,200.	
b. aðstoðarfje:				
handa söngkennaranum	600 kr.			
— fimleikakennaranum ...	700 —			
— dyraverði	1,000 —			
flyt...	2,300 kr.	19,200.	19,200.	83,030.

			1896.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	fluttar...	2,300 kr.	19,200.	19,200.	83,030.
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —	2,600.	2,600.	
		1896. 1897.			
c.	önnur útgjöld:				
1.	til bókasafns skólans	600 kr. 600 kr.			
2.	til eldiviðar og ljósa.....	1,000 — 1,000 —			
3.	til skólahússins utan og innan .	1,400 — 1,000 —			
4.	til tímakennslu.	1,700 — 1,700 —			
5.	ölmusur.....	5,500 — 5,500 —			
6.	þóknun handa lækni.....	100 — 100 —			
7.	ýmisleg útgjöld	1,000 — 1,000 —			
8.	fyrir prestsverk.	48 — 48 —			
9.	til vísindalegra áhalda við kennslu:				
	a. í náttúrusögu.	200 — 200 —			
	b. í eðlisfræði..	400 — 400 —			
10.	til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni.	300 — 300 —			
11.	ferða-styrkur til Danmerkur handa leikfimiskennaran: um til að fullkomna sig í list sinni	1,000 — »			
			13,248.	11,848.	
			35,048.	33,648.	68,696.
IV.	til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a.	laun		6,600.	6,600.	
b.	önnur útgjöld:	1896. 1897.			
1.	til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna.....	400 kr. 400 kr.			
2.	til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
	flyt...	900 kr. 900 kr.	6,600.	6,600.	151,726.

	1896.	1897.	1896.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	1896.	1897.			
fluttar...	900 kr.	900 kr.	6,600.	6,600.	151,726.
3. til skólahússins utan og innan..	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum....	400 —	400 —			
			2,000.	2,000.	
			8,600.	8,600.	17,200.
V. til stýrimannaskólans.					
a. laun			1,800.	1,800.	
b. önnur útgjöld:					
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa		170 kr.			
2. til tímakennslu		800 —			
3. til áhaldakaupa o. fl.		200 —			
4. útgjöld til skólahússins og húsbúnaðar		100 —			
5. Ýmisleg útgjöld		100 —			
6. til þess að kaupa skólahús, fyrir árið 1896		8,500 -			
			9,870.	1,370.	
			11,670.	3,170.	14,840.
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.		2,500 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey		1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi		1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi		2,000 —			
Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allann kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja.					
			6,900.	6,900.	
		flyt...	6,900.	6,900.	183,766.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
flutt...	6,900.	6,900.	183,766.
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	4,000.	4,000.	
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800.	4,800.	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500.	2,500.	
d. til kennarafræðslu.....	1,600.	1,600.	
e. til skólaiðnaðarkennslu.....	500.	500.	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000.	1,000.	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	300.	300.	
h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150.	150.	
	21,750.	21,750.	43,500.
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík..... Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200.	200.	
b. til sundkennslu annarstaðar..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	800.	800.	
	1,000.	1,000.	2,000.
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar..... .	1,000.	1,000.	
flyt...	1,000.	1,000.	229,266.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	1,000.	1,000.	229,266.
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700.	700.	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100.	100.	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	2,500.	2,500.	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.....	450.	450.	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300.	300.	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600.	600.	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík.....	1,000.	1,000.	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.	500.	500.	
4. til þjóðvinafjelagsins	500.	500.	
5. til forngripasafnsins: a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr. b. til umsjónar ..... 800 —	1,800.	1,800.	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið ..... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800.	800.	
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800.	800.	
flyt...	11,050.	11,050.	229,266.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	11,050.	11,050.	229,266.
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið.....	1,000.	1,000.	
9. til Fornleifafjelagsins..... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300.	300.	
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400.	400.	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200.	1,200.	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600.	600.	
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar.....	600.	600.	
14. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi.....	500.	500.	
15. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.	600.	600.	
16. til yfirdómara Kr. Jónssonar og dr. phil. Jóns Þorkelssonar til útgáfu og prentunar af 1. bindi af safni alþingisbóka Íslands fyrir árin 1570—1800	2,000.	2,000.	
17. Styrkur handa cand. jur. aðstoðarm. í stjórnarráði Íslands Steingr. Jónssyni til að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum.....	1,200.	1,200.	
	19,450.	19,450.	38,900.
samtals...	.....	.....	268,166.

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 80,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr., til ekkjafrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 32,592 kr. 36 a. skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897.

1. kafli.

Tekjur:

Við 2. gr.

1. a. og b. Ábúðar og lausafjárskattar hafa á tímabilinu 1890—1893, er þeir hafa verið innheimtir allir, numið að meðaltali, 18,428 kr. 57 a. hinn fyrnefndi, og 26,446 kr. 7 a. hinn síðarnefndi á ári, en þareð meðalalin verðlagsskránna, er skattar þessir greiðast eptir, hefur verið mjög lág hin síðustu tvö ár, og naumast útlit fyrir, að hún muni hækka á næsta fjárhagstímabili, virðist eigi ástæða til að telja þá hærri en á yfirstandandi fjárhagstímabili eða 17,000 kr. hinn fyrnefnda og 25,000 kr. hinn síðarnefnda hvort árið.

2. Húsaskattinn, er stöðugt vex, og hin síðustu 3 ár hefur numið 4,280 kr. að meðaltali á ári, er farið fram á að telja 4,200 kr. hvort árið.

3. Tekjuskatturinn er talinn jafnhár og á núgildandi fjárlögum, eða 13,000 kr. hvort árið, og skal þess jafnframt getið, að hann hin síðustu 5 ár hefur numið 13,745 kr. 14 a. að meðaltali á ári.

4. Aukatekjur hafa hin síðustu 5 ár numið að meðaltali 21,927 kr. 56 a. á ári, en þareð vænta má, að lög 2. febrúar 1894 um aukatekjur, er renna í landssjóð, gjöri það að verkum, að tekjur þessar minki, er farið fram á, að þær verði taldar aðeins 20,000 kr. hvort árið.

5. Erfðafjárskattur hefur á 5 ára tímabilinu 1889—93 numið að meðaltali 2,203 kr. 55 a. á ári, en hin tvö síðustu ár aðeins 2,017 kr. 45 a., og er farið fram á, að hann verði talinn jafnhár og á hinum núgildandi fjárlögum, eða 2,000 kr. hvort árið.

6. Vitagjald hefur hin síðustu 5 ár numið 6,700 kr. 71 e. að meðaltali á ári og 1893: 8,270 kr. 65 a., og þykir því mega telja það 7,000 kr. hvort árið 1896 og 1897.

7. Gjöld fyrir leyfisbrjef þykir mega telja einsog á yfirstandandi fjárhagstímabili, eða 2,000 kr. hvort árið.

8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. hefur hin síðustu 5 ár 1889—93, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 33,608 kr. 50 a. á ári, en þareð eigi verður ennþá sjeð, hvaða áhrif lög 13. apríl 1894 um viðauka við og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. muni hafa á gjald þetta, er farið fram á að telja það einsog á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, eða 30,000 kr. hvort árið.

9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum hefur á 5 ára tímabilinu 1889—93, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 112,168 kr. 92 a. á ári og á árunum 1892—93 aðeins 107,425 kr. 40 a. hvort árið; gjald þetta virðist því eigi rjett að telja hærra á næsta fjárhagstímabili en 110,000 kr. hvort árið.

10. Aðflutningsgjald af tóbaki hefur á 4 ára tímabilinu 1890—93, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 55,975 kr. 53 a. á ári, en þessi 4 ár hefur gjaldið verið innheimt eptir lögum nr. 11, 9. ágúst 1889, og þareð gjald þetta virðist fara jafnt vaxandi, því á árunum 1892—93 hefur það að meðaltali numið 61,638 kr. 18 a. á ári, þykir rjett að telja það á fjárhagstímabilinu 1896—97: 60,000 kr. hvort árið.

11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri. Gjald þetta virðist einnig fara hækkandi, því á 4 ára tímabilinu 1890—1893 hefur það, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 129,602 kr. 73 a. á ári, en árin 1892—93: 132,826 kr. 38 a. á ári. Gjald þetta mun því mega telja 130,000 kr. hvort árið 1896 og 1897.

12. Tekjur af póstferðum. Að frádreginni upphæð þeirri, er fjekkst fyrir leifar landssjóðs af skildinga frímerkjum, er seldar voru 1890, hefur tekjugrein þessi á 5 ára tímabilinu 1889—93 numið að meðaltali 21,718 kr. 99 a. á ári og árin 1892—93 22,349 kr. 50 a. hvort árið. Tekjur þessar virðist því mega telja á næsta fjárhagstímabili 22,000 kr. hvort árið.

13. Óvissar tekjur eru taldar einsog á núgildandi fjárlögum.

Við 3. gr.

1. Tekjur af fasteignum landssjóðs. Tekjur þessar hafa á 5 ára tímabilinu 1889—93, að frádregnum umboðslaunum o. fl., numið að meðaltali 27,955 kr. 71 a. á ári; en af ástæðum þeim, er tilfærðar eru í athugasemdunum við frumvarp til fjárlaga fyrir 1894—95, hefur þó eigi þótt rjett að telja þær hærri en á fjárlögunum fyrir þessi ár eða 34,000 kr. alls, og, að frádregnum umboðslaunum og prestsmötu o. fl., 25,000 kr. hvort árið.

2. Tekjur af kirkjum þykir hæfilegt að telja 300 kr. hvort árið.

Af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu verður ekki búist við neinum tekjum á fjárhagstímabilinu. Að því er snertir silfurbergsnámurnar í Helgustaðafjalli skal þess getið, að stjórnarráðið hefur gefið landshöfðingja umboð til að gjöra samning við Tulinius kaupmann á Eskifirði og son hans, kaupmann hjer í bæ um að vinna námurnar að nýju í 2 til 3 ár, þannig að þeir beri allan kostnað við námugröptinn, en fje það, er kemur inn fyrir selt silfurberg, skiptist að jöfnu á milli þeirra og landssjóðs. Tekjuupphæð sú, sem hjer er talin, er valin af handa hófi og á aðeins að benda á, að námurnar verði unnar og vænta megi arðs af þeim.

Við 4. gr.

1. Hjer skal sýnt yfirlit yfir tekjur þær, sem ætla má, að landssjóður hafi af viðlagasjóði árin 1896 og 1897:

	1896.	1897.
1) Leigur af $3^1/_2$ % ríkisskuldabrjefum, samkvæmt innritunarskýrteini að upphæð: 207,800 kr.	7,273 kr. 00 a.	7,273 kr. 00 a.
2) a. Leigur af skuldabrjefum, sem hljóða uppá afborgun..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 95: 314,677 kr. 92 a.)	12,569 — 02 -	11,859 — 36 -
flyt...	19,842 kr. 02 a.	19,132 kr. 36 a.

	1896.	1897.
fluttar...	19,842 kr. 02 a.	19,132 kr. 36 a.
b) Leigur af láni til þilskipakaupa til fiskiveiða..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 95: 6,334 kr. 43 a.).	253 — 38 -	165 — 71 -
c) Leigur af hallærislánum..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 95: 5,792 kr. 50 a.).	20,095 — 40 -	19,298 — 07 -
d) Leigur af skuldabrjefum með veði í seldum þjóðjörðum..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 95: 36,340 kr. 15 a.).	1,453 — 61 -	1,425 — 29 -
e) Leigur af láni til brúargjörðar yfir Ölvesá..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 95: 19,834 kr. 75 a.).	793 — 39 -	786 — 52 -
3) Leigur af skuldabrjefum með hálfs árs uppsagnarfresti..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 94: 302,396 kr.)	12,095 — 84 -	12,095 — 84 -
alls...	34,669 kr. 94 a.	33,761 kr. 12 a.

Tekjur þessar virðist því mega telja 34,000 kr. hvort árið.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í 2. lið, verða samkvæmt ákvæðum þeirra borgaðar þessar fjárhæðir:

	1896.	1897.
af þeim er taldar eru við a.....	17,791 kr. 62 a.	17,828 kr. 30 a.
— — — b.....	2,191 — 88 -	1,613 — 29 -
— — — c.....	1,907 — 50 -	1,795 — » -
— — — d.....	707 — 76 -	678 — 85 -
— — — e.....	171 — 86 -	178 — 73 -
alls...	22,770 kr. 62 a.	22,094 kr. 17 a.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er landfógeti hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

2. Smbr. athugasemdirnar við síðustu fjarlög.

Við 5. gr.

Upphæðir þær, sem hjer eru taldar undir 1.—3. lið, sem sje það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum $^{27}/_{2}$ 1880, endurgjald skyndilána til embættismanna og endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum, þykir mega telja eins og á síðustu fjárlögum.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871: Aukattillagið verður 1896: 8,500 kr. og 1897: 6,500 kr. Af þessum tekjugreinum greiðast fyrirfram útgjöldin í 8. gr. til hinnar æðstu stjórnar innanlands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1897; og eru síðast töldu gjöldin með sjerstökum konungsúrskurði 23. apríl þ. á. ákveðin 2,000 kr.

2. kafli.

Gjöld.

Við 8. og 9. gr.

Gjöldin í þessum greinum eru talin eins og að undanförnu.

Við 10. gr.

Þessi gr. liðast sundur á þessa leið:

	1896.	1897.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu, laun ..... 5,000 kr.			
viðbót fyrir hann sjálfan ..... 1,000 —	6,000.	6,000.	12,000.
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, laun	5,000.	5,000.	10,000.
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febr. 1861, laun ..... 3,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 1,600 —	5,100.	5,100.	10,200.
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið, skipaður 3 nóv. 1889	2,200.	2,216.66	4,416.66
samtals...	18,300.	18,316.66	36,616.66

Laun þeira 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr. og l. um breyting á þeim lögum 9. des. 1889, 2., 3. og 7. gr., smbr. fjárlög fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil og athugasemd við 10. gr. A. 1. frumvarpsins.

Með tilliti til viðbótar þeirrar (1,100 kr.), sem talin er landfógetanum samkvæmt 7. gr. 3. staflið í lögunum frá 1875, skal þess getið, jafnframt og vísað er til athugasemdanna við 10. gr. A. 1. í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að hann samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum hefði verið búinn að ná 5,100 kr. launum 1. marz 1881.

Laun landshöfðingjaskrifarans eru talin samkvæmt konungsúrskurði 29. júni 1872, og skal þess getið, að embættismanni þessum, sem skipaður er 3. nóvember 1889, bera 2,400 kr. í árslaun frá 1. desember 1897 að telja.

A. 2. Í þessari grein er talið:

1. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	1,400 kr. árlega
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,000 — —
3. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógeta	1,000 — —
4. þóknun til sama fyrir að taka við póstávísana upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem er þessu samfara, ef honum mistelst	200 — —
5. útgjöld til yfirskattanefnda og við virðingar til að ákveða húsaskatt	200 — —
	3,800 kr. árlega.

Endurgjöldin fyrir skrifstofukostnað eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 14. gr. Um 4. og 5. lið skal vísað til athugasemdanna þarum á fjárlagafrumvörpunum fyrir 1876—77 og 1888—89.

A. 3. a og b. Þessi liður er eins og í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895.

B. 1. a. Þessi útgjöld liðast þannig sundur:

	1896.	1897.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 16. apríl 1889, laun ..... 4,800 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 1,000 —	5,800.	5,800.	11,600.
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d., laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 9 ágúst 1889, laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Bæjarfógetinn í Reykjavík, skipaður 28. ágúst 1886, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Árness sýslu, skipaður 9. jan. 1891, laun.....	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Húnavatns sýslu, laun.....	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, skipaður 15. apríl 1887, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Þingeyjar sýslu, skipaður 13. maí 1876, laun.....	3,500.	3,500.	7,000,
Sýslumaðurinn í Skaptafells sýslu, skipaður 17. júni 1891, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Rangárvalla sýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósar-sýslu, skipaður 5. nóvbr. 1886, laun	3,000.	3,000.	6,000.
flyt...	39,800.	39,800.	79,600.

	1894.	1895.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	39,800.	39,800.	79,600.
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadals sýslu, skipaður 30. maí 1894, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Ísafjarðar sýslu og bæjarfógetinn í Ísafjarðar kaupstað, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu, skipaður 2. júlí 1884, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu og bæjarfógetinn í Akureyrarkaupstað, skipaður 13. apríl 1892, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Norðurmúla-sýslu, skipaður 30. júní 1880, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 300 — smbr. lög 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.	3,300.	3,300.	6,600.
Sýslumaðurinn í Dala-sýslu, skipaður 9. jan. 1891, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Barðarstrandar sýslu, skipaður 21. ágúst 1893	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Stranda-sýslu, skipaður 25. júlí 1863, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Suðurmúla-sýslu, skipaður 29. júní 1872. laun ..... 2,500 kr. » aur. viðbót fyrir sjálfan hann ... 753 — 49 —	3,253. 49	3,253. 49	6,506. 98
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyja sýslu, skipaður 3. júlí 1891, laun	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	68,853. 49	68,853. 49	137,706. 98

Laun og viðbót forstjórans og dómendanna í yfirrjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 10. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. des. 1889 3. og 7. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta og það, sem þeim er lagt sem viðbót fyrir sjálfa þá, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 4., 5. og 7. gr., sbr. lög 24. oktbr. 1879, og lög 8. nóvbr. 1883.

B. 1. b. Þessi liður er eins og á fjárlögunum fyrir 1894 og 1895.

B. 2. Upphæð þessi er talin eins og á fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 og eptirfylgjandi fjárlögum.

B. 3. Allar fjárhæðir í þessum lið eru eins og vanalega, sbr. fjárlög fyrir 1888 og 1889.

B. 4. Eins og á fjárlögunum fyrir 1894—1895.

Við C.

1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur.

a. Til þóknunar fyrir útgáfu tíðindanna o. fl. er farið fram á, að veitt verði sama upphæð og á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895.

b. Til pappírs og prentunar deildanna B. og C. Á fjárlögum fyrir 1894 og 1895 var gjaldliður þessi hækkaður upp í 2,000 kr. á ári, því ráð var gjört fyrir, að C. deildin eptirleiðis mundi verða 25 arkir að stærð á ári, en B. deildin einsog að undanförnu 22 arkir, og til prentunar og pappírs eru áætlaðar 43 krónur fyrir hverja örk. En B. deildin hefur á seinni árum vaxið allmikið, sjerstaklega eptir að lög 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda í 1. gr. hafa skipað svo fyrir, að þessar reglugjörðir skuli taka upp í þá deild; hún hefur þannig verið fyrir 1890: 28 arkir, 1891: 27 arkir, 1892: $34^1/_2$ arkir og 1893: 28 arkir. Samkvæmt þessu má ekki gera ráð fyrir, að hún verði undir 28 örkum fyrir hvort árið 1896 og 1897, og verður því að hækka gjaldalið þann, er hjer ræðir um, í hlutfalli við arkafjöldann, eða fyrir 28 + 25 örk = 53 arkir à 43 kr. fyrir hverja örk, upp í 2,279 kr. hvort árið.

c. Til kostnaðar við sending með póstum. Upphæð sú, sem veitt hefur verið til þessa kostnaðar, hefur seinni árin verið ónóg; bæði þessvegna og vegna stækkunar stjórnartíðindanna, sem minnst er á undir staflið b., er farið fram á að hækka gjaldlið þenna um 50 kr. hvort árið.

d. Þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur m. m. er talin einsog á fjárlögunum fyrir núlíðandi fjárhagstímabil.

2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef hefur síðustu 5 árin numið að meðaltali nálægt 1,900 kr. á ári, og er því farið fram á, að sú upphæð verði veitt.

3. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar mun að öllum líkindum ekki fara fram úr 1,200 kr. hvort árið.

4. Styrkur til eflingar búnaði.

a. Styrkurinn til landsins 4 búnaðarskóla var hækkaður á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, en þareð hækkun þessi mun hafa verið byggð á sjerstaklegum ástæð-

um, er þá voru. er farið hjer fram á, að veittur verði hinn vanalegi styrkur, eða 10,000 kr. hvort af árunum 1896 og 1897, og honum skipt einsog á árunum 1890—93.

b. og c. Undirliðir þessir eru einsog á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil. Að því er snertir hina aðra unðirliði á fjárlögum þessum, er tilfærðar eru undir þessum gjaldlið og umtalsmál gæti verið að veita, nfl. lið e: styrkur til þess að gefa út kennslubækur fyrir búnaðarskóla, og lið f: styrkur til verklegs laxaklaks í Dala-sýslu, skal þess getið, að hinn fyrnefndi styrkur alls ekki hefur verið notaður þau 3—4 ár, sem hægt hefur verið að fá hann, og virðist því tilgangslaust að endurtaka hann, en hinn síðara styrk hefur ekki verið sótt um að nýju, og heldur ekki komið fram nein skýrsla um störf fjelags þess, er hlut á að máli.

d. Á safnaðafundum sumarið 1893 í Prestbakka, Langholts og Þykkvabæjarklausturs sóknum í Vestur-Skaptafells sýslu, en kirkjurnar í sóknum þessum á landssjóður, var samþykkt að fá skyldi »harmonia« í greindar kirkjur til notkunar við guðsþjónustugjörð, og fjellst hjeraðsfundur á þetta, og hafa stiftsyfirvöldin lagt það til, að hljóðfærin verði keypt handa kirkjum þessum samkvæmt lögum nr. 21., 22. maí 1891, og að farið verði fram á, að úr landssjóði verði veitt fje það, er til þessa þarf. Landshöfðingi hefur getið þess, að það ár af ári verði algengara, að kirkjur fái „harmonia“ til notkunar við guðsþjónustugjörð, og það jafnvel á eins afskekktum stöðum og í Skaptafells sýslu, og eigi aðeins þær kirkjur, er söfnuðirnir sjálfir hafa umsjón og fjárhald fyrir, heldur einnig kirkjur er einstakir menn eiga. Honum virðist miður sæmilegt, að kirkjur landssjóðs í þessu efni skuli standa öðrum kirkjum á baki, og hefur því lagt til, að veitt verði fje til að kaupa „harmonia“ handa greindum kirkjum, og má ætla, að 800 kr. muni nægja til þess.

e. Hið nýstofnaða ábyrgðarfjelag fyrir þilskip við Faxaflóa hefur sótt um, að því verði veitt á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 eitt skipti fyrir öll 4,500—5,000 kr. styrkur til að koma upp stofnsjóði handa fjelaginu, svo að það geti staðið í skilum, þó að tjón beri að höndum á fyrstu árum þess, og áður enn það hefur fengið nægileg efni, án þess að þurfa að krefja aukatillags af meðlimum sínum. Landshöfðinginn mælir með umsókninni, um leið og hann getur þess, að þegar sje búið að innrita 12 þilskip til tryggingar í fjelaginu og skýrskotar hann jafnframt til þess, að sýslunefndinni í Ísafjarðar sýslu hafi verið veittar á fjárlögunum fyrir 1892 og 1893 4,000 kr. til að stofna ábyrgðarfjelag fyrir þilskip á Vestfjörðum. Eptir tillögum landshöfðingja er farið fram á 5,000 kr. styrk.

5. Reykjanesvitinn. Gjaldliðir þessir er taldir einsog á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

6. Vörðuvitar. Eptir því sem umsjónarmaður vörðuvitans á Skagatá við Reykjanes skýrir frá, er hætt við, að hafið grafi undan vitanum, því brimið hefur brotið girðingu, er byggð hefur verið úr óhöggnu grjóti til varnar vitanum, og vofir nú yfir, að tangi sá, er vitinn stendur á, skolist allur burt. Nauðsyn virðist því bera til, að annaðhvort verði byggð ný girðing úr höggnu grjóti og að minnsta kosti 100 álna löng, eða vitinn fluttur þangað, sem honum er síður hætta búin. Kostnaðurinn við hið fyrnefnda er talinn 12 kr. fyrir hverja álnarlengd girðingarinnar, enda verður að flytja grjótið að langar leiðir; þar við bætist svo kostnaður við viðgerð á sjálfri vörðunni og við að kaupa nýtt

ósker, því gamla ljóskerið er sprungið; allur kostnaðurinn verður þannig að líkindum nálægt 1,500 kr., og er farið fram á, að upphæð þessi verði veitt fyrir árið 1896, þannig að stjórninni sje heimilt að verja henni til þess að flytja vitann á annan stað, ef það eptir nánari rannsókn verður talið betra.

Þarsem farið er fram á, að hin venjulegu gjöld til vörðuvita verði hækkuð úr 500 kr. uppí 700 kr. hvort árið, þá skal þess getið, að útgjöld við pössun og olíu til vörðuvitans á Dalatanga við mynnið á Seyðisfirði, er veittar voru 250 kr. fyrir árið 1894 til þess að byggja, munu nema nálægt 200 kr., er telja verður undir þennan gjaldalið.

7. Kostnað við eptirlitsferðir embættismanna þykir mega telja einsog á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895.

Við 11. gr.

Útgjöld við læknaskipunina.

1. þessi grein liðast í sundur á þennan hátt:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,000.	4,000.	8,000.
launaviðbót	600.	600.	1,200.
læknirinn í 1. læknahjeraði	1,900.	1,900.	3,800.
— í 2. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 3. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 4. —	1,900.	1,900.	3,800.
— í 5. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 6. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 540 —			
	2,440.	2,440.	4,880.
læknirinn í 7. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 8. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 9. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 10. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 11. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 484 —			
	2,384.	2,384.	4,768.
læknirinn í 12. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 13. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 14. —	1,500.	1,500.	3,000.
flyt...	28,224.	28,224.	56,118.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	28,224.	28,224.	56,418.
læknirinn í 15. læknahjeraði			
laun ..... 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 484 —			
	2,384.	2,384.	4,768.
læknirinn í 16. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 17. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 18. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 19. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 20. —			
laun..... 1,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 950 —			
	2,450.	2,450.	4,900.
samtals...	39,058.	39,058.	78,116.

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883 og launaviðbótin samkvæmt fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil. Laun læknanna eru talin samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl. 15. oktbr. 1875, 3. gr., fyrsta kafla hennar, og fjárlögum fyrir 1888 og 1889.

2. Á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 var styrkur veittur 13 aukalæknum, 1,000 kr. hverjum, en hjer er farið fram á að veita þar að auki jafnmikinn styrk enn einum aukalækni, í 6. nyrztu hreppum Árnessýslu: Grímsnes, Biskupstungna, Hrunamanna, Gnúpverja, Skeiða og þingvalla hreppum; eru hreppsbúar í þeim alls um 2,600. Læknishjerað það (hið. 19.), er hjer ræðir um, er, eins og það nú er, stærsta og næst fjölmennasta læknishjerað á landinu, og getur ekki einn læknir þjónað því, svo vel sje. það væri án efa hentast og mest að skapi sýslubúa að láta hjeraðlækninn sitja á Eyrarbakka, og hafa svo aukalækni í framangreindum hreppum, er fjarlægastir eru þeim stað, og eptir því, sem ráða má af umræðunum um þetta mál á alþingi 1893, mun þessi tilhögun eigi fjarstæð ósk þess. Stendur nú og vel á til þess að koma þessu í kring, þarsem læknishjeraðið hefur losnað nýlega og verður látið standa óveitt enn nokkurn tíma.

3. Styrkur til augnalæknis Björns Ólafssonar,

4. Styrkur til tannlæknis Nikolíns og

5. Önnur útgjöld, liðirnir a.—e., eru talin eins og á núgildandi fjárlögum, að öðru leyti en því, að þarsem gengið hefur til verkfæra handa yfirsetukonum á síðustu tveim fjárhagstímabilum að meðaltali 492 kr. 20 a. á ári, er farið fram á að hækka fjárveitingu þessa uppí 500 kr. hvort árið. Undir Staflið f. eru taldar 500 kr. fyrir árið 1896 til að útvega leiðbeinandi rit,er sje við alþýðu hæfi, um meðferð holdsveikra; hjer er sjerstaklega átt við rit, er skýri frá einkennum sjúkdómsins, gefi reglur um aðbúnað þann, er, að svo miklu leyti sem unnt er, ætti að veita sjúklingunum á heimilum þeirra og varúðarreglur, er bæði sjuklingunum og öðrum, er umgangast þá, ber að gæta í allri umgengni.

Við 12. gr.

Samgöngumál.

A.

Póststjórnin.

1. Laun. Eptir tillögum póstmeistarans er farið fram á, að liðirnir b. og c., laun til póstafgreiðslumanna og brjefhirðingamanna, sjeu hækkaðir uppí 6,200 kr. og 4,000 kr. á ári. Póstafgreiðslumenn eru nú sem stendur 24; einn af þeim (á Akureyri) hefur 500 kr. laun, 2 (á Ísafirði og Seyðisfirði) 400 kr. og 2 (á Eskifirði og Höfða) 300 kr. Hinir hafa allir minni laun, alt niðrað 50 kr. á ári. Brjefhirðingamenn eru nú sem stendur 115; hafa þeir að meðaltali að eins 20 kr. í laun á ári, og nokkrir þeirra hafa ennþá minna, jafnvel að eins 10 kr. á ári.

Það er engum vafa bundið, að sanngirni mælir með því, að laun þessi sjeu hækkuð, og að þau svari alls eigi til starfa þeirra er hlutaðeigendur hafa á hendi, enda hafa nokkrir af starfsmönnum þessum lýst því yfir, að þeir mundu leggja niður störf sín, ef launin ekki verði hækkuð. Nauðsyn virðist því bera til að hækka þessar fjárveitingar að nokkru og innan skamms mun einnig þurfa að fjölga þessum póstþjónum.

2. Einkum vegna þess, hve póstferðum var fjölgað 1892, hafa gjöldin til póstflutninga aukist svo, að nauðsyn verður að hækka fjárveitinguna til póstflutninga uppí 36,000 kr. hvort árið.

3. Önnur útgjöld. Hjer er aðeins farið fram á breytingar að því er snertir lið d.: prentun á ýmsu, og lið e.: áhöld. Prentunarkostnaður, þarmeð talinn kostnaður við tilbúning frímerkja, hefur hin 2 síðustu fjárhagstímabil numið að meðaltali 806 kr. 65 a. á ári, og er því farið fram á að telja hann 800 kr. hvort árið. Fjárveitingin til áhalda hefur einnig reynst ónóg, og er því farið fram á að hækka hana uppí 700 kr. hvort árið.

B.

Vegabætur.

Með lögum 13. apríl 1894 um vegi var gerð breyting á niðurskipting vega þeirra, er lagðir eru og viðhaldið á landssjóðs kostnað, og er því hinum einstöku gjaldliðum breytt í samræmi við ákvæði laganna; en aðalupphæðina er farið fram á að telja einsog á yfirstandandi fjárhagstímabili eða 140,000 kr. er skiptist jafnt niður á bæði árin. Upphæð þeirri, er talin er undir staflið a, er ætlast til að verði varið til að launa cand. polyt. Sigurð Thoroddsen, sem ráðamann um vegalagningar smbr. 4. gr. greindra laga og jafnframt sem verkstjóra við vegabætur landssjóðs; og er auk þess ætlast til, að hann fái endurgoldinn ferðakostnað á ferðum í þarfir vegagjörðarinnar. Hinum 67,000 kr. á ári er farið fram á að verja þannig:

til flutningabrauta	50,000 kr.
til þjóðvega.....	15,000 —
til fjallvega.....	2,000 —

Ætlast er til, að fjenu til flutningabrauta verði varið sumpart til að leggja akveg yfir Flóann frá Ölvesárbrúnni við Selfoss til þjórsárbrúarinnar við þjótanda, er búizt er við, að verði lokið í sumar, sumpart til að ljúka við veginn yfir Mosfellsheiði til þingvalla og loks, ef fjeð endist til þess, til vegabóta á þjóðveginum frá Blönduós vestur í gegnum Húnavatnssýsluna. Þess skal getið, að gert er ráð fyrir, að veginum yfir Hellisheiði til Varmár, er byrjað var á í fyrra, verði lokið í sumar, og jafnframt viðgerðunum á Svínahraunsveginum. Á milli Reykjavíkur og þingvalla er hinn nýi vegur kominn upp að vegi þeim, er áður var lagður yfir Mosfellsheiði er nú þarf viðgerðar við, og verður vegagjörðinni haldið áfram í sumar, svo að vænta má, að veginum verði lokið 1896. Fjárveitingum þeim til þjóðvega og fjallvega, er taldar eru undir stafliðunum c. og d., skal varið samkvæmt 8. og 9. gr. vegalaganna, hin fyrnefnda upphæð að mestu til vegabóta á áðalpóstleiðinni í Norðurmúla sýslu.

C.

Strandferðir.

A. Fjárveitingin til hins sameinaða gufuskipafjelags er talin eins og á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895.

Á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil voru undir staflið A. 2 veittar 25,000 kr. hvort árið til strandferða eptir ferðaáætlun alþingis; fjárveiting þessi hefur einsog kunnugt er eigi verið notuð, og hefur stjórnarráðið í brjefi til landshöfðingja 18. apríl f. á. (B-deild stjórnartíðindanna 1894, bls. 58—61) skýrt frá gjörðum sínum í því máli; skal hjer við bætt, að herra O. Wathne bauðst til þess um haustið 1894 að taka að sjer strandferðir fyrir 25,000 kr. árið 1895, en eigi var hægt að ganga að því boði, þareð það fullnægði eigi að ýmsu leyti skilyrðum þeim, er sett voru fyrir fjárveitingunni, hvorki eins og þær voru frá upphafi, nje með tilslökunum þeim, er gerðar voru í þingsályktun beggja deilda alþingis 1894 um strandferðir. Eptir að stjórnarráðið hafði tekið á móti þingsályktun þessari, reyndi það með auglýsingum í ýmsum innlendum og útlendum blöðum að fá tilboð manna um að taka að sjer strandferðir þessar, en tilraun þessi varð einnig allsendis árangurslaus.

Farið er fram á, að fjárveitingarnar á síðustu fjárlögum undir liðunum b og c. í þeim kafla, er hjer ræðir um, til gufubátsferða á Faxaflóa og með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja verði haldið óbreyttum með þeim skilyrðum, sem þar eru sett.

d. Að því leyti að hjer er upptekinn aptur styrkur til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, skal þess getið, að eptir að búið var að veita styrk þenna á fjarlögunum fyrir árin 1894 og 1895, gjörði stjórnarráðið fyrirspurn hjá sjóhermálaráðaneytinu, hvort það mundi vilja senda menn til að leysa mælingu þessa af hendi fyrir þær 8,000 kr., er landssjóður borgaði að $^3/_4$ og Dala sýsla að $^1/_4$. Eptir að yfirmenn á strandgæzluskipinu við Ísland höfðu í fyrra sumar gjört nokkrar undirbúningsrannsóknir, kvaðst tilgreint ráðaneyti fúst til að framkvæma mælinguna; en í öðru brjefi nokkru síðar hefur það skýrt frá, að það geti þó eigi á þessu sumri misst mannafla nægan til þessa starfs. Vænta

má að eigi verði svo næsta ár, og er því farið fram á, að fjárveiting þessi verði tekin óbreytt upp fyrir árið 1896.

Við 13. gr.

A. a. Árslaun biskups, er skipaður var 25. maí 1889, eru samkvæmt 8. gr. laga 15. oktbr. 1875 og 1. og 7. gr. laga 9. desbr. 1889: laun 5,000 kr., viðbót fyrir sjálfan hann 2,000 kr.

A. b. 1. Tillögin til prestakalla samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr 1880 og síðari lögum um breyting á þeim nema alls ..... 15,100 kr. » a.
Tillög til 3 brauða, þarsem lögin höfðu enn þá eigi náð gildi 31. desember 1894, eru ..... 1,200 kr. » a.
Frá hinum brauðaflokknum má búast við í jarðaafgjöldum o. fl. ..... 5,227 — 49 —
6,427 — 49 —

Tillögin úr landssjóði eru því sem stendur ..... 8,672 kr. 51 a.

En þarsem búast má við, að lögin bæði á þessu ári og eins á fjárhagstímabilinu muni smám saman ná gildi á ýmsum brauðum, þykir mega telja þennan gjaldlið 9,000 kr. fyrra árið og 9,500 kr. síðara árið.

A. b. 2. Ofangreind lög 27. febr. 1880 hafa sem sagt enn eigi öðlazt gildi á 3 brauðum, er eiga heimtingu á tillagi, að upphæð alls ..... 1,200 kr.
Tillag til prestsins í Sauðlauksdal, sbr. athugasemdirnar við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1892 og 1893 ..... 250 —
Tillag til Stóruvallaprestakalls, sbr. alþingistíðindin 1891 C. bls. 243 ..... 200 —
1,650 kr

En þar eð nauðsyn ber til, að stjórnin hafi fje til umráða til þess að veita fátækum brauðum bráðabirgðarhjálp, ef vatnsflóð, skriður eða þesskonar ber að höndum, skal farið fram á, að veittar verði undir þessum lið alls 3,000 kr. hvort árið.

A. b. 3. Eins og í síðustu fjárlögum.

A. b. 4. Smbr. athugasemdirnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 og fjárlög fyrir árin 1890 og 1891.

A. b. 5. Viðbótin við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum, er talin 3,000 kr.

A. b. 6. Eins og í síðustu fjárlögum.

B.

I. Prestaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans: laun	4,000.	4,000.	8,000.
Fyrsti kennari við tjeðan skóla: laun	2,800.	2,800.	5,600.
Annar kennari við sama skóla: laun	2,400.	2,400.	4,800.
samtals...	9,200.	9,200.	18,400.

Launin fyrir forstöðumanninn eru tilfærð samkvæmt lögum 9. desbr. 1889 5. gr.

b. 1 og 2. Á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 var aðeins veittur húsaleigustyrkur handa 12 og ölmusustyrkur handa 1 lærisveini, þareð svo fáir sóttu skólann, en nú hefur forstöðumaður skólans sótt um, að veittur verði, einsog áður hefur verið, húsaleigustyrkur handa 20 og ölmusustyrkur handa 3 lærisveinum, nema fyrir árið 1896 aðeins húsaleigustyrkur handa 16 lærisveinum. Styður hann umsókn sína á því, að gjöra megi ráð fyrir, að á næsta hausti komi talsvert fleiri á skólann en að undanförun, og því næst, að í ráði sje, að námstíminn bráðlega verði lengdur úr 2 árum upp í 3 ár, og að við það fjölgi líka tala lærisveina á skólanum, og að þessi breyting gjöri því næst námið dýrara, en flestallir sjeu lærisveinar efnalausir. Stiftsyfirvöldin og landshöfðingi hafa mælt með tillögunum, og er því farið fram á, að gjaldliður þessi verði talinn einsog á fyrri árum, þó þannig að 1896 sje aðeins talinn húsaleigustyrkur handa 16 lærisveinum.

3—8. Gjöldin á þessum liðum eru talin einsog á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895.

9. Söngkennarinn við prestaskólann hefur sótt um, að keypt verði „harmonium“ til afnota við kennsluna, og styður hann umsókn sína á því, að nú sem stendur verði hann að nota sitt eigið „fortepiano“ við kennsluna, og að „harmonium“ muni verða til mikils gagns við kennslu í sálmasöng, en eptir hans eigin áliti og áliti hinna kennaranna við skólann ætti engu síður að kenna sálmasöng en tónlist í skólanum; sje svo og ennfremur þeim, er vilja, gefinn kostur á að læra að leika á orgel, mundu lærisveinarnir, er þeir eru orðnir prestar, geta bætt sálmasöng í söfnuðum sínum. Forstöðumaður skólans hefur gefið umsókninni mjög hlý meðmæli, og getur hann þess, að þegar búið sje að lengja námstímann, muni verða tími afgangs til að kenna söng og hljóðfæraslátt; ennfremur hafa stiptsyfirvöldin og landshöfðingi mælt með umsókninni. Eptir því sem landshöfðingi skýrir frá, mun mega fá gott harmonium, nógu stórt handa skólanum, fyrir 250 kr.; er því farið fram á, að þessi upphæð verði veitt.

II. Læknaskólinn.

a. Útgjöldin á þessum gjaldlið liðast sundur á þennan hátt:

þóknun sú, sem veitt er lækninum í fyrsta læknishjeraði fyrir kennslu á skólanum, nemur samkvæmt lögum 11. febrúar 1876	800 kr.
laun hins fasta kennara eru samkvæmt lögum 8. nóvember 1883	2,400 —
alls á ári...	3,200 kr.

b. Læknir sá, er nú veitir skólanum forstöðu, hefur lagt það til, að liðirnir 1, 2, 3 og 5 verði hækkaðir, eins og hjer er farið fram á, og hafa stiftsyfirvöld og landshöfðingi fallizt á tillögur hans; fjárveitinguna til ölmusu og húsaleigustyrks er farið fram á að hækka, af því að skólinn er nú betur sóttur en áður. Fjárveitinguna til eldiviðar, ræstingar og ljósa er farið fram á að hækka með sjerstöku tillits til þess, að kennslustofur læknaskólans einnig eru notaðar við kennslu yfirsetukvenna, en til þessa hrekkur fje það, er nú er veitt, ekki. Loks er undir lið 3 farið fram á sjerstaka fjárveiting, 200 kr. fyrir árið 1896, til að kaupa heila mannsbeinagrind, er eigi má án vera við kennsluna, og „Materia medica“ til notkunar við kennslu í líkskurðarfræði og meðalafræði.

III. Hinn lærði skóli.

a. laun.

forstjóri hins lærða skóla	3,600 kr.
yfirkennarinn	3,200 —
fyrsti kennari	2,800 —
annar kennari	2,800 —
þriðji kennari	2,400 —
fjórði kennari	2,400 —
fimmti kennari	2,000 —
samtals...	19,200 kr.

Launin fyrir skólastjóra eru talin eptir lögum 9. desbr. 1889 6. gr.

b. Gjaldliðir þeir, er hjer eru taldir, eru samkvæmir fjárlögum þeim, er nú gilda.

c. Liðirnir 1, 2 og 5—10 eru taldir einsog á fjarlögunum fyrir árin 1894 og 1895. Að því er snertir hækkunina á lið 3: til skólahússins utan og innan, skal þess getið, að rektor hefur skýrt frá, að nauðsyn beri til að setja nýja dælu í skólabrunninn og gjöra við hann, kaupa verði nokkra stóla og bekki í kennslustofurnar og nýja magasinofna, er spari eldivið, í svefnloptin í staðinn fyrir gamla og óhentuga vindofna, er þar eru nú; stiftsyfirvöldin og landshöfðingi hafa fallizt á tillögur rektors, og er því farið fram á, að útgjöldin á lið þessum verði talin 400 kr. hærri fyrir 1896, en einsog að undanförnu fyrir 1897.

Að því er snertir fjárveitinguna til stundakennslu (4. liður), hefur rektor mælt mjög fast með, að hún verði hækkuð að nokkru, þareð fje það, er nú er veitt, sje eigi svo mikið, að hægt sje að borga sjerstaklega fyrir leiðrjetting stíla; hafi því 2 af

stundakennurunum við skólann fyrir utan kennslustundirnar allmikil aukastörf af því að leiðrjetta allt að 2000 stílum á ári án alls endurgjalds fyrir það, en hinir stundakennararnir sjeu lausir við þessi störf og hafi þannig talsvert betri kjör. Á þessu verði eigi ráðin bót með því að lækka borgunina fyrir stundakennslu, því hún sje mjög lág, eins og hún er nú, og t. d. miklu lægri en við skóla í Danmörku, og fái þó stundakennarar þar einnig borgun á skólaleyfistímum. Stiftsyfirvöldin og landshöfðingi hafa fallizt á tillögu þessa; er því samkvæmt tillögum hans farið fram á að hækka fjárveitinguna til stundakennslu um 100 kr. á ári eða upp í 1,700 kr. hvort árið, svo að hægt sje að láta stundakennara fá sjerstaka borgun fyrir að leiðrjetta stíla.

11. Að því er snertir styrk þann, er hjer er farið fram á handa fimleikakennaranum til þess að afla sjer meiri þekkingar í Danmörku í námsgrein sinni, er stjórnarráðið enn sem fyrri verður að vera stiftsyfirvöldunum og landshöfðingja samdóma um, að æskilegt sje að veittur verði, skal vísað til athugasemdanna við frumvarpið til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

Öll útgjöld á þessum lið eru hin sömu og á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

V. Stýrimannaskólinn.

Hinn fasti kennari við stýrimannaskólann hefur sótt um, að landssjóður kaupi hús það í Reykjavík, er hann hefur byggt handa skólanum, og notað er sem skólahús, en hann á sjálfur. Hann styður umsókn sína á því, að það sje bæði hentast og sæmilegast, að stýrimannaskólinn hafi hús fyrir sjálfan sig, eins og aðrar menntastofnanir landsins, svo að eigendaskipti eður því um líkt geti eigi varnað notkunar þess, og þvínæst að óhjákvæmilegt sje eða muni brátt verða að útvega skólanum fleiri kennslustofur, þareð alltaf aukist aðsókn að honum, en sjálfur sje hann eigi svo efnum búinn, að hann geti tekið að sjer þann kostnað, er af því mundi leiða, en á hinn bóginn mæli sanngirni með því, að skólinn eigi leiti húsnæðis annarsstaðar, þareð húsið sje með allmiklum kostnaði útbúið fyrir skólann og ekki hentugt til annarar notkunar, og mundi hann því verða fyrir talsverðum halla, ef svo færi. Húsið hafa tveir af bæjarfógeta tilnefndir menn virt á 9,950 kr., einsog það nú er, og þá upphæð vill hann fá fyrir það. Ennfremur fer hann fram á, að hinn fasti kennari fái ókeypis bústað í skólahúsinu, en að hann til endurgjalds fyrir það hafi á hendi umsjón þess.

Stiftsyfirvöldin og landshöfðingi hafa fallizt á tillöguna, nema hvað þeim virðist báðum verð hússins of hátt, og hafa því lagt til, að veittar verði fyrir árið 1896, 8,500 kr. til kaupsins. Þar sem gjört er ráð fyrir, að þingið fallizt á tillöguna, eru útgjöld til skólans, samkvæmt tillögum stiftsyfirvaldanna, er landshöfðinginn hefur fallizt á, talin einsog tilfært er í þessum kafla frumvarpsins. Að því er snertir einstök atriði skal þessa getið:

a. Laun, talin einsog að undanförnu.

b. Önnur útgjöld:

1. Útgjöld til húsaleigu falla burt; en til eldiviðar og ljósa mun, eptir því sem reynst hefur hingað til, þurfa 170 kr. hvort árið.

2. Þareð lærisveinar skólans hafa fjölgað, getur hinn fasti kennari eigi annast eins mikinn hluta kennslunnar og að undanförnu, og verður því að láta stundakennara annast kennslu í reikningi. Kostnaður við kennslu þessa er gert ráð fyrir að nemi 200 kr. á ári, og er því eptir tillögum landshöfðingja farið fram á að hækka fjárveitinguna til stundakennslu að því skapi.

3. Einsog að undanförnu.

4. Útgjöld við skólahúsið utan og innan eru talin 100 kr. hvort árið.

Ýmisleg útgjöld (skattur, ábyrgðargjald fyrir áhöld og söfn skólans og fl.) eru einnig talin 100 kr. hvort árið.

6. Smbr. það er að framan er ritað. Húsið verður keypt með þeim skilmálum er seljandinn fer fram á, að öðruleyti en því, að verðið er lægra; og fær hann þannig leigulausan bústað í húsinu, en til endurgjalds skal hann annast umsjón þess og ræsting.

VI. Önnur kennsla.

Allir gjaldliðir eru taldir einsog á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, nema að því leyti, að farið er fram á að hækka styrk þann, er að undanförnu hefur verið veittur til kvennaskólans í Reykjavík, um 700 kr. á ári til þess að koma á fót 4. bekk fyrir námsmeyjar, er eptir að hafa lokið námi sínu í skólanum, einsog hann nú er, vilja halda áfram náminu, sjerstaklega fyrir þær, er vilja verða kennslukonur, og er þetta samkvæmt umsókn forstöðukonu skólans og meðmælum landshöfðingja.

VII. Sundkennsla.

a og b. Gjaldliðir þessir eru hinir sömu og á núgildandi fjárlögum.

C.

Gjaldliðirnir 1, a—f og 2—4 eru hinir sömu og á núgildandi fjárlögum.

5. Forngripasafnið.

a. Einsog á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895.

b. Störf umsjónarmannsins hafa aukist allmikið, síðan laun hans voru ákveðin, bæði af því að safnið, hefur aukizt og svo hefur sá, sem nú er umsjónarmaður, talsvert aukaerfiði við að lýsa hlutum, er safnið hafði fengið, áður en hann tók við; ennfremur er mjög æskilegt, til þess að sem flestir hafi gagn af safninu, að samin verði og prentuð skrá yfir munina til afnota fyrir þá, er það vilja skoða. Umsjónarmaður hefur því sótt um, að launin verði hækkuð upp í 800 kr., og hafa stiptsyfirvöldin og landshöfðingi mælt með umsókninni; eru því laun hans talin 800 kr. hvort árið.

6—14. Gjaldliðir þessir eru hinir sömu og á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895.

Að því er snertir styrkveitingarnar undir liðunum 7 og 12 skal þess getið, að báðir hlutaðeigendur hafa sótt um að fá að halda styrknum framvegis, og hefur kand. Bogi Melsted skýrt frá því, að hann, síðan hann síðast skýrði stjórnarráðinu frá gjörðum sínum 1893, hafi haldið áfram að safna til sögu Íslands á þjóðveldistímanum, bæði að því er snertir hina almennu sögu landsins, og sjerstaklega að því er snertir innleiðslu kristninnar og kirkjusöguna fram að 1300, og ennfremur til sögu 18. og 19. aldarinnar fram að 1848. Hann er þar að auki nærþví búinn með handrit til verzlunarsögu Íslands og hefur ritað ritgerð fyrir almenning um eitt af þeim atriðum, er undir hana heyrir, og á ritgerð þessi að koma út í vor eða sumar.

15. Á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 var Skúla Skúlasyni veittur styrkur til að læra myndasmíði (sjá fjárl. 13. gr. b. 17). Hann hefur nú sótt um styrk til að halda áfram námi sínu, og fer stjórnin því fram á, að honum verði veittur 600 kr. styrkur hvort árið 1896 og 1897. Umsækjandinn er svo fátækur, að verði honum ekki veittur styrkur þessi, neyðist hann til að hætta við nám sitt og snúa heim til Íslands aptur án þess að hafa haft verulegt gagn af styrk þeim, er hann þegar hefur fengið; hefur hann fengið vottorð um það, að hann hafi þennan tíma, er hann hefur verið hjer í Kaupmannahöfn, á annað ár, með iðni og áhuga notið kennslu við skóla hins tekniska fjelags í Kaupmannahöfn, en á skóla þessum verður hann að búa sig undir inntöku á hinn konunglega listaskóla, og jafnframt unnið með mikilli iðni og dugnaði hjá myndasmið, prófessor Bissen, og hefur hann sagt, að Skúli hafi sýnt, að hann hefði þær formgáfur til að bera, að vænta megi góðs af honum, ef aðrir hans hæfilegleikar sje að sama skapi.

16. Yfirrjettardómari Kristján Jónsson og dr. phil. Jón Þorkelsson í Kaupmannahöfn hafa sótt um, að þeim á fjárhagstímabilinu 1896 og 1897 verði veittur 2,000 kr. styrkur á ári til útgáfu og prentunar af 1. bindi af safni alþingisbóka Íslands fyrir árin 1570—1800; og er ætlast, til að verkinu öllu verði lokið á 10 árum, og muni það þá kosta alls 20,000 kr. Verk þetta mun óefað hafa mjög mikla þýðingu, bæði að því er snertir hina almennu sögu landsins, og sjerstaklega að því er snertir rjettarsögu þess, og er því farið fram á, að til þess verði veitt fyrst um sinn fyrir næsta fjárhagstímabil 2,000 kr. hvort árið.

17. Cand. juris, aðstoðarmaður í stjórnarráði Íslands Steingrímur Jónsson hefur sótt um 1,200 kr. styrk hvort árið til að kynna sjer síðari tíma löggjöf Ísland, í þeim tilgangi að rita um þá kafla, er ólíkastir eru hinni dönsku löggjöf. Það er enginn vafi á því, að það er mikils vert að ritað sje um þessa kafla hinna íslenzku laga, og þótt umsækjandinn eigi hafi haft tækifæri til að sýna það enn þá, að hann hafi þá hæfilegleika til að bera, er til þessa eru nauðsynlegir, hefur stjórnarráðið enga ástæðu til að efast um, að svo sje, og er því farið fram á, að styrkur þessi verði veittur.

Þinginu mun gefinn kostur á að kynna sjer umsóknir þær með fylgiskjölum, er snerta liðina 7, 12, 15, 16 og 17.

Við 14. gr.

Gjöldin samsvara tekjum þeim, sem taldar eru í 2. og 3. lið 5. gr.

Við 15. gr.

Viðvíkjandi grein þessari skal vísað til skrár þeirrar yfir eptirlaun þau til embættismannaekkna og barna, er hvíldu á landssjóði í árslok 1894, og prentað er aptan við frumvarp þetta. Gjöld þessi er farið fram á að telja 80,000 kr. hvort árið.

Við 16. gr.

Einsog á núgildandi fjárlögum.

Fylgiskjal.

Skrá

yfir

eptirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíla á landssjóði.

		kr. a.
	A. Embættismenn.	
1	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósar sýslu	982. 18
2	Árni Gíslason, sýslumaður í Skaptafells sýslu.....	1,686. 16
3	Benidikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík..... kon. úrsk. 13. apr. 1883, stj. br. 14. apr. s. á.; frá 1. maí 1883.	800.
4	Halldór Guðmundsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrsk. 19. marz 1885.	1,200.
5	Sigurður Melsted, lektor, forstöðumaður prestaskólans i Reykjavík.. kon. úrsk. 14. septbr. 1885.	3,381. 33
6	Jón Pjetursson, justitiarius í landsyfirrjettinum ..... kon. úrsk. 17. apr. 1889.	5,800.
7	Stefán Thorarensen, sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri ..... kon. úrsk. 17. apríl 1891.	2,660.
8	Páll Melsteð, sögukennari..... lög 16. septbr. 1893.	1,800.
	alls...	18,309. 67
	B. Embættismanna ekkjur og börn:	
1	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsens kon. úrsk. 20. febr. 1856; fra 1. ágúst 1855..... 69 rd. 36 sk. = 138 kr. 75 a. og eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 83 viðbót.. 150 — » — frá 1. jan. 1882.	288. 75
2	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensens í Stranda sýslu.....	100. 79
3	Clara Margrete Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðar sýslu.....	212. 87
	ennfremur styrkur til húsaleigu á ári	40.
4	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesens í Þingeyjar sýslu.....	416. 60
	flyt...	1059. 01

		kr. a.
	fluttar...	1059. 01
5	Antonía Jósefína Thorarensen, ekkja sýslumanns B. Thorarensens í Dala sýslu	228.
6	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadals sýslu	289. 83
7	Ingibjörg Magnússen, ekkja sýslumanns í Dala sýslu Kristjáns Magnússens	262. 89
8	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensens	273. 33
9	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873 ..... 184 kr. kon. úrsk. 20. júní 1874. viðbót frá sama tíma ..... 13 — stj. br. 18. nóvbr. 1876.	197.
10	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Havsteins kon. úrsk. 12. nóvbr. 1875.	529. 16
11	Hildur Sólveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. M. Magnússonar.	538. 27
12	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts... frá 1. nóvbr. 1881.	81. 25
13	Ragnheiður Kristjánsson, ekkja amtmanns K. Kristjánssonar..... frá 1. júní 1882.	750.
14	Guðrún Guðjohnsen, ekkja organsleikara P. Guðjohnsens..... frá 1. jan. 1880, fjárlögin fyrir 1880 og 1881.	300.
15	Sígríður Blöndal, ekkja sýslumanns Blöndals..... frá 1. júní 1884.	300. 45
16	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorbergs..... frá 1. febr. 1886.	919. 17
17	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrrum hjeraðslæknis Bolbroe á Vestmannaeyjum, frá 1. maí 1888.....	75.
18	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar ..... frá 1. jan. 1890. Samkv. kon. úrsk. 9. maí 1890 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Skúla, fæddum 15. júní 1881..... 2. Pjetri, fæddum 14. desbr. 1882	187. 50 70. 70.
19	Sígríður Bogadóttir Pjetursson, ekkja biskups P. Pjeturssonar ..... frá 1. júní 1891.	954.
20	Karen Bjarnarson, ekkja sýslumanns Stefáns Bjarnarsonar í Árnessýslu..... frá 1. ágúst 1891.	405. 96
21	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassens..... frá 1. oktober 1891.	750.
22	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsens... frá 1. ágúst 1891. Samkv. kon. úrsk. 13. apríl 1892 handa stjúpbörnum hennar og dóttur til fullra 18 ára: 1. Guðrúnu Sigríði fæddri 4. apríl 1878 ..... 2. Pjetri fæddum 24. júní 1879	187. 50 80. 80.
	flyt...	8,588. 32

		kr. a.
	fiuttar...	7,588. 32
	3. Stefáni — sama dag	80.
	4. Önnu Ragnheiði, fæddri 18. desember 1881	80.
	5. Sígríði, fæddri 11. júlí 1885	80.
23	Oline Marie Christine Vigfússon, ekkja Sigurðar Vigfússonar, eptirlaun sem ekkja sýslumanns J. Árnasonar í Þingeyjarsýslu, er dó árið 1840 ..... frá 9. júlí 1892.	40.
24	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja lektors theol., forstöðumanns prestaskólans Helga Hálfdánarsonar ..... frá 1. febrúar 1894.	575.
25	Guðlaug Jensdóttir, ekkja sýslumanns Sigurðar Jónssonar í Snæfellsnessýslu ..... frá 1. desember 1893.	370. 28
26	Ásta Hallgrímsson, ekkja læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar frá 1. janúar 1894.	350.
	Samkv. kon. úrsk. 26. febrúar 1894 handa börnum hennar til fullra 18 ára;	
	1. Kristrúnu, fæddri 7. júní 1878....	100.
	2. Guðmundi Hallgrími, fæddum 17. desember 1880....	100.
	3. Sylvíu, fæddri 28. maí 1884	100.
	Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa	
	4. Tómasi syni hennar, fæddum 9. ágúst 1894 til fullra 18 ára	100.
27	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja sýslumanns H. E. Johnsens í Rangárvallasýslu ..... frá 1. maí 1894.	412. 59
	Samkv. kon. úrsk. 30. maí 1894 handa börnum hennar til fullra 18 ára:	
	1. Halldóri, fæddum 8. jan. 1878.....	100.
	2. Oddi fæddum 23. júní 1884	100.
28	Kristín Blöndal, ekkja sýslumanns Lárusar Blöndals í Húnavatnssýslu ..... frá 1. júní 1894.	582. 45
	Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa börnum hennar til fullra 18 ára:	
	1. Jósefínu Antoníu, fæddri 25. apríl 1878	100.
	2. Haraldi, fæddum 10. septbr. 1882	100.
29	Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Hjörts Jónssonar í Stykkishólmi ..... frá 1. maí 1894.	305.
30	Guðríður Kjerúlf, ekkja hjeraðslæknis Þorvarðar Kjerúlfs ..... frá 1. júlí 1893.	187. 50
	Samkv. kon. úrsk. 30. maí 1894 handa Sigríði dóttur hennar, fæddri 25. maí 1891 til fullra 18 ára.....	80.
	alls...	12,531. 14

		kr. a.
	C. Uppgjafaprestar,	
	er eptirlaun þeirra eru greidd úr landssjóði.	
1	Þórarinn Erlendsson, fyrv. prestur að Hofi í Álptafirði:	
	frá 6. júní 1882	455. 32
2	Jón Thorarensen, fyrv. prestur í Saurbæjarþingum:	
	frá 6. júní 1882 ..... 190 kr.	
	viðbót samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885 .... 50 —	
		240.
3	Einar Vernharðsson, fyrv. prestur að Stað í Grunnavík:	
	frá 6. júní 1883	370.
4	Benedikt Eiríksson, fyrv. prestur í Efri-Holtaþingum:	
	frá 6. júní 1884	370.
5	Þorvaldur Böðvarsson, fyrv. prestur að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd:	
	frá 6. júní 1886	330. 04
6	Jón Brynjólfsson, fyrv. prestur að Kálfholti:	
	frá 6. júní 1886	303. 53
7	Kjartan Jónsson, fyrv. prestur að Eyvindarhólum:	
	frá 29. júlí 1886	340.
8	Tómas Þorsteinsson, fyrv. prestur að Reynistað:	
	frá 6. júní 1887	380.
9	Benedikt Kristjánsson, fyrv. prestur að Múla:	
	frá 6. júní 1890	500.
10	Jón Bjarnason, fyrv. prestur í Skarðsþingum:	
	frá 6. júní 1891	350.
11	Ísleifur Einarsson, fyrv. prestur að Stað í Steingrímsfirði:	
	frá 6. júní 1892	279. 84
12	Gunnar Ólafsson, fyrv. prestur að Höfða:	
	frá 6. júní 1892	260.
	alls...	4,178. 73
	D. Prestsekkjur.	
	Eptir landsreikningnum fyrir árið 1891 numu eptirlaunin til prestsekkna við árslok	4,173. 78
	Af þeim hafa síðan fallið burtu ..... 657 kr. 48 a.	
	en bætzt við ..... 605 — 04 -	
		52. 44
	alls...	4,121. 34
	E. Samkvæmt 15. gr. fjárlaganna.	
	Styrkur til Katrínar Þorvaldsdóttur ekkju fyrv. bókavarðar Jóns Árnasonar	300.
	Styrkur til ekkjufrú Torfhildar Holm	200.
	Styrkur til Oline Vigfússon, ekkju eptir Sigurð Vigfússon	160.
	alls...	660.

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1892 og 1893

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

I. Tekjur:	Fjárveiting. kr.	a.	Reikningur. kr.	a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	80,000.	»	99,136.	10
2. Húsaskattur	8,000.	»	8,639.	75
3. Tekjuskattur	25,000.	»	28,289.	35
4. Aukatekjur	40,000.	»	42,829.	49
5. Erfðafjárskattur	3,400.	»	4,010.	99
6. Gjöld af fasteignasölum	2,000.	»	1,990.	47
7. Vitagjald	12,000.	»	14,673.	70
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.	»	4,391.	50
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	50.000.	»	71,040.	15
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	190,000.	»	213,227.	53
11. Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	86,000.	»	120,363.	45
12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	240,000.	»	261,182.	68
13. Tekjur af póstferðum	40,000.	»	45,699.	01
14. Óvissar tekjur	6,000.	»	5,707.	64
15. Tekjur af fasteignum landssjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	52.000.	»	56,096.	56
16. Tekjur af kirkjum	600.	»	429.	63
17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	62,000.	»	62,428.	92
Borgað upp í lán, veiting: 50,583 kr. 99 a., reikningur: 55,678 kr. 78 a.				
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	8,600.	»	11,079.	07
19. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000.	»	4,781.	49
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200.	»	2,132.	29
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	»	1,948.	50
22. Tillag úr ríkissjóði	151.000.	»	151,000.	»
alls...	1,069,800.	»	1,211,078.	27

	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
II. Gjöld:		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	43,824. 62
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	51,416. 66	44,636. 42
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995. 14	170,285. 24
C. Ýmisleg útgjöld	74,482. »	73,857. 63
4. Til útgjalda við læknaskipunina	100,844. »	100,188. 69
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	94,700. »	97,936. 22
B. Til vegabóta	78,400. »	79,834. 68
C. Til strandferða	72,000. »	3,000. 00
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	49,800. »	46,449. 63
B. Til kennslumálefna	176,296. »	171,684. 78
C. Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta	36,200. »	33,783. 33
7. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200. »	8,510. 91
8. Eptirlaun og styrktarfje	86,000. »	86,468. 31
9. Til óvissra útgjalda	3,000. »	2,167. 11
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	5,461. 65	5,461. 65
11. Tekjuafgangur	15,066. 20	216,189. 05
alls...	1,081,261. 65	1,211,078. 27

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1893 ..... 920,354 kr. 20 aur.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1893 ..... 43,747 — 04 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1893 ..... 230,210 — 75 —

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1892 og 1893.

Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:		
a. á ábúð og afnotum jarða	34,000. »	99,136. 10
b. á lausafje	46,000. »	
2. Húsaskattur	8,000. »	8,639. 75
3. Tekjuskattur	25,000. »	28,289. 35
4. Aukatekjur	40,000. »	42,829. 49
5. Erfðafjárskattur	3,400. »	4,010. 99
6. Gjöld af fasteignasölum	2,000. »	1,990. 47
7. Vitagjald	12,000. »	14,673. 70
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000. »	4,391. 50
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	50,000. »	71,040. 15
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	190,000. »	213,227. 53
11. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	86,000. »	120,363. 45
12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	240,000. »	261,182. 68
13. Tekjur af póstferðunum	40,000. »	45,699. 01
14. Óvissar tekjur	6,000. »	5,707. 64
15. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	52,000. »	56,096. 56
16. Tekjur af kirkjum	600. »	429. 63
17. Leigur af fje viðlagasjóðs	62,000. »	62,428. 92
borgað upp í lán, fjárveiting: 50,583 kr. 99 aur. reikningur: 55,678 — 78 —		
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	8,600. »	11,079. 07
19. Borgað frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000. »	4,781. 49
20. Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	1,200. »	2,132. 29
21. Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000. »	1,948. 50
22. Tillag úr ríkissjóði:		
Fast tillag	120,000. »	120,000. »
Aukatillag	31,000. »	31,000. »
	1,069,800. »	1,211,078. 27

	Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2.	Til kostnaðar við alþingi og við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	43,824. 62
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:		
3.	1. Laun	37,816. 66	30,816. 66
4.	2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	7,600. »	7,819. 76
5.	3. a. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ... 5,000 kr. b. Launaviðbót til hins núverandi endurskoðara ... 1,000 —	6,000. »	6,000. »
	B. Dómgæzla og lögreglumál:		
6.	1. Laun: a. til dómara og sýslumanna	139,395. 14	139,395. 14
	b. til hreppstjóra	12,000. »	11,506. 77
7.	2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavik	2,800. »	2,800. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
8.	3. Til hegningarhússins og fangelsanna: a. laun umsjónarmannsins 1,600 kr. Viðbót til hins núverandi umsjónarmanns .. 400 —	2,000. »	2,000. »
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	200. »	200. »
	— — lækni	120. »	120. »
	b. viðurværi handa föngum	2,450. »	1,774. 55
	miðdagsmatur handa fangaverði, 3 skamtar	460. »	
	þvottur	60. »	27. 92
	til eldiviðar og ljósa	1,040. »	996. 14
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	800. »	1,043. 83
	til þess að útvega verkefni	1,000. »	81. 93
	ýmisleg útgjöld	300. »	217. 77
		8,430. »	6,462. 14
	flyt...	8,430. »	6,462. 14	266,011. 80	268,962. 95

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
fluttar...	8,430. »	6,462. 14	266,011. 80	268,962. 95
arður af verkum	1,230. »	1,307. 14		
	7,200. »	5,155. »		
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	200. »	387. 87		
			7,400. »	5,542. 87
9. 4. Önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn .	3,200. »	3,200. »		
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn .	100. »	100. »		
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.	80. »	67. 50		
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	120. »	123. »		
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	6,000. »	4,684. 34		
f. kostnaður við gjafsóknarmál	600. »	2,615. 31		
g. til útgáfu á dómasafni	300. »	250. 31		
			10,400. »	11,040. 46
C. Ýmisleg útgjöld:				
10. 1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	600. »	600. »		
b. til pappírs og prentunar	3,182. »	4,279. 10		
c. til kostnaðar við sending með póstum.....	500. »	640. 80		
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri	1,200. »	1,196. »		
			5,482. »	6,715. 90
11. 2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			2,400. »	3,681. 79
12. 3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			3,200. »	2,271. 65
		flyt...	294,893. 80	298,215. 62

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
fluttar.....			294,893. 80	298,215. 62
13. 4. styrkur til eflingar búnaði: a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal	5,000.	5,000.		
2. til skólans á Hólum	7,000.	7,000.		
3. til skólans á Eyðum	4,000.	4,000.		
4. til skólans á Hvanneyri ..	4,000.	4,000.		
	20,000. »	20,000. »		
b. til búnaðarfjelaga.....	24,000. »	23,790. 30		
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til þess að gefa út búnaðarrit.	480. »	420. »		
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum.....	600. »	600. »		
e. styrkur til þess að gefa út kennslubækur handa búnaðarskólunum.....	600. »	» »		
f. styrkur til verklegs laxaklaks i Dala sýslu.....	400. »	400. »		
g. styrkur til sýslunefndarinnar í Ísafjarðar sýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum	4,000. »	4,000. »		
			50,080. »	49,210. 30
		flyt...	344,973. 80	347,425. 92

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
			fluttar...	344,973 80	347,425. 92
14.	5. til vitans á Reykjanesi:				
	a. til launa vitamannsins	2,400. »	2,400. »		
	b. til eptirlits með vitanum	120. »	56. »		
	c. til að kaupa olíu	2,400. »	1,700 90		
	d. — — lampakveiki o. fl.	300. »	180. 70		
	e. — — steinkol	240. »	268. 65		
	f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	400. »	647. 14		
	g. eptirgjald eptir lóðina	60. »	60. »		
	h. til að byggja nýjan bústað handa vitaverði	3,400. »	3,447. 03		
				9,320. »	8,760. 42
15.	6. Til vörðuvita			1,000. »	782. 74
16.	7. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			2,000. »	1,934. 83
17.	8. Til að bæta turninn á Vestmannaeyjakirkju			500. »	500. »
18.	9. Til þess að járnklæða Langholtskirkju í Skaptafells sýslu			500. »	» »
	Útgjöld við læknaskipunina:				
19.	1. Laun			79,196. »	78,883. 50
20.	2. Styrkur til aukalækna: a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu, b. til læknis í Seyðisfirði, Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði, c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum í Borgarfjarðarsýslu, d. til læknis í Dyrhólahreppi og eystri og vestri Eyjafjallahreppi, e. til læknis í Dýrafirði, Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði, f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá, g. — læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnes sýslu, 1000 kr. til hvers, hvort árið um sig			14,000. »	13,500. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
21.	3. Önnur útgjöld:				
	a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	2,400. »	2,400. »		
	b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	800. »	800. »		
	flyt...	3,200. »	3,200. »	451,489. 80	451,787. 41

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	3,200. »	3,200. »	451,489. 80	451,787. 41
	c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.....	48. »	48. »		
	d. til náms yfirsetukvenna.....	4,000. »	3,430. 37		
	e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400. »	1,126. 82		
				7,648. »	7,805. 19
	Til samgöngumála.				
	A. Útgjöld við póststjórnina:				
22.	1. Laun:				
	a. handa póstmeistaranum.....	4,800. »	4,800. »		
	b. — póstafgreiðslumönnum .	9,400. »	9,355. »		
	c. — brjefhirðingarmönnum .	5,400. »	5,260. 46		
				19,600. »	19,415. 46
23.	2. Póstflutningur			68,000. »	69,385. 32
24.	3. Önnur útgjöld:				
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	3,000. »	3,000. »		
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 %oo.....	400. »	777. 19		
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	400. »	» »		
	d. fyrir prentun á ýmsu	400. »	1,568. 77		
	e. til áhalda	2,400. »	2,850. 19		
	f. 1 brjefberi í Reykjavík.....	100. »	100. »		
	g. óviss útgjöld	400. »	839. 29		
				7,100. »	9,135. 44
	B. Útgjöld til vegabóta:				
25.	a. til að útvega vegfróðan mann...	3,000. »	2,627. 05		
	b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	60,000. »	61,814. 25		
	c. til fjallvega (smbr. 3. gr. laga nr. 26, 26. október 1893).....	13,000. »	12,993. 38		
	d. til að koma tveim sviflerjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði ..	2,400. »	2,400. »		
				78,400. »	79,834. 68
	C. Útgjöld til gufuskipaferða:				
26.	a. til strandferða	42,000. »			
	b. til gufubátsferða á Vestfjörðum .	6,000. »			
	flyt...	48,000. »		632,237. 80	637,363. 50

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	48,000. »		632,237. 80	637,363. 50
c.	til gufubátsferða á Breiðafirði...	6,000. »			
d.	— á Faxaflóa	6,000. »	3,000. »		
e.	— á Austfjörðum.	6,000. »			
f.	— með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja ...	6,000. »		72,000. »	3,000. »
	Útgjöld til kirkju- og kennslumála.				
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
27. a.	laun			14,000. »	14,000. »
b.	önnur útgjöld:				
28.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			19,500. »	16,136. 41
29.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			5,400. »	5,050. »
30.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			1,200. »	1,271. 50
31.	4. bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli í Barðastranda prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum .			500. »	500. »
32.	5. bráðabirgðaruppbót á Kvíabekkjar prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi			400. »	300. »
33.	6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum			6,200. »	6,200. »
34.	7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað...			2,000. »	2,000. »
35.	8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkv. lögum 19. febr. 1886 16. gr.			600. »	991. 72
	B. Kennslumálefni:				
	I. Til prestaskólans:				
36. a.	laun			19,600. »	19,600. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
37. b.	önnur útgjöld:				
	1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	3,200. »	1,760. »		
	flyt...	3,200. »	1,760. »	773,637. 80	706,413. 13

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	3,200. »	1,760. »	773,637. 80	706,413. 13
	2. 3 ölmusur	1,200. »	1,200. »		
	3. til tímakennslu	200. »	200. »		
	4. til bókakaupa	600. »	600. »		
	5. til eldiviðar og ljósa	200. »	186. 24		
	6. til umsjónar	200. »	200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	400. »	347. 14		
				6,000. »	4,493. 38
	II. Til læknaskólans:				
38. a.	laun			7.200. »	7,200. »
39. b.	önnur útgjöld:				
	1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	800. »	800. »		
	2. eldiviður, ljós og ræsting	240. »	240. »		
	3. til bókakaupa og verkfæra	600. »	489. 65		
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	600. »	1,350. »		
	5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	960. »	800. »		
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	200. »	200. »		
	7. til umbúða og annara útgjalda við ókeypis »klinik«	400. »	400. »		
	8. ýmisleg útgjöld	200. »	129. 10		
				4,000. »	4,408. 75
	III. Til hins lærða skóla:				
40. a.	laun			39,600. »	39,600. »
41. b.	aðstoðarfje:				
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
	1. handa Páli Melsteð sem kennara í sögu	3,600. »	3,150. »		
	2. handa söngkennaranum	1,200. »	1,200. »		
	3. handa fimleikakennaranum	1,400. »	1,400. »		
	4. handa dyraverði	2,000. »	2,000. »		
	5. til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	600. »	600. »		
				8,800. »	8,350. »
42. c.	önnur útgjöld:				
	1. til bókasafns skólans	1,200. »	1,200. »		
	2. til eldiviðar og ljósa	2,000. »	2,000. 17		
	3. til skólahússins utan og innan	2,000. »	1,991. 79		
	flyt...	5,200. »	5,191. 96	839,237. 80	770,465. 26

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	5,200. »	5,191. 96	839,237. 80	770,465. 26
	4. til tímakennslu.....	2,200. »	2,338. 20		
	5. ölmusur.....	12,000. »	12,000. »		
	6. þóknun handa lækni	200. »	200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	2,000. »	1,901. 63		
	8. fyrir prestsverk.....	96. »	96. »		
	9. til vísindalegra áhalda:				
	a. í náttúrusögu	700. »	699. »		
	b. í eðlisfræði.....	700. »	698. 13		
	10. til að gefa út vísindalegt rit, er fylgi skólaskýrslunni	600. »	525. 39		
				23,696. »	23,650. 31
	IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
43.	a. laun			13,200. »	13,200. »
44.	b. önnur útgjöld:				
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	800. »	791. 56		
	2. til eldiviðar og ljósa	1,000. »	969. 53		
	3. til skólahússins utan og innan.	400. »	313. 06		
	4. til aðgjörðar á skólahúsinu..	1,000. »	1,000. »		
	5. ýmisleg útgjöld	800. »	757. 95		
	5. til styrkveitingar námspiltum	1,000. »	1,000. »		
				5,000. »	4,832. 10
	V. Til stýrimannaskólans:				
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr a.		
45.	a. laun			3,000. »	3,000. »
46.	b. önnur útgjöld:				
	1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa	1,000. »	1,000. »		
	2. til tímakennslu	1,200. »	548. 10		
	3. til áhaldakaupa o. fl.....	400. »	427. 14		
				2,600. »	1,975. 24
	VI. Til annarar kennslu:				
47.	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík	3,600. »	3,600. »		
	2. — — á Ytriey ..	4,000. »	3,200. »		
	3. til kvennaskólans á Laugalandi.....	2,400. »	2,400. »		
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi	4,000. »	4,000. »		
				14,000. »	13,200. »
			flyt...	900,733. 80	830,322. 91

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	900.733. 80	830,322. 91
48.	b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og kauptúnum öðrum en kaupstöðum	8,000. »	7,870. »
49.	2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers	8,000. »	7,765. »
50.	c. til gagnfræða og alþýðuskólans í Flensborg	5,000. »	5,000. »
51.	d. til kennarafræðslu.....	1,000. »	1,000. »
52.	e. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	2,000. »	2,000. »
53.	f. til verzlunarskóla í Reykjavík	500. »	500. »
54.	g. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum	1,000. »	1,000. »

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
55.	h. til skólaiðnaðarkennslu:				
	til áhaldakaupa handa 10 nemendum	400. »	400. »		
	til viðgerðar á kennslustofu og húsnæðis.....	200. »	200. »		
	kennslukaup fyrir 8 mánuði....	1,000. »	1,000. »		
				1,600. »	1,600. »
	VII. Til sundkennslu.				
56.	a. í Reykjavík	400. »	400. »		
57.	b. til að gera við sundlaugina hjá Laugarnesi.....	500. »	500. »		
58.	c. til sundkennslu annarstaðar	1,600. »	540. »		
				2,500. »	1,440. »
	C. Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta.				
59.	1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:				
	a. laun bókavarðar.....	2,000. »	2,000. »		
	b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	1,400. »	1,400. »		
	c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	200. »	200. »		
	flyt...	3,600. »	3,600. »	930,333. 80	858,497. 91

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	3,600. »	3,600. »	930,333. 80	858,497. 91
	d. til bóka, handrita, bókbands og prentunar á ritaukaskrá ..	3,600. »	3,600. »		
	e. til eldiviðar og áhalda m. m.	900. »	900. »		
	f. brunabótagjald fyrir safnið ..	600. »	600. »		
				8,700. »	8,700. »
60.	2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi			800. »	800. »
61.	3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík			2,000. »	2,000. »
62.	4. til þjóðvinafjelagsins			800. »	800. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
63.	5. til forngripasafnsins:				
	a. til forngripakaupa og áhalda.	2,000. »	2,000. »		
	b. til umsjónar.....	800. »	800. »		
	c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja.....	2,000. »	583. 33		
				4,800. »	3,383. 33
64.	6. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári og til efna og áhalda til að geyma náttúrugripi, 200 kr. hvort árið			1,600. »	1,600. »
65.	7. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið.....			1,200. »	1,200. »
66.	8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir í Skaptafellssýslu og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands eptir reikningi allt að 1,000 kr. hvert árið			2,000. »	1,000. »
67.	9. til fornleifafjelagsins.....			600. »	600. »
68.	10. til náttúrufræðisfjelagsins			800. »	800. »
69.	11. styrkur handa tveimur mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi.....			2,400. »	2,400. »
70.	12. ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals.....			1,200. »	1,200. »
			flyt...	957,233. 80	882,981. 24

		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr.	a.
	fluttar...	957,233.	80	882,981.	24
71. 13.	ferðastyrkur til kand. med. Guðmundar Magnússonar..	1,200.	»	1,200.	»
72. 14.	ferðastyrkur til kand. polyt. Sig. Thoroddsens.....	1,200.	»	1,200.	»
73. 15.	styrkur til kand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landsskjalasafnið og halda áfram skrásetning þess.....	1,200.	»	1,200.	»
74. 16.	styrkur til kand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands.....	1,200.	»	1,200.	»
75. 17.	til tannlæknis O. Nicolins til að halda áfram tannlækningum hjer á landi.....	1,000.	»	1,000.	»
76. 18.	til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum.....	1,000.	»	1,000.	»
77. 19.	til kennara Halldórs Briems til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði.....	300.	»	300.	»
78. 20.	til Torfhildar Holm til ritstarfa.....	1,000.	»	1,000.	»
79. 21.	til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	1,200.	»	1,200.	»
80.	til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna.....	5,200.	»	8,510.	91
81.	til eptirlauna og styrktarfjár o. fl.....	86,000.	»	86,468.	31
82.	Til óvissra útgjalda.....	3,000.		2,167.	11
83.	Gjöld samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum.....	5,461.	65	5,461.	65
84.	Tekjuafgangur	15,066.	20	216,189.	05
	alls...	1,081,261.	65	1,211,078.	27

Athugasemdir

við

yfirlit yfir tekjur og gjöld á árunum 1892 og 1893.

Tekjur:

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sbr. fjárlögin 2. gr. 1.
   a. á ábúð og afnotum jarða.
   b. á lausafje.

Þessar tekjur hafa numið eptir reikningnum 1892:		
a.	19,447 kr. 16 a.	
b.	29,321 — 30 —	
		48,768 kr. 46 a.
og eptir reikningnum 1893:		
a.	17,223 kr. 70 a.	
b.	27,197 — 13 —	
		44,420 — 83 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		8,704 — 09 —
	alls...	101,893 kr. 38 a.
Af þessu er borgað:		
1892	51,135 kr. 41 a.	
1893	48,000 — 69 —	
		99,136 — 10 —
	Tekjueptirstöðvar...	2,757 kr. 28 a.

2. Húsaskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 2.

Tekjur þessar hafa numið:		
eptir reikningnum 1892	4,250 kr. » a.	
— — 1893	4,448 — 75 —	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	400 — » —	
		9,098 — 75 —
Af þessu er borgað:		
1892	4,428 kr. 03 a.	
1893	4,211 — 72 —	
		8,639 — 75 —
	Tekjueptirstöðvar...	459 kr. » a.

3. Tekjuskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 3.
Þessar tekjur hafa numið:

eptir reikningnum 1892	14,219 kr. 30 a.	
— — 1893	13,775 — 75 —	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	749 — » —	
alls...		28,744 kr. 05 a.
Af þessu er borgað:		
1892	13,904 kr. 85 a.	
1893	14,384 — 50 —	
		28,289 — 35 —
	Tekjueptirstöðvar...	454 kr. 70 a.

4. Aukatekjur, sbr. fjárlögin 2. gr. 4.
hafa numið:

eptir reikningnum 1892	21,922 kr. 46 a.	
— — 1893	21,929 — 97 —	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum ...	834 — 98 —	
alls...		44,687 kr. 41 a.
Af þessu er borgað:		
1892	20,896 kr. 12 a.	
1893	21,933 — 37 —	
		42,829 — 49 —
	Tekjueptirstöðvar...	1,857 kr. 92 a.

5. Erfðafjárskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 5.
hefur numið:

eptir reikningnum 1892	2,032 kr. 52 a.	
— — 1893	2,002 — 38 —	
		4,034 kr. 90 a.
Af þessu er borgað:		
1892	1,972 kr. 18 a.	
1893	2,038 — 81 —	
		4,010 — 99 —
	Tekjueptirstöðvar...	23 kr. 91 a.

6. Gjöld af fasteignasölum, sbr. fjárlögin 2. gr. 6.
hafa eptir reikningnum numið:

1892	1,055 kr. 15 a.	
1893	958 — 47 —	
alls...		2,013 kr. 62 a.
Af þessu er borgað 1892.....	1,045 kr. 30 a.	
og 1993.....	945 — 17 —	
		1,990 — 47 —
	Tekjueptirstöðvar...	23 kr. 15 a.

7 Vitagjald, sbr. fjárl. 2. gr. 7.
hefur eptir reikningnum numið:

1892	6,728 kr. 10 a.	
1893	8,270 — 65 —	
alls		14,998 kr. 75 a.
Af þessu er borgað 1892	6,596 kr. 40 a.	
og 1893	8,077 — 30 —	
		14,673 — 70 —
Tekjueptirstöðvar		325 kr. 05 a.

8. Gjöld fyrir leyfisbrjef, sbr. fjárl. 2. gr. 8.

hafa eptir reikn. numið 1892	2,304 kr. 58 a.	
— — — 1893	2,086 — 92 —	
alls		4,391 kr. 50 a.
Hjeraf borgað 1892	2,304 kr. 58 a.	
og 1893	2,086 — 92 —	
		4,391 — 50 —

9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 9.

hefur eptir reikn. numið 1892	30,844 kr. 66 a.	
og 1893	45,569 — 12 —	
fyrri ára eptirstöðvar	3,872 — 69 —	
alls		80,286 kr. 47 a.
Hjeraf borgað 1892	31,538 kr. 57 a.	
1893	39,501 — 58 —	
		71,040 — 15 —
Tekjueptirstöðvar		9,246 kr. 32 a.

10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 10.

hefur eptir reikn. numið 1892	103,299 kr. 95 a.	
og eptir reikn. 1893	111,550 — 85 —	
fyrri ára eptirstöðvar 3,642 kr. 60 a. + 2 kr. 88 a. smbr. athgr. 5 á fylgiskjali 10 við landsreikning 1892	3,639 — 72 —	
		218,490 kr. 52 a.
Hjeraf borgað 1892	101,073 kr. 58 a.	
1893	112,153 — 95 —	
		213,227 — 53 —
Tekjueptirstöðvar		5,262 kr. 99 a.

11. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, smbr. fjárl. 2. gr. 11.

hefur eptir reikn. numið 1892	57,250 kr. 04 a.	
1893	66,026 — 33 —	
fyrri ára eptirstöðvar	705 — 09 —	
		123,981 kr. 46 a.
Hjeraf borgað 1892.....	55,031 kr. 53 a.	
1893.....	65,331 — 92 —	
		120,363 — 45 —
	Tekjueptirstöðvar...	3,618 kr. 01 a.

12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, smbr. fjárl. 2. g. 11.

hefur eptir reikn. numið 1892	128,300 kr. 08 a.	
og 1893	137,352 — 69 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	3,007 — 54 —	
		268,660 kr. 31 a.
Hjer af borgað 1892	122,355 kr. 95 a.	
1893...	138,826 — 73 —	
		261,182 — 68 —
	Tekjueptirstöðvar...	7,477 kr. 63 a.

13. Tekjur af póstferðum, sbr. fl. 2. gr., 13,

hafa eptir reikn. numið 1892.....	21,233 kr. 35 a.
1893.....	24,465 — 66 —
alls...	45,699 — 01 a.

14. Ovissar tekjur, sbr. fl. 2. gr. 14,

hafa eptir reikningnum numið 1892...	2,306 kr. 67 a.	
og 1893...	3,420 — 97 —	
		5,727 kr. 64 a.
Af þessu er borgað 1892	2,306 kr. 67 a.	
og 1893	3,400 — 97 —	
		5,707 — 64 —
	Tekjueptirstöðvar...	20 kr. » a.

15. Tekjur af fasteignum landssjóðs, sbr. 3. gr. fjárl. 1,

hafa eptir reikningnum numið 1892...	39,255 kr. 85 a.		
gjöldin voru það árið	10,376 — 89 —		
		28,878 kr. 96 a.	
og eptir reikningnum 1893.....	36,589 kr. 37 a.		
gjöldin voru það árið	8,698 — 68 —		
		27,890 — 69 —	
fyrri ára tekjueptirstöðvar		6,570 — 45 —	
			63,340 kr. 10 a.
Af þessu er borgað 1892		27,239 kr. 54 a.	
og 1893		28,857 — 02 —	
			56,096 — 56 a.
			7,243 kr. 54 a.
þegar hjer frá dragast samkv. athgr. 3 b á fylgiskjali 15 við reikninginn 1892 189 kr. 37 a. + 416 kr. 54 a. og samkv. athgr. 1 á fylgiskjali 15 við reikninginn 1893, 12 kr. 21 e.			618 — 12 —
		verða tekjueptirstöðvar...	6,625 kr. 42 a.

16. Tekjur af kirkjum, sbr. fl. 3. gr. 2.

hafa eptir reikn. numið 1892.....		257 kr. 26 a.	
1893.....		192 — 39 —	
fyrri ára tekjueptirstöðvar		10 — 86 —	
			460 kr. 51 a.
Af þessu er borgað 1892.....		218 kr. 12 a.	
1893.....		211 — 51 —	
			429 — 63 —
		Tekjueptirstöðvar...	30 kr. 88 a.

17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs, sbr. fjárl. 4. gr., 1.

hafa eptir reikningi 1892, sbr. ath. 2 c á fylgiskjali 17 við reikninginn fyrir 1893, numið 30,824 kr. 38 a. + 63 kr. 16 a.....		30,887 kr. 54 a.	
og eptir reikningnum 1893.....		32,782 — 82 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....		415 — 24 —	
			64,085 kr. 60 a.
		flyt...	64,085 kr. 60 a.

fluttar...		64,085 kr. 60 a.
Hjer af er borgað 1892, sbr. áðurnefnda athugagr.	30,342 kr. 37 a.	
1893	32,086 — 55 a.	
		62,428 — 92 —
Tekjueptirstöðvar...		1,656 kr. 68 a.

Upp í lán er borgað 1892, sbr. áðurnefnda athugagr. á fylgiskjali 17 við reikninginn 1893		22,673 kr. 66 a.
1893		33,005 — 12 —
alls...		55,678 kr. 78 a.

18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans, smbr. fjárl. 4. gr., 2.

hafa eptir reikningi numið 1892	5,077 kr. 78 a.	
1893	6,001 — 29 —	
		11,079 kr. 07 a.
Hjer af er borgað 1892	5,077 kr. 78 a.	
1893	6,001 — 29 —	
		11,079 — 07

19. Innborganir frá brauðum, smkv. lögum 27. febr. 1880, sbr. fl. 5. gr., 1

hafa numið eptir reikn. 1892	3,079 kr. 66 a.	
1893	3,959 — 60 —	
fyrri ára eptirstöðvar	1,650 — 33 —	
		8,689 kr. 59 a.
Hjeraf borgað 1892	1,073 kr. 40 a.	
1893	3,708 — 09 —	
		4,781 — 49 —
Tekjueptirstöðvar...		3,908 kr. 10 a.

20. Endurborgun skyndilána til embættismanna, sbr. fjárl. 5. gr., 2,

hefur eptir reikn. numið 1892	843 kr. 75 a.
1893	1,288 — 54 —
alls...	2,132 kr. 29 a.

21. Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum, sbr. fl. 5. gr., 3,
hefur numið eptir reikn. 1892..... 249 kr. 13 a.
1893..... 1,699 — 37 -
alls... 1,948 kr. 50 a.

22. Tillag úr ríkissjóði, sbr. fl. 6. gr.
hefur numið samkv. lögum 2. janúar 1871:

1892:	fast tillag	60,000 kr.	» a.	
	aukatillag	16,500 —	» -	
				76,500 kr. » a.
1893:	fast tillag	60,000 kr.	» a.	
	aukatillag	14,500 —	» -	
				74,500 — » -
			alls...	151,000 kr. » a.

II. Gjöld.

1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sbr. fjárl. 8. gr.
voru borgaðar 1892..... 12,400 kr. » a.
1893..... 14,400 — » -
alls... 26,800 — » a.

2. Til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna, sbr. fjárl. 9. gr.
voru borgaðar 1892..... 1,931 kr. 92 a
1893..... 41,892 — 70 -
alls... 43,824 kr. 62 a.

2-5. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál, sbr. fjárl. 10. gr. A. 1-3.
Gjöldin hafa hjer verið:

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
3. A. 1.	Laun.....	15,400. »	15,416. 66	30,816. 66
4. A. 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.....	4,045. 07	3,774. 69	7,819. 76

		1892. kr. a.	1893. kr. a.			
5. A. 3. a.	Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500. »	2,500. »			
b.	viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara	500. »	500. »			
				3,000. »	3,000. »	6,000. »
					alls...	44,636. 42

6—9. Dómgæzla og lögreglustjórn, sbr. fl. 10. gr. B. 1—4.
Gjöldin hafa hjer orðið:

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
6. B. 1.	laun:			
	a. til dómara sýslumanna	69,697. 57	69,697. 57	139,395. 14
	b. til hreppstjóra	5,727. 77	5,779. »	11,506. 77
7. B. 2.	Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ..	1,400. »	1,400. »	2,800. »
8. B. 3.	til hegningarhússins og fangelsanna:			
		1892. kr. a.	1893. kr. a.	
	a. laun umsjónarmannsins.. 800 kr. viðbót við hinn núverandi umsjónarmann..... 200 —	1,000. »	1,000. »	
	þóknun handa dómkirkjuprestinum..	100. »	100. »	
	þóknun handa lækni	60. »	60. »	
	b. viðurværi handa föngum ..... miðdagsmatur handa fangaverði	755. 76	1,018. 79	
	þvottur.....	13. 10	14. 82	
	til eldiviðar og ljósa	490. 59	505. 55	
	útgjöld við byggingarnar sjálfa og áhöld til þess að útvega verkefni.....	544. 07	499. 76	
		40. 64	41. 29	
	ýmisleg útgjöld ..	119. 14	98. 63	
		3,123. 30	3,338. 84	
	arður af verkum..	634. 47	672. 67	
		2,488. 83	2,666. 17	
	kostnaður við viðhald fangelsanna.....	387. 87		
			2,876. 70	2,666. 17	5,542. 87
9. B. 4.	Önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...	1,600. »	1,600. »	
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...	50. »	50. »	
	flyt...	1,650. »	1,650. »	159,244. 78

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,650. »	1,650. »			159,244. 78
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum...	34. 75	32. 75			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum og fleira	63. »	60. »			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	1,353. 07	3,331. 27			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	924. 33	1,690. 98			
g. til að gefa út dómasafn	90. »	160. 31			
			4,115. 15	6,925. 31	11,040. 46
				alls ..	170,285. 24

10—18. Ýmisleg útgjöld, smbr. fjárl. 10. gr. C. 1—19.

10. C. 1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna	300. »	300. »			
b. til pappírs og prentunar	2,191. »	2,088. 10			
c. til kostnaðar við sending með póstum	316. 40	324. 40			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri.....	610. »	586. »			
			3,417. 40	3,298. 50	6,715. 90
11. C. 2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,910. 49	1,771. 30	3,681. 79
12 C. 3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			1,181. 06	1,090. 59	2,271. 65

13. C. 4. styrkur til eflingar búnaði:

	1892. kr.	1893. kr.	1892. kr.	1893. kr.
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal ..	2,500.	2,500.		
2. til skólans á Hólum ...	3,500.	3,500.		
3. til skólans á Eyðum ...	2,000.	2,000.		
4. til skólans á Hvanneyri.	2.000.	2,000.		
		10,000.	10,000.	
flyt...		10,000.	10,000.	12,669. 34

			1892.		1893.		alls.	
			kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
	fluttar...	10,000. »	10,000. »				12,669.	34
b.	til búnaðarfjelaga.	12,000. »	11,790. 30					
c.	styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit	180. »	240. »					
d.	styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda á fram að leiðbeina í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum	300. »	300					
e.	styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla	» »	» »					
f.	styrkur til verklegs laxaklaks í Dala sýslu.....	200. »	200. »					
g.	styrkur til sýslunefndar Ísafjarðar sýslu til að koma á fastan fót ábirgð á þilskipum á Vestfjörðum	4,000. »	» »					
				26,680. »		22,530. 30	49,210.	30
	Eptirstöðvar samkvæmt reikningnum fyrir 1893 ..... 209 kr. 70 a.							
14.	C. 7. til vitans á Reykjanesi:							
a.	til launa vitavarðarins	1,200. »	1,200. »					
b.	til eptirlits með vitanum	26. »	30. »					
c.	til að kaupa olíu..	745. 95	954. 95					
d.	til að kaupa lampakveiki o. fl.....	74. 60	106. 10					
e.	til að kaupa steinkol	131. 90	136. 75					
f.	til viðurhalds á húsum og áhöldum	330. 71	316. 43					
	flyt...	2,509. 16	2,744. 23				61,879.	64

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	2,509. 16	2,744. 23			61,879. 64
g. eptirgjald eptir lóðina	30. »	30. »			
h. til að byggja nýjan bústað handa vitaverði	3,447. 03	» »			
			5,986. 19	2,774. 23	8,760. 42
Af gjöldum þessum er í fjáraukalaga frumvarpinu fyrir árin 1892 og 1893 farið fram á að veitt verði: til viðurhalds á húsum og áhöldum 1892: 130 kr. 71 e.					
15. C. 6. til vörðuvita			402. 25	380. 49	782. 74
16. C. 7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,367. 58	567. 25	1,934. 83
17. C. 8. til að bæta turninn á Vestmannaeyjakirkju			500. »	» »	500. »
18. C. 9. til að járnklæða Langholtskirkju í Skaptafellssýslu			» »	» »	» »
				alls...	73,857. 63

19—21, Útgjöld við læknaskipunina, smbr. fjárl. 11. gr.

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
19. 1.	Laun	39,285, 50	39,598. »	78,883. 50
20. 2.	Styrkur til 7 aukalækna:			
	a. til læknis í Dalasýslu m. m.....	1,000. »	1,000. »	
	b. til læknis á Seyðisfirði m. m.	1,000. »	1,000. »	
	c. til læknis á Skipaskaga m. m.....	1,000. »	1,000. «	
	d. til læknis í Dyrhóla m. fl. hreppum ...	1,000. »	1,000. »	
	e. til læknis í Dýrafirði m. m.	1,000. »	1,000. »	
	flyt...	5,000. »	5,000. »	78,883. 50

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	5,000. »	5,000. »			78,883. 50
	f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá ...	1,000. »	1,000. »			
	g. til læknis í Ólafsvík m. m.	500. »	1,000. »			
				6,500. »	7,000. »	13,500. »
21.	3. önnur útgjöld:					
	a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200. »	1,200.			
	b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400. »	400. »			
	c. til einar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..	24. »	24. »			
	d. til náms yfirsetukvenna	1,620. 12	1,810. 25			
	e. til verkfæra handa yfirsetukonum	618. 84	507. 98			
				3,862. 96	3,942. 23	7,805. 19
					alls...	100,188. 69

22—26. Útgjöld til samgöngumála, smbr. fjárl. 12 gr.

22—24. Útgjöld við póststjórnina.

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
22.	1. Laun:					
	a. handa póstmeistaranum	2,400. »	2,400. »			
	b. handa póstafgreiðslumönnum.....	4,655. »	4,700. »			
	c. handa brjefhirðingarmönnum	2,560. 46	2,700. »			
				9,615. 46	9,800. »	19,415. 46
23.	2. Póstflutningur			33,873. 57	35,511. 75	69,385. 32
			flyt...			88,800. 78

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...					88,800. 78
24. 3. önnur útgjöld:					
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans....	1,500. »	1,500. »			
b. til sama fyrir á-byrgð á mistalningi 1 %oo.....	493. 07	284. 12			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	» »	» »			
d. fyrir prentun á ýmsu	1,246. 98	321. 79			
e. til áhalda	2,137. 97	712. 22			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50. »	50. »			
g. óviss útgjöld	455. 82	383. 47			
			5,883. 84	3,251. 60	9,135. 44
				alls...	97,936. 22

Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árin 1892 og 1893 er farið fram á fjárveiting á þessum upphæðum, er borgaðar hafa verið fram yfir það, sem veitt var: 1) póstflutningur 1893: 1,511 kr. 75 a.; 2) fyrir prentun 1892 og 1893: 1,046 kr. 98 a. + 121 kr. 79 a. = 1,168 kr. 77 a.; 3) til áhalda 1892 og 1893: 337 kr. 97 a. + 112 kr. 22 a. = 450 kr. 19 a.; 4) óviss útgjöld 1892: 255 kr. 82 a.

25. B. Til vegabóta:

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
a. til að útvega verkfróðan mann	» »	2,627. 05			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum.. .	40,776. 69	21,037. 56			
c. til fjallvega	93. 38	12,900. »			
d. til að koma tveim svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði	2,400. »	» »			
			43,270. 07	36,564. 61	79,834. 68
				alls...	79,834. 68

Af upphæð þeirri, er þannig er borguð fram yfir það sem veitt var, er á fjáraukalagafrumvarpi fyrir árin 1892 og 1893 farið fram á fjárveiting til vegabóta á aðalpóstleiðum 1893: 1,814 kr. 25 a.

26. C. Til gufuskipaferða.

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
a. til strandferða....	»	»			
b. til gufubátsferða á Vestfjörðum.....	»	»			
c. til gufubátsferða á Breiðafirði.....	»	»			
d. til gufubátsferða á Faxaflóa.....	»	3,000. »			
e. til gufubátsferða á Austfjörðum.....	»	»			
f. til gufubátsferða með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja.....	»	»	»	3,000. »	3,000. »
				alls...	3,000. »

27—58. Kirkju- og kennslumál, sbr. fjárl. 13. gr.

27—35. a. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
27.	a. laun.....	7,000. »	7,000. »	14,000. »
	b. önnur útgjöld:			
28.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	8,088. 90	8,047. 51	16,136. 41
29.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	2,395 »	2,655. »	5,050. »
30.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	644. 85	626. 65	1,271. 50
31.	4. Bráðabirgðaruppbót á Gufudals prestakalli í Barðastrandar prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum.....	500. »	» »	500. »
32.	5. Bráðabirgðaruppbót á Kvíabekkjarprestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi.....	100. »	200. »	300. »
		flyt...		37,257. 91

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
33.	6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum	3,100. »	3,100. »	37,259. 91 6,200. »
34.	7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000. »	1,000. »	2,000. »
35.	8. Uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkv. lögum 19. febr. 1866.	278. 78	712. 94	991. 72
			alls...	46,449. 63

Eptirstöðvar samkvæmt reikningnum fyrir 1893: 25 kr.

36—58. B. Til kennslumála.

36—37. I. Prestaskólinn.

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
36.	a. laun	9,800. »	9,800. »	19,600. »

		1892. kr. a.	1893. kr. a.		
37.	b. önnur útgjöld:				
	1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,080. »	680. »		
	2. 3 ölmusur	600. »	600. »		
	3. til tímakennslu	100. »	100. »		
	4. til bókakaupa	300. »	300. »		
	5. til eldiviðar og ljósa	86. 80	99. 44		
	6. til umsjónar	100. »	100. »		
	7. ýmisleg útgjöld	147. 38	199. 76		
				2,414. 18	2,079. 20 4,493. 38
				alls...	24,093. 38

38.—39. II. Læknaskólinn.

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
38.	a. laun	3,600. »	3,600. »	7,200. »
		flyt...		7,200. »

		1892.	1893.	1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...					7,200. »
39.	b. önnur útgjöld:					
		kr. a.	kr. a.			
	1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor.....	400. »	400. »			
	2. eldiviður, ljós og ræsting.....	120. »	120. »			
	3. til bókakaupa og verkfæra.....	235. 91	253. 74			
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	750. »	600. »			
	5. húsaleiga handa 6 lærisveinum..	480. »	320. »			
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100. »	100. »			
	7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«	200. »	200. »			
	8. ýmisleg útgjöld.	70. 60	58. 50			
				2,356. 51	2,052. 24	4,408. 75
					alls...	11,608. 75

40—42. III. Hinn lærði skóli.

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
40.	a. laun.....	19,800. »	19,800. »	39,600. »
41.	b. aðstoðarfje:			

	1892.	1893.			
	kr. a.	kr. a.			
1. handa Páli Melsteð sem kennara í sögu	1,800. »	1,350. »			
2. handa söngkennaranum	600. »	600. »			
3. handa fimleikakennaranum.....	700. »	700. »			
4. handa dyraverði ..	1,000. »	1,000. »			
5. til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans...	300. »	300. »			
			4,400. »	3,950. »	8,350. »
		flyt...			47,950. »

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...					47,950. »
42.	c. önnur útgjöld:					
	1. til bókasafns skólans	600. »	600. »			
	2. til eldiviðar og ljósa	1,000. 59	999. 48			
	3. til skólahússins utan og innan....	999. 65	992. 14			
	4. til tímakennslu...	1,100. 70	1,237. 50			
	5. ölmusur	6,000. »	6,000. »			
	6. þóknun handa lækni	100. »	100. »			
	7. ýmisleg útgjöld ..	907. 42	994. 21			
	8. fyrir prestsverk...	48. »	48. »			
	9. til vísindalegra áhalda við kennslu.					
	a. í náttúrusögu	499. »	200. »			
	b. í eðlisfræði..	499. 58	198. 55			
	10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	272. 25	253. 14			
				12,027. 29	11,623. 02	23,650. 31
					alls...	71,600. 31

43—44. IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
43.	a. laun			6,600. »	6,600. »	13,200. »
44.	b. önnur útgjöld:					
	1. til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna.....	395. 25	396. 31			
	2. til eldiviðar og ljósa	498. 25	471. 28			
	3. til skólahússins utan og innan	171. 31	141. 75			
	4. til viðgerðar á skólahúsinu	1,000. »	» »			
	5. ýmisleg útgjöld ..	394. 45	363. 50			
	6. til styrkveitingar námspiltum	500. »	500. »			
				2,959. 26	1,872. 84	4,832. 10
					alls...	18,032 10

45—46. V. Stýrimannaskólinn:

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
45.	a. laun	1,500. »	1,500. »	3,000. »
46.	b. önnur útgjöld:			
	1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa...	500. » 500. »		
	2. til tímakennslu ..	295. 20 252. 90		
	3. til áhaldakaupa ..	200. » 227. 14		
		995. 20	980. 04	1,975. 24
			alls...	4,975. 24

47—55. VI. Til annarar kennslu:

		1892. kr. a.	1893. kr. a.			
47.	a. til kvennaskóla:					
	1. til kvennaskólans í Reykjavík.....	1,800. »	1,800. »			
	2. til kvennaskólans á Ytriey.....	2,000. »	1,200. »			
	3. til kvennaskólans á Laugalandi.....	1,200. »	1,200. »			
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi.....	2,000. »	2,000. »			
				7,000. »	6,200. »	13,200. »
48.	b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum.....			3,870. »	4,000. »	7,870. »
49.	b. 2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers.			3,765. »	4,000. »	7,765. »
50.	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500. »	2,500. »	5,000. »
51.	d. til kennarafræðslu.....			500. »	500. »	1,000. »
52.	e. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.			1,000. »	1,000. »	2,000. »
53.	f. til verzlunarskóla í Reykjavík			250. »	250. »	500. »
54.	g. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum			1,000. »	» »	1,000. »
55.	h. til skólaiðnaðarkennslu:					
		1892. kr. a.	1893. kr. a.			
	til áhaldakaupa handa 10 nemendum	400. »	» »			
	flyt...	400. »				38,335. »

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	400. »				38,335. »
til viðgerðar á kennslustofu og húsnæðis	200. »	» »			
kennslukaup fyrir 8 mánuði.....	500. »	500. »			
			1,100. »	500. »	1,600. »
				alls...	39,935. »

56—58. Til sundkennslu:

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
56.	a. í Reykjavík.....	200. »	200. »	400. »
57.	b. til að gera við sundlaugina hjá Laugarnesi	500. »	» »	500. »
58.	c. til sundkennslu annarstaðar	370. »	170. »	540. »
			alls...	1,440. »

59—79. C. Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta.

		1892. kr. a.	1893. kr. a.			
59.	1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:					
	a. laun bókavarðar ..	1,000. »	1,000. »			
	b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur.....	700. »	700. »			
	c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því millum þinga	100. »	100. »			
	d. fyrir bækur handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	1,800. »	1,800. »			
	e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450. »	450. »			
	f. brunabótagjald fyrir safnið.....	300. »	300. »			
				4,350. »	4,350. »	8,700. »
			flyt...			8,700. »

		1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...			8,700. »
60.	2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400. »	400. »	800. »
61.	3. til deildar hins íslenzka bókmentafjelags í Reykjavík	1,000. »	1,000. »	2,000. »
62.	4. til þjóðvinafjelagsins	400. »	400. »	800. »
63.	5. til forngripasafnsins:			
		1892. kr. a.	1893. kr. a.	
	a. til forngripakaupa og áhalda	1,000. »	1.000. »	
	b. til umsjónar	400. »	400. »	
	c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja	583. 33	» »	
		1,983. 33	1,400. »	3,383. 33
64.	6. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. hvort árið, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800. »	800. »	1,600. »
65.	7. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600. »	600. »	1,200. »
66.	8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir í Skaptafellssýslu og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands	» »	1,000. »	1,000. »
67.	9. til fornleifafjelagsins	300. »	300. »	600. »
68.	10. til náttúrufræðisfjelagsins	400. »	400. »	800. »
69.	11. styrkur handa tveimur mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200. »	1,200. »	2,400. »
70.	12. ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals	1,200. »	» »	1,200. »
71.	13. ferðastyrkur til kand. med. Guðmundar Magnússonar	1,200. »	» »	1,200. »
72.	14. ferðastyrkur til kand. polyt. Sigurðar Thoroddsen	1,200. »	» »	1,200. »
	flyt...			26,883. 33

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar....			26,883. 33
73. 15. styrkur til kand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landsskjalasafnið og halda áfram skrásetningu yfir það	600. »	600. »	1,200. »
74. 16. styrkur til kand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands.....	600. »	600. »	1,200. »
75. 17. til tannlæknis O. Nickolins til að halda áfram tannlækningum hjer á landi	500. »	500. »	1,000. »
76. 18. til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum.....	500. »	500. »	1,000. »
77. 19. til kennara Halldórs Briems til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði.....	300. »	» »	300. »
78. 20. til Torfhildar Holm til ritstarfa	500. »	500. »	1,000. »
79. 21. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600. »	600. »	1,200. »
		alls...	33,783. 33

80. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna, sbr. fjárl. 14. gr.

hafa gengið 1892.....	4,115 kr. 77 a.
1893.....	4,395 — 14 —
alls...	8,510 kr. 91 a.

81. Til eptirlauna, styrktarfjár o. fl., fjárl. 15. gr.

hafa gengið 1892.....	44,626 kr. 86 a.
1893.....	41,841 — 45 —
alls...	86,468 kr. 31 a.

82. Til óvissra útgjalda, sbr. fjárl. 16. gr.

hafa gengið 1892.....	1,563 kr. 22 a.
1893.	603 — 89 —
alls...	2,167 kr. 11 a.

83. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum

hafa verið 1892.....	3,750 kr. » a.
1893.....	1,711 — 65 —
alls...	5,461 kr. 65 a.

84. Tekjuafgangur á fjárhagstímabilinu:

Samkvæmt reikningunum fyrir árin 1892 og 1893 hafa tekjurnar numið:		
1892	577,303 kr. 45 a.	
1893	633,711 — 66 —	
		1,211,015 kr. 11 a.
Við þessa upphæð verður að leggja samkvæmt I. nr. 17		63 — 16 —
verða tekjurnar þá alls...		1,211,078 kr. 27 a.
Gjöldin hafa alls numið 1892.....	488,545 kr. 44 a.	
og 1893.....	506,343 — 78 —	
		994,889 — 22 —
Tekjuafgangur...		216,189 kr. 05 a.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1892—1893.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 5,331 kr. 49 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—3. gr. hjer á eptir.

2. grein.

Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. c. 5. veitast:
Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1892: 130 kr. 71 e.

3. grein.

Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:

Undir A.: til útgjalda við póststjórnina:	
undir 2. lið: póstflutningur 1893	1511 kr. 75 au.
undir 3. lið: önnur útgjöld:	
d. fyrir prentun á ýmsu 1892	1,046 — 98 —
1893	121 — 79 —
e. til áhalda 1892	337 — 97 —
1893	112 — 22 —
g. óviss útgjöld 1892	255 — 82 —
samtals...	3,386 kr. 53 au.
Undir B.: til vegabóta:	
undir b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	1,814 — 25 —

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarpsins, skal til skýringar skýrskotað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1892 og 1893 og sumpart til svara landshöfðingja upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna, sjálfra athugasemdanna og tillaga yfirskoðunarmannanna.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1894 og 1895.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 veitast 2,100 kr. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. grein hjer á eptir.

2. grein.

Afgjöld þau af Staðar prestakalli í Barðastrandar prófastsdæmi, er áfallin voru í fardögum 1893 og enn eru ógoldin, að upphæð 800 kr., verða gefin eptir og dragast frá tekjum þeim, er taldar eru í 1. lið í 5. grein fjárlaganna að greiddar verði frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880.

3. grein.

Sem viðbót við gjöldin til vegabóta í 12. gr. fjárlaganna B veitast 500 kr. til þess að byggja geymsluhús úr timbri við Ölvesárbrúna við Selfoss.

4. grein.

Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. undir lið A. b: »önnur útgjöld,« veitist sóknarprestinum í Stóruvalla prestakalli í Rangárvalla prófastsdæmi 800 kr. styrkur til að byggja prestsetur handa brauðinu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. grein.

Gjald það til landssjóðs, er með lögum 27. febrúar 1880 var lagt á Staðar prestakall á Reykjanesi, var með lögum nr. 34, 24. nóvember 1893 frá fardögum þ. á. fært niður úr 400 krónum í 200 kr. á ári; en presturinn í brauðinu, er þjónað hefur því síðan í fardögum 1884, átti þá sökum fátæktar þess enn ógoldnar 800 kr. af afgjaldinu fyrir þau 9 ár, er hann hafði þjónað brauðinu, alls 3,600 kr., og hefur hann nú sótt um, að þessi skuld verði sjer eptirgefin, þareð hann sje eigi fær um að greiða hana, og hafa stiptsyfirvöldin gefið umsókninni meðmæli sín. Til þess að greiða þær 2,800 kr. fyrir árin 1884—1893, er hann hefur þegar greitt, hafi hann orðið að hleypa sjer í skuldir og geti nú eigi búizt við að geta staðið skil á afganginum, og það því síður sem hann verði sakir heilsuleysis annaðhvort að taka aðstoðarprest eða sækja um lausn frá embætti.

Umsækjandinn hefur 9 undanfarin ár borgað að meðaltali yfir 300 kr. á ári eða yfir 100 kr. fram yfir gjald það, er með lögum 1893 er lagt á brauðið, og verður þó að álíta, að við umræðurnar um lög þessi hafi það verið sameiginlegt álit þingmanna, að gjald þetta mætti eigi hærra vera, þá er haft sje tillit til tekjuhæðar brauðsins, og verður stjórnarráðið því að álíta, að sanngirni mæli með því, að Staðar presti verði gefin eptir þessi skuld; hið sama hefur einnig verið gjört með fjáraukalögunum fyrir árin 1884 og 1885 2. nóvember 1885, þar sem ræða var um talsvert stærri eptirstöðvar frá Odda prestakalli.

Við 3. grein.

Í húsi bankastjóra Tryggva Gunnarssonar, er stóð fyrir byggingu Ölvesárbrúarinnar, hafa að undanförnu verið geymdir ýmsir munir, er tilheyra brúnni, svo sem efni til vara í brúna, smíðatól og efni í palla og fl., er nota verður við málun brúarinnar; hús þetta á nú að selja eða rífa, og þareð ekkert annað skýli er þar á staðnum eða í nánd, er nota megi til geymslu þessara muna, því eigi er hægt að fá þá geymda á næsta bæ, Selfossi, enda er hann einnig of langt frá brúnni, verður að byggja við brúna geymsluhús úr timbri fyrir greinda muni. Í geymsluhúsi þessu verður og að vera herbergi handa brúarverðinum til skjóls fyrir óveðrum. Eptir áætlaninni á það að vera 8 álnir á lengd og 6 á breidd, úr timbri, en járnklætt þak, og eins suður og austur hlið þess, og er gjört ráð fyrir, að það muni kosta 500 krónur, og fer stjórnin fram á, að þessi upphæð verði veitt. Til endurgjalds fyrir, að brúarvörðurinn má hafa not af húsinu, má fela sýslunefnd þeirri, er hlut á að máli, að annast viðhald þess og hafa eptirlit með munum þeim, er í því eru.

Við 4. grein.

Fyrir nokkrum árum síðan eyddi sandfok prestsetrinu Stóruvöllum í Stóruvalla prestakalli og nokkrum öðrum bæjum í sókninni, og var kirkjan þar lögð niður; prestakallið var síðan prestlaust í 5 ár, þareð enginn sótti um það, og er prestur sá, er nú er þar, tók við brauðinu 1889, settist hann að á bændaeigninni Skarði. Jörð þessi hefur einnig eyðzt mjög af sandfoki, og hefur presturinn því flutt þaðan að Fellsmúla, sem er kirkjueign, og verður að líkindum framvegis prestsetrið í brauðinu. Á jörð þessari eru engin hús, er hæfileg sjeu til bústaðar fyrir prestinn, og hefur hann því orðið að byrja að byggja, en þareð hann hefur eigi sjálfur efni til að ljúka byggingunni, og eigi er hægt vegna fátæktar brauðsins að fá embættislán til þess, hefur hann sótt um, að sjer verði veittar úr landssjóði 800 krónur til þess að byggja sæmilegt prestsetur, er síðan verði eign brauðsins, og hafa stiptsyfirvöldin veitt umsókn hans hlý meðmæli. Stjórnin verður að álíta, að þá er litið er til þess, að prestakallið hefur orðið fyrir svo óvenjulega miklum skaða af völdum náttúrunnar, sje full ástæða til að veita hinn umbeðna styrk, líkt og átti sjer stað við Gufudalsprestakall, er á fjárlögunum fyrir árin 1890—91 og 1892—93 var veitt 1100 kr. styrkur til byggingar prestseturs, og það því fremur, sem til svo lítils er mælzt af almanna fje, að prestur mun verða að leggja að minnsta kosti eins mikið til af eigin efnum til þess að ljúka smíðinu. Stjórnin fer því fram á, að styrkur þessi verði veittur.

Frumvarp til laga

um

breyting á 1. grein í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Til hreppstjóra í hverjum hrepp skal ár hvert greiða úr landssjóði þóknun, er nemi 40 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og ennfremur 40 aura fyrir hvern innanhreppsmann, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en $^1/_2$ lausafjárhundrað. Þóknun til hreppstjóra má þó aldrei vera undir 24 krónum.

2. grein.

Þá er tveir hreppstjórar eru í sama hreppi, skal þóknuninni skipt milli þeirra á þann hátt, að sá hreppstjóranna, sem er formaður undirskattanefndar, fái tvo hluti, en hinn þriðjung.

Leggi hreppstjóri niður sýslan sína eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, fær hann eða dánarbú hans $^1/_{12}$ hluta af árspóknuninni fyrir hvern heilan mánuð, er hann hefur í sýslan verið.

3. grein.

Þóknun þá, er ákveðin er í 1. grein, skal sýslumaður greiða hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert umliðið fardagaár af tekjum landssjóðs gegn lögmætri kvittun í fyrsta sinn á manntalsþingum 1896. Þó hafa hreppstjórar, er fengið hafa hærri þóknun eptir áður gildandi lagaákvæðum en þá, er þeir mundu fá eptir þessum lögum, rjett til að fá þóknun sína borgaða eptir reglum þeim, er þá voru í gildi, er þeir voru skipaðir hreppstjórar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir lögum um borgun til hreppsjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, 13. janúar 1882, fá hreppstjórar ár hvert þóknun úr landssjóði, er nemur 1 krónu fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn er til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati. Þá er þóknun hreppstjóra úr landssjóði er ákveðin á þennan hátt, verður allmikill munur á hreppstjóralaununum í hinum einstöku hreppum; í sumum hreppum eru þau alt að 80—90 krónur, en í 46 af landsins 184 hreppum eru þau aðeins 20 krónur eða minni og í 9 hreppum aðeins 10 krónur eða þar fyrir neðan, og eru þó störf hreppstjóranna langt frá því að sama skapi mismunandi mörg og umfangsmikil. Það virðist því vera ástæða til þess að draga úr þessum mismuni; var það og álit manna á síðasta alþingi og fyrir því kom þar fram frumvarp til laga um breyting á 1. grein ofan-

greindra laga, en það varð eigi útrætt á því þingi; frumvarpið fór í þá átt, að láta eigi hæð þóknunarinnar fara eptir tölu búenda, heldur tölu tíundarskyldra, þannig að hún skyldi nema 75 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, er tíundar lausafje. Eptir frumvarpi þessu mundu laun hreppstjóra úr landssjóði, ef farið er eptir tíundarskránum fyrir 1892, hækka úr 5779 krónum upp í 6825 krónur, eða um meir en 1000 krónur á ári, og yrði þó ekki fyrir það ráðin veruleg bót á framangreindum ójöfnuði, því ársþóknunin mundi í mörgum hreppum ekki nema 20 krónum og í einstökum hreppum ekki einusinni 10 krónum, en í öðrum hreppum mundi hún nema yfir 80 krónum og í einum hreppi jafnvel 108 krónum 75 aurum. En ef bæði tala þeirra hreppsmanna, er búa á 5 hundraða jörð eða meira og tala þeirra, er tíundarskyldir eru, er lögð til grundvallar fyrir hæð hreppstjóralaunanna og einnig ákveðin hin minnsta upphæð þeirra, verður hlutfallið á milli launanna í hinum einstöku hreppum bæði sanngjarnara og samsvarar betur störfum þeirra. Á þessum grundvelli er því lagafrumvarp þetta byggt.

Að því er snertir einstakar greinir frumvarpsins skal að öðru leyti tekið fram:

Við 1. grein.

Ákvæði þessarar greinar, er svara til ákvæðanna í 1. grein, 1. kafla laga 13. janúar 1883, mæla svo fyrir, að þóknun úr landssjóði til hreppstjóra í hverjum hrepp nemi 40 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og ennfremur 40 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en $^1/_2$ lausafjárhundrað. Með þessum ákvæðum jafnast mismunur sá, er nú á sjer stað, á hreppstjóralaununum í sjávarsveitunum, þar sem mest er búið að skipta jörðunum sundur og fiskiveiðar eru aðalatvinnuvegurinn, og í landsveitunum, þarsem hreppsbúar lifa einvörðung á landbúnaði; ennfremur verður með ákvæðum þessum rjettari áherzla lögð en áður á íbúatölu hreppsins í samanburði við stærð hans. Því ákvæði er bætt við, að þóknun hreppstjóra aldrei megi minni vera en 24 krónur um árið, því minna en 2 krónur á mánuði virðist eigi sæma að bjóða neinum, er sýslan gegnir í þjónustu landsstjórnar. Orð greinarinnar virðast taka það fullskýrt fram, að þó maður hafi bú á tveim eða fleiri jörðum eða jarðarpörtum, og er hver þeirra metinn til dýrleika 5 hundruð eða meira, þá sje þó ekki greitt nema fyrir hann einan og hann talinn þar í hrepp, er hann er búsettur.

Eptir þeim reglum, sem hjer er farið fram á, verða hreppstjóralaunin fyrir alt landið, talin eptir tíundarskránum fyrir 1892, alls 6305 kr. 20 a.

Við 2. grein.

Það er nú að vísu mjög sjaldgæft, að fleiri sjeu hreppstjórar í sama hrepp en einn, því flestum hinum stóru hrepppum, er áður voru, er nú skipt í tvo eða fleiri, en ákvæðinu í lögum 13. janúar 1882 1. gr., 3. kafla er þó engu að síður haldið hjer, ennfremur er ákveðið, til þess að útiloka allan vafa um, eptir hvaða reglum borga skuli þóknunina, þá er hreppstjóri fer frá eða deyr fyrir lok fardagaársins, að honum eða dánarbúi hans skuli þá borga $^1/_{12}$ hluta af ársþóknuninni fyrir hvern heilan mánuð, er hann hefur gegnt sýslan, og hið sama gildir að sjálfsögðu um þann, er við tekur eptir byrjun fardagaárs.

Við 3. grein.

Ákvæði greinarinnar, að sýslumenn skuli greiða þóknunina á manntalsþingum, eru hin sömu sem í lögum 13. janúar 1882 1. greinar 2. kafla, og virðist ennfremur sann-

gjarnt, að ákvæðum laganna sje fylgt á og frá manntalsþingunum 1896 í öllum hreppum, þar sem hreppstjóralaunin eptir þeim verða hærri en nú, en að þeir hreppstjórar, er fá hærri þóknun eptir núgildandi lögum, en þeim bæri eptir frumvarpi þessu, skuli einskis í missa, meðan þeir eru við. Aukin útgjöld landssjóðs af því, að láta hreppstjóra þá halda launum sínum, meðan þeir eru við, er eptir núgildandi lögum fá hærri þóknun, en þeim bæri eptir frumvarpinu, munu fyrsta árið eigi fara fram úr 80 krónum.

Frumvarp til laga

um

sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

Fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni veitast eptirlaun úr landssjóði, 500 kr. á ári, frá fardögum 1895.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landshöfðingi hefur samkvæmt umsókn sóknarprests í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjeturs Guðmundssonar, veitt honum lausn frá embætti frá fardögum 1895 og jafnframt áskilið löggjafarvaldinu að kveða á um eptirlaun hans. Þá er honum var veitt lausn, var eigi hægt að veita honum eptirlaun á venjulegan hátt, þvíað hann, er nú er 63 ára gamall, fullnægði hvorki að því er snerti aldur eða heilsu hinum almennu skilyrðum fyrir lausn frá embætti með eptirlaunum. En hann hefur verið þeirrar skoðunar sjálfur, að hann hefði rjett til venjulegra eptirlauna og hefur svo, sjerstaklega af því að vaxandi heilsubilun konu hans knýr hann til að flytja þaðan sem hann er, og af því að hann getur eigi á hinni afskekktu eyju veitt börnum sínum sæmilegt uppeldi, sókt um lausn og að honum verði með lögum veitt viðbót við eptirlaun þau, er hann ætti að fá, þarsem þau mundu alls eigi nægja til lífsframfæris fyrir hann og fjölskyldu hans, og hefur prófastur hans og biskup veitt umsókn hans mjög hlý meðmæli. Þessa umsókn sína hefur hann stutt á því, að þrátt fyrir það að honum við veitingu brauðsins 1868 með konungs úrskurði 10. marz s. á. hefði verið gefið loforð um að fá veiting fyrir einu af meðalbrauðum landsins eptir 6 ára góða þjónustu, hafi hann þó eigi sótt í burt fyr en eptir 17 ár, er hann sótti um Saurbæjar prestakall á Hvalfjarðarströnd, en fjekk eigi, að umsókn hans síðar um Mælifells prestakall hafi líka orðið árangurslaus, þarsem söfnuðurinn hafi tekið annan umsækjanda fram yfir hann, — en þá voru lögin um hluttöku safnaða í veitingu brauða, 8. janúar 1886 gengin í gildi, — og að hann hafi síðan misst alla von um að fá annað brauð, og það því fremur, sem hann hafi opt eigi fengið vitneskju um, að prestaköll væri laus, fyr en löngu eptir að búið hefði verið aptur að veita þau. Hann hefur ennfremur stutt umsókn sína á

því, að hann hafi varið bezta hluta æfi sinnar og kröptum sínum í þjónustu kirkjunnar á hinni afskektu ey og allmiklu af eigin efnum til að byggja upp prestssetrið, þar að auki orðið að bera allmikinn hluta að tiltölu af sveitargjöldum hreppsins, og standi nú fyrir því á ofanverðum aldri svo snauður uppi, að hann sje eigi fær um af eigin efnum að bæta úr eptirlaunaskortinum.

Prófastur hans hefur í umsögn sinni um umsóknina sagt, að sækjandinn, er uppslitinn sje eptir 27 ára veru sína á hinni afskekktu ey, hafi með sóma og dugnaði þjónað embættinu, byggt upp prestssetrið, er verið hafi í rústum er hann kom þangað, og gjört það sem í hans valdi stóð, til að hefja eyjarbúa til meiri menningar, svo að eptir áliti eldri manna sje nú mikill munur á ástandinu þar og þá er hann tók við embættinu. Biskup hefur fallizt á þessi ummæli prófasts, og getið þess ennfremur, að sjera Pjetur Guðmundsson hafi í sjerhverju tilliti verið söfnuði sínum árvakur, skyldurækinn og uppbyggilegur hirðir, og þar að auki minnt á, að hann hafi aukið hinn íslenzka sálmakveðskap með ýmsum góðum sálmum. Hann hefur að endingu getið þess, að það, að sækjandinn af samvizkusemi og ósjerplægni hefur unað við sitt erfiða og óaðgengilega prestakall meira en ferfalt lengur en hann við veitingu brauðsins hafði lofað og miklu lengur en flestir þeir prestar, er þjónað hafa brauðinu á hinum þrem síðustu öldum, sje einmitt orsök þess, að hann fjekk eigi embættisveiting þá, er honum var lofað við veitinguna, áður en veitingarvald landsstjórnarinnar, að því er snertir kennimannleg embætti, var takmarkað með lögum 8. janúar 1886, og að hann nú eigi framar geti gert sjer von um betra embætti.

Eptir því sem fram er komið í þessu máli verður stjórnin að vera þeirrar skoðunar, að sjera Pjetur eigi nú, er hann eptir langa og góða þjónustu leggur niður embætti sitt, sannarlega viðurkenningu skilið af hálfu landsstjórnar, og um leið og þess skal getið, að eptirlaun hans myndu eptir tilskipun 15. desember 1865, 3. gr. nema um 300 krónum og eptir lögum um eptirlaun presta 27. febrúar 1880, 8. gr. 270 krónum, fer stjórnin því, eptir tillögum landshöfðingja, fram á, að honum verði veitt úr landssjóði sjerstök eptirlaun, er nemi 500 krónum á ári.

Frumvarp

til

viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

Skyldur þær, er með 2. gr. í lögum um prentsmiðjur 4. des. 1886 eru lagðar á prentsmiðjur hjer á landi gagnvart amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi, gilda einnig að því er snertir bókasafn Austuramtsins, þannig að hver prentsmiðja skal að viðlagðri hegningu samkvæmt þeirri grein láta því í tje ókeypis 1 eintak af öllu því, er prentað er, hvort sem það er smátt eða stórt.

Um brot gegn lögum þessum fer eptir nefndum lögum um prentsmiðjur 4. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnin hafði af sinni hálfu ekkert að athuga við efni frumvarps þess til viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886, er alþingi samþykkti á aukafundi sínum 1894, að svo miklu leyti sem tilgangur þess var að skylda prentsmiðjur á Íslandi til þess að láta hinu nýstofnaða bókasafni Austuramtsins í tje 1 eintak ókeypis af öllu því, sem prentað er, einsog þær eru skyldaðar til með lögunum frá 1886 gagnvart hinum amtsbókasöfnunum á Íslandi. En stjórnin varð að vera landshöfðingja samdóma um, að þeir gallar væri á orðalagi frumvarpsins, að vafasamt væri, hvort skyldan til þessa væri til fulls falin í svo orðuðum lögum; því að fyrst er það, að frumvarpið segir ekki með berum orðum, einsog lögin frá 1886, að ritin eigi að láta í tje án endurgjalds, og þvínæst er engin hegning lögð við til tryggingar þessu ákvæði, að minnsta kosti er það ekki tekið nógu greinilega fram. Það er ekki nóg í þessu efni, að frumvarpið vísar til 4. gr. í lögum 4. des. 1886, því grein þessi ákveður aðeins, hver bera skuli ábyrgð á brotum gegn lögunum, og hvernig koma skuli fram ábyrgðinni, en hegningin fyrir brotin er ákveðin í 2. gr. laganna, og til hennar er að þessu leyti ekki vísað í frumvarpinu.

Sjórnarráðið hefur því orðið að ráða til þess í þegnlegum tillögum um málið, að frumvarpið yrði ekki að lögum, en hefur jafnframt lagt það til, að fyrir þingið yrði lagt hið breytta frumvarp, sem að framan er ritað, og hefur hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að fallast á tillögur þessar 26. febrúar þ. á.

Frumvarp til laga

um

stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barð og Hamarkot, að undan skildum Glerárdal, og jörðin Kotá, báðar í Hrafnagilshreppi, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrarkaupstaðar frá fardögum 1896.

2. grein.

Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer $^1/_8$ hluta af fátækrabyrði Hrafnagilshrepps, einsog hún var við árslok 1894, og að öðru leyti eptir samkomulagi milli beggja sveitarfjelaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun ársins 1893 keypti Akureyrarkaupstaður jarðirnar Eyrarland með hjáleigum og Kotá í Hrafnagilshreppi, er liggja að bænum og umhverfis Oddeyri, er með auglýsing 12. maí 1866 var lögð undir Akureyrarkaupstað, og greinir hana frá landi bæjarins.

Tilgangur bæjarstjórnarinnar með kaupi tjeðra jarða var sumpart að útvega bæjarbúum engi og haga handa skepnum þeirra og pláss fyrir kálgarða, sumpart að útvega kaupstaðnum húsagrunna, því að hið upphaflega kaupstaðarstæði, er aðeins nær yfir mjóa ræmu meðfram höfninni, er nú albyggt. Þareð hin nýja eign getur ekki orðið kaupstaðnum að fullum notum, meðan jarðirnar liggja undir annan hrepp, leitaði bæjarstjórnin samkomulags við hreppsnefndina í Hrafnagilshreppi um, að þær yrðu lagðar undir kaupstaðinn að því er sveitarstjórn snertir, og gerðu bæjarstjórnin og hreppsnefndin 28. dag desembermánaðar 1894 með sjer samning um það, hversu málum skuli skipað milli beggja sveitarfjelaga, ef nokkuð verði úr hinni umræddu stækkun kaupstaðarins. Eptir samningi þessum gefur hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi samþykki sitt til þess, að jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barð og Hamarkot, að fráskildu afrjettarlandinu Glerárdal, og Kotá verði lagðar undir kaupstaðinn, með því skilyrði, að kaupstaðurinn taki að sjer $^1/_8$ hluta af fátækrabyrði þeirri — bæði að því er snertir sveitarlimi og þurfamenn — er við árslok 1894 hvíldi á hreppnum; ennfremur komu menn sjer saman um, hverja af sveitarlimum og þurfamönnum Hrafnagilshrepps kaupstaðurinn ætti að taka að sjer og hversu með þá skyldi fara, er síðar kunna að þarfnast fátækrastyrks af hinum núverandi Hrafnagilshreppi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sótt um, að tjeðar jarðir verði með framangreindum kjörum lagðar undir kaupstaðinn og einnig undir lögsagnarumdæmið, og þareð fyrirkomulag þetta virðist hentugt og gagnlegt kaupstaðnum til eflingar og framfara, er fyrir þingið lagt, samkvæmt tillögum landshöfðingja, framanritað frumvarp til laga þeirra, er nauðsyn er á, til þess að þessi skipun megi á komast.

Frumvarp til laga

um

ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Öll hús í Reykjavík, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna — hinir svonefndu bæir (hús úr grjóti og torfi) þó því aðeins að eigendur þeirra æski þess — skulu vátryggð í hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hjer á eptir.

2. grein.

Eigendur hinna vátryggðu húsa skulu jafnt og aðrir hluttakendur í tjeðu brunabótafjelagi takast á hendur einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldbindingar þær, sem hvíla á fjelaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. grein.

Að svo miklu leyti sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, skulu allar ákvarðanir

um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafjelagið;
b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 14 aurar af hverjum 100 krónum fyrir hús með þaki úr trje eða öðru efni jafn eldfimu, og 8 aurar af hverjum 100 krónum fyrir önnur hús;
c. að stjórn brunabótafjelagsins hafi heimild til að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð yfir öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðir og virða hús að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura á dag og virðingarmönnum hverjum fyrir sig 2 krónur á dag, og jafnast þessir dagpeningar á hús þau er skoðuð eru að tiltölu við ábyrgðarupphæð þeirra, en aukaábyrgðargjald það, sem samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir brunabótafjelagið, er greitt, þá er tryggt er að nýju, fellur þá burt;
d. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nje hafi fulltrúa sjer í fjelaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

4. grein.

Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð eða breyta vátryggingu þeirra, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð, en bæjarstjórnin álítur hæfilega.

5. grein.

Brunabótagjaldið til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna hvílir á eignum þeim, sem í ábyrgðinni eru, með forgangsrjetti fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það er eigi greitt á rjettum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á landssjóðssköttum.

6. grein.

Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafjelig kaupstaðanna helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839, sjerílagi að því er snertir millibilið milli húsanna, nema samið sje um það við fulltrúa brunabótafjelagsins.

7. grein.

Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; þó skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti er snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, þó ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

8. grein.

Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

9. grein..

Fulltrúum brunabótafjelagsins skal áskilinn rjettur til að breyta að tíu árum liðnum með samþykki dómsmálastjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b. og d.

10. grein.

Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafjelaginu, — en það verður þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða að nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendur ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða sjerstaks sjóðs brunabótafjelagsins.

11. grein.

Ákvæði þessi öðlast gildi 1. apríl 1896 og er tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað o. fl. numin úr gildi frá þeim degi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þá er rætt var fyrrum um upptöku Reykjavíkur í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna í Danmörku, var það af fjelagsins hálfu meðal annars gert að skilyrði, að Reykjavíkurbæjarfjelag tæki að sjer ábyrgðina fyrir $^1/_3$ af ábyrgðarverði hinna vátryggðu húsa, bæði þá er þau eyddust gjörsamlega og þá er þau skemmdust að einhverju leyti, þannig að húsin aðeins að því er snertir $^2/_3$ ábyrgðarverðsins væru tekin upp í brunabótafjelagið. Sumpart var ástæðan til þessa ákvæðis, að fjelagið vildi takmarka áhættuna, þar sem ræða var um ábyrgð á svo fjarlægum stað frá aðalverksviði þess, og þar sem ástandið væri að mörgu leyti svo ólíkt því, sem er í hinum dönsku kaupstöðum, en aðalástæðan var þó sú, að með því að leggja þennan hluta ábyrgðarinnar á bæjarfjelagið, var fengin trygging fyrir, að bæjarstjórnin mundi láta sjer annt um, að reglum um slökkvilið og húsabyggingar yrði fylgt og öllum málum um húsbruna rjettlátlega og sanngjarnlega ráðið til lykta.

Í ákvæði þessu, er tekið var upp í tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað, smbr. 1. gr. hennar, var þó eptir ósk bæjarstjórnarinnar gerð sú tilslökun af hálfu brunabótafjelagsins, að bæjarfjelagið mætti tryggja að nýju sinn hluta ábyrgðarinnar hjá öðru fjelagi. En reynzlan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag var og óþægilegt og dýrt fyrir bæjarfjelagið eða húseigendurna; ábyrgðargjald það, er krafizt var fyrir endurtrygginguna, og jafnað var aptur niður á húseigendurna, var mjög hátt, og opt voru samningar um að fá endurtryggingu æði erfiðir viðfangs, því fjárhæðin var ekki

svo há, að girnilegt væri fyrir útlend fjelög eða umboðsmenn þeirra í Kaupmannahöfn að takast slíka ábyrgð á hendur á jafn fjarlægum og óþekktum stað og Íslandi. Húseigendurnir hafa mörg undanfarin ár æskt þess, að þessu yrði breytt og eptir áskorun, er samþykkt var á almennum fundi í Reykjavík í desembermánuði 1891, sendi bæjarstjórnin í marts mánuði 1892 brunabótafjelaginu umsókn þess efnis, að hús í Reykjavík yrðu tryggð í fjelaginu fyrir fullt ábyrgðarverð þeirra og með sömu kjörum og hús í hinum dönsku kaupstöðum, eða þá með svo góðum kjörum, sem brunabótafjelagið sæi sjer fært að veita.

Samkvæmt umsókn þessari hefur brunabótafjelagið gefið eptir að húsin verði eptirleiðis tryggð í því eptir fullu virðingarverði þeirra, einsog í hinum dönsku kaupstöðum, en eigi sjeð sjer fært að gera aðrar breytingar eða tilhlyðranir, að því er snertir hin fyrri ákvæði, enda hafi og bænum þegar á ýmsan hátt verið veitt nokkur afgjaldslinun. Aukatillagi því, 14 og 8 skildingar af hverjum 100 ríkisdölum ábyrgðarupphæðarinnar, er ákveðið er í 3. gr. b í tilskipun 14. febrúar 1874, hefði við myntbreytinguna til hægðarauka verið breytt í 14 og 8 aura af hverjum 100 krónum; tillag það til umboðssjóðs fjelagsins, 6 skildingar af hverjum 100 ríkisdölum ábyrgðarupphæðanna, sem ákveðið er í 3. gr. c í tilskipun 1874, væri alveg fallið burt, og þvínæst hafi húseigendur í Reykjavík, einsog húseigendur í hinum dönsku kaupstöðum, fengið allmikla linun í gjaldi því, er ákveðið er, þá er fengin er ný ábyrgð eða þá er gamalli ábyrgð er breytt, svo það nú nemi aðeins $^1/_3$ eða $^1/_4$ hins upprunalega gjalds. Loks hefðu ákvæðin um að leggja á uppbótartillag til þess að auka stofnunarsjóðinn, er fjelagið neyddist til að gera 1876, eigi verið látin ná til Reykjavíkur.

Þareð brunabótafjelaginu þótti þvínæst rjett vera, að gerðar væri nokkrar aðrar breytingar við tilskipun 14. febrúar 1874 en sú, er að ofan er talað um, en sem aðeins snerta orðalag hennar, hefur það samið frumvarp til alveg nýrra laga, er koma skyldi í stað hennar. Frumvarp þetta hefur stjórnardeildin síðan sent landshöfðingja til umsagnar, og hefur hann, eptir að hafa borið það undir álit bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, lagt það til, að það verði lagt óbreytt fyrir alþingi í sumar, og fellst stjórnarráðið einnig á þetta, nema að því leyti, að eigi virðist hægt vera að láta hin nýju lög öðlast gildi fyr en 1. apríl 1896.

Að því er snertir hin einstöku atriði frumvarpsins, er breyta tilskipun 14. febrúar 1874, skal þessa getið:

Við 1. grein.

Úr þessari grein er sleppt ákvæðinu um skipting ábyrgðarinnar milli brunabótafjelagsins og bæjarfjelags Reykjavíkur. Nafni brunabótafjelagsins hefur verið breytt og heitir það nú »hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna«, í greininni er þetta leiðrjett, en að öðru leyti er hún óbreytt.

Við 3. grein.

Í grein þessari er ákvæðunum um ríkisdalamynt breytt, stafliðnum c um tillag til umboðssjóðs fjelagsins og síðasta staflið greinarinnar, er nú er óþarfur, sleppt; ennfremur er sleppt tilvitnuninni til auglýsingar 9. apríl 1872 IV. 8. gr. í staflið d, og ákvæði það, er hún var í, orðað nokkru óákveðnar.

Við 4. grein.

4. grein í tilskipun 1874 er sleppt og er því 5. grein tilskipunarinnar tekin upp sem 4. grein frumvarpsins, þó þannig, að bráðabirgðar ákvæðinu er sleppt.

Við 10. grein.

Þessi grein er samhljóða 12. grein tilskipunar 1874. 11. grein hennar, sem var til bráðabirgða, er sleppt. 13. grein tilskipunarinnar er óþörf og fellur því burt, smbr. það, er að ofan segir.

Frumvarp til laga

um

breyting á 1. grein laga 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

Eyvindarhóla prestakalli í Rangárvalla prófastsdæmi leggjast frá fardögum 1895 200 krónur á ári úr landssjóði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tekjur Eyvindarhóla prestakalls eru í hinu endurskoðaða brauðamati á Íslandi, er staðfest er með konungs úrskurði 3. október 1884, taldar 1018 kr. 14 a., en eptir reikningi hins núverandi sóknarprests þar hafa þær hin síðustu 5 ár ekki verið að meðaltali nema 885 kr. 13 a. og það aðeins að nafninu til, og vegna fátæktar sóknarbúa í raun og veru miklu minni, svo að ekki má einu sinni gera ráð fyrir 500 króna föstum árstekjum af brauðinu. Við þetta bætist, að prestsetrið Eyvindarhólar er svo eytt af sandfoki, að þar er ekki búandi og eigi hefur verið unnt að fá nokkra aðra jörð í prestakallinu, er hæfileg sje til prestseturs. Hinn núverandi sóknarprestur hefur því sótt um, að prestakallinu verði veitt 500 króna fast árstillag úr landssjóði og hefur hjeraðsfundur mælt eindregið með umsókninni. Í ummælum sínum um umsóknina hefur biskupinn getið þess, að prestakall þetta hafi verið prestlaust í 7 ár (1886—1893) af því að eigi hafi verið sótt um það af neinum, að einum undanskildum, er síðar hafi tekið umsókn sína aptur, og að prestur sá, sem nú er þar, sje þegar eptir eins árs þjónustu kominn að raun um, að hann geti eigi lifað þar, og sje því þegar búinn að sækja um annað embætti, og sje hann þó ókvongaður. Biskup álítur, að þegar brauð þetta losnar, er brátt muni bera að höndum, sje engar líkur til, að prestur fáist aptur í það, nema því sje lagt fast árstillag úr landssjóði, og hefur hann þó eigi farið fram á meira en 2 til 300 króna tillag á ári.

Stjórnin verður að álíta þá kröfu sanngjarna, að brauð þetta fái þær tekjur, að prestur geti haldizt við af þeim, og fer því eptir tillögum landshöfðingjans fram á, að brauðinu verði veittur 200 króna fastur ársstyrkur úr landssjóði.

Frumvarp til laga.

um

að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð, og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Geirland í Kirkjubæjar hrepp í Skaptafells sýslu	3,000 kr.
2.	Syðri-Vík í sama hrepp	450 —
3.	Litlu-Breiðuvík í Reyðarfjarðar hrepp í Suður-Múla sýslu	1,800 —
4.	Skúta í Glæsibæjar hrepp í Eyjafjarðar sýslu	1,800 —
5.	Þverá í Skriðu hrepp í sömu sýslu	3,200 —
6.	½ Borgarlæk í Skefilsstaða hrepp í Skagafjarðar sýslu	500 —
7.	Húsavík í Kirkjubóls hrepp í Stranda sýslu	1,000 —
8.	Selvelli í Helgafellssveit í Snæfellsnes sýslu	850 —
9.	Gvendareyjar í Skagastrandar hrepp í sömu sýslu	3,000 —
10.	Dal í Miklaholts hrepp í sömu sýslu	1,500 —
11.	Hrísakot í Helgafellssveit í sömu sýslu	1,050 —

2. grein.

Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. grein.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist, um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6 % í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að öllu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið einsog skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. grein.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1900.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta styðst við hinar sömu meginreglur sem lög þau, er síðats hafa verið gefin um sölu þjóðjarða, 11. desember 1891 og 26. október 1893, eru byggð á. Ábúendur jarða þeirra, er hjer ræðir um, hafa þegar beðið um að fá þær keyptar. Hlutaðeigandi umboðsmenn og sýslunefndir hafa látið álit sitt í ljós um sölu allra þessara jarða og virt þær, og er lægsta söluverð eptir tillögum landshöfðingja sett eptir þeirri virðingargjörðinni, er hærri er. Þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer álit sýslunefnda og umboðsmanna og einnig aðrar virðingargjörðir, er til eru fyrir nokkrar af jörðum þessum.

Frumvarp til laga

um

að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík og afnema gagnfræða skólann á Möðruvöllum.

(Lagt fyrir alþingi 1895).

1. grein.

Gagnfræðakennslu skal koma á í hinum lærða skóla í Reykjavík, og skal svo tilhagað, að hún sje neðra kennslustig í skólanum en lærða kennslan hið efra. Til þess að koma þessu á, skal 2 bekkjum bætt við þá, er nú eru, þannig að í 4 neðri bekkjunum verði gagnfræðakennsla, en í 4 efri tekjunum lærð kennsla. Heimasveinsplássin skulu af numin, en í þeirra stað veittur húsaleigustyrkur 40 fátækum og efnilegum utanbæjar lærisveinum, 50 kr. handa hverjum eða 2,000 kr. alls á ári. Til þess að útbúa hinar nýju kennslustofur og til áhaldakaupa og fl. veitast 700 kr.

2. grein.

Skipa skal 3 kennara við Reykjavíkur lærða skóla auk þeirra, sem nú eru, yfirkennara og 2 kennara. Yfirkennarinn fær 3,200 kr. í árslaun; annar kennaranna 2,400 kr. og hinn 2,000 kr.

3. grein.

Stjórnin semur reglugjörð skólans og sjer um, að fyrirkomulag það, er lög þessi fyrir skipa, komizt svo fljótt á sem unnt er.

Um leið og þetta verður, skal gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum í Hörgárdal lagður niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Málinu um að koma á gagnfræðakennslu í Reykjavíkur lærða skóla hefur eigi verið hreyft í mörg ár og er þó gert ráð fyrir því í 18. gr. í reglugjörð skólans 12. júlí 1877, að hún verði innleidd þar. En síðustu árin hefur mál þetta verið íhugað að nýju samkvæmt áskorun alþingis í þingsályktunum beggja deilda 1891, er ítrekuð er í rökstuddri dagsskrá neðri deildar 1893. Það yrði of langt mál, að skýra hjer út í æsar frá öllum þeim hugleiðingum og ráðleggingum, er fram hafa farið, enda mun landshöfðingi gefa þinginu kost á að kynna sjer skjöl málsins að því er þurfa þykir. Við meðferð þess hefur eigi aðeins verið kostað kapps um að rannsaka, hvaða ráðstafanir mundu verða til gagns fyrir gagnfræðakennsluna sjálfa og hversu hentast yrði að sameina hana við hina aðra kennslu í skólanum, heldur einnig, hvaða breytingar mundi vera æskilegast að gera um leið, að því er snertir sjálfa hina lærðu kennslu. Úr ýmsum áttum hefur verið kvartað um, að lærisveinarnir afli sjer eigi, einsog nú er, þeirrar þekkingar er vænta mætti eptir

tíma þeim, er til kennslunnar er varið, og álíta margir, að þetta stafi miklu fremur af því að kennslugreinunum sje óhentuglega jafnað niður á kennslutímann, einkum þannig að í neðri bekkjum skólans sjeu kenndar allt of margar námsgreinir í einu eptir því þroskastigi, er lærisveinar eru þá á, heldur en af því, að það, sem piltunum er ætlað að læra, sje í raun og veru of mikið og margt. Stjórnin hefur nú komizt að þeirri niðurstöðu, að tilhögun sú, er hjer er farið fram á og landshöfðingi fyrst stungið upp á, sje eigi aðeins hentugust bæði fyrir gagnfræðakennsluna og hina lærðu kennslu hvora fyrir sig, heldur og hagfeldust til þess að koma á hinu æskilega nánara sambandi þeirra á milli, þannig að sem auðveldast verði fyrir að láta aðra taka við af hinni. Þessa tilhögun hafa kennararnir við Möðruvallaskólann, minni hluti hinna föstu kennara við Reykjavíkur lærða skóla og allir stundakennararnir fallizt á, og ennfremur hefur formaður kennsluumsjónarnefndarinnar fyrir lærða skóla og gagnfræðaskóla í Danmörku, er fyrir milligöngu kirkju- og kennslumálaráðaneytisins hefur sagt álit sitt um þetta mál, algerlega fallizt á aðalatriðin í tillögu landshöfðingja; aptur á móti hefur meiri hluti hinna föstu kennara við lærða skólann og stiptsyfirvöldin frá byrjun þessa máls verið móthverf aðalstefnu tillögunnar.

Í þessari tilhögun eru það aðalatriðin, að gagnfræðakennslunni skuli komið í það samband við hina lærðu kennslu, að hin fyrnefnda verði lægra kennslustig og hin síðarnefnda hið æðra í sama skóla; fullur námstími sje 8 ár, og skal 4 fyrstu árunum varið til gagnfræðakennslu; er þá haldið aðalpróf, sem fyrir gagnfræðalærisveina er burtfararpróf, en fyrir þá, er taka vilja þátt í hinni lærðu kennslu, skilyrði fyrir, að þeir komizt upp í efri deild skólans og skal krafizt að þeir fái að minnsta kosti tiltekinn stigafjölda. Í þessum hluta skólans eru einsog í hinum fyrnefnda 4 eins árs bekkir; þar eru kennd að öllu leyti gömlu málin og aðrar þær námsgreinar, er aðeins tilheyra hinni lærðu kennslu, og jafnframt er haldið áfram, eptir hætti og krðfum háskólans, kennslu í námsgreinum þeim, er sameiginlegar eru fyrir gagnfræðakennsluna og hina lærðu kennslu, og sem eigi er lokið við fyrnefnt aðalpróf. Eptir þessu fyrirkomulagi virðist mega sleppa undirbúningskennslu þeirri, er nú er heimtuð við inntöku í latínuskólann og virðist inntökuskilyrði í skólann geta verið hin sömu og nú gilda fyrir Möðruvallaskólann, smbr. reglugjörð hans 28. júlí 1882, 3. gr.

Það yrði of langt mál, ef hjer ætti að skýra til hlýtar frá námsgreinum þeim, er kenna skal í skólanum, skipting þeirra milli deilda hans og hve mikið í hverri þeirra skal kenna, enda eru þetta og atriði, er ákveða ber um með nýrri reglugjörð fyrir skólann, er konungur staðfestir; skal því aðeins vísað til tillaga þeirra í skjölum málsins, er komið hafa fram í þessu efni, sjerstaklega til brjefs landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna 16. marz 1892, álitsskjals og skólaáætlunar skólanefndarinnar og brjefs kennslumálaráðaneytisins 1. desember 1894. Hjer skal þess aðeins getið, að stjórnin, að því er snertir fyrirkomulag á gagnfræðakennslunni, hefur alveg fríar hendur, en aðeins að nokkru leyti að því er hina lærðu kennslu snertir, því að þar verður að hafa tillit til skilyrða þeirra, er sett eru fyrir aðgöngurjetti til Kaupmannahafnar háskóla.

Til þess að koma á þeirri tilhögun, er nú hefur lýst verið í stuttu máli, er stjórninni í sjálfu sjer heimilað vald, en til þess að gera það verður að bæta 2 bekkjum við þá, er nú eru í hinum lærða skóla og þessvegna einnig fjölga kennurum skólans. Hina nýju bekki má fá án þess að byggja við skólann, með því að afnema heimasveinsplássin, og hafa menn, er skyn bera á það mál, einnig af öðrum ástæðum ráðið til þessa, og því næst gera svefnloptin að bekkjum, þannig, að hið stærra sje þiljað sundur í tvær kennslustofur, og hið minna látið vera ein. Á þennan hátt verður einnig komizt hjá að nota hátíðasal

skólans fyrir kennslustofu, enda er það og að ýmsu leyti óhentugt. Breytingar þessar og útbúningur hinna nýju kennsluherbergja mun, eptir mati kunnugra manna, kosta um 700 kr., en aptur á móti má gera ráð fyrir, að nokkuð hafizt upp úr sölu á rúmstæðum og sængurfötum úr svefnloptunum, en eigi er hægt að áætla, hve mikið það muni verða. Í staðinn fyrir heimavistina verður að veita nokkra húsaleigustyrki, svo að eigi verði örðugra en að undanförnu fyrir lærisveina utan Reykjavíkur, að sækja skólann, og er farið fram á, að þeir verði 40 að tölu, 50 kr. hver.

Að því er snertir fjölgun kennara við skólann, skal þess getið, að nú þegar er svo mikið af stundakennslu við skólann, að eigi þykir ráð að auka hana og verður því, að stofna ný föst embætti til þess að auka kennsluna eptir því sem þörfin krefur; eru það 3 ný embætti; þykir og rjett, að eitt af þeim sje launað sem yfirkennaraembætti með sömu launum og núverandi yfirkennari við skólann hefur, en hin 2 kennaraembætti annað með 2,400 kr. árslaunum, en hitt 2,000 kr. Önnur útgjöld skólans virðist eigi þurfa að auka vegna þeirrar tilhögunar, er farið er fram á, og sjerstaklega skal þess getið, að stjórninni virðist ekki ástæða til að auka ölmusustyrkinn, og hinn árlegi kostnaður, er hinni nýju tilhögun verður samfara, nemur þá samkvæmt framansögðu um 9,600 kr. En við að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, einsog farið er fram á í 3. gr. frumvarpsins, munu sparast um 8,600 kr. og verður þá kostnaðaraukinn, er til alls kemur, óverulegur. Að því er snertir ástæður þær, er auk sparnaðarins hafa komið stjórninni til að fara fram á, að leggja skóla þennan niður, skal þessa getið.

Eigi kennslan við gagnfræðaskólan á Möðruvöllum, einsog eðlilegast virðist, að samsvara gagnfræðakennslunni í Reykjavíkur lærða skóla og eigi þeir, er próf hafa tekið við Möðruvallaskólann, að hafa rjett til upptöku í Reykjavíkur skóla próflaust, einsog farið er fram á í framannefndum þingsályktunum frá 1891, verður eigi hjá því komizt, að breyta skóla þessum mjög mikið; það yrði að lengja námstímann úr 2 árum upp í 4 ár og skólaárið úr $7^1/_2$ mánuði upp í 9 mánuði. Aukin útgjöld til nýrra kennara, til að byggja nýjar kennslu- og svefnstofur, til áhalda, eldiviðar, ljósa o. fl., mundu verða svo mikil, að ófært mundi vera að leggja það á landssjóð um leið og gagnfræðakennslan í latínuskólanum leggði á hann önnur eins útgjöld, og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Hjer við bætist, að ætla má, að einn almennur gagnfræðaskóli sje nógur fyrir allt landið, einkum þegar litið er til þess, að þar að auki er til einn alþýðu- og gagnfræðaskóli, er ríflega er styrktur úr landssjóði; ennfremur getur enginn vafi verið á því, að hin fyrirhugaða gagnfræðakennsla í latínuskólanum í Reykjavík mun verða notasælli en kennslan í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum.

Stjórnarráðinu hefur af þessum ástæðum og samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna og landshöfðingjans virzt rjett að fara fram á, að skóli þessi verði lagður niður, þá er gagnfræðakennsla er komin á í Reykjavíkur lærða skóla, og hefur því síður þótt ísjárvert að koma fram með tillögu þessa, sem áður hefur komið fram frumvarp í þá átt á þinginu og fengið allgóðan byr," smbr. alþingistíðindin fyrir 1889 C, bls. 346 og B, 615—644 og 851—897.

Frumvarp til laga

um

breyting á 5. grein tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Við kosningar í bæjarstjórn Reykjavíkur er bæjarfulltrúum skipt í tvo hluti, og skal annar þeirra vera einum fjölmennari en hinn. Minni hlutinn skal kosinn af öllum karlmönnum í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir sem hjú, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, er ekki lagt af sveit, eða hafi þeir þegið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni frá nýári til nýárs, og greitt það ár að minnsta kosti 8 kr. í bein bæjargjöld. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim fyrir kosningarrjetti, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í þessari grein. Minni hluti bæjarfulltrúa skal kosinn af $^1/_5$ hluta allra hinna áðurtöldu bæjarbúa, er kosningarrjett hafa og mest hafa greitt í bæjargjöld síðasta ár frá nýári til nýárs, ef þessi $^1/_5$ hluti hefur goldið minnst $^2/_3$ hluti allra gjaldanna. Nái fimmtungurinn ekki þessari upphæð, skal svo mörgum viðbætt af þeim, sem mest greiða, úr hinum $^4/_5$ pörtunum, að þessari gjaldaupphæð verði náð. Hafi fleiri greitt jafnmikil gjöld á því ári, og það verður nauðsýnlegt, að nokkrir þeirra gangi til kosningar til þess að ná hinum fyrnefnda fimmtung af kjósendum eða $^2/_3$ pörtum af gjaldaupphæðinni, skulu þeir allir ganga til kosningar.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er atkvæðisrjett á við kosningu meiri hluta bæjarfulltrúa.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í bæjarstjórninni í senn.

2. grein.

5. grein í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík er úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur farið þess á leit, að skilyrðum þeim fyrir kosningarrjetti til meiri hluta bæjarfulltrúa, er sett eru í 5. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, sje breytt að mestu leyti í samræmi við þau 3 lög, 8. október 1883 og 8. maí 1894, um bæjarstjórn í kaupstöðum, er síðan hafa verið gefin út. Er það einkum tekið fram, að sjálfstæðir menn og góðir gjaldendur hafi sumir hverjir ekki kosningarrjet eptir núgildandi lögum, er meðal annars setja sömu skilyrði fyrir kosningarrjetti í bæjarstjórn Reykjavíkur og fyrir kosningarrjetti til alþingis, og verði þeir þó að álítast eins vel hæfir til að neyta þessa rjettar og allur þorri kjósenda. Að einu leyti vill bæjarstjórnin þó halda hinum núgildandi skilyrðum: því skilyrði, að kjósandi greiði 8 króna beint bæjargjald; álítur hún að óheppilegt mundi vera að færa þetta gjald niður í 4 kr., einsog í hinum kaupstöðunum, því bæjargjöld sjeu í Reykjavík

venjulega talsvert hærri en þar, og megi auk þess búast við, að þau hækki stöðugt; loks leggur hún til, að við ákvæðið um, að kjósandinn skuli eigi vera öðrum háður, sje bætt orðunum „sem hjú“ til þess að taka af öll tvímæli um, hvað í þeim orðum felist.

Landshöfðinginn hefur í umsögn sinni um málið getið þess, að hann verði að vera sömu skoðunar og bæjarstjórnin um það, að ákvæðin um kosningarrjett til alþingis eigi ekki við, þá er ræðir um kosningar í bæjarstjórn Reykjavíkur, því að með þeim sje fyrirmunuð hluttaka í kosningu mörgum sjálfstæðum gjaldendum, t. d. verzlunarstjórum og iðnaðarmönnum, er eigi hafi keypt borgarabrjef, og eigi allfáum öðrum atvinnurekendum, er eigi verði taldir undir neinum af flokkunum í 17. gr. stjórnarskrárinnar, liðunum a—e, og greiði þó meiri bæjargjöld en margur þurrabúðarmaður; hefur hann því mælt með tillögu bæjarstjórnarinnar.

Stjórnarráðinu virðist og hinar æsktu breytingar vera á rökum bygðar, og hefur því tilbúið frumvarp það, er að framan er ritað og samið er að mestu eptir frumvarpi frá bæjarstjórninni, og á fyrri grein þess að koma alveg í staðinn fyrir 5. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, enda eru þar tilgreind öll þau skilyrði, er ætlast er til, að rjettur til kosningar til bæjarstjórnar Reykjavíkur sje bundinn.

Í sömu grein er og, einsog gert er í hinum öðrum bæjarstjórnarlögum á Íslandi, bætt við ákvæði um kosningarrjett þann, er sumar konur hafa samkvæmt lögum nr. 10, 12. maí 1882, og vísað til þeirra laga

---

Frumvarp til laga

um

stefnur til æðri dóms í skiptamálum.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Þá er skotið er til yfirdóms skiptagjörð, úrskurði, uppkveðnum meðan á skiptunum stendur, eða öðrum gjörðum skiptaráðanda, er áfrýja má, skal stefna aðeins birt skiptaráðenda þeim, er þá ályktan hefur gjört, er áfrýjað er, fyrir hönd búsins, og hlutaðeigendum þeim, er komið hafa fram sem málsaðilar við meðferð þess málsatriðis, er áfrýjað er, enda sjeu þeir heimilisfastir á Íslandi eða hafi þar umboðsmenn og það tilkynnt í skiptabókinni, og sje þeim umboðið að taka á móti stefnu fyrir hinna hönd.

Nú hafa skiptaforstjórar, er tilnefndir eru í erfðaskrá, haft bú til skipta, og skal þá einnig stefna þeim, nema þeir sjeu dánir áður áfrýjað er og aðrir eigi tilnefndir í þeirra stað, eða sje þeim á annan hátt varnað að taka á móti stefnunni.

Við birting stefnunnar fyrir skiptaráðanda skal veita honum 6 vikum lengri fyrirvara en almennt er fyrirskipað.

2. grein.

Þegar er áfrýjunarstefna hefur verið birt skiptaráðanda, skal hann annast um, að kallaður sje saman skiptafundur og boðað til hans eptir reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 23. gr. laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl., og skal þess jafnframt með skýlausum orðum getið, að áfrýjun hafi farið fram; á skiptafundi þessum skal gera ályktun um, hvað gera skuli í tilefni af áfrýjuninni.

3. grein.

Reglur þessar gilda einnig þá er skiptamáli er áfrýjað frá yfirdómi til hæstarjettar þó skal þá enga viðbót veita við hinn lögboðna venjulega fyrirvara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á hinu fyrsta ráðgjafarþingi 1845 var borið undir alþingi, hvort rjett væri að lögleiða á Íslandi opið brjef 20. janúar 1841 um nánari ákvæði um áfrýjunarstefnur í skiptamálum. Þingið rjeði frá að láta nefnt opið brjef ná til Íslands og studdi þá tillögu sína á því, að skiptamál væru venjulega mjög óbrotin á Íslandi og því sjaldan skotið til æðri dóms, og ennfremur að opið brjef 21. apríl 1824 um ráðstafanir til að afstýra drætti skipta o. fl., er opið brjef 1841 vísar til, eigi væri lögleitt þar, og því óþarft og óheppilegt að lögleiða fyr tjeð opið brjef á Íslandi (smbr. alþingistíðindi fyrir 1845, bls. 394—95). En síðan eru hjer á orðnar verulegar breytingar, svo að af málum þeim, er skotið er til yfirdómsins, eru nú skiptamál allmikill hluti að tiltölu og optar en einusinni hefur það komið fyrir, að þeim málum hafi jafnvel verið skotið til hæstarjettar. Að vísu hefur, að því er kunnugt er, grundvallarreglunum í opnu brjefi 1841 verið beitt að miklu leyti á Íslandi, en fyrst er það, að þarsem löggjöfin hefur eigi síðan verið aukin í þessa stefnu, vantar lagaheimild fyrir þessari rjettarvenju, og svo hafa heldur eigi myndazt fastar og nákvæmar reglur um ýms atriði, er hjer koma til greina, sjerstaklega um það, hverjum stefna skuli, þá er skiptamáli er skotið til æðri dóms. Að þessu leyti er hinni íslenzku löggjöf ábótavant, og til þess að bæta úr þessu hefur, eptir tillögum landshöfðingja, frumvarp þetta verið samið, og er það í verulegum atriðum byggt á opnu brjefi 20. janúar 1841.

Að því er snertir hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þessa getið:

Við 1. grein.

Í grein þessari er einsog í opnu brjefi 1841 það aðalákvæði, er hagkvæmt þykir og vel við eigandi, að áfrýjunarstefnur í skiptamálum skuli aðeins birtar þeim skiptaráðanda, er hlut á að máli fyrir búsins hönd, og hlutaðeigendum þeim, er komið hafa fram sem málsaðilar við meðferð þess málsatriðis, er áfrýjað er, og þeim þó því aðeins, að þeir eigi heimili á Íslandi eða hafi þar umboðsmenn og það tilkynnt í skiptabókinni, og sje þeim umboðið að taka á móti stefnu fyrir hinna hönd, og mun þetta þvínær ætíð vera svo, smbr. að því er snertir fjærstadda erfingja skiptalög 12. apríl 1878, 14. gr. Skiptaforstjórar mega nú eigi, samkvæmt 91. gr. skiptalaganna, framar hafa bú til skipta, þannig

að þeir hafi dómsvald, en þareð þá að öðru leyti verður að skoða sem skiptaráðendur að því er snertir bú þau, er þeir hafa til meðferðar, og sjálfsagða umboðsmenn þeirra, þá virðist rjettast að mæla svo fyrir, að stefnur í slíkum búum, er auðvitað fyrst og fremst skal birta skiptaráðanda þeim, er kveðið hefur upp úrskurð þann, er áfrýjað er, jafnframt skuli birtar þeim. Hjer er því farið fram á ákvæði í þessa átt, þó með þeirri takmörkun, einsog í 3. gr. opins brjefs 1841, að stefnubirting fellur niður, ef þeir eru dánir, þá er áfrýjað er, og aðrir hafa ekki verið tilnefndir í þeirra stað, eða þeim á annan hátt er varnað að taka á móti stefnunni.

Vegna þess, sem segir í 2. gr. frumvarpsins um samanköllun á skiptafundi eptir að málskot hafi farið fram, ber nauðsyn til að fyrirvarinn sje í þessum málum lengri en að venju. Í opnu brjefi 1841 er frestur inn lengdur um 4 vikur, en vegna þess, hve örðugar eru samgöngur á Íslandi, er hjer farið fram á að hann sje lengdur um 6 vikur.

Loks skal þess getið, að í opnu brjefi 1841 er aðalreglan í 1. gr., að stefnu aðeins skuli birta fyrir skiptaráðanda og þeim, er komið hafi fram sem málsaðilar, að því er snertir málsatriði það, er áfrýjað er, bundin því skilyrði, að málskotið fari fram áður en skiptunum sje lokið eða að minnsta kosti áður en liðinn sje frestur sá, sem gefinn er til málskota á skiptagjörðinni (fatalia appellationis), en hjer er ekki farið fram á neina þesskonar takmörkun. Væri slíkt ákvæði tekið upp í lögin, mundi opt verða ómögulegt að nota hið tilgreinda aðalákvæði, þareð kringumstæðurnar og hinn stutti málskotsfrestur (smbr. 96. grein skiptalaganna) eru þess valdandi, að skiptamálum á Íslandi verður opt eigi skotið til æðra dóms, nema með sjerstöku leyfi.

Við 2. grein.

Í samræmi við opið brjef 1841 og grundvallarreglurnar í skiptalögum 12. apríl 1878 er hjer ákveðið, að þá er búið er að taka út áfrýjunarstefnu, skuli skiptaráðandi annast um, að kallaður sje saman skiptafundur í búinu, svo að menn geti komið sjer saman um, hvað gera skuli í tilefni af áfrýjuninni. Í 23. gr. skiptalaganna er skipað fyrir um, hvernig slíka skiptafundi skuli kalla saman og er því vísað til þeirrar gr.

Við 3. grein.

Það er sjálfsagt, að ákvæðunum í 1. og 2. gr. einnig skuli fylgt, þá er áfrýjað er til hæstarjettar, en þareð fyrirvarinn, þá er stefnt er til hæstarjettar, er mjög langur, er engin þörf á að bæta við hann.

Frumvarp til laga

um

brúargerð á Blöndu.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á ána Blöndu á kostnað landssjóðs í nánd við verzlunarstaðinn Blönduós og verja til þess allt að 20,000 kr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lengi hafa menn fundið til þess, að þörf væri á að hafa brú á Blöndu á aðalpóstleiðinni austur á við frá Blönduósi, og bryggja sú, er fje var veitt til á fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, verður heldur ekki að tilætluðum notum, nema brú verði gerð þar, þareð bryggjan verður byggð norðanverðu við ósinn, en verzlunarstaðurinn liggur hinumegin. Landshöfðingi hefur því látið verkfræðing Sigurð Thoroddsen rannsaka, hvort brúa megi ána, og hve mikið slík brú muni kosta, og skýrir hann svo frá, að skammt fyrir ofan verzlunarstaðinn við svonefnd »neðri klif« sje gott brúarstæði og álítur hann, að þar ætti að gera fasta brú á ána úr járni. Hann hefur gert uppdrætti að brúnni og áætlun um kostnaðinn, er hann telur muni verða alls 20,000 kr.

Stjórnarráðið hefur lagt áætlunina fyrir verkfræðing Winfeld-Hansen, sem er ráðanautur þess við þjórsárbrúna, og hefur hann kynnt sjer kostnaðar-útreikning Sigurðar Thoroddsens og álítur að byggja megi brúna fyrir 20,000 kr., einsog Sigurður hefur ætlað á, en þó því að eins, að íslenzkir verkamenn hafi fengið svo mikla reynzlu og æfingu við brúargjörðina á Ölvesá og Þjórsá, að hægt sje að láta þá eina um að gera stöplana og koma brúnni á, aðeins undir forustu eins verkstjóra frá verksmiðju þeirri erlendis, er annast járnsmíðið að brúnni. En þareð ætla má, eptir því sem reynzlan hefur sýnt við nefndar brúargerðir, að torvelt muni verða að fá nokkurn til að taka að sjer að koma brúnni á ána á þann hátt, er Sigurður Thoroddsen verkfræðingur ræður til, þar sem um fasta brú er að ræða, nfl. að renna henni yfir ána, nema mikið fje sje í boði fyrir áhættu þá, er þeirri aðferð er samfara, þykir rjettast að ekkert sje fast á kveðið að sinni um það, hvernig brúin skuli vera, svo að stjórninni verði heimilt að láta byggja hengibrú, ef það verður eptir atvikum álitið heppilegast.

Samkvæmt framansögðu er hjer farið fram á, að veittar verði 20,000 kr. til að byggja áðurgreinda brú og er ætlazt til þess, samkvæmt tillögum landshöfðingja, að landssjóður beri allan kostnaðinn, þar sem hjer er um samgöngubót að ræða, er mjög er í almennings þarfir. Efnahagur landsins er nú svo góður, að naumast verður heldur með rökum haft á móti, að leggja fje fram úr landssjóði til þess að halda áfram þeirri stefnu, er farin hefur verið hina síðustu áratugi aldarinnar, að brúa stórár, þar sem því verður við komið.

Frumvarp til laga

um

skrásetning skipa.

(Lagt fyrir alþingi 1895).

1. grein.

Til þess að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlazt rjett til að hafa danskt flagg, verða að minnsta kosti $^2/_3$ hlutar þess að vera eign innborinna danskra manna, er ekki eru þegnar annars ríkis, eða þeirra manna, er fengið hafa dönsk þegnrjettindi með því að vera orðnir heimilisfastir á Íslandi eða í Danmörku. Sje skipið eign hlutafjelags, þá á stjórn þess að hafa aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku og fjelagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hjer að framan.

2. grein.

Um öll skip, sem eiga heima Íslandi og heimilt er að hafa danskt flagg, og eiga að vera mæld samkvæmt tilskipuninni um skipamælingar, skal höfð skipaskrá.

Um skrásetning skipsins á skipaskrána skal gefið út skjal, þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, og skal það, meðan það er í gildi, ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. grein) vera til sönnunar og vera fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, hvernær sem þess er spurt.

Auk aðalskjals þessa þarf sjerhvert skrásett skip, bæði á friðar og ófriðar tímum, að eins að hafa farmskjöl þau, sem með þarf, og skilríki þau um skipshafnir og afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa.

Skip, sem að eins eru 30 smálestir „brúttó“ og þaðan af minni og einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, eru undan þegin ákvörðununum hjer að framan um skrásetningar- og þjóðernis-skýrteini; skulu þau sett á skrá sjer og aðeins fá mælingarskýrteini, og ákveður stjórnin, hvernig það skuli vera. Sjeu þau ætluð til siglinga til annara ríkja, skal hlutaðeigendi skrásetningarskrifstofa annast um, að þau áður en þau eru búin úr landi fái þjóðernis-skýrteini, og ákveður stjórnin hvernig það skuli vera.

Ekkert íslenzkt kaupfar, sem ekki er stjórnarskip, má hjer eptir hafa neitt annað flagg fyrir þjóðernisflagg en hið almenna danska verzlunarflagg, en það er kaupferðaflag; það, sem skipað er fyrir um í tilskipun 11. júlímán. 1748, 1. grein.

3. grein.

Á öllum skipum, sem eru skrásett samkvæmt 2. grein, skal „nettó"-smálesta tal þess og skrásetningarstafirnir ávallt vera markaðir á þiljubitann í aptari röndinni á stórlúkunni, eða ef því verður ekki komið við, þá einhverstaðar annarstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því.

Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkennt sem skrásett danskt skip.

4. grein.

Skrásetning skipa er undir stjórn og umsjón yfirvalds þess, sem konungur skipar til þess, og á Íslandi skulu lögreglustjórarnir annast hana, og hvert lögsagnarumdæmi í landinu vera skrásetningarumdæmi fyrir sig.

Á aðalskrá skrásetningar- og skipamælingar-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, skal einnig rita skip, sem skrásett eru á Íslandi, og skulu þjóðernis- og skrásetningar- skýrteini þau, sem um er rætt í annari grein, gefin út á þeirri skrifstofu.

5. grein.

Á hverjum þessara staða skulu skipin í því hjeraði sett á skrá og tala við hvert skip.

Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Ekki má rita á íslenzku skipaskrárnar skip þeirra dönsku þegna eða hlutafjelaga, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, nema stjórnin veiti sjerstaklegt leyfi til þess.

Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og allt af skulu vera kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á.

Skrár yfir skip þau, 30 smálestir brúttó eða minni, er talað er um í 2. gr. og rjett hafa til að sigla undir dönskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þarsem eigandinn á heima. Nú á skipseigandi heima erlendis, og má þá taka skipið á skrána, ef hann hefur veitt öðrum, er heimili eigi á Íslandi, umboð til að annast slíkt við skrásetningaryfirvöld og hefur þeim það tilkynnt verið, og skal þá taka skipið á skrá í því umdæmi, þarsem umboðsmaður á heima.

6. grein.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. grein og haldin er í Kaupmannahöfn, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. grein.

Skrásetningar-bækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum:

1, skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað;
2, hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd);
3, smálestatal skipsins og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út;
4, nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru.

Sje fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hlut hver eigi í skipinu.

Sje skipið hlutafjelags eign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgjörðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi.

Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. grein.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hvenær skilríki þau sje dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi misst rjett til að vera álitið danskt skip, eða að það sje komið undir annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. grein).

9. grein.

Eigandinn eða umboðsmaður hans skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sje það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmisins, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í.

Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með:

1, skipasmíðiskýrteinið, og hafi orðið eigandaskipti síðan skipið var byggt, þá ennfremur heimildarbrjef þess eða þeirra, er vilja láta skrásetja það sem sína eign. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og í eptirriti, og verður eptirritið kyrrt í skjalasafni skrásetningarstofunnar;

2, skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sje þesskonar menn, sem heimilt sje að eiga skip, er hefir danskt flagg, samkvæmt 1. grein, eða ef skipið er eign hlutafjelags, þá skrifleg yfirlýsing einnig upp á æru og trú frá stjórn fjelagsins um, að skilmálunum, sem settir eru í 1. grein fyrir því að eiga danskt skip, sje fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið skuli ekki verða vanbrúkað til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og dönsk skip hafa.

Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningar-embættismanns eða að sjá um, að hún sje staðfest af nótaríus.

Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sje heimilt að eiga skip, er hefir danskt flagg, þá verður hann að sanna það með skýrteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilríki þau, sem hjer eru heimtuð, ef komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt, svo að nægir.

10. grein.

Þegar búið er á skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og um mælinguna í skjal, sem gjört er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) þegar í stað til landshöfðingja, og þegar hann ekki hefir neitt fram að færa á móti því, að skipið sje viðurkennt sem danskt, gefur hann út handa því bráðabirgða þjóðernis-skýrteini, er samið sje eptir formála, sem stjórnin nákvæmar til tekur; sendir hann skrásetningarskrifstofunni það til þess, að hún skili því til skipsins, og ber henni um leið að sjá um, að markað sje á skipið nettó-smálestatalið og skrásetningarstafir þeir, sem landshöfðingi hefir tekið til. Áður en skipið er afgreitt, skal þar að auki á skrásetningarskrifstofunni rita nafn skipstjóra á skýrteinið og upplýsingu um heimild hans

til að ráða fyrir skipi. Skýrslu þá, sem landshöfðingi hefir fengið frá skrásetningarskrifstofunni um gjörðina með fylgiskjölum skal hann senda skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið, og má, ef þess þykir þörf, krefjast þess, að skipið sje mælt um að öllu eða nokkru leyti, svo og fela landshöfðingja að annast um að upplýsingar þær, sem komnar eru fram, sje gjörðar fullkomnari eða ítarlegar sannaðar. Þegar öll þessi skilríki eru fengin, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim.

11. grein.

Þegar skrásetningin er búin, gefur skrásetningar- og skipamælingar-skrifstofan út þjóðernis- og skrásetningarskýrteini fyrir fullt og allt; skal það lagað eptir formála þeim, sem í hvert skipti gildir fyrir dönsk skip, og mælingarskýrteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar inni að halda, sem tilgreindar eru í skránni samkvæmt 7. grein. Skýrteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) sent landshöfðingja aptur hið bráðasta, til þess að hann þegar í stað sendi það til skrásetningarskrifstofu þeirrar, sem í hlut á, og skal þar síðan bóka það sem með þarf í skrárnar á hverjum stað um sig (5. grein) og leiðrjetta nettó-smálestatalið og fl. ef rangt er, og skal hlutaðeiganda skipi síðan skilað þessu fullgilda skýrteini, þá er búið er samkvæmt fyrirmælum 10 gr. að rita nafn skipstjóra og fl. á það, móti því, að það skili aptur bráðabirgðaskýrteininu. Hið síðarnefnda skýrteinið skal sent landshöfðingja ásamt með skýrslu um, að búið sje að láta hið fullgilda skýrteini úti.

Sje skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. grein, til þess að skipið geti komizt á skrána í hinu síðarnefnda umdæminu.

12. grein.

Skýrteinið skal ávallt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess verður krafizt af dönsku yfirvaldi, hvort sem er borgaralegt yfirvald eða hermaður eða danskur verzlunarfulltrúi.

Það er bannað að neitt sje ritað á skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gjört af landshöfðingja eða á einhverri skrásetningarskrifstofu í Danmörku eða á Íslandi eða af dönskum verzlunarfulltrúa, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eptir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. grein.

Skip, sem smíðað er erlendis á kostnað íslenzks manns, eða er komið í danska eign, getur ekki orðið skrásett, fyrr en það er komið í danskt eða íslenzkt skrásetningarumdæmi.

Þó skal dönsku verzlunarfulltrúunum, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim skilríki þau, sem um er rætt í 9. greinar 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, og skal það hafa sama gildi og fullkomið þjóðernisskýrteini, þangað til skipið verður skrásett fyrir fullt og allt.

Þjóðernis-skýrteinið til bráðabirgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda:

1. nafn skipsins, og hverskonar skip það sje,

2. hvenær og hvar skipið sje keypt, og nafn hins íslenzka eða hinna íslenzku eiganda þess samkvæmt kaupbrjefinu eða öðru heimildarskjali;
3. nafn skipstjóra;
4. eins nákvæmar upplýsingar, og fengizt geta eptir atvikum, um smálestal þess, lögun og lýsingu á því;
5. hversu lengi skýrteinið sje gilt.

Undir eins og verzlunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, sendir hann eptirrit af því til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Slíkt bráðabirgða þjóðernis-skýrteini er samt ekki lengur gilt, en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á danska eða íslenzka höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár, frá því að það er gefið út, ef stjórnin veitir ekki sjerstaklega leyfi til þess.

Skipstjórinn á skrásettu íslenzku skipi, sem smíðað er upp aptur erlendis, getur krafizt af næsta dönskum verzlunarfulltrúa, að hann láti sig fá skýrteini, er veiti sjer heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini sitt eptir sem áður, þangað til hann kemur inn á danska eða íslenzka höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sje breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini. Ekki getur slíkt skýrteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. grein.

A sjerhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera ritað aptan til á því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera aðminnsta kosti pláss fyrir 1 bókstaf á milli orðanna.

Sigli skipið til annara ríkja skal nafn þess ennfremur á líkan hátt letrað á báðar hliðar þess og svo fljótt sem kringumstæðurnar leifa, skal bæði að framan og aptan markað á skipið hve djúpt það risti, öðrumegin í „decimetrum“ en hinumegin í enskum fetum.

Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burtu, nema í ófriði, til þess að forðast að fjandmennirnir taki það.

Ekkert skip má nefna öðru nafni en því sem það er skrásett með.

Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskipti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. grein.

Sje þess farið á leit við stjórnina, má í staðinn fyrir áður út gefið þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini láta koma nýtt skýrteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skýrteininu aptur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini skrásetts skips glatazt, má láta úti nýtt skýrteini, ef þess sömuleiðis er farið á leit við stjórnina.

Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sje mælt um, skal ekki gjalda neitt fyrir það.

Týnist þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið erlendis, getur næsti danskur verzlunarfulltrúi gefið út þjóðernis- skýrteini til bráðabirgða (13. grein), og skal þess getið með

berum orðum, hverra orsaka vegna það sje gefið út. Þegar svo er, á sá, sem biður um skýrteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skýrteinið týndist.

16. grein.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig að skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu aptur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aptur.

Hafi skipið farizt erlendis, skal dönskum verzlunarfulltrúa skýrt frá því eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skýrteininu.

Verzlunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmari skýrslu um skiptapann.

17. grein.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. grein, er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að vera álitið danskt og hafa danskt flagg, á sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan væri fullkomnuð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aptur skýrteininu.

Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra danska verzlunarfulltrúanum frá henni og skila honum skýrteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á verzlunarfulltrúinn að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn danskur verzlunarfulltrúi er, verður sá, sem átti skipið eða stýrði því, að útvega sönnun staðfesta af nótaríusi um söluna, og senda skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, skilríki þessi ásamt með skýrteininu.

Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að arfi, á rjettarþjónn sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skipt búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti danskur verzlunarfulltrúi að sjá um það, sem með þarf.

Þessar ákvarðanir eiga einnig við um þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því það sje óhaffært.

18. grein.

Verði nokkur breyting um eignarrjettindin yfir skipinu, en sem þó ekki snertir rjett þess að hafa danskt flagg, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkvæmt 7. grein, þá ber eigandanum, og sje annar orðinn eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð, að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkvæmt 9. grein, þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eptir því.

Þó að eigandaskipti verði eða skipstjóraskipti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skýrteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skýrteininu.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti danskur verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það sem með þarf þar um, og verði eigandaskipti, senda skýrslu um þau.

Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu um, hvers konar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skýrteinið

um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skýrteini.

Verði slíkar breitingar erlendis, skal næsti danskur verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það sem með þarf, og senda skýrslu um það (smbr. 13. grein).

Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda landshöfðingja, til þess hann komi henni á skrásetningar- og skipamælingarskrifstofuna í Kaupmannahöfn, skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan, og orðið hefir um skip þau, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. grein.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gjöra það, ef að eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á.

Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu, sem fyr hefur verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða hinu nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skýrteini verði gefið út.

20. grein.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðzt er upplýsinga um.

Sömuleiðis má með sömu skilmálum fá hjá landshöfðingjanum eptirrit af þjóðernisskýrteini til bráðabirgða, sem fyr er útgefið og enn er gilt, og frá skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skal embættismaður sá, sem í hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var látið í tje.

21. grein.

Ef eigandinn sjerstakra orsaka vegna æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett, fara hafna á milli á Íslandi, þá getur hlutaðeigandi háyfirvald, ef þess er farið á leit, leyft það með því að gefa út leiðarbrjef, eða skriflegt leyfi, sem hefur sama gildi innan tjeðra takmarka einsog þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini.

22. grein.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem skilmálarnir, er nauðsynlegir eru eptir lögum þessum til þess að mega hafa danskt flagg, ekki eiga sjer stað um, varðar allt að 2 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef að slík athöfn ekki er svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. grein.

Ef það sannast, þegar búið er að gefa út og skila þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, að það hefur verið svikið út handa skipi, sem ekki hefur rjett á því, þá skal goldin allt að 4 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin, til þess að koma þessu fram og saknæm eru eptir hegningarlögunum.

Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið sje ógilt, og skal það gert upptækt, undir eins og verður.

24. grein.

Láti maður fyrirfarast at skýra frá breytingum á skipi, er svipta það rjetti til að hafa danskt flagg, þá varðar það sekt alt að 50 kr. Láti maður fyrirfarast að skýra frá þessu og það er gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt allt að 4 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. grein.

Láti maður fyrirfarast að skila aptur þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, eptir því sem fyrir er mælt í 16. og 17. grein, án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, þá varðar það allt að 2 kr. sekt af hverri smálest af netto-smálestatali skipsins.

Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið — ef skipið er enn til — sje ógilt.

26. grein.

Amtmaður tiltekur upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru 22.—25. grein, innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og dæmt á hendur mönnum sektir, allt að 20 kr., fyrir brot á ákvörðununum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum og í samhljóðan við þau.

27. grein.

Fyrir sektum þessum er eigandinn, og sje þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, einsog væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafjelög, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. grein.

Ef nokkur, sem krafizt er af sektar samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sje sekur, og hverja hegningu hann eigi að þola, ef svo er. Þar að auki er það amtmaður, sem ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Sektir allar renna í landssjóð.

29. grein.

Reglugjörðir þær, sem þurfa til að fylgja lögum þessum fram, gefur yfirvald það út, sem nefnt er í 4. grein.

30. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlímán. 1896 og er tilskipun fyrir Ísland 25. júní 1869 um skrásetning skipa um leið úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög 13. marz 1867 um skrásetning danskra skipa eru nú numin úr gildi og komin í þeirra stað lög 1. apríl 1892 um sama efni og hefur yfirstjórn skattamálanna, er fyrir bæði löndin, Danmörk og Ísland, hefur á hendi yfirumsjón með skrásetning og mæling skipa, smbr. tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869 um skrásetning skipa og konungsúrskurð 31. maí 1870, vakið eptirtekt hins íslenzka sjórnarráðs á því að nauðsyn beri til, að greind tilskipun 25. júní 1869, sem samin er eptir ofannefndum dönskum lögum 13. marz 1867, og, að undanteknum fáeinum lítilfjörlegum breytingum, er eiga rót sína að rekja til sjerstakra landshátta, alveg samhljóða þeim, verði endurskoðuð og komið í samræmi við hið nýja skipulag, er komið er á með lögum 1. apríl 1892, er gengu í gildi 1. janúar 1894, að því er snertir þá hlið skrásetningarinnar, er til hins opinbera tekur, sjerstaklega ákvæðin um að öll skip skuli eins merkt, að þau skuli hafa samhljóða þjóðernis- og skrásetningarskýrteini og að þau skuli mæld eptir sömu reglum. — Hjer skal því inn skotið, að nefnd lög 1. apríl 1892 — nokkur eintök af þeim verða send þinginu — hafa eigi aðeins inni að halda ákvæði, er snerta ofannefnda hlið skrásetningarinnar, heldur einnig mörg ný ákvæði, er áhræra rjett einstakra manna og láta skrásetninguna jafnframt vera, líkt og á sjer stað um kaupmála og veðbrjefabækur, almenningi til upplýsingar um eignarráð skipa þeirra, er skrásett eru, og um hvaða höpt hvíli á þeim; en eigi virðist ástæða til að leiða ákvæði þessi í lög á Íslandi, þareð viðskipti manna eru þar enn mjög óbrotin. — Að því er snertir hina opinberu hlið málsins, er það hinsvegar álit stjórnarráðsins, að það sje nauðsynlegt, bæði fyrir siglingarnar og samgöngur við önnur lönd, að hin sömu ákvæði sjeu nú sem fyr um skrásetning skipa í Danmörku og á Íslandi, og hefur það því að fengnu áliti landshöfðingja og eptir að hafa skrifast á við yfirvöld þau, er hafa á hendi yfirumsjón með skrásetning og mæling skipa, samið frumvarp það, er að framan er ritað; er það sniðið alveg eptir tilskipun 25. júní 1869 og efnisbreytingum þeim, er stjórnarráðinu hefur virzt ástæða til að gjöra, aðeins skotið inn í tekstann, og eru þær ekki margar og skal um þær vísað til athugasemda þeirra, er gerðar eru við hinar einstöku greinar frumvarpsins. En auk þeirra breytinga eru víðsvegar ýmsar orðabreytingar í frumvarpinu, og eru sumar af þeim gerðar eptir tillögum skrásetningar- og skipamælingar-yfirvaldanna hjer, er hafa talið æskilegt, að orðalag hinna íslenzku laga sje í sem mestu samræmi við dönsku lögin, að því er snertir orð með sjerstakri merkingu (»teknisk« orð); einnig er nöfnum ýmsra yfirvalda breytt (»landshöfðingi« í staðinn fyrir »stiptamtmaður, »skrásetningar- og skipamælingar skrifstofan« í Kaupmannahöfn í staðinn fyrir »aðalskrásetningarskrifstofan« o. s. frv.), og í frumvarpinu er talið eptir krónumynt í staðinn fyrir ríkisdalamynt o. s. frv. Það yrði of langt mál, ef geta ætti um allar þessar breytingar hverja í sínu lagi, enda má sjá þær með því að bera frumvarpið saman við tilskipun 1869.

Að því er snertir hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þessa getið:

Við 1. grein.

1. gr. laga 1. apríl 1892 um skrásetning danskra skipa og 1. gr. hinna dönsku sjólaga frá sama degi heimta nú aðeins, sem skilyrði fyrir því að skip verði skrásett sem

danskt skip, $^2/_3$ eigendanna fullnægi skilyrðum þeim, er sett eru í tilgreindum lögum um rjett innborinna danskra manna og bólfestu í hinu danska ríki, og hefur því virzt rjett að fara fram á að hin sama ívilnun verði gerð í núgildandi íslenzkum lögum um þetta efni. Vegna þess, hve sjerstaklega hagar til á Íslandi, hefur virzt rjett að halda ákvæðinu í tilskipun 1869 um það, að aðeins skuli heimta fastan bústað á Íslandi eða í Danmörku, þótt nú sjeu gerðar harðari kröfur í þessu efni, að því er Danmörku snertir, smbr. 1. gr. sjólaganna.

Við 2. grein.

Í 4. kafla greinarinnar, er skipar fyrir um, hve stór skip skuli vera til þess þau sjeu skrásetningarskyld, er orðunum »30 tons á stærð« breytt í »30 smálestir brúttó«, og er það í samræmi við lögin 1. apríl 1892. Orðatiltækið »smálestatal brúttó« (brutto Register Tonnage) er notað allstaðar þar sem ræða er um fulla stærð skipsins (þ. e. hleðslurúm, rúmfang alt) og »smálestatal netto« (netto Register Tonnage), þarsem ræðir um flutningsrúm eða gjaldskylt rúm skipanna. Að hjer og í 4. kafla 5. greinar sje átt við allt rúmmál skipanna (smálestatal brúttó) er auðvitað af því, að þá er ákveða skal, hvort skip skuli vera skrásetningarskylt eður ekki, þá er það komið undir því, hvort það sje fært til langferða, utanlandsferða, og hafi skilríki fyrir því, eða eigi. Í 3., 10., 11., 22., 23., 24. og 25. gr. er aptur á móti átt við »smálestatalið nettó«, en í 7., 13. og 18. gr. er aðeins notað orðið »smálestatal«.

Ákvæðinu í 4. kafla 2. greinar í tilskipun 25. júní 1869 um, að skip sem eru 30 smálestir eða minni, megi skrásetja sem önnur skip, hefur virzt heppilegra að breyta þannig, að ef slík skip skuli nota á siglingum til annara ríkja, skuli hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofa annast um, að þeim verði fengið þjóðernisskýrteini, er stjórnin ákveður hvernig skuli vera.

Við 3. grein.

Hin nýju dönsku skrásetningarlög sleppa því ákvæði hinna eldri laga, að á öllum þeim skipum, er skrásett eru sem dönsk skip, skuli vera markað »D. E.« (þ. e. dönsk eign) í aptari endann á stórlúkunni eða þá einhverstaðar annarstaðar þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á; er því rjett að samskonar ákvæði í 3. gr. tilskipunar 25 júní 1869 falli burt.

Við 4. grein.

Landshöfðingi hefur látið það álit uppi, að víst megi telja, að margir af örðugleikum þeim, er umsjón með skrásetning og mæling skipa á Íslandi hefur bundin verið hingað til og enn er eigi ráðin bót á, stafi að miklu leyti af því, að skrásetnigarumdæmin sjeu alt of stór vegna samgönguerfiðleikanna, svo að torvelt sje eða jafnvel ómögulegt fyrir þá, er búa í hinum 6 verzlunarstöðum, er nefndir eru í skrásetningarreglugjörðinni 2. júní 1870, smbr. 4. gr. tilskipunar 25. júní 1869, og sem eiga að sjá um skrásetninguna, að gera það svo að gagn sje að í sýslum þeim, er þeir sitja ekki í; enn fremur getur hann þess að ástand það, er lá til grundvallar fyrir að einmitt þessir 6 verzlunarstaðir voru tilnefndir, nú sje að miklu leyti breytt; hefur hann því farið fram á, að hver sýsla á Íslandi verði gerð að skrásetningarumdæmi, og er hjer farið fram á að hafa þessa tilhögun framvegis, þannig að bæði Reykjavíkurkaupstaður og hvert af öðrum lögsagnarumdæmum landsins verði sjerstakt skrásetningarumdæmi.

Við 5. grein.

Þessi grein er alveg samhljóða 5. gr. í tilskipun 25. júní 1869, nema nvað bætt er við því ákvæði, að halda skuli skrá yfir skip, sem eru 30 smálestir eða minni, og er það afleiðing af breytingu þeirri, er farið er fram á í 2. gr. Þess þarf víst engra skýringa við, að rjett sje, að skipseigandi, er búsettur er utanlands, verði til þess að fá skip sitt tekið upp á skrá þessa, að hafa mann fyrir sig búsettan á Íslandi, er löglegt umboð hafi til að annast skrásetninguna fyrir hans hönd og sje það tilkynnt skrásetningaryfirvaldi, og fari það þá eptir bústað hins, hvar skipið skuli skrásetja.

Við 9. grein.

Að því er snertir 1. kafla greinarinnar skal þess getið, að honum hefur breytt verið, sumpart til þess að koma honum í samræmi við hin núgildandi dönsku skrásetningarlög, smbr. II. kafla síðasta lið og III. kafla fyrsta lið í 14. gr. þeirra laga, en sumpart einnig til þess að fyrirbyggja þann misskilning, er opt hefur komið fram vegna orðalags hinna eldri laga, að eigi þurfi að leggja fram kaupbrjef eða annað eignarskýrteini seinni eiganda eða eigenda, þó skipið sje komið úr eign þess eiganda, er nefndur er í byggingarbrjefi skipsins.

Við 10. grein.

Ákvæði því, að við afgreiðslu skips skuli eigi aðeins rita nafn skipstjóra á skrásetningarskýrteinið, heldur einnig heimild hans til að ráða fyrir skipi, er bæði fannst í hinum dönsku skrásetningarlögum frá 1867 og óbreytt er tekið upp í lögin frá 1892, var sleppt í tilskipun 25. júní 1869, af því að þá voru engin lög til um atvinnu við siglingar á Íslandi. Nú skipa lög nr. 33, 26. október 1893 fyrir um þetta efni, og er því farið fram á, að ákvæði þetta sje tekið upp í lögin.

Þarsem ákveðið er, að senda skuli skrásetningar- og mælingargjörðir þær, er gjörðar eru á skrásetningarskrifstofunni, með fylgiskjölum beina leið frá landshöfðingja til skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, en láta þær eigi fara fyrst til ráðaneytisins, þá skal þess getið, að þeirri aðferð hefur fylgt verið síðan 1872, enda flýtir það og fyrir afgreiðslunni.

Við 11. grein.

Það er mikils um vert, að þjóðernis- og skrásetningarskýrteini það, er grein þessi ræðir um, sje ætíð eins fyrir öll þau skip, er sigla undir dönskum fána, og því farið fram á, að skýrteini þessi skuli fyrir íslenzk skip ætíð samin eptir fyrirmynd þeirri, er í hvert sinn gildir fyrir dönsk skip, en í tilskipun 1869 er vísað til fyrirmyndar, er fylgdi tilskipuninni.

Við 12. grein.

Í fyrstu línu gr. er farið fram á að bæta inn í orðunum »við tollafgreiðsluna og« og er það gert til þess að ná samræmi við hin dönsku lög.

Við 14. grein.

Hinum nýju ákvæðum í 1. kafla gr., er mikla þýðingu hafa fyrir utanríkissiglingar, um, hvar marka skuli nafn skipsins og marka skuli bæði að framan og aptan, hve djúpt það risti, er einnig bætt við í samræmi við hin dönsku lög, þó þannig, að hið síðara, er eigi

verður gert án mikillar fyrirhafnar og kostnaðar, nema skipið sje sett á skipsmíðastöð (bedding) eða í »dokk«, verði gert þegar kringumstæður leyfa, nfl. þegar er skipið kemur í höfn, þar sem þesshátta tilfæri eru.

Við 17. grein.

Að því er snertir breytingarnar í gr. þessari, skal vísað til athugasemdanna við 3. og 10. grein.

Við 30. grein.

Þareð æskilegt er, að greinar þær, er nú eru taldar, verði sem fyrst í lög settar, er farið fram á að lögin öðlist gildi 1. júlí 1896.

Frumvarp til laga

um

aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal flytja á holdsveikraspítala, þá er sveitar- eða bæjarstjórn þykir nauðsyn til þess bera eða það vera æskilegt. Sjeu þeir eigi fluttir þangað, skal þeim fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða þeim komið fyrir á þann hátt, er hjeraðslækni eptir ástæðum þykir nægileg trygging í.

Ef hægt er skal holdsveikum mönnum komið svo fyrir, að hjón eigi sje skilin að, ef það er á móti vilja þeirra. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni, eptir að leitað hefur verið álits hlutaðeigandi sóknarprests og hjeraðslæknis.

2. grein.

Kostnað við flutning slíkra holdsveikissjúklinga á spítala greiðir sveitar- eða bæjarsjóður sá, er í hlut á; greiðir hann einnig nokkurn hluta af kostnaðinum við veru þeirra þar. Stjórn spítalans ákveður í hvert skipti, hve há þessi meðgjöf skuli vera, þó skal hún eigi minni en 50 kr. og eigi meiri en 100 kr., en gætt skal þess, að hún fari eigi fram úr því, sem framfærsla hins holdsveika mundi hafa kostað sveitar- eða bæjarfjelagið, ef hann hefði eigi verið fluttur á spítala.

3. grein.

Amtmaður getur í einstökum tilfellum eptir tillögum sveitarstjórnar og hjeraðslæknis lagt fyrir, að einnig aðrir holdsveikir menn verði fluttir á spítala. Þetta má þó því aðeins gera, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki að áliti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar gengið í gegn fyrirskipunum hennar um að fylgja ákveðnum varúðarreglum, er eptir atvikum mátti ætlazt til, að hann gæti haldið, forðast að hafa afskipti af öðrum, fara á aðra bæi, taka á móti gestum að nauðsynjalausu og annað því um líkt, eða að

hjeraðslæknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til, að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til að flytja sjúklinginn á sjúkrahús.

Þess skal einnig í þessum tilfellum gætt, að hjón sjeu eigi skilin að nauðugu, nema nauðsyn beri til.

4. grein.

Kostnað við flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 3. grein skal greiða úr landssjóði. Nú hefur sjúklingur án leyfis forstöðumannanna farið af spítalanum, og skal hann þá sjálfur greiða kostnað þann, er af því leiðir að flytja hann þangað aptur, sje hann svo efnum búinn.

5. grein.

Ef þörf gerist annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

6. grein.

Fyrir ferðir þær, er hjeraðslæknir verður að fara, samkvæmt ákvæðum laga þessara, fær hann sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Þau gjöld greiðast úr jafnaðarsjóði.

7. grein.

Íbúðarhús og herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikissjúklingar hafa notað, mega menn eigi nota eða láta aðra fá, fyr en búið er að hreinsa þau á þann hátt, er hjeraðslæknir skipar fyrir.

Með brot gegn ákvæði þessu skal farið sem opinber lögreglumál og varða þau allt að 200 kr. sektum.

8. grein.

Lög þessi öðlazt gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að spítali fyrir holdsveika sje fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er hin algenga skoðun, er byggð er á vísindalegum rannsóknum og athugunum, að holdsveikin sje að minnsta kosti undir vissum kringumstæðum næmur sjúkdómur; en þetta dylst hæglega almenningi, af því að sjúkdómurinn er mjög lengi að búa um sig og verður því eigi að jafnaði vart við hann, fyr en löngum tíma eptir að sjúkdómsefnið er komið í líkamann, svo að það er ekki ætíð hægðarleikur að finna orsakarsambönd milli sjúkdómstilfellanna. Sje nú þetta rjett, liggur það í augum uppi, að til þess að geta gert sjer von um að fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdómsins, verður það meðal annars með öllu nauðsynlegt, að yfirvöldin hafi vald til þess að gera ýmsar ráðstafanir er lúta að því að

afkvía eða einangra þá, er sjúkdóm þennan hafa, til þess eptir mætti að sporna við því, að sóttnæmisefnið berist á aðra. En eptir því hvernig tilhagar á Íslandi verður slíkt alloptast eigi gert á neinn annan hátt, en með því að láta sjúklingana fara á almenna stofnun, er til þess sje ætluð, því að eigi mun venjulega vera hægt að halda þeim afskekktum á heimilum þeirra, að minnsta kosti ekki svo vel sem æskilegt er eptir eðli sjúkdómsins. Í lagafrumvarpi, er jafnframt þessu frumvarpi verður lagt fyrir þingið, er því og farið fram á stofnun sjúkrahúss fyrir holdsveika menn sem nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að lög þessi verði að gagni, því án þess munu allar einangrunarreglur verða að mestu árangurslausar. En þótt slík stofnun muni veita sjúklingunum miklu betri hjúkrun og aðbúnað í heild sinni, en flestir þeirra eiga að venjast heima, má þó búast við, að margir muni heldur kjósa að vera heima en í sjúkrahúsinu, og því ófúsir á að fara þangað, og er það því aðaltilgangur frumvarps þessa, að gefa yfirvöldunum heimild til, innan ákveðinna takmarka, að láta flytja sjúklinga þá inn á stofnunina, er nauðsynlegt virðist að halda afskekktum, og eigi verða það til hlýtar á annan hátt, og, ef þörf gerist, að beita valdi við þá. Lagafrumvarp þetta, sem að því þetta aðalatriði snertir, er byggt á sömu meginreglum og hin norsku lög 6. júní 1885 um einangrun holdsveikra og flutning þeirra á opinbera aðhjúkrunarstofnun og sjúkrahús, er að mestu samið eptir tillögum landshöfðingja og landlæknis. Að því er einstök ákvæði þess snertir, skal þessa getið.

Við 1. gr.

Þarsem engin sjerstök heilbrigðisnefnd er, er það samkvæmt sveitar- og bæjarstjórnarlögunum hlutverk sveita- og bæjastjórna, að hafa eptirlit með heilbrigðisástandi í sveita- og bæjafjelögunum, og þarsem þvínæst holdsveikir menn, er njóta fátækrastyrks, eru undir forsjá hreppsnefndanna og bæjarstjórnanna, virðist það eðlilegt og vel viðeigandi, að þeim sje veitt vald til að flytja þá á sjúkrahúsið, þegar þeim virðist nauðsyn bera til þess eða það þó vera bezt, en að þeim jafnframt sje gert að skyldu að sjá um að þeim að öðrum kosti sje veitt sú aðhjúkrun, og þeim haldið svo afskekktum frá öðrum á heimilunum, að lækni þyki trygging í. Eptir hinum norsku lögum gildir ákvæði þetta eigi, þá er styrkurinn aðeins er veittur um stundarsakir eða er hann nemur aðeins nokkrum hluta af framfærslukostnaði sjúklingsins, en að öðru leyti eru þau samhljóða því, er hjer er farið fram á, og eptir því, hvernig tilhagar á Íslandi, virðist eigi ástæða til að takmarka á sama hátt vald sveita- og bæjastjórnanna þar.

Ákvæðið í 2. kafla greinarinnar er alveg samhljóða hinum norsku lögum og virðist það á sanngirni byggt. Eptir íslenzkum lögum mega holdsveikir eigi giptast og mun þessa ákvæðis því sjaldan við þurfa.

Við 2. gr.

Rjett virðist vera að hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóður beri kostnað við að flytja á spítalann hina holdsveiku menn, er ræðir um í undanfarandi grein. Venjulega mun kostnaður þessi ekki verða mikill, og alls eigi samanberandi við óþægindi þau og erfiðleika, er það hefur að jafnaði í för með sjer að koma þeim fyrir hjá bændum. Enn fremur virðist sanngjarnt, að sveitar- og bæjarfjelögin beri að nokkru leyti kostnaðinn við veru sjúklinganna á sjúkrahúsinu. En til þess að koma eigi í bága við tilgang laganna, má eigi setja tillag þetta svo hátt, að það verði til þess að sveitar eða bæjarstjórnirnar geti horft í

kostnaðinn og þannig hliðrað sjer hjá að láta flytja sjúklinga á sjúkrahúsið, er ella mundu fluttir þangað. Rjettast mundi að líkindum að láta tillagið í hvert skipti vera nokkurnveginn jafnt því, er framfærsla sjúklingsins mundi hafa kostað sveitar- eða bæjarfjelagið, ef hann hefði verið þar heima. Þareð kostnaður þessi anðvitað er misjafn, meðal annars eptir því hvort hlutaðeigandi getur unnið nokkuð eða er allsendis ófær til vinnu, er eigi unnt að hafa neina fastákveðna upphæð fyrir hvern sjúkling. En til þess að forðast rangsleitni í þessu efni og koma á svo miklum jöfnuði, sem ástæður leyfa, ætti þó að hafa föst takmörk, og innan þeirra láta stjórn sjúkrahússins í hvert skipti, ákveða tillagið, eptir því sem ætla má að fræmfærsla sjúklingsins hefði kostað sveitar- eða bæjarfjelagið, ef hann hefði eigi verið fluttur á sjúkrahúsið.

Venjuleg ársmeðgjöf með sveitarlimum (venjulegt ómagaframfæri) mun enn þá eigi hærri vera að meðaltali en hundrað á landsvísu eða 55—65 kr., auðvitað nokkru hærri fyrir sjúka og lasburða sveitarlimi, er alls eigi geta unnið og geta eigi verið án þjónustu og hjúkrunar, en aptur á móti nokkru lægri fyrir þá, er enn eru færir til nokkurrar vinnu, og virðist því, þá er ræða er um holdsveika sveitarlimi eða þurfamenn, rjett að setja hæsta og lægsta takmark tillagsins einsog farið er fram á hjer, eða 50 og 100 kr.

Við 3. gr.

Miklu vafasamara er það, að hve miklu leyti þeir holdsveikir menn, er ekki njóta sveitarstyrks, skuli skyldir til að fara á sjúkrahús. Eptir hinum norsku lögum eru þeir því aðeins skyldir til þess, að svo hafi reynzt, að þeir hvað eptir annað hafi brotið á móti banni gegn því að umgangast heimilisfólk sitt og aðra. En á Íslandi virðist megi fara nokkru lengra í þessa átt, því fremur sem þar verður venjulega eigi komið við neinum verulegum einangrunarráðstöfunum í heimahúsum, og hefur því virst rjett, að heimild sje til að gjöra holdsveikum mönnum að skyldu að láta flytja sig á sjúkrahús, enda þótt þeir hafi eigi brotið á móti ákveðnu banni frá yfirvöldunum, ef aðeins hjeraðslæknir álítur sjúkdóminn svo slæman og svo hætt við að hann breiðist út, að þess gerist þörf. Það er þó aðeins sem undantekning, að yfirvöldin eiga að geta skipað svo fyrir, og aðeins eptir tillögum sveitarstjórnar og hjeraðslæknis, og rjett virðist, að leggja þetta úrskurðarvald í hendur æðri yfirvalda, amtmanna, meðal annars af þeirri ástæðu, að komið gæti fyrir, ef sveitar- eða bæjarstjórnirnar ættu sjálfar að skera úr, hvort maður skuli skyldur eður eigi til að láta flytja sig á sjúkrahús, að þær kynnu þá að láta freistast til þess að úrskurða að svo skyldi vera í einstaka tilfellum, til þess að losna án nokkurs kostnaðar við holdsveikan mann, er að vísu væri enn eigi sveitarstyrksþurfi, en sem vænta mætti að yrði það, þá er sjúkdómurinn ágerðist. Það virðist sem sje augljóst, að kostnaður við flutning þessara sjúklinga á sjúkrahús og við veru þeirra þar, eigi verður lagður á þá sjálfa, og þareð hann eigi heldur með neinni sanngirni verður lagður á sveitarfjelagið, verður að greiða hann af landssjóði, enda stafar hann af ráðstöfun, er miðar til heilla fyrir þjóðfjelagið í heild sinni.

Hjer skal þess anðvitað einnig gætt, að hjón eigi sjeu skilin að nauðugu, nema brýn nauðsyn beri til.

Við 4. gr.

Smbr. athugasemdir við 3. gr. Aðeins skal þess getið, að þá er sjúklingur, er fluttur hefur verið á sjúkrahúsið, fer þaðan án leyfis forstöðumannanna, virðist sann-

gjarnt, að hann, ef hann er svo efnum búinn, beri sjálfur kostnaðinn við flutning sinn þangað að nýju. Ákvæði þetta er einnig samhljóða hinum norsku lögum.

Við 5.—8. gr.

5. og 7. gr. eru samhljóða tilsvarandi greinum hinna norsku laga og virðast engra skýringa þurfa, en að því er snertir 6. gr., skal þess getið, að þareð hjeraðslæknir, sjerstaklaga samkvæmt ákvæðum 1. kafla 1. gr. og 3. gr., opt mun verða að takast ferðir á hendur til að skoða holdsveikissjúklinga, er sanngjarnt, að hann fái þær borgaðar á sama hátt og ferðir og störf í þarfir hins opinbera, og virðist rjett, einsog landshöfðingi leggur til, að leggja kostnað þennan á hlutaðeigandi jafnaðarsjóð. Að því er 8. gr. snertir, skal vísað til þess, er að framan er skráð.

Frumvarp til laga

um

ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Lagt fyrir alþingi 1895).

1. grein.

Farsóttarlæknar skulu undir umsjón landlæknis og landshöfðingja sjá um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, er taka skal til meðferðar af hálfu hins opinbera. Hjeraðslæknar og aukalæknar þeir, er laun hafa úr landssjóði, eru farsóttarlæknar hver í sínu umdæmi. Fari svo að þeir einhverntíma geti eigi leyst það af hendi, er lög þessi leggja þeim á herðar, skal landshöfðingi sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir þeim við hlið sem farsóttarlæknar.

Skyldar eru sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita farsóttarlæknum hjálp til að koma fram ráðstöfunum þeim til varnar útbreiðslu sjúkdómsins, er nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eptir atvikum og ástandi á hverjum stað.

Þá er mikil hætta er á ferðum, skal landlæknir sjálfur fara þangað, sem sjúkdómurinn gengur og líta eptir, hvort gerðar sjeu þær ráðstafanir, er þörf er á.

2. grein.

Þessa sjókdóma skal ætíð taka til meðferðar af hálfu hins opinbera: kóleru, gula hitasótt (gul Feber), útbrota taugaveiki (exentematisk Tyfus), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt (flekkusótt) og drepsótt (pest).

Landshöfðingi getur og, eptir að hafa ráðfært sig um það við landlækni, fyrirskipað, að taka skuli aðra næma sjúkdóma til meðferðar á sama hátt, svo sem barnaveiki (Difteritis, Krup), taugaveiki (tyfoid Feber) og blóðsótt (Dysenteri), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða eða aðrar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Undanskildir eru þó langvarandi, næmir húðsjúkdómar. Í hvert skipti sem skæðir, næmir sjúkdómar ganga, þannig að nauðsyn ber til, að strax verði gerðar ráðstafanir til að hindra útbreiðslu þeirra, skal farsóttarlæknum heimilt þegar í stað að fyrirskipa til bráðabirgða þær einangrunar- og hreinsunarráðstafanir, er beitt skal, þá er slíkir sjúkdómar eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, en landshöfðingja skal, svo fljótt sem unnt er, skýrt frá málinu, og kveður hann fyrir fullt og allt á um þetta efni.

Þegar er sjúkdómar þeir, er ræðir um í 1. kafla greinar þessarar, hafa verið teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, skal hlutaðeigandi farsóttarlæknir skýra landshöfðingja frá því, og skal hann, ef þörf gerist, senda hraðboða. Bæði í þessu tilfelli og endrarnær, er sjúkdómar eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, skal farsóttarlæknirinn birta það opinberlega á þann hátt, er bezt gerir það kunnugt á svæði því, er í hlut á. Auglýsingunni má þó sleppa á meðan aðeins þeir sjúklingar eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, er hjúkrað er í húsi því, er talað er um í 5. gr. í lögum 19. desember 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands, og ennfremur þá er aðeins er að ræða um vafasöm tilfelli af sjúkdómum þeim, er nefndir eru í 1. kafla greinar þessarar og sem tekin hafa verið til athugunar þangað til með vissu verður sagt, hvernig sjúkdómnum er háttað.

Þá er meðferð hins opinbera eptir skipun landshöfðingja er lokið, skal það einnig birt opinberlega.

3. grein.

Þá er ástæða er til að halda, að maður hafi dáið úr einum af sjúkdómum þeim, er taldir eru í 1. kafla 2. gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri, ef farsóttarlæknirinn virðist þörf á því til þess að ákveða, hvort sjúkdóminn skuli til meðferðar taka af hálfu hins opinbera, lagt fyrir að rannsaka skuli parta af líkinu, og það skorið upp, ef til kemur.

4. grein.

Til flutnings á sjúklingum, er þjást af sjúkdómum, er ætíð skulu teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, eða sem hafa barnaveiki (Difteritis) eða taugaveiki (tyfoid Feber), má eigi nota farþegjaskip, nema reglum þeim sje fylgt, er fyrirskipaðar eru við notkun þeirra til þessa.

5. grein.

Hver sá, er veit eða hefur ástæðu til að halda, að sjúkdómstilfelli á heimili hans heyri undir einn af þeim sjúkdómum, er taldir eru í 1. kafla 2. gr. eða sjúkdóm, er samkvæmt auglýsingu eptir 2. kafla greinarinnar er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera, skal þegar í stað skýra frá því farsóttarlæknirinum eða einum af meðlimum hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar, er síðan skal láta læknirinn vita um það. Sem heimilisfólk eru einnig taldir aðkomumenn, þeir er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir er þar eru á kosti. Þá er sjúkdómur sá kemur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum, er forstöðumaður þar eða sá, er ræður mestu, skyldur að skýra frá því. Beri sjúkdóminn að höndum á skipi eða í verum í vertíð meðal skipshafna, er hlutaðeigandi skipstjóri eða formaður skyldur að sjá um, að skýrt verði frá því.

Hver sá er veit, að eigi hefur verið skýrt frá slíku sjúkdómstilfelli, skal skyldur þegar í stað að skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Verði maður sá, er samkvæmt grein þessari er skyldur að skýra frá sjúdómnum, að takast lengri ferð á hendur en 1 mílu alls fram og aptur, skal honum greiddur úr sveitarsjóði ferðakostnaður eptir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

6. grein.

Farsóttarlækni er heimilt að láta flytja þá menn, er hafa einhvern af sjúkdómum þeim, er ræðir um, á opinbert sjúkrahús eða annað hús er hafa megi til þess, ef eigi er hægt að halda þeim svo afskekktum á heimilum þeirra, að við sóttnæmisútbreiðslu sje óhætt, og eru þeir skyldir að vera þar, gegn því að fá hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun, þangað til hættulaust er að flytja þá eða láta þá fara þaðan. Heimilt er og að skipa svo fyrir til rannsóknar í vafasömum sjúkdómstilfellum. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútbreiðslu.

7. grein.

Sje sjúklingurinn ekki fluttur af heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eptir tillögu farsóttarlæknis bannað öllum óviðkomandi að koma á bústað hans, hús eða bæ. Þá er svo stendur á, má ekki flytja sjúklinginn frá heimili hans, þarsem hann er undir læknis tilsjón, nema fengið sje skriflegt samþykki læknis.

Þegar mjög mikil hætta er á ferðum, getur lögreglustjóri eptir tillögum farsóttarlæknis skipað fyrir, að afkvía skuli heila kaupstaði, kauptún og þorp eða hluta þeirra svo og önnur stór svæði, og skal hann annast þær ráðstafanir um samgöngubann, er gjöra þarf.

8. grein.

Farsóttarlæknum er heimilt að skipa fyrir, að framfara skuli sóttnæmishreinsun á bústöðum manna, húsum og herbergjum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, er ræðir um, og ef læknir leggur fyrir mann, er hefur slíkan sjúkdóm eða álitið er að gangi með hann, eða hefur staðið honum svo nær, að hætt er við að hann beri hann út, að hann skuli undirgangast sóttnæmishreinsun á sjer eða á munum sínum, þá er hann skyldur að fylgja þessu boði með nákvæmni. Heimilt er og lækninum að banna öðrum að neyta fæðu, sjerstaklaga mjólkur, er staðið hefur hjá sjúklingnum.

Sje það of miklum erfiðleikum og umsvifum bundið að tiltölu að hreinsa lausa muni, getur læknirinn látið brenna þá eða eyða á annan hátt, enn skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Heimilt er og hlutaðeigandi hjeraðslækni, að skipa fyrir sóttnæmishreinsun gegn næmum sjúkdómum, er aðeins stynga sjer niður á einstöku stað og eigi eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera.

Kostnaður við allar sóttnæmishreinsanir eptir þessari grein skal greiddur af almanna fje. Landshöfðingi sjer um, að ætíð sjeu fyrir liggjandi í lyfjabúðum, á kostnað landssjóðs, svo miklar birgðir af efnum þeim, er þurfa til sóttnæmishreinsunar, sem landlæknir álítur nægja, og sje þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum.

9. grein.

Nú hefur sjúkdómur, er tekinn er til meðferðar af hálfu hins opinbera, gert vart við sig á heimili, þarsem eru börn er ganga í skóla, og mega þau þá eigi koma í skólann fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefið skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki (Difteritis eða Krup) gjört vart við sig á einhverju heimili, skal þessa og gætt þótt sjúkdómurinn eigi sje tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera. Nú gjörir barnaveiki (Difteritis eða Krup) eða einhver

annar sjúkdómur, er tekinn er til meðferðar af hálfu hins opinbera, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kennslu í skólanum þangað til læknir hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út.

10. grein.

Í sveitum og bæjum, þar sem sjúkdómurinn gengur, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, ef sóttvarnarlæknir fer fram á slíkt, skipað að loka skuli skólum (almennum eða einstakra manna) og bannað opinberar skemmtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveizlur og þesshátttar), þar sem margir koma saman í sama húsi. Einnig má banna líkfylgdir. Ráðstafanir þessar skal auglýsa á venjulegan hátt og skal æðri yfirvöldum skýrt frá þeim svo fljótt sem unnt er.

11. grein.

Þá er nægur sjúkdómur er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera samkvæmt lögum þessum, fær farsóttarlæknir af allmanna fje sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera, nema öðruvísi sje umsamið milli hans og hlutaðeigandi yfirvalds.

Á ferðum sínum til að leysa af hendi skyldur þær, er lög þessi leggja landlækni á herðar, fær hann dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað af landssjóði einsog fyrir embættiseptirlitsferðir.

12. grein.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar eru samkvæmt lögum þessum eða fyrirskipunum, þeim samkvæmt, skal greiða af almanna fje, ennfremur öll útgjöld til farsóttarlæknis, aðhjúkrunar sjúkra manna og til meðala í sjúkdómstilfellum, er tekin eru til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal slík útgjöld aldrei telja fátækrastyrk. Þó skulu þeir er fengið hafa læknishjálp, aðhjúkrun og meðöl í heimahúsum í slíkum tilfellum, og eptir áliti sveitarstjórnar eru til þess færir, endurborga hann, og skal hann lögtaki tekinn öðrum kosti.

Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8 gr. laga þessara, skulu ákveðnar með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Kostnað við virðingargjörðina skal greiða af almanna fje. Bæði hið opinbera og hinir, er í hlut eiga, geta krafizt yfirmatsgjörðar, og meta þá 4 dómkvaddir menn. Fái sá er heimtað hefur yfirmat, eigi hærri skaðabætur eptir hinni seinni gjörð en eptir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þenna greiða af almanna fje.

13. grein.

Útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr landssjóði (4. kafli 8. gr. og 2. kafli 11. gr.) eða úr sveitar eða bæjarsjóði (3. kafli 5. gr.), skal, ef þau eigi fara fram úr 100 kr., greiða úr hlutaðeigandi sýslu eða bæjarsjóði. Úr landssjóði skal greiða það, er framyfir er 100 kr.

Útgjöld við meðferð sjúklinga í húsi því, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. desember 1875 um mótvarnir gegn því að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og

aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands, skal þó eptirleiðis greiða einsog ákveðið er í nefndum lögum.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum, samkvæmt þeim, varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.

Með mál er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

15. gr.

Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu er úr gildi numin.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1896.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin gildandi lagaákvæði um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma í tilskipun 17. apríl 1782 eru nú úrelt, þarsem mart er orðið svo umbreytt síðan tilskipun þessi var gefin út, og hún þaraðauki hefur þann verulega galla, að allar sóttvarnarfyriskipanir verða eptir henni að útganga frá landlækni. Stjórninni hefur því virzt ástæða til að reyna að fá lögleidd ákvæði í þessu efni, er betur fullnægðu kröfum tímans, og hyggur hún, eptir því sem ráða má af umræðum um þetta mál á alþingi 1894, að þingið muni vera því sinnandi.

Mörg undanfarin ár hefur í öllum menntalöndum, bæði í vísindum og löggjöf, verið kostað kapps um að finna svo tryggar ráðstafanir sem mest má verða gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Reglum þeim, er fallizt hefur verið á í þessu efni, er að mestu leytir þannig varið, að þær geta átt við hvar sem er, og var því eðlilegt að taka hin nýrri sóttvarnalög annara landa til fyrirmyndar við samning lagafrumvarps þessa efnis fyrir Ísland, og þá sjerstaklega lög fyrir Danmörku 30. marz 1892 um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, er einnig eru fyrirmynd laga sama efnis 30. marz þ. á. fyrir Færeyjar. Í þessu efni eru landshættir að mörga leyti líkir á Færeyjum og á Íslandi, og er því frumvarp þetta beinlínis lagað eptir þessum lögum, en þau eru yfirhöfuð að tala miklu óbrotnari og hafa minni kostnað í för með sjer en lögin fyrir Danmörku sjálfa. þareð þó allmikill munur er, sumpart að því er snertir landsháttu og sumpart að því er snertir fyrirkomulag valdsstjórnarinnar, hefur orðið að breyta mörgu og jafnvel sumstaðar alveg að sleppa fyrirmyndinni, og fara þessar breytingar einkum í þá átt, að dreifa enn meir framkvæmdarvaldinu.

Að því er snertir einstakar greinir frumvarpsins skal þessa getið.

Við 1. gr.

Hjer er farið fram á að hjeraðslæknum og aukalæknum þeim, er laun hafa úr landssjóði, skuli undir yfirumsjón landlæknis og landshöfðingja fyrst og fremst falið á hendur að ákveða hverjum í sínu umdæmi, nær gjöra skuli ráðstafanir til þess að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma og annast framkvæmdir allar í þessu efni, en landshöfðingi getur sett einn eða fleiri lækna þeim til aðstoðar, þegar svo mikið er að gjöra, að þeir geta eigi leyst það allt af hendi. Læknar þeir, er vald þetta hafa, nefnast einn nafni farsóttarlæknar.

Við 2. gr.

Af sjúkdómum þeim, er samkvæmt hinum dönsku og færeysku lögum ætíð skal taka til meðferðar af hálfu hins opinbera, er eptir tillögum landlæknis, blóðsótt (Dysenteri) sleppt og styður hann þessa tillögu sína á því, að á Íslandi styngi sjúkdómur þessi sjer niður á hverju ári á ýmsum stöðum og breiðist enda nokkuð út, en sje hættulítill, og sje því venjulega eigi jafnmikil ástæða til að taka hann til meðferðar af hálfu hins opinbera á Íslandi einsog í Danmörku, þarsem hann er vanur að vera allskæður. En þarsem það þó líka getur komið fyrir á Íslandi að sjúkdómur þessi verði skæður, er í 2. kafla greinarinnar farið fram á, að ákveða megi, ef svo fer, að hann skuli einnig taka til meðferðar af hálfu hins opinbera, einsog aðra næma sjúkdóma, er þar eru nefndir. Aptur á móti er í frumvarpi þessu farið fram á að mislingasótt og skarlatssótt (flekkusótt) ætíð skuli teknar til meðferðar af hálfu hins opinbera, en eptir hinum dönsku og færeysku lögum verða þær það aðeins, þegar þær eru skæðar, og hefur landlæknir viðvíkjandi þessum sjúkdómum getið þess, að þeir liggi ekki í landi á Íslandi einsog í Danmörku, þar sem þeir mestmegnis koma fram einungis á börnum, heldur gangi þeir þar aðeins endrum og sinnum og með 20—40 ára millibili, en sjeu svo einmitt af því, hvað sjaldan þeir eru þar og menn því ekki fái þá á barnsaldri, miklu hættulegri en í Danmörku og geri mikið tjón, einsog t. d. 1882. Á Íslandi er það því líklegt, að hægt sje að kæfa sjúkdóma þessa, er þeir koma þangað, þegar í byrjun, áður en þeir nái að breiðast út og þannig hlífa landinu um mörg ár í senn fyrir eyðileggingu þeirri, er þeir hafa í för með sjer, og verður stjórnin því að vera á sama máli og landlæknir, að full ástæða sje til að fyrirskipa, að sjúkdóma þessa skuli ætíð taka til meðferðar af hálfu hins opinbera.

Einsog vikið er á að framan, er það eðlileg afleiðing af hinum miklu vegalengdum og slæmu samgöngum á Íslandi, að hinar fyrstu ráðstafanir, þegar næmur sjúkdómur er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera, sjerstaklega þær er snerta einangrun og hreinsun, sem jafnan verða aðalatriðin í meðferð sjúkdómsins, geta eigi beðið eptir úrskurði hinna æðstu yfirvalda, og ekki heldur að því er snertir sjúkdóma þá, er nefndir eru í 2. kafla greinar þessarar, heldur verði hlutaðeigandi læknir að hafa vald til gjöra þær til bráðabirgða. Þegar svo stendur á, er þó ákveðið að skýra skuli landshöfðingja svo fljótt sem unnt er, ef þörf gjörist með hraðboða, frá málavöxtum, er síðan ráðgast um við landlækni, og leggar á fullnaðar ákvæði um þær ráðstafanir, er honum líst. 3. og síðasti kafli greinarinnar ákveður nákvæmar, hvernig skýrt skuli frá þessu og hvernig skuli auglýsa bæði ráðstafanir til bráðabirgða og fyrir fullt og allt.

Við 5. gr.

Nauðsyn virðist bera til, að almenn skylda hvíli á mönnum til að skýra frá því, ef einhver af sjúkdómum þeim, er lögin tala um, hefur gjört vart við sig, en opt er svo langt til farsóttalæknis og lögreglustjóra, að ósanngjarnt væri að ætlast til að hlutaðeigandi fari alla leið til annars hvors þeirra, til að skýra frá þessu, og er því farið fram á, að nóg sje að hann skýri einhverjum úr sveitarstjórninni frá, er síðan er skyldur að láta lækni vita um það. Farið er fram á, að kostnaður við ferðalög í þessum erindum í vissum nákvæmar tilnefndum tilfellum skuli greiddur þeim, er skýrir frá, úr sveitarsjóði.

Við 7. gr.

Af sömu ástæðum og að framan eru tilgreindar við 5. gr., er hjer farið fram á, að auk lögreglustjóra skuli hreppstjórum gefið vald til að banna mönnum að koma inn í hús, á bæ eða bústað, þarsem næmur sjúkdómar er kominn upp, þareð þvínæst er líklegt, eptir því sem tilhagar á Íslandi, að takast mætti og að gagni verða, að afkvía heila kaupstaði, kauptún og þorp, eða parta af þeim eða önnur stór svæði, er farið fram á að lögreglustjóra sje gefin heimild til að fyrirskipa það.

Við 8. gr.

Að því er snertir ákvæði greinar þessarar um sóttnæmishreinsanir, er verða munu örðugar á Íslandi vegna þess, hvernig húsakynnum er háttað og af því hreinsunarofna vantar, skal þess getið, að stjórnin gjörir ráð fyrir, að samin verði reglugjörð um þessar hreinsanir. Eptir tillögum landlæknis er hjer tekið upp ákvæði um, að í öllum lyfjabúðum landsins skuli á kostnað landssjóðs vera stöðugar birgðir af efnum þeim, er höfð eru til hreinsunar og hefur hann getið þess, að án ákvæðis þessa verði eigi búizt við, að lyfjabúðir verði ávallt svo birgar af efnum þessum, að nóg sje fyrir hendi, ef landfarsótt ber að höndum, en eptir að hún er byrjuð, sje of seint að útvega þau annarsstaðar að. Landlæknir eða þá hlutaðeigandi hjeraðslæknir skulu hafa gætur á því, að efni þessi, er keypt eru á kostnað landssjóð, sjeu til í hverri lyfjabúð.

Við 11. gr.

Að því er snertir borgun til farsóttarlækna og landlæknis fyrir ferðalög, er þeir verða að gera til þess að gjöra ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er hjer farið fram á, að hinar almennu reglur um ferðir og störf þessara embættismanna í þarfar hins opinbera komi hjer til greina.

Við 13. gr.

Samkvæmt tillögum landshöfðingja er hjer farið fram á, að útgjöld við ráðstafanir þær, er fyrirskipaðar eru í lögum þessum og ekki er sjerstaklega ákveðið um, að greiða skuli úr landssjóði eða sveitarsjóði, skuli skipt þannig á milli hlutaðeigandi sýslusjóðs eða bæjarsjóðs og landsjóðs, að hinir fyrnefndu eigi greiði meir en 100 kr. á einu ári, en landssjóður hitt.

Frumvarp til laga

um

að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum.

(Lagt fyrir alþingi 1895.)

1. grein.

Stjórninni veitist heimild til á kostnað landssjóðs að láta byggja spítala í nánd við Reykjavík handa holdsveikum mönnum, er rúmi allt að 60 sjúklingum. Til að útvega jörð og til húsbyggingarinnar með naglföstum búshlutum innanstokks má verja allt að 50,000 kr. Til húsbúnaðar og áhaldakaupa má verja 12,000 kr.

2. grein.

Árleg útgjöld til sjúkrahússins skal veita á fjárlögunum.

3. grein.

Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er eptir ráðstöfun hins opinbera eru þangað sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sje rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann, fyrir ársborgun, er landshöfðingi ákveður.

4. grein.

Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir suður og vestur amtinu og landlæknir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1848 var, einsog kunnugt er, eptir miklar rannsóknir og ráðagerðir ákveðið, að leggja skyldi niður hina afargömlu spítala á Íslandi, er sjerstaklega voru fyrir holdsveika menn, og að eignir þeirra, er voru allmiklar (í peningum um 30,000 kr. og jarðeignir um 24,000 kr. virði) og tekjur spítalanna 2,000 kr. á ári, skyldi smámsaman safna í sjóð og ávaxta í þeim tilgangi síðarmeir að geta bætt læknaskipunina í landinu, er

mjög þurfti umbóta við. Eptir að búið var að gjöra umbætur þessar á kostnað landssjóðs, sumpart með lögum 15. október 1875 um aðra skipun læknishjeraðanna á Íslandi og fl., sumpart með lögum 11. febrúar 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík, voru eignir þessar, er fyrir utan jarðeignirnar námu nú um 140,000 kr., og tekjur spítalanna, er með tilskipun 12. febrúar 1872 um spítalagjald af sjávarafla voru hækkaðar upp í um 6,000 kr. á ári, slegið saman við aðrar eignir og tekjur landssjóðs.

Áreiðanlegar skýrslur um tölu holdsveikra manna í landinu eru ekki til, hvorki frá tímum spítalanna nje eptir 1848, en eptir það ár hefur hjúkran og framfærsla holdsveikra manna hvílt á sveitarfjelögunum, og hefur hið opinbera eigi gjört neitt að mun til þess að eyða sjúkdómnum. Árið 1872 var prestunum falið á hendur á ári hverju að gefa landlækni skýrslu um holdssveika menn eptir skýrsluformi, er samið var í þeim tilgangi; hjeraðslæknar voru þá svo fáir, að of örðugt var fyrir þá að gefa áreiðanlegar skýrslur um þetta efni. En ráðstöfun þessi hefur ekki reynst vel, og á seinni árum hefur af mörgu mátt ráða, að þessi hræðilegi sjúkdómur í raun og veru er miklu almennari á Íslandi, en vænta mátti eptir hinum opinberu skýrslum prestanna. Kom þetta einkum í ljós í fyrra við rannsóknir manna þeirra, er Dr. med. Ehlers frá Kaupmannahöfn var fyrir, og með styrk af ríkissjóði ferðuðust um Ísland til þess að rannsaka holdsveikina þar. Af skýrslu þeirri um árangur rannsóknanna, er formaður sendifararinnar sendi stjórninni, má sjá, að hann hefur orðið var við yfir 140 holdsveika menn; hefur hann sjeð suma sjálfur, en fengið nákvæma lýsingu á sumum, en eptir hinum opinberu skýrslum ætti tala hinna holdsveiku ekki að ná 50. En það er þvínæst óefað, að fyrri talan muni heldur ekki sýna fulla tölu hinna holdsveiku, því að bæði var það vegna þess, hve vegalengdir eru miklar, sömgöngur slæmar og tíminn stuttur, ómögulegt fyrir sendimennina að afla sjer upplýsinga um öll sjúkdómstilfelli í landinu, og þar til kemur að þvínær allir þeir sjúklingar, er rannsakaðir voru, höfðu veikina í slæmri mynd, en þau tilfelli örfá, er rannsökuð voru, þarsem veikin var í byrjun. Eflaust má því gjöra ráð fyrir að tala sjúklinganna sje í raun og og veru talsvert hærri en áður sagt, og hallast landlæknir Schierbeck, eptir því sem fram er komið í þessu máli, að þeirri skoðun, að hinir holdsveiku muni eigi vera öllu færri en 200 í öllu landinu, eða um 3 ‰ af öllum landsbúum, og er það meira en í Noregi fyrir 35—40 árum síðan, þagar fyrst var komið á áreiðanlegri tölu og árlegum skýrslum um sjúklingana, um leið og stofnuð voru meðal annars sjúkrahús eða stofnanir handa þeim. Þá voru í Noregi 2833 holdsveikir menn, eða því sem næst 2 ‰ af öllum landsbúum.

Af því áreiðanlegar skýrslur vanta, er eigi hægt að sjá með vissu, hvort holdsveikin sje að fara í vöxt eða máske hafi gjört það lengi að undanförnu, en jafnvel þó eigi sje álitið að sjúkdómurinn sje enn þann dag í dag að ágerast, hlýtur það að vekja hinar alvarlegustu áhyggjur hjá mönnum, hve útbreiddur hann er, eptir því sem komið er fram, og það því fremur sem auðsætt er, að pareð sjúkdómurinn að allra áliti er sóttnæmur, er mjög hætt við að hann breiðist enn þá meir út, til ómetanlegs tjóns fyrir landið, einkum þar sem margt annað ástand ljettir fyrir útbreiðslu hans, hinn vesæli aðbúnaður og önnur lífskjör, er flestir hinna holdsveiku manna sæta, að engar ráðstafanir eru gjörðar til að halda þeim afskekktum, svo að þeir hafi sem minnst mök við aðra, og ekki síst það, hvernig holdsveikir sveitarlimir eru látnir flækjast bæ frá bæ. Það virðist því mál til komið, að landsstjórnin gjöri allt, sem í hennar valdi stendur til að útrýma sjúkdómnum, og mælir eigi aðeins hætta sú, er þjóðfjelagið er í, með því, heldur einnig mannúðarkröfur um að bæta úr ópolandi ástandi sjúklinganna. Kostnaður sá er hjer ræðir um, er bæði þess eðlis og svo mikill, að eigi getur verið umtalsmál, að leggja hann á nokkurn annan opinberan sjóð en landssjóð. Hann einn er fær um að bera kostnað þennan og inn í hann hafa og

runnið allmiklar eignir og tekjur, er ætlaðar voru til hjúkrunar og framfærslu holdsveikum, án þess þeim væri veitt neitt í staðinn. Fjárhagur landsins er heldur eigi svo bágborinn, að með sanni verði sagt að útgjöld þau, er hjer koma til greina, sjeu því um megn.

Eptir reynslu Norðmanna, og hjá þeim var ástand all líkt í þessu efni og nú er á Íslandi, er hin fyrsta aðalráðstöfun, er gjöra þarf, að stofna einn eða fleiri spítala eða aðhjúkrunarstofnanir fyrir holdsveika menn, þarsem þeir fái góða aðhjúkrun og skynsamlega meðferð, og þvínæst þarf að gefa út lög, er fyrirskipi vissar einangrunarreglur, er miði til að útiloka eða tálma útbreiðslu sjúkdómsins. Auk þess hefur bæði dr. Ehlers og landlæknir og landshöfðingi lagt það til, að reynt verði að koma á talningu holdsveikra manna, þannig að eptirleiðis megi með vissu vita, hve margir þeir eru, og þannig hægt að dæma um áhrif þau, er framangreindar ráðstafanir hafa, og þvínæst að gefið verði út leiðbeinandi rit við alþýðu hæfi um meðferð holdsveikra manna, sjerstaklega að því er snertir heilbrigðisráð og aðbúnað þann, er helst ætti að veita sjúklingunum í heimahúsum, og að því er snertir varúðarreglur viðvíkjandi samneyti þeirra við aðra, er gæta verður af beggja hálfu.

Á frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 er farið fram á fjárveitingu til framkvæmda hins síðast talda.

Því næst hafa þegar gjörðar verið af stjórninni hinar nauðsynlegu ráðstafanir til að fá nákvæmari skýrslur um holdsveika menn. Tilhögunin frá 1872 hefur einsog áður er sagt langt frá því reynst vel. Stjórnarráðið álítur að áreiðanleg skýrsla um tölu holdsveikra manna aðeins fáist með því að fela læknunum það starf á hendur; læknaskipun á Íslandi hefur náð verulegum umbótum, svo að nú eru 20 hjeraðslæknar og 13 aukalæknar, er laun hafa úr landssjóði, og má því ætla, að eigi sje um of að fela þeim nákvæma talningu allra holdsveikra manna eitt sinn fyrir öll, ef þeim er veittur nógu langur tími til þess, og er landshöfðingi og á þessari skoðun. Öllum hjeraðslæknum og aukalæknum er því boðið að byrja svo fljótt, sem unnt er, þessa talningu í umdæmum sínum og halda henni áfram stöðugt þartil lokið er, og skulu þeir smámsaman rannsaka hvert einasta heimili og nota til þess öll tækifæri, er þeim bjóðast til þess, á ferðalögum til að vitja sjúklinga og á embættisferðum sínum. Rannsókninni og tölunni skal lokið fyrir 1. júlí 1898, og skal þá hlutaðeigandi læknir innan mánaðar senda landlækni skrá yfir alla holdsveika menn, er finnast í umdæmi hans, og skal þar eptir skýrsluformi, er landlæknir eptir ráðstöfun landshöfðingja semur, nákvæmlega skýrt frá aldri, bústað og lífsstöðu sjúklingsins, tegund sjúkdómsins, og hvernig hann hafi hagað sjer og fl. Þá er landlæknir hefur fengið allar þessar skýrslur, semur hann aðalskrá yfir alla holdsveika menn á landinu. Þá er þessi aðalskrá er fengin, má að líkindum láta sjer nægja að láta hreppsnefndir ár hvert þaðan í frá annast talninguna, þannig að læknarnir hafi eptirlit með þeim og aðstoði þær.

Um ráðstafanir þær, er þurfa þykir, um einangran holdsveikra manna og um heimild fyrir yfirvöld til að láta flytja þá á sjúkrahús nauðuga, ef svo ber undir, hefur stjórnarráðið þvínæst samið sjerstakt lagafrumvarp, er verður lagt fyrir þingið ásamt þessu frumvarpi með athugasemdum þeim, er þurfa þykir. Að vísu verður því ekki neitað, að vegna landshátta hljóta allar einangrunarreglur að verða að mestu árangurslausar þangað til fengið er sjúkrahús líkt því, er farið er fram á í frumvarpi þessu, en þareð æskilegt virðist vera, að lagaákvæði þau, er nauðsynleg eru í þessu efni, komi svo fljótt, að þau sjeu orðin kunn almenningi áður og geti gengið í gildi um leið og sjúkrahúsið verður tekið til afnota, hefur virzt rjett nú þegar að leggja fyrir þingið frumvarp, er gengur í þessa átt.

Að því nú loks frumvarp þetta snertir, skal fyrst og fremst ekki bera á móti því, að mál þetta að því er snertir byggingu og útbúning spítalans ekki er svo vel undirbúið, sem æskilegt væri. Að fullkomnar skýrslur um tölu, lífsstöðu og hagi holdsveikra manna yfir höfuð að tala, vanta, gerir að vísu ekki mikið til, því eptir því, sem þegar er fram komið, getur víst enginn vafi verið á því, að hvernig sem rannsóknir þær, er í þessu efni þegar er byrjað á, verða, verði þörf á sjúkrahúsi á stærð við það, sem hjer er farið fram á. Aptur á móti hefði að rjettu lagi átt að leggja fyrir þingið uppdrætti og áætlun að spítalanum eptir byggingafróðan mann, eptir að hann eða annar kunnugur hefði kynnt sjer eina eða fleiri af hinum norsku stofnunum, er helzt mætti hafa til fyrirmyndar við hið íslenzka sjúkrahús; einnig hefði verið æskilegt, að jafnframt hefði verið hægt að koma fram með ákveðna tillögu með tilliti til þess, hvar sjúkrahúsið skyldi byggja og með tilliti til þess, hvort leggja skyldi jörð til þess, meðal annars til þess að sjúklingar þeir, er vinnufærir eru, geti unnið úti við á sumrin, og eins um hvaða aðra vinnu mætti fá þeim og því um líkt. En hvorki hefur verið tími nje fje til að gera þetta. Að stjórnarráðið eigi að síður nú þegar fer fram á, að byggt verði sjúkrahús af ákveðinni stærð og að veitt verði ákveðin upphæð til þessa, þá ber til þessa sumpart það, að hún álítur, að í álitsskjali landlæknis Schierbecks, er prentað er sem fylgiskjal við athugasemdir þessar, og í uppdrætti þeim, er því fylgir og þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, felist í raun-inni nægar upplýsingar um þau aðalatriði, er mest er komið undir, til þess að geta gert sjer nokkurnveginn ljósa hugmynd um kostnað við að byggja hæfilega stórt sjúkrahús, sumpart er það, að af því mál þetta er svo mikilsvarðandi, þótti stjórninni varhugavert að láta þing þetta ganga um garð, án þess því væri gefinn kostur á því að sýna, hvort það er á sama máli og stjórnin um, að nauðsyn sje á svo fljótt sem unnt er að gera duglegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að holdsveikin breiðist meira út, og vilji eptir þeim upplýsingum, er þegar hefur verið hægt að fá, veita liðsinni sitt til þess þegar á þessu ári, að gera þá ráðstöfun, er ræðir um, sem sje að reisa spítala, og sem stjórnin gat eigi frestað að koma fram með tillögu um, ef ekki ætti að láta dragast lengur en æskilegt er framkvæmdir í aðalatriði alls málsins, og um leið mest af því, er löggjafarvaldið getur gert í þessu máli.

Að því er snertir árlegan kostnað við afnot sjúkrahússins, skal þess getið, að eðlilegast virðist, að á fjárlögunum verði veittar þær upphæðir, er til þess ganga, og þareð eigi má búast við að sjúkrahúsið verði búið til afnota fyr en í fyrsta lagi haustið 1897, mun nóg í fyrsta sinn að fara fram á fjárveitingu til þess á fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, eða ef þörf gjörist á fjáraukalögum fyrir árin 1896 og 1897, er lögð verða fyrir alþingi 1897, og munu þá fengnar þær upplýsingar, er nú vanta.

Að því er snertir einstakar greinir frumvarpsins, skal þessa getið.

Við 1. gr.

Eptir tillögum landshöfðingja og landlæknis er, mestmegnis kostnaðarins vegna, aðeins farið fram á, að byggja skuli einn spítala og að hann sje nálægt Reykjavík; mun það vera hentast, sjerstaklega vegna læknisþjónustu á honum og yfirumsjónar við hann.

Að því er snertir sjúklingafjölda þann, er spítalinn alls á að geta rúmað, og hve mikið fje skuli fara fram á að veitt verði til þess að byggja hann, hefur stjórnarráðið álitið, að hægt sje að mestu að fylgja tillögum landlæknis og skal því í þessu efni vísað til

framangreinds álitsskjals. Þó hefur stjórnarráðinu virzt ástæða til að hækka upphæð þá, er landlæknir áætlar fyrir húsinu, hreinsunarofni, líkhúsi og fl., alls 46,430 kr., uppí 50,000 kr., þareð landlæknir ekkert hefur áætlað fyrir lóð undir húsið eða fyrir jörð handa því; ennfremur er æskilegt að hafa dálítið fje til umráða, bæði til þess, ef þörf gjörist, að senda hæfan mann til Noregs, til þess að kynna sjer þar eina eða fleiri stofnanir fyrir holdsveika menn, og til þess að láta búa til uppdrætti og áætlun fyrir fullt og allt fyrir spítalahúsið. Í byggingaráætlun landlæknis mun og vanta ýmislegt, og verður yfir höfuð að tala að skoða hana aðeins sem leiðbeining að því, er snertir kostnaðinn við þetta fyrirtæki.

Fjárveiting sú, sem farið er fram á til útbúnings og áhaldakaupa, 12,000 kr., er þvínær alveg einsog landlæknir fer fram á, og hefur hann þar farið eptir upplýsingum, er hann hefur fengið um líkar stofnanir í Kaupmannahöfn.

Við 2. gr.

Einsog getið er um hjer að framan, er enn sem komið er óþarfi að fara fram á fjárveitingu fyrir útgjöldum við afnot sjúkrahússins; og skal því í þessu efni aðeins skýrskotað til útreikningsins um kostnað við afnot þess í álitsskjali landlæknis. Nokkuð af kostnaði þessum virðist rjett að láta sveitar og bæjarfjelögin endurborga landssjóði, nfl. fyrir sjúklinga þá, er njóta sveitarstyrks og sveitar- eða bæjarstjórnir láta flytja á sjúkrahúsið, en að því er þetta efni snertir, skal skýrskotað til frumvarpsins til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, og til athugasemda þeirra, er því fylgja.

Við 3. gr.

Það virðist sjálfsagt að sjúkrahúsið einnig, að svo miklu leyti, sem rúm leyfir, taki á móti þeim, er sjálfir vilja fara þangað, en þó þannig að þeir einnig eptir að tekið hefur verið á móti þeim, sjeu skyldir til að víkja fyrir þeim, er sjúkrahúsið fyrst og fremst er ætlað. Farið er fram á að landshöfðingi ákveði borgun þá, er þessir menn skulu greiða og virðist hún eiga að svara til útgjalda við afnot sjúkrahússins, að því er þá snertir.

Við 4. gr.

Ákvæði það er hjer er farið fram á virðist eigi þurfa neinna skýringa við.

Fylgiskjal.

(þýðing.)

Með virðulegu brjefi 14. þ. m. hefur hið háa stjórnarráð sent mjer brjef landshöfðingja 4. febrúar þ. á. um holdsveikina á Íslandi ásamt með afskrift af lögum fyrir konungsríkið Noreg 6. júní 1885 um þvingunaraðskilnað holdsveikra manna frá öðrum mönnum, og beðið um umsögn mína og tillögur í þessu máli, sjerstaklega að því er snertir stofnun eins eða fleiri spítala fyrir holdsveika, stærð þeirra, fyrirkomulag, hvernig haga skuli læknishjálp og annari þjónustu og ennfremur, að svo miklu leyti sem hægt er, áætlun um kostnað við byggingu hans eða þeirra og útbúning, og hve mikill kostnaður mundi verða við það á ári, og að lokum að því er snertir lög um þvingunaraðskilnað holdsveikra manna frá öðrum mönnum og flutning þeirra á slíkan spítala og fl.

Einsog í hinu fyrra brjefi mínu til stjórnarráðsins um þetta mál, skal jeg aptur leyfa mjer virðingarfyllst að taka fram, hversu nauðsynlegt er að koma á áreiðanlegri talningu holdsveikra manna á Íslandi. Í Noregi er talið á hverju ári síðan 1856, og jeg álít samkvæmt upplýsingum þeim, er jeg hefi fengið þaðan, að æskilegt eða öllu heldur nauðsynlegt sje, að einnig sje talið á hverju ári á Íslandi; með því að telja á hverju ári og halda þannig stöðugt áfram rannsókninni, fást áreiðanlegastar skýrslur, og ef ekki er talið nákvæmlega á hverju ári, er eigi hægt að dæma svo vel sje um áhrif þau, er ráðstafanir þær hafa, er Ísland nú með svo miklum kostnaði ætlar að gjöra til að útrýma sjúkdómnum. Í Noregi er þannig talið, að heilbrigðisnefndirnar skýra hlutaðeigandi læknum frá nýum tilfellum, er haldið er, að vera muni holdsveiki, og rannsaka læknarnir þau svo fljótt, sem unnt er. Á Íslandi álít jeg að gjöra ætti hreppstjórum að skyldu, að skýra hlutaðeigandi læknum frá holdsveikistilfellum í sóknum sínum, auðvitað verða læknarnir sjálfir á Íslandi einsog í Noregi að nota sjerhvert tækifæri til að fá upplýsingar um holdsveika menn; en ef læknarnir ekki fá þessa hjálp hjá hreppstjórunum álít jeg, að þeim sje lagt af mikið aukaerfiði á herðar, ef þeir eiga að rannsaka hvert einasta heimili á Íslandi, að minnsta kosti ef telja á á hverju ári.

Að því er snertir talning holdsveikra manna á Íslandi, leyfi jeg mjer því, að koma fram með eptirfylgjandi tillögur:

1) Telja skal holdsveika menn á ári hverju.

2) Hreppstjórum skal gjört að skyldu að skýra hlutaðeigandi lækni brjeflega frá tilfellum þeim í sóknum þeirra, er grunur leikar á um að sjeu holdsveiki.

3) Hjeraðslæknar og aukalæknar eru skyldir til, svo fljótt sem unnt er, að rannsaka tilfelli þau, er þeim er skýrt frá, og ennfremur við öll tækifæri að vera sjer úti um allar upplýsingar viðvíkjandi holdsveikum mönnum í umdæminu.

4) Hreppstjóri skýrir lækni frá dauða holdsveikra manna.

5) Læknarnir senda á ári hverju landlækni skýrslu yfir holdsveika menn í umdæmum þeirra, og skal þar skýrt frá nafni, aldri og bústað sjúklingsins, tegund sjúkdómsins o. s. frv.

6) Landlæknir semur á ári hverju aðalskrá yfir holdsveika menn á öllu landinu.

Jeg skal leyfa mjer að koma fram með nokkrar upplýsingar úr norskum ritum viðvíkjandi holdsveiki þar í landi; má af þeim læra talsvert að því er snertir Ísland.

1836 ljet hin norska stjórn í fyrsta sinn telja holdsveika menn þar í landi; gjörðu prestarnir það og töldust þá 659. Í annað sinn veru holdsveikir menn taldir við hið almenna manntal 1845 og töldust þá 1,123. Í þriðja sinn voru holdsveikir menn taldir 1853 og hjálpuðu hjeraðslæknarnir til við talninguna og töldust þá 1,782 holdsveikir.

Einsog sumir álíta nú, að holdsveikin fari óðum í vöxt á Íslandi, af því holdsveikir menn teljast fleiri þá er læknar telja, en þeir töldust við talning prestanna; þannig var og álitið í Noregi, að sýkin færi óðum í vöxt. Yfirlæknir O. G. Hoegh segir í skýrslu sinni 1855 til innanríkisráðaneytisins: »Því má með vissu álíta, að holdsveikir menn hafi fjölgað mjög í ríkinu hina síðustu 3 áratugi.« En seinna, þegar rólegar var litið á málið og talið hafði verið á hverju ári í mörg ár, sáu menn, að hinar lágu tölur prestanna áttu rót sína að rekja til ónákvæmra talninga og að engin ástæða var til að álíta að veikin hefði farið í vöxt á nefndu tímabili. Yfirlæknir Hjort segir í riti sínu »um holdsveikina í Noregi, Kristjanía 1871« bls. 31: »Árangur hinna fyrstu talninga virtist sýna, að holdsveikin færi óðum í vöxt á vesturströnd landsins, og þetta atriði var það, sem kom yfirstjórn læknaskipunarinnar til að hugsa um ráðstafanir, er betur og fljótar ynnu að því að stöðva og útrýma sjúkdómnum. Brátt komust menn þó á þá skoðun, að það, að svo leit út sem sjúkdómurinn hefði vaxið mjög mikið á árunum 1836—1856, ætti rót sína að rekja til þess, að mjög illa hefði verið talið og að holdsveikir menn hefðu verið miklu fleiri á þessum árum, en ráða mátti af þessum fyrstu talningaskýrslum, en á hinum síðustu 14 ár hefur verið talið miklu nákvæmar og það gjört menn, er betra vit höfðu á því málefni«.

Af skrá þeirri yfir talning holdsveikra manna í Noregi á hverju ári og yfir þá, er voru á stofnununum og fyrir utan þær, er tilfærð er hjer á eptir og tekin eptir „Norvegs opinberu hagsskýrslum, þriðju röð, nr. 185, Kristjania 1893“, má sjá, að með því að aðskilja 25—30 % af hinum holdsveikum mönnum, þá er hættast er við að breiði sjúkdómium út, frá öðrum mönnum, má draga úr sjúkdómnum, og að alltaf dregur meir og meir úr honum, þareð þeir alltaf verða fleiri og fleiri að tiltölu, er skildir eru frá öðrum mönnum, eptir því sem sjúklingarnir fækka.

Skrá yfir holdsveika menn í Noregi frá 1856—1890.

Ár.	Tala holdsveikra manna alls.	Tala þeirra, er voru utan stofnana.	Tala þeirra, er voru á stofnunum.
1856	2,833	2,598	235
1857	2,766	2,339	427
1858	2,769	2,294	475
1859	2,790	2,267	523
1860	2,757	2,218	539
1861	2,739	2,028	711
1862	2,707	2,009	698
1863	2,696	1,948	749
1864	2,695	1,914	781
1865	2,682	1,910	772
1866	2,674	1,879	795
1867	2,663	1,876	787
1868	2,653	1,865	788
1869	2,607	1,820	787
1870	2,526	1,762	764
1871	2,428	1,681	747
1872	2,335	1,627	708
1873	2,264	1,592	672
1874	2,209	1,566	643
1875	2,122	1,499	623
1876	2,053	1,440	613
1877	2,001	1,372	629
1878	1,959	1,341	618
1879	1,879	1,277	602
1880	1,795	1,178	617
1881	1,692	1,092	608
1882	1,614	1,061	553
1883	1,557	1,022	535
1884	1,463	944	519
1885	1,377	855	522
1886	1,270	748	522
1887	1,218	704	514
1888	1,156	631	525
1889	1,081	551	530
1890	954	447	507

1866 voru flestir sjúklingar á stofnununum eða 795 (þær voru þá nær því fullar, því ætlast er til, að þær geti tekið á móti 800 sjúklingum), en þó voru þeir, er aðgreindir voru, að eins 30 % af öllum holdsveikum mönnum í Norvegi; 1890 voru þar á móti aðeins 507 sjúklingar á stofnununum; en þá voru hinsvegar aðeins 954 holdsveikir menn alls í Norvegi og hlutfallstala hinna aðgreindu því 53 %. Að öllum líkindum hefur það því frá því um 1870 farið að koma fram í Noregi, að þar vantaði lög um aðskilnað holdsveikra manna frá öðrum mönnum, því þá fór að fækka á stofnununum. Heppilegt mun því vera að fá slík lög þegar fyrir Ísland, lík hinum norsku lögum 6. júní 1885, því þá geta menn haft von um að sjúkrahúsið alltaf verði fullt, og að þannig verði þess skemmur að bíða, að sjúkdómurinn verði alveg upprættur. Í Noregi hefur holdsveikum mönnum á 34 árum (1856—1890) fækkað frá 2833 niður í 954.

Ætla má því, að með að halda á spítala 40—45 sjúklingum, þeirra er hættast er við að útbreiði sjúkdóminn, megi hafa góða von um að draga úr honum, en þó því aðeins að eigi finnist enn fleiri sjúklingar, er eigi hafa verið taldir. Jeg hefi því álitið æskilegt, að hægt væri að halda þar nokkru fleirum; jeg sting því upp á og sendi bráðabirgðar uppdrátt að sjúkrahúsi eða aðhjúkrunarstofnun, er tekið getur á móti 60 sjúklingum, en betur fer þar um 50, því sjeu þar 60 sjúklingar, mun vanta stóra vinnustofu, en jeg hefi hugsað mjer, að sjúklingarnir mundu geta búið talsvert til af fötum sínum sjálfir. Eptir eðli málsins hlýtur stofnunin fyrst og fremst að vera einangrunar- og aðhjúkunarstofnun, en hafa minni þýðingu sem lækningar- og heilsubótar-stofnun, getur því verið, að sú skoðun komi fram, að kostnaðarminna mundi að hjúkra hinum holdsveiku mönnum og einangra þá á þann hátt, að nokkrar af jörðum landssjóðs, er lagi heppilega til þeirrar notkunar, væru hafðar til þess, þareð daglegt eptirlit læknis ekki hefði mikla þýðingu. Jeg verð að mæla eindregið á móti þessu; fyrst og fremst hygg jeg, að þær jarðir sjen ekki til, er án dýrra bygginga og umbóta geta tekið á móti sjúklingunum, ennfremur mundi læknisaðstoð og stjórn verða mjög ábótavant, og að lokum mundi ekkert verða úr einangruninni, þareð vanta mundi þar á staðnum embættismann þann, er hana skyldi annast, og það væri verst. Stofnunin verður að vera þar í nánd, sem yfirumsjónarmenn eru, en meðal þeirra verður að vera amtmaður og landlæknir, og því nálægt Reykjavík. Margt mælir með, að nota til þess hinar gömlu rústir á Lauganesi; sumpart mundi að minnsta kosta meiga nota grunninn og talsvert af múrsteini í reykháfa og skilrúm, og sumpart mundi mega brúka bygginguna síðar meir sem sóttvarnar sjúkrahús fyrir Reykjavík, og væri henni þar ágætlega vel í sveit komið. Til greina gæti og komið, að byggja stofnunina við Hafnarfjörð, því þar hafa menn lengi óskað að fá lækni; yrði stofnunin nálægt Hafnarfirði, mætti setja þar aðstoðarlækni, er jafnframt væri læknir Hafnfirðinga og mundi yfirumsjónin ekki verða að mun örðugri fyrir það. Amtmaður ætti að hafa á hendi stjórn stofnunarinnar. Hina læknisfræðislega umsjón skyldi landlæknir hafa á hendi, en læknir, er byggi á sjálfri stofnuninni, ætti að vera honum til aðstoðar. Bryti eða ráðsmaður ætti að sjá um mötuneyti, hreinlæti, framferði allt í spítalanum eptir reglum þeim, er gefnar yrðu í því efni; eg hygg bezt mundi verða að hafa bryta fyrir ákveðna borgun á dag fyrir hvern einstakan og láta hann annast allt.

Sjúkrahús það, er jeg legg til að byggt verði, verður að utanmáli 33 álna langt og $20^1/_4$ álnir á breidd, tvíloptað og með kjallara og paklopti. Í kjallaranum skal koma fyrir eldhúsi og herbergjum til matvæla geymslu og eldiviðar, en í öðrum endanum lauga-

skála og þvottahúsi með semeiginlegum innmúruðum katli með 2 krönum, svo hægt sje að hleypa vatni úr báðumegin. 6 álna hátt skal vera undir lopt bæði niðri og uppi; að vísu verður þá minna andloptsrúm fyrir sjúklingana, þareð herbergi bryta og læknis verða óþarflega stór að teningsmáli; en á hinn bóginn mundi líta óviðkunnanlega út, að salir, 16 álna langir og 8 álna breiðir, ætlaðir sjúklingum, væru að eins 5 álnir undir lopt. Bæði uppi og niðri gengur 3 álna breiður gangur í gegnum endilanga bygginguna, er báðum megin standi í sambandi við 3 álna breiðan stiga (ef til vill væri rjett að stigabreiddin í öðrum enda byggingarinnar væri $3^1/_2$ alin, en í hinum endanum aðeins $2^1/_2$). Teningsrúm er áætlað 600 teningsfet fyrir hvern sjúkling, og má það, samkvæmt brjefi heilbrigðisráðsins 5. janúar 1857, eigi minna vera á almennum sjúkrahúsum. Allgóða lopthreinsun, er jafnframt er ódýr, má fá með því að búa efsta hluta glugganna út einsog »Scheringhams-Ventilator.« Nokkru dýrara, en jafnframt betra eptir loptslagi á Íslandi er að nota „Kappeovne“ til að soga loptið inn að utan, þannig að hið hreina lopt hitni áður en það kemur inn í herbergið og hið óhreina lopt sogast út að neðan gegnum reykháfinn.

Einsog sjá má af hinum litla uppdrætti, er jeg leyfi mjer að láta fylgja, verða 2 stór herbergi bæði uppi og niðri 16 álna löng, 8 álna breið og 6 álna há, og hvert þeirra þannig 6,144 teningsfet á stærð; af þessu tekur reykháfurinn þó nokkurn hluta og eins lítið salerni, er stendur við múrinn, og gengur loptpípa úr því út í gegnum hann. Þannig verða eptir 6,000 teningsfet eða fyrir 10 legurúm. Hinumegin við ganginn eru ætluð 12′ til stiganna, 24′ til herbergja brytans, verður þá 26′ eptir handa sjúklingum. Brytanum eru ætluð 2 herbergi, hvert þeirra $8 \times 6 \times 6$ álnir $= 2{,}304$ teningsfet. Sjúklingunum eru einnig ætluð tvö herbergi, hvort þeirra $8 \times 6^1/_2 \times 6$ álnir $= 2{,}496$ teningsfet, svo að 4 sjúklingar geta verið í hverju þeirra. Uppi eru einnig ætluð 12′ til stiganna og til læknisherbergisins 12′, handa sjúklingunum verða eptir $38^1/_2$′, því einu skilrúmi verður færra þar. Læknisherbergið verður þá $8 \times 6 \times 6$ álnir $= 2{,}304$ teningsfet. Herbergi sjúklinganna verða $8 \times 9{,}_{15}'' \times 6$ álnir $= 3{,}696$ teningsfet, og þannig hvort þeirra handa 6 sjúklingum. Niðri verða þannig 28, uppi 32, 60 sjúklingar alls. Með tvennum hurðum má haga svo til, að enginn samgangur sje þar í milli, heldur verði inngangur upp í öðrum endanum, en niðri í hinum, svo að hægt verður að skilja karla og konur að. Ef 60 sjúklingar verðaásjúkrahúsinu, má koma fyrir vinnustofum á þakloptinu, er annars er ætlað til geymslu, herbergja fyrir áhöld þau, er ekki eru notuð og til vinnakonuherbergja o. s. frv. Í þvottahúsinu mun verða rúm fyrir óhreinan fatnað.

Ekki get jeg ráðið til að hita sjúkrahúsið með einni aðalhita-vjel í kjallaranum; eptir upplýsingum þeim, er jeg hefi fengið, verður enginn sparnaður á eldivið við það; er hún dýr, örðugt að passa hana og gjöra við, ef eitthvað er að; kosturinn við hana er sá, að hitinn verður jafnari og meira hreinlæti í stofunum, en ekki sparnaður á eldiviði.

Húsgrunnurinn er ætlast til að byggður verði úr íslenzku grjóti 2—$2^1/_2$ alin upp úr jörðu. Kjallarinn skal vera $3^1/_2$—4 álna djúpur, 11 álna breiður undir allri þeirri hlið hússins þarsem stigarnir eru. Gólf skal lagt með »beton« og búin verða til skilrúm á milli eldhúss, matvælaherbergis, brenni- og kolahúss, þvottahúss og laugaskála. Húsið skal að öðru leyti gert úr sænskum viði og múrsteini í bindingunum, á austur og suðurhlið þess klætt að innan með borðum, en að utanverðu járnplötum, og vestur og norður hliðin klædd plægðum borðum. Þakið skal járnklætt. Veggi og lopt niðri og uppi skal smurið kalki.

Kostnaður við byggingu húss á stærð við þetta og svo lagað mun að mínu áliti verða..... 42,000 kr.
Til að búa til salerni úti um ..... 200 —
Hin litlu salerni inni í húsinu eru ætluð lasburða sjúklingum.
Kostnaður við að útvega hreinsunarofn og koma honum fyrir og til húsrúms fyrir hann mun verða um..... 2,000 —
Kostnaður við ofna, eldstór, laugaker og stóran múraðan ketil í þvottahúsinu mun verða um..... 1,630 —
Kostnaður við líkhús..... 600 —

alls... 46,430 kr.

Áhalda-skrá.

Áhöld handa einum sjúkling.		Handa sjúkrahúsinu fyrstu árin.	
1 járnrúm með fjöðrum....	35 kr. » a.	Til vara skal hafa einar dýnur	
1 þang- eða hey-undirdýna	4 — » —	fyrir hver 4 rúm og	
1 þang- eða hey-dýna til höfðalags.....	2 — 50 —	verður það fyrir hvern sjúkling..... ...	2 kr. » a.
1 þang- eða hey-dýna til fóta	1 — 50 —		
	43 kr. » a.		2 kr. » a.

(Rúm þessi eru brúkuð á »Blegdamshospitalet«.)

1 koddi.....	5 kr. 50 a.	Ennfremur.	
2 lök.....	7 — „ —	½ koddi.....	2 kr. 75 a.
1 koddaver.....	1 — 25 —	6 lök.....	21 — „ —
3 rúmábreiður	19 — 50 —	3 koddaver.....	3 — 75 —
1 handklæði	„ — 60 —	1 rúmábreiða	6 — 50 —
1 sjúklingsborð.....	6 — 50 —	3 handklæði	1 — 80 —
1 hægindastóll úr trje	8 — 35 —		
1 vatnsskál.....	„ — 45 —		
1 koppur.....	„ — 45 —		
1 hrákaglas.....	„ — 35 —		
1 vatnsglas.....	„ — 10 —		
	50 kr. 45 a.		35 kr. 80 a.

Fatnaður.

Að meðaltali handa hverjum sjúkling ..... 42 kr.

Húsbúnaður í sjúkraherbergi.

1 ferkantað borð ..... 10 kr. 50 a.
2 stólar..... 13 — 50 —
1 tvöfaldur klæðaskápur ..... 40 — „ —
1 meðala-hylla..... 10 — „ —
1 fastur þvottabekkur..... 8 — „ —
Ýmsilegt (gluggatjöld og hlerar til að hleypa niður o. fl.).. ..... 20 — „ —

102 kr. „ a.

Yfirlit yfir áhöld.

Járnrúm með fjöðrum og dýnum	43 kr. » a.
Áhöld handa hverjum sjúkling	50 — 45 —
Klæðnaður handa hverjum sjúkling	42 — » —
Dýnur fyrstu árin handa hverjum sjúkling	2 — » —
Ennfremur lök, ábreiður o. s. frv. sjá að framan	35 — 80 —
hver sjúklingur...	173 kr. 25 a.
Handa 60 sjúklingum	10,395 kr. » a.
Í hjerumbil 8 sjúkraherbergi, 102 kr. hver	816 — » —
Eldhúsgögn (þar á meðal diskar, hnífar, gaflar, skeiðar o. s. frv.) handa 60 sjúklingum	600 — » —
Fyrir lampa	180 — » —
til áhalda...	11,991 kr. » a.

Nokkurra af nefndum munum mun mega án verða, af öðrum þarf minna, suma má kaupa ódýrar en gjört er ráð fyrir á skrám þessum, sem að líkindum stafa frá bæjarspítalanum („Kommunehospitalet"). Jeg hefi ekki áætlað neitt fyrir flutningskostnað, því jeg álít að komizt verði að mestu leyti hjá þessum kostnaði, því senda mætti flesta munina með herskipinu að vori, ef þeir væri keyptir næsta vetur og allt vel undirbúið, svo að allt væri til þegar skipið fer hjeðan.

Að því er snertir árskostnað við sjúkrahúsið hygg jeg að hann muni verða hjerumbil þannig:

Fyrir 60 sjúklinga 400 kr. fyrir hvern	24,000 kr.
Laun bryta	1,000 —
Laun læknis	1,000 —
	26,000 kr.

Jeg hygg að 400 kr. á ári muni vera hæfilega áætlað fyrir hvern sjúkling og hefi jeg hugsað mjer peningum þessum varið þannig:

Til bryta: 80 aurar á dag.

Fyrir þetta skal brytinn veita hollan og kjarnmikinn mat eptir reglugjörð, er samin skal um það. Brytinn fær 1,000 kr. föst laun og ókeypis bústað, en verður á eigin kostnað að halda fólk, er þarf, til að halda húsinu hreinu og til venjulegrar þössunar og þjónustu sjúklinganna, eptir því sem segir í reglugjörðinni. Afskipti brytans af þvotti og vatnsburði til baðsins o. s. fr., skal yfirumsjónin ákveða. Á bæjarspítalanum (Kommunehospitalet), þarsem sjúklingarnir fá mat á kostnað bæjarfjelagsins, er sjálft annast öll innkaup og borgar þannig ekki, einsog hjer er farið fram á, bryta víst á dag fyrir hvern sjúkling, hefur fæðið (venjulegt fæði) kostað að meðaltali bæjarfjelagið 71 e. á dag fyrir hvern sjúkling. Jeg hygg að 80 aurar á dag fyrir hvern sjúkling muni vera hæfileg borgun á Íslandi. Afgangs er nú af þessum 400 kr. á ári fyrir hvern sjúkling um 30 a. fyrir hvern dag eða 108 kr. á ári fyrir hvern. Upphæð þessi mun að öllum líkindum nægja fyrir öllum öðrum útgjöldum við afnot spítalans, til ljósa, eldiviðar, meðala, opinberra

gjalda, ábyrgðargjalds fyrir húsið, aðgjörða á því og viðhalds áhalda o. s. frv. Ef reikna má upphæð þessa eptir því, að sjúkrahúsið sje fullt allt árið, verður hún 6,480 kr. Alþingi ákveður, hve mikið af þessum 400 kr. sveitar- og bæjarsjóðir skuli endurborga landssjóði; jeg vil aðeins leggja það til, að tillag þetta verði sett svo lágt sem unnt er, og ekki hærra en fyrri gjöld þeirra fyrir sjúklinga þá, er ræðir um. Einnig skal jeg leyfa mjer að leggja til, að landssjóður greiði kostnað við flutning á sjúkrahúsið o. s. frv.; yfir höfuð að tala er það mitt álit, að landssjóður eigi á allar lundir að ljetta aðgang að sjúkrahúsinu, svo að sveitarfjelögin ekki af því þau óttist útgjöld við flutning sjúklinganna á sjúkrahúsið og veru þeirra þar, haldi sjúklingum heima eða hindri aðsóknina, er mundi verða til hins mesti meins, þrátt fyrir öll einangrunarboð og því um líkt. Það er mjög alvarlegt mál alþingi fær til meðferðar um spítalabygging og einangrunarákvæði, og vilji alþingi verja miklu fje til þessa, á það að gera það rækilega, og til þess þarf fyrst og fremst, að spítalinn sje vel sóttur og setinn ár eptir ár; fari svo, er von um, að Ísland geti losast við holdsveikina á einum 40 árum. Vjer sjáum, að holdsveikir menn í Noregi hafa fækkað úr 2833 niður í 954 á 34 árum frá 1856—90, og það þrátt fyrir að aðeins á árunum 1861—73 var einangrað í fullum mæli. Jeg ætla því að láta þessa tvo liði standa auða; eigi er heldur gjört ráð fyrir neinum kostnaði við kaup á húslóð, til brunngerðar, garðræktar, til gripahúsa og hlaðna, ef stundaður verður landbúnaður, er væri mjög æskilegt.

Eptir að hafa gert þessar athuganir, skal jeg nú leyfa mjer að koma fram með eptirfylgjandi tillögur um fjárveitingar á fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897.

	1896.	**1897.**
Til þess að byggja aðhjúkrunarstofnuu fyrir 60 holdsveika menn á Íslandi ásamt með hreinsunarofni og húsrúmi fyrir hann, til ofna, eldstóa o. s. frv. og til að byggja líkhús og salerni.....	46,430 kr.	
Til áhaldakaupa, eptir því sem nákvæmar er tilfært.....	11,991 —	
Árskostnaður við stofnunina hálfárið 1896 og allt árið 1897	13,000 —	26,000 kr.
	71,421 kr.	26,000 kr.

Eptir að jeg af skýslum frá Noregi hefi sjeð hve langvinn baráttan gegn holdsveikinni hefur verið þar, þegar einangraðir eru um 30 % af tölu hinna sjúku og jeg jafnframt hefi gjört ráð fyrir, að eigi sjeu færri en 200 holdsveikir menn á Íslandi, hefi jeg álitið nauðsynlegt að reynt verði að einangra nokkru fleiri; jeg hefi því farið fram á að stofnað verði sjúkrahús með 60 legurúmum, og er það 30 % af 200. Af þessari ástæðu er kostnaðurinn orðinn dálítið meiri en landshöfðingi áætlar, en eigi meiri að tiltölu.

Lagaboð um að einangra megi holdsveika menn nauðuga á Íslandi álít jeg alveg ómissandi, ef stofnanin á eigi að standa tóm; þessháttar sjúklingar yfirgefa nauðugir heimili sín, hversu aum sem þau svo eru; þeir hafa litla trú á þægindum þeim, er bíða þeirra á slíkri stofnun í samanburði við hið bága ástand á heimilum þeirra; þeir bera hinn hræðilega sjúkdóm með óskiljanlegri þolinmæði einsog væri það ráðstöfun forsjónarinnar, er óhæfa sje að vilja breyta. Að því er snertir hin norsku lög um einangran að mönnum nauðugum, þá álít jeg þau vel löguð fyrir Ísland og það því fremur, sem konungsbrjef 28. mars 1776 bannar holdsveikum mönnum á Íslandi að giptast, svo að eigi mun koma fyrir að aðskilja verði hjón, af því annað þeirra sje holdsveikt, nema þegar veikin hefur

byrjað eptir giptinguna. Jeg er alveg samdóma landshöfðingja um það, að einangrunarskipun einnig skuli ná til þeirra, er aðeins njóta sveitarstyrks að nokkru leyti; aptur á móti skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg er ekki að öllu leyti samþykkur landshöfðingja um það, að hverju leyti ákvæðið einnig skuli ná til annara holdsveikra manna. Að vísu mun naumast vera hægt í heimahúsum að aðskilja sjúklinginn til fulls frá öðru heimafólki, þareð húsrúm er svo lítið; en mjer virðist þó rjett að holdsveikum mönnum, er ekki njóta fátækrastyrks, sje gjört að skyldu að halda sjer svo afskekktum frá öðrum sem unnt er; þannig ættu þeir ekki að hafa leyfi til að fara til annara bæja eða taka á móti gestum að nauðsynjalausu; ef hvað eptir annað er brotið á móti boði um það, ætti hlutaðeigandi að vera skyldur til að láta flytja sig á aðhjúkunarstofnunina, einkum ef læknir álítur mjög hætt við að hann breiði sjúkdóminn út.

Annars fellst jeg alveg á ummæli landshöfðingja; aðeins álít jeg, að af ástæðum þeim, er taldar eru að framan, eigi landssjóður að hlífa sveitarfjelögunum svo mjög sem unnt er við kostnaði af flutningi til spítalans og veru þar.

Jeg skal nú leyfa mjer að ljúka við þessa umsögn mína með því að koma fram með þá tillögu, að á alþingi verði rædd og samþykkt 2 sjerstök frumvörp viðvíkjandi þessu máli:

1) Lög um talningu holdsveikra manna á Íslandi.
2) Lög um stofnun aðhjúkrunarstofnunar fyrir holdsveika menn á Íslandi, og að þá megi flytja þangað nauðuga. — Fari svo, sem vonandi er að eigi verði, að aðhjúkrunarstofnunin komist eigi á, mundi þó ómissandi undirstaða fengin við meðferð málsins síðar meir, ef árleg talning holdsveikra væri komin á áður.

Kaupmannahöfn, 29. mars 1895.

Schierbeck.

Til hins íslenzka stjórnarráðs.

Kaupmannahöfn. — Prentað hjá J. H. Schultz.

Nd. 20. **Tillaga**

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið. Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Björn Sigfússon, Jón Jónsson, Ólafur Briem, Valtýr Guðmundsson.

Um leið og neðri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, eins og þær hafa komið fram á undanförnum þingum, ályktar hún að skora á stjórnina, að taka þær til greina og sjerstaklega hlutast til um:

1. að löggjafar- og landstjórnarmálefni, er heyra undir hin sjerstöku mál Íslands, verði eptirleiðis eigi lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs eða borin upp í því;

2. að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, þannig, að neðri deild alþingis geti ávallt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beinleiðis á hendur hjer búsettum, innlendum manni, er mæti á alþingi;

3. að stofnaður verði sjerstakur dómstóll hjer á landi, skipaður innlendum mönnum (landsdómur), er dæmi í málum þeim, er neðri deild alþingis eða konungur lætur höfða gegn hinum æðsta stjórnanda hjer á landi.

Nd. 21. **Tillaga**

til þingsályktunar. Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson, Sk. Thóroddsen, Guðjón Guðlaugsson, Jens Pálsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga samgöngumál landsins.

Ed. 22. **Viðauka- og breytingaruppástungur**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla. Frá landshöfðingja.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Aptan við frumvarpið bætist svo látandi

2. gr.

Jörðin Hrafnagil leggist til Grundarþinga prestakalls. Til Akureyrar prestakalls greiðist 200 kr. úr landssjóði.

Nd. 23. **Frumvarp**
til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Flutningsmenn Skúli Thoroddsen, Guðjón Guðlaugsson, Sighv. Árnason, Sig. Gunnarsson, Pjetur Jónsson.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra tvö samhljóða frumrit og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma i leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus, hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn þangað

til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr. Með lögum má afnema öll eptirlaun.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annað hvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó eigi lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár eptir að það var rofið. Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það skuli eiga.

15. gr. Landstjórinn getur lagt fyrir alþingi frumvarp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög ekki koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabyrgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjöld til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þesshátttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur. Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess að rannsaka mikilsvarðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði

þar breytingar á gjöroar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og þeir eiga rjett á, að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að

5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá, að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti mann til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal af taka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takn örkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur, Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eptir því sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur og tign, má aldrei lögleiða.

VII.

71 gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku, sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed. 24. **Tillaga**

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið. Flutningsmenn: Jón A. Hjaltalín og Jón Jakobsson.

Um leið og efri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, eins og þær hafa komið fram á undanförnum þingum, ályktar hún að skora á stjórnina, að taka þær til greina og sjerstaklega hlutast til um:

1. að löggjafar- og landstjórnarmálefni, er heyra undir hin sjerstöku mál Íslands, verði eptirleiðis eigi lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs eða borin upp í því;

2. að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, þannig, að neðri deild alþingis geti ávallt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beinleiðis á hendur hjer búsettum, innlendum manni, er mæti á alþingi;

3. að stofnaður verði sjerstakur dómstóll hjer á landi, skipaður innlendum mönnum (landsdómur), er dæmi í málum þeim, er neðri deild alþingis eða konungur lætur höfða gegn hinum æðsta stjórnanda hjer á landi.

Nd. 25. **Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. 26. **Fyrirspurn**

til landshöfðingja. Frá Skúla Thoroddsen, 2. þingmanni Ísfirðinga.

Fyrir hverjar sakir hefur Einari Thorlacius, sýslumanni Norðmýlinga, verið vikið frá embætti um stundarsakir, og hvers vegna hefir landstjórnin eigi aptur sett hann inn í embættið, eða látið rannsaka þær sakir, sem gefið hafa tilefni til »suspensionarinnar«?

Nd. 27. **Frumvarp**

til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum. Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Þórhallur Bjarnarson, Björn Sigfússon, Ólafur Briem og Klemens Jónsson.

1. gr. Kostnað þann við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kennslustofnunarinnar, sem samkvæmt tilskipun um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl., 26. febr. 1872, ber að greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

2. gr. Bólusetningarkostnað, sem ræðir um í kgsbr. 24. marz 1830, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

3. gr. Sáttamálakostnað, sem eptir tilsk. 20. jan. 1797, 41. gr., hvílir á jafnaðarsjóðunum, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

4. gr. Að svo miklu kostnaður sá, sem um ræðir í 1.—3. gr., hvílir á bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar, skal eptirleiðis greiða hann úr landssjóði.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1896.

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um eptirlaun. Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson, Þórður Thoroddsen, Kl. Jónsson, Björn Sigfússon.

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landsjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landsjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr, fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast; 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn

frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast ⅓ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist af nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed. 29. **Breytingartillaga**

við þingsályktun um stjórnarskrármálið. Frá Jóni A. Hjaltalín og Jóni Jakobssyni.

Í annari línu að ofan, í staðinn fyrir: »eins og þær hafa komið«, komi: með svo fullri tryggingu sem komið hefir.

Nd. 30. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Flutningsmenn: Einar Jónsson og Þórhallur Bjarnarson.

1. gr. Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup senda til hlutaðeigandi prófasts umsókn-

arbrjef allra þeirra, er um embættið hafa sótt, enda fullnægi þeir hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann álítur óhæfa til að takast prestsembætti á hendur. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, skal hann senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Prófastur skal sjá um, að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr. Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefur hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veitingu embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. 31. **Frumvarp**

til laga um nýbýli. Flutningsmenn: Guðlaugur Guðmundsson og Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum og almenningum, ef sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

2. gr. Nú vill einhver stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og skal hann þá birta þá fyrirætlan sína í því opinbera blaði, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar liðnir eru 6 mánuðir frá þessari birting, skal amtmaður, ef nýbýlingur óskar þess og enginn hefur á þeim fresti gefið sig fram við amtmann með heimildarskírteini fyrir landi því, er ætlað er til nýbýlis, bjóða hlutaðeigandi sýslumanni að kveðja til 4 menn og gjöra ásamt þeim áreið á landið, setja glögg landamerki og meta það til dýrleika, og ennfremur skulu áreiðarmenn láta uppi tillögur um þau skilyrði, er þeir álíta hæfilegt að setja nýbýlingi um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða m. fl.

3. gr. Til áreiðargjörðar þeirrar, er nefnd er í 2. gr., skal boða með 7 nátta fresti þá, er land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Mótmæli, er fram kunna að koma við gjörðina, skulu bókuð og eptirrit af gjörðinni síðan sent amtmanni, er gefur út nýbýl-

ísbrjef til beiðanda, ef hann eigi álítur, að mótmæli þau, er kunna að hafa komið fram, sjeu á rökum byggð.

Í nýbýlisbrjefinu, er gildir sem heimild fyrir eignarrjetti nýbýlings að landinu, skulu tekin fram þau skilyrði um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða, m. fl., sem amtmaður, eptir tillögum áreiðarmanna, álítur hæfileg.

4. gr. Nú vill maður taka upp nýbýli í afrjetti eða almenningi, og getur þá hlutaðeigandi sveitarstjórn áskilið að nýbýlingur greiði sveitarsjóði árlegt erfðafestugjald af landinu, en upphæð gjaldsins skulu áreiðarmenn meta. Stofnun slíks nýbýlis þarf eigi að auglýsa í blöðum, en að öðru leyti fer um upptöku þess, eins og segir í 2. og 3. gr.

5. gr. Eigi má nýbýli upp taka, er minna er metið en 5 jarðarhundruð að dýrleika.

6. gr. Kostnað þann, er af útmæling og mati nýbýlisins leiðir, greiði nýbýlisbeiðandinn: ferðakostnað sýslumanns, eptir úrskurði amtmanns, og hinum dómkvöddu mönnum 3 kr. hverjum fyrir dag hvern, sem þeir eru að gjörðinni.

7. gr. Sýslumaður skal gæta þess, að nýbýlingur fullnægi skilyrðum þeim, sem honum eru sett í nýbýlisbrjefinu. Nú gjörir nýbýlingur sig sekan í vanrækslu eða brýtur nýbýlisskilyrði og getur sýslumaður þá lagt það til, að hann verði sviptur nýbýlisrjettindum. Amtmaður hefur fullnaðarúrskurð um þetta mál.

Þegar nýbýlingur hefur með amtsúrskurði verið sviptur nýbýlisrjetti, skal eptir tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda heimila nýbýlið öðrum manni, er þá nýtur sama rjettar, sem nýbýlingurinn annars hefði notið.

8. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun 15. apríl 1776.

Nd. 32. **Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur. Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson.

1. gr. Engir aðrir, en þeir sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara, hvort heldur er munnlega eða skriflega, um flutning í aðrar heimsálfur, eða á nokkurn annan hátt hafa á hendi nokkurn starfa í þarfir slíks útflutnings. Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum 100—4000 kr., eða fangelsi.

2. gr. Undanþága sú frá eptirliti lögreglustjórnarinnar, er 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal úr lögum numin.

3. gr. Eigi má taka útfara á skip til flutnings til útlanda, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka útfara, hefur gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltekið, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið er hentugt til útfararflutnings á þann hátt er segir í 7. gr. laga 14. jan. 1876.

4. gr. Skipstjóri og útflutningastjóri bera ábyrgð á, að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til rannsóknar á hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda. Skal lögreglustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbrjef útfara, og ganga úr skugga um, að tala útfara sje eigi hærri, en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti í skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann

síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að hann sje að lögum frjáls til útfarar. Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum.

Nd. **33. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar. Frá Kl. Jónssyni.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 3. gr. svo hljóðandi:

Takmörk vezlunarlóðarinnar verða hin forna kaupstaðarlóð, þ. e. Akureyri og Oddeyri með þeim ummerkjum sem verið hafa, að viðbættri landspildunni frá suðvesturhorni lóðar Jóh. Halldórssonar beina línu ofan við brekkubrún út að Grófargili í vörðu, sem þar verður sett, og þaðan beina línu í vörðu á klöpp fyrir utan og neðan Hamarkot, og þaðan beina línu í vörðu fyrir neðan Glerárgljúfur.

Ed. **34. Breytingaruppástunga**

við frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarðaprestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni, eins og það var samþykkt við 1. umr. í E. d. Frá Þorkeli Bjarnasyni og Kristjáni Jónssyni.

Í staðinn fyrir »500 kr. á ári«, komi: 600 kr. á ári.

Nd. **35. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um brúargjörð á Blöndu.

Nefnd sú, er hin heiðraða deild hefur kosið til þess að athuga frumvarp til laga um brúargjörð á Blöndu, hefur kynnt sjer nákvæmlega uppdráttinn yfir hina fyrirhuguðu brú og áætlun um kostnaðinn við byggingu hennar eptir verkfræðing Sigurð Thoroddsen.

Eptir uppdrætti hans og áætlun, á brúin að vera föst brú 38 meter, eða tæpar 60 álnir á lengd, en stjórnin hefur samt sem áður lagt það til, að þetta sje ekki fast ákveðið, svo að eins megi byggja hengibrú, ef það sje álitið heppilegast; og verður nefndin eindregið að aðhyllast þessa tillögu, og það því fremur, sem hengibrú ávallt er ódýrari en föst brú, og að öðru leyti af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í ástæðum fyrir frumvarpinu. Þar sem þess er getið í athugasemdunum, að ingeniör Vindfeld Hansen álíti, að byggja megi brúna fyrir hina tilsettu upphæð 20,000 krónur, ef íslenzkir verkamenn sjeu færir um, að gjöra stöplana og koma brúnni á, að eins undir forustu eins erlends verkstjóra, þá þykist nefndin mega fullyrða, að íslenzkir verkamenn sjeu færir um að byggja stöplana, og að öllum líkindum einnig að koma brúnni á, undir forustu erlends verkstjóra.

Með því að nefndin þannig í öllum aðalatriðum fellst á ástæður stjórnarinnar um brúargjörð þessa, og með því að nefndin ennfremur verður eindregið að vera á því, að hjer sje um mikla og nauðsynlaga samgöngubót að ræða, þá ræður nefndin til að samþykkja frumvarp stjórnarinnar óbreytt.

Alþingi 6. júlí 1895.

Björn Sigfússon	Tryggvi Gunnarsson	Kl. Jónsson
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Ed. 36. **Frumvarp**

til laga um hvalleifar. Flutningsmaður Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.

1. gr. Öllum hvalveiðamönnum á Íslandi er skylt að hreinsa allar hvalleifar af fjörum í fjörðum þeim, þar sem þeir reka hvalveiðar, einu sinni í mánuði hverjum á þeim svæðum, er hreppsnefndin ákveður í hvert skipti.

Sömuleiðis skulu allir hvalveiðamenn hafa lóð sína girta með gripheldum girðingum fyrir sauðfje, nautpeningi og hrossum.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða 100—1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

3. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Ed. 37. **Frumvarp**

til laga um viðauka og breytingu á lögum 12. jan. 1888 um þurrabúðarmenn. Flutningsmaður: Þorkell Bjarnason.

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri og eigi þiggur af sveit, er heimilt, að gjörast húsmaður eða þurrabúðarmaður, og þarf hann eigi til þess að leita leyfis hjá sveitarstjórninni, þar sem hann ætlar að setjast að. Með húsmönnum teljast þeir, er ekki hafa stærri part úr jörð til ábýlis en 1 hundrað.

2. gr. Rjett er að húsmaður eða þurrabúðarmaður greiði þar lögboðin gjöld, sem heimili hans er. Greiði hann eigi gjöld þessi í gjalddaga, er húsráðandi sá eða landsdrottinn, sem húsmaðurinn eða þurrabúðarmaðurinn hefur heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, sem gjaldþegninn á og teknar verða lögtaki.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 12., 13. og 14. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, sömuleiðis 2. gr. í lögum um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888.

Ed. 38. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Bakkagerði í Borgarfirði. Flutningsmaður: Jón Jónsson 2. þm. N.-Múlas.

Hjá Bakkagerði í Borgarfirði í Norður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 39. **Frumvarp**

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar (eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.)

1. gr. Jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barði og Hamarkoti, að undan skildum Glerárdal, og jörðin Kotá, báðar í Hrafnagilshreppi, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrarkaupstaðar frá fardögum 1896.

2. gr. Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer $\frac{1}{8}$ hluta af fátækrabyrði Hrafnagilshrepps, eins og hún var við árslok 1894, og að öðru leyti eptir samkomulagi milli beggja sveitarfjelaga.

3. gr. Takmörk verzlunarlóðarinnar verða hin forna kaupstaðarlóð, þ. e. Akureyri og Oddeyri með þeim ummerkjum, sem verið hafa, að viðbættri landspildunni frá suð-

vesturhorni lóðar Jóh. Halldórssonar beina línu ofan við brekkubrún út að Grófargili í vörðu, sem þar verður sett, og þaðan beina línu í vörðu á klöpp fyrir utan og neðan Hamarkot, og þaðan beina línu í vörðu fyrir neðan Glerárgljúfur.

Ed. 40. **Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um stefnur til æðri dóms í skiptamálum.

Þetta frumvarp til laga, sem landsstjórnin hefur lagt fyrir alþingi, hefur hin háttvirta efri deild falið oss að íhuga og segja álit vort um. Það er álit vort, eptir að vjer á fundi höfum nákvæmlega athugað frumvarpið, að það sje fremur til bóta fyrir rjettarfarslöggjöf vora. Að vísu er aðalákvæði frumvarpsins um það, hverjum skuli stefna við áfrýjan skiptamála, þegar orðið að rjettarvenju hjer á landi, en allt að einu getur það eigi verið nema rjett, að festa venju þessa með lögum. Fyrir utan þetta aðal-ákvæði inniheldur frumv. tvær ákvarðanir, sem beinlínis leiða af aðal-ákvæðinu, nefnil. í 1. gr. 3. málsl. og í 2. gr., og virðist oss ekkert við þær að athuga. Vjer leggjum það því til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið, en þó með eptirgreindum breytingum.

Við 1. gr. Fyrir: »er þá ályktan . . . hönd búsins«, komi: »fyrir hönd búsins, er þá ályktan hefur gjört, sem áfrýjað er«.

— — — Fyrir: »er áfrýjað er« (á síðari staðnum) komi: »sem skotið er til æðri dóms«.

— — — Fyrir: »og það tilkynnt í skiptabókinni«, komi: »og sje það tilkynnt og skráð í skiptabókinni«.

— — — Fyrir: »og sje þeim umboðið«, komi: »og hafi þeir umboð til«.

Við 2. gr. Fyrir: »kallaður sje saman«, komi: »kvatt sje til skiptafundar«.

— — — Orðið: »jafnframt«, falli burt.

— — — Fyrir: »hvað gera skuli í tilefni af áfrýjaninni«, komi: »hvað gjöra skuli útaf áfrýjaninni«.

Efri deild alþingis, 9. júlí 1895.

L. E. Sveinbjörnsson form. og framsögumaður. Kristján Jónsson skrifari. Sigurður Stefánsson.

Ed. 41. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík.

Í frumvarpi þessu er farið fram á þá aðal-breyting á tilsk. 14. febr. 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík, að hús í Reykjavíkurkaupstað verði eptirleiðis tryggð með fullu verði þeirra í hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna í Danmörku, en ekki, eins og verið hefur að undanförnu, síðan tilsk. 14. febr. 1874 kom út, að $\frac{2}{3}$ hjá tjeðu fjelagi, og að $\frac{1}{3}$ á annan hátt. Það er gjörð grein fyrir því í ástæðum frumvarpsins, hver atvik lúta að þessari tillögu til breytingar á hinum eldri ábyrgðarlögum, og sjest af þeim, að þeir, sem hjer eiga hlut að máli, hafa eptir rækilegan undirbúning óskað þess, að breyting þessi komizt á. Þetta verður og mikill peningalegur ávinningur fyrir húseigendur í Reykjavík, og tryggingin eigi lakari en áður; að áliti nefndarinnar mun hún vera betri. Þykir nefndinni það rjett, að í þessu máli sje aðallega tekið tillit til álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Þó að von kunni að vera um það, að stofnað verði hjer á landi almennt (innlent) brunafjelag, þykir nefndinni eigi rjett, að þessu máli sje frestað, þangað til sjeð er, hvort það fyrirtæki kemst á fót, sem enn er alveg óvíst um. Um þetta atriði sjerstaklega hefur nefndinni borizt brjef frá bæjarstjórn Reykjavíkur, sem er prentað hjer á eptir, og er því þar yfir lýst, að þó að þetta frumvarp verði að lögum,

— eins og bæjarstjórnin óskar að verði —, þá verði ekkert því til fyrirstöðu, að kaupstaðurinn síðar gangi inn í eða verði tekinn upp í innlent brunabótafjelag, ef það verður stofnað með nægilegri tryggingu og það býður aðgengileg kjör. Nefndin, sem hin háttvirta efri deild hefur kosið til þess að athuga frumvarp þetta, leggur það því eindregið til, að það verði samþykkt óbreytt. Lögin eru mestmegnis óbreytt orðuð eins og tilsk. 14. febr. 1874, sem nú hefur verið í gildi í full 20 ár, og þykir nefndinni eigi ástæða til að breyta orðfærinu á nefndri tilskipun.

Við leggjum það þó til, að í 3. gr. staflið c, 2. línu verði sett: »á« fyrir: »yfir«.

Reykjavík, 9. júlí 1895.

L. E. Sveinbjörnsson formaður. Kristján Jónsson skrifari og framsögum. Jón Jónsson.

* * *

Við fyrstu umræðu í efri deild alþingis 3. þ. m. um frumvarp til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað var sú skoðun látin í ljósi, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, mundi Reykjavíkur kaupstaður verða tregari til eptir en áður, að sameina sig öðrum kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins í innlendu brunabótafjelagi, sem nú er í undirbúningi samkvæmt ályktun síðasta alþingis og mundi þannig verða til þess, að tálma eða tefja fyrir, að slíkt brunabótafjelag kæmist á.

Út af þessu hefur bæjarstjórnin falið mjer á hendur, að lýsa því yfir fyrir hinni háttvirtu nefnd, sem efri deild hefur kosið til að íhuga fyrtjeð frumvarp, að bæjarstjórn Reykjavíkur, sem nú er — og, að hennar áliti, mundi það í þessu efni enga breytingu gjöra, þó að hún yrði skipuð öðrum mönnum — mundi verða fús til að samþykkja, að kaupstaðurinn, þegar þar að kæmi, yrði tekinn upp í innlent brunabótafjelag, ef kostur yrði á því með jafn-aðgengilegum kjörum eins og kaupstaðnum nú bjóðast í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða.

Halldór Daníelsson.

Til
nefndarinnar, sem skipuð er í efri deild alþingis í málinu um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað.

Ed. 42. **Nefndarálit.**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að íhuga og segja álit vort um mál þetta, teljum breytingu þá, sem frumvarpið fer fram á, heldur til bóta, en með því að laun hreppstjóra eptir núgildandi lögum eru að voru áliti óhæfilega lág og hækka yfir höfuð lítið við þessa breytingu, heldur aðeins verða jafnari, þá hefur oss þótt rjett að hækka gjaldið, sem frumvarpið fer fram á, úr 40 aurum í 50 aura. Vjer leggjum því til, að hin háttv. efri deild samþykki frumvarpið með þeirri breytingu:

Að í stað 40 á báðum stöðunum í 1. gr. komi 50.

Alþingi 9. júlí 1895.

Kristján Jónsson formaður. Sigurður Stefánsson skrifari og framsögum. Guttormur Vigfússon.

Ed. 43. **Frumvarp**

til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.

Fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni, veitast eptirlaun úr landssjóði, 600 kr. á ári, frá fardögum 1895.

Nd. 44. **Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði. Flutningsmenn: Jón Jensson, Kl. Jónsson og Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Ef skuld er stofnuð þar, sem heimilisfang lánardrottins er, enda sje hann hjerlendur, á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans. Sje skuldin stofnuð við fasta verzlun, eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun, þá ræður varnarþing þess, sem henni stýrir, þótt eigandi sje þar eigi búsettur. Eigi raskar þetta þó gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Þessi ákvæði ná aðeins til þeirra skulda, er stofnaðar eru, eptir að lög þessi öðlast gildi.

Lög þessi ná aðeins til þeirra skulda, sem stafa af verzlunarviðskiptum, er skuldheimtumaður er kaupmaður, lyfsali eða bóksali.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli í sumarkauptíð (15. júní til 31. júlí að báðum þeim dögum meðtöldum) eða í haustkauptíð (15. sept. til 31. okt. að báðum þeim dögum meðtöldum).

2. gr. Sje verzlunarbók sú, er skuldaskiptin eru fyrst í skráð, löggilt og aðalbók slíkt hið sama, skulu þær bækur sönnun vera fyrir því, að reikningur, sem þeim er samhljóða, sje rjettur, nema annað sannist að lögum, eða sá, er í hlut á, synji með eiði fyrir, að hafa tekið út það, er í bókunum er skráð.

3. gr. Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarjetti. Ef skuldunautur er staddur í þinghánni, má birta honum stefnu, til að mæta á næturfresti. Annars skal birta stefnuna á lögheimili hans með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmis, en þó í sama amti, en með 9 vikna fresti, ef það er í öðru amti.

4. gr. Skuldir þær, er innheimta má eptir þessum lögum fyrnast eptir fyrirmælum í NL. 5.—13.—2., þó þannig að fyrningarfresturinn að eins er 10 ár. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til verzlunarskulda, er áður eru til orðnar, þannig að fyrningarfresturinn fyrir þær telst frá 1. janúar 1897.

Ed. 45. **Frumvarp**

til laga um breyting á 5. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í ed.

1. grein. Við kosningar í bæjarstjórn Reykjavíkur er bæjarfulltrúum skipt í tvo hluti, og skal annar þeirra vera einum fjölmennari en hinn. Meiri hlutinn skal kosinn af öllum karlmönnum í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir sem hjú, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, er ekki lagt af sveit, eða hafi þeir þegið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni frá nýári til nýárs, og greitt það ár að minnsta kosti 8 krónur í bein bæjargjöld. Kosning-

arrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim fyrir kosningarrjett, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í þessari grein. Minni hluti bæjarfulltrúa skal kosinn af $\frac{1}{3}$ hluta allra hinna áðurtöldu bæjarbúa, er kosningarrjett hafa og mest hafa greitt í bæjargjöld síðasta ár frá nýári til nýárs, ef þessi $\frac{1}{3}$ hluti hefir goldið minnst $\frac{2}{3}$ hluti allra gjaldanna. Nái fimtungur ekki þessari upphæð, skal svo mörgum viðbætt af þeim, sem mest greiða, úr hinum $\frac{4}{5}$ pörtunum, að þessari gjaldupphæð verði náð. Hafi fleiri greitt jafnmikil gjöld á því ári, og það verður nauðsynlegt að nokkrir þeirra gangi til kosningar til þess að ná hinum fyrnefnda fimtung af kjósendum eða $\frac{2}{3}$ pörtum af gjaldaupphæðinni, skulu þeir allir ganga til kosningar.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er atkvæðisrjett á við kosningu meiri hluta bæjarfulltrúa.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í bæjarstjórninni í senn.

2. grein. 5. grein í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík er úr lögum numin.

Nd. 46. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar. Frá Einari Jónssyni, Klemens Jónssyni, Skúla Thoroddsen, Pjetri Jónssyni, Ólafi Briem og Guðl. Guðmundssyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna: »Takmörk . . . kaupstaðarlóð«, komi: Verzlunarlóð bæjarins skal að eins ná yfir hina fornu kaupstaðarlóð.

Ed. 47. Frumvarp

til laga um breytingu á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. október 1884. Flutningsmenn: Hallgr. Sveinsson og Sigurður Jensson.

1. gr. Ef tekjur brauðsins eru yfir 1200 kr. eptir gildandi brauðamati, þá skal greiða prestsekkju svo eptirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr. En sjeu tekjurnar 1200 kr. eða minni, þá fær ekkjan öll eptirlaun sín greidd úr landssjóði; svo og hvar þess, er prestsekkja fær eigi öll eptirlaun sín greidd af brauðinu, skal það, er til vantar, greitt úr landssjóði.

2. gr. 2. grein í lögum nr. 13 frá 3. október 1884 er úr lögum numin.

Nd. 48. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eptirlaun. Frá Þórhalli Bjarnarsyni, Ólafi Briem, Þorl. Guðmundssyni og Birni Sigfússyni.

1. Við 2. gr. Fyrir: »$\frac{2}{3}$«, komi: »helming«.
2. — — — Fyrir: »$\frac{2}{3}$«, komi: »helmings«.

Nd. 49. **Frumvarp**

tll laga um fjárráð giptra kvenna o. fl. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

1. gr. Rjett er, að giptar konur sjeu hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna; skal hjúskap-

armáli vera skriflegur og gerður í tveggja votta viðurvist, og ná að öðru leyti hin almennu ákvæði laganna um gildi samnings til slíkra hjúskaparmála.

3. gr. Nú gera hjónaefni hjúskaparmála; skal hann, áður en brullaup fer fram, þinglesinn eða fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi, skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í lýsa hjúskaparmála sínum.—Nú hljóðar hjúskaparmáli um fasteignir, og skal hann, áður en brullaup fer fram, fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. málsgrein 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn, eða fyrir fram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvort hjóna skuli bera ábyrgð skulda; enda skerðir slíkur hjúskaparmáli, þótt þinglesinn sje, í engu rjett þeirra, er áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjörður, nema sannað verði, að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir, að það skuli sjereign vera, er öðru hvoru hjóna hlotnast að arfi eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu, nema öðruvísi sje um samið í hjúskaparmála. Hvorugt hjóna, má þó gefa, selja, veðbinda nje leigja fasteignir búsins, nema samþykki hins komi til.

Nú hefur annaðhvort hjóna gjört slíkan samning að hinu fornspurðu, og er því þá rjett að ripta gjörningnum, en málssókn skal þá hafin innan árs og dags frá þinglestursdegi, eða frá því, er það fjekk vitneskju um gjörninginn. Ef helmingafjárlag er með hjónum, getur hvorugt þeirra, svo að gilt sje, tekizt á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna, nema samþykki hins komi til.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu, en heimilt er hvoru hjóna, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds á fúlgunni af fjelagsbúinu, þegar fjárskipti fram fara.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu, og hefur hún þá ein rjett, til að ráða yfir, hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi, má ekki taka atvinnuarð þenna til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað, án þess samþykki konunnar komi til.

11. gr. Rjett er hvoru hjóna um sig að heimta, að sýslumaður eða bæjarfógeti gjöri fjárskipti með þeim, ef það sannast með áliti dómkvaddra manna, að annaðhvort þeirra hafi farið ráðlauslega með eigur fjelagsbúsins, og skulu fjárskiptin síðan þinglesin á varnarþingi rjettu.

Nú átti maður til skuldar að telja í búi því, er skipt var, og er honum þá rjett að ganga að hvoru hjóna, er vill, nema sannað verði, að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til lúkningar skuldinni.

12. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtumönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastur samningur.— Þó er gjöf ógild, nema sannað verði, að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti andvirði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin.— Þessi ákvæði ná þó eigi til smágjafa þeirra sem hjón gefa hvort öðru, og sem ætlaðar eru því hjóna, sem gjöf þiggur, til eigin afnota.

13. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum, eða fyrir aldurs sakir eigi fullráð fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds- eða tilsjónarmanns.

14. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr lögum numdar.

Nd. 50. **Frumvarp**

til laga til að gjöra samþykktir, um að hindra eyðileggingu af vatnaágangi. Flutningsm., Sighvatur Árnason og Þórður Guðmundsson.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um að hindra eyðileggingu af vatnaágangi á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða vera hagfellt að gjöra samþykkt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir hjeraðsbúar þeir, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin semur frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $\frac{2}{3}$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar, en álíti sýslunefndin að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði hjeraðsfundar, og verði það þá samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýu frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu.

4. gr. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktar ganga of nærri rjetti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslu-

nefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um breyting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþykktin nær yfir.

Samþykkt þeirri, er amtmaður hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til úm að samþykktirnar sjeu prentaðar í B deild Stjórnartíðindanna.

5. gr. Í samþykkt skal ávallt kveða á um eptirlit það er þarf til þess, að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. gr. Brot gegn staðfestum samþykktum varðar 5 til 100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sektanna.

7. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

Ed. **51. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Nesi í Norðfirði. Flutningsm: Guttormr Vigfússon.

1. gr. Á Nesi í Norðfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr. Verzlunarsvæðið nær frá svokölluðum Neslæk inn að Litlalæk framan við Nes-Ekru, og 30 faðma á land upp frá fjörumáli.

Nd. **52. Breytingartillögur**

við frv. til laga um varnarþing í skuldamálum o. s. frv. Flutningsmenn: Jón Jensson og Guðl. Guðmundsson.

1º 1. gr. 1.—3. málsl. orðist þannig:

Þegar skuld er stofnuð við fasta verzlun eða aðra heilmilisfasta atvinnustofnun hjer á landi, þá á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuld er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans. Eigi raskar þetta gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná að eins til þeirra skulda, sem stafa af verzlunarviðskiptum, er skuldheimtumaður er kaupmaður, lyfsali eða bóksali.

Þessi ákvæði ná að eins til þeirra skulda, er stofnaðar eru eptir að lög þessi öðlast gildi.

2º Við 3. gr: Í stað orðanna: »má birta honum stefnu« komi: »má birta honum þar stefnu«.

Nd. **53. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækramálefnum. Frá Sighvati Árnasyni, Þórði Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni, Þorláki Guðmundssyni.

1. Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd milli þinga til að íhuga sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins og semja frumvarp til nýrra sveitarstjórnar- og fátækralaga, er lagt verði fyrir alþingi 1897. Nefndarmenn sjeu sinn úr hverjum fjórðungi landsins og 1 úr Reykjavík.
2. Alþingi skorar á landsstjórnina að leggja fyrir embættismenn og sveitastjórnarvöld

landsins að láta nefndinni í tje allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þeim er mögulegt og sem nefndin kynni að óska eptir.

Nd. 54. **Tillaga**

til þingsályktunar. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson, Jens Pálsson, Sigurður Gunnarsson, Þórður J. Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga hin lægr menntamál, sveitakennslu og barnaskóla, svo og nndirbúningsmenntun barnakennara.

Nd. 55. **Frumvarp**

t l laga um eptirlaun (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landsjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landsjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr, fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^1/_2$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þ gar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2 gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast; 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist at nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed. 56. **Frumvarp**

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar (eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.)

1. gr. Jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barði og Hamarkoti, að undan skildum Glerárdal, og jörðin Kotá, báðar í Hrafnagilshreppi, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrarkaupstaðar frá fardögum 1896.

2. gr. Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer $\frac{1}{8}$ hluta af fátækrabyrði Hrafnagilshrepps, eins og hún var við árslok 1894, og að öðru leyti eptir samkomulagi milli beggja sveitarfjelaga.

3. gr. Verzlunarlóð bæjarins skal að eins ná yfir hina fornu kaupstaðarlóð, þ. e. Akureyri og Oddeyri með þeim ummerkjum, sem verið hafa, að viðbættri landspildunni frá suðvesturhorni lóðar Jóh. Halldórssonar beina línu ofan við brekkubrún út að Grófargili í vörðu, sem þar verður sett, og þaðan beina línu í vörðu á klöpp fyrir utan og neðan Hamarkot, og þaðan beina línu í vörðu fyrir neðan Glerárgljúfur.

Ed. 57. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

Vjer undirskrifaðir vorum kosnir í nefnd til að íhuga ofannefnt stjórnarfrumvarp, sem fer fram á, að Eyvindarhólaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi leggist 200 kr. uppbót árlega úr landssjóði, og höfum vjer haft undir hendi ýmisleg skjöl þessu máli viðvíkjandi. Nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að full ástæða og nauðsyn beri til að veita þessa uppbót, en hún ætlast til, að uppbótin verði ekki útborguð nema því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins.

Ennfremur hefur nefndin íhugað viðauka- og breytingaruppástungur landshöfðingja við frumvarpið, og er þar farið fram á, að jörðin Hrafnagil leggist til Grundarþingaprestakalls, en Akureyrarprestakalli greiðist 200 kr. úr landssjóði, og hefur landshöfðingi látið nefndinni í tje skjöl áhrærandi þetta mál. Nefndin álítur mjög æskilegt, að heimajörðin Hrafnagil verði lögð til Grundarþinga prestakalls, prestinum þar til ábúðar. Til að bæta Akureyrarprestakalli þá tekjurýrnun, sem það bíður við að missa afgjald jarðarinnar Hrafnagils, álítur nefndin 150 kr. tillag úr landssjóði nægilegt.

Loks hefur biskupinn afhent nefndinni bónarbrjef sóknarnefndarinnar í Kálfafellssókn í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi, þar sem beðið er um að Kálfafellssókn verði aptur gjörð að sjerstöku prestakalli, og veitt hæfileg uppbót úr landssjóði. Með þessari beiðni hefur hlutaðeigandi prófastur og hjeraðsfundur mælt hið kröptugasta, og biskupinn hefur á yfirreið sinni kynnt sjer alla málavexti, og telur hann það hjer um bil ókleyft að Kálfafellssókn sje þjónað af prestinum á Prestsbakka, svo að sú prestsþjónusta verði söfnuðinum að fullum notum. Prestakall þetta yrði að vísu mjög tekjulítið, þar sem tekjurnar mundu eigi nema meira en hjer um bil 250 kr. á ári, en sökum þess að jörðin Kálfafell er ágætisjörð, þá telur prófastur, að brauð þetta mundi verða all-lífvænlegt með 400 kr. uppbót úr landssjóði eða jafnvel með 300 kr. Þess skal getið, að hinn núverandi prestur í Kirkjubæjarklaustursprestakalli hefur lýst því yfir, að hann samþykki, að Kálfafellssókn verði tekin frá prestakalli hans, án þess að áskilja sjer nokkuð endurgjald í staðinn. Nefndin verður að samsinna því, að Kálfafellssöfnuður hafi fulla ástæðu til að fara fram á það, að sóknin verði aptur gjörð að sjerstöku prestakalli, og leggur til að þetta verði gjört að lögum og brauðinu lögð 300 kr. uppbót úr landssjóði.

Nefndin leggur því til, að hin háttvirta deild samþykki stjórnarfrumvarpið með svolátandi breytingum:

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Aptan við frumvarpið bætist 2. og 3. gr. svohljóðandi:

2. gr. Jörðin Hrafnagil (heimajörðin) leggist til Grundarþinga prestakalls. Til Akureyrarprestakalls greiðist 150 kr. úr landssjóði.

3. gr. Kirkjubæjarklausturs prestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi tekur yfir Prestsbakkasókn. Kálfafellssókn skal vera sjerstakt prestakall, eins og áður, og nefnist Kálfafell á Síðu. Þessu brauði leggjast 300 kr.

Alþingi 10. júlí 1895.

Hallgr. Sveinsson, form. og framsögum. Sigurður Jensson, skrifari. Guttormur Vigfússon.

Ed.

58. Frumvarp

til laga um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög. Flutningsmaður: Sig. Stefánsson.

1. gr. Að því er stjórn sveitamálefna snertir skal Ísafjarðarsýslu skipt í tvö sýslufjelög.

Annað sýslufjelagið heitir Vestur-Ísafjarðarsýsla og eru í því þessir hreppar: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrarhreppur, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Hitt sýslufjelagið heitir Norður-Ísafjarðarsýsla og eru í því þessir hreppar: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sljettuhreppur.

Hvort sýslufjelagið hefur sinn fjárhag og sveitarmálefni fyrir sig.

2. gr. Í hvoru sýslufjelaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitamálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. mai 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti auk sýslumanns, sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eptir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr. Sjóðum sýslufjelagsins skal þannig ráðstafað:

Styrktarsjóður handa ekkjum og börnum Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukkna, sem hingað til hefur verið undir stjórn sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, skal eptirleiðis standa undir stjórn sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, en eru að öðru leyti eign beggja sýslufjelaganna og kaupstaðarins.

Norður-Ísafjarðarsýsla skal að óskiptu fá 2000 kr af vegasjóði sýslunnar, en að öðru leyti skal sjóðum og skuldum Ísafjarðarsýslu skipt milli hinna nýju sýslufjelaga eptir samanlagðri tölu fasteignar og lausafjárhundraða hvors um sig.

4. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum til framkvæmdar svo fljótt sem verða má.

Nd.

59. Frumvarp

til laga um hagfræðisskýrslur Flutningsmenn: Jón Jensson, Ólafur Briem og Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Landstjórninni ber að annast um, að samdar sjeu árlega hagfræðislegar skýrslur um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun, og skulu þær samdar og útgefnar á kostnað landsjóðs.

2. gr. Um fyrirkomulag á skýrslunum og undirbúning til þeirra ákveður landshöfðingi með reglugjörð, og annast hann um að út sje gefin á kostnað landsjóðs nauðsynleg eyðublöð, er stjórnarvöldum þeim, sem hann fyrirskipar, ber að láta útfylla.

3. gr. Skyldur er hver búandi og hver sá, er nokkur skepnuhöld hefur, til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje, þegar þess er krafizt, nákvæma skýrslu um það, hve margt nautgripa, sauðfjár, geitfjár og hrossa, á hverjum aldri sem er, hann hefur undir höndum, hvort sem hann sjálfur er eigandi að eða ekki.

Bændur og aðrir þeir, er nokkra jarðrækt stunda, eru á sama hátt skyldir til að láta árlega í tje skýrslur, svo nákvæmar, sem kostur er á, um stærð túna þeirra og sáðlands, um jarðabætur, er unnar hafa verið og jarðargróða, er þeir hafa fengið á árinu, svo sem töður, úthey, maturtir, mótekju, hrísrif og skóga.

4. gr. Skipstjórar á þilskipum og formenn á opnum bátum, sem til nokkurs veiðiskapar ganga, skulu skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í tje skýrslur, svo nákvæmar sem föng eru til, um það, hve mikið hafi aflazt á skipum þeim eða bátum, er þeir hafa farið með á undanförnu ári.

5. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eður sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið síðast undanfarið ár til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hjer á landi og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands hjeðan, allt eptir því sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landshöfðingi útgefur.

6. gr. Forstöðumenn sparisjóða og lánsstofnana skulu skyldir til að senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um eignir og skuldir stofnananna, eptir formi, er hann fyrirskipar.

7. gr. Heimta má, að hlutaðeigendur votti upp á æru og trú, að skýrslur þær, sem um ræðir í 3.—5. gr., sjeu gefnar eptir beztu vitund.

8. gr. Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorð upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 króna. Trássist nokkur við að láta í tje skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 5—10 kr. á dag. Heimilt er landshöfðingja að leggja sektir við, ef útaf er brotið reglugjörð þeirri, sem um ræðir í 2. gr.

9. gr. Um aðrar landshagsskýrslur en þær, sem atvinnuvegina snerta, gilda sömu reglur og fylgt hefur verið til þessa.

10. gr. Með brot gegn lögum þessum og reglugjörðum landstjórnarinnar samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál.

Ed. 60. **Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólma prestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi. Flutningsmenn: Hallgrímur Sveinsson og Guttormur Vigfússon.

1. grein. 600 kr. gjald það, sem greiða skal frá Hólma prestakalli samkvæmt lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, 1. gr. tölul. 12, færist niður í 200 kr. að telja frá fardögum 1895.

2. grein. Eptirlaun núverandi uppgjafaprests í Hólma prestakalli skulu frá sama tíma greiðast að öllu leyti úr landssjóði.

3. grein. Skuld sú, sem núverandi prestur í Hólma prestakalli er kominn í við landssjóð út af óloknu árgjaldi, að upphæð 600 kr., falli niður.

Ed. 61. **Tillaga**

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið. Eins og hún var samþykkt við fyrri umr. í E. d.

Um leið og efri deild alþingis lýsir því yfir, að hún heldur fast við sjálfstjórnarkröfur Íslands, með svo fullri tryggingu sem komið hefur fram á undanförnum þingum, ályktar hún að skora á stjórnina, að taka þær til greina og sjerstaklega hlutast til um:

1. að löggjafar- og landstjórnarmálefni, er heyra undir hin sjerstöku mál Íslands, verði eptirleiðis eigi lögð undir atkvæði hins danska ríkisráðs eða borin upp í því;

2. að gjörð verði með nýjum stjórnarskipunarlögum breyting á ábyrgð hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, þannig, að neðri deild alþingis geti ávallt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beinleiðis á hendur hjer búsettum, innlendum manni, er mæti á alþingi;

3. að stofnaður verði sjerstakur dómstóll hjer á landi, skipaður innlendum mönnum (landsdómur), er dæmi í málum þeim, er neðri deild alþingis eða konungur lætur höfða gegn hinum æðsta stjórnanda hjer á landi.

Nd. 62. **Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. desember 1886, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í e. d.

Skyldur þær, er með 2. gr. í lögum um prentsmiðjur 4. desember 1886 eru lagðar á prentsmiðjur hjer á landi gagnvart amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi, gilda einnig að því er snertir bókasafn Austuramtsins, þannig að hver prentsmiðja skal að viðlagðri hegningu samkvæmt þeirri grein láta því í tje ókeypis 1 eintak af öllu því, er prentað er, hvort sem það er smátt eða stórt.

Um brot gegn lögum þessum fer eptir nefndum lögum um prentsmiðjur 4. gr.

Nd. 63. **Frumvarp**

til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

Fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni, veitast eptirlaun úr landssjóði, 600 kr. á ári, frá fardögum 1895.

Nd. 64. **Frumvarp**

til laga um breyting á 5. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

1. grein. Við kosningar í bæjarstjórn Reykjavíkur er bæjarfulltrúum skipt í tvo hluti, og skal annar þeirra vera einum fjölmennari en hinn. Meiri hlutinn skal kosinn af öllum karlmönnum í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir sem hjú, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi,

er ekki lagt af sveit, eða hafi þeir þegið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum næsta ár á undan kosningunni frá nýári til nýárs, og greitt það ár að minnsta kosti 8 krónur í bein bæjargjöld. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim fyrir kosningarrjett, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í þessari grein. Minni hluti bæjarfulltrúa skal kosinn af $\frac{1}{3}$ hluta allra hinna áðurtöldu bæjarbúa, er kosningarrjett hafa og mest hafa greitt í bæjargjöld síðasta ár frá nýári til nýárs, ef þessi $\frac{1}{3}$ hluti hefir goldið minnst $\frac{2}{3}$ hluti allra gjaldanna. Nái fimtungur ekki þessari upphæð, skal svo mörgum viðbætt af þeim, sem mest greiða, úr hinum $\frac{4}{5}$ pörtunum, að þessari gjaldaupphæð verði náð. Hafi fleiri greitt jafnmikil gjöld á því ári, og það verður nauðsynlegt að nokkrir þeirra gangi til kosningar til þess að ná hinum fyrnefnda fimtung af kjósendum eða $\frac{2}{3}$ pörtum af gjaldaupphæðinni, skulu þeir allir ganga til kosningar.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er atkvæðisrjett á við kosningu meiri hluta bæjarfulltrúa.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í bæjarstjórninni í senn.

2. grein. 5. grein í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík er úr lögum numin.

Nd. 65. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga. Flutningsmaður: Björn Sigfússon.

Við Hvammstanga austanvert við Miðfjörð í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 66. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Máli þessu hefur verið vísað til nefndar þeirrar, er kosin var af h. h. neðri deild til að íhuga frumvarp til laga um, að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum, og höfum vjer nefndarmenn íhugað málið og rætt það á fundum.

Þar sem nefndin komst til þeirrar niðurstöðu um spítalastofnun handa holdsveikum, að hún væri ekki tiltækileg að svo komnu, leiðir af sjálfu sjer, að hún verður að ráða h. h. deild frá, að samþykkja frumvarp þetta eins og það liggur fyrir. En með því að nefndinni þykir af ýmsum ástæðum sambúð holdsveikra við aðra menn mjög varhugaverð, þá verður hún að líta svo á, að ýms ákvæði þessara laga sjeu einkar þörf, og að ráðstafanir til aðgreiningar holdsveikra frá öðrum mönnum megi ekki dragast þangað til holdsveikraspítali er kominn á fót. Enda virðist það nauðsynlegt, að slík aðgreining eigi sjer stað, jafnvel þó að spítali eða hjúkrunarstofnanir fyrir holdsveika væru til í landinu, því að ávallt má ráð fyrir því gjöra, að nokkrir verði þeir, er fremur kjósi að vera kyrrir við heimili sitt en fara á hjúkrunarstofnun eða spítala, þó að þeir eigi kost á því. Jafnvel þótt nefndin játi, að slík aðgreining holdsveikra manna, sem hjer er farið fram á, geti valla komið að fullum notum, verður hún þó að álíta hana nauðsynlega, og að hún verði margfalt nauðsynlegri eptir þennan tíma en áður, vegna þess, að þær rannsóknir, sem síðastliðið ár hafa verið gjörðar á holdsveikinni og þær umræður og ummæli, sem birzt hafa á prenti um hana þar af leiðandi, hafa vakið mikinn ótta fyrir sóttnæmi veikinnar og megnan viðbjóð á henni,

Sakir þess, sem tekið er fram hjer að framan, leyfir nefndin sjer, að ráða h. h. deild til, að samþykkja frumvarp stjórnarinnar, með þeim breytingum er hjer segir:

1. Við fyrirsögn frumvarpsins. Orðin: »og flutning þeirra á opinberan spítala«, falli burt.

2. Við 1. grein. Greinin orðist svo:

Holdsveikum mönnum, er njóta sveitarstyrks, skal fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða þeim komið fyrir á þann hátt, er hlutaðeigandi lækni þykir nægileg trygging í.

Ef því verður við komið, skal holdsveikum mönnum komið svo fyrir, að hjón sjeu eigi skilin að, ef það er á móti vilja þeirra. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni, enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, er sveitarstyrks njóta, skal ávallt koma fyrir til uppeldis á öðrum heimilum.

Kostnað allan, er ákvæði þessarar greinar hafa í för með sjer, skal greiða úr sveitarsjóði þeim eða bæjarsjóði, er hlut á að máli.

3. Við 2. grein. Þessi grein falli burt.

4. Við 3. grein. Þessi grein verði 2. grein og orðist þannig:

Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum sveitarstjórnar og hlutaðeigandi læknis, lagt fyrir, að einnig öðrum holdsveikum mönnum verði fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða komið fyrir á þann hátt, er lækni þykir nægileg trygging í. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki óhlýðnast fyrirskipunum, sem honum hafa verið gjörðar um, að fylgja ákveðnum varúðarreglum, er eptir atvikum mátti ætlast til, að hann gæti hlýtt, eða að hlutaðeigandi læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til, að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til, að einangra sjúklinginn á þennan hátt.

Þess skal einnig gætt, að hjón sjeu eigi skilin að nauðugu, nema brýna nauðsyn beri til.

Amtmaður getur og lagt fyrir, að börnum holdsveikra foreldra, er ræðir um í þessari grein, sje komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum, ef hlutaðeigandi læknir álítur nauðsyn bera til þess.

Kostnað þann, er leiðir af ákvæðum greinar þessarar, skal greiða að helmingi úr landssjóði, en hinn helminginn skal hinn holdsveiki greiða, ef hann er svo efnum búinn; að öðrum kosti sveitarsjóður.

5. Við 4. grein. Þessi grein falli burt.

6. Við 5. grein. Þessi grein falli burt.

7. Við 6. grein. Þessi grein falli burt.

8. Við 7. grein. Þessi grein verði 3. grein.

Í stað orðsins: »hjeraðslæknir«, komi: »hlutaðeigandi læknir«.

9. Á eptir 7. grein bætist inn í ný grein, sem verður 4. grein, svo hljóðandi:

Hjeraðslæknar og aukalæknar, hver í sínu umdæmi, skulu, undir umsjón landlæknis, sjá um, að lögum þessum sje hlýtt.

10. Við 8. grein, sem verður 5. grein. Þessi grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1896.

Valtýr Guðmundsson, formaður. Jón Þórarinsson, skrifari. Þórður J. Thoroddsen, framsögumaður.

Þórður Guðmundsson. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 67. **Frumvarp**

til laga um flutning þurfamanna. Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr. Þurfamenn má eigi flytja hreppa á milli, nema áður sje sannað, hvar hann eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar eða fullnaðarúrskurði yfirvalds.

2. gr. Ef þurfamaður á að flytjast til framfærslusveitar sinnar, skal sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar flutt er, svo og hve margt fólk er í förinni, ef um fjölskyldu er að ræða. Enn fremur gjörir lögreglustjóri allar nauðsynlegar ráðstafanir fyrir flutningnum.

3. gr. Þurfamenn skal flytja sem næst beinni leið, hvort heldur landveg eða sjóveg. Svo skal haga flutningi þurfamanna, að lífi þeirra eða heilsu sje eigi stofnað í hættu. Ef þurfamaður sætir illri meðferð í flutningi, varðar það sektum, nema þyngri hegning liggi við.

4. gr. Kostnaður við flutning þurfamanna skal fyrirfram greiddur úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, móti endurgjaldi úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem þurfamaður á framfærslurjett.

5. gr. Hjer með er úr lögum numin 8. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834 um fátækramálefni og opið brjef 17. apríl 1868 um kostnað við flutning þurfamanna.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1896.

Nd. 68. **Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Kl. Jónssyni, Skúla Thoroddsen, Þórh. Bjarnarsyni og Sigurði Gunnarssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að setja 5 manna nefnd, til að íhuga og gjöra tillögur um ferðir landpóstanna.

Nd. 69. **Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum.

Vjer, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga þetta mál, höfum rætt það með oss á fundum og leyfum oss að láta álit vort uppi um það á þessa leið:

Nefndin játar fúslega að holdsveikisástandið hjer á landi sje mjög iskyggilegt, og að fyllsta þörf sje á því, að gjöra eitthvað til hagsbóta í því efni. Spítalar eða hjúkrunarstofnanir fyrir holdsveika, eins og stungið er upp á með frumvarpinu, munu og reynast nauðsynleg til að útrýma þessari veiki og til þess, að sjúklingunum líði svo vel, sem kostur er á.

En, eins og stjórnin að nokkru leyti játar sjálf, er enn ýmislegt ógert sem gera þarf til undirbúnings því að stofna holdsveikraspítala, og vill nefndin sjerstaklega taka fram, að skýrslur um tölu holdsveikra hjer á landi eru mjög ófullkomnar; en þegar um stofnun sjúkrahúss er að ræða, er það mjög þýðingarmikið atriði, að hafa glöggva hugmynd um tölu þeirra sjúklinga, sem veita þarf viðtöku. Eptir þeim skýrslum, sem nú eru fyrir hendi, er tala holdsveikra um 140, er sagt er, að allir hafi veikina í slæmri mynd; en landlæknir telur allar líkur til, að holdsveikir menn sjeu um 200, eða jafnvel fleiri. Ef byggja mætti á þessum skýrslum, verður nefndin að telja vafasamt, að spítali handa 60 manns væri nægilega stór. Nefndinni þykir því nauðsynlegt, að rannsókn

þeirri um tölu holdsveikra, sem stjórnin þegar hefur gert ráðstafanir til að fari fram, sje lokið áður en ákveðið er að stofna spítala, svo að áreiðanlegar skýrslur um tölu holdsveikra og ástand þeirra liggi fyrir því þingi, sem ræður máli þessu til lykta.

Í annan stað er nefndin á sama máli og stjórnin um það, að mál þetta sje einnig miður undirbúið en æskilegt væri, að því er snertir áætlun um spítalabygginguna sjálfa og kostnað og útbúning allan við hana, þar sem enginn uppdráttur af húsum hefur verið lagður fyrir þingið, og áætlanir þær, sem fram eru komnar um árlegan kostnað við slíkan spítala, virðast svo af handa hófi, að lítt, eða ekki, virðist svo á þeim byggjandi.

Af ofangreindun ástæðum verður nefndin að leggja það til, að deildin felli frv. þetta að þessu sinni.

En með því að öllum mun koma saman um það, að þetta mál sje hið mesta auðsynjamál, þá vill nefndin leggja það til, að stofnun holdsveikraspítala sje undirbúin sem bezt, og að bráður bugur sje að því undinn. Hún leyfir sjer því að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkia eptirfarandi.

TILLÖGUR

til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um

1. að hæfur læknir, er vænta mætti, að síðan vildi takast á hendur læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala, sje sendur til Noregs til að kynna sjer veikina, spítalastofnanir þar fyrir holdsveika, kostnað við þær og meðferð á sjúklingunum.
2. að flýtt sje talningu holdsveikra sjúklinga svo sem verða má, svo að árangurinn af henni geti, ef unnt væri, orðið lagður fyrir þingið 1897.
3. að útvegaðir verði og lagðir fyrir næsta þing uppdrættir af holdsveikraspítala og áætlun um kostnað við byggingu og áhaldakaup og árleg útgjöld spítalans.

Alþingi 12. júlí 1895.

Valtýr Guðmundsson. Jón Þórarinsson. Þórður J. Thoroddsen.
formaður. skrifari. framsögumaður.
Þorlákur Guðmundsson. Þórður Guðmundsson.

Nd. **70. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Vjer undirskrifaðir, sem hin heiðraða neðri deild setti í nefnd til þess að íhuga »Frumvarp til laga um ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma«, höfum gjört það nákvæmlega, og ráðum til, að frumvarpið sje samþykkt með þeim breytingum, er hjer segir.

Við 1. grein:

1. liður orðist þannig: »Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og landshöfðingja, sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, er taka skal til meðferðar af hálfu hins opinbera. Fari svo, að hlutaðeigandi læknir geti eigi leyst það starf af hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal landshöfðingi sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar«.

Fyrir: »farsóttarlæknum« í 2. lið, komi: »læknum«, og fyrir: »ástandi«, komi: »ástæðum«.

Við 2. grein:

2. grein orðist þannig: »Þessa sjúkdóma skal ætíð taka til meðferðar af hálfu hins opinbera: kóleru, gula hitasótt (febris flava), útbrota taugaveiki (typhus exanthematicus), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis).

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur landshöfðingi fyrirskipað, að taka skuli aðra næma sjúkdóma til meðferðar á sama hátt, svo sem influenza, barnaveiki (difthe-

ritis, kroup), taugaveiki (febris typhoidea) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess. Undanskildir eru þó langvarandi næmir húðsjúkdómar.

Landshöfðingi gefur út, eptir samráði við landlækni, almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er þeir eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal birta þær reglur í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og, að beita þeim til bráðabyrgða, þá er aðrir næmir sjúkdómar koma upp, að því leyti honum kann að þykja þörf á því, enda gjöri hann ráðstafanir sínar almenningi kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa.

Nú hefur læknir tekið upp sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá skýra landshöfðingja frá ráðstöfunum sínum svo fljótt sem verða má, og skal hann senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til. Kveður þá landshöfðingi á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi lækni svo fljótt sem verða má; skal læknirinn þegar í stað birta það opinberlega, á þann hátt, er bezt gerir það kunnugt á svæði því, er í hlut á. Sleppa má þó auglýsingunni meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands. Auglýsingunni má einnig sleppa, meðan vafasamt þykir, hvort sjúkdómurinn teljist til sjúkdóma þeirra, er hið opinbera er skylt að taka til meðferðar.

Þá er opinberum sóttvörnum er lokið, skal það einnig birt opinberlega«.

Við 3. grein:

3. grein orðist þannig: »Þá er ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, er talinn er í 1. lið 2. gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu, og það skorið upp, ef til kemur, ef læknunum virðist þörf á því, til þess að geta ákveðið, hvort taka skuli upp sóttvarnir af hálfu hins opinbera«.

Við 4. grein:

4. grein orðist svo: »Farþegjaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga, er þjást af sjúkdómum, sem skylt er að taka til meðferðar af hálfu hins opinbera, nje þá, er hafa barnaveiki eða taugaveiki, nema fylgt sje þeim fyrirmælum, er skipum þeim ber að fara eptir við slíkan flutning«.

Við 5. grein:

5. grein orðist svo: »Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einn af þeim sjúkdómum, er taldir eru í 2. gr. 1. lið, eða annar sjúkdómur, er samkvæmt auglýsingu er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal þá húsráðanda þegar í stað skylt að skýra lækni sínum frá því. Þó er húsráðanda heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppsnefndarmanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfjelagi, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita um sjúkdóminn. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn, þeir er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Þá er sjúkdómur sá kemur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnnuum, er forstöðumaðnr, eða sá, er þar ræður mestu, skyldur að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi, eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal hlutaðeigandi skipstjóri eða formaður skýra frá honum.

Verði einhver þess var, að eigi hefur verið skýrt frá slíku sjúkdómstilfelli, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt er að framan er sagt.

Þurfi hreppsnefndarmaður samkvæmt grein þessari að takast lengri ferð á hendur en 2 mílur alls fram og aptur, fær hann þaun kostnað endurgoldinn úr sveitarsjóði eptir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir«.

Við 6. grein:

6. grein orðist þannig: »Nú er eigi unnt að hafa sjúkling svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sje við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá lækni heimilt að láta flytja hann á opinbert sjúkrahús, eða í eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá til þess. Er sjúklingur skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unnt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútdreiðslu«.

Við 7. grein:

Fyrir: »Sje sjúklingurinn ekki fluttur af heimili sínu«, komi: »Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu«.

Fyrir orðið: »farsóttarlæknis« í 1. og 2. lið greinarinnar, komi: »læknis« á báðum stöðum.

Við 8. grein:

Fyrir: »Farsóttarlæknum er heimilt . . . skuli sóttnæmishreinsun«, komi: Heimilt er lækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sóttnæmishreinsun«.

Fyrir: »að hann skuli undirgangast . . . á munum sínum«, komi: »að hann skuli sjálfur ganga undir sóttnæmishreinsun eða leggja muni sína undir slíka hreinsun«.

Orðin: »að tiltölu« í 2. lið falli burt.

Á eptir orðinu: »eyða« í sama lið, komi: »þeim«.

Fyrir: »hjeraðslækni« í 3. lið, komi: »lækni«.

Fyrir: »Landshöfðingi sjer um . . . útbýtt ókeypis« í 4. lið, komi: »Landshöfðingi sjer um, að ætíð sjeu á kostnað landssjóðs fyrirliggjandi á lyfjabúðum og hjá læknum, að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því, vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar byrgðir af efnum þeim, er þurfa til sóttnæmishreinsunar, og sje þeim útbýtt ókeypis«.

Við 9. grein:

Orðin: »(difteritis og kroup)«, falli burt á tveim stöðum.

Við 10. grein:

Fyrir: »sóttvarnarlæknir fer fram á slíkt«, komi: »læknir fer fram á það«.

Fyrir: »og bannað opinberar skemmtisamkomur« komi: »og bannað almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur«.

Fyrir: »Einnig má banna líkfylgdir« komi: »Einnig má banna messur og líkfylgdir«.

Við 11. grein:

Fyrir: »fær farsóttarlæknir . . . í þarfir hins opinbera« komi: skal greiða lækni sömu borgun sem fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.«

Aptan við 1. lið bætist: »Greiðist það af almannafje«.

Fyrir: »Á ferðum sínum . . landlæknir á herðar« komi» Takist landlæknir ferð á hendur eptir lögum þessum«.

Fyrir: »af landssjóði« komi: »úr landssjóði«.

Við 12. grein:

Orðin: »eða fyrirskipunum þeim samkvæmt «falli burt.

Fyrir: »farsóttarlæknir« komi »læknir«.

Fyrir: »í sjúkdómstilfellum, er tekin eru«, komi »í sjúkdómum, er teknir eru«.

Fyrir: »og eptir áliti sveitarstjórnar eru til þess færir, endurborga hann« komi: »endurborga hann, ef sveitarstjórn álítur þá til þess færa«.

Við 13. grein:

Fyrir: »(4. kafli 8. gr. og 2. kafli 11. gr.)« komi: »(8. gr. 4. lið og 11. gr. 2. lið)«.

Fyrir: »eða úr sveitar eða bæjarsjóði (3. kafli 5. gr.)« komi: »eða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið)«.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: »Frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma«.

Alþingi 12. júlí 1895.

Einar Jónsson, formaður.	Þórður J. Thoroddsen, skrifari og framsögumaður.	Kl. Jónsson.
Þórhallur Bjarnarson.	Skúli Thoroddsen.	

Nd. 71. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 8. janúar 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur fengið oss undirrituðum þetta frumvarp í hendur, til þess að vjer skyldum segja álit vort um það, og er það á þessa leið.

Það er í 2 aðalatriðum að frumvarp þetta vill breyta núgildandi lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Fyrra atriðið er það, að frumvarpið vill leyfa söfnuðum að kjósa um alla þá, er sækja um prestakall þeirra, og sem fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því, að geta haft prestsembætti á hendi í þjóðkirkjunni.

Það hefur verið fundið að þessu ákvæði, að með því væri allt vald dregið úr höndum kirkjustjórnarinnar, að því er snerti veitingu prestsembætta. Að vísu er það nú eigi algjörlega svo, með því að frumvarpið gjörir ráð fyrir, að byskup megi hafna umsóknarbrjefum þeirra kandidata, er hann álítur óhæfa til að takast prestsembætti á hendur, sökum einhverrar óreglu, þó að þeir að öðru leyti fullnægi hinum almennu skilyrðum til að geta gegnt prestsembætti og auk þess getur opt komið fyrir, að söfnuðir leggi það í vald kirkjustjórnarinnar að veita prestaköllin, eða það falli í hlut þeirra sökum ólögmætrar kosningar.

En um leið og vjer þó könnumst við það, að 1. grein frumvarpsins minnki veitingarvald kirkjustjórnarinnar, látum vjer uppi það álit vort, að engin muni þau embætti hjer á landi, er eins vel eigi við, að þeir sem eiga að njóta embættismannsins fái að ráða mestu um það, hver hann verður, eins og einmitt prestsembættin. Og fyrst það nú eitt sinn hefur verið leitt í lög, að söfnuðir megi kjósa prest sinn með takmörkunum, en þær takmarkanir eru þó svo lagaðar, að kirkjustjórnin getur í mörgum tilfellum engu ráðið um það, hver prestur hlýtur það brauð, sem um er að ræða, og aldrei ráðið eins miklu um það eins og söfnuðirnir sjalfir, ef kosning fer löglega fram, þá virðist rjettara, að söfnuðirnir fái kosningarvaldið alveg í hendur, ef þeir að eins vilja nota það. Þess mun líka almennt óskað um allt land, að söfnuðir fái rjett til að kjósa um alla umsækjendur, úr því þeir annars hafa nokkurn kosningarrjett í því tilliti, og virðist ekki mega virða lítils svo almenna ósk, þar eð eigi verður sjeð, að það geti orðið til nokkurs skaða fyrir kirkjuna nje prestastjettina.

Því hefir að vísu verið hreyft, að prestarnir hafi ýmsum störfum að gegna í þarfir kirkjunnar og þjóðfjelagsins, sem ekki snerti söfnuðina beinlínis, og af þeirri orsök

sje nauðsynlegt, að yfirstjórn kirkjunnar hafi að minnnsta kosti nokkur ráð yfir veitingu prestsembættanna, einkum þegar ræða er um mikla peningalega ábyrgð, er prestsembætti sje samfara.

En með því nú kirkjustjórnin getur engu ráðið um það eptir núgildandi lögum í hvers höndum prestakall lendir, ef færri sækja um það en 3 og mun einnig álíta það samkvæmt anda laganna, að neyta sem allra sjaldnast rjettar síns til að hafna einum af 3 umsækjendum, ef eigi sækja fleiri og með því að þau tilfelli munu tíðust, að eigi sækja fleiri en 2 eða 3 um prestaköllin, þá virðist það eigi neitt ískyggilegt, þó að farið sje fram á, að kirkjustjórnin sleppi þeim rjetti, sem hún nú hefur til að hafna umsækjendum, þá er fleiri sækja en 3, einkum þar sem þá mun um meira mannval að gjöra og því síður líklegt, að kallið lendi í höndum þess manns, er kirkjustjórnin má eigi vel við una. Að minnsta kosti eru engin líkindi til, að prestakall lendi fremur í höndum slíks manns, þegar 3 eða fleiri sækja, heldur en þegar 1 eða 2 sækja, en þá eru söfnuðirnir einráðir, sem kunnugt er, ef kosning fer löglega fram. Sje um mikla peningalega ábyrgð að ræða, þá má geta þess, að söfnuðir munu engu síður en kirkjustjórnin taka tillit til þess, hversu sá er efnum búinn, er þeir kjósa, eða hversu dugandi fjelagsmaður.

Vjer fáum því eigi sjeð, að prestaköllum nje safnaðalífi sje meiri hætta búin af því kosninga fyrirkomulagi, sem frumvarpið fer fram á, heldur en af því fyrirkomulagi sem nú er, en megum fullyrða, að það verður miklu vinsælla meðal safnaðanna.

Annað aðalatriði, er frv. breytir í nú gildandi lögum, er tala atkvæða þeirra sem þarf til þess að geta orðið rjettilega kosinn. Fer það fram á, að helmingur kjósenda, að minnsta kosti, taki þátt í kosningu, og umsækjandi fái að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða þeirra, er greidd eru; með öðrum orðum: umsækjandi verður að minnsta kosti að fá atkvæði eins þriðja hluta allra kjósenda prestakallsins til þess að verða löglega kosinn. En eptir giidandi lögum þarf hann eigi að fá nema einn fjórða hlut atkvæða þeirra manna, er kosningarrjett hafa. Eptir frv. þarf umsækjandi því að fá talsvert fleiri atkvæði en eptir gildandi lögum til þess að verða löglega kosinn.

Með því nú að það mun þykja mesti gallinn á kosningaraðferðinni, að umsækjendur eða meðhaldsmenn þeirra beiti tíðum kappi miklu og jafnvel ósæmilegum ráðum til að ná nægum atkvæðafjölda, þá er bert, að frv. er bót á hinum gildandi lögum, þar sem það heimtar fleiri atkvæði en þau; enda liggur í augum uppi, að umsækjandi verður tíðast að hafa mikinn meiri hluta kjósenda með sjer, ef hann á að geta náð lögmætri kosningu. Og með því að það yrði einmitt helzt að eiga sjer stað, þegar fleiri en 2 sækja um embættið, — þar eð þá eru mest líkindi til, að atkvæðin skiptist, — þá virðist þetta ákvæði frv. aðgengilegra fyrir kirkjustjórnina en ákvæði gildandi laga, með því að veiting embættisins hverfur eingöngu í hennar hendur, ef kosning verður ólögmæt.

En þó að vjer mundum alls eigi vilja takmarka kosningarrjett safnaðanna, ef vjer hefðum vissu fyrir því, að hann væri ætíð samvizkusamlega notaður, þá þykir oss þó þessi takmörkun frv. rjett, með því að því miður munu stundum misfellur á því, þó að vonandi sje, að það lagist, eptir því sem söfnuðir venjast kosningunum og þeim vex andlegur þroski. Auk þess kjósum vjer helzt, að sá, er prestakall hlýtur, hafi sem flest atkvæði safnaðanna með sjer, og að rjettara sje að kirkjustjórnin veiti embættið, ef enginn hlýtur svo mörg atkvæði, sem þetta frv. heimtar.

Að síðustu getum vjer þess, að með því að söfnuðum getur opt verið ókunnugt um einn eða fleiri af umsækjendum, sje rjett að biskup sendi meðmæli sín með þeim, er hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið.

Tillaga nefndarinnar verður því sú, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis 12. júlí 1895.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Einar Jónsson, skrifari. Þórhallur Bjarnarson, framsögumaður.
Jón Þórarinsson. Halldór Daníelsson.

Ed. 72. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um hvalleifar. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í e. d.). Frá Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni og Guttormi Vigfússyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »á þeim svæðum, er hreppsnefndin ákveður í hvert skipti«, komi: ef hreppsnefnd krefst þess, og ákveður hún í hvert skipti, hvar hreinsun skuli framfara.

Ed. 73. **Frumvarp**

til laga um eptirlaun (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landsjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landsjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^1/_2$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2 gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirla n eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist at nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed. 74. **Frumvarp**

til laga um undirbúning verðlagsskráa. Flutningsm.: G. Vigfússon.

1. gr. Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður kosinn af hreppsnefnd eða bæjarstjórn, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfjelagi í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok, semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningagangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfjelags. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar.

Nú er einhver tegund landaura, sem hefur ekki gengið kaupum nje sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, þótt hún sje þar til, má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða samskonar vörutegund hefir gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Nú hefur einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga, en með óvanalega lágu eða háu verði, sem sjerstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningi verðlagsskýrslunnar. Skýrsla þessi skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfjelaginu í tvær vikur.

2. gr. Verðlagsskýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eptir þeim eina aðalskýrslu fyrir hjerað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna, en stiptsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landsjóði.

3. gr. Verðlagsskrá gildir frá 16. maímánaðar til jafnlengdar næsta ár, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi.

4. gr. Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsúrskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi og konungsúrskurður 2. marz 1853.

Nd. 75. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum. Flutningsmenn: Jón Jensson, Pjetur Jónsson, Sk. Thoroddsen, Guðjón Guðlaugsson, Kl. Jónsson, Jens Pálsson.

1. Á eptir 4. gr. komi ný grein (5. gr.) svohljóðandi:
   Þegar reiknað verður eptirleiðis jafnaðarsjóðsgjald það, er amtsráðin mega mest á leggja án samþykkis landshöfðingja samkæmt 56. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872, skal það eigi koma til greina skattinum til hækkunar, er varið hefur verið á undanförnum 3 árum til gjaldagreina þeirra, er lög þessi ræða um.
2. 5. grein verði 6. grein.

Nd. 76. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum. Flutningsmenn: Halldór Daníelsson, Þorlákur Guðmundsson, Þórður Guðmundsson, Sk. Thoroddsen, Jón Jónsson, Þórður J. Thoroddsen.

1. Á eptir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svohljóðandi:
   Kostnað þann við notkun fangelsanna, er ræðir um í 6. gr. tilskipunar um

byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, ber eptirleiðis að greiða úr landssjóði.

2. Við 4. gr., sem verður 5. gr: í stað „1.—3. gr.“ komi: „1.—4. gr“.

3. 5. gr. verði 6. gr.

Ed. 77. **Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Engir aðrir, en þeir sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara, hvort heldur er munnlega eða skriflega, um flutning í aðrar heimsálfur, eða á nokkurn annan hátt hafa á hendi nokkurn starfa í þarfir slíks útflutnings. Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum 100—4000 kr., eða fangelsi.

2. gr. Undanþága sú frá eptirliti lögreglustjórnarinnar, er 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal úr lögum numin.

3. gr. Eigi má taka útfara á skip til flutnings til útlanda, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka útfara, hefur gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltekið, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið er hentugt til útfararflutnings á þann hátt er segir í 7. gr. laga 14. jan. 1876.

4. gr. Skipstjóri og útflutningastjóri bera ábyrgð á, að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til rannsóknar á hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda. Skal lögreglustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbrjef útfara, og ganga úr skugga um, að tala útfara sje eigi hærri, en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti í skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að hann sje að lögum frjáls til útfarar. Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum.

Ed. 78. **Frumvarp**

til laga um nýbýli (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum og almenningum, ef sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

2. gr. Nú vill einhver stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og skal hann þá birta þá fyrirætlan sína í því opinberu blaði, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar liðnir eru 6 mánuðir frá þessari birting, skal amtmaður, ef nýbýlingur óskar þess og enginn hefur á þeim fresti gefið sig fram við amtmann með heimildarskírteini fyrir landi því, er ætlað er til nýbýlis, bjóða hlutaðeigandi sýslumanni að kveðja til 4 menn og gjöra ásamt þeim áreið á landið, setja glögg landamerki og meta það til dýrleika, og ennfremur skulu áreiðarmenn láta uppi tillögur um þau skilyrði, er þeir álíta hæfilegt að setja nýbýlingi um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða m. fl.

3. gr. Til áreiðargjörðar þeirrar, er nefnd er í 2. gr., skal boða með 7 nátta fresti þá, er land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Mótmæli, er fram kunna að koma

við gjörðina, skulu bókuð og eptirrit af gjörðinni síðan sent amtmanni, er gefur út nýbýlisbrjef til beiðanda, ef hann eigi álítur, að mótmæli þau, er kunna að hafa komið fram, sjeu á rökum byggð.

Í nýbýlisbrjefinu, er gildir sem heimild fyrir eignarrjetti nýbýlings að landinu, skulu tekin fram þau skilyrði um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða, m. fl., sem amtmaður, eptir tillögum áreiðarmanna, álítur hæfileg.

4. gr. Nú vill maður taka upp nýbýli í afrjetti eða almenningi, og getur þá hlutaðeigandi sveitarstjórn áskilið að nýbýlingur greiði sveitarsjóði árlegt erfðafestugjald af landinu, en upphæð gjaldsins skulu áreiðarmenn meta. Stofnun slíks nýbýlis þarf eigi að auglýsa í blöðum, en að öðru leyti fer um upptöku þess, eins og segir í 2. og 3. gr.

5. gr. Eigi má nýbýli upp taka, er minna er metið en 5 jarðarhundruð að dýrleika.

6. gr. Kostnað þann, er af útmæling og mati nýbýlisins leiðir, greiði nýbýlisbeiðandinn: ferðakostnað sýslumanns, eptir úrskurði amtmanns, og hinum dómkvöddu mönnum 3 kr. hverjum fyrir dag hvern, sem þeir eru að gjörðinni.

7. gr. Sýslumaður skal gæta þess, að nýbýlingur fullnægi skilyrðum þeim, sem honum eru sett í nýbýlisbrjefinu. Nú gjörir nýbýlingur sig sekan í vanrækslu eða brýtur nýbýlisskilyrði og getur sýslumaður þá lagt það til, að hann verði sviptur nýbýlisrjettindum. Amtmaður hefur fullnaðarúrskurð um þetta mál.

Þegar nýbýlingur hefur með amtsúrskurði verið sviptur nýbýlisrjetti, skal eptir tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda heimila nýbýlið öðrum manni, er þá nýtur sama rjettar, sem nýbýlingurinn annars hefði notið.

8. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun 15. apríl 1776.

Ed. 79. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla. Frá Þorkeli Bjarnasyni og Sigurði Stefánssyni.

Í stað frumvarpsgreinarinnar komi svohljóðandi grein:

Holtsprestakall undir Eyjafjöllum tekur yfir Ásólfsskála-, Stóradals-, og Eyvindarhólasóknir.

Frá brauði þessu greiðast 100 krónur í landssjóð.

Nd. 80. **Breytingaratkvæði**

við frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarðaprestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni. Frá Þorláki Guðmundssyni, Birni Sigfússyni, Valtý Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni.

Í staðinn fyrir „600 kr.“ komi: „500 kr.“

Nd. 81. **Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar, til þess að rannsaka aðgjörðir landsstjórnarinnar í hinu svonefnda Skúlamáli. Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson, Valtýr Guðmundsson, Þórður Guðmundsson og Pjetur Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipuð sje 5 manna nefnd, til þess að rannsaka aðgjörðir landsstjórnarinnar og tildrögin, er leiddu til rannsóknar gegn Skúla Thoroddsen

fyrverandi sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, suspensiónar hans og lausnar frá embætti.

Nefnd þessi hefur rjett til að heimta skýrslur munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Ed. 82. **Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Blöndu, (eins og það var samþ. við 3. umr. í n.d.)

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á ána Blöndu á kostnað landsjóðs í nánd við verzlunarstaðinn Blönduós og verja til þess allt að 20,000 kr.

Ed. 83. **Frumvarp**

til laga um stefnur til æðri dóms í skiptamálum. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í e. d.

1. gr. Þá er skotið er til yfirdóms skiptagjörð, úrskurði, uppkveðnum meðan á skiptunum stendur, eða öðrum gjörðum skiptaráðanda, er áfrýja má, skal stefna aðeins birt skiptaráðanda þeim fyrir hönd búsins, er þá ályktun hefur gjört, sem áfrýjað er, og hlutaðeigendum þeim, er komið hafa fram sem málsaðilar við meðferð þess málsatriðis, sem skotið er til æðri dóms, enda sjeu þeir heimilisfastir á Íslandi eða hafi þar umboðsmenn og sje það tilkynnt og skráð í skiptabókinni, og hafi þeir umboð til að taka á móti stefnu fyrir hinna hönd.

Nú hafa skiptaforstjórar, er til nefndir eru í erfðaskrá, haft bú til skipta, og skal þá einnig stefna þeim, nema þeir sjeu dánir áður áfrýjað er. og aðrir eigi tilnefndir í þeirra stað, eða sje þeim á annan hátt varnað að taka á móti stefnunni.

Við birting stefnunnar fyrir skiptaráðanda skal veita honum 6 vikum lengri fyrirvara en almennt er fyrirskipað.

2. gr. Þegar er áfrýjunarstefna hefur verið birt skiptaráðanda, skal hann annast um, að kvatt sje til skiptafundar og boðað til hans eptir reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 23. grein laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl. og skal þess með skýlausum orðum getið, að áfrýun hafi farið fram; á skiptafundi þessum skal gera ályktun um, hvað gjöra skuli útaf áfrýjuninni.

3. gr. Reglur þessar gilda einnig þá er skiptamáli er áfrýjað frá yfirdómi til hæstarjettar; þó skal þá enga viðbót veita við hinn lögboðna venjulega fyrirvara.

Ed. 84. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. grein í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

1. gr. Til hreppstjóra í hverjum hrepp skal árhvert greiða úr landssjóði þóknun, er nemi 50 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og ennfremur 50 aura fyrir hvern innanhreppsmann, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en ½ lausafjárhundrað. Þóknun til hreppstjóra má þó aldrei vera undir 24 krónum.

2. gr. Þá er tveir hreppstjórar eru í sama hreppi, skal þóknuninni skipt milli þeirra á þann hátt, að sá hreppstjóranna, sem er formaður undirskattanefndar, fái tvo hluti, en hinn þriðjung.

Leggi hreppstjóri niður sýslan sína eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, fær-

hann eða dánarbú hans $\frac{1}{12}$ hluta af ársþóknuninni fyrir hvern heilan mánuð, er hann hefur í sýslan verið.

3. gr. Þóknun, þá er ákveðin er í 1. grein, skal sýslumaður greiða hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert umliðið fardagaár af tekjum landssjóðs gegn lögmætri kvittun í fyrsta sinn á manntalsþingum 1896. Þó hafa hreppstjórar, er fengið hafa hærri þóknun eptir áður gildandi lagaákvæðum en þá, er þeir mundu fá eptir þessum lögum, rjett til að fá þóknun sína borgaða eptir reglum þeim, er þá voru í gildi, er þeir voru skipaðir hreppstjórar.

Ed. 85. **Frumvarp**

til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.

1. gr. Öll hús í Reykjavík, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna — hinir svonefndu bæir (hús úr grjóti og torfi) þó því að eins að eigendur þeirra æski þess — skulu vátryggð í hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hjer á eptir

2. gr. Eigendur hinna vátryggðu húsa skulu jafnt og aðrir hluttakendur í tjeðu brunabótafjelagi takast á hendur einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldbindingar þær, sem hvíla á fjelaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. gr. Að svo miklu leyti sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafjelagið;

b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 14 aurar af hverjum 100 krónum fyrir hús með þaki úr trje eða öðru efni jafn eldfimu, og 8 aurar af hverjum 100 krónum fyrir önnur hús;

c. að stjórn brunabótafjelagsins hafi heimild til að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð á öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðir og virða hús að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura á dag og virðingarmönnum hverjum fyrir sig 2 krónur á dag, og jafnast þessir dagpeningar á hús þau, er skoðuð eru, að tiltölu við ábyrgðarupphæð þeirra, en aukaábyrgðargjald það, sem samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir brunabótafjelagið, er greitt, þá er tryggt er að nýju, fellur þá burt;

d. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nje hafi fulltrúa sjer í fjelaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

4 gr. Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar

verða til þess að taka hús í ábyrgð eða breyta vátryggingu þeirra, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð, en bæjarstjórnin álítur hæfilega.

5. gr. Brunabótagjaldið til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna hvílir á eignum þeim, sem í ábyrgðinni eru, með forgangsrjetti fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það er eigi greitt á rjettum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á landsjóðssköttum.

6. gr. Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839, sjerílagi að því er snertir millibilið milli húsanna, nema samið sje um það við fulltrúa brunabótafjelágsins.

7. gr. Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; þó skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti er snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, þó ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

8. gr. Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

9. gr. Fulltrúum brunabótafjelagsins skal áskilinn rjettur til að breyta að tíu árum liðnum með samþykki dómsmálastjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b. og d.

10. gr. Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafjelaginu, — en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendur ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða sjerstaks sjóðs brunabótafjelagsins.

11. gr. Ákvæði þessi öðlast gildi 1 apríl 1896, og er tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað o. fl. numið úr gildi frá þeim degi.

Nd. 86. **Frumvarp**

til laga um hvalleifar (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Öllum hvalveiðamönnum á Íslandi er skylt að hreinsa allar hvalleifar af fjörum í fjörðum þeim, þar sem þeir reka hvalveiðar, einu sinni í mánuði hverjum, ef hreppsnefnd krefst þess, og ákveður hún í hvert skipti, hvar hreinsun skuli fram fara.

Sömuleiðis skulu allir hvalveiðamenn hafa lóð sína girta með gripheldum girðingum fyrir sauðfje, nautpeningi og hrossum.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða 100—1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

3. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Nd. 87. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Frá Þórði J. Thoroddsen.

Við 2. grein: Fyrir: »⅔ atkvæða þeirra«, komi: »helming atkvæða þeirra«.

Ed. 88. **Breytingartillaga**

við viðauka- og breytingaruppástungur við frv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla. Frá Jóni Jónssyni og Jóni Jakobssyni.

Í stað orðanna í síðari málsgrein 2. gr.: »200 kr. úr landsjóði«, komi: »150 kr. rá Grundarþingaprestakalli«.

Nd. 89. **Tillaga.**

til þingsályktunar frá Þórði Guðmundssyni, Þorláki Guðmundssyni, Tr. Gunnarssyni og Sighv. Árnasyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um hið fyrsta að mannvirkjafræðingur, sem til þess mætti álítast fær, verði látinn nákvæmlega skoða ströndina frá Ölfusá að Loptstöðum, og að hann láti álit sitt uppi um:

1. Hvort tiltækilegt væri að búa til trygga höfn fyrir verzlunarskip, og
2. Eða þrautalendingu fyrir opin fiskiskip á áminnstu svæði, og gjöra áætlun um kostnaðinn.

Ed. 90. **Frumvarp**

til laga um eyðing sela. Flutningsmaður: Jón Jónsson, þm. N.-Múlasýslu.

Hvervetna á Íslandi skal selur rjettdræpur.

Nd. 91. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga til að gera samþykktir um að hindra eyðilegging af vatnaágangi (þskj. 50). Frá Pjetri Jónssyni, Sighvati Árnasyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Þórhalli Bjarnarsyni, Þórði Guðmundssyni og Halldóri Daníelssyni.

Við 2. gr.: Á eptir orðunum: »skal kveðja til almenns fundar í hjeraði því«, komi: »eða svæði«, og í staðinn fyrir orðin í sömu málsgrein: »allir hjeraðsbúar þeir, er«, komi: »allir, er á svæði því búa, og«.

Aptan við greinina bætist: »Þegar svæði það, er samþykkt skal ná yfir, er einungis einn hreppur eða minna, skal hreppsnefndaroddviti í þeim hreppi kveðja til fundarins og stjórna honum í umboði sýslunefndar.

Fyrirsögnin breytist þannig: Í staðinn fyrir fyrirsögnina, eins og hún er, komi: »Frumvarp til laga um samþykktir til hindrunar skemmdum af vatnaágangi«.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Salthólmavík við Tjaldanes í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson og Jens Pálsson.

Á Salthólmavík við Tjaldanes í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **93. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar, (þskj. 89.) Flutningsmenn: Jón Þórarinsson og Þórður J. Thoroddsen.

Aptan við tillöguna bætist nýr töluliður svo hljóðandi:

3. Hvort eigi mætti búa til trygga hafskipahöfn í Hópi í Grindavík, og hve mikið fje mundi þurfa til þess.

Ed. **94. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim er hvíla á Hólma-prestakalli r á Hallgr. Sveinssyni og Guttormi Vigfússyni.

1. Á eptir »lækkun« í fyrirsögninni bætist inn: og niður falli.
2. við 3. gr. á eptir: »út af óloknu árgjaldi« bætist inn: fyrir fardagaárið 1894—95
3. — — Í staðinn fyrir »falli niður« komi: fellur niður.

Nd. **95. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækramálum. Frá Þórhalli Bjarnarsyni, Jóni Jenssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Jóni Þórarinssyni, Sig. Gunnarssyni og Birni Sigfússyni.

Við 1. lið: a) Fyrir »5« komi »3«.

b) Orðin »Nefndarmenn . . . úr Reykjavík«, falli burt.

Nd. **96. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækramálum. Frá Kl. Jónssyni, Þorláki Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Birni Sigfússyni, Valtý Guðmundssyni og Jóni Jenssyni.

Orðin »sveitarstjórnar — og« í 1. lið falli burt á báðum stöðum.

Ed. **97. Frumvarp**

til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Kostnað þann við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kennslustofnunarinnar, sem samkvæmt tilskipun um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl., 26. febr. 1872, ber að greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

2. gr. Bólusetningarkostnað, sem ræðir um í kgsbr. 24. marz 1830, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

3. gr. Sáttamálakostnað, sem eptir tilsk. 20. jan. 1797, 41. gr., hvílir á jafnaðarsjóðunum, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

4. gr. Kostnað þann við notkun fangelsanna, er ræðir um í 6. gr. tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, ber eptirleiðis að greiða úr landssjóði.

5. gr. Að svo miklu leyti kostnaður sá, sem um ræðir í 1.—4. gr., hvílir á bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar, skal eptirleiðis greiða hann úr landssjóði.

6. gr. Þegar reiknað verður eptirleiðis jafnaðarsjóðsgjald það, er amtsráðin mega mest á leggja án samþykkis landshöfðingja, samkvæmt 56. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872, skal það eigi koma til greina skattinum til hækkunar, er varið hefur verið á undanförnum 3 árum til gjaldgreina þeirra, er lög þessi ræða um.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1896.

Ed. 98. **Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Holtsprestakall undir Eyjafjöllum tekur yfir Ásólfsskála-, Stóradals-, og Eyvindarhólasóknir.

Frá brauði þessu greiðast 100 krónur í landssjóð.

2. gr. Jörðin Hrafnagil (heimajörðin) leggist til Grundarþinga prestakalls. Til Akureyrarprestakalls greiðist 150 kr. úr landssjóði.

3. gr. Kirkjubæjarklausturs prestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi tekur yfir Prestsbakkasókn. Kálfafellssókn skal vera sjerstakt prestakall, eins og áður, og nefnist Kálfafell á Síðu. Þessu brauði leggjast 300 kr.

Nd. 99. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Bakkageröi í Borgarfirði. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

Hjá Bakkageröi í Borgarfirði í Norður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 100. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um eptirlaun(73). Frá Jóni A. Hjaltalín.

Í stað $\frac{1}{3}$ í 2. gr. komi: $\frac{1}{4}$, og í stað $\frac{1}{3}$ í sömu gr. komi: $\frac{2}{3}$.

Ed. 101. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 15. okt. 1875 um skipun læknishjeraðanna. Flutningsmaður: Jón Jónsson 2. þm. N. Múlas.

1. gr. Auk læknishjeraða þeirra, er talin eru í 1. gr. laga 15. okt. 1875, skal stofnað læknishjerað, er nái yfir Seyðisfjarðarkaupstað, Seyðisfjarðarhrepp, Mjóafjarðarhrepp, Borgarfjarðarhrepp og Loðmundarfjarðarhrepp.

2. gr. Læknirinn í þessu læknishjeraði skal skyldur að búa í Seyðisfjarðarkaupstað, og hafa í laun 1500 kr.

3. gr. Seyðisfjörður skal gjörður að aðal-sóttvarnarstað á Austurlandi og skal byggja þar sjúkrahús á landsjóðs kostnað.

Nd. 102. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson, Skúli Thoroddsen, Klemens Jónsson og Björn Sigfússon.

1. grein. Niðurjöfnun sú eptir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. grein í lögum 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1873, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. — Sömuleiðis má leggja gjald á afnot af jörðu eða jarðarhluta. Gjald má og leggja á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald eptir því, er hæfa þykir eptir árlegum arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja, eða eigna þess, sem í hlut á.

Lög þessi ná eigi til ákvæða annarar greinar í lögum 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum.

2. grein. Hjer með eru úr lögum numin lög nr. 12 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Nd. 103. **Frumvarp**

til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.

Fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni veitast eptirlaun úr landssjóði, 500 kr. á ári, frá fardögum 1895.

Nd. 104. **Frumvarp**
til laga um stefnur til æðri dóms í skiptamálum. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í e. d.

1. gr. Þá er skotið er til yfirdóms skiptagjörð, úrskurði, uppkveðnum meðan á skiptunum stendur, eða öðrum gjörðum skiptaráðanda, er áfrýja má, skal stefna aðeins birt skiptaráðanda þeim fyrir hönd búsins, er þá ályktun hefur gjört, sem áfrýjað er, og hlutaðeigendum þeim, er komið hafa fram sem málsaðilar við meðferð þess málsatriðis, sem skotið er til æðri dóms, enda sjeu þeir heimilisfastir á Íslandi eða hafi þar umboðsmenn og sje það tilkynnt og skráð í skiptabókinni, og hafi þeir umboð til að taka á móti stefnu fyrir hinna hönd.

Nú hafa skiptaforstjórar, er til nefndir eru í erfðaskrá, haft bú til skipta, og skal þá einnig stefna þeim, nema þeir sjeu dánir, áður áfrýjað er. og aðrir eigi tilnefndir í þeirra stað, eða sje þeim á annan hátt varnað að taka á móti stefnunni.

Við birting stefnunnar fyrir skiptaráðanda skal veita honum 6 vikum lengri fyrirvara en almennt er fyrirskipað.

2. gr. Þegar er áfrýjunarstefna hefur verið birt skiptaráðanda, skal hann annast um, að kvatt sje til skiptafundar og boðað til hans eptir reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 23. grein laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl. og skal þess með skýlausum orðum getið, að áfrýjun hafi farið fram; á skiptafundi þessum skal gera ályktun um, hvað gjöra skuli útaf áfrýjuninni.

3. gr. Reglur þessar gilda einnig þá er skiptamáli er áfrýjað frá yfirdómi til hæstarjettar; þó skal þá enga viðbót veita við hinn lögboðna venjulega fyrirvara.

Ed. 105. **Frumvarp**
til laga um samþykktir til hindrunar skemmdum af vatnaágangi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um að hindra eyðileggingu af vatnaágangi á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða vera hagfellt, að gjöra samþykkt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því eða svæði, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á svæði því búa og kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin semur frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $\frac{2}{3}$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar, en álíti sýslunefndin að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði hjer-

aðsfundar, og verði það þá samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýu frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu.

4. gr. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktar ganga of nærri rjetti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neitueinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþykktin nær yfir.

Samþykkt þeirri, er amtmaður hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til um að samþykktirnar sjeu prentaðar í B deild Stjórnartíðindanna.

5. gr. Í samþykkt skal ávallt kveða á um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. gr. Brot gegn staðfestum samþykktum varðar 5 til 100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sektanna.

7. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 106. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. grein í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

1. gr. Til hreppstjóra í hverjum hrepp skal árhvert greiða úr landssjóði þóknun, er nemi 50 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og ennfremur 50 aura fyrir hvern innanhreppsmann, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en $\frac{1}{2}$ lausafjárhundrað. Þóknun til hreppstjóra má þó aldrei vera undir 24 krónum.

2. gr. Þá er tveir hreppstjórar eru í sama hreppi, skal þóknuninni skipt milli þeirra á þann hátt, að sá hreppstjóranna, sem er formaður undirskattanefndar, fái tvo hluti, en hinn þriðjung.

Leggi hreppstjóri niður sýslan sína eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, fær hann eða dánarbú hans $\frac{1}{12}$ hluta af ársþóknuninni fyrir hvern heilan mánuð, er hann hefur í sýslan verið.

3. gr. Þóknun þá, er ákveðin er í 1. grein, skal sýslumaður greiða hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert umliðið fardagaár af tekjum landssjóðs gegn lögmætri kvittun í fyrsta sinn á manntalsþingum 1896. Þó hafa hreppstjórar, er fengið hafa hærri þóknun eptir áður gildandi lagaákvæðum en þá, er þeir mundu fá eptir þessum lögum, rjett til að fá þóknun sína borgaða eptir reglum þeim, er þá voru í gildi, er þeir voru skipaðir hreppstjórar.

Nd. 107 **Frumvarp**
til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

1. gr. Öll hús í Reykjavík, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna — hinir svonefndu bæjir (hús úr grjóti og torfi) þó því að eins að eigendur þeirra æski þess — skulu vátryggð í hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hjer á eptir.

2. gr. Eigendur hinna vátryggðu húsa skulu jafnt og aðrir hluttakendur í tjeðu brunabótafjelagi takast á hendur einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldbindingar þær, sem hvíla á fjelaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. gr. Að svo miklu leyti sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafjelagið;
b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 14 aurar af hverjum 100 krónum fyrir hús með þaki úr trje eða öðru efni jafn eldfimu, og 8 aurar af hverjum 100 krónum fyrir önnur hús;
c. að stjórn brunabótafjelagsins hafi heimild til að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð á öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðir og virða hús að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura á dag og virðingarmönnum hverjum fyrir sig 2 krónur á dag, og jafnast þessir dagpeningar á hús þau, er skoðuð eru, að tiltölu við ábyrgðarupphæð þeirra, en aukaábyrgðargjald það, sem samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir brunabótafjelagið, er greitt, þá er tryggt er að nýju, fellur þá burt;
d. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nje hafi fulltrúa sjer í fjelaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

4 gr. Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð eða breyta vátryggingu þeirra, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en bæjarstjórnin álítur hæfilega.

5. gr. Brunabótagjaldið til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna hvílir á eignum þeim, sem í ábyrgðinni eru, með forgangsrjetti fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það er eigi greitt á rjettum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á landsjóðssköttum.

6. gr. Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839, sjerílagi að því er snertir

millibilið milli húsanna, nema samið sje um það við fulltrúa brunabótafjelagsins.

7. gr. Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; þó skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti er snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, þó ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

8. gr. Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

9. gr. Fulltrúum brunabótafjelagsins skal áskilinn rjettur til að breyta að tíu árum liðnum með samþykki dómsmálastjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b. og d

10. gr. Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafjelaginu, — en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendur ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða sjerstaks sjóðs brunabótafjelagsins.

11. gr. Ákvæði þessi öðlast gildi 1. apríl 1896, og er tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað o. fl. numið úr gildi frá þeim degi.

Ed. 108. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi. Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 1. gr. Fyrir »200« komi: »400«

Ed. 109. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík og afnema gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Nefnd sú, sem hin háttv. efri deild kaus til að íhuga frumv. þetta, hefur eigi getað orðið á einu máli um tillögur sínar.

Meiri hluti nefndarinnar játar að vísu að full þörf er á, að kennslunni við hinn lærða skóla í Reykjavík verði breytt í þá átt, er frumvarp stjórnarinnar fer fram á, þannig, að gagnfræðakennsla verði hið lægra kennslustig, en lærða kennslan hið æðra í þessum skóla, enda hefur þessi þörf fyllilega verið viðurkennd af hálfu þingsins að undanförnu, en aptur á móti er eigi hægt að sjá á frumv. því, sem hjer liggur fyrir frá stjórninni, nje athugasemdunum við það, að nokkurt tillit hafi verið tekið til þeirra óska, sem komið hafa fram á alþingi 1891 og 1893 um að minnka kennslu í latínu og grísku, heldur bera skjöl þau, sem málinu fylgja og nefndin hefur haft til athugunar það með sjer, að í þessu atriði sje engrar verulegrar breytingar að vænta að svo stöddu. Að því er

snertir bekkjafjölgun þá, sem frumv. fer fram á, við lærða skólann, þá getur meiri hluti nefndarinnar eigi aðhyllst hana, sökum þess að hún hefur talsverðan og, að vorri hyggju, óþarfan árlegan kostnaðarauka í för með sjer fyrir landssjóð og lengir námstímann svo mjög, að allar líkur eru til, að fátækir námsmenn úr sveit mundu alls eigi kjósa að ganga á skólann tvö fyrstu árin, heldur reyna að afla sjer þeirrar þekkingar, sem neðstu bekkirnir mundu veita, á annan og kostnaðarminni hátt; svo mundu og þeir, er í fjarlægð búa við Reykjavík, kynoka sjer við að senda börn sín burt frá sjer á svo ungum aldri, sem þessi bekkjafjölgun gjörir ráð fyr r og afleiðingin mundi þannig verða sú, að 2 neðstu bekkir skólans yrðu mestmegnis skipaðir börnum úr Reykjavík, með öðrum orðum: bekkir þessir mundu verða nokkurskonar æðri barnaskóli fyrir Reykjavík, sem engin ástæða virðist til að landssjóður kosti. Hjer við bætist, að vér fáum eigi betur sjeð en að fjölgun bekkja í lærða skólanum sje með öllu óþörf og að takmarki því með skipting kennslunnar, sem hæstv. landshöfðingi hefur stungið upp á og stjórnin aðhyllst og sem vjer erum sannfærðir um, að miðar til stórbóta, verði náð á annan og heppilegri hátt en með því, að íþyngja bæði landssjóði og nemendum með auknum kostnaði og lengri námstíma en nú á sjer stað, þannig mætti t. d. fækka að mun þeim kennslustundum, sem nú er varið til latínu og grískunáms, að minnsta kosti virðist engin ástæða til að kenna meira í þessum málum við Reykjavíkur lærða skóla en danskir skólar gjöra og Hafnarháskóli heimtar af þeim, sem á hann ganga; þá getur meiri hluti nefndarinnar heldur eigi álitið nauðsynlegt, að franska verði kennd í skólanum nema ef vera skyldi í 2 efstu bekkjunum og að því er trúarbragðakennsluna snertir, þá vilja 2 af oss afnema hana, þar sem árangurinn af því námi virðist hafa orðið mjög lítill og það alls eigi hafa haft þau siðferðislegu áhrif á huga námssveina, sem æskilegt hefði verið, en 1 nefndarmaður (Sigurður Jensson) álítur að vísu rjett, að fækka mjög kennslustundum í trúarbrögðum, en vill þó eigi afnema þær með öllu. Þar sem meiri hluti nefndarinnar ræður frá að fjölga bekkjatölunni við lærða skólann, þá leiðir þar af, að hann getur heldur eigi fallist á, að piltar sjeu teknir próflaust í skólann, heldur ætlast hann til, að heimakennsla komi í stað neðstu bekkjanna, eða neðsta bekkjar, ef 7 væru, og þegar nú þess er gætt, að tvískipting kennslunnar hefur það í för með sjer, að latínunámið undir skólann, sem hingaðtil hefur verið aðalhlutur undirbúningskennslunnar, fellur burt, þá er það auðsætt, að herða má talsvert á kröfunum í þeim námsgreinum, sem vjer ætlumst til að lesnar verði undir skóla, svo sem sögu, landafræði, reikning, íslenzku, dönsku og ef til vill ensku.

Þá getur meiri hluti nefndarinnar heldur eigi fallist á,að Möðruvallaskólinn verði afnuminn, þar sem ætla má, að þessi skóli mundi þá fyrst koma að miklum verulegum notum, þegar lík breyting þeirri, sem vjer gjörum ráð fyrir, væri kominn á lærða skólann, enda mundi sá skóli án stórvægilegra eða kostnaðarsamra breytinga, geta orðið ódýr undirbúningsstofnun undir 2. eða 3. bekk lærða skólans fyrir námssveina á Norður- og Austurlandi, sem þessum landsfjórðungum mundi mikil eptirsjón í.

Af þeim ástæðum, sem vjer höfum nú tekið fram, viljum vér ráða hinni háttvirtu deild til að fella þetta frumvarp og í þess stað samþykkja svohljóðandi

TILLÖGU

til þingsályktunar: Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að komið verði á stofn gagnfræðakennslu í tveim neðstu bekkjum hins lærða skóla í Reykjavík, að latína og gríska verði aðeins kennd í 4 efri bekkjunum og kennslan í þeim málum minnkuð sem mest má verða.

Alþingi 17. dag júlím. 1895.

Jón Jakobsson, skrifari og framsögum. Sigurður Jensson. Sigurður Stefánsson.

Við undirskrifaðir getum með engu móti verið samdóma nefndarmönnum okkar um það að hafna frumvarpi því um gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík, sem stjórnin hefur lagt fyrir þetta þing. Okkur getur ekki betur fundizt en að sú gagngjörða breyting, sem þar er farið fram á, um tilhögun á kennslu í lærða skólanum hljóti að beina uppfræðslu ungmenna vorra í þá átt, sem bæði landsmenn og alþing hafa óskað eptir í mörg ár, og hún er sú að byrja eigi nám gömlu málanna fyr en nemendinn er orðinn talsvert þroskaður við annað nám. Eins og náminu nú er hagað, byrja margir drengir á námi þessara mála, meðan skilningur þeirra er lítt þroskaður og allur vöxtur þeirra andlega og líkamlega er á viðkvæmasta og varasamasta skeiði. Afleiðingin verður sú, að þetta nám hefir áhrif á og jafnvel hindrar nám unglingsins í öllum öðrum greinum. Það er hinn mikli kostur þessa frumvarps, að það ræður bót á þeim miklu annmörkum, er fylgir þeirri aðferð, sem hingað til hefur verið höfð, og við vonum, að alþingi hugsi sig alvarlega um, áður en það hafnar þeim kostum, er þessi breyting hlýtur að hafa í för með sjer, þótt töluverður kostnaður sé henni samfara.

Þó að, ef til vill, unnt væri að komast af með færri bekki en stjórnarfrumvarpið stingur upp á, þá verðum við að álíta, ekki af ímyndun tómri heldur og af reynslu, að 2 bekkir sje allsendis ónógir til gagnfræðakennslunnar, ef hún á að verða annað en kák og þetta hefir einmitt sýnt sig við kennslu Möðruvallaskólans. Þeim skóla hefur eigi allsjaldan verið borið það á brýn, að fræðsla sú, er nemendur fengi þar, væri ekki laus við að vera kákkennd, og kennarar skólans hafa fundið til þess, að þessi mótbára móti skólanum er ekki með öllu ástæðulaus, og sökum þess hafa þeir lagt það til, að þriðja bekknum yrði bætt við. Að bæta úr þessu með því að heimta svo og svo mikið til inngönguprófs, eins og hinn háttvirti meiri hluti gjörir, álítum vjer lítt gjörlegt, bæði fyrir þá sök, að oss finnst það eigi rjett af neinum skóla að heimta, að aðrir sje búnir að kenna nemendum þeim, sem í hann eiga að ganga, það, sem skólinn á sjálfur að kenna þeim, og svo eru þess dæmi í skólasögu vorri, að strangt inntökupróf hefur hamlað frá skólanámi mörgum nemendum, sem í raun og veru hefði verið full-færir um það. En ef menn vilja stytta fyrir sjer námið í skólanum, þá virðist það betra ráð, að gefa mönnum kost á, að ganga undir próf með nemendum 1., 2. eða 3. bekkjar skólans, og að þeir þá gæti tekið sæti í skólanum eptir því sem það próf gengur. Með þessu gæti menn komizt hjá því að koma of ungir í skólann og hjá því að vera þar of lengi. Fyrir því getum vjer ekki ráðið hinni háttvirtu deild til að fallast á þær tillögur, sem fara þvert ofan í tillögur allra þeirra manna, sem fengizt hafa við kennslu og látið hafa í ljós álit sitt við undirbúning þessa máls.

Okkur finnst og undarlegt, að þeir menn, sem segjast vilja takmarka kennslu gömlu málanna sem allra mest, skuli þó gjöra því námi svo miklu hærra undir höfði en gagnfræðanáminu, að þeir ætla því helmingi lengri tíma í skólanum.

Að því er Möðruvallaskólann snertir, þá verður þess eigi langt að bíða, að landstjórnin neyðist til þess að kosta miklu fje til hans framyfir það, sem nú er, ef menn eiga ekki að verða sáróánægðir með hann. Við höfum þegar tekið fram, að kennarar skólans og margir aðrir út í frá eru á þeirri skoðun að lengja þurfi skólatímann, ef fræðslan eigi ekki að meira eða minna leyti að verða kák, og mundi það hafa eigi lítinn kostnað í för með sjer, og viljum við í því efni benda til álitsskjals kennara Möðruvallaskólans dags. 22. nóv. 1892. Möðruvallaskólahúsinu hefur frá upphafi verið óhentuglega fyrir komið, þar sem svo margir nemendur verða að dvelja í því allar stundir. En fyrirkomulagið sýnist að hafa verið upphaflega lagað eptir skólum, þar sem nemendur eru eigi í skólanum nema í kennslustundunum. Auk þess er húsið svo lítið, að seinustu 5 ár hefir eigi orðið veitt viðtaka meira en svo sem helmingi þeirra, er óskuðu eptir að

verða nemendur í honum. Ennfremur liggur húsið undir skemmdum af sveppi, sem búast má við að eigi verði útrýmt til fulls, nema með mjög miklum kostnaði.

Við getum vel verið samdóma hinum háttvirta meiri hluta í því, að eigi sje rjett að svipta Norðlendinga og Austfirðinga því tækifæri til »menntunar sonum sínum, sem þeir hafa nú haft um nokkur ár í Möðruvallaskólanum. En við ætlum að koma mætti því fyrir á nokkuð annan hátt, án þess að mjög mikill aukakostnaður legðist á landssjóð, með því að stofna á Akureyri einn sameiginlegan skóla handa piltum og stúlkum, og væri þá það fje, sem nú er veitt kvennaskólunum norðlenzku, lagt til þessa skóla, og ef til vill nokkru bætt við. Það er því heldur ástæða til að ætla, að Norðlendingar mundu hlynntir slíkri skólastofnun sem umráðendur annars kvennaskólans á Norðurlandi hafa þegar gjört nokkurn undirbúning til slíkrar stofnunar.

Af öllum þeim ástæðum, sem hjer eru greindar að framan, verðum við að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja óbreytt frumvarp það, er hjer liggur fyrir.

Alþingi 17. júlí 1895.

Jón A. Hjaltalín framsögumaður. Hallgr. Sveinsson.

Ed. 110. **Tillaga**

til þingsályktunar um hinar opinberu auglýsingar. Frá Sigurði Stefánssyni.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að dagblöðum þeim í Reykjavík, sem hafa að minnsta kosti 1500 kaupendur, verði með undirboði gefinn kostur á að taka hinar opinberu auglýsingar til birtingar fyrir 5 ár í senn.

Ed. 111. **Fyrirspurn**

til landshöfðingja um lausn Skúla Thoroddsens frá sýslumanns- og bæjarfógetaembættinu í Ísafjarðarsýslu og -kaupstað. Frá Sigurði Stefánssyni.

Af hvaða ástæðum hefur landsstjórnin ekki sjeð sjer fært að setja Skúla Thoroddsen aptur inn í sýslumanns- og bæjarfógeta-embættið í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, en í stað þess boðið honum sýslumannsembættið í Rangárvallasýslu?

Nd. 112. **Nefndarálit**

í málinu: »Frumvarp til laga um fjárráð giptra kvenna«.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirritaða í nefnd, til þess að íhuga »frumvarp til laga um fjárráð giptra kvenna«. Vjer höfum rækilega íhugað frumvarp þetta, og álítum vjer, að það feli í sjer verulega rjettarbót. Ráðum vjer til, að frumvarpið sje samþykkt með þeim breytingum, er nú skal greina:

Við 7. gr.: Orðin: »Nje leigja« falli burt.
Fyrir: »Og er því þá rjett ..... gjörninginn« komi: »Og er hann þá ógildur«.
Síðari liður annarar málsgreinar sje ný málsgrein.

Við 9. gr.: Fyrir: »En heimilt er... .. þegar fjárskipti framfara« komi: »En þó gegn endurgreiðslu við fjárskipti búsins, ef það hjóna, er ekki átti hið óskilgetna barn, hefur mælt svo fyrir«.

Alþingi, 18. júlí 1895.

Kl. Jónsson formaður. Eiríkur Gíslason skrifari. Skúli Thoroddsen framsögumaður.

Þórður Guðmundsson. Sighv. Árnason.

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum. (Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í nd.)

1. gr. Holdsveikum mönnum, er njóta sveitarstyrks, skal fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða þeim komið fyrir á þann hátt, er hlutaðeigandi lækni þykir nægileg trygging í.

Ef því verður við komið, skal holdsveikum mönnum komið svo fyrir, að hjón sjeu eigi skilin að, ef það er á móti vilja þeirra. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni, enda hafi áður hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, er sveitarstyrks njóta, skal ávallt koma fyrir til uppeldis á öðrum heimilum.

Kostnað allan, er ákvæði þessarar greinar hafa í för með sjer, skal greiða úr sveitarsjóði þeim eða bæjarsjóði, er hlut á að máli.

2. gr. Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum sveitarstjórnar og hlutaðeigandi læknis, lagt fyrir, að einnig öðrum holdsveikum mönnum verði fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða komið fyrir á þann hátt, er lækni þykir nægileg trygging í. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki óhlýðnast fyrirskipunum, sem honum hafa verið gjörðar, um, að fylgja ákveðnum varúðarreglum, er eptir atvikum mátti ætlast til, að hann gæti hlýtt, eða hlutaðeigandi læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til, að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til, að einangra sjúklinginn á þennan hátt.

Þess skal einnig gætt, að hjón sjeu eigi skilin að nauðugu, nema brýna nauðsyn beri til.

Amtmaður getur og lagt fyrir, að börnum holdsveikra foreldra, er ræðir um í þessari grein, sje komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum, ef hlutaðeigandi læknir álítur nauðsyn bera til þess.

Kostnað þann, er leiðir af ákvæðum greinar þessarar, skal greiða að helmingi úr landssjóði, en hinn helminginn skal hinn holdsveiki greiða, ef hann er svo efnum búinn; að öðrum kosti sveitarsjóður.

3. gr. Íbúðarhús og herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikissjúklingar hafa notað, mega menn eigi nota eða láta aðra fá, fyr en búið er að hreinsa þau á þann hátt, er hlutaðeigandi læknir skipar fyrir.

Með brot gegn ákvæði þessu skal fara sem opinber lögreglumál, og varða þau allt að 200 kr. sektum.

4. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar, hver í sínu umdæmi, skulu, undir umsjón landlæknis, sjá um, að lögum þessum sje hlýtt.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1896.

Nd. **114. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 89.—Frá Guðl. Guðmundssyni.

Tillagan orðist þannig:

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að láta hið fyrsta færan verkfræðing rannsaka hafnir og þrautalendingar á kauptúnum og í fiskiverum meðfram suðausturströnd landsins frá Reykjanesi austur fyrir Vík í Mýrdal og láta uppi álit um, hvort tiltækilegt er að bæta þar hafnir, svo að þær verði tryggar fyrir verzlunarskip og búa til tryggar lendingar fyrir opin skip, svo og gjöra áætlun um kostnaðinn.

Nd. 115. **Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um kjörgengi kvenna (25).

Vjer undirritaðir, er hin virðulega neðri deild alþingis hefur kosið, til þess að íhuga »frumvarp til laga um kjörgengi kvenna«, höfum gjört það ítarlega. Frumvarp þetta teljum vjer góða og nauðsynlega rjettarbót og ráðum hinni háttvirtu deild til, að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 18. júlím. 1895.

Skúli Thoroddsen — formaður og framsögumaður.
Eiríkur Gíslason — skrifari.
Pjetur Jónsson.

Ed. 116. **Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækramálefnum. (Eins og hún var samþykkt við síðari umr. í Nd.).

1. Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga til að íhuga sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins og semja frumvarp til nýrra sveitarstjórnar- og fátækralaga, er lagt verði fyrir alþingi 1897.
2. Alþingi skorar á landsstjórnina að leggja fyrir embættismenn og sveitastjórnarvöld landsins að láta nefndinni í tje allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þeim er mögulegt og sem nefndin kynni að óska eptir.

Ed. 117. **Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólma prestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

Eptirlaun núverandi uppgjafaprests í Hólma prestakalli skulu frá sama tíma greiðast að öllu leyti úr landssjóði.

Ed. 118. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, sem hvíla á Hólma prestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi (117) frá Hallgrími Sveinssyni, Guttormi Vigfússyni og Sigurði Stefánssyni.

1. Fyrir framan frv. bætist inn ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi: 600 kr. gjald það, sem greiða skal frá Hólma prestakalli samkvæmt lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880 um skipun prestakalla 1. gr. tölul. 12, færist niður í 300 kr. að telja frá fardögum 1895.
2. Frumvarpsgreinin verði 2. gr.
3. Viðbætist 3. gr. svo hljóðandi:

   Af skuld þeirri, sem núverandi prestur í Hólma prestakalli er kominn í við landssjóð út af óloknu árgjaldi fyrir fardagaárið 1894—95, að upphæð 600 kr., fellur helmingurinn niður.

Nd. 119. **Frumvarp**
til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma; eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og landshöfðingja, sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, er taka skal til meðferðar af hálfu hins opinbera. Fari svo, að hlutaðeigandi læknir geti eigi leyst það starf af hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal landshöfðingi sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldar eru sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum hjálp til að koma fram ráðstöfunum þeim til varnar útbreiðslu sjúkdómsins, er nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eptir atvikum og ástæðum á hverjum stað.

Þá er mikil hætta er á ferðum, skal landlæknir sjálfur fara þangað, sem sjúkdómurinn gengur og líta eptir, hvort gerðar sje þær ráðstafanir, er þörf er á.

2. gr. Þessa sjúkdóma skal ætíð taka til meðferðar af hálfu hins opinbera: kóleru, gula hitasótt (febris flava), útbrota taugaveiki (typhus exanthematicus), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis).

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur landshöfðingi fyrirskipað, að taka skuli aðra næma sjúkdóma til meðferðar á sama hátt, svo sem influenza, barnaveiki (diftheritis, kroup), taugaveiki (febris typhoidea) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess. Undanskildir eru þó langvarandi næmir húðsjúkdómar.

Landshöfðingi gefur út, eptir samráði við landlækni, almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er þeir eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal birta þær reglur í Stjórnartíðindunum deildinni B.

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og, að beita þeim til bráðabirgða, þá er aðrir næmir sjúkdómar koma upp, að því leyti honum kann að þykja þörf á því, enda gjöri hann ráðstafanir sínar almenningi kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa.

Nú hefur læknir tekið upp sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá skýra landshöfðingja frá ráðstöfunum sínum svo fljótt sem verða má, og skal hann senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til. Kveður þá landshöfðingi á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi lækni svo fljótt sem verða má; skal læknirinn þegar í stað birta það opinberlega, á þann hátt, er bezt gerir það kunnugt á svæði því, er í hlut á. Sleppa má þó auglýsingunni meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands. Auglýsingunni má einnig sleppa, meðan vafasamt þykir, hvort sjúkdómurinn teljist til sjúkdóma þeirra, er hið opinbera er skylt að taka til meðferðar.

Þá er opinberum sóttvörnum er lokið, skal það einnig birt opinberlega.

3. gr. Þá er ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, er talinn er í 1. lið 2. gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að

rannsaka skuli parta af líkinu, og það skorið upp, ef til kemur, ef læknunum virðist þörf á því, til þess að geta ákveðið, hvort taka skuli upp sóttvarnir af hálfu hins opinbera.

4. gr. Farþegjaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga, er þjást af sjúkdómum, sem skylt er að taka til meðferðar af hálfu hins opinbera, nje þá, er hafa barnaveiki eða taugaveiki, nema fylgt sje þeim fyrirmælum, er skipum þeim ber að fara eptir við slíkan flutning.

5 gr. Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einn af þeim sjúkdómum, er taldir eru í 2. gr. 1. lið, eða annar sjúkdómur, er samkvæmt auglýsingu er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal þá húsráðanda þegar í stað skylt að skýra lækni sínum frá því Þó er húsráðanda heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppsnefndarmanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfjelagi, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita um sjúkdóminn Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn, þeir er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Þá er sjúkdómur sá kemur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum, er forstöðumaður, eða sá, er þar ræður mestu, skyldur að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi, eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal hlutaðeigandi skipstjóri eða formaður skýra frá honum.

Verði einhver þess var, að eigi hefur verið skýrt frá slíku sjúkdómstilfelli, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppsnefndarmaður samkvæmt grein þessari að takast lengri ferð á hendur en 2 mílur alls fram og aptur, fær hann þann kostnað endurgoldinn úr sveitarsjóði eptir reikningi, en hreppsnefndin samþykkir.

6. gr. Nú er eigi unnt að hafa sjúkling svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sje við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá lækni heimilt að láta flytja hann á opinbert sjúkrahús, eða í eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá til þess. Er sjúklingur skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unnt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútbreiðslu.

7. gr. Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eptir tillögu læknis hannað öllum óviðkomandi að koma á bústað hans, hús eða bæ. Þá er svo stendur á, má ekki flytja sjúklinginn frá heimili hans, þar sem hann er undir læknis tilsjón, nema fengið sje skriflegt samþykki læknis.

Þegar mjög mikil hætta er á ferðum, getur lögreglustjóri eptir tillögum læknis skipað fyrir, að afkvía skuli heila kaupstaði, kauptún og þorp eða hluti þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast þær ráðstafanir um samgöngubann, er gjöra þarf.

8. gr. Heimilt er lækni að skipa svo fyrir að fram skuli fara sóttnæmishreinsun á bústöðum manna, húsum og herbergjum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, er ræðir um, og ef læknir leggur fyrir mann, er hefur slíkan sjúkdóm eða álitið er að gangi með hann eða hefur staðið honum svo nærri, að hætt er við að hann beri hann út, að hann skuli sjálfur ganga undir sóttnæmishreinsun eða leggja muni sína undir slíka hreinsun, þá er hann skyldur að fylgja þessu boði með nákvæmni. Heimilt

er og læknunum að banna öðrum að neyta fæðu, sjerstaklega mjólkur, er staðið hefur hjá sjúklingnum.

Sje það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur læknirinn látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda

Heimilt er og hlutaðeigandi lækni, að skipa fyrir sóttnæmishreinsun gegn næmum sjúkdómum, er aðeins stinga sjer niður á einstöku stað og eigi eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera.

Kostnaður við allar sóttnæmishreinsanir eptir þessari grein skal greiddur af almanna fje. Landshöfðingi sjer um, að ætíð sje á kostnað landssjóðs fyrirliggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því, vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar byrgðir af efnum þeim, er þurfa til sóttnæmishreinsunar, og sje þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum

9. gr. Nú hefur sjúkdómur, er tekinn er til meðferðar af hálfu hins opinbera, gert vart við sig á heimili, þarsem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá eigi koma í skólann fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefið skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki gjört vart við sig á einhverju heimili, skal þessa og gætt, þótt sjúkdómurinn eigi sje tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera. Nú gjörir barnaveiki eða einhver annar sjúkdómur, er tekinn er til meðferðar af hálfu hins opinbera, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kennslu í skólanum þangað til læknir hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út.

10. gr. Í sveitum og bæjum, þar sem sjúkdómurinn gengur, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, ef læknir fer fram á það, skipað að loka skuli skólum (almennum eða einstakra manna) og bannað almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveizlur og þesshátt.r), þar sem margir koma saman í sama húsi. Einnig má banna messur og líkfylgdir. Ráðstafanir þessar skal auglýsa á venjulegan hátt og skal æðri yfirvöldum skýrt frá þeim svo fljótt sem unnt er.

11. gr. Þá er næmur sjúkdómur er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera samkvæmt lögum þessum, skal greiða lækni sömu borgun sem fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera, nema öðruvísi sje umsamið milli hans og hlutaðeigandi yfirvalds. Greiðist það af almannafje.

Takist landlæknir ferð á hendur eptir lögum þessum, fær hann dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað úr landsjóði einsog fyrir embættiserindisferðir.

12. gr. Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar eru samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, ennfremur öll útgjöld til læknis, aðhjúkrunar sjúkra manna og til meðala í sjúkdómum, er teknir eru til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal slík útgjöld aldrei telja fátækra styrk. Þó skulu þeir, er fengið hafa læknis hjálp, aðhjúkrun og meðöl í heimahúsum í slíkum tilfellum, endurborga hann, ef sveitarstjórn álítur þá til þess færa og skal hann lögtaki tekinn öðrum kosti.

Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8. gr. laga þessara, skulu ákveðnar með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Kostnað við virðingargjörðina skal greiða af almanna fje. Bæði hið opinbera og hinir, er í hlut eiga, geta krafizt yfirmatsgjörðar og meta þá 4 dómkvaddir menn. Fái sá, er heimtað hefur yfirmat, eigi hærri skaða-

bætur eptir hinni seinni gjörð en eptir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þenna greiða af almanna fje.

13. gr. Útgjöld þau er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr landssjóði (8. gr. 4. lið og 11. gr. 2. lið) eða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið), skal, ef þau eigi fara fram úr 100 kr., greiða úr hlutaðeigandi sýslu eða bæjarsjóði. Úr landssjóði skal greiða það, er framyfir er 100 kr.

Útgjöld við meðferð sjúklinga í húsi því, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. desember 1875 um mótvarnir gegn því að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands, skal þó eptirleiðis greiða eins og ákveðið er í nefndum lögum.

14. gr. Brot gegn lögum þessum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

15. gr. Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum með al alþýðu er úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1896.

Nd. 120. **Frumvarp**,

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Nesi í Norðfirði (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Á Nesi í Norðfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr. Verzlunarsvæðið nær frá svokölluðum Neslæk inn að Litlalæk framan við Nes-Ekru, og 30 faðma á land upp frá fjörumáli.

Nd. 121. Frumvarp

til laga um breytingu á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. október 1884 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Ef tekjur brauðsins eru yfir 1200 kr. eptir gildandi brauðamati, þá skal greiða prestsekkju svo eptirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr. En sjeu tekjurnar 1200 kr. eða minni, þá fær ekkjan öll eptirlaun sín greidd úr landssjóði; svo og hvar þess, er prestsekkja fær eigi öll eptirlaun sín greidd af brauðinu, skal það, er til vantar, greitt úr landssjóði.

2. gr. 2. grein í lögum nr. 13 frá 3. október 1884 er úr lögum numin.

Nd. 122. **Frumvarp**

til laga um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Að því er stjórn sveitamálefna snertir skal Ísafjarðarsýslu skipt í tvö sýslufjelög.

Annað sýslufjelagið heitir Vestur-Ísafjarðarsýsla og eru í því þessir hreppar: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrarhreppur, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur.

Hitt sýslufjelagið heitir Norður-Ísafjarðarsýsla og eru í því þessir hreppar: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sljettuhreppur.

Hvort sýslufjelagið hefur sinn fjárhag og sveitarmálefni fyrir sig.

2. gr. Í hvoru sýslufjelaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitamálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti auk sýslumanns, sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eptir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr. Sjóðum sýslufjelagsins skal þannig ráðstafað:

Styrktarsjóður handa ekkjum og börnum Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukkna, sem hingað til hefur verið undir stjórn sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, skal eptirleiðis standa undir stjórn sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, en eru að öðru leyti eign beggja sýslufjelaganna og kaupstaðarins.

Norður-Ísafjarðarsýsla skal að óskiptu fá 2000 kr. af vegasjóði sýslunnar, en að öðru leyti skal sjóðum og skuldum Ísafjarðarsýslu skipt milli hinna nýju sýslufjelaga eptir samanlagðri tölu fasteignar og lausafjárhundraða hvors um sig.

4. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum til framkvæmdar svo fljótt sem verða má.

Nd. 123. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »halda eptir umsóknarbrjefum þeirra« komi: »halda eptir umsóknarbrjefum kandidata þeirra og aðstoðarpresta«.

Nd. 124. **Frumvarp**

til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings. Flutningsmenn: Þorlákur Guðmundsson, Jón Þórarinsson, Tryggvi Gunnarsson.

1. gr. Öll þau hross, tamin eða ótamin, er seld eru eða send til útflutnings, og reka þarf til útskipunarstaðar dagleið eða lengra, skulu tryggilega járnuð, áður en lagt er af stað með þau þaðan, er þau eru keypt.

Ef hross týna járnum á leiðinni til útskipunarstaðarins, skulu þau járnuð í næsta áfangastað.

2. gr. Þegar hross eða sauðfje er haft í gæzlu áður en það er flutt í skip, skal þess gætt, að það hafi næga haga; að byrgi, er fjenaður er geymdur í á nóttu, sjeu rúmgóð og þur, og að fjenaðinum sje ekki á neinn hátt misboðið með illri meðferð. Hlutaðeigandi lögreglustjóri skal skipa áreiðanlega eptirlitsmenn á hverjum stað, er gæti þess, að fyrirmælum þessum sje fylgt.

3. gr. Á útflutningsstaðnum skal allur fjenaður skoðaður af tilkvöddum skoðunarmönnum, áður en hann er fluttur á skip. Ef hross þá reynast hófgengin, meidd, munnsár, eða á annan hátt ber vott um illa meðferð, ellegar sauðskepnur eru meiddar af illri meðferð, eða hafa óþrif eða kláða, þá skal hjúkra þeim skepnum og lækna á kostnað eiganda, ef hann eigi kýs heldur að slátra þeim.

4. gr. Allan kostnað, er leiðir af eptirliti því, er fyrirskipað er í lögum þessum, greiðir útflytjandi.

5. gr. Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum 2 til 200 kr., nema þyngri hegning liggi við, eptir hinum almennu hegningarlögum.

6. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 125. **Frumvarp**

til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs. Frá samgöngumálanefndinni: Valtý Guðmundssyni, Jens Pálssyni, Jóni Þórarinssyni, Klemens Jónssyni og Skúla Thoroddsen.

1. gr. Á kostnað landssjóðs skal kaupa eimskip, er sje að minnsta kosti 600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 60 manns í 1. farrými og 40 í 2. farrými. Allt sje skipið yfirbyggt og hafi að minnsta kosti 11 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Skipinu skal fylgja lítill eimbátur, er nota megi til flutninga frá og að skipinu á höfnum. Til þess að kaupa slíkt skip má verja allt að 350,000 kr.

2. gr. Eimskip það, er umræðir í 1. gr. skal gert út á kostnað landssjóðs, og skal því siglt milli Íslands og útlanda og kringum strendur landsins samkvæmt ferðaáætlun, er alþingi samþykkir.

3. gr. Árleg útgjöld til útgerðar skipsins skal veita á fjárlögunum, enda renni allar tekjur þess í landssjóð.

4. gr. Kaup á skipinu og útgerð þess skal falin á hendur farstjóra undir yfirumsjón fargæzlumanna. Heimili þess skal vera í Reykjavík og skal farstjóri hafa aðalskrifstofu sína þar og taka þar móti lögsókn í öllum þeim málum, er höfðuð kunna að verða gegn honum sem farstjóra.

5. gr. Í farstjórninni eru auk farstjóra tveir fargæzlmenn, er alþingi kýs í sameinuðu þingi til tveggja ára í senn. Deyi annarhvor þeirra milli þinga, eða fatlist á annan hátt, kýs landshöfðingi með ráði hins til bráðabirgða mann í hið auða sæti.

6. gr. Landshöfðingi skipar farstjóra samkvæmt tillögum fargæzlumanna og víkur honum frá, þegar ástæða þykir til. Farstjóri setur hæfilegt veð eptir því, sem landshöfðingi ákveður.

7. gr. Farstjórinn annast ráðningu skipverja á skipið, farþjóna á skrifstofur sínar og fargreiðslumenn á þeim stöðum, er þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Hann ákveður og fargjald og farmeyri, verð á vistum og öllu, er þar að lýtur. Þó skal hann til alls þessa hafa samþykki fargæzlumanna.

8. gr. Farstjórinn skal semja nákvæma reikninga yfir tekjur og útgjöld skipsins á hverjum ársfjórðungi, og senda þá með fylgiskjölum til landshöfðingja, og fer svo um endurskoðun þeirra og úrskurð á þeim, sem um aðra landsreikninga.

9. gr. Farstjórinn skal hafa í föst laun 4000 krónur á ári og auk þess 4% af öllum fargjöldum og farmeyri skipsins. Fargæzlumenn skulu hafa 600 króna þóknun hvor á ári. Farstjóri og fargæzlumenn skulu hafa ókeypis far með skipinu hvert er þeir vilja á ferðum þess samkvæmt áætlun.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi sama dag og þau eru staðfest.

Nd. 126. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um sölu 11 þjóðjarða, er stjórnin hefur lagt fyrir alþingi, og bónarbrjef um kaup á 25 þjóðjörðum, er nefndinni hafa borizt frá landshöfðingja. Auk bónarbrjefanna hefur nefndin fengin í hendur álitsskjöl umboðsmanna eða hreppstjóra og virðingargjörðir sýslunefnda samkv. ákvæðum auglýsingar 17. nóvbr. 1879.

Nefndin leggur það til, að heimild verði veitt til að selja allar þær jarðir, sem á stjórnarfrumvarpinu eru tilgreindar, en að því er snertir jarðirnar Geirland, Syðrivík og Húsavík þá virðist oss söluverð það, er tilfært er í frv., helzt til lágt í samanburði við notagildi þeirra og leigumála, og leggjum vjer því til, að verðið verði hækkað. Aptur á móti þykir oss hið tiltekna söluverð jarðarinnar Gvendareyja á Breiðafirði of hátt sett í samanburði við leigumálann, enda álítum vjer rjett að taka verulegt tillit til þess, að ein aðalafurð jarðarinnar, dúnninn, er fallinn mjög í verði; ráðum vjer því til þess að lækka verð hennar.

Það er og tillaga vor, að veitt verði heimild til að selja hinar aðrar þjóðjarðir, sem falaðar hafa verið, allar nema Snartastaði í Norður-Þingeyjarsýslu. Oss hefur komið saman um að ráða frá því, að samþykkt verði sala á þeirri jörð sökum þess, að fyrir landi hennar liggur höfnin Kópaskersvogur, en við hana er með lögum 24. okt. 1879 löggilt kauptún. Færi nú svo, að þar yrðu reist verzlunarhús, er eigi ólíklegt, að jörð þessi mundi að mun hækka í verði, enda telur hlutaðeigandi umboðsmaður »ekki ólíklegt, að þar innan skamms verði byggð hús, og jafnvel með tímanum myndist kaupstaður, og mundi það margfalda verð jarðarinnar«.

Með lögum nr. 31, 11. desbr. 1891 var stjórninni veitt heimild til að selja jarðirnar Hrísnes í Skaptafellssýslu, Glúmsstaði í Ísafjarðarsýslu og Varmaland í Skagafjarðarsýslu, en sú heimild gilti að eins til 31. desbr. f. á. Vjer viljum því samkvæmt óskum ábúenda þeirra leggja það til, að þær verði teknar upp á frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, með óbreyttu söluverði.

Viðvíkjandi jörðinni Horni í Skaptafellssýslu er það að athuga, að ábúandinn leggur sjerstaklega fölur á »rekaítök Bjarnaneskirkju í Hornslandi, nefnilega Bjarnanesfjöru utanfjarðar og Hornseyri eða Óskálf innanfjarðar« ef þau sjeu landssjóðs eign, og býður hann ákveðið verð, 150 kr., fyrir þau sjerstaklega. Þetta hið framboðna verð er að vísu í sjálfu sjer svo óverulegt, að vjer álítum ekki geta komið til mála að selja þau því verði, þótt vissa væri fyrir því, að landssjóði bæri afnot þeirra. En þar sem oss þar að auki, eptir að vjer höfum kynnt oss brjef landshöfðingja, stiptsyfirvalda og hlutaðeigandi umboðsmanns út af ágreiningi um hvalreka á ítaksfjörum þessum, virðist efasamt, hvort landssjóði beri afnot ítakanna fremur en Bjarnanessprestakalli, teljum vjer allsendis ótiltækilegt að selja þau að svo vöxnu máli, en álítum ekki óeðlilegt, að þau væri lögð til Bjarnanessprestakalls, án þess vjer þó viljum beinlínis leggja það til, þar eð vjer álítum það atriði liggja fyrir utan verksvið nefndarinnar.

Jörðina Varmá í Kjósar- og Gullbringusýslu hefur ábúandinn að vísu ekki falað, heldur annar maður, sem ætlar sjer að setja þar á stofn tóvinnuvjelar, og sem tvær sýslur styrkja til þessa fyrirtækis með samþykki amtsráðs á þann hátt, að ábyrgjast lán, er hann í þessu skyni tekur hjá landssjóði. En þar eð ábúandi hefur afsalað sjer kaup-

rjetti sínum í hendur hins falanda, og salan getur orðið til þess að styðja nytsemdarfyrirtæki, leggjum vjer það til að jörðin verði látin föl.

Að því er söluverð jarðanna snertir, þá höfum vjer viljað fylgja þeirri meginreglu, að setja það ekki lægra en svo, að samsvari 25 faldri upphæð afgjaldsins eptir 5 ára meðaltali. En frá þessari reglu höfum vjer þó neyðst til að víkja, þar sem oss hefur virzt eptirgjaldið of hátt í samanburði við afnotin, eða jarðirnar háðar einhverjum þeim annmörkum, er rýrðu þær verulega í verði. Aptur á móti höfum vjer sett hærra verð, en áminnstri meginreglu svarar, einkum á hlunninda- og vildis-jarðir, þar sem oss hefur virzt afgjaldið of lágt í samanburði við jarðargæðin.

Jarðir þær, er vjer leggjum til að gjörðar sjeu falar, eru 35, og álítum vjer óþarft að minnast á hverja þeirra fyrir sig, en í stað þess höfum vjer lagt á lestrarsalinn skrá yfir dýrleika jarðanna, landsskuldir og leigur, meðal-afgjalds upphæðir síðustu 5 ára, og virðingarverð umboðsmanna og sýslunefnda.

Vjer leyfum oss því, að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum og viðaukum.

1. Við 1. gr. 1 tölul. Í stað »3,000 kr«. komi; 3,200 kr.
2. — — 2. — — »450 —« — 500 —
3. — — 7. — — »1,000 —« — 1,200 —
4. — — 9. — — »3,000 —« — 2,700 —
5. Aptan við greinina bætist:

12.	Hrísnes í Skaptafellssýslu . .	1,400 kr.
13.	Glúmstaði í Ísafjarðarsýslu . .	150 —
14.	Horn í Nesjum í Skaptafellssýslu .	2,500 —
15.	Efri-vík í sömu sýslu . . .	1,000 —
16.	Ásgarð með Kárstöðum í sömu sýslu.	1,000 —
17.	Hraunkot í sömu sýslu . .	700 —
18.	Dalbæ eystri með ½ Uppsölum í sömu sýslu.	550 —
19	Nes með Neshjáleigu í Norðurmúlasýslu	3,500 —
20.	Árnastaði í sömu sýslu . . .	1,100 —
21.	Stakkahlíð í sömu sýslu . . .	2.600 —
22.	Hlaði í Eyjafjarðarsýslu . . .	2,100 —
23.	Varmaland í Skagafjarðarsýslu . .	1,250 —
24.	Hamar í Rípurhreppi í sömu sýslu .	1,100 —
25.	Skefilsstaði í sömu sýslu . . .	2,400 —
26.	½ Hindisvík í Húnavatnssýslu . .	1,700 —
27.	Breiðabólstað í Sveinstaðahr. í sömu sýslu	3,100 —
28.	Húnstaði í sömu sýslu . . .	1,800 —
29.	Kolbeinsvík í Strandasýslu . . .	250 —
30.	Söðulsholt í Hnappadalssýslu . .	1,700 —
31.	Hrútsholt í sömu sýslu . . .	1,350 —
32.	Dalsmynni í sömu sýslu . , .	1,400 —
33.	Rauðá í Suðurþingeyjarsýslu , .	2,200 —
34.	Bjarnastaði í sömu sýslu . .	2,200 —

6. Á eptir 3. gr. bætist inn í ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi: Stjórninni veitist og heimild til að selja jörðina Varmá í Kjósar-og Gull-

bringusýslu fyrir að minnsta kosti 2000 kr. með sömu borgunarskilmálum sem til eru teknir í 3. gr.

7. 4. gr. verði 5. gr.

Neðri deild alþingis, 18. júlí 1895.

Þorlákur Guðmundsson	Jens Pálsson	Ólafur Briem
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Björn Sigfússon. Guðl. Guðmundsson.

Ed. 127. **Frumvarp**

til laga um sjerstök eptirlaun handa fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli Grímsey, Pjetri Guðmundssyni. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Fyrverandi sóknarpresti í Miðgarða prestakalli í Grímsey, Pjetri Guðmundssyni veitast eptirlaun úr landssjóði, 500 kr. á ári, frá fardögum 1895.

Ed. 128. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Við Hvammstanga austanvert við Miðfjörð í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 129. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup senda til hlutaðeigandi prófasts umsóknarbrjef allra þeirra, er um embættið hafa sótt, enda fullnægi þeir hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum kandídata þeirra og aðstoðarpresta, er hann álítur óhæfa til að takast prestsembætti á hendur. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, skal hann senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Prófastur skal sjá um, að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr. Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu,

er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjend um hefur hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veitingu embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Ed. **130. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson, Jón Jakobsson.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skal skipa tvo kennendur, er annar sje jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 3000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2500 kr.

4 gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

6. gr. Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til skólans.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk.

2. gr. Kaupmenn þeir, er nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá sem gerir sig sekan í broti eða yfirhilmingu gegn lögum þessum, skal sæta 200—5000 kr. sektum, er renna í landssjóð. Skulu verzlunarhús hans, skip, verzlunaráhöld og vörur, sem yfirhilmingin nær yfir, og finnast hjer á landi, gjörðar upptækar, og andvirði þeirra renna í landssjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi feldar.

Nd. 132. **Frumvarp**
til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen og Pjetur Jónsson.

Ákvæðin í 3. tölulið 2. gr. í lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknarrjett embættismanna eru úr lögum numin.

Ed. 133. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (þgskj. 97). Frá Hallgr. Sveinssyni.

Orðið »eptirleiðis« falli burt á öllum stöðum í frumvarpinu.

Nd. 134. **Tillaga**
til þingsályktunar um frjettaþráð til Íslands. Frá samgöngumálanefndinni. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ráðherra Íslands, að hlutast til um, að það verði borið fram við erlend ríki, hvort og að hve miklu leyti þau kynnu að vilja styðja að því, sjerstaklega veðurfræðinnar vegna, að lagður verði frjettaþráður (telegraf) til Íslands.

Ed. 135. **Frumvarp**
til laga um eptirlaun (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landsjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landsjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr, fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót,

sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast; 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landsjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist at nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki

lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numið með þessum lögum.

Ed. **136. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólma prestakalli í Suðurmúlasýslu. Frá Jóni A. Hjaltalín, Sigurði Stefánssyni og Jóni Jakobssyni.

Í stað: »frá sama tíma«, komi: frá fardögum 1896.

Nd. **137. Tillaga**

til þingsályktunar um fjárhald landsjóðskirkna. Frá Halldóri Daníelssyni og Jóni Þórarinssyni.

Alþingi ályktar að skora enn af nýju á landstjórnina, að leita samninga við hlutaðeigandi söfnuði samkv. lögum 27. febrúar 1880 um það, með hverjum kjörum þeir vilja taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landsjóður á, og sjeu undirtektir safnaðanna síðan lagðar fyrir alþing 1897.

Nd. **138. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk (106.) Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 3. gr. Á eptir orðunum »á manntalsþingum 1896« bætist inn: »fyrir fardagaárið 1895—1896«.

Nd. **139. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar (þgskj. 69) frá nefndinni.

1. Fyrir »spítala« í 1. lið komi »holdsveikisspítala«.
2. Orðin »ef unnt væri« í 2. lið falli burt.

Nd. **140. Tillaga**

til þingsályktunar um að verkfræðingur skoði suðausturströnd landsins. Eins og hún var samþykkt við fyrri umr. í n. d.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að láta hið fyrsta færan verkfræðing rannsaka hafnir og þrautalendingar á kauptúnum og í fiskiverum meðfram suðausturströnd landsins frá Reykjanesi austur fyrir Vík í Mýrdal og láta uppi álit um, hvort tiltækilegt er að bæta þar hafnir, svo að þær verði tryggar fyrir verzlunarskip og búa til tryggar lendingar fyrir opin skip, svo og gjöra áætlun um kostnaðinn.

Nd. **141. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fjárráð giptra kvenna o. fl. Frá Valtý Guðmundssyni, Guðjóni Guðlaugssyni og Jóni Jónssyni.

1. Fyrir »2. og 3. málsgrein 3. greinar« í 4. gr. komi: »í 2. lið 3. greinar«.
2. Fyrir »helmingafjárlag« í 2. lið 7. greinar komi: »helmingarfjelag«.
3. Fyrir »numdar« í 14. gr. komi: »numnar«.

Nd. **142. Nefndarálit**

um frv. til laga um hagtræðisskýrslur.

Vjer undirskrifaðir, sem hin háttvirta deild hefur kosið í nefnd til að íhuga frv. til laga um hagfræðisskýrslur, höfum rætt málefni þetta með oss og erum komnir til þeirrar niðurstöðu, að vjer álítum að samþykkja eigi frv. í öllu verulegu óbreytt. Þær smábreytingar, er vjer viljum stinga uppá, miða flestar að því að einskorða ekki, eins og í frv. er gjört sumstaðar, fyrirkomulagið í skýrslunum og tímann, sem þær eiga að vera gefnar fyrir, heldur láta landstjórninni frjálsari hendur til að ákveða nákvæmar um slíkt í reglugjörð þeirri, er 2. gr frumvarpsins gjörir ráð fyrir. Svo hefur oss og fundist óþarft að gefa landshöfðingja sjerstakt sektavald fyrir brot á reglugjörðinni, þar sem hann hlýtur að hafa næg ráð til þess í hinni almennu löggjöf, að halda undirmönnum sínum til að hlýðnast reglugjörðinni, en um brot annara valdalausra manna eru ákveðnar sektir í 8 gr. frumvarpsins.

Samkvæmt þessu viljum vjer ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja ofangreint frv. með þessum breytingum:

1. við 3. gr. fyrir: »skepnuhöld« komi: »fjenað«.
2. — - — fyrir: »til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje, þegar þess er krafizt«, komi: »til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í tje«.
3. — - — fyrir: »töður« komi: »töðu«.
4. — - — fyrir: »skóga« komi: »skógarhögg«.
5. við 4. gr. fyrir: »stjórnarvöldum árlega í tje« komi: »stjórnarvöldum í tje«.
6. — - — Orðin: »á undanförnu ári« falli burt.
7. Aptan við 4. gr. bætist: »Skýrslna þessara má einnig, ef þurfa þykir, krefjast af útgerðarmönnum skipanna eða bátanna«.
8. við 5. gr. Orðin: »síðast undanfarið ár«, falli burt.
9. — 8. — Fyrir: »Trássist« komi: »Tregðist«
10. — - — Fyrir: »5—10 kr.« komi: »1—10 kr.«
11. — - — Orðin: »Heimilt er landshöfðingja — — - 2. gr.« falli burt.
12. — 10. — Orðin: »og reglugjörðum landstjórnarinnar samkvæmt þeim« falli burt.

Alþingi 20. júlí 1895.

Þorlákur Guðmundsson, formaður. Jón Jensson, skrifari og framsögumaður.

Björn Sigfússon. Ólafur Briem. Halldór Daníelsson.

Nd. 143. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað. Flutningsmaður: Jón Jensson.

1. Á eptir 10. grein komi ný grein (11. gr.), er hljóðar svo:

Til útvegunar og viðhalds á slökkvitólum, svo og til varasjóðs, er vera skal sjerstök eign Reykjavíkurkaupstaðar, skal bæjarstjórninni heimilt að láta innheimta hjá húseigendum aukagjald, er nemi allt að þriðjungi iðgjalda þeirra, er greiða ber af hverri húseign til brunabótafjelags dönsku kaupstaðanna.

Auakgjald þetta hefur forgangsrjett þann og lögtaksrjett, er ræðir um í 5. grein laga þessara.

2. 11. grein verði 12. grein.

Ed. 144. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um undirbúning verðlagsskráa. (Þingskjal 74).

Vjer undirskrifaðir, sem Efri deild alþingis kaus í nefnd í ofannefndu máli, höfum íhugað það rækilega á fundum, og látum nú uppi álit vort um það á þessa leið:

Frumvarpið hreifir ekkert við sjálfum grundvelli þeim, sem verðlagsskrárnar hafa verið byggðar á, og gjörir því ekki ráð fyrir neinni breytingu á þeim tegundum landaura, sem í verðlagsskrám eru taldar. Vjer höfum þess vegna ekki álitið það vera hlutverk vort, að taka þá hlið málsins til íhugunar, enda þótt það sje almennt viðurkennt, að þessi grundvöllur sje að mörgu leyti orðinn miður hentugur: sumt úrelt, og hins vegar ýmsar landaura tegundir vanti, sem orðnar eru á síðari tímum töluvert algengur kaupeyrir eða verzlunarvara. Vjer könnumst og við, að mikið vandhæfi sje á að gjöra í þessu efni þær breytingar, sem æskilegar eru, og enda lítil líkindi til að menn mundu að svo komnu eiga hægt með að koma sjer saman um slíkar breytingar.

Vjer höfum því haldið oss fast við þá hlið málsins, sem beinast liggur fyrir: aðferðina og fyrirkomulagið við samningu verðlagsskránna á hinum gamla grundvelli, og virðist oss ákvæði frumvarpsins í þessu efni vera fremur til bóta.

Því verður ekki neitað, að verulegir gallar eru á núverandi fyrirkomulagi, þar sem prestur og hreppstjóri setja verðlagið hvor í sínu lagi, án nokkurrar samvinnu og samanburðar, og ef til vill stundum grunandi hvor annan um tilhneigingu til að hækka eða lækka verðlagið meira en skyldi. Af þessari tilhögun hefur það leitt, að mismunurinn á verðlagi sömu landaura í sömu sveit hefur á stundum verið óhæfilega mikill og enda allopt undir hælinn lagt, hvort hið framkomna meðaltal hefur farið svo nærri hinu sanna gangverði sem vera átti. Í þessu tilliti ætlum vjer það vera til bóta að verðlagið sje sett í samvinnu, þannig: að kostur sje á að bera sig saman, og hyggjum vjer að margar misfellur muni jafnast við það. Eigi sjáum vjer heldur neitt því til fyrirstöðu, að þriðja manni sje bætt við eptir kosningu, og ætti það fremur að vera til tryggingar rjettri verðlagssetningu, því að sá maður mundi jafnast verða valinn meðal hyggnustu og gætnustu manna hrepps eða bæjarfjelags.

Um hin einstöku atriði skal þetta tekið fram:

Til að sporna við að óhæfilega miklar eyður verði í stofnskránum, er raska kynnu rjettum hlutföllum milli landaurategundanna, hefur frumv. það ákvæði, að með vissum skilyrðum m e g i setja verðlag á varning, sem e k k i hefur gengið kaupum og sölum næstliðið ár í hreppnum, og að í annan stað kaup og sala með óvanalega háu eða lágu verði, vegna sjerstakra atvika, skuli eigi takast til greina við samningu verðlagsskýrslna.

Nefndin getur fallizt á hvorttveggja, en ræður til að bæta við nánari ákvörðun um fyrra atriðið.

Nefndinni þykir ástæða til að kveða á um það, að verðlag á vörutegundum, sem að eins kemur fram í einni eða örfáum stofnskýrslum, skuli eigi takast upp í aðalskýrslu, og stingur upp á ákvæði í þá átt.

Þar sem segir í frv. í 2. gr. að stofnskýrslurnar skuli sendar »hlutaðeigandi sýslumanni«, þá hyggjum vér að þetta þurfi eigi nánari skýringar við, heldur sé einsætt að skilja það svo, í líking við ástandið sem nú er, að Reykjavík í þessu efni verði saman við Gullbringu-og Kjósarsýslu, Ísafjarðar kaupstaður fylgi Ísafjarðarsýslu, sem að honum liggur, Akureyri fylgi Eyjafjarðarsýslu og Seyðisfjarðarkaupstaður Norður-Múlasýslu.

Vjer ráðum því hinni heiðruðu Efri deild alþingis til að fallast á frv. með þessum breytingum og viðaukum:

1. Á undan orðinu »vörutegundum« í 1. gr. bætist inn: innlendum.
2. Á eptir orðinu »bæjarfjelags« í 1. gr. bætist við: á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar.
3. Á eptir orðunum: »Þótt hún sje þar til« í annari málsgrein 1. greinar bætist inn: og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum.
4. Á eptir orðunum: »fyrir samningu verðlagsskýrslunnar« bætist við ný málsgrein: Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða.
5. Á eptir orðunum: »skýrsla þessi« síðast í 2. gr. bætist inn: undirskrifuð af öllum semjendum.
6. Upphaf 2. gr. orðist svo: Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfjelaga skulu sendar o. s. frv.
7. Aptan við 2. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú er eigi verðlag sett á einhverja vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur.

Efri deild alþingis 20. júlí 1895.

Hallgr. Sveinsson. Guttormur Vigfússon.
skrifari

Þorkell Bjarnason
form. og framsögum.

Nd. 145. **Breytingartillaga.**

við viðaukatillögu nefndarinnar í þjóðjarðasölumálinu. Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-S.

Við 1. gr. 14. tölulið bætist (aptan við »Horn í Nesjum í Skaptafellssýslu«): »Að frá skildum ítaksfjörum Bjarnarnesskirkju, er leggjast til Bjarnarnessprestakalls«.

Nd. 146. **Breytingartillaga**

við viðaukatillögu nefndarinnar í þjóðjarðarsölumálinu. Frá Birni Sigfússyni.

Við 1. gr. tölul. 28. Í stað »1800 kr.« komi: »1500 kr.«

Nd. 147. **Breytingar- og viðaukatillögur**
við frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 3. gr. Síðari hluti greinarinnar frá orðunum: „Þó hafa hreppstjórar, er fengið hafa“ til enda greinarinnar, falli burt.

2. Eptir 3. gr. komi tvær greinar sem verði 4. og 5. gr. svo hljóðandi:

4. gr. Fyrir fjárnámsgjörðir ber hreppstjóra 2 kr. af hverjum, sem fjárnámið fer fram hjá.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskipt, sjeu þau ekki hærri en 8 kr. Fari uppboðslaunin framúr 8 kr., rennur það, sem umfram, er í landssjóð, enda haldi sýslumaður sjálfur þau uppboð, sem ætla má að hlaupi meira en 200 kr., nema forföll banni. Sömu uppboðslaun fá hreppstjórar fyrir sölu á óskilafje, hvort sem eigandi þess finnst eður eigi. Fyrir uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga bera hreppstjóra engin uppboðslaun.

5. gr. Fyrir skoðun og virðingu á lausafje borgist til jafnra skipta milli virðingarmanna eptir fjárhæð gjörðarinnar:

allt að	500	kr.	. . . . .	3	kr.	
yfir	500	— allt að	1000	kr.	4	—
—	1000	— —	— 2000	—	5	—
—	2000	—	. . . . .	6	—	

Fyrirsögnin breytist þannig: í staðinn fyrir „1. gr.“ komi: „1. 5. 6. og 8. gr.“

Nd. 148. **Frumvarp**
til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Holtsprestakall undir Eyjafjöllum tekur yfir Ásólfsskála-, Stóradals-, og Eyvindarhólasóknir.

Frá brauði þessu greiðast 100 krónur í landssjóð.

2. gr. Jörðin Hrafnagil (heimajörðin) leggist til Grundarþinga prestakalls. Til Akureyrarprestakalls greiðist 150 kr. úr landssjóði.

3. gr. Kirkjubæjarklausturs prestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi tekur yfir Prestsbakkasókn. Kálfafellssókn skal vera sjerstakt prestakall, eins og áður, og nefnist Kálfafell á Síðu. Þessu brauði leggjast 300 kr.

Ed. 149. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu við frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólmaprestakalli í Suður-Múlasýslu. Frá Þorkeli Bjarnasyni, Jóni Hjaltalín og Guttormi Vigfússyni.

Í stað: »frá fardögum 1896«, komi: »frá fardögum 1895«.

Nd. **150. Viðauka- og breytingartillaga**
við frumvarp til laga um fjárráð giptra kvenna (þskj. 49). Frá Halldóri Daníelssyni og Pjetri Jónssyni.

Við 2. gr. Á eptir orðunum: »gerður í tveggja votta viðurvist«, komi: »með áritaðu vottorði viðkomandi sýslumanns eða bæjarfógeta um, að hann sje löglega gerður«. Aptan við greinina bætist: »Nefnt vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta veitist ókeypis«.

Ed. **151. Frumvarp**
til laga um kjörgengi kvenna. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Ed. **152. Frumvarp**
til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum. (Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í nd.)

1. gr. Holdsveikum mönnum, er njóta sveitarstyrks, skal fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða þeim komið fyrir á þann hátt, er hlutaðeigandi lækni þykir nægileg trygging í.

Ef því verður við komið, skal holdsveikum mönnum komið svo fyrir, að hjón sjeu eigi skilin að, ef það er á móti vilja þeirra. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni, enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, er sveitarstyrks njóta, skal ávallt koma fyrir til uppeldis á öðrum heimilum.

Kostnað allan, er ákvæði þessarar greinar hafa í för með sjer, skal greiða úr sveitarsjóði þeim eða bæjarsjóði, er hlut á að máli.

2. gr. Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum sveitarstjórnar og hlutaðeigandi læknis, lagt fyrir, að einnig öðrum holdsveikum mönnum verði fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða komið fyrir á þann hátt, er lækni þykir nægileg trygging í. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki óhlýðnast fyrirskipunum, sem honum hafa verið gjörðar, um, að fylgja ákveðnum varúðarreglum, er eptir atvikum mátti ætlast til, að hann gæti hlýtt, eða hlutaðeigandi læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til, að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til, að einangra sjúklinginn á þennan hátt.

Þess skal einnig gætt, að hjón sjeu eigi skilin að nauðugu, nema brýna nauðsyn beri til.

Amtmaður getur og lagt fyrir, að börnum holdsveikra foreldra, er ræðir um í þessari grein, sje komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum, ef hlutaðeigandi læknir álítur nauðsyn bera til þess.

Kostnað þann, er leiðir af ákvæðum greinar þessarar, skal greiða að helmingi úr landsjóði, en hinn helminginn skal hinn holdsveiki greiða, ef hann er svo efnum búinn; að öðrum kosti sveitarsjóður.

3. gr. Íbúðarhús og herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikis-

sjúklingar hafa notað, mega menn eigi nota eða láta aðra fá, fyr en búið er að hreinsa þau á þann hátt, er hlutaðeigandi læknir skipar fyrir.

Með brot gegn ákvæði þessu skal fara sem opinber lögreglumál, og varða þau allt að 200 kr. sektum.

4. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar, hver í sínu umdæmi, skulu, undir umsjón landlæknis, sjá um, að lögum þessum sje hlýtt.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1896.

Nd. 153. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Frá nefndinni.

Við 7. gr. Fyrir »læknis tilsjón«, komi: umsjón læknis.

Við 12. gr. 1. lið. Fyrir »endurborga hann«, komi: endurborga þann kostnað.

Nd. 154. **Álit**

nefndar þeirrar, sem kosin var til að íhuga hin lægri menntamál, sveitakennslu og barnaskóla, svo og undirbúningsmenntun barnakennara.

Vjer höfum íhugað þann hluta menntamálanna, sem oss var falið af hinni háttvirtu neðri deild að taka til meðferðar og segja álit vort um. Til að rannsaka þetta mál höfum vjer haft með höndum seinustu skýrslur, sem fyrir hendi eru, um sveitakennslu og barnaskóla, svo og skýrslu um kennarakennslu þá, sem um nokkur undanfarin ár hefur farið fram við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg, ásamt áliti kennaranna við þennan skóla, sem látið er uppi í brjefi þeirra til stiptsyfirvaldanna 17. júní þ. á., þar sem þeir benda á nauðsyn kennaramenntunarinnar yfir höfuð og gera tillögur um það, hvernig bæta mætti þessa undirbúningsmenntun barnakennara.

Skýrslurnar um sveitakennslu og barnaskóla bera það með sjer, að mikill áhugi er vaknaður á barnauppfræðingu, þar sem freklega 3000 börn hafa notið tilsagnar hjá kennurum, er styrk hafa hlotið af landsjóðs fje, veturinn 1893/4, og hafa um 160 kennarar haft kennsluna á hendi nefnt ár.

Það virðist nú ekkert efamál, að kennsla þessi geri mikið gagn þar sem hún er orðin svo víðtæk, jafnvel þó að ganga megi að því vísu, að hún komi sumstaðar að minni notum en æskilegt væri. Að því er sveitakennsluna snertir, telur nefndin það nauðsynlegt, að hún fari ekki fram á mjög mörgum stöðum í hverri sveit, þar sem aðeins einn kennari er ráðinn til hennar. Hitt mundi eflaust heppilegra, að börnunum væri safnað saman sem flestum á sem fæsta bæi, svo að þau gætu notið sem lengst tilsagnar kennarans. Þar sem ekki er um lengri tíma að gera en 6 mánuði, getur nefndin varla talið tiltækilegt að kennslan fari fram á fleiri en 3 stöðum, með því að styttri námstími en 2 mánuðir getur varla orðið að nokkrum verulegum notum.

Skýrslurnar bera það flestar með sjer, að aðrar námsgreinir hafa ekki verið kenndar en þær, er tilgreindar eru í skilyrðum þeim fyrir landssjóðstyrk, er alþingi 1889 setti; en á stöku stað hefur þó verið kennt fleira, svo sem danska og landafræði og jafnvel enska. En það verður nefndin að telja óheppilegt, að svo margt sje haft undir í einu, þar sem tíminn er svo stuttur. Unglingum, sem komnir eru yfir fermingaraldur hefur og sumstaðar verið veitt tilsögn af sveitakennurum, og virðist ekkert vera móti því,

ef kennsla ófermdra barna, sem einkum mun hafa átt að styðja með landsjóðstillaginu, tefst ekki af því,

Að því er skýrslurnar sjálfar snertir, þykir nefndinni þær fremur ófullkomnar og óljósar, en úr því bætist eflaust að nokkru leyti með því, að skýrsluform eru nú síðast liðið ár gefin út. Þó álítur nefndin að skýrsluform þessi mættu vera fullkomnari.

Skilyrðunum fyrir styrkveitingu úr landsjóði til *barnaskóla* þykir nefndinni í ýmsum greinum ábótavant. Hún verður að telja það nauðsynlegt að breyta þeim áður langt um líður, og bæta við þau. Sjerstaklega vill nefndin taka það fram, að rjett mundi að taka hæfilegt tillit til húsakynna og kennsluáhalda, þegar um styrkveitingu til barnaskóla er að ræða. Bæði þessi atriði eru þýðingarmikil fyrir skólana, en til þeirra er þó ekkert tillit tekið í skilyrðum þeim, sem landsjóðsstyrkurinn er nú veittur eptir. Það er einkum stærð kennslustofanna og birta, sem nauðsynlegt virðist að hafa einhver ákvæði um, svo og borð og bekki. Auk þess sem rjett væri að áskilja að hver skóli, sem styrksins nyti, hefði ákveðin kennsluáhöld, sem vitanlega verður ekki hjá komizt að hafa, ef kennslan á að fara í nokkru lagi.

Þá virðist og allsendis óhæfilegt, að engar reglur sjeu settar um ráðningu kennara og uppsögn þeirra. Sama er að segja um laun kennaranna. Ef engin upphæð er ákveðin, sú er minnst megi bjóða kennara, getur auðveldlega svo farið, að lítt nýtir kennarar bjóði sig fyrir svo lágt kaup, að öðrum betri verði fyrir það hafnað, eða þá gert ómögulegt að vera við kennsluna, þó að hann feginn vildi. Og á þetta sjer eins stað um ráðningu sveitakennara og barnaskólakennara. En þó að hinum almennu skilyrðum fyrir styrkveitingu úr landsjóði til skóla og sveitakennslu væri ekki breytt að þessu leyti, mætti gera það að skilyrði á fjárlögunum til bráðabirgða.

Enda þó að nefndin þannig játi, að skilyrðin fyrir styrk af landsfje til skóla og sveitarkennslu, sjeu í mörgu ófullkomin, hefur hún ekki viljað leggja það til, að þeim yrði breytt að þessu sinni, með því að hún býst við, að þess verði ekki langt að bíða að almenn lagaákvæði verði sett um hina lægri kennslu.

En þess vill nefndin láta viðgetið, að sá skilningur stiptsyfirvaldanna á skilyrðum fyrir styrkveitingu til barnaskóla, að öll börn skólans, jafnt yngri sem eldri, þurfi að taka þátt í öllum þeim kennslugreinum, sem nefndar eru í 1. lið skilyrðanna (samb. landsh.brjef 16. nóv. 1889) — sje efasamur, enda gæti orðið til ógagns fyrir skólana, ef honum væri stranglega beitt. —

Loks tók nefndin til rækilegrar íhugunar undirbúningsmenntun barnakennara, sem hún er einhuga í, að telja aðalskilyrðið fyrir því, að það fje, sem veitt er til barnakennslu, beri þjóðinni verulegan arð. Nefndin verður að kannast við, að sá vísir til kennarafræðslu, sem vjer höfum búið að hingað til, sje í alla staði ófullnægjandi; en til þess að kennarar geti fengið þann undirbúning, sem öllum ber saman um, að þeim sje nauðsynlegur, þarf sjerstaka stofnun til þess að mennta þá bóklega og verklega. Nú þykir oss eigi ólíklegt, að í of mikið þyki ráðizt með því að stofna af nýju skóla í þessu skyni, enda þó að vjer teljum slíka stofnun hina nauðsynlegustu, eptir því sem málum nú er komið, og leggjum vjer því til, að alþýðu- og gagnfræðaskólinn í Flensborg, sem hingað til hefur haft það aukatakmark að mennta kennara, verði gerður að kennaraskóla, sem jafnt ættu aðgang að konur og karlar. Með því teljum vjer bætt úr mjög brýnni þörf með tiltölulega litlum kostnaði.

Nefndinni þykir full ástæða til að hafa sjerstakt eptirlit með hinni lægri kennslu,

en verður hins vegar að kannast við, að það er mörgum og miklum erfiðleikum bundið að koma henni við. En jafnvel þó að árlegt eptirlit með kennslunni, líkt og tíðkast í öðrum löndum, megi heita ótiltækilegt að svo stöddu, þá þykir nefndinni sjálfsagt að yfirstjórn kennslumálanna ætti að geta fengið áreiðanlega skýrslu um alla hina föstu skóla, bæði um stærð húsanna og byggingu, kennslu-áhöld og annað ýmislegt, er skólana snertir, og gæti það verið talsvert til hliðsjónar við styrkveitingu til skólanna. Með fárra ára millibili ætti svo að líta eptir, að hve miklu leyti húsum og áhöldum væri haldið við, það látið ganga úr sjer eða við það bætt. Slíkt eptirlit þyrfti ekki að kosta mikið, og væri hægðarleikur að koma því við, og þó að það sje ófullkomið, er það betra en ekkert eptirlit.

Að öllu athuguðu verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að menntunarstofnun handa kennaraefnunum verði að ganga fyrir öllu öðru, og telur eflaust, að jafnast muni með tímanum ýmsir agnúar, sem nú eru á kennslunni, þegar sú stofnun hefur staðið nokkurn tíma, svo að sem flestir af kennurunum hafa fengið nauðsynlega undirbúningsmenntun, og leyfir hún sjer því að leggja það til, að hin háttvirta deild samþykki eptirfarandi

FRUMVARP

til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð.

1. grein. Í Flensborg við Hafnarfjörð skal stofna kennaraskóla, þar sem barnakennaraefnum, konum og körlum, gefist kostur á kennslu í uppeldisfræði og öðrum þeim fræðigreinum sem nauðsynlegar eru til þess að barnakennarar verði hæfir í stöðu sína; svo skal þeim og veitt verkleg æfing í barnakennslu.

2. grein. Við skóla þennan setur landshöfðingi 2 fasta kennara, forstöðumann með 2200 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu og áðúðar á Flensborg og kennara með 2000 kr. árslaunum.

3. grein. Stiptsyfirvöldin hafa umsjón yfir kennslunni og semja reglugjörð fyrir skólann, er landshöfðingi staðfestir.

4. grein. Öll nauðsynleg gjöld til skólans greiðist úr landsjóði.

Alþingi 22. júlí 1895.

Þórhallur Bjarnarson, formaður. Jón Þórarinsson, skrifari. Ólafur Briem, framsögum.

Einar Jónsson. Jens Pálsson.

Nd. 155. **Frumvarp**

til laga um nýja frímerkjagjörð. Frá fjárlaganefndinni. Flutningsmaður: Þórhallur Bjarnarson.

1. gr. Í minningu þess, að fyrir 25 árum síðan var komið á fót lögbundinni skipun póstmála á Íslandi, skal 1. janúar 1897 leiða í gildi *íslenzk frímerki* með *nýrri* gjörð, bæði almenn og þjónustufrímerki, og falla þá um leið hin eldri frímerki úr gildi.

2. gr. Landstjórnin sjer um gjörð hinna nýju frímerkja og gjörir nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að almenningi verði breytingin kunn í tíma, og að hin nýju frímerki sjeu til sölu hjá póstmönnum fyrir ársbyrjun 1897.

3. gr. Hin nýju frímerki skulu vera sem einkennilegust og fegurst að allri gjörð. Verðgildum skal öllum haldið sömu og áður, að viðbættum 25 og 30 aura almennum frímerkjum.

4. gr. Frímerki þessi skulu að eins gilda sjálft minningarárið 1897, skal landstjórnin þá aptur leiða í gildi ný frímerki, 1. janúar 1898, en þó frábrugðin þeim er voru í gildi fyrir ársbyrjun 1897.

5. gr. Ónotuð og óskemmd frímerki, sem úr gildi eru fallin við frímerkjabreytingarnar skulu allir póstmenn taka jöfnum skiptum fyrir ný og gildandi frímerki fyrsta missirið eptir að breytingin komst á.

6. gr. Landstjórnin skal á sem haganlegastan hátt og á sem hentugustum tíma selja leifar frímerkja þeirra, sem úr gildi eru gengin og hjá henni geymast, en þó eigi undir ákvæðisverði. Eigi er skylt við þá sölu að láta minna úti í senn en svarar 10 frímerkjaörkum.

7. gr. Allur ágóði af sölu frímerkjaleifanna og sömuleiðis fje það, er á árinu 1897 greiðist póstsjóði fyrir seld frímerki fram yfir þær tekjur sjóðsins að meðaltali 3 næstliðnu ár 1894—1896 að frádregnum kostnaðinum við gjörð frímerkjanna í bæði skiptin geymist í sjerstökum sjóði og bíður nánari ráðstöfunar fjárveitingarvaldsins.

Nd. 156. **Frumvarp**

til laga um eptirlaun. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti og fær aun úr landsjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landsjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr., fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullrá 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2 gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær

hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða et upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landsjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist at nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa

rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd. 157. **Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólma prestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Eptirlaun núverandi uppgjafaprests í Hólma prestakalli skulu frá fardögum 1895 greiðast að öllu leyti úr landssjóði.

2. gr. Af skuld þeirri, sem núverandi prestur í Hólmaprestakalli er kominn í við landssjóð útaf óloknu árgjaldi fyrir fardagaárið 1894—95, að upphæð 600 kr., fellur helmingurinn niður.

Ed. 158. **Frumvarp**

til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Kostnað þann við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kennslustofnunarinnar, sem samkvæmt tilskipun um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl., 26. febr. 1872, ber að greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, skal greiða úr landssjóði.

2. gr. Bólusetningarkostnað, sem ræðir um í kgsbr. 24. marz 1830, skal greiða úr landssjóði.

3. gr. Sáttamálakostnað, sem eptir tilsk. 20. jan. 1797, 41. gr., hvílir á jafnaðarsjóðunum, skal greiða úr landssjóði.

4. gr. Kostnað þann við notkun fangelsanna, er ræðir um í 6. gr. tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, ber að greiða úr landssjóði.

5. gr. Að svo miklu leyti kostnaður sá, sem um ræðir í 1.—4. gr., hvílir á bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar, skal greiða hann úr landssjóði.

6. gr. Þegar reiknað verður jafnaðarsjóðsgjald það, er amtsráðin mega mest á leggja án samþykkis landshöfðingja, samkvæmt 56. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872, skal það eigi koma til greina skattinum til hækkunar, er varið hefur verið á undanförnum 3 árum til gjaldgreina þeirra, er lög þessi ræða um.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1896.

Nd. 159. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suðurmúlas. Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Að Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 160. **Frumvarp**

til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma; eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón

landlæknis og landshöfðingja, sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, er taka skal til meðferðar af hálfu hins opinbera. Fari svo, að hlutaðeigandi læknir geti eigi leyst það starf af hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal landshöfðingi sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldar eru sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum hjálp til að koma fram ráðstöfunum þeim til varnar útbreiðslu sjúkdómsins, er nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eptir atvikum og ástæðum á hverjum stað.

Þá er mikil hætta er á ferðum, skal landlæknir sjálfur fara þangað, sem sjúkdómurinn gengur og líta eptir, hvort gerðar sje þær ráðstafanir, er þörf er á.

2. gr. Þessa sjúkdóma skal ætíð taka til meðferðar af hálfu hins opinbera: kólera, gula hitasótt (febris flava), útbrota taugaveiki (typhus exanthematicus), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis).

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur landshöfðingi fyrirskipað, að taka skuli aðra næma sjúkdóma til meðferðar á sama hátt, svo sem influenzu, barnaveiki (diftheritis, kroup), taugaveiki (febris typhoidea) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess. Undanskildir eru þó langvarandi næmir húðsjúkdómar.

Landshöfðingi gefur út, eptir samráði við landlækni, almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er þeir eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal birta þær reglur í Stjórnartíðindunum deildinni B.

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og, að beita þeim til bráðabirgða, þá er aðrir næmir sjúkdómar koma upp, að því leyti honum kann að þykja þörf á því, enda gjöri hann ráðstafanir sínar almenningi kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa.

Nú hefur læknir tekið upp sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá skýra landshöfðingja frá ráðstöfunum sínum svo fljótt sem verða má, og skal hann senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til. Kveður þá landshöfðingi á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi lækni svo fljótt sem verða má; skal læknirinn þegar í stað birta það opinberlega, á þann hátt, er bezt gerir það kunnugt á svæði því, er í hlut á. Sleppa má þó auglýsingunni meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands. Auglýsingunni má einnig sleppa, meðan vafasamt þykir, hvort sjúkdómurinn teljist til sjúkdóma þeirra, er hið opinbera er skylt að taka til meðferðar.

Þá er opinberum sóttvörnum er lokið, skal það einnig birt opinberlega.

3. gr. Þá er ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, er talinn er í 1. lið 2. gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu, og það skorið upp, ef til kemur, ef lækninum virðist þörf á því, til þess að geta ákveðið, hvort taka skuli upp sóttvarnir af hálfu hins opinbera.

4. gr. Farþegjaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga, er þjást af sjúkdómum, sem skylt er að taka til meðferðar af hálfu hins opinbera, nje þá, er hafa barnaveiki eða taugaveiki, nema fylgt sje þeim fyrirmælum, er skipum þeim ber að fara eptir við slíkan flutning.

5 gr. Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einn af þeim sjúkdómum, er taldir eru í 2. gr. 1. lið, eða annar sjúkdómur, er samkvæmt auglýsingu er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal þá húsráðanda þegar í stað skylt að skýra lækni sínum frá því Þó er húsráðanda heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppsnefndarmanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfjelagi, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita um sjúkdóminn. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn, þeir er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir. er þar eru í fæði Þá er sjúkdómur sá kemur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum, er forstöðumaður, eða sá, er þar ræður mestu, skyldur að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi, eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal hlutaðeigandi skipstjóri eða formaður skýra frá honum.

Verði einhver þess var, að eigi hefur verið skýrt frá slíku sjúkdómstilfelli, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppsnefndarmaður samkvæmt grein þessari að takast lengri ferð á hendur en 2 mílur alls fram og aptur, fær hann þann kostnað endurgoldinn úr sveitarsjóði eptir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

6. gr Nú er eigi unnt að hafa sjúkling svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sje við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá lækni heimilt að láta flytja hann á opinbert sjúkrahús, eða í eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá til þess. Er sjúklingur skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unnt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútbreiðslu.

7. gr. Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eptir tillögu læknis bannað öllum óviðkomandi að koma á bústað hans, hús eða bæ. Þá er svo stendur á, má ekki flytja sjúklinginn frá heimili hans, þar sem hann er undir umsjón læknis, nema fengið sje skriflegt samþykki læknis.

Þegar mjög mikil hætta er á ferðum, getur lögreglustjóri eptir tillögum læknis skipað fyrir, að afkvía skuli heila kaupstaði, kauptún og þorp eða hluti þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast þær ráðstafanir um samgöngubann, er gjöra þarf.

8. gr. Heimilt er lækni að skipa svo fyrir að fram skuli fara sóttnæmishreinsun á bústöðum manna, húsum og herbergjum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, er ræðir um, og ef læknir leggur fyrir mann, er hefur slíkan sjúkdóm eða álitið er að gangi með hann eða hefur staðið honum svo nærri, að hætt er við að hann beri hann út, að hann skuli sjálfur ganga undir sóttnæmishreinsun eða leggja muni sína undir slíka hreinsun, þá er hann skyldur að fylgja þessu boði með nákvæmni. Heimilt er og lækninum að banna öðrum að neyta fæðu, sjerstaklega mjólkur, er staðið hefur hjá sjúklingnum.

Sje það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur læknirinn látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skuln greiddar eiganda

Heimilt er og hlutaðeigandi lækni, að skipa fyrir sóttnæmishreinsun gegn næm-

um sjúkdómum, er aðeins stinga sjer niður á einstöku stað og eigi eru teknir til meðferðar af hálfu hins opinbera.

Kostnaður við allar sóttnæmishreinsanir eptir þessari grein skal greiddur af almanna fje. Landshöfðingi sjer um, að ætíð sje á kostnað landssjóðs fyrirliggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því, vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar birgðir af efnum þeim, er þurfa til sóttnæmishreinsunar, og sje þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum

9 gr Nú hefur sjúkdómur, er tekinn er til meðferðar af hálfu hins opinbera, gert vart við sig á heimili, þarsem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá eigi koma í skólann fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefið skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki gjört vart við sig á einhverju heimili, skal þessa og gætt, þótt sjúkdómurinn eigi sje tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera. Nú gjörir barnaveiki eða einhver annar sjúkdómur, er tekinn er til meðferðar af hálfu hins opinbera, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kennslu í skólanum þangað til læknir hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út.

10. gr. Í sveitum og bæjum, þar sem sjúkdómurinn gengur, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, ef læknir fer fram á það, skipað að loka skuli skólum (almennum eða einstakra manna) og bannað almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveizlur og þess háttar), þar sem margir koma saman í sama húsi. Einnig má banna messur og líkfylgdir. Ráðstafanir þessar skal auglýsa á venjulegan hátt og skal æðri yfirvöldum skýrt frá þeim svo fljótt sem unnt er.

11. gr. Þá er næmur sjúkdómur er tekinn til meðferðar af hálfu hins opinbera samkvæmt lögum þessum, skal greiða lækni sömu borgun sem fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera, nema öðruvísi sje um samið milli hans og hlutaðeigandi yfirvalds. Greiðist það af almannafje.

Takist landlæknir ferð á hendur eptir lögum þessum, fær hann dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað úr landsjóði eins og fyrir embættiseptirlitsferðir.

12. gr. Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar eru samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, ennfremur öll útgjöld til læknis, aðhjúkrunar sjúkra manna og til meðala í sjúkdómum, er teknir eru til meðferðar af hálfu hins opinbera, og skal slík útgjöld aldrei telja fátækra styrk Þó skulu þeir, er fengið hafa læknis hjálp, aðhjúkrun og meðöl í heimahúsum í slíkum tilfellum, endurborga þann kostnað, ef sveitarstjórn álítur þá til þess færa og skal hann lögtaki tekinn öðrum kosti.

Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8 gr. laga þessara, skulu ákveðnar með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Kostnað við virðingargjörðina skal greiða af almanna fje. Bæði hið opinbera og hinir, er í hlut eiga, geta krafizt yfirmatsgjörðar og meta þá 4 dómkvaddir menn. Fái sá, er heimtað hefur yfirmat, eigi hærri skaðabætur eptir hinni seinni gjörð en eptir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þenna greiða af almanna fje.

13. gr. Útgjöld þau er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr landssjóði (8. gr. 4. lið og 11. gr. 2. lið) eða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið), skal, ef þau eigi fara fram úr 100 kr., greiða úr hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóði. Úr landssjóði skal greiða það, er framyfir er 100 kr.

Útgjöld við meðferð sjúklinga í húsi því, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. desember 1875 um mótvarnir gegn því að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands, skal þó eptirleiðis greiða eins og ákveðið er í nefndum lögum.

14. gr. Brot gegn lögum þessum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

15. gr. Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu er úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1896.

Nd. 161. **Frumvarp**
til fiskimannalaga. Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

1. gr. Þegar útgerðarmaður ræður skipstjóra á þilskip, sem ganga á til fiskiveiða, eða þegar hásetar eru ráðnir hjá skipstjóra, skulu vistráðasamningar ritaðir í bók löggilta af yfirvaldi. Skal í samningum þessum til greint á hvert skip skipstjóri eða hásetar eru ráðnir, með hverjum kostum og til hve langs tíma.

Útgerðarmaður, skipstjóri og hásetar skrifa nöfn sín undir samninginn í bókinni, og er hún fullt sönnunargagn gegn hverjum hlutaðeigandi, er samning rýfur. Afhenda skal skipstjóra eptirrit af samningnum, og er útgerðarmaður skyldur til að afhenda vistráðabókina, hvenær sem þörf er á til að útkljá deilu út af broti á vistarsamningnum.

2. gr. Skipstjóri á hverju fiskiskipi skal halda dagbók, er hann ritar í allt hið markverðasta, er við ber á meðan skipið er við fiskiveiðar, eða í siglingum við fiskiveiðar, svo sem hvar skipið er statt á hverjum degi, hvaða leið það heldur, og sjerstaklega, hve mikið aflast á hverjum degi, svo og allt það, er skip og útgerð þess kann að geta varðað.

3. gr. Skipstjóri skal sýna útgerðarmanni trúmennsku og stunda gagn hans eptir beztu föngum, bæði að því er snertir fiskiveiðarnar og alla meðferð á skipinu, áhöldum þess og afla.

Nú þykir útgerðarmanni sem skipstjóri hafi sýnt óhæfilega vanhirðu á skipi, matvælum eða veiðarfærum, og getur hann þá látið tvo óvilhalla dómkvadda menn, er skyn bera á, meta það tjón, sem skipstjóri hefur bakað honum með hirðuleysi sínu, og bæti hann útgerðarmanni það að fullu. Ef skipstjóri tefur skip að nauðsynjalausu frá fiskiveiðum, hafi hann fyrirgert rjetti sínum til að færa skipið það ár, enda sje það álit tveggja óvilhallra skipstjóra, að útgerðarmaður hafi beðið tjón af frátöfinni.

4. gr. Hásetar skulu sýna skipstjóra, eða hverjum skipverja, sem í hans stað er settur, tilhlýðilega virðingu, hlýða með athygli á boð hans og láta í ljós með skýru svari, að hann hafi skilið þau. Þeir skulu vinna að öllu því, sem þeim er boðið í þarfir skips eða afla, hvort heldur í landi eða á skipsfjöl, og yfir höfuð hlýða tafarlaust því, er skipstjóri býður þeim í þarfir skipsins, eða til viðhalds reglu á skipinu.

5. gr. Skipstjóri, eða sá, sem settur er í hans stað, skal fara sómasamlega með þá, sem hann er yfir settur, og annast velvegnan þeirra eptir megni, og eigi má hann beita við þá líkamlegri refsingu (sbr. þó næstu grein hjer á eptir).

6. gr. Nú neitar einhver af skipverjum að gera það, sem fyrir hann er lagt, eða sýnir þrjósku eða mótþróa yfirboðurum sínum, og hefur þá skipstjóri, eða sá er í forföll-

um hans er settur í hans stað, rjett til að beita valdi og þvingun til að þröngva honum til hlýðni.

Ef í nauðir rekur, og einkum ef skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða sýna mótþróa með ofbeldi, þá er jafnvel leyfilegt, að grípa til sjerhverra þeirra úrræða, er nauðsyn kann til að bera til að koma á reglu eða hlýðni, og er sjerhver af skipverjum skyldur til, þegar þannig er ástatt, að veita lið þeim, sem stjórn hefur á hendi, jafnvel án þess á hann sje skorað.

Báði þeir tjón af, er mótþróanu sýndu, skulu þeir þó engan kost eiga á að koma ábyrgð fram fyrir það, nema það sannist, að vald eða þvingunarúrræði, er beitt hefur verið, hafi verið harðari eða frekari en atvik gátu rjettlætt.

7. gr. Nú er háseti ráðinn í skiprúm og neitar hann að ganga á skip, eða kemur eigi til skips á ákveðnum tíma, eða gengur af skipi í leyfisleysi, og getur skipstjóri þá á sína ábyrgð látið þröngva honum með lögregluvaldi til að uppfylla skuldbindingu sína.

8. gr. Skipstjóri hefur vald til að refsa hásetum fyrir þær yfirsjónir, er hjer skulu taldar:

1. Fyrir ósæmilegt framferði gegn skipstjóra, eða þeim, sem settur er í hans stað, með bótum allt að 4 kr. eptir málavöxtum. Slíkt hið sama fyrir óhlýðni, nema þeim, er brotlegur varð, hafi þegar verið þröngvað til hlýðni samkv. fyrirmælum 6. gr.

2. Nú kemur háseti eigi til skips á ákveðnum tíma, þá er hann hefur fengið landgönguleyfi, en skip er búið til ferðar, og er skipstjóra þá heimilt að skilja hann eptir og fara út til fiskiveiða, en skyldur er hásetinn að vera til taks, hvenær síðar sem hann er kallaður á þeim tíma, sem hann var ráðinn á skipið. Kjósi skipstjóri það heldur, gerir hann hásetanum að greiða 2 kr. bætur fyrir hverjar 4 stundir, er hann bíður hans með skip og menn ferðbúinn.

3. Ef háseti er sendur í land með bát og yfirgefur hann í leyfisleysi, varðar 4 krónum.

4. Nú er maður við stýri settur, eður á vörð til útsjónar, og gengur hann frá í óleyfi, eða sofnar eða verður ölvaður, greiði hann 14 kr. bætur.

5. Vanræki háseti varðstöðu sína, eða annað verk á skipinu, sem honum hefur verið á hendur falið, bæti hann yfirsjónina allt að 4 kr. eptir atvikum.

6. Flytji háseti í óleyfi brennivín eða annan áfengan drykk á skip, bæti hann yfirsjón sína allt að 8 krónum, og fyrirgerir ölföngunum.

7. Nú vekur háseti illindi eða annan ófrið á skipi úti, eða við vinnu í skipsins þjónustu, og varðar það 4 krónum.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum á, má þyngja refsinguna allt að helmingi, en allt að ferföldu, ef brot er ítrekað. Þyngja má og sektirnar á hásetum allt að helmingi, ef brot er ítrekað. Um þær yfirsjónir skipverja er þyngri hegning liggur við, fer sem segir í 3. kapítula (Um glæpi farmanna) Farmannalaganna 22. marz 1890.

9. gr. Nú vill skipstjóri beita hegningarvaldi sínu samkvæmt 8. gr. og á hann þá í viðurvist tveggja hinna bestu manna á skipinu að leiða þeim er brotið hefur, stillilega áviðing hans fyrir sjónir, og refsingu þá, er hann ætlar að láta hann sæta, og því næst veita áheyrn því, er hinn hefur fram að bera til varnar sjer eða málsbóta. Nú þykir skipstjóra vörn hans ónóg, eða hann hefur ekkert fyrir sig að bera sjer til málsbóta, og skrifar hann þá yfirsjónina í dagbók sína, og lætur þess við getið, hvort hinn seki kannast við yfirsjón sína, svo og hverjar málsbætur hann hafði fyrir sig að bera.

Skal skipstjóri svo lesa skýrt og skilmerkilega upp það, sem bókað er, og ásamt hinum seka rita nafn sitt undir það í viðurvist þeirra skipverja, er tilkvaddir voru.

10. gr. Nú fer svo, að skipstjóri, eða sá er í hans stað var settur, misbeitir því hegningarvaldi, er honum er heimilað með 7. gr., t. d. með því að beita óþarfa hörku, eða ekki kynnt sjer málavöxtu nægilega, eða jafnvel af ásettu ráði gert einhverjum rangt til, og skal hann þá sæta refsing eða fangelsi, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum.

11. gr. Nú hlekkist fiskiskipi á, svo að það getur ekki verið við fiskiveiðar allan þann tíma er menn voru ráðnir á það, og eiga skipverjar þá ekkert tilkall til kaups af útgerðarmanni frá þeim tíma að skipið brotnaði, en heimting eiga þeir á því, hvar sem skip brýtur, að fá ókeypis ferð þangað, er skipið lagði af stað til fiskiveiða.

12. gr. Nú sýkist eða slasast einhver skipverja, og er sjálfum eigi um að kenna, og fær hann þá umsamið kaup fyrir þann tíma, sem hann hefur unnið fyrir kaupi, og aðhjúkrun á kostnað útgerðarmanns þó eigi lengur en eina viku.

13. gr. Reynist einhver skipverji mjög ófullkominn til þess starfa, sem hann er ráðinn til, getur skipstjóri minnkað kaup hans allt að helmingi, frá degi þeim er hann rjeðist og svo skilað honum á land, þó eigi annarsstaðar en þar er skipið á heima, þegar honum sýnist, enda sje það álit tveggja óvilhallra manna á skipinu, að hásetinn sje ófullkominn eða latur til vinnunnar, og hafi alls þess verið gætt, er tekið er fram í 8. gr. að skipstjóri skuli gjöra, þegar hann vill beita hegningarvaldi sínu.

14. gr. Ef skipverji er ráðinn gegn fæði, eða þannig um samið, að útgerðarmaður leggi þeim til fæði, þá skal vikuskammtur fyrir hvern mann vera sem hjer segir:

Brauð eptir þörfum, þó ekki yfir
7 pd. af skonroki, eða í þess stað
9 — af rúgbrauði.
2 — af saltkjöti.
1½ — af smjöri.
½ — af kandíssykri.
½ — af púðursykri (í tevatn).
¼ — af kaffibaunum.
5 kvint af kaffibæti.
6 kvint af telaufi.

Auk þess skal gefa eldaðan miðdegisverð sem hjer segir:

2 daga góðar baunir með ¼ pd. af kjöti á mann, hvorn daginn.

2 daga graut með hæfilegum púðursykri, eða sírúpi, annan daginn úr bankabyggi en hinn úr hrísgrjónum.

1 dag nýjan fisk og jarðepli.

1 dag kjötsúpu, og á að vera ¼ pd. af kjöti á mann, vegið hrátt.

1 dag sætusúpu eða kálmetissúpu.

Ennfremur skulu hásetar fá soðinn fisk til mála, þegar nýr fiskur er til, en ekki eiga þeir þá rjett á jarðeplum.

Öll skulu matvæli vera óskemmd þegar lagt er út til fiskiveiða, og fyrir því sjeð, að nægilegt og gott neyzluvatn sje ávallt til í skipinu, svo sem föng leyfa.

15. gr. Læknislyf skulu ávallt fylga hverju skipi, þessi:

1. Heptiplástur.
2. Sárasalve.

3. Sáraolía.
4. Kamfórudropar.
5. Hoffmannsdropar.
6. Laxerolía.

Svo skal og ávallt fylgja hverju skipi
línskaf,
ljereptsbindi og
stólpípa.

Þess skal gætt, að ávallt sje nægilegt til af ofantöldum meðulum.

16. gr. Hjermeð eru úr lögum numin Farmannalög 22. marz 1890.

Nd. 162. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir og viðaukatillögu nefndarinnar í því máli. Frá Kl. Jónssyni.

Við 1. gr., tölul. 5. Í stað: »3200 kr.«, komi: »3000 kr.«.
— 1. — — 22. Í stað: »2100 kr.«, komi: »1800 kr.«.

Nd. 163. **Breytingartillaga**

við viðaukatillögu nefndarinnar í þjóðjarðasölu-málinu. Frá Jóni Þórarinssyni.

Við tölulið 6. Í stað 2000 kr. komi 1700 kr.

Ed. 164. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Salthólmavík við Tjaldanes í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Á Salthólmavík við Tjaldanes í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 165. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1., 6. og 8. grein í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.

1. gr. Til hreppstjóra í hverjum hrepp skal árhvert greiða úr landsjóði þóknun, er nemi 50 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og ennfremur 50 aura fyrir hvern innanhreppsmann, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en ½ lausafjárhundrað. Þóknun til hreppstjóra má þó aldrei vera undir 24 krónum.

2. gr. Þá er tveir hreppstjórar eru í sama hreppi, skal þóknuninni skipt milli þeirra á þann hátt, að sá hreppstjóranna, sem er formaður undirskattanefndar, fái tvo hluti, en hinn þriðjung.

Leggi hreppstjóri niður sýslan sína eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, fær hann eða dánarbú hans $\frac{1}{12}$ hluta af ársþóknuninni fyrir hvern heilan mánuð, er hann hefur í sýslan verið.

3. gr. Þóknun þá, er ákveðin er í 1. grein, skal sýslumaður greiða hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert umliðið fardagaár af tekjum landsjóðs gegn lögmætri kvittun í fyrsta sinn á manntalsþingum 1896 fyrir fardagaárið 1895—1896.

4. gr. Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin ti hans óskipt, sje þau ekki hærri en 8 kr. Fari uppboðslaunin fram úr 8 kr., rennur það, sem umfram er, í landsjóð, enda haldi sýslumaður sjálfur þau uppboð, sem ætla má að hlaupi meira en 200 kr., nema forföll banni.

5. gr. Fyrir skoðun og virðingu á lausafje borgist til jafnra skipta milli virðingarmanna eptir fjárhæð gjörðarinnar:

allt að 500 kr.	3 kr.
yfir 500 — allt að 1000 kr.	4 —
— 1000 — — — 2000 —	5 —
— 2000 —	6 —

Ed. 166. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 15. okt. 1875 um skipun læknishjeraðanna. Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. N. Múlas.

Aptan við 1. gr. bætist: »og er það 21. læknishjerað«.

Aptan við 2. gr. bætist: »þar til læknaskipti verða í 15. læknishjeraði«.

Aptan við 3. gr. bætist: »eins og fyrir er mælt í 5. gr. laga 17. des. 1875 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma«.

Ný gr., sem verði 4. gr., bætist við frv. þannig hljóðandi:

»Þegar næst verða læknaskipti í 15. læknishjeraði breytast launaupphæðir læknanna þannig, að læknirinn í 21. læknishjeraði hefur í laun 1900 kr., en læknirinn í 15. læknishjeraði 1500 kr«.

Nd. 167. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald. Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

1. gr. Af heilagfiski og kola, sem flutt er til útlanda, skal ekkert útflutningsgjald greiða.

2. gr. Ákvæði nefndra laga í 1. gr. tölul. 1 og 2 eru með lögum þessum numin úr gildi.

Nd. 168. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að verkfræðingur skoði suðausturströnd landsins. Frá Kl. Jónssyni, Jens Pálssyni, Jóni Þórarinssyni, Skúla Thoroddsen, Valtý Guðmundssyni og Birni Sigfússyni.

Í staðinn fyrir orðin: »að láta hið fyrsta færan verkfræðing rannsaka«, komi: »að láta verkfræðing landsins jafnóðum og því verður viðkomið rannsaka«.

Nd. 169. **Nefndarálit**

nm athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1892 og 1893.

I. Reikningurinn 1892.

Tekjubálkurinn.

4. Aukatekjur.

Yfirskoðunarmenn hafa leitt athygli að því, að aukatekjueptirstöðvar úr 2 sýslum sjeu greiddar með ávísunum á verzlunarhús í Kaupmannahöfn dags. 31. desbr. 1892 og 4. jan. 1893, og jafnframt hafa þeir látið í ljós, að landstjórnin hefði eigi átt að láta sjer nægja ávísanir til greiðslu þessara gjalda, er eigi hafi verið út gefnar fyr en um eða eptir lok gjaldársins. Landshöfðingi hefur í svari sínu tekið fram, að eptir reglugjörð 25. maí 1878 5. gr. eigi að borga aukatekjur í landsjóð við lok hvers ársfjórðungs og gjöra skil fyrir þeim með fyrstu póstferð, sem fellur til á þeim ársfjórðungi, er í hönd fer, en eptir 7. gr. sömu reglugjörðar sje reikningshöldurum heimilt að borga tekjur þessar með ávísunum, sbr. reglugjörð 13. febr. 1873 4. gr., og fyrir því sje borgun áminnstra aukatekna í alla staði fullnægjandi. Út af þessu hafa yfirskoðunarmenn gjört þá tillögu: »að landstjórnin heimti peninga til greiðslu opinberra gjalda í stað ávísana, þegar ávísanirnar geta eigi komið svo tímanlega, að þær verði sendar út á borgunarstað með síðasta póstskipi hvers árs«. Nefndin álítur, að hinar tilvitnuðu reglugjörðir frá 13. febr. 1873 og 25. maí 1878 í sambandi við ráðgjafabrjef 24. júní 1892 hafi inni að halda nægilega strangar reglur um reikningsskil opinberra gjalda, sje þeim rækilega fylgt, og getur því eigi aðhyllst umrædda tillögu yfirskoðunarmanna.

11. Óvissar tekjur.

Yfirskoðunarmenn hafa lagt það til, að landsreikningnum fylgi ítarleg skýrsla um afborganir, reikningsábyrgðir og endurgjaldsupphæðir, er sýni þessar tekju- og gjaldagreinir á reikningsárinu, svo og eptirstöðvar þeirra við byrjun og lok ársins. Með því neðri deild alþingis hefur áður samþykkt ályktun í þessa átt (sjá Alþingistíðindi 1891 C. 169), er ráðgjafinn hefur aðhyllst í brjefi dags. 24. júní 1892 og landshöfðingi hefur í svari sínu lýst yfir því, að framvegis muni verða farið eptir henni, þykir nefndinni eigi við eiga, að koma fram með nýja tillögu í því efni.

12. Afgjöld af jarðeignum.

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að umboðslaun af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði sjeu í landsreikningnum og fylgiskjölum hans tilfærð með mismunandi upphæðum, án þess reikningurinn gefi neinar leiðbeiningar til þess að sjeð verði, hver upphæðin sje rjett. Að vísu hefur landshöfðingi í svari sínu bent á, að landsreikningurinn 1891 hafi í sjer fólgna nægilega skýringu um tjeðan mismun, en út af þessu hafa yfirskoðunarmenn lagt það til »að landsreikningurinn innihjeldi eptirleiðis skýrslu um útreikning umboðslaunanna, þegar um nokkuð óvenjulegt er að tala«. Með því nefndin telur víst, að landstjórnin taki þessa tillögu til greina, þykir eigi nauðsynlegt að bera hana sjerstaklega upp til samþykktar á þinginu.

15. Greiðslur frá prestaköllum.

Til þess að geta haft viðunanlegt yfirlit yfir tekjur af brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880, álíta yfirskoðunarmenn nauðsynlegt, að landsreikningnum fylgi sundurliðuð skýrsla um prestaköll þau, sem árgjöld hvíla á, svo og um það, hvernig þau eru greidd. Eins og landshöfðingi hefur tekið fram í svari sínu, getur slík árleg skýrsla naumast talizt nauðsynleg, en er þó til hægðarauka við yfirskoðun landsreikninganna.

16. Endurgjöld á öðrum fyrirframgreiðslum.

Nefndin fellst á þá tillögu yfirskoðunarmannanna, að landsreikningnum fylgi sundurliðuð skýrsla um öll þau mál, er kostnaður þeirra er greiddur úr landsjóði, hvort heldur til fulls og alls eða móti endurgjaldi.

Gjaldabálkurinn.

23. Ýmisleg útgjöld 5. tölul.

Upphæð sú, sem greidd er umfram fjárveitingu til viðhalds húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi kr. 130,71, er tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893.

24. Ýmisleg útgjöld 7. tölul.

Yfirskoðunarmenn hafa lagt það til, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir kr. 367,58, sem á árinu 1892 eru greiddar umfram fjárveitingu til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna. Á sama gjaldlið eru árið 1893 sparaðar kr. 432,75, og virðist því óþarft, að umframgreiðslan 1892 komi til aukafjárveitingar.

26. Útgjöld við læknaskipunina.

Yfirskoðunarmenn hafa vakið athygli á því, að fyrir júnímánuð 1892 hafi Árna Jónssyni sem þjónandi lækni í 9. læknishjeraði og Helga Guðmundssyni sem settum lækni í sama hjeraði hvorum um sig verið greidd ½ laun kr. 62,50, og því sje annar helmingur launanna ofborgaður úr landsjóði. Jafnvel þó afbrigði þau, er hjer hafa átt sjer stað, sjeu eigi fyllilega rjettlætt með greinargjörð landshöfðingja, vill nefndin eptir atvikum leggja það til, að við svo búið megi standa.

28. Útgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

a. fyrir prentun á ýmsu..... kr. 1046,98
b. til áhalda..... — 337,97
c. óviss útgjöld..... — 255,82

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893.

29. Kostnaður til vegabóta.

Yfirskoðunarmenn hafa lagt það til, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir kr. 10776,69, sem á árinu 1892 eru greiddar umfram fjárveitingu til vegagjörðar á aðalpóstleiðum, án tillits til þess, að árið 1893 hafa á þessum gjaldlið sparast kr. 8962,44. Með því alþingi hefur áður aðhyllst þá skoðun, að fjárveitingar til vegabóta gildi fyrir fjárhagstímahilið, virðist nægja, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir mismuninum kr. 1814.25 Í þeirri upphæð eru fólgnar kr. 1325.50 fyrir skoðunargjörð á brúarstæði á Þjórsá og uppdrátt af brúnni með kostnaðaráætlun, er var framkvæmd samkvæmt þingsályktun samþykktri á alþingi 1891.

33. Óviss útgjöld.

Til aðalviðgjörðar á hliði og grindum við brúna fyrir framan landshöfðingjahúsið hefur verið varið kr. 200,00. Af þessum gjaldlið eru einnig greiddar kr. 200,00 fyrir áhöld við kennarakennslu við Flensborgarskólann. Með því nefndinni virðist óheimilt, að greiða gjöld þessi úr landsjóði án samþykkis fjárveitingarvaldsins, leggur hún það til, að upphæðirnar verði teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893.

II. Reikningurinn 1893.

Tekjubálkurinn.

16. Tekjur er snerta viðlagasjóðinn.

Yfirskoðunarmenn telja varhugavert við útlán úr viðlagasjóði, að eigi liggi fyrir virðingargjörðir á veðsettum fasteignum, einkum þegar lánað er meira en 50 kr. út á

hvert jarðarhundrað, eða ef lánað er út á hús í Reykjavík meira en helmingur brunabótavirðingarinnar og fellst nefndin á álit yfirskoðunarmanna í þessu efni.

Gjaldabálkurinn.

25. Póstflutningur.

Upphæð sú, sem greidd er umfram fjárveitingu til póstflutnings kr. 1511.75, er tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893. Yfirskoðunarmenn hafa tekið fram, að þeim virðist eigi hafa verið farið sparlega með fje þetta, og leggja því til: »að reynt sje með undirboði að fá hæfa menn til að taka að sjer póstferðir, þar sem eigi er á annan hátt unnt að fá menn til að taka þær að sjer fyrir hæfilega borgun«. Þessari tillögu er nefndin samþykk.

26. Önnur útgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

a, fyrir prentun á ýmsu ..... kr. 121,79
b, til áhalda ..... — 112,22

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893.

28. Kostnaður til vegabóta.

Til vegabóta á aðalpóstleiðum eru í fjárlögunum 1892 og 1893 veittar kr. 30.000 hvort árið, samtals ..... kr. 60,000 00
en greiddar 1892 ..... kr. 40,776 69
— — 1893 ..... — 21,037 56 — 61,814 25
Umfram-greiðslan ..... — 1,814 25

er tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893.

32. Óviss útgjöld.

Af tjeðri fjárveitingu er meðal annars greitt:

a. styrkur til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar ..... kr. 80,00
b. fyrir brjefavog til Skagafjarðarsýslu ..... — 20,00
c. ferðakostnaður 2 presta til sáttaumleitunar milli prests og safnaðar á Seyðisfirði ..... — 143,00

Nefndin álítur nauðsynlegt, að þessar útborganir sjeu bornar undir atkvæði þingsins og leggur því til, að þær sjeu teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893.

34. Reikningsbók ráðgjafans.

Samkvæmt beiðni yfirskoðunarmanna mun nefndin fara þess á leit við landshöfðingja, að hann útvegi skýrslu um, hvernig gjöf Lotz til 4 fiskimannasjóða hjer á landi hafi verið ráðstafað.

35. Peningaforði landsjóðs.

Samkvæmt landsreikningunum var peningaforði landsjóðs við árslok 1893 ..... kr. 239,210,75
En í brjefi dags. 31. maí 1895 hefur landshöfðingi skýrt frá, að í landsreikningunum fyrir árin 1882, 1883 og 1884 sje vantalið til útgjalda, og peningaforðinn því oftalinn um ..... — 3,262,48
Eptir kr. 235,948,27

Að vísu er það upplýst, að í raun og veru hafi peningaforðinn við árslok 1893 einungis numið ..... — 233,316,74
En með því enn vantar að gjöra fulla grein fyrir mismuninum ..... — 2,631,53

verður nefndin að vera yfirskoðunarmönnum samdóma um, að æskilegt sje, að mál þetta sje betur rannsakað, áður en upphæð peningaforðans sje leiðrjett til fullnaðar.

Samkvæmt framanrituðu leyfum vjer oss að bera upp eptirfylgjandi

TILLÖGUR

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1892 og 1893.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að landsreikningnum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvernig þau eru greidd.

2. Að hverjum landsreikningi fylgi sundurliðuð skýrsla um allan málskostnað greiddan úr landsjóði, og um endurgjald hans.

3. Að lán sjeu eigi veitt úr viðlagasjóði gegn fasteignarveði, nema fyrir liggi virðingargjörðir á fasteignunum.

4. Að reynt sje með undirboði að fá hæfa menn til að taka að sjer póstferðir þar sem eigi er á annan hátt unnt, að fá menn til að taka þær að sjer fyrir hæfilega borgun.

Alþingi 23. júlí 1895.

Ólafur Briem, formaður og framsögum. | Jón Jensson, skrifari. | Einar Jónsson.

Nd. 170. **Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögu nefndarinnar í þjóðjarðasölumálinu. Frá Eiríki Gíslasyni.

Við 1. gr., tölulið 9: Í stað »2700 kr.« komi: »2500 kr.«

— 1. — — 31: Í stað »1350 kr.« komi: »1250 kr.«

Nd. 171. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Ytri-Neshrepp í Snæfellsnessýslu. Flutningsmaður Eiríkur Gíslason

Á Hjallasandi í Ytri-Neshrepp í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 172. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1892 og 1893.

Með skírskotun til álits nefndarinnar um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir 1892 og 1893 II. 35., ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu, að peningaforði landsjóðs 31. desember 1893 sje talinn 235948 kr. 27 au.

Alþingi 23. júlí 1895.

Ólafur Briem, formaður og framsögum. | Jón Jensson, skrifari. | Einar Jónsson.

Ed. 173. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. (eins og það var samþykkt við 1. umr. í Ed.). Frá Þorkeli Bjarnasyni.

Við 2. gr. Í stað »$\frac{3}{4}$ atkvæða« komi: »$\frac{2}{3}$ atkvæða«.

Nd. 174. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 10. febr. 1888 um veitingu og sölu áfengra drykkja. Flutningsmaður: Klemens Jónsson.

1. gr. Í kaupstöðum, sem hafa fengið kaupstaðarrjettindi, má amtmaður veita þeim mönnum, sem þar hafa og halda sjónleikjahús eður hús, sem byggt er eingöngu til sjónleikja og útbúið er með föstu leiksviði, leyfi til að selja vínföng eður allskonar áfenga drykki til neyzlu á staðnum í sjálfri leikhúsbyggingunni, á þeim kvöldum, sem þar er leikið.

2. gr. Þeir, sem slíkt leyfi hafa fengið, eru að öllu leyti háðir þeim ákvörðunum, sem lög 10. febr. 1888 um veitingu og sölu áfengra drykkja hafa inni að halda, að svo miklu leyti sem þær eiga við um þá.

Nd. 175. **Frumvarp**

til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú. til að ganga í borgaralegt hjónaband. Flutningsmaður: Kl. Jónsson.

Rjett er sjerhverjum hjónaefnum, sem hafa þjóðkirkjutrú, að láta veraldlegan valdsmann gefa sig í borgaralegt hjónaband, samkvæmt þeim reglum, er settar eru í lögum 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Nd. 176. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893.

Um 2. gr.

Hinn aukni kostnaður til viðhalds húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi kr. 130,71 stafar af því, að þar var byggt hesthús og smiðja, gjört við olíuhús og járnþak lagt á geymsluhúsið.

Um 3. gr.

Með óvissum útgjöldum við póststjórnina 1892 er talið endurgjald fyrir 3 týndar peningasendingar kr. 375,00. Sakir vangeymslu á póstflutningnum hafa hlutaðeigandi póstþjónar verið látnir bera ábyrgð á hvarfi tveggja sendinganna kr. 75,00. Um hina þriðju glötuðu peningasendingu kr. 300,00, er átti að fara frá Eskifirði til Reykjavíkur, hefur ekkert sannast, hvar eða með hverjum atvikum hún hafi misfarist, og hlýtur því landsjóður að bera þann skaða samkvæmt tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 13. gr.

Með skírskotun til álitsskjals nefndarinnar um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir 1892 og 1893 I. 33. og II. 32., viljum vjer ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum og viðaukum.

1. Aptan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 4. grein:

Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1892

a. til aðalviðgjörðar á hliði og grindum við brúna fyrir framan landshöfðingjahúsið ..... 200 kr.
b. fyrir áhöld við kennarakennslu við Flensborgarskólann ..... 200 —

fyrir árið 1893

c. styrkur til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar 80 —
d. fyrir brjefavog til Skagafjarðarsýslu ..... 20 —
e. ferðakostnaður 2 presta til sáttaumleitunar milli prests og safnaðar á Seyðisfirði ..... 143 —

2. Upphæðin og greinatalan í 1. gr. breytist eptir tillögum þeim, er samþykktar verða.

Alþingi 23. júlí 1895.

Ólafur Briem	Jón Jensson	Einar Jónsson.
formaður og framsögum.	skrifari.	

Nd. 177. **Frumvarp**

til laga um fjárráð giptra kvenna. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Rjett er, að giptar konur sjeu hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna; skal hjúskaparmáli vera skriflegur og gerður í tveggja votta viðurvist með áritaðu vottorð viðkomandi sýslumanns eða bæjarfógeta um, að hann sje löglega gerður, og ná að öðru leyti hin almennu ákvæði laganna um gildi samnings til slíkra hjúskaparmála. Nefnt vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta veitist ókeypis.

3. gr. Nú gera hjónaefni hjúskaparmála; skal hann, áður en brullaup fer fram, þinglesinn eða fyrirfram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi, skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í, lýsa hjúskaparmála sínum.—Nú hljóðar hjúskaparmáli um fasteignir, og skal hann, áður en brullaup fer fram, fyrirfram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. lið 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn, eða fyrirfram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvort hjóna skuli bera ábyrgð skulda; enda skerðir slíkur hjúskaparmáli, þótt þinglesinn sje, í engu rjett þeirra, er áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjörður, nema sannað verði, að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir, að það skuli sjereign vera, er öðru hvoru hjóna hlotnast að arfi eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu, nema öðruvísi sje um samið í hjúskaparmála. Hvorugt hjóna má þó gefa, selja, veðbinda nje leigja fasteignir búsins, nema samþykki hins komi til.

Nú hefur annaðhvort hjóna gjört slíkan samning að hinu fornspurðu, og er

hann þá ógildur. Ef helmingarfjelag er með hjónum, getur hvorugt þeirra, svo að gilt sje, tekizt á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna, nema samþykki hins komi til.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu, en þó gegn endurgreiðslu við fjárskipti búsins, ef það hjóna, er ekki átti hið óskilgetna barn, hefur mælt svo fyrir.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu, og hefur hún þá ein rjett, til að ráða yfir, hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi, má ekki taka atvinnuarð þenna til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað, án þess samþykki konunnar komi til.

11. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtumönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastur samningur.— Þó er gjöf ógild, nema sannað verði, að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti andvirði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin.— Þessi ákvæði ná þó eigi til smágjafa þeirra sem hjón gefa hvort öðru, og sem ætlaðar eru því hjóna, sem gjöf þiggur, til eigin afnota.

12. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum, eða fyrir aldurs sakir eigi fullráð fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds- eða tilsjónarmanns.

13. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr lögum numnar.

Nd. 178. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 1., 6. og 8. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Guðl. Guðmundssyni, Skúla Thoroddsen, Sighv. Árnasyni, Jóni Þórarinssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Við 4. gr. Framan við greinina bætist: Fyrir fjárnámsgjörð hverja ber hreppstjóra 1 króna. Gjaldið greiðir sá, er fjárnámið er gjört hjá.

Fyrirsögn frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

Ed. 179. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 15. okt. 1875 um skipun læknishjeraðanna. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Auk læknishjeraða þeirra, er talin eru í 1. gr. laga 15. okt. 1875, skal stofnað læknishjerað, er nái yfir Seyðisfjarðarkaupstað, Seyðisfjarðarhrepp, Mjóafjarðarhrepp, Borgarfjarðarhrepp og Loðmundarfjarðarhrepp, og er það 21. læknishjerað.

2. gr. Læknirinn í þessu læknishjeraði skal skyldur að búa í Seyðisfjarðarkaupstað, og hafa í laun 1500 kr., þar til læknaskipti verða í 15. læknishjeraði.

3. gr. Seyðisfjörður skal gjörður að aðal-sóttvarnarstað á Austurlandi og skal

byggja þar sjúkrahús á landsjóðs kostnað, eins og fyrir er mælt í 5. gr. laga 17. des. 1875 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

4. gr. Þegar næst verða læknaskipti í 15. læknishjeraði, breytast launaupphæðir læknanna þannig, að læknirinn í 21. læknishjeraði hefur í laun 1900 kr., en læknirinn í 15. læknishjeraði 1500 kr.

Ed. 180. **Frumvarp**

til laga um birting hinna opinberu auglýsinga. Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga og Jón Jakobsson, 2. þm. Skagfirðinga.

Auglýsingar þær, sem ræðir um í opnu brjefi 27. maí 1859 skulu eptirleiðis birtar í stjórnartíðindunum fyrir Ísland, deildinni B. í stað löggilts þjóðblaðs, er kemur út í Reykjavík svo sem fyrir er mælt í brjefi þessu.

Ed. 181. **Tillaga**

til þingsályktunar um frjettaþráð til Íslands. (Eins og hún var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á ráðherra Íslands, að hlutast til um, að það verði borið fram við erlend ríki, hvort og að hve miklu leyti þau kynnu að vilja styðja að því, sjerstaklega veðurfræðinnar vegna, að lagður verði frjettaþráður (telegraf) til Íslands.

Nd. 182. **Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. Flutningsm. Sighv. Árnason.

1. gr. Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum, skal úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor.

3. gr. Samkvæmt 3. gr. í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, skal leitað samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins um fyrirmæli þau, sem gjörð eru í 1. gr. þessara laga.

Ed. 183. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um kjörgengi kvenna (þingskj 151). Frá Hallgr. Sveinssyni.

Í stað orðanna: »og á safnaðarfundum« komi: sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa.

Ed. 184. **Breytingaruppástunga**

við frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (þingskj. 129). Frá Hallgr. Sveinssyni.

Við 1. gr. Málsgreinin: »Þó skal biskup o. s. frv.« orðist þannig:

Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra sækjenda, sem hann álítur óhæfa til prestsembættis eða miður hæfa til þess embættis, sem um er að ræða.

Nd. 185. **Frumvarp**

til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Kostnað þann við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kennslustofnunarinnar, sem samkvæmt tilskipun um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl., 26. febr. 1872, ber að greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, skal greiða úr landsjóði.

2. gr. Bólusetningarkostnað, sem ræðir um í kgsbr. 24. marz 1830, skal greiða úr landsjóði.

3. gr. Sáttamálakostnað, sem eptir tilsk. 20. jan. 1797, 41. gr., hvílir á jafnaðarsjóðunum, skal greiða úr landsjóði.

4. gr. Kostnað þann við notkun fangelsanna, er ræðir um í 6. gr. tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, ber að greiða úr landsjóði.

5. gr. Að svo miklu leyti kostnaður sá, sem um ræðir í 1.—4. gr., hvílir á bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar, skal greiða hann úr landsjóði.

6. gr. Þegar reiknað verður jafnaðarsjóðsgjald það, er amtsráðin mega mest á leggja án samþykkis landshöfðingja, samkvæmt 56. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872, skal það eigi koma til greina skattinum til hækkunar, er varið hefur verið á undanförnum 3 árum til gjaldgreina þeirra, er lög þessi ræða um.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1896.

Ed. 186. **Frumvarp**

til laga um að landstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í Brjámslæk til handa Brjámslækjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi. Flutningsmaður: Hallgrímur Sveinsson.

1. gr. Landstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í prestsetrinu Brjámslæk í Barðastrandarprófastsdæmi, sem er þriðjungur eignarinnar, eða 10 hndr. að fornu mati, ásamt hjáleigunni Moshlíð, 6 hdr. að fornu mati, til handa Brjámslækjarprestakalli fyrir 2000 krónur.

2. gr. Kaupverðið greiðist úr landsjóði. Frá sama tíma og kaupin eru gjörð falla niður 80 kr. af uppbót þeirri, er Brjámslækjarprestakalli er ákveðin í lögum nr 3. frá 27. febr. 1880, 1. gr. tölul. 78.

Ed. 187. **Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um eyðing sela.

Vjer sem kosnir vorum í hinni háttvirtu efri deild alþ. til að íhuga og segja álit vort um frv. til laga um eyðing sela, leyfum oss að koma fram með álit vort, og er það þannig:

Oss nefndarmönnum gat öllum komið saman um, að nauðsynlegt væri, að gjöra selinn rjettdræpan, til þess að laxveiði í ám og vötnum gæti eflzt og aukist, svo sem skilyrði eru fyrir hjer á Íslandi. Um hitt voru deildari skoðanir í nefndinni, á hvern hátt, eða hve langt nú skyldi farið að eyðileggja selinn. Sumum nefndarmönnum virtist hagurinn af að eyðileggja selinn svo auðsær, fram yfir þann hag, sem af því er að friða hann, að það væri ekkert varhugavert að samþykkja frv. óbreytt. En aptur var einn nefndarmanna á þeirri skoðun, að með því að gjöra selinn rjettdræpan alstaðar, kæmi

fram ójöfnuður við einstaka menn, sem mundu hafa miklar tekjur árlega af selaveiði, sætti þetta sjer einkum stað á Breiðafirði, vildi hann því ekki fara lengra í þetta sinn en að gjöra selinn rjettdræpan í ám og vötnum hjer á landi, sem lax og silungur gengi í. Það varð því að samkomulagi í nefndinni að ráða hinni heiðr. efri deild til að samþykkja frumvarpið þannig breytt:

Í öllum ám og vötnum á Íslandi, sem lax eða silungur gengur í, og hálfa mílu út frá ósum þeirra, skal selur rjettdræpur. Þó ná lög þessi ekki til Breiðafjarðar.

Efri deild alþingis 25. júlí 1895.

L. E. Sveinbjörnsson, form. Jón Jónsson, skrifari og framsögum. Þorleifur Jónsson.

Ed. 188. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um skrásetning skipa.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarp þetta og kynnt sér ástæður þær, sem hafa gefið tilefni til, að það er lagt fyrir þingið.

Tilgangur frumvarpsins er að koma reglunum um skrásetning skipa hjer á landi í sem bezt samræmi við þær reglur, sem nú gilda í Danmörk samkvæmt lögum 1. apr. 1892, og verður nefndin að fallast á, að þetta sje nauðsynlegt, þar sem skrásetning skipa er í báðum löndum undir stjórn og umsjón sama yfirvalds, það er yfirstjórn skattamálanna í Danmörk. Frumvarpið er því að nefndarinnar skoðun nauðsynleg breyting á tilsk. 25. júní 1869 um skrásetning skipa. Sömuleiðis álítur nefndin, að ákvörðunin um breyting á skrásetningarumdæmunum og fjölgun þeirra, sem eptir tillögum landshöfðingjans hefur verið tekin upp í frumvarpið, hljóti að verða til hægðarauka og til að koma betri reglu á skrásetning skipa.

Nefndinni finnst ekki ástæða til að stinga upp á efnisbreytingum á frumvarpinu, og ræður deildinni til að samþykkja það með þessum orðabreytingum.

1. Við 1. gr. Orðið »danskra« falli burt.
2. — 2. — Fyrir: »heima Íslandi« komi: »heima á Íslandi«.
3. — — — Í 2. málsgrein, orðin: »vera til sönnunar og« falli burt.
4. — 5. — Fyrsta málsgrein orðist svo: »Í hverju skrásetningarumdæmi skulu skip í því hjeraði sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett í«.
5. — — — Í síðustu málsgrein, í stað orðanna: »undir dönskum fána« komi: »með dönsku flaggi«
6. — 8. — Í stað »sje dagsett« komi: »sjeu dagsett«
7. — 10. — Í stað orðanna »ráða fyrir skipi« komi: »vera skipstjóri«.
8. — — — Í stað orðanna »sje mælt um« komi: sje mælt af nýju.
9. Við 10. gr. Í stað orðanna: »sje gjörðar« komi: »sjeu gjörðar«.
10. — 11. — Í stað orðanna: »til skrásetningarskrifstofu þeirrar« komi: »skrásetningarskrifstofu þeirri«.
11. — 13. — Á eptir: »komið í danska« bætist: »eða íslenzka«.
12. — 13. — Fyrir: »smálestal« komi: »smálestatal«.
13. — 14. — Fyrir: »plass« komi: »bil«.
14. — 15. — Orðið: »sömuleiðis« falli úr.
15. — 16. — Fyrir: »hlutaðeiganda« komi: »hlutaðeigandi«.
16. — 17. — Orðin: »vera álitið danskt og« falli burt.
17. — 17. — Fyrir: »fullkomnuð« komi: »fullgjörð«.

18. — 17. — Fyrir: »eða stýrði því« komi: »eða skipstjóri«.
19. — 17. — Fyrir: »eða að arfi« komi: »eða að erfðum«.
20. — 18. — Fyrir: »um eignarrjettindin yfir skipinu« komi: »á eignarrjettinum yfir skipinu«.
21. — 18. — Síðasta málsgrein orðist þannig: »Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda landshöfðingja skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefur á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu; skal skýrsla þessi síðan send skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn«.
22. — 19. — Fyrir: »ef að« komi: »ef«.
23. — 21. — Fyrir orðin: »leyft það með því að gefa út« komi: »leyft það og gefið út«.
24. — 22. — Greinin orðist þannig: »Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem eigi hefur eptir lögum þessum rjett til þess að hafa danskt flagg, varðar allt að 2 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestartali skipsins, ef slík athöfn« o. s. frv.
25. — 23. — Fyrir: »sem ekki hefur rjett á því« komi: »sem ekki hefur rjett til þess«.
26. — 26. — Fyrir: »dæmt á hendur« komi: »gjört«.
27. — 27. — Fyrir: »sje« komi: »sjeu«.
28. — 28. — Fyrir orðin: »dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um« komi: »dæmi um breytni hans, þá skal amtmaður hlutast til um«.

Alþingi 23. júlí 1895.

L. E. Sveinbjörnsson form. — Sigurður Jensson skrifari og framsögumaður. — Kristján Jónsson.

Nd. 189. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

1. grein Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Geirland í Kirkjubæjar hrepp í Skaptafellssýslu	3,200 kr.
2.	Syðri-Vík í sama hrepp	500 —
3.	Litlu Breiðuvík í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu	1,800 —
4.	Skúta í Glæsibæjar-hrepp í Eyjafjarðarsýslu	1,800 —
5.	Þverá í Skriðu-hrepp í sömu sýslu . .	3.200 —
6.	½ Borgarlæk í Skefilsstaða-hrepp í Skagafjarðarsýslu , ...	500 —
7.	Húsavík í Kirkjubóls-hrepp í Strandasýslu	1,000 —
8.	Selvelli í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu	850 —
9.	Gvendareyjar í Skógarstrandar-hrepp í sömu sýslu	2,700 —
10.	Dal í Miklaholts-hrepp í sömu sýslu . .	1,500 —
11.	Hrísakot í Helgafellssveit í sömu sýslu . .	1,050 —

12.	Hrísnes í Skaptafellssýslu . .	1,400 —
13.	Glúmstaði í Ísafjarðarsýslu . .	150 —
14.	Horn í Nesjum í Skaptafellssýslu (að frá-skildum ítaksfjörum Bjarnaneskirkju, er leggj-ast til Bjarnanes-prestakalls.)	2,500 —
15.	Efri-vík í sömu sýslu . .	1,000 —
16.	Ásgarð með Kárstöðum í sömu sýslu.	1,000 —
17.	Hraunkot í sömu sýslu . .	700 —
18.	Dalbæ eystri með ½ Uppsölum í sömu sýslu	550 —
19	Nes með Neshjáleigu í Norðurmúlasýslu	3,500 —
20.	Árnastaði í sömu sýslu . . .	1,100 —
21.	Stakkahlíð í sömu sýslu . . .	2.600 —
22.	Hlaði í Eyjafjarðarsýslu . . .	2,100 —
23.	Varmaland í Skagafjarðarsýslu . .	1,250 —
24.	Hamar í Ripurhreppi í sömu sýslu .	1,100 —
25.	Skefilsstaði í sömu sýslu . . .	2,400 —
26.	½ Hindisvík í Húnavatnssýslu . .	1.700 —
27.	Breiðabólstað í Sveinstaðahr. í sömu sýslu	3,100 —
28.	Húnstaði í sömu sýslu . . .	1,800 —
29.	Kolbeinsvík í Strandasýslu . . .	250 —
30.	Söðulsholt í Hnappadalssýslu . .	1,700 —
31.	Hrútsholt í sömu sýslu . . .	1,350 —
32.	Dalsmynni í sömu sýslu . . .	1.400 —
33.	Rauðá í Suðurpingeyjarsýslu . .	2,200 —
34.	Bjarnastaði í sömu sýslu . .	2,200 —

2. grein. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. grein. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að öllu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. grein. Stjórninni veitist og heimild til að selja jörðina Varmá í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir að minnsta kosti 2000 kr. með sömu borgunarskilmálum, sem til eru teknir í 3. gr.

5. grein. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1900.

Nd. **190. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. Flutningsm. Guðl. Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Í stað: »kaupa«, komi: »leigja«.
2. — · — Á eptir: »eimskip« bætist inn: »fyrst um sinn í 2 ár«,
3. — · — »Til þess að kaupa — —« til enda gr. falli burt.
4. — 2. — Í stað orðanna: »gert út — — því siglt«, komi: »haft í förum«.
5. — — — Í stað: »er alþingi samþykkir« komi: »er farstjóri með ráði landshöfðingja ákveður«.
6. — 4. gr. Í stað: »kaup á skipinu« komi: »Umráð yfir skipinu«.
7. — 6. gr. Í stað: »samkvæmt tillögum« komi: »með ráði«.
8. — 7. gr. Orðin: »skipverja á skipið« falli burt.
9. — — — Á eptir: »laun þeirra« bætist inn: »og skal hann til þessa hafa samþykki fargæzlumanna«.
10. — — — »Þó skal hann — —« til enda gr., falli burt.
11. — 8. — »og fer svo um endurskoðun — —« til enda gr., falli burt. Í stað þess komi: »Fargæzlumenn endurskoða reikninga farstjórans«.
12. — 9. — Í stað: »4000 kr.«, komi: »2500 kr.«.
    Í stað: »600 kr.«, komi: »500 kr.«.
13. — fyrirsögn frumvarpsins: fyrir: »kaup«, komi: »leigu«.

Ed. **191. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Salthólmavík. Frá Jóni A. Hjaltalín.

Í stað: »á Salthólmavík við Tjaldanes«, komi: við Salthólmavík hjá Tjaldanesi, í meginmáli frumvarpsins og fyrirsögnin breytist eptir því.

Nd. **192. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir og viðaukatillögu nefndarinnar í því máli. Frá Kl. Jónssyni, Jóni Þórarinssyni, Eiríki Gíslasyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Sigurði Gunnarssyni og Halldóri Daníelssyni.

Við 1. gr., tölul. 5. Í stað: »3200 kr.«, komi: »3100 kr.«.
— 1. — — 22. Í stað: »2100 kr.«, komi: »1900 kr.«.
— 1. — — 9. Í stað: »2700 kr.«, komi: »2600 kr.«.

Nd. **193. Frumvarp**

til laga um hagfræðisskýrslur. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Landstjórninni ber að annast um, að samdar sjeu árlega hagfræðislegar skýrslur um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun, og skulu þær samdar og útgefnar á kostnað landsjóðs.

2. gr. Um fyrirkomulag á skýrslunum og undirbúning til þeirra ákveður landshöfðingi með reglugjörð, og annast hann um, að út sje gefin á kostnað landsjóðs nauðsynleg eyðublöð, er stjórnarvöldum þeim, sem hann fyrirskipar, ber að láta útfylla.

3. gr. Skyldur er hver búandi og hver sá, er nokkurn fjenað hefur, til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í tje, þegar þess er krafizt, nákvæma skýrslu um

það, hve margt nautgripa, sauðfjár, geitfjár og hrossa, á hverjum aldri sem er, hann hefur undir höndum, hvort sem hann sjálfur er eigandi að eða ekki.

Bændur og aðrir þeir, er nokkra jarðrækt stunda, eru á sama hátt skyldir til að láta árlega í tje skýrslur, svo nákvæmar, sem kostur er á, um stærð túna þeirra og sáðlands, um jarðabætur, er unnar hafa verið og jarðargróða, er þeir hafa fengið á árinu, svo sem töðu, úthey, maturtir, mótekju, hrísrif og skógarhögg.

4. gr. Skipstjórar á þilskipum og formenn á opnum bátum, sem til nokkurs veiðiskapar ganga, skulu skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje skýrslur, svo nákvæmar sem föng eru til, um það, hve mikið hafi aflazt á skipum þeim eða bátum, er þeir hafa farið með. Skýrslna þessara má einnig, ef þurfa þykir, krefjast af útgerðarmönnum skipanna eða bátanna.

5. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eður sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hjer á landi og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands hjeðan, allt eptir því sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landshöfðingi útgefur.

6. gr. Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu skyldir til að senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um eignir og skuldir stofnananna, eptir formi, er hann fyrirskipar.

7. gr. Heimta má, að hlutaðeigendur votti upp á æru og trú, að skýrslur þær, sem um ræðir í 3.—5. gr., sjeu gefnar eptir beztu vitund.

8. gr. Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorð upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 króna. Tregðist nokkur við að láta í tje skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 10 kr. á dag.

9. gr. Um aðrar landshagsskýrslur en þær, sem atvinnuvegina snerta, gilda sömu reglur og fylgt hefur verið til þessa.

10. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. 194. **Frumvarp**

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson. Einar Jónsson. Jens Pálsson. Eiríkur Gíslason. Ólafur Briem. Sig. Gunnarsson.

1. gr. Á Íslandi skal vera bannað að búa til vínandadrykki og áfenga maltdrykki og sjerhverja aðra áfengisvökva, er ætlaðir sjeu til drykkjar.

Þó skal leyft að brugga til heimilisnotkunar öltegundir, er eigi hafa meira en 2° styrkleika.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til landsjóðs 10—2000 kr., og skulu vínföng þau, er búin hafa verið til og áhöld þau, er notuð hafa verið við tilbúninginn, upptæk, og rennur andvirðið í landsjóð.

Nd. 195. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til laga um breytingu á 1., 6. og 8. gr. lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.. Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Þórði Thoroddsen, Eiríki Gíslasyni, Skúla Thoroddsen, Jóni Þórarinssyni og Pjetri Jónssyni.

1. Eptir 3. gr. komi ný grein, sem verði 4. gr., svohljóðandi: Fyrir fjárnáms- eða lögtaksgjörðir ber hreppstjóra 1 kr. fyrir hvern þann, er fjárnám eða lögtak fer fram hjá, og auk þess ferðakostnaður, svo sem fyrir er mælt í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 3., 13. jan. 1882.
2. 4. gr. verði 5. gr.
3. Aptan við 5. gr., sem verði 6. gr., bætist: »og auk þess ferðakostnaður svo sem fyrir er mælt í 8. sbr. 3. gr. laga nr. 3., 13. janúar 1882.
4. Fyrirsögnin breytist samkvæmt þessu.

Ed. 196. **Tillaga**

til þingsályktunar um fjárhald landsjóðskirkna. (Eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora enn af nýju á landstjórnina, að leita samninga við hlutaðeigandi söfnuði samkv. lögum 27. febrúar 1880 um það, með hverjum kjörum þeir vilja taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landsjóður á, og sjeu undirtektir safnaðanna síðan lagðar fyrir alþing 1897.

Ed. 197. **Frumvarp**

til laga um undirbúning verðlagsskráa. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður kosinn af hreppsnefnd eða bæjarstjórn, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfjelagi í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok, semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningagangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfjelags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar.

Nú er einhver tegund landaura, sem hefur ekki gengið kaupum nje sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, þótt hún sje þar til og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum, má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um, að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða samskonar vörutegund hefir gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Nú hefur einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga, en með óvanalega lágu eða háu verði, sem sjerstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningu verðlagsskýrslunnar. Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða. Skýrsla þessi undirskrifuð af öllum semjendum skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfjelaginu í tvær vikur.

2. gr. Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfjelaga skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eptir þeim eina aðalskýrslu fyrir hjerað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna, en stiptsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landsjóði. Nú er eigi verðlag sett á einhverja

Frá útlöndum til Íslands.	Landsskipið.	Laura.	Landsskipið.	Laura.	Landsskipið.	Laura.	Thyra.	
Frá Bretlandi (austurstr.)	. .	. .	. .	. .	(18. apríl)	. .	. .	. .
» Bretlandi (vesturstr.)	1. jan.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Stettin	. .	. .	. .	. .	10. apríl	. .	. .	. .
» Kaupmannahöfn . .	. .	17. jan.	. .	1. marz	14. apríl	21. apríl	7. maí	. .
» Trapani (Sikiley) .	. .	. .	20. febr.	. .	. .	. .	. .	. .
» Bretlandi (austurstr.)	. .	21. jan.	. .	5. marz	18. apríl	25. apríl	11. maí	. .
» Bretlandi (vesturstr.)	. .	. .	8. marz	. .	. .	. .	. .	. .
Í Reykjavík	6. jan.	28. jan.	12. marz	13. marz	. .	1. maí	. .	. .
Á Borðeyri	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Vopnafirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Berufirði	. .	. .	. .	. .	23. apríl	. .	. .	. .
» Seyðisfirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Eskifirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	16. maí	. .
Strandferðir.								
Frá Reykjavík	. .	. .	16. marz	. .	. .	4. maí	. .	4. júní
Þaðan	. .	. .	vestur.	. .	. .	vestur	. .	vestur
Frá Stykkishólmi . . .	. .	. .	. .	. .	3. maí	4. maí	24. maí	4. júní
» Flatey	. .	. .	. .	. .	3. maí	. .	. .	4. júní
» Patriksfirði . . .	. .	. .	. .	. .	3. maí	5. maí	. .	5. júní
» Arnarfirði	. .	. .	. .	. .	3. maí	5. maí	. .	. .
» Dýrafirði	. .	. .	18. marz	. .	2. maí	7. maí	23. maí	6. júní
» Önundarfirði . . .	. .	. .	. .	. .	1. maí	. .	. .	. .
» Ísafirði	. .	. .	20. marz	. .	1. maí	9. maí	22. maí	7. júní
» Borðeyri	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Reykjarfirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Blönduós	. .	. .	. .	. .	30. apríl	. .	. .	. .
» Skagaströnd . . .	. .	. .	. .	. .	30. apríl	. .	. .	8. júní
» Sauðárkrók . . .	. .	. .	. .	. .	29. apríl	. .	20. maí	9. júní
» Siglufirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	10. júní
» Akureyri	. .	. .	22. marz	. .	29. apríl	. .	19. maí	12. júní
» Húsavík	. .	. .	. .	. .	. .	. .	18. maí	. .
» Vopnafirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	18. maí	. .
» Seyðisfirði	. .	. .	26. marz	. .	26. apríl	. .	17. maí	14. júní
» Norðfirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Eskifirði	. .	. .	. .	. .	24. apríl	. .	16. maí	. .
» Fáskrúðsfirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Berufirði	. .	. .	. .	. .	24. apríl	. .	. .	. .
» Vestmannaeyjum . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
Í Reykjavík	. .	. .	. .	. .	5. maí	11. maí	28. maí	. .
Frá Íslandi til útlanda.								
Frá Reykjavík	15. jan.	5. febr.	. .	19. marz	7. maí	14. maí	. .	. .
Til Bretlands (austurstr.)	. .	11. febr.	. .	26. marz	. .	20. maí	. .	20. júní
» Bretlands (vesturstr.)	20. jan.	. .	. .	. .	11. maí	. .	. .	. .
Frá Bilbao	27. jan.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Lissabon	31. jan.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Barcelona	7. febr.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Genua	10. febr.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Livorno	11. febr.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Trapani	13. febr.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Akureyri	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Seyðisfirði	. .	. .	26. marz	. .	. .	. .	. .	. .
Til Bretlands (austurstr.)	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
» Bretlands (vesturstr.)	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
Frá Stavanger	. .	. .	31. marz	. .	. .	. .	. .	. .
Í Kaupmannahöfn . .	. .	17. febr.	3. apríl	2. apríl	. .	24. maí	. .	24. júní
Í Stettin	. .	. .	5. apríl*	. .	. .	. .	. .	. .

landsjóðs, í sambandi við ferðaáætlun hins sameinaða gufuskipafjelags fyrir árið 18

Lands-skipið.	Laura.	Lands-skipið	Lands skipið.	Thyra.		Laura.	Lands-skipið.	Lands-skipið.	Laura.
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
15. maí	. .	9. júní	3. júlí	. .	. .	. .	23. júlí	4. ágúst	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	3. júni	. .	. .	2. júlí	. .	14. júlí	. .	. .	22. ágúst
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	7. júní	. .	. .	7. júlí	. .	18. júlí	. .	. .	26. ágúst
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
19. maí	13. júní	13. júní	7. júlí	. .	. .	25. júlí	27. júlí	8. ágúst	2. sept.
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	10. júlí	. .	. .	. .	. .	. .
20. maí	16. júní	14. júní	8. júlí	. .	29. júlí	. .	. .	9. ágúst	4. sept.
vestur	vestur	austur	vestur		vestur	. .	. .	austur	vestur
20. maí	21. júní	24. júní	. .	20. júii	29. júlí	. .	. .	. .	. .
20. maí	. .	24. júní	. .	20. júlí	29. júlí	. .	. .	. .	11. sept.
21. maí	. .	24. júní	. .	19. júlí	30. júlí	. .	. .	. .	10. sept.
21. maí	21. júní	24. júní	. .	18. júlí	31. júlí	. .	. .	. .	9. sept.
22. maí	20. júní	23. júní	9. júlí	17. júlí	31. júlí	. .	. .	. .	9. sept.
22. maí	20. júní	22. júní	. .	. .	. .	. .	. .	15. ágúst	8. sept.
23. maí	20. júní	22. júní	10. júlí	16. júlí	1. ágúst	. .	. .	14. ágúst	8. sept.
24. maí	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
24. maí	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
25. maí	. .	21. júní	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
25. maí	. .	21. júní	. .	15. júlí	. .	. .	. .	. .	. .
25. maí	. .	21. júní	11. júlí	14. júlí	3. ágúst	. .	. .	13. ágúst	. .
26. maí	. .	20. júní	. .	14. júlí	3. ágúst	. .	. .	. .	. .
27. maí	. .	20. júní	12. júlí	13. júlí	5. ágúst	. .	. .	12. ágúst	. .
28. maí	. .	18. júní	. .	. .	5. ágúst	. .	. .	. .	. .
28. maí	. .	17. júní	. .	. .	6. ágúst	. .	. .	. .	. .
30. maí	. .	17. júní	14. júlí	10. júlí	7. ágúst	. .	. .	10. ágúst	. .
30. maí	. .	16. júní	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
30. maí	. .	16. júní	. .	10. júlí	8. ágúst	. .	. .	. .	. .
31. maí	. .	15. júní	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
31. maí	. .	15. júní	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
1. júní	. .	14. júní	15. júlí	. .	. .	. .	. .	9. ágúst	. .
1. júní	23. júní	26. júní	16. júlí	24. júlí	. .	. .	. .	17. ágúst	11. sept.
2. júní	25. júní	27. júní	17. júlí	. .	. .	3. ágúst	29. júlí	18. ágúst	14. sept.
. .	1. júlí	. .	. .	. .	13. ágúst	10. ágúst	. .	. .	20. sept.
6. júní	. .	1. júlí	21. júlí	. .	. .	. .	2. ágúst	22. ágúst	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	6. júlí	. .	. .	. .	18. ágúst	14. ágúst	. .	. .	24. sept.
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .

Landsskipið.	Thyra.		Landsskipið.	Laura.	Landsskipið.	Landsskipið.	Laura.	Landsskipið.	Landsskipið.
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
24. ágúst	. .	. .	23. sept.	. .	8. okt.	20. okt.	. .	10. nóv.	3. des.
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	6. sept.	. .	. .	3. okt.	. .	. .	8. nóv.	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	10. sept.	. .	. .	7. okt.	. .	. .	12. nóv.	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
28. ágúst	. .	. .	. .	13. okt.	12. okt.	. .	21. nóv.	. .	8. des.
. .	. .	. .	28. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	25. okt.	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	14. nóv.	. .
. .	14. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
29. ágúst	. .	1. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
vestur	. .	vestur	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
29. ágúst	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
29. ágúst	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
30. ágúst	22. sept.	2. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
30. ágúst	21. sept.	2. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
31. ágúst	20. sept.	3. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
31. ágúst	19. sept.	3. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
1. sept.	19. sept.	4. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
2. sept.	. .	. .	29. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .
2. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
3. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
3. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
4. sept.	17. sept.	5. okt.	30. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .
5. sept.	. .	6. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
7. sept.	16. sept.	7. okt.	1. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .
8. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
9. sept.	. .	8. okt.	. .	. .	. .	26. okt.	. .	. .	. .
9. sept	14. sept.	9. okt.	. .	. .	. .	28. okt.	. .	15. nóv.	. .
10. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
10. sept.	14. sept.	10. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
11. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
11. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
12. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	16. nóv.	. .
13. sept.	26. sept.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	17. nóv.	. .
14. sept.	. .	. .	. .	20. okt.	15. okt.	. .	28. nóv.	22. nóv.	13. des.
. .	. .	16. okt.	. .	26. okt.	. .	. .	5. des.	. .	. .
18. sept.	. .	. .	. .	. .	19. okt.	. .	. .	27. nóv.	17. des.
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	, .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	1. okt.	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	28. okt.	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	. .	6. okt.	. .	19. okt.	1. nóv.	. .	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
. .	. .	22. okt.	. .	1. nóv.	. .	. .	11. des.	. .	. .
. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .

vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur.

3. gr. Verðlagsskrá gildir frá 16. maímánaðar til jafnlengdar næsta ár, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi.

4. gr. Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsúrskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi og konungsúrskurður 2. marz 1853.

Ed. 198. **Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. 199. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 15. okt. 1875 um skipun læknishjeraðanna. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Auk læknishjeraða þeirra, er talin eru í 1. gr. laga 15. okt. 1875, skal stofnað læknishjerað, er nái yfir Seyðisfjarðarkaupstað, Seyðisfjarðarhrepp, Mjóafjarðarhrepp, Borgarfjarðarhrepp og Loðmundarfjarðarhrepp, og er það 21. læknishjerað.

2. gr. Læknirinn í þessu læknishjeraði skal skyldur að búa í Seyðisfjarðarkaupstað, og hafa í laun 1500 kr., þar til læknaskipti verða í 15. læknishjeraði.

3. gr. Seyðisfjörður skal gjörður að aðal-sóttvarnarstað á Austurlandi og skal byggja þar sjúkrahús á landsjóðs kostnað, eins og fyrir er mælt í 5. grein laga 17. des. 1875 um útbreiðslu næmra sjúkdóma.

4. gr. Þegar næst verða læknaskipti í 15. læknishjeraði, breytast launaupphæðir læknanna þannig, að læknirinn í 21. læknishjeraði hefur í laun 1900 kr., en læknirinn í 15. læknishjeraði 1500 kr.

Nd. 200. **Nefndarálit**

frá samgöngumálanefndinni.

Nefnd sú, sem hin háttvirta neðri deild hefur skipað til þess að íhuga samgöngumál landsins, hefur rætt þessi mál ræki lega á fundum sínum og leyfir sjer hjer með að láta uppi álit sitt.

Samkvæmt einhuga vilja kjósenda um land allt, eins og hann hefur komið fram í þingmálafundargjörðunum, tók nefndin fyrst til íhugunar *samgöngubætur á sjó*, og leitaðist við að gjöra sjer ljóst, bæði hverjar kröfur landsmanna í þessu efni væri og hvernig þær yrðu uppfylltar. Samkvæmt áliti nefndarinnar eru aðalkröfurnar þessar:

1. Að skipaferðir milli höfuðstaðar landsins og útlanda verði miklu tíðari og fljótari en nú á sjer stað, án þess að nokkur lykkja sje gjörð á leiðinni til Færeyja, svo að ferðir verði að minnsta kosti tvisvar á mánuði um sumartímann.

2. Að skip þau, sem styrkt eru eða kostuð af landsfje, sjeu látin ganga beina leið til Englands, svo að bæði sje komið í veg fyrir, að ísalög geti á vetrum tálmað reglubundnu póstsambandi við önnur lönd og við fengið ýmsar nauðsynjavörur (t. d. kol, salt, steinolíu o. fl.) fluttar til okkar fyrir miklu lægri farmeyri en nú gjörist, og hins vegar

ýmsar íslenzkar vörur frá okkur (t. d. ull, saltfisk, nýjan fisk í ís o. s. frv.) þangað, sem beztur er markaður fyrir þær.

3. Að ferðir með fram ströndum landsins sje gerðar sem haganlegastar, þannig, að bæði sem flestum hinna stærri verzlunarstaða sje komið í beint viðskiptasamband bæði við útlönd og höfuðstað landsins, og að komið sje á fót tíðum ferðum milli hinna stærri verzlunarstaða og hinna smærri kauptúna, fiskimannaþorpa og smáhafna og jafnframt sjeð svo um, að þessar ferðir verði svo lagaðar, að allir fjórðungar landsins geti átt greið viðskipti hver við annan.

Til þess að uppfylla þessar kröfur eru nú tveir vegir. Annar sá, að semja við fjelög eða einstaka menn um að halda uppi ferðum, sem samsvara þörfum vorum og veita þeim ríflegan fjárstyrk til þess, hinn sá, að ráðast í að annast þessar ferðir sjálfir.

Að því er fyrri leiðina snertir, þá verður hún því að eins farin, að ákveðin tilboð um að annast ferðirnar komi fram, því væri farið að veita einhverja fjárupphæð í því skyni upp á óvissu eina, gæti svo farið, að enginn vildi taka ferðirnar að sjer með þeim kostum, er þingið setti. Frá hinu sameinaða gufuskipafjelagi hefur nefndinni ekki borizt neitt tilboð, enda virðist reynsla undanfarinna ára ekki mæla með því, að þingið færi að semja við það fjelag, þótt tilboð hefði legið fyrir frá því. Aptur hafa nefndinni borizt tvö tilboð frá einstökum mönnum; en sem að áliti nefndarinnar bæði eru svo löguð, að þingið geti eigi sinnt þeim.

Annað þessara tilboða er frá útlendum manni, Mr. Franz, sem býðst til að láta eimskip ganga 16 ferðir á ári milli Íslands og útlanda (sjerstaklega Englands) og jafnframt annast strandferðir, þannig, að skipið komi við á nokkrum hinna helztu verzlunarstaða landsins í hverri ferð. Til þess að geta tekið þessar ferðir að sjer, ætlar hann að stofna hlutafjelag með 450,000 kr. höfuðstól, og kveðst hann munu fá $\frac{4}{5}$ af þeirri upphæð í Englandi, en $\frac{1}{5}$ hennar vill hann að landsjóður Íslands taki að sjer og greiði sjer auk þess 45,000 kr. tillag um 10 ára bil. Þar sem nú frambjóðandi hefur enga trygging getað gefið fyrir því, að hann geti fengið nægilegt fje til þessara framkvæmda á Englandi, en kostirnir hins vegar ekki svo glæsilegir, að leggjandi væri á tvær hættur með það, hvort nokkuð yrði úr fyrirtækinu, hefur nefndin fyrir sitt leyti álitið, að þinginu bæri að hafna þessu boði og tilkynnt frambjóðanda það álit sitt.

Hitt tilboðið er frá kaupmanni Otto Wathne, sem býðst til að láta skip sitt, »Egil«, ganga fram með ströndum landsins frá því í marz þangað til í nóvember gegn 35,000 kr. tillagi úr landsjóði, að því viðbættu, að fargjald og farmeyrir verði eins og á skipum hins sameinaða gufuskipafjelags. Tilboðinu fylgdi ferðaáætlun, sem sýndi, að frambjóðandi ætlaðist til, að skipið gengi því nær eingöngu fram með austur- og norðurströnd landsins og kæmi að eins tvisvar hingað til Reykjavíkur, þegar mest væri um mannflutninga hjeðan og hingað. Þótt þinginu nú reyndar væri gefinn kostur á, að semja um breytingar á þessari ferðaáætlun, virtist nefndinni svo miklir annmarkar á þessu tilboði, bæði að því, er snerti upphæð tillagsins úr landsjóði, hátt fargjald og farmeyri og að það, þótt því hefði verið tekið, hefði ekki fullnægt nema nokkurri grein þarfa vorra, að hún áleit, að þinginu bæri að hafna því, og tilkynnti umboðsmanni frambjóðanda það álit sitt.

Þar sem þannig ekkert aðgengilegt tilboð liggur fyrir, getur nefndin ekki betur sjeð, en að eina úrræðið til þess að fullnægja kröfum landsmanna sje, að við önnumst eimskipaferðir okkar sjálfir, með skipi, er gjört sje út á kostnað landsjóðs. Nefndin var fyrst í nokkrum vafa um það, hvort heppilegra mundi að leigja skipið eða kaupa, en komst eptir nákvæma yfirvegun að þeirri niðurstöðu, að hið síðara mundi ráðlegra, enda

hafa sumir þingmálafundir beinlínis farið fram á, að það væri gjört. Nefndin hefur því samið og komið fram með frumvarp í þessa átt, sem þegar hefur verið lagt fyrir hina háttvirtu neðri deild og hún tekið til meðferðar.

Að því er snertir fjárupphæð þá, sem farið er fram á í frumvarpinu, að varið sje til þess að kaupa skipið, þá mun enginn geta sagt, að það sje landsjóði um megn að greiða hana, enda óvíst að til þess komi, að hana þurfi að brúka alla, þar sem nefndinni hefur að tilhlutan eins nefndarmanna borizt tilboð með uppdrætti frá ensku skipgerðarfjelagi um að byggja nýtt stálskip miklu stærra en það sem farið er fram í frumvarpinu, fyrir tæpar 336,000 kr. Um hitt munu skoðanirnar meira skiptar, hvort útgerð skipsins muni ekki geta orðið landsjóði alltof tilfinnanleg og bakað honum meiri útgjöld, en hann gæti komizt af með því að reyna að semja við aðra um að taka ferðirnar að sjer. En eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sjer um útgerð skipa, verður hún að ætla, að áhættan geti aldrei orðið eins mikil eins og mörgum kynni að virðast í fljótu bragði, og að tekjuhallinn varla geti orðið eins mikill, hvað þá heldur meiri en tillag það, sem landsjóður mundi verða að greiða öðrum, ef við þá væri samið.

Nefndinni virðist að áætla megi mánaðarútgjöld skipsins á þessa leið:

1.	Laun skipverja:		
	a. laun skipstjóra . .	300 kr.	
	b. laun 2 stýrimanna .	175 —	
	c. laun 2 vjelameistara	250 —	
	d. laun 11 annara skipverja	475 —	1200 kr.
2.	Fæði allra skipverja		600 —
3.	Kol (keypt á Englandi)		1300 —
4.	Olía og ýmislegt viðhald á skipinu		800 —
5.	Hafnargjöld og ýmislegur tilkostnaður		2000 —
6.	Ábyrgðargjald (á skipinu)		2500 —
		alls	8400 —

Kostnaðurinn við útgerð skipsins yrði þá á 12 mánuðum 100,800 kr. Sje nú þar við bætt vöxtum af höfuðstól þeim, sem liggur í skipinu, skrifstofukostnaði farstjóra o. s. frv. virðist mega áætla allan árskostnað við útgerðina um 120,000 kr.

Þar sem nú lítil líkindi eru til, að bæði haganlegar ferðir milli Íslands og útlanda og strandferðir mundu fást gegn minna tillagi en 45,000—50,000 kr. Þótt við aðra væri samið, verður munurinn á ársútgjöldum landsjóðs með því að gera skipið út sjálfur ekki svo mikill, að nokkur líkindi sjeu til, að skipið fái minni tekjur en samsvarar þeim mun. Þar sem það er kunnugt, að eimskip af líkri stærð, sem hið fyrirhugaða eimskip landsjóðs geta, ef vel gengur, haft um 40,000 kr. tekjur í einni ferð, mætti hraparlega til takast og miklum undrum sæta, ef tekjur hins fyrirhugaða eimskips yrðu á heilu ári minni en 70—80,000 kr. Til þess að skýra þetta betur, má taka nokkur dæmi. Gerum að skipið fari að vorinu eina ferð til Kaupmannahafnar, í lok aprílmánaðar, einmitt um það leyti, er kaupmenn þurfa að senda mestar vörur hingað til landsins. Þótt nú skipið fengi mjög lítinn farm og fáa farþega, er óhugsandi, að fargjöld og farmeyrir í þeirri ferð næmi minna en svo sem 5,000 kr. Fari svo skipið að sumrinu til svo sem 7 ferðir milli Englands og Íslands og kring um landið, virðist næsta ólíklegt að tekjurnar af þeim ferðum gætu orðið minni en 44,000 kr. í þeim öllum saman eða rúmar 6,000 kr. í hverri ferð, einkum þar sem búast mætti við, að margir útlendir ferðamenn mundu vilja nota jafngreiðar og haganlegar ferðir, sem skipið byði.

Á þessum tíma árs (einkum í júnímánuði) eru og töluverðir mannflutningar milli ýmsra hjeraða hjer innanlands, sem gæti orðið góð tekjugrein fyrir skipið.

Á haustin eru bæði miklir fjárflutningar til Englands og mikið vörumagn að flytja landa milli og auk þess töluverðir mannflutningar milli hjeraða innan lands. Mætti þá ætla skipinu að fara 3 ferðir, og mætti það merkilegt heita, ef tekjur þess yrðu um það leyti minni en 8,000 kr. í hverri ferð eða alls 24,000 kr. í þrem ferðum. Að vetrinum mætti láta skipið fara 3 ferðir milli Íslands og útlanda og flytja kol og salt til Íslands, en þaðan aptur saltfisk til Spánar, Portúgals og Ítalíu og síld til Noregs og ýmissa hafna við Eystrasalt. Mikil slysni mætti það vera, ef skipið hefði minni tekjur af þessum ferðum en svo sem 17,000 kr. eða rúmlega 4,000 kr. í hverri ferð. Þessi áætlun er að áliti verzlunarfróðra manna, sem nefndin hefur ráðfært sig við, svo lág, að varla er hugsanlegt, að tekjur skipsins gætu orðið svo litlar með því fyrirkomulagi á ferðum þess, sem hjer er bent til. Og þó yrðu tekjurnar samkvæmt þessari áætlun:

af vorferðinni . .	5,000 kr.
af sumarferðunum	44,000 —
af haustferðunum	24,000 —
af vetrarferðunum	17,000 —
eða alls	90,000 kr.

Þótt því tekjuhalli skipsins samkvæmt þessum áætlunum ætti ekki að verða nema 30,000 kr., hefur nefndinni þó þótt rjettara og varlegra að áætla ekki tekjur þess meiri en 75,000 kr., með fram af þeirri ástæðu, að nefndinni virtist sanngjarnt að ætla eimskipi landsins viðlíka tillag úr landsjóði (45,000 kr.) eins og hann mundi hafa orðið að greiða öðrum, ef við þá hefði verið samið um að annast þær ferðir, sem skipinu er ætlað að gera. Samkvæmt þessu hefur nefndin skrifað h. h. fjárlaganefnd og óskað þess að hún tæki upp í fjárlagafrumvarpið fyrir næsta fjárhagstímabil áætluð útgjöld til eimskips, er gert væri út á kostnað landsjóðs 120,000 kr., og áætlaðar tekjur þess 75,000 krónur.

Að því er snertir ferðaáætlun hins fyrirhugaða eimskips, þá álítur nefndin að vísu, að hún eigi að liggja undir samþykki alþingis. En með því að hjer er um nýtt fyrirtæki að ræða, svo að alla reynslu vantar fyrir því, hvernig ferðunum verði bezt fyrir komið svo að þær bæði geti orðið sem haganlegastar fyrir landsmenn og þó jafnframt borgað sig, þá verður nefndin að álíta heppilegast og rjettast, að þingið í fyrsta sinn (fyrir næsta fjárhagstímabil) gefi að eins lauslegar bendingar um það, hvernig ferðunum muni heppilegast fyrirkomið, en gefi hinum tilvonandi farstjóra með ráði landstjórnarinnar (landshöfðingja) vald til þess að haga þeim eptir því sem vænlegast þykir og affarasælast. Aptur virðist nefndinni rjett, að farstjóri leggi fyrir næsta alþingi ferðaáætlun, sem byggð sje á reynslu tveggja hinna undanfarandi ára, svo að þinginu gefist kostur á að segja álit sitt um hana og samþykkja eða breyta eptir því, sem virðist landinu fyrir beztu. Til þess að h. h. deild gefist kostur á að kynna sjer, hvernig verzlunarfróðir menn hugsa sjer að haga mætti ferðunum fyrst um sinn, lætur nefndin sem fylgiskjal við álit sitt prenta áætlun með athugasemdum, sem kaupmaður Ditl. Thomsen góðfúslega hefur látið nefndinni í tje og sem samið er af honum með ráði annara verzlunar- og siglingafróðra manna.

Með hinu fyrirhugaða eimskipi álítur nefndin að megi uppfylla tvær hinar fyrstu af aðalkröfum þeim, er að ofan getur, og nokkurn hluta af hinni þriðju. En að því er snertir síðara hluta hennar, verður nefndin að álíta, að hún verði bezt uppfyllt með því að koma á fót einum stórum eimbát í hverjum landsfjórðungi. Að láta eitt stórt skip,

sem jafnframt færi til útlanda, annast strandferðirnar eingöngu, mundi, jafnvel þótt 2 skip væru höfð í förum til þess að annast allar samgöngur okkar á sjó, jafnan reynast tafsamt og ónógt, enda ærið kostnaðarsamt að láta stórskip þræða inn á hverja vík og hvern vog, sem þyrfti að komast í viðskipta- og póstsamband við umheiminn. Væri aptur eimbátur í hverjum landsfjórðungi, mundi ferðirnar innan hvers fjórðungs geta orðið hæfilega tíðar, og væri jafnframt sjeð um, að ferðir þessara fjórðungabáta stæðust svo á, að hver hitti annan, svo að þeir mynduðu eina keðju kringum allt landið og stæðu líka í sambandi við skip það, er fer til útlanda, þá mætti ætla að viðskiptalíf vort og samgöngur á sjó væru komnar í svo gott horf, sem vjer fyrst um sinn getum gert okkur nokkra von um.

Um aðferðina til að koma slíkum fjórðungabátum á fót geta skoðanirnar orðið skiptar. Sumir þingmálafundir hafa farið fram á, að þeir yrðu beinlínis keyptir og gerðir út á kostnað landsjóðs. Þessari aðferð getur nefndin þó ekki verið samdóma. Hún verður að álíta að landsjóður eigi að eins að annast þau samgöngufæri að öllu leyti, sem annaðhvort koma öllu landinu að notum, eða eru þannig löguð, að ætla megi einstökum hjeruðum ofvaxið að útvega sjer þau. En nefndin getur ekki álitið hverjum heilum landsfjórðungi ofvaxið að kaupa sjer einn eimbát og sjá um útgerð hans. Hins vegar álítur nefndin rjett, að hið opinbera styðji og styrki framtakssemi landsmanna í þessu efni og leggi fram töluvert fje úr landsjóði til styrktar og upphvatningar til þess, að slíkum fyrirtækjum sje komið á fót. Vill nefndin því leggja til, að árlega sje varið úr landsjóði 32,000 kr. til þess að styrkja fjórðungabáta með því skilyrði að hver þeirra sje eigi minni en 30 smálestir (tons) að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 40 farþega undir þaki. Af því að misjafnlega erfitt mundi reynast að koma á fót slíkum bátum í hverjum fjórðungi, þykir nefndinni rjett að taka tillit til þess við úthlutun þessa styrktarfjár, og vill því leggja til, að styrknum sje þannig skipt á milli fjórðunganna, að Vestfirðingafjórðungur og Norðlendingafjórðungur fái hvor 10,000 kr., en Austfirðingafjórðungur og Sunnlendingafjórðungur 6,000 kr. hvor. Samkvæmt þessu hefur nefndin skrifað h. h. fjárlaganefnd og lagt það til við hana, að hún tæki upp á fjárlagafrumvarpið fyrir næsta fjárhagstímabil 32,000 kr. styrk til fjórðungabáta með þeim skilyrðum og skipting milli fjórðunganna, er að ofan getur.

Með svo ríflegum styrk úr landsjóði, sem hjer er farið fram á, álítur nefndin, að það hlyti að vera hægðarleikur fyrir hvern landsfjórðung að koma á eimbátsferðum hjá sjer. Geri maður, að hver eimbátur kostaði um 50,000 kr. og til þess að kaupa hann væri tekið lán, sem fengist með þeim kjörum, að vextir og höfuðstóll yrði greitt að fullu á 28 árum með 6% árlegri borgun. Til vaxta og afborgunar gengju þá af styrk hvers fjórðungs 3,000 kr., og hefði þá Vestfirðinga- og Norðlendingafjórðungur 7,000 kr. árlegan styrk til útgerðarinnar, en Austfirðinga- og Sunnlendingafjórðungur 3,000 kr.

Frá Vestfirðingafjórðungi hafa nú þegar komið fram óskir um að fá allt að 60,000 kr. lán úr landsjóði með ofangreindum kjörum til eimbátskaupa. Nefndin hefur álitið að hjer væri líkt ástatt og með lán þau úr landsjóði til þilskipakaupa og til þess að koma á fót tóvinnuvjelum, sem heimild hefur verið veitt til á undanförnum þingum, og því skrifað h. h. fjárlaganefnd og lagt það til, að tekin yrði upp í fjárlagafrumvarpið athugasemd þess efnis, að heimild væri veitt til þess, að lána amtsráði Vesturamtsins allt að 60,000 kr. til eimbátskaupa með þeim kjörum, að höfuðstóll og vextir yrði greitt að fullu á 28 árum með 6% árlegri borgun.

Að því er snertir *samgöngubætur á landi* áleit nefndin mjög íhugunarvert, hvort verja bæri jafnmiklu fje til akbrautagerðar og farið er fram á í fjárlagafrumvarpi stjórn-

arinnar. Sumir þingmálafundir hafa farið fram á, að akbrautagerðinni væri algerlega frestað, en sem mestu fje varið til þess að bæta fjallvegi. Nefndin getur nú ekki verið á því máli, að mjög miklu fje beri að verja til fjallvega, með því að þeir sjaldnast eru svo fjölfarnir, að gagnið af bótum þeirra samsvari þeim kostnaði, sem þær hafa í för með sjer. Nefndin finnur því enga ástæðu til að fara fram á meiri fjárframlög til fjallvega en þeim er ætlað í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar. Nefndin getur heldur ekki verið á því, að akbrautagerðinni sje algjörlega frestað, því bæði er nauðsynlegt að ljúka við sumar brautir, sem þegar hefur verið byrjað á og nú eru langt á veg komnar, og svo verður nefndin að álíta, að akbrautagerðin sje sú heppilegasta vegabót, sem enn hefur verið reynd hjer á landi. En þótt nefndin fyllilega játi, að akbrautastefnan hafi verið mikið spor fram á við í samgöngubótum vorum á landi, álítur hún þó alls eigi sannað, að einmitt þessi stefna sje sú eina og bezta, sem unnt sje að finna og mögulegt að fylgja hjer á landi. Nefndin verður að álíta, að við verðum í þessum efnum sem öðrum, að læra af öðrum þjóðum, sem lengra eru á veg komnar í samgöngubótum, og færa okkur í nyt reynslu þeirra. Nú víkur því svo við, að hjá flestum öðrum þjóðum, sem akbrautastefnan hefur verið ríkjandi hjá um langan aldur, eru menn nú sem óðast að hætta við hana, og leggja í stað akbrauta smá-járnbrautir, svo kallaðar þriðjungsbrautir (tertiærbaner), sem eru svo ódýrar að þær eru engu eða litlu dýrari en góðar akbrautir, einkum þegar litið er til þess, hve hið árlega viðhald á akbrautunum kostar mikið, þar sem viðhaldið á þriðjungsbrautunum nemur sára litlu, sem bæði kemur til af því, að þær eru svo örmjóar (0,6 m.) og að þær aldrei eru troðnar af hestahófum.

Auk þess sem þessar þriðjungsbrautir gera alla vöru og mannflutninga margfallt ódýrari, fljótari og áreiðanlegri, hafa þær þann mikla kost fram yfir akbrautirnar, að þær skila peningum þeim, sem í þær hafa verið lagðir aptur, þar sem peningar þeir, sem lagðir eru í akbrautirnar koma aldrei aptur, heldur útheimtist alltaf meira og meira fje til árlegs viðhalds, svo að þeir komi að nokkru gagni. Þar sem kostnaðurinn við að halda uppi lestaferðum á þriðjungsbrautunum (t. d. engin stöðvahús nje stöðvaþjónar o. s. frv.) er nauða lítill, getur varla svo farið, jafnvel í mjög strjálbyggðum hjeruðum, að eigi verði einhver ágóði af ferðunum, og verður hann þá, hvort sem hann er meiri eða minni, afborgun af höfuðstól og vöxtum þess fjár, sem lagt hefur verið í brautina.

Sægur af samskonar brautum, sem hjer hefur verið drepið á, hefur á seinni árum verið gerður á Þýskalandi, Hollandi, í Belgíu og Sviss. Nokkrar hafa verið gerðar í Svíþjóð og Noregi og á ríkisþingi Dana voru í fyrra samþykkt lög um að leggja mikinn fjölda af þeim um allt land út frá hinum eldri og fullkomnari járnbrautum. Fyrir stórþingi Norðmanna liggur nú frv., sem þegar hefur fengið mikinn byr í þinginu, um að hætta algerlega við alla akbrautagerð, en verja öllu vegafje í þess stað til þriðjungsbrauta. Er í því frumvarpi farið fram á, að hver sveit, hver hreppur geri þriðjungsbraut hjá sjer á eigin kostnað með nokkrum styrk úr ríkissjóði.

Þar sem nú aðrar þjóðir, sem um langan aldur eru búnar að reyna akbrautir, eru komnar að þeirri niðurstöðu, að þær sjeu bæði dýrar og samsvari eigi kröfum tímans, virðist nefndinni ísjárvert að verja mjög miklu fje til akbrautagerðar án þess að leitað sje upplýsinga um það hjá mönnum, sem vit hafa á, hvort ekki mundi tiltækilegt að innleiða þessar þriðjungsbrautir hjer á landi. Þessar upplýsingar mætti annaðhvort fá með því að fá hingað verkfræðing, sem kunnur væri gerð slíkra brauta og láta hann segja álit sitt um, hvort tiltækilegt mundi að ráðast í gerð þeirra hjer á landi og gera áætlun um kostnaðinn á einhverju tilteknu svæði, eða með því að senda verkfræðing landsins herra Sigurð Thoroddsen til útlanda, einkum Noregs, og láta hann kynna sjer þar gerð

þessara brauta og allt, er þar að lýtur og síðar segja álit sitt um kostnað við gerð þeirra hjer á landi. Meiri hluti nefndarinnar hefur einkum með tilliti til þess að hin fyrgreinda aðferð mundi hafa meiri kostnað í för með sjer, hallast að hinni síðari aðferð, og hefur nefndin samkvæmt því skrifað h. h. fjármálanefnd og lagt það til, að tekinn væri upp í fjárlagafrumvarpið 1000 kr. styrkur til verkfræðings Sigurðar Thoroddsens til þess að ferðast til útlanda, einkum Noregs, til þess að kynna sjer gerð þriðjungsbrauta og allt, er þar að lýtur.

Með því nefndinni virtist, að enginn hjer á landi, þar sem allir eru ófróðir um þessar þriðjungsbrautir, gæti fyrirfram sagt um það, hvort eigi væri mögulegt að þær gætu átt hjer við, áleit nefndin ráðlegast, að verja eigi meiru fje til akbrautagerðar en brýna nauðsyn bæri til, fyrri en ofangreindar upplýsingar væru fengnar. Nefndin hefur því skrifað h. h. fjárlaganefnd og lagt það til, að fjárupphæð sú, sem á frumvarpi stjórnarinnar er ætlað til akbrautagerðar á næsta fjárhagstímabili, verði færð niður í 30,000 kr. (úr 50,000 kr.) hvort árið.

Á mörgum þingmálafundum hefur verið skorað á þingið að styðja að því með þingsályktun eða á annan hátt, að Ísland kæmist sem fyrst í frjettaþráðasamband við önnur lönd, og á sumum fundum hefur jafnvel verið farið fram á, að þingið hjeti fyrir sitt leyti einhverju fjárframlagi til þess. Þótt nefndin fyllilega játi að mikið fje væri gefandi fyrir frjettaþráð hingað til lands, álítur hún þó þýðingarlítið, að þingið fari að heita einhverri ákveðinni fjárupphæð til hans, sem lítið mundi muna um, er um slíkt stórfyrirtæki væri að ræða, og áleit að nægja mundi að geta þess í umræðum um málið, að þingið mundi fús til að styðja að sínu leyti lagning frjettaþráðar hingað með fjárframlagi, eptir því sem okkar litlu efni leyfðu. Nefndinni virtist að þingið gæti því eigi að þessu sinni gert annað í þessu máli en að endurtaka áskorun alþingis 1893 til stjórnarinnar um að leita samninga í þessu efni við önnur ríki, einkum þar sem þeirri áskorun hefur enn eigi verið svarað neinu af stjórnarinnar hálfu, og hefur því komið fram með tillögu til þingsályktunar í þessa átt, sem þegar hefur verið rædd og samþykkt í h. h. neðri deild alþingis.

Neðri deild alþingis 26. júlí 1895.

Kl. Jónsson, form. Jón Þórarinsson. Jens Pálsson. Valtýr Guðmundsson, skrifari.

Skúli Thoroddsen.

Við undirritaðir getum ekki verið h. h. meiri hluta nefndarinnar samdóma um aðferðina til þess að útvega þær upplýsingar, er að ofan er getið, um það, hvort tiltækilegt mundi að innleiða þriðjungsbrautir hjer á landi og hætta við akbrautagerð. Þar sem um svo þýðingarmikið mál er að ræða fyrir alda og óborna og þessar upplýsingar eiga að skera úr því, hvernig verja eigi hundruðum þúsunda eða jafnvel miljónum, þá virðist okkur, að nauðsyn beri til, að þær verði svo áreiðanlegar sem frekast eru föng á. Þótt nú verkfræðingur landsins yrði sendur til Noregs til þess að kynna sjer þriðjungsbrautir þar, efumst við um að hann geti á skömmum tíma aflað sjer nægilegrar þekkingar á þessu máli til þess að kveða upp um það svo ákveðinn dóm, sem hjer væri nauðsynlegt að fá. Í öðru lagi getum við ekki sjeð, að hann eptir heimkomu sína megi missast frá öðrum störfum til þeirra rannsókna, sem hann yrði að gjöra, til þess að geta látið nokkurt rökstutt álit í ljósi. Við verðum því að álíta eina ráðið til þess að fá fullkomlega áreiðanlegar upplýsingar í þessu þýðingarmikla máli, að fá hingað norskan verkfræðing, sem sjálfur hefur fengist við gerð þriðjungsbrauta og hefur aflað sjer sjerstaklegrar þekkingar

í þeim efnum. Þótt upplýsingarnar yrðu með þessu móti nokkru dýrari en ella, virðist okkur það vel til vinnandi, þegar um slíkt mál er að ræða, ef þær gætu þá orðið þeim mun áreiðanlegri. Við munum því á sínum tíma koma fram með tillögu í þessa átt.

Neðri deild alþingis 26. júlí 1895.

Skúli Thoroddsen. Valtýr Guðmundsson.

Nd. 201. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. Frá samgöngumálanefndinni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna: „skal því siglt“ komi: „haft í förum“.

2. Við 7. gr. Í stað: „skipverja“ komi: „yfirmanna“, og í stað orðanna: „til alls þessa“ komi: „að því er snertir laun, fargjald, farmeyri og allar verðskrár“.

3. Við 8. gr. Í stað orðanna: „og fer svo um“ og til enda greinarinnar komi: „Fargæzlumenn endurskoða reikninga farstjóra og fer svo um úrskurð á þeim sem á öðrum landsreikningum“.

4. Við 8. gr. Í stað: „4000“ komi: „3000“.

Nd. 202 a. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 1., 6. og 8. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Frá Halldóri Daníelssyni. Jóni Jenssyni. Birni Sigfússyni. Þorláki Guðmundssyni. Jens Pálssyni. Jóni Jónssyni.

1. 4. og 5. gr. falli burt.

2. Úr fyrirsögninni falli: „6. og 8. grein“.

Sþ. 202 b. **Skýrsla**

til alþingis 1895, frá nefndinni um verðlaun af „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1893, samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" 24. ágúst 1881, gaf samkvæmt erindisbrjefi sínu út auglýsingu, sem birt var í Ísafold, þar sem þeim, sem óskuðu eptir að vinna verðlaun af tjeðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir lok febrúarmánaðar 1895 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

Samkvæmt þessu bárust nefndinni á ákveðnum tíma tvær ritgjörðir, önnur: „Um Sturlungu".

Einkunnarorð: „Gáttir allar, áður gangi fram,
of skygnask skyli".
Hávamál.

hin: „Um íslenzk mannanöfn".

Einkunnarorð: „Varðar mest til allra orða
undirstaðan rjett sje fundin".
Lilja.

og kom oss saman um að dæma hinni fyrnefndu ritgjörð 500 kr. verðlaun og hinni síðarnefndu 200 kr. verðlaun.

Þegar opnaðir voru hinir lokuðu miðar, er fylgdu ritgjörðunum, kom það í ljós, að höfundur hinnar fyrnefndu ritgjörðar var Björn M. Ólsen, dr. phil. í Reykjavík, en höfundur hinnar síðarnefndu: Jón Jónsson prófastur á Stafafelli.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjermeð þess heiðurs að gefa hinu heiðraða alþingi.

Reykjavík 27. júlí 1895.

Eiríkur Briem. Kristján Jónsson. Stgr. Thorsteinsson.

Til Alþingis 1895.

	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð.	5. ferð.	6. ferð.
Frá útlöndum til Íslands.						
Frá Bretlandi (austurstr.)	...	...	(18. apríl)	..	...	...
— Bretlandi (vesturstr.)	1. janúar	...	...	15. maí	9. júní	3. júli
— Stettin	..	...	10. apríl	...	..	..
— Kaupmannahöfn	...	...	14. apríl	...	...	...
— Trapani (Sikiley)	...	20. febr.	...	...	..	...
— Bretlandi (austurstr.)	...	...	18. apríl	...	...	...
— Bretlandi (vesturstr.)	..	8. marz	...	...	...	...
Í Reykjavík	6. janúar	12. marz	...	19. maí	13. júní	7. júlí
Á Borðeyri	...	...	...	...	...	...
— Vopnafirði	...	..	..	..	...	...
— Berufirði	...	...	23. apríl	...	..	...
— Seyðisfirði	...	...	...	...	...	...
Strandferðir.						
Frá Reykjavík	...	16. marz	...	20. maí	14. júní	8. júlí
Þaðan	...	vestur	austur	vestur	austur	vestur
— Stykkishólmi	...	...	3. maí	20. maí	24. júní	...
— Flatey	...	...	3. maí	20. maí	24. júní	...
— Patreksfirði	...	...	3. maí	21. maí	24. júní	...
— Arnarfirði	..	...	3. maí	21. maí	24. júní	..
— Dýrafirði	..	18. marz	2. maí	22. maí	23. júní	9. júlí
— Önundarfirði	...	...	1. maí	22. maí	22. júní	...
— Ísafirði	...	20. marz	1. maí	23. maí	22. júni	10. júlí
— Borðeyri	...	...	...	24. maí	...	...
— Reykjarfirði	...	...	...	24. maí	...	...
— Blönduós	...	...	30. apríl	25. maí	21. júní	..
— Skagaströnd	..	...	30. apríl	25. maí	21. júní	...
— Sauðárkrók	...	...	29. apríl	25. maí	21. júní	11. júlí
— Siglufirði	...	...	...	26. maí	20. júní	...
— Akureyri	...	22. marz	29. apríl	27. maí	20. júní	12. júlí
— Húsavík	...	...	...	28. maí	18. júní	...
— Vopnafirði	..	...	...	28. maí	17. júní	..
— Seyðisfirði	...	26. marz	26. apríl	30. maí	17. júní	14. júlí
— Norðfirði	...	..	...	30. maí	16. júní	...
— Eskifirði	...	...	24. apríl	30. maí	16. júní	...
— Fáskrúðsfirði	...	...	...	31. maí	15. júní	...
— Berufirði	...	...	24. apríl	31. maí	15. júní	...
— Vestmannaeyjum	...	...	...	1. júní	14. júní	15. júlí
Í Reykjavík	...	...	5. maí	1. júní	26. júní	16. júlí
Frá Íslandi til útlanda.						
Frá Reykjavík	15. janúar	...	7. maí	2. júní	27. júní	17. júlí
Til Bretlands (austurstr.)	...	...	...	...	...	...
— Bretlands (vesturstr.)	20. janúar	...	11. maí	6. júní	1. júlí	21. júlí
Frá Bilbao	27. janúar	..	...	...	..	..
— Lissabon	31. janúar	..	...	...	...	...
— Barcelona	7. febr.	..	...	...	...	...
— Genua	10. febr.	...	...	...	...	...
— Livorno	11. febr.	...	...	...	...	...
— Trapani	13. febr.	...	...	...	...	...
— Akureyri	...	...	...	...	...	..
— Seyðisfirði	...	26. marz	...	...	...	...
Til Bretlands (austurstr.)	...	...	...	...	...	...
— Bretlands (vesturstr.)	...	...	...	...	...	...
Frá Stavanger	...	31. marz	...	...	...	...
— Kaupmannahöfn	...	3. apríl	...	...	...	...
Í Stettin	...	5. apríl*	...	...	...	...

*) Ferð þessari til Þýzkalands (Stettin) mætti sleppa úr, ef skipið yrði fyrir töfum.

fyrirhugaða eimskip landsjóðs.

7. ferð.	8. ferð.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	13. ferð.	14. ferð.
...	...	...	...	...	...	...	...
23. júlí	4. ágúst	24. ágúst	23. septbr.	8. oktbr.	21. oktbr.	10. nóv.	3. desbr.
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
27. júlí	8. ágúst	28. ágúst	...	12. oktbr.	...	...	8. desbr.
...	...	...	28. septbr.	...	...	...	...
...	...	...	...	...	25. oktbr.	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	14. nóv.	...
...	9. ágúst austur	29. ágúst vestur	...	...	...	...	...
...	...	29. ágúst	...	...	...	...	...
...	...	29. ágúst	...	...	...	...	...
...	...	30. ágúst	...	...	...	...	...
...	...	30. ágúst	...	...	...	...	...
...	...	31. ágúst	...	...	...	...	...
...	15. ágúst	31. ágúst	...	...	...	...	...
...	14. ágúst	1. septbr.	...	...	...	...	...
...	...	2. septbr.	29. septbr.	...	...	...	...
...	...	2. septbr.	...	...	...	...	...
...	...	3. septbr.	...	...	...	...	...
...	...	3. septbr.	...	...	...	...	...
...	13. ágúst	4. septbr.	30. septbr.	...	...	...	...
...	...	5. septbr.	...	...	...	...	...
...	12. ágúst	7. septbr.	1. oktbr.	...	...	...	...
...	...	8. septbr.	...	...	...	...	...
...	...	9. septbr.	...	...	26. oktbr.	...	...
...	10. ágúst	9. septbr.	...	...	29. oktbr.	15. nóv.	...
...	...	10. septbr.	...	...	...	...	...
...	...	10. septbr.	...	...	...	...	...
...	...	11. septbr.	...	...	...	...	...
...	...	11. septbr.	...	...	...	...	...
...	9. ágúst	12. septbr.	...	...	...	16. nóv.	...
...	17. ágúst	13. septbr.	...	...	...	17. nóv.	...
29. júlí	18. ágúst	14. septbr.	...	15. oktbr.	...	22. nóv.	13. desbr.
...	...	...	...	...	...	...	...
2. ágúst	22. ágúst	18. septbr.	...	19. oktbr.	...	27. nóv.	17. desbr.
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	1. oktbr.	...	...	...	...
...	...	...	...	...	28. oktbr.	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	6. oktbr.	19. oktbr.	1. nóv.	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...
...	...	...	...	...	...	...	...

Nd. 204. **Frá samgöngumálanefndinni.**

Til samgöngumálanefndarinnar.

Eptir tilmælum hinnar háttvirtu nefndar hef jeg samið ferðaáætlun fyrir hið fyrirhugaða eimskip landsjóðs, og leyfi jeg mjer hjermeð að senda nefndinni ferðaáætlun þessa, ásamt eptirfylgjandi athugasemdum við hana.

Jeg hefi gjört ráð fyrir, að skipaferðir hins sameinaða gufuskipafjelags verði líkar ferðum þess árið 1893; en þá hafði fjelagið engan styrk úr landsjóði.

1. ferð.

Skipið fer frá Englandi 1. jan. og flytur póstinn til Reykjavíkur. Ekki mun vogandi að senda það til fleiri hafna hjer á þeim tíma árs, nema aðeins til Hafnarfjarðar og Akraness. Væri ekkert annað að flytja hingað, gæti skipið þá flutt saltfarm frá Englandi til að borga kostnaðinn.

Hjeðan ætti það að flytja fisk, einkum saltfisk til Spánar, Portúgals og Ítalíu. Kaupmenn hafa stundum sent eimskip um þetta leyti til Spánar og seglskip hafa verið send til Portúgals, en þau hafa opt farizt á leiðinni. Þetta er hentugasti tíminn fyrir fisksölu í Suðurlöndum og má því gjöra ráð fyrir, að skipið yrði töluvert notað.

Vegna þess, að dagur er stuttur og veður opt óstöðugt hjer um þetta leyti, verður að ætla skipinu nokkuð langan tíma til affermingar og fermingar.

Á útleiðinni kemur það við á Englandi og skilar þar pósti og affermir nýjan fisk og byrgir sig upp að kolum.

Þaðan fer það til helztu sölustaða fyrir fisk, sem eru: Bilbao, Lissabon, Barcelona og Genua.

Einnig er sjálfsagt, að skipið komi við í Livorno, því þangað ættum vjer að geta selt allan haust-smáfisk hjeðan, óþveginn upp úr saltstöflunum. (sbr. skýrslu mína til landshöfðingja um sölu á íslenzkum vörum í ýmsum löndum 1894, bls. 18, 52—64.)

2. ferð.

Skipið fer frá Trapaní á Sikiley 20. febr. fermt með salti. Kaupmenn á Austfjörðum kaupa nú sem stendur Trapanísalt frá Noregi dýrum dómum til að salta í íslenzka síld. Mætti því gera ráð fyrir, að þeir kysu heldur að fá það beina leið frá Sikiley. Einnig er salt þetta mjög hentugt til að salta með þorsk (sbr. áðurnefnda skýrslu bls. 58).

Skipið kemur við á Englandi 6.—8. marz, byrgir sig þar að kolum og tekur enska póstinn og jafnframt Kaupmannahafnarpóst, ef danska póstskipið er frosið inni í Höfn, eins og átti sjer stað í vetur sem leið.

Þaðan fer skipið til Reykjavíkur, Dýrafjarðar, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, og þaðan til Noregs, Kaupmannahafnar og jafnvel Eystrasalts, einkum með síld frá Austfjörðum.

3. ferð.

Skipið tekur þýzkar vörur í Stettin (svo sem sykur, vefnaðarvörur, járnvörur, leirvörur o. s. frv.), og fer frá Kaupmannahöfn 14. apríl með póst, farþega og fullan farm af vörum. Það kemur við á Bretlandi og fer þaðan beina leið til Austfjarða og norður og vestur um land til allra helztu hafna. Ekki virðist vera þörf á, að skipið komi í það skipti beint til Reykjavíkur frá útlöndum, því um það leyti eru nógar aðrar skipaferðir þangað.

4.—9. ferð.

Frá 15. maí til 18. september fer skipið 6 ferðir milli Englands og Íslands fram og aptur, og 5 hringferðir kringum landið, ýmist austan eða vestan um land.

Með þessu móti fá allar hafnir landsins fljótar samgöngur við England og Reykjavík og innbyrðis, bæði fyrir farþega, póst og vörur.

Ferðum skipsins er hagað svo, að það getur flutt alþingismenn á þing og af, einnig sjómenn til Vestfjarða og Austfjarða fram og aptur og kaupafólk til Norðurlands. Skipið fullnægir þannig flestum kröfum til strandferða.

Um hásumarið, þegar allir starfsmenn eru kyrrir við vinnu sína og allar verzlanir byrgðar vörum, virðist síður vera þörf á að skipið fari inn á hverri smáhöfn, en þá flytur skipið póst milli landa og til aðal-kaupstaða kringum landið. Þá færir skipið einnig hingað straum erlendra ferðamanna, sem getur orðið til mikils hagsmuna fyrir landið.

Það flytur og hingað allskonar enskar vörur og flytur út saltfisk jafnóðum og hann er verkaður og einnig nýjan fisk í ís. Stjórn skipsins setur sig í samband við ensk eimskip, sem fara til Spánar, Portúgals og Ítalíu, svo saltfiskurinn geti komizt á markaðinn sem greiðast og kostnaðarminnst. Einnig getur skipið flutt fisk til Reykjavíkur frá kaupmönnum út um land, sem vilja leggja fiskinn upp í Reykjavík og nota beina flutninga til Suðurlanda á vetrum. Ull flytur skipið beina leið til Englands.

Stjórn skipsins ætti einnig að setja sig í samband við eimskip, er fara frá Englandi til annara landa, t. d. Danmerkur, þannig að hægt verði að fá farmiða hjer, beint til þessara landa.

10.—12. ferð.

Skipið verður að vera svo útbúið, að hægt sje að nota það til fjárflutninga á haustum með litlum breytingum, sem gerðar verða, einkum á 3. farþegarúmi.

Frá 23. sept. til 1. nóv. fer skipið 3 ferðir beina leið milli Bretlands og Íslands, flytur póst og enskar vörur hingað og póst og sauðfje til Bretlands. Kemur til Reykjavíkur aðeins í einni af þessum ferðum, en fer hinar ferðirnar beina leið frá Norðurlandi og Austurlandi.

13.—14. ferð.

Skipið fer frá Englandi 10. nóv., kemur við á Seyðisfirði og Vestmannaeyjum og til Reykjavíkur 17. nóv., tekur þar póst og vörur og fer þaðan 27. nóv. til Englands.

Frá Englandi fer það aptur 3. des. til Reykjavíkur með póstinn, og frá Reykjavík aptur 13. des. til Bretlands.

Ef ekki er annar flutningur í þessum ferðum, má ætíð láta skipið flytja hingað kol, salt og steinolíu, en hjeðan fisk í ís og ýmsar haustvörur.

Reykjavík 26. júlí 1895.

Virðingarfyllst

Ditl. Thomsen.

Nd. 205. **Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um frumvarp þetta, sem til vor er komið frá hinni háttvirtu efri deild. Vjer höfum vandlega kynnt oss skjöl þau, er málið snerta, og verður álit vort um það á þessa leið:

Meiri hluti nefndarinnar álítur eptir atvikum rjettast, að fallast á 1. gr. frv. um sameiningu Eyvindarhólasóknar við Holtsprestakall, en einn nefndarmaður (Þórður Guðmundsson) vill heldur halla sjer að tillögu stjórnarinnar um þetta atriði, og telur sameininguna varhugaverða.

Öll nefndin er á einu máli um það, að fallast á 2. gr.

Viðvíkjandi 3. gr. geta allir nefndarmenn orðið á eitt sáttir um það, að miklir örðugleikar muni vera því samfara, að þjóna Kálfafellssókn frá Prestsbakka

á Síðu, og að margt mæli sjerstaklega með því, að þessar 2 sóknir verði greindar sundur í tvö prestaköll, og með því vill meiri hlutinn eindregið mæla, en einn nefndarmaður (Jón Jónsson) telur ísjárvert, að skilja sundur þau prestaköll, er þegar eru sameinuð, vegna þeirra afleiðinga, er slíkar ráðstafanir mundu hafa í för með sjer, þegar litið er til þeirra sókna víðsvegar um land, þar sem menn eru óánægðir með að hafa ekki sjerstakan prest, eins og fyrrum var, en þingið er opt búið að neita að verða við óskum safnaða um sundurgreining prestakalla, þegar henni eru samfara útgjöld fyrir landsjóð.

Neðri deild alþingis 26. dag júlím. 1895.

Þórður Guðmundsson,	Jón Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Nd. 206. **Frumvarp**

til laga um áfangastaði. Flutningsmenn: Tryggvi Gunnarsson, Þórður Guðmundsson, Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Á jörðum þeim, sem áfangastaðir hafa verið frá ómuna tíð, hvílir sú kvöð, að ferðamenn á þar hestum sínum án endurgjalds. Þó hefur jarðarráðandi rjett til að fá endurgjald, þegar stóðrekstrum er áð í landi hans, og skulu rekstrarmenn greiða gjaldið, eptir því, sem um semur, fyrir hönd eigenda.

2. gr. Sú kvöð hvílir einnig á jörðu hverri, að ferðamenn, sem eigi ná í áfangastað, af þeim ástæðum, sem þeim er ósjálfrátt, eða eru þar á ferð sem enginn áfangastaður er ákveðinn, þá megi þeir á allt að 10 hestum án endurgjalds, á þeim stað í landareigninni, sem jarðarráðandi vísar á.

Aldrei má á hestum eða sauðfjárrekstrum í túni eða engjum.

3. gr. Sýslunefndum veitist vald til, að tiltaka nýja áfangastaði, þar sem reynzlan sýnir, að þess þarf við. En ávallt skal velja staðinn svo, að sem skaðminnst sje fyrir ábúanda, og þó jafnframt minnstum erfiðleikum bundið fyrir ferðamenn. Jafnframt veitist sýslunefndum heimild til, að veita fastákveðna árlega þóknun úr sýslusjóði fyrir nýja áfangastaði og einnig fyrir gamla áfangastaði, þegar ferðir aukast mikið fyrir nýjar brýr, nýjar vegagjörðir eður önnur sjerstök atvik.

4. gr. Sýslunefndir semja reglugjörð um notkun áfangastaða, sem amtmaður samþykkir.

Nd. 207. **Frumvarp**

til laga um samþykktir, er banna verzlun með áfenga drykki. Flutningsmenn: Einar Jónsson, Þórður J. Thoroddsen, Jens Pálsson og Sig. Gunnarsson.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um bann gegn allri verzlun með vínföng og aðra áfenga drykki á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr. Þá er sýslunefnd þykir við eiga að gjöra þess konar samþykkt, annaðhvort fyrir sýsluna alla eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í því hjeraði, er samþykktin á að ná yfir. Skylt er sýslunefnd og að kveðja til slíks fundar, þá er $\frac{1}{4}$ hluti atkvæðisbærra manna í hjeraði því, er samþykkt skal ná yfir, óskar þess. Atkvæðisrjett hafa á þeim fundi allir karlar og konur, er atkvæðisrjett hafa í sveitamálum. Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara og nefnir til fundarstjóra úr sínum flokki.

3. gr. Nú er kaupstaður í því hjeraði, er samþykktin á að ná yfir, og ganga þá 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, inn í sýslunefndina. Boðar oddviti sýslunefndarinnar þá á fund, er slíka samþykkt skal ræða og eiga þeir þá atkvæði um allt það, er samþykktina snertir, eins og sýslunefndarmenn.

Þá er kaupstaður tekur þátt í samþykkt, eiga allir þeir kaupstaðarbúar atkvæðisrjett á hinum almenna fundi, er um er rætt í 2. gr., sem atkvæðisrjett hafa í bæjarmálum.

4. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði fundar þess, er nefndur er í 2. gr., frumvarp til samþykktar þeirrar, er koma skal á. Ef fundarmenn samþykkja frumvarpið breytingarlaust með $\frac{2}{3}$ atkvæða, skal oddviti sýslunefndar senda amtmanni það til staðfestingar.

Nú samþykkir fundurinn breytingar á frumvarpi sýslunefndar og skulu þær þá bornar undir sýslunefndina; fallist hún á breytingarnar, breytir hún frumvarpinu samkvæmt því og sendir það síðan amtmanni til staðfestingar. Samþykki hún ekki breytingarnar, skal málið aptur borið undir almennan fund, svo sem segir í 2. gr. Gangi þá eigi saman, er málið fallið að sinni, og má eigi taka það upp aptur fyr en að ári liðnu.

5. gr. Nú vilja menn koma samþykkt á í kaupstað, en hjerað það, er umhverfis liggur, tekur eigi þátt í henni, og hefur þá bæjarstjórnin sama vald og sömu skyldur, sem sýslunefndir hafa eptir undanfarandi greinum.

6. gr. Í samþykktum þeim, sem hjer ræðir um, má ákveða sektir fyrir brot á samþykktunum frá 50—5000 kr., svo og það, að hinir bönnuðu drykkir sje gerðir upptækir og eyðilagðir.

7. gr. Eigi má banna lyfsölum að selja vín og annað áfengi til lækningaiðnaðarstarfa eða brennslu, en banna má þeim í samþykkt, að láta það af hendi til lækninga nema eptir lyfseðli frá lækni og eigi nema í eitt skipti eptir hverjum lyfseðli.

8. gr. Amtmaður staðfestir samþykktir þær, er hjer ræðir um, skipar fyrir um birting þeirra og ákveður, hve nær þær skuli öðlast gildi, og eru þær upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, er búa í hjeraðinu eða kaupstaðnum. Samþykkt þeirri, er amtmaður hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt, en með þeirri aðferð, er hún var stofnuð með. Ef amtmaður synjar samþykkt staðfestingar, skal hann skýra hlutaðeigandi sýslunefnd frá ástæðum sínum fyrir synjuninni.

9. gr. Með brot gegn samþykktum þessum skal fara, sem opinber lögreglumál.

Ed. 208. **Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Islandi. (Eins og það var samþykkt við 3 umr í Nd.)

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk.

2. gr. Kaupmenn þeir, er nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gerir sig sekan í broti eða yfirhilmingu gegn lögum þessum, skal sæta 200—5000 kr. sektum, er renna í landsjóð. Skulu verzlunarhús hans, skip, verzlunaráhöld og vörur, sem yfirhilmingin nær yfir, og finnast hjer á landi, gjörðar upptækar, og andvirði þeirra renna í landsjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál

5. gr Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Nd. 210. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Til vara við br.till. 1. á þingskj. 190:
   Upphaf 1. gr. orðist þannig:
   »Á kostnað landsjóðs skal taka á leigu, fyrst um sinn í 2 ár, eða kaupa eimskip, er sje« o. s. frv.
2. Til vara við br.till. 13. á þingskj. 190.
   Fyrir: »kaup« í fyrirsögn frv. komi: »leigu eða kaup«.

Nd. 211. **Viðaukatillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir. Frá Skúla Thoroddsen og Pjetri Jónssyni.

Aptan við frumvarpsgreinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Skylda sú, er að lögum hefir hvílt á embættismönnum, að hreinsa sig af ærumeiðandi sakargiptum með dómi, samkvæmt skipun yfirboðara þeirra, er úr lögum numin.

Nd. 212. **Nefndarálit**
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897.

Vjer undirritaðir, sem hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið í nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um frumvarp stjórnarinnar til fjárlaga fyrir næstkomandi fjárhagstímabil, viljum hjer með skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

I. Tekjukaflinn.

Við tekjukaflann höfum vjer það að athuga, að vjer ætlum að hækka megi húsaskattinn í 4500 kr. og vitagjald í 7500 kr. Þá ætlum vjer og að hækka megi útflutningsgjaldið af fiski og lýsi í 35,000 kr., þar sem tekjuliðurinn nam þeirri upphæð ríflega að meðaltali árin 1892 og 1893 og var töluvert hærri síðastliðið ár. Sömuleiðis leggjum vjer til, að aðflutningsgjald af tóbaki hækki upp í 65,000 kr., þar sem þessi tekjuliður fer stöðugt hækkandi. Verulegasta hækkunin hjá oss er þó á aðflutningsgjaldi af kaffi og sykri, þann tekjulið viljum vjer setja 10,000 kr. hærra en í frumvarpi stjórnarinnar eða 140,000 kr. Árið sem leið nam það 148,000 kr. og fer það vart minnkandi. Loks leggjum vjer til, að tekjur af póstferðum hækki upp í 25,000 kr. Þær tekjur vaxa eðlilega ár frá ári eptir því sem fleiri byggðum landsins greiðist aðgangur til að nota póstferðirnar, og póstsendingarnar fara stöðugt vaxandi.

II. Gjaldakaflinn.

Við 9. gr.

Kostnaður við alþingi hefur 3 síðastliðin þingár 1889, 1891 og 1893 verið að meðaltali yfir 38,000 kr., og ætlum vjer að eigi tjái að hafa þá upphæð minni, einkum þar sem við bætist dálítill árlegur kostnaður við þinghúsgarðinn, sem væntanlega greiðist áfram af því fje, og eins álítum vjer að greiðast eigi af þessum útgjaldalið kostnaðurinn við umsjón með húsinu milli þinga, sem áður hefur staðið í 13. gr. C. Vjer vildum og vekja máls á því, hvort eigi væri rjett að gjöra hina margumræddu stjett fyrir framan þinghúsið, áður en næsta þing kemur saman, sem þá yrði einnig til ofurlítillar hækkunar alþingiskostnaðinum á fjárhagstímabilinu, en um það gjörum vjer enga frekari tillögu, þar sem það er innanþingsmálefni.

Við 10. gr. A. 3.

Hinn umboðslegi endurskoðandi hefur sent oss beiðni um 600 kr. árlega viðbót fyrir aukin störf sín og 1000—1200 kr., í eitt skipti fyrir öll, fyrir útlagðan skrifstofukostnað árin 1890—95. Nefndin hefur kynnt sjer þennan starfsauka endurskoðandans og verður að kannast við, að starf hans hefur aukizt mjög mikið, einkum síðan árið 1890, svo að hann þarf að kaupa að talsverða hjálp við skriptir. Nefndin vill því veita helming þess, sem hann beiðist árlega, eða 300 kr.

Við 10. gr. B. 1. a.

Hjer er það eitt að athuga, að þar sem sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hefur fengið lausn frá embætti, fellur burt viðbótin fyrir sjálfan hann, að upphæð 753 kr. 49 aura, sem gjaldliðurinn þá færist niður um.

Við 10. gr. B. 4. f.

Vjer getum eigi bundizt þess, að leiða athygli að því, að kostnaðurinn við gjafsóknarmál, sem í stjórnarfrumvarpinu er eins og undanfarið áætlaður 300 kr, var árið 1892 fullar 900 kr. og 1893 tæpar 1700 kr. og hið síðastliðna ár framt að 700 kr. Hjer

mætti því virðast fyllsta ástæða til verulegrar hækkunar á þessum gjaldlið, en nefndin lætur það þó ógjört, þar sem hún óskar að sem minnstu sje varið til þeirra útgjalda, og í annan stað liggur fyrir þinginu frumvarp um takmörkun gjafsóknanna.

Við 10. gr. C 4. a.

Vjer álítum hina árlegu og föstu fjárveiting sem stjórnin ætlar búnaðarskólunum hæfilega, en eptir skýrslum og bænarskrám, sem nefndinni hafa borizt frá skólunum, álítum vjer að veita þurfi búnaðarskólunum í Ólafsdal, á Eiðum og Hvanneyri aukastyrk fyrra árið vegna húsabygginga og annars sjerlegs kostnaðar. Vjer leggjum því til, að tillögur stjórnarinnar standi óbreyttar hið síðara árið, en að hækkaður sje styrkurinn til búnaðarskólanna hið fyrra ár fjárhagstímabilsins um 3500 kr. alls, þannig að skólinn í Ólafsdal fái 3000 kr., skólinn á Eiðum 3000 kr. og skólinn á Hvanneyri 4000 kr. Við hinn síðastnefnda skóla er hækkunin verulegust, en sá skóli hefur bæði nú sem stendur langmestan kostnað til bygginga og í annan stað höfum vjer fulla ástæðu til að ætla að hann sje nú að færast í gott lag.

Við 10. gr. C. 4. b.

Styrkinn til búnaðarfjelaga viljum vjer hækka að mun, þar eð vjer erum sannfærðir um að vart hafi nokkur fjárveiting úr landsjóði tiltölulega komið að jafnmiklu gagni og þessi. Tala búnaðarfjelaga og unninna dagsverka fer stöðugt vaxandi og má treysta því að svo verði framvegis. Nefndin leggur því til að veitt sje til búnaðarfjelaga, að fráskildu búnaðarfjelagi Suðuramtsins, 13000 kr. fyrra árið og 15000 kr. hið síðara og verður þá stígandi hækkun á þessari fjárveitingu hvort árið um sig, sem nefndin telur heppilegra.

Búnaðarfjelagi Suðuramtsins viljum vjer ætla fjárveitingu fyrir sig á sjerstökum lið. Við þá fjárveiting vill nefndin athuga, að hin ömtin telja sig þar eðlilega afskipt, en sem eigi verður gjört við meðan þau hafa ekkert aðalbúnaðarfjelag fyrir sig. Nefndin álítur það mikilvægt framfarastig fyrir búnaðinn, ef eitt allsherjarbúnaðarfjelag kæmist á fyrir allt landið og telur búnaðarfjelag Suðuramtsins hinn bezta stofn til þess. Stjórn þess fjelags hefur sýnt sig fúsa til samninga í þeirri grein, og nefndin álítur að ná megi samkomulagi um fjárframlögur hinna amtanna til hins sameiginlega sjóðs, og eins setja tullnægjandi og trygg ákvæði um stjórn slíks allsherjarfjelags, að eigi verði fyrir borð borinn rjettur hinna einstöku fjórðunga til þess að njóta góðs af fjárframlögum og framkvæmdum fjelagsins. Þar sem nefndin ennfremur hefur ástæðu til að ætla að nýrra samninga verði leitað, og hún vill uppörfa sem mest stofnun eins allsherjar búnaðarfjelags fyrir allt landið, vill hún veita riflega upphæð til slíks fjelags, komist það á fót á fjárhagstímabilinu.

Tillaga nefndarinnar verður því sú, að styrknum til búnaðarfjelags Suðuramtsins verði haldið óbreyttum, en að auki sjeu veittar 4000 kr. á fjárhagstímabilinu til slíks allsherjarbúnaðarfjelags fyrir land allt, komist það á fót á þeim tíma.

Við 10. gr. C. 4. d.

Nefndin sjer sjer eigi fært að fallast á tillögu stjórnarinnar um að kaupa harmónía handa 3 landsjóðskirkjum í Vestur Skaptafellssýslu, og getur eigi eptir málavöxtum talið landsjóði skylt að leggja þau til samkvæmt lögum 22. maí 1890, sjerstaklega þar sem jafnframt hafa komið fram rökstuddar kröfur um það, að járnklæða 2 af þessum kirkjum, Langholts og Þykkvabæjarklausturkirkju. Þetta hið síðarnefnda verður nefndin að láta ganga fyrir hljóðfærakaupunum. Nefndin ræður því til að upphæðinni sje haldið, en fjeð sje veitt til að járnklæða nefndar kirkjur.

Við 10. gr. C. 4 e.

Nefndin fellst á uppástungu stjórnarinnar um fjárveitinguna til þilskipaábyrgðarfjelagsins við Faxaflóa, en eptir bendingum frá formanni þess fjelags setur nefndin nánari ákvæði við fjárveitinguna, sem stefna að því, að hvetja þilskipaeigendur til að ganga sem fyrst í fjelagið.

Hjer vill nefndin bæta inn nýjum lið. Samkvæmt þingsályktuninni í fyrra hefur fengist leyfi til að flytja frönsku fiskimannahúsin við Austurvöll í Reykjavík úr stað sínum, gjörist það á landsjóðs kostnað, og verður landið þá eigandi að þeim lóðarbletti. Þar sem lóð þessi liggur svo einkar vel fyrir einhverja opinbera byggingu, sem landið kann að vilja reisa seinna meir, t. d. pósthús, þá vill fjárlaganefndin veita hæfilega upphæð fyrra árið til færslu húsanna, og ætlar upphæð þá 4500 kr. Í sambandi við það má geta þess, að landsbankinn hefur falað kaup á húsinu næsta austan við frönsku húsin, svo að nóg rými er þar fengið til opinberrar byggingar á hentugasta stað í miðjum bænum.

Við 10. gr. C. 6.

Stjórnin hefur farið fram á 1500 kr. til viðgerðar á vörðuvitanum á Skagatá við Reykjanes og til að kaupa nýtt ljósker. Í annan stað lá fyrir nefndinni áskorun frá útgerðarmannafjelaginu við Faxaflóa um vita á Skagatá og á Gróttu á Seltjarnarnesi; fylgdi þeirri áskorun álit nefndar, er sett hafði verið í því fjelagi til að íhuga það mál. Nefndin varð að kannast við hve mikla þýðingu slík strandlýsing frá Reykjanesi alla leið inn til Reykjavíkur hefði fyrir skip, er sigla hjer í milli og útlanda, og að auki yrðu vitarnir til ómetanlegs gagns fyrir þilskipin, sem ganga frá Faxaflóa, en þeim fer fjölgandi ár frá ári, en í annan stað hefur vitagjaldið undanfarið numið miklu meira en kostnaðurinn til vitanna, og fjellst því nefndin á tillöguna að byggja skyldi vita á nefndum stöðum, er hún hugsar sjer að megi báðum koma upp með ljósfærum fyrir 11,000 kr., eptir því að dæma hvað nýbyggðir vitar hafa kostað á Færeyjum.

Þá hafði nefndin og skilríki fyrir því, að upp yrði kominn á þessu sumri, til fullra nota 1. sept., vitinn á Dalatanga við Seyðisfjörð, sem stórkaupm. O. Wathne hefur gengizt fyrir að byggja og lagt til fje og vinnu; ætlar stjórnin fyrir þössun og olíu við þann vita 200 kr hvort árið, en stórkaupm. O. Wathne kveður eigi nægja minna en 300 kr. fyrir gæzlu vitans og 200 kr. fyrir olíu, lampakveiki o. fl. Þessa upphæð viljum vjer veita, með sjerstöku tilliti til þess að stórkaupmaður O. Wathne ráðgjörir að hafa þokulúð.r við vitann, sem gæzlumaður þeyti, svo opt sem nauðsyn þykir til. Vegna hinnar tíðu þoku um þær slóðir álítum vjer þokulúðurinn eigi síður nauðsynlegan en vitann, og viljum því áskilja að gæzlumaður hafi hvorttveggja á hendi að birða vitann og þeyta þokulúðurinn fyrir hina veittu fjárupphæð.

Til hinna annara nýju vita ætlum vjer árleg útgjöld til eptirlits og olíukaupa m. m. til Skagatáarvitans 500 kr. og til Gróttuvitans 400 kr.

Fyrverandi sýslumaður og bæjarfógeti á Isafirði, Skúli Thoroddsen, hefur í ýtarlegu erindi til alþingis borið fram þá ósk sína, að sjer sje á næstu fjárlögum endurgreidd upphæð sú, sem haldið var eptir af launum hans, frá því er honum var vikið frá embætti um stundarsakir 1. sept. 1892, og þangað til honum til fulls og alls var vikið frá embætti 31. maí 1895, sem eptir framlögðum skírteinum nam alls 9388 kr. 54. a. Í annan stað óskar hann þess, að eptirlaun sín verði með fjárveitingu á fjárlögunum hækkuð svo, að þau nemi árlega $^2/_3$ embættislauna, eins og þau eru reiknuð til eptir-

launa. Hann heldur því fram, að hafi hann ekki lagakröfu, þá að minnsta kosti rjettlætis- og sanngirniskröfu á því, að þessi upphæð, sem eptir var haldið af launum hans um nefndan tíma, sje sjer greidd úr landsjóði, og eins sje öll sannsýni með þessari uppfærslu eptirlaunanna, eptir úrslitum málsins í hæstarjetti.

Eptir málavöxtum ræður nefndin til, að taka þessa ósk þannig til greina, að Skúla Thoroddsen sje fyrra árið veittar 5000 kr. úr landsjóði (formaður nefndarinnar lætur þess getið, að hann sje ósamþykkur þeirri fjárveitingu), og að hann fái 500 kr. eptirlaunaviðbót hvort árið, og verða þá eptirlaun hans alls lítið meira, en hann hefði fengið, hefði embættistími hans, talinn til eptirlauna, verið 5 mánuðum lengri.

Þessa fyrri upphæð eða 5000 kr. setur nefndin hjer sem nýjan lið með ýmislegum útgjöldum.

Við 11. gr. 1.

Launaviðbótin til landlæknisins álítum vjer að megi falla burt, þar sem ganga má að því vísu, að nýr maður verði kominn í embættið í byrjun fjárhagstímabilsins.

Við 11. gr. 2.

Þegar ný aukalæknisumdæmi hafa verið stofnuð smám saman, þing eptir þing, hefur eins og við mátti búast orðið nokkur ójöfnuður á stærð umdæmanna, og örðugleikunum við yfirför þeirra, og nú er svo komið að sumir hjeraðslæknanna hafa næsta lítið verksvæði. Full þörf væri því á breytingum til meiri jafnaðar umdæmanna, sem rjettast væri að stjórnin íhugaði og legði frumvarp fyrir þingið um, og sem vjer ætlum að nú sje kominn tími til, er vart þarf að búast við verulegri fjölgun lækna á landinu úr þessu. Nefndin kemur þó eigi í þetta sinn með neinar beinar tillögur í þá átt, en vill að eins eptir rökstuddum óskum hlutaðeiganda fara fram á lítilfjörlega breytingu við aukalæknisumdæmið á Mýrunum, undir staflið h., þannig að umdæmi þetta komi betur heim við aðliggjandi læknahjeruð.

Nefndin fellst á tillögur stjórnarinnar, að bæta við hinum fjórtánda aukalækni í norðurhluta Árnessýslu, en jafnframt álítur hún óhjákvæmilegt að stofna aukalæknisumdæmi í Húnavatnssýslu, sem áður hefur verið sótt um með gildum rökum, og þinginu hefur enn borizt ítrekuð beiðni um; verður það þá hið 15. aukalæknishjerað.

Þá vill nefndin bæta við nýjum tölulið, sem verður tölul. 3, og það er að veita Öræfingum 100 kr. styrk á ári til að kosta til sín 2 ferðir læknisins í 16. læknishjeraði. Þessi sveit má heita alveg útilokuð frá allri læknishjálp, en engin von til að fjárveitingarvaldið stofni þar sjerstakt umdæmi. Hjer stendur svo sjerstaklega á, að eigi ætti slík veiting að draga eptir sjer fjárkröfur nema frá örfáum stöðum á landinu, sem eins gæti þá verið sanngjarnt, að sinna að einhverju leyti. Þess ber að gæta, að Öræfingar verða að leggja fram nærfellt annað eins frá sjálfum sjer, eigi þeir að fá læknirinn til sín, og verða styrksins aðnjótandi.

Við 11. gr. 4.

Nefndin leggur til að styrkur þessi falli burt, þar sem tannlæknir O. Nickolin er dáinn og nefndin hefur enga vissu fyrir, að maður komi í hans stað.

Við 11. gr. 5. e.

Að fengnum upplýsingum álítum vjer að styrkur þessi til verkfærakaupa handa yfirsetukonum megi færast niður um 100 kr.

Við 11. gr. 5. f.

Nefndin leggur til að fella burtu þessa fjárveiting, til að gefa út rit um meðferð

holdsveikra, þar sem slíkt rit er nú gefið út af dr. med. Ehlers, og verður því útbýtt meðal almennings, landsjóði að kostnaðarlausu. Aptur viljum vjer samkvæmt því, sem fram hefur komið í þessu máli, leggja til að veittur sje 1200 kr. styrkur fyrra ár fjárhagstímabilsins lækni til ferðar og dvalar í Noregi til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða holdsveikisspítala, og í annan stað leggjum vjer til að veittar sjeu 600 kr. á fjárhagstímabilinu til nauðsynlegs undirbúnings við spítalabygginguna.

Við 12. gr. A.

Tillögur stjórnarinnar um aukið fje til póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna fellst nefndin á, með sjerstöku tilliti til þess, að þörf muni reynast á því enn á þessu þingi að fjölga brjefhirðingarmönnum. Hinar aðrar hækkanir undir þessum aðal-gjaldlið, svo sem til póstflutninga, áhaldakaupa og prentunar, álítur nefndin einnig óhjákvæmilegar. Það segir sig sjálft, að verði frumvarp nefndarinnar um nýja frímerkjagjörð að lögum, hefur það í för með sjer stórmikla hækkun á prentunarkostnaðinum bæði árin, sem landssjóður verður að leggja fram í bili, en fyrir því ætlum vjer hjer eigi, þar sem það kæmi til útgjalda eptir sjerstökum lögum.

Við 12. gr. B. a.

Vjer höfum ekkert við sjálfa fjárupphæðina að athuga, en viljum að eins ákveða nánar starfsvið verkfræðingsins. Í fjárlagafrumv. stjórnarinnar stendur eins og í núgildandi fjárlögum, að fjeð sje veitt til að standa fyrir vegagjörðum. Þar sem vjer óskum að sem flestir hlutar landsins hafi sem mest og bezt not þessa manns við öll hin stærri mannvirki, skoðunargjörðir þeirra, áætlanir og framkvæmd, leggjum vjer til að orða þetta nokkuð fyllra en í frumv. stendur. Sýslunefndir og bæjarstjórnir ættu að geta fengið aðstoð verkfræðingsins, áætlanir hans og útreikninga—án frekari útláta, en að greiða ferðakostnað hans eptir reikningi.—þegar hann er eigi annarstaðar bundinn í þjónustu landstjórnarinnar, og landshöfðingi álítur mannvirki þau, sem hjeruðin hafa með höndum svo vandasöm og umfangsmikil, að verkfræðingur þurfi til að koma.

Við 12. gr. B. b.—d.

Nefndin leggur það til, að haldið sje óbreyttri upphæð þeirri, sem stjórnin í frv. sínu ætlar alls til vegabóta, en vill að eins færa upphæðirnar dálítið til á 2 fyrri útgjaldaliðunum, þannig að til flutningabrauta sje varið 45,000 kr. og til aðalvega eða þjóðvega, sem er rjettara nafn eptir vegalögunum, 20,000 kr. Þar sem nefndin fer fram á svo stórkostlega hækkun á fje til samgöngubóta á sjó, kom það alvarlega til yfirvegunar að færa að mun niður þessa fjárveitingu til flutningabrauta, en nefndin komst þó að þeirri niðurstöðu, að eigi mætti gjöra það fyrir næsta fjárhagstímabil, þar sem óumflýjanlegt er að leggja brautina milli brúnna í Árnessýslu, og eins verður eigi hjá því komizt að fullgjöra brautina að Þingvöllum, úr því á annað borð svo mikið fje er búið að leggja í þá braut, að nú er minnst eptir. Þegar það hvorttveggja er af hendi leyst, álítur nefndin að eigi beri að leggja meira til flutningabrauta um sinn í þeim hluta landsins.

Nefndin hefði fært enn meira upp fjárveitinguna til þjóðvega, hefði hún treyst sjer til þess annara stórútgjalda vegna Hún álítur, að þeirrar vegagjörðar sje sjerstaklega brýn og bráð þörf í ýmsum pörtum landsins. Nefndin er samdóma þeirri ráðagjörð stjórnarinnar í athugasemdunum við frumvarpið, að mestur hluti þessa fjár gangi til vegabóta á aðalpóstleiðinni í Norður-Múlasýslu, en um leið vill hún benda á, að nauðsyn er að bæta hinn fyrirhugaða og sjálfsagða póstveg og þjóðveg, sem leið 2 pósta liggur um,

yfir Grjótháls í Mýrasýslu, og þyrfti þá sennilega um leið að brúa Örnúlfsdalsá, því að meðan sú vegabót er eigi unnin, kemur hin nýja Kláffossbrú á Hvítá, með vönduðum og dýrum vegarköflum beggja megin árinnar, eigi að notum fyrir póstana og aðra langferðamenn, og hin fyrirhugaða og nauðsynlega breyting þjóðvegarins og færsla póstafgreiðslunnar í Mýrasýslu kemst eigi á. Hjer er því um hálfnað verk að ræða sem verður að fullgjöra sem fyrst. Sömuleiðis vill nefndin ítreka þá áskorun, sem fjárlaganefndin í hitt ið fyrra gjörði í áliti sínu að bæta póstveginn um Geiradal í Barðastrandarsýslu. Með sjerstakri hliðsjón af þessum vegabótum leggur nefndin til, að fjárveitingin sje hækkuð um 5000 kr. hvort árið. Við fjárveitinguna til fjallvega hefur nefndin eigi annað að athuga, en að henni barst áskorun úr Húnavatns- og Borgarfjarðarsýslu um bygging sæluhúss á Arnarvatnsheiði fyrir kaupafólk, sem opt verður að liggja þar úti í vondum veðrum á haustdag. Kostnaðurinn er að eins áætlaður 120 kr. Nefndin áleit þessa áskorun á fullum rökum byggða, þar sem hjer er um fjölfarinn fjallveg að ræða á vissum tímum árs, og beinir því erindi til hins hæstv. landshöfðingja með meðmælum sínum.

Enn fremur leggur nefndin til, að hjer sje bætt við nýjum lið. Frá sýslunefnd Mýrasýslu kom beiðni um 2000 kr. styrk til að brúa Langá á Mýrum og er kostnaðurinn alls áætlaður 2500 kr. Brú þessi verður á fyrirhuguðum sýsluvegi, sem sýslan þarf að leggja stórfje til, og bindur það hvað annað brúargjörðin og vegarlagningin, og með sjerstöku tilliti til þess mikla kostnaðar og til að uppörfa sýsluna til fyrirtækisins, ræður nefndin til að veittur sje 1000 kr. styrkur til brúargjörðarinnar.

Við 12 gr C.

Fjárlaganefndin var einhuga á því, að þetta þing ætti svo að ganga frá strandferðunum kring um landið og auknum beinum samgöngum við England, að veruleg bót rjeðist á því ástandi sem nú er, og að fengist sem fyllst vissa fyrir því, að fjárveiting þingsins yrði notuð og hinar fyrirhuguðu ferðir kæmust á; og áleit nefndin að eigi mætti horfa í það, þótt fjárveitingin hækkaði að stórum mun. Um það voru aptur skiptar skoðanir, hvort fremur ætti að hneigjast að skipkaupi, eða láta sjer nægja að sinni að leigja skip fyrir fjárhagstímabilið, en um sjálfa fjárveitinguna til slíks gufuskips, er gangi frá útlöndum með ströndum landsins og kæmi í stað strandferðaskipsins, sem gengið hefur frá hinu sameinaða gufuskipafjelagi, voru nefndarmenn samdóma, að ákveða hana 45,000 kr., en fella burt stafl. a. í frv. stjórnarinnar.

Til gufubátsferða með ströndum landsins vill nefndin alls veita 32.000 kr. hvort árið, er skiptist milli fjórðunga þannig, að sínar 6000 kr. veitist hvorum Sunnlendinga- og Austfirðingafjórðungi, en 10,000 kr. hvorum hinna. Skilyrðunum vill nefndin halda sömu og verið hafa, nema hvað 3. skilyrðið í frv. stjórnarinnar fellur burt af sjálfu sjer; en nýju skilyrði vill nefndin bæta við um stærð gufubátanna og farþegarúm. Þar sem sjerstök nefnd í þingdeildinni hefur rækilega íhugað þetta mál og álit hennar kemur fyrir deildina, fjölyrðum vjer hjer eigi meira um þetta.

Nefndinni barst tilboð frá hinu danska fiskifjelagi «Dan» þess efnis, að flytja póst til útlanda 14. hvern dag, um sumarmánuðina frá Vestfjörðum og Reykjavík, fyrir 5000 kr. styrk, og áleit nefndin að sæta ætti þessu boði, sjerstaklega með tilliti til þess, að með því skipi væri svo hentugt að senda ísgeymdan fisk til Englands.

Við 13. gr. B. I.

Húsaleigustyrki við prestaskólann vill nefndin fækka um 4 hvort árið og sömuleiðis færa ölmusurnar niður í 400 kr. og ætlar það nægilegt. Stafl. b,, 9, eða fjárveit-

inguna til að kaupa harmóníum ræður nefndin til að fella, en að fengnum upplýsingum álítur hún þörf á lítilfjörlegri hækkun á ýmislegum útgjöldum einkum til endurbóta á sjálfu prestaskólahúsinu, og vill hún færa þann lið upp um 50 kr.

Við 13. gr. B. II.

Nefndin leggur sömuleiðis til að færður sje niður ölmusustyrkur læknaskólans um 200 kr. og húsaleigustyrkirnir úr 10 í 8, þar sem aðsókn muni vart verða meiri en að það nægi.

Við 13. gr. B. III.

Undir þessum útgjaldakafla hefur alllengi verið sjerstakur útgjaldaliður 300 kr. fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans. Vjer getum ómögulega lítið öðruvísi á það, en að þetta liggi beint undir verkahring rektors, og ráðum því til að fella þennan lið burt.

Stjórnin fer fram á 100 kr. hækkun til tímakennslu, til að geta aukið laun þeirra stundakennara er hafa heimavinnu við að leiðrjetta stýla. Nefndin kannast við að meira erfiði sje af þeim heimtað en hinum, en ætlar yfirstjórn skólans að gjöra þann mun, sem gjöra þarf á borguninni, án þess að fara fram úr þeirri fjárveitingu sem hingað til hefur dugað, og ræður því til að færa þá upphæð niður í 1600 kr. eins og nú er í gildandi fjárlögum.

Þá vill nefndin færa ölmusurnar niður í 5000 kr., álítur hún að aðsókn til skólans sje fullmikil, og enginn hörgull sje á embættismannaefnum sem stendur. Jafnframt vill nefndin lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að rjett sje við úthlutun ölmusanna að taka ekki svo lítið tillit til aukakostnaðar þilta við ferðir þeirra úr fjarlægari hjeruðum landsins.

Ennfremur leggur nefndin til, að falli burt í þetta sinn 300 kr. styrkurinn til vísindalegrar ritgjörðar, er fylgt hefur skólaskýrslunni. Það er fjarri hugsun nefndarinnar að afnema eigi þennan styrk með öllu, en hún vill að eins að þessi fjárveiting komi annarstaðar niður næsta fjárhagstímabil. Svo er mál með vexti, að rektor Jón Þorkelsson á enn óútgefnar c. 30 arkir af orðasafni sínu hinu síðasta, en af því eru komnar út 55 arkir, sem enginn styrkur hefur verið lagður til úr landsjóði, en hann lagt stórmikið til af eigin efnum. Rektor Jón Þorkelsson hefur nú fengið lausn frá embætti og er því síður fær til slíkra framlaga, og í annan stað er þessi ágæti vísindamaður svo einkar góðs maklegur af þjóðinni, að vjer álítum að þessi 300 kr. styrkur eigi að veitast til orðasafns hans á næstkomandi fjárhagstímabili, en treystum oss eigi til að halda fram hvorumtveggja styrknum.

Loks ráðum vjer til að falli burt utanfararstyrkurinn til fimleikakennarans, þar sem vjer efumst um að veruleg endurbót á fimleikakennslunni fengist við þá fjárveiting eina.

Frá menntamönnum í Kaupmannahöfn og Reykjavík barst nefndinni áskorun að styrkja útgáfu kennslubóka á íslenskri tungu við lærða skólann, og mælir nefndin með því að veita allt að 600 krónum til þess á ári, þannig að styrkurinn fyrir örkina sje 25 krónur.

Við 13. gr. B. IV.

Hjer álítum vjer að spara megi 100 kr. á útgjaldaliðnum til bóka- og áhaldakaupa og 200 kr. á liðnum til ýmislegra útgjalda.

Við 13. gr. B. V.

Nefndin getur eigi fallizt á þá tillögu stjórnarinnar að kaupa hús það sem stýri-

mannaskólinn er haldinn í. Það rekur sennilega að því að þessi þýðingarmikli skóli fái sitt eigið húsnæði, en nefndin telur þá heppilegra fyrir landið að byggja slíkt hús, sem þá mætti að öllu haga eptir þörfum skólans.

Aptur er nefndinni kunnugt um það, að forstöðumaður skólans álítur sínum kosti mjög þröngvað, verði eigi af húsakaupunum, þar sem hann hefur lagt í töluverðan byggingarkostnað í skólans þarfir, og við vaxandi aðsókn að skólanum aukast afnot skólans af húsi því, sem skólastjóri á og leigir landinu til skólahaldsins. Að þessu athuguðu og því viðbættu að skólinn er í hinu bezta lagi og að skólastjórinn er góðs maklegur, leggur nefndin til að hækka laun hans í 2000 kr. og færa húsaleiguna upp um 100 kr. frá því sem hún er nú, eða í 600 kr. Aptur falla burt samkvæmt þessu 3 síðustu útgjaldaliðir þessa kafla.

Við 13. gr. B. VI. a.

Nefndin getur eigi orðið við uppfærslunni, sem farið er fram á til kvennaskólans í Reykjavík, til að stofna þar 4. bekk fyrir kennslukonur, með sjerstöku tilliti til þess, að nefndin vonar að þetta þing skipi viðunanlega fyrir um menntun alþýðukennara á öðrum stað, þar sem jafnt eigi aðgang konur sem karlar.

Frá formanni stjórnarnefndar kvennaskólans á Laugalandi barst nefndinni beiðni um 6000 kr. fjárveiting að minnsta kosti, til að byggja upp hús fyrir kvennaskólann eyfirzka á Akureyri, og færir formaður þær ástæður, að skólahúsið á Laugalandi sje orðið óhæfilegt til skólahalds og íbúðar, en um leið sje það svo óhentugt að frágangssök sje að gjöra við það í þeirri mynd sem nú er. Nefndin getur eigi orðið við þessari beiðni, sjerstaklega vegna þess, að enn er óráðið um sameining kvennaskólanna á norðurlandi, sem nefndin verður að telja einkar æskilega. Nefndin vill í þessu sambandi taka það fram, að fari nú svo annaðhvort eða bæði árin, að skólinn á Laugalandi leggist niður vegna húsleysis, þá skulu að eins tveir hlutir upphæðar þeirrar, sem báðum norðlenzku kvennaskólunum er ætluð sameiginlega, útborgast Ytri-Eyjarskólanum.

Þá flutti 2. þingmaður Norður-Múlasýslu fram óskir sýslubúa í báðum Múlasýslum um fjárstyrk úr landsjóði til að koma á stofn kvennaskóla fyrir Austurland á Eiðum. Nefndinni er kunnugt um, að þetta er hið mesta áhugamál Austfirðinga og þegar eru hafin töluverð samskot þar eystra til að koma skólanum á, og sýslunefndirnar ætla að taka það mál að sjer til framkvæmdar. Nefndin álítur slíkan skóla í Austfirðingafjórðungi eigi síður maklegan styrks en hina, og leggur því til að veittur sje 1200 kr. styrkur til þessa fyrirhugaða skóla síðara árið, sje hann þá stofnaður og skólahús komið upp.

Við 13. gr. B. VI. b. 1. og 2.

Styrkina til alþýðumenntunar vill nefndin færa upp, þannig að til barnaskóla veitist 4500 kr. og til sveitakennara 5500 kr. hvort árið. Um leið vill nefndin færa hámarkið á styrknum til sveitakennara upp í 80 kr., til þess að hægt sje að gjöra meiri mun þeirra eptir nemendafjölda og kennslutíma og öðrum ástæðum.

Við 13. gr. B. VI. h.

Styrkinn til aðstoðarkennslu heyrnar- og málleysingja ræður nefndin til að fella burt, þar sem hún kannast eigi við þörf þeirrar fjárveitingar.

Við 13. gr. B. VII.

Nefndin vill hækka styrkinn til sundkennslu utan Reykjavíkur um 200 kr. þar sem hún vill sem mest örfa þá nytsömu list, og henni er kunnugt um, að sumstaðar á

landinu er að vakna töluverður áhugi á að læra sund, svo að væntanlega kemur þessi hækkun að góðum notum.

Við 13. gr. C. 1. c.

Þóknunina fyrir umsjónina með alþingishúsinu og áhöldum milli þinga álítur nefndin að beri að greiða af alþingiskostnaði eins og áður er vikið að, og verður þá um leið, að fella aptan af yfirskript hins fyrsta töluliðs undir C.

Við 13. gr. C. 3. a.

Styrkinn til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík ræður nefndin til að hækka, þar sem fjelagsdeildin hefur svo þröngan fjárhag sem stendur, að hún getur eigi gefið út ýms góð rit, sem fyrir hendi eru, vegna fjárskorts. Nefndin leggur til, að hinn árlegi styrkur sje færður upp í 1500 kr. Hjer vill nefndin láta þess getið, að frá báðum bókmenntafjelagsdeildunum lá fyrir tilboð um sölu á handritasafni fjelagsins fyrir 20,000 kr., sem stjórn landsbókasafnsins bar fram með ósk um fjárveitingu, til að festa kaupin fyrir hönd bókasafnsins. Nefndin kannaðist vel við það, að handritasafn þetta er mjög dýrmætt og mikill fengur væri í að fá það hingað til landsins, en langmestur hluti þess er í Kaupmannahöfn, en eigi sá nefndin sjer fært að leggja með kaupunum, þar sem um svo mikið fje var að ræða. Það var og skoðun nefndarinnar, að handritasafn þetta væri sett fulldýrt, þó að vísu sje örðugt að meta slík söfn til peninga.

Við 13. gr C. 4.

Um þjóðvinafjelagið er allt hið sama að segja sem um Reykjavíkurdeild bókmenntafjelagsins, að það er og í fjárskorti. Fjelag þetta hefur gefið út svo margar góðar og gagnlegar bækur fyrir almennning, að skylt er að styrkja það enn ríflegar en gjört hefur verið og leggur nefndin til að hækka veitinguna til þess í 750 kr. á ári.

Við 13. gr. C. 5.

Stjórnarfrumvarpið fer fram á að hækka um helming þóknunina fyrir umsjónina við forngripasafnið, en virðist um leið ætlast til þess af umsjónarmanninum, að hann semji skrá yfir munina til afnota fyrir þá, sem safnið skoða. Þessari bendingu í athugasemdum stjórnarfrumvarpsins vill nefndin koma í ákveðnari mynd. Nefndin álítur, að þessar 400 kr., sem hingað til hafa verið veittar, sje fullsómasamleg borgun fyrir umsjón safnsins, og eigi að veita meira fje, þá eigi að fá ákveðið verk unnið fyrir það. Nefndin teldi æskilegt að fá handhæga skrá yfir helztu munina, og að skrá þá ætti að prenta. Þessi skrá, sem virðist hæfilega stór 4—5 arkir, ætti að vera með myndum af helztu og ásjálegustu gripunum, hún ætti í annan stað að vera þýdd og gefin út á enska tungu og mætti ganga að því vísu, að slík skrá yrði ekki svo lítið keypt, einkum af útlendingum, og að hún mundi vekja eptirtekt á þessum dýrgrip landsins, forngripasafninu. Fyrir að semja slíka skrá með stuttorðri lýsingu eða sögu munanna, eptir því sem við þætti eiga, og fyrir að þýða hana á ensku, ætlar nefndin að 400 kr. nægi. Prentkostnaður skránna ætti svo að takast af fjárveitingunni til safnsins, sem nefndin í því skyni leggur til að sje hækkuð um 200 kr. hvort árið; auðvitað hrökkur það fje eigi fyrir útgáfukostnaðinum, en þar sem nú fer að fækka um forngripi í landinu, ætlar nefndin að eigi þurfi að fara hærra í þessari fjárveitingu. Andvirði hinna seldu bóka rynni svo til landsjóðs.

Við 13. gr. C. 10.

Frá stjórnarnefnd náttúrufræðisfjelagsins barst nefndinni beiðni um aukinn styrk til kaupa á náttúrugripum og til að geta kostað betra húsnæði. Nefndin leggur með því

að veita 100 kr. hækkun á ári, með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje og verði eign landsins og almenningi til sýnis ókeypis á vissum tímum, að minnsta kosti einu sinni á viku.

Við 13. gr. C. 14.

Frá stórstúku Good-Templara barst nefndinni beiðni um ríflega styrkhækkun til útbreiðslu og eflingar bindindis og vill nefndin með viðurkenningu fyrir hina heillaríku starfsemi þess fjelags færa styrkinn upp í 800 kr. á ári.

Við 13 gr. C. 15.

Styrkinn til Skúla Skúlasonar ræður nefndin til að fella. Eptir umræðunum að dæma og sjálfri fjárveitingunni á þinginu 1893 var tæpast búizt við framhaldi þessarar fjárveitingar, og nefndin hefur eigi heldur fundið nægar ástæður til að endurnýja hana.

Við 13. gr. C. 16.

Þá ræður nefndin og til að fella burt fjárveitinguna til útgáfu og prentunar á 1. bindi af safni alþingisbókanna. Hjer er í svo mikið ráðist, að veita 2000 kr. á ári í 10 ár, að nefndin varð að álíta margar krófur brýnni, þó að slík útgáfa hefði auðvitað töluverða þýðingu fyrir sögu landsins.

Eins og áður er á vikið, leggur nefndin til að rektor Jóni Þorkelssyni sje veittur 300 kr. styrkur til að gefa út 10 arkir árlega af orðasafni sínu, eða 30 krónur á örkina.

Frá biskupinum barst nefndinni beiðni um styrk til að gefa út tillögur til endurskoðaðrar handbókar, auk ferðastyrks til þess handbókarnefndarmannsins, er á heimili utan Reykjavíkur. Nefndin vill veita hið fyrrnefnda með 25 kr. fyrir örkina allt að 125 kr.

Frú Elín Eggertsdóttir í Reykjavík sækir um 1200 kr. styrk til að koma á stofn hússtjórnar- og matreiðsluskóla í Reykjavík og um 600 kr. árlegan styrk til kennslu og viðhalds á skólanum. Nefndin varð að álíta slíka stofnun mjög líklega til gagnsemdar, og ber hið bezta traust til stofnandans, og leggur því til að veita hið umbeðna, þó þannig, að árlegi styrkurinn sje 500 kr.

Kandídat í náttúrufræði Bjarni Sæmundsson í Reykjavík beiðist 1000 kr. styrks hvort árið, til þess að ferðast um í hinum helztu veiðistöðum landsins, að veiðivötnum meðtöldum, til að kynna sjer ástand fiskiveiðanna og til að gjöra rannsóknir þar að lútandi, sem tök væru á, og afla sjer skýrslna um fiskiveiðarnar. Nefndin álítur að með þessu væri stigið spor til þess, sem nú er altítt orðið erlendis, að taka náttúruvísindin sjer til hjálpar, til að bæta fiskiveiðarnar á sjó og landi á ýmsan hátt, og til leiðbeiningar við veiðiákvarðanir og lagasetning í þeim efnum, og þar sem nefndinni ennfremur er kunnugt um, að maður þessi er vel fær í sinni mennt og hefur erlendis tekið þátt í slíkum rannsóknum, þá leggur hún til að honum sjeu veittar hvort árið 800 kr til slíkra fiskiveiðarannsókna.

Nefndinni barst bænarskrá frá ungum listamanni í Kaupmannah., Einari Jónssyni frá Galtafelli í Árnessýslu, um 500 kr. árlegan styrk til að halda áfram námi sínu við myndasmíði í Kaupmannahöfn Maður þessi hefur dvalið erlendis í 2 ár og lengst af þann tíma stundað þessa list hjá nafnfrægum myndasmið, sem hefur tekið hann til ókeypis kennslu og gefið honum gott vottorð. Beiðandinn hefur sent hingað líkneski eptir sig höggvið í marmara, og auk þess ljósmyndir af öðrum líkneskjum, sem hann hefur gjört. Það bendir allt til þess, að hjer sje um góða hæfilegleika að ræða, en maður þessi er fátækur og á eigi þá styrktarmenn að, að hann geti haldið áfram listanámi sínu, en hann er þegar kominn nokkuð áleiðis og hefur varið til þess því litla sem hann átti. Þó að

nefndin eptir kjörum og kringumstæðum landsins álíti, að sem varlegast eigi að fara í slíkar fjárveitingar, varð hún þó á því, að gefa þessari beiðni áheyrn.

Frá Magnúsi bónda Þórarinssyni á Halldórsstöðum í Laxárdal í Þingeyjarsýslu barst nefndinni bænarskrá um 25,000 kr. lán vaxtalaust í 5 ár, upp á væntanlega ábyrgð sýslunefndanna í Þingeyjarsýslu, til að setja á stofn tóvinnuvjelar á Húsavík. Nefndin tekur þessa beiðni að nokkru leyti til greina í athugasemdum sínum aptan við frumv., en hún sjer sjer með engu móti fært að veita þannig vaxtalaust lán. Aptur kannast nefndin við það, að þessi maður er maklegur styrks fyrir það, að hann hóf fyrstur manna tilraun með tóvinnuvjelar hjer á landi fyrir 12 árum, og hefur átt við mikla örðugleika að stríða. Nú er í ráði að hann færi vjelar sínar á miklu hentugri stað, í kaupstað, þar sem nægilegt og hentugt vatn er fyrir vjelarnar, ætlar hann að byggja þar hús og afla sjer miklu fullkomnari og betri vjela en hann hefur haft til þessa. Ætlazt er til að hann verði eigandi fyrirtækisins, en sýslunefndirnar taki lánið og hafi hönd í bagga með fyrirtækinu, og er þetta allmikið áhuga- og framfaramál Þingeyinga, og eptir upplýsingum, sem nefndin hefur fengið um þetta, álítur hún þetta fyrirtæki líklegt til þrifa.

Umsækjandinn er snauður maður og getur vart styrklaust ráðist í þennan flutning á vjelum sínum með töluverðum kostnaði, og mun ekki vilja tefla á tvær hættur með það að sleppa búi sínu, komi honum engin hjálp, og leggur því nefndin til að honum sjeu veittar fyrra árið 1200 kr til að koma þessum auknu og endurbættu tóvjelum á stofn á Húsavík.

Loks leggur nefndin til að tekin sje hjer upp, samkvæmt gjörðri þingsályktun neðri deildar, fjárveiting til þess að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins Er fjárveiting sú fyrir ferðakostnaði hins innlenda verkfræðings og aðstoð þeirri, er hann kann að þurfa til rannsóknanna, og leggur nefndin til að veita 600 kr. í því skyni fyrra árið.

Við 15. gr.

Vjer ætlum að sízt veiti af því að halda hinni áætluðu upphæð frv. til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. Við þennan lið leggur nefndin til að bætist eptirlaunaviðbót Skúla Thoroddsen, 500 kr. hvort árið, sem um er talað hjer að framan. Þá leggjum vjer og til að frökен Sigríður Árnadóttir í Reykjavík fái 200 kr. styrktarfje á ári. Bróðir hennar sjera Hannes heitinn Árnason prestaskólakennari gaf landinu aleigu sína, og nemur það legat nú fullum 44,000 kr.; hann ánafnaði systur sinni, sem var einkaerfingi hans, líffje nokkuð (400 kr.), en sem nú reynist henni alveg ónógt, er hún er orðin efnalaus, háöldruð og þrotin að heilsu, en árangurslaus tilraun hefur verið gjörð að fá þetta líffje aukið af vöxtum legatsins. Í notum þessarar miklu gjafar til landsins álítur nefndin undir þessum kringumstæðum í alla staði maklegt, að systir gefandans yrði þessa styrks aðnjótandi.

Þá leggur nefndin til að aptan við frumvarpsgreinarnar sjeu teknar upp athugasemdirnar, sem standa í núgildandi fjárlögum um lán til tóvinnuvjela og þilskipakaupa.

Auk þess vill nefndin bæta við tveim öðrum lánleifum úr viðlagasjóði.

Eptir óskum þingmanna að vestan og töluverðri hreyfingu í hjeruðum vestanlands og áhuga á því máli, vill fjárlaganefndin mæla með því, að allt að 60,000 kr. lán veitist amtsráði Vesturamtsins til gufubátskaupa fyrir Vestfirðingafjórðung, sem veitist með öllum sömu skilyrðum og hin framangreindu lán.

Þá var því hreyft í nefndinni að styrkja ætti hinar nýbyrjuðu tilraunir til ísgeymslu og útflutnings á ísvörðum fiski. Nefndin telur þessar tilraunir einkar efnilegan vísi til atvinnubóta, sem skylt er að styrkja með láni úr landsjóði, hvort heldur er til fjelaga eða einstakra manna, sem koma upp ísgeymsluhúsum. Nefndin áleit þó, eptir því sem þeirri atvinnu hagar, rjett að lánið sje endurgreitt með afborgunum á 5—10 ára fresti, og þar sem þetta yrði lánað til einstakra manna verður að sjálfsögðu, þar sem sýslunefndir ganga eigi í ábyrgð, að setja fulltryggilegt veð, sem þó eptir atvikum þyrfti eigi að vera fasteignarveð. Nefndin leggur til að veita megi lán í þessuskyni, allt að 30,000 kr., þó eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Neðri deild alþingis 26. júlí 1895.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Þórhallur Bjarnarson, skrifari og framsögumaður.
Guðjón Guðlaugsson. Jón Jónsson þm. A.-Sk.
Pjetur Jónsson. Sigurður Gunnarsson.
Þórður J. Thoroddsen.

Nd. 213. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá fjárlaganefndinni.

I. Tekjukaflinn.

1. Við 2. gr. 2. Fyrir: 4,200 — 4,200 — 8,400
   komi: 4,500 — 4,500 — 9000
2. — — — 6. Fyrir: 7000 — 7000 — 14000
   komi: 7500 — 7500 — 15,000
3. — — — 8. Fyrir: 30,000 — 30.000 — 60.000
   komi: 35,000 — 35,000 — 70,000
4. — — — 10. Fyrir. 60,000 — 60.000 — 120,000
   komi: 65,000 — 65,000 — 130.000
5. — — — 11. Fyrir: 130.000 — 130,000 — 260,000
   komi: 140,000 — 140,000 — 280,000
6. — — — 12. Fyrir: 22.000 — 22.000 — 44.000
   komi: 25,000 — 25,000 — 50,000

II. Gjaldakaflinn:

7. Við 9. gr. Fyrir: 32,000
   komi: 38,000
   og fyrir: 33,600
   komi: 39,600
8. — 10. gr. A. 3. b. Aptan við bætist: „og skrifstofukostnaður“
   og fyrir: 500
   komi: 800
9. — — — B. 1. a. Fyrir: 68,853,49 — 68,853,49
   komi: 68,100 — 68,100
10. — — — C. 4. a. 1. Fyrir: (1896) 2,500
   komi: 3,000

11. — — — C. 4 a. 3. Fyrir: (1896) 2000
komi. 3000
12. — — — C. 4. a. 4. Fyrir: (1896) 2000
komi: 4.000
13. — — — C. 4. b. Fyrir: 12.000 — 12.000
komi: 13.000 — 15.000
Athugasemdin falli burt.
14. — — — C. 4. Á eptir b. komi nýr liður:
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins: 2000 — 2000
og að auki, í eitt skipti fyrir öll,
með því skilyrði, að hin ömtin
gangi í samband við Suðuramtið
um eitt búnaðarfjelag fyrir land allt 4000
15. — — — C. 4. d. stafliðurinn sje 5. í tölu og breytist þannig:
til að járnklæða Langholts- og Þykkvabæjarklausturs kirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu.
16. Við 10. gr. C. 4. e. Stafliðurinn sje 6. í röðinni og aptan við bætist:
Þar af verða 2000 kr. eign þeirra, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.
17. — — — C. Á eptir e. komi nýr liður, hinn 7. í röðinni og orðist þannig:
fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík með því að flytja þau á annan stað, allt að 4500 kr.
18. — — — C. 6. Töluliðurinn orðist þannig:
til annara vita:
a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu 11,000
b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita 500 .
c. — — — — Gróttuvita 400
d. — — — — vita á Dalatanga við Seyðisfjörð 500
Þar af 300 kr til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.
19. — — — C. Á eptir 7. tölulið frvs. komi nýr liður, hinn 11. svo hljóðandi:
til Skúla Thoroddsen fyrra árið 5000 kr.
20. Við 11. gr. 1. Í staðinn fyrir 39,058 — 39,058 — 78.116
komi 38,458 — 38,458 — 76.916
21 — — — 2. Stafliður h. orðist svo: Til læknis milli Haffjarðarár í Hnappadalssýslu og Gljúfrár í Mýrasýslu.
22. — — — 2. Fyrir aptan staflið n komi:
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar,- Engihlíðar,- Vindhælis,- Torfalækjar- og Svínavatns-hreppum í Húnavatnssýslu.
23. — — — Fyrir: 14,000 — 14,000 — 28.000
komi: 15,000 — 15,000 — 30,000
Fyrir: 14 aukalækna
komi: 15 aukalækna

24. — — — Aptan við tölul. 2. bætist við nýr töluliður:
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Ólafsvíkur 100 —100—200
25. — — — 4. Töluliðurinn falli burt.
26. — — — 5. e. Fyrir: 500
komi: 400
27. Við 11. gr. 5 f. Í staðinn fyrir þennan lið komi:
Til undirbúnings holdsveikisspítala 1500 kr.
þar af 1200 kr. til læknis fyrir að ferðast til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala.
28. Við 12. gr. B a. Stafliðurinn orðist þannig:
Til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur
29. — — — B. b. Fyrir: 50,000 — 50,000
komi: 45,000 — 45,000
30. — — — B. c. Fyrir: 15,000 — 15,000
komi: 20,000 — 20,000
31. — — — B. Orðið „aðalvega“ breytist í þjóðvega
Aptan við staflið d. bætist nýr liður:
e. styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu 1000 kr.
32. — — — C. a. Fyrir: til hins sameinaða gufuskipafjelags 18,000
komi: til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins 45,000
33. — — — C. b. og c. Fyrir: til gufubátsferða á Faxaflóa — — allt að 3000
komi b. til gufubáts í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa allt að 6,000
34. — — — C. Á eptir þessum lið komi 3 nýjir stafliðir:
c. til gufubáts í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa allt að 10,000
d. til gufubáts í Norðlendingafjórðungi allt að 10,000
e. til gufubáts í Austfirðingafjórðungi allt að 6000
35. — — — C. Í stað hinna 4. skilyrðisgreina komi:
Styrkurinn undir stafliðunum b—e greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti $^1/_4$ móti $^3/_4$ úr landsjóði og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds. Loks er styrkurinn bundinn því skilyrði, að bátarnir sjeu eigi minni en 35 smálestir að farmrúmi og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 25 manns undir þaki.
36. — — — C. Enn bætist við nýr stafliður.
f. til fiskifjelagsins „Dan“ fyrir að flytja póst 14. hvern dag um sumarmánuðina milli útlanda annarsvegar og Reykjavíkur og Vestfjarða hinsvegar 5,000

37. Við 13. gr. B. I. b. 1. Fyrir: Handa 16 lærisveinum 1896 og 20 1897
komi: Handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897
og fyrir 1280 — 1600
komi: 960 — 1280.

38. — 13. — B. I. b. 2. Fyrir: 600 — 600
komi: 400 — 400

39. — 13. — B. I. b. 7. Fyrir: 200 — 200
komi: 250 — 250

40. — 13. — B. I. b. 9. Töluliðurinn falli burt.

41. — 13. — B. II b. 1. Fyrir: 4 ölmusur 200 kr. hver 800 — 800
komi: 3 ölmusur 200 kr. hver 600 — 600

42. — 13. — B. II b. 5. Fyrir: húsaleiga handa 10 lærisveinum 800 — 800
komi: húsaleiga handa 8 lærisveinum 640 — 640

43. — 13. — B. III. b. „til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans 300 kr.“ falli burt.

44. — 13. — B. III. c. 4. Fyrir: 1700 — 1700
komi: 1600 — 1600

55. — 13. — B. III c. 5. Fyrir: 5500 — 5500
komi: 5000 — 5000

46. — 13. — B. III. c. 10. falli burt.

47. — 13. — B. III. c. 11. falli burt

48. — 13. — B. III. Aptan við bætist nýr liður: til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 — 600.

49. — 13. — B. IV. b. 1. Fyrir: 400 — 400
komi: 300 — 300

50. — 13. — B. IV. b. 4. Fyrir: 500 — 500
komi: 300 — 300

51. — 13. — B. V. a. Fyrir: 1800 — 1800
komi: 2000 — 2000

52. — 13. — B. V. b. 1. Fyrir: 170
komi: 600

53. — 13. — B V. b. 4.—6. falli burt.

54. — 13. — B. VI. a. 1. Fyrir: 2500
komi: 1800

55. — 13. — B. VI. a. 4. Aptan við athugasemdina bætist: Leggist Laugalandsskólinn niður annað eða bæði árin, ganga $^2/_3$ hlutir þessarar upphæðar til Ytri-Eyjarskólans.

56. — 13. — B. VI. a. Aptan við bætist nýr töluliður:
5. til kvennaskólans á Austurlandi síðara árið 1200
Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896.

57. — 13. — B. VI. b. 1. Fyrir 4000 — 4000
komi: 4500 — 4500

Í athugasemdinni breytist orðin: „annarar tillögu“ í „annars tillags“.

58. — 13. — B. VI. b. 2. Fyrir: „allt að 60 kr.“
komi: allt að 80 kr.
fyrir: 4800 — 4800
komi: 5500 — 5500

59. — 13. — B. VI. h. Þessi liður falli burt.

60. — 13. — B. VII. b. Fyrir: 800 — 800
komi: 1000 — 1000

61. — 13. — C. 1. Orðin: „og fyrir umsjón . . . milli þinga“ falli burt.

62. — 13. — C. 1. c. falli burt.

63. — 13. — C. 3. a. Fyrir: 1000 — 1000
komi: 1500 — 1500

64. — 13. — C. 4. Fyrir: 500 — 500
komi: 750 — 750

65. — 13. — C. 5. a. Aptan við „áhalda“ bætist við: þar af eptir þörfum til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð.
Fyrir: 1000
komi; 1200

66. — 13. — C. 5. b. Fyrir: 800
komi: 400
Aptan við bætist nýr liður:
c. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá fyrra árið 400 kr.

67. — 13. — C. 10. Fyrir: 400 — 400
komi: 500 — 500
Aptan við bætist svohljóðandi athugasemd:
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.

68. — 12. — C. 14. Fyrir: 500 — 500
komi: 800 — 800

69. — 13. — C. 15. falli burt.

70. — 13. — C. 16. falli burt.

71. — 13. — C. Á eptir tölulið 17 sem verður 15. komi þessir töluliðir:
16. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að 300 — 300
17. til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar 25 kr. fyrir örkina, allt að 125.
18. til frú Elínar Eggertsdóttur til að koma á fót hússtjórnar- og matreiðsluskóla í Reykjavík 1200 kr. í eitt skipti fyrir öll, og til kennslu og viðhalds á skólanum 500 kr. hvort árið 1700 — 500

19. til kandídats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna 800 — 800
20. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði 500 — 500
21. styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík 1200
22. til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins 600

72. — 15. — Á eptir „ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr.“ bætist:
til viðbótar við eptirlaun Skúla Thoroddsens 500 kr.
til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr.

73. 17. gr. breytist eptir því hvernig atkvæðagreiðslan fellur.

74. Aptan við frumvarpsgreinarnar bætast svohljóðandi athugasemdir:

Úr viðlagasjóði ma veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 % á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6 % á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Úr viðlagasjóði má veita amtsráði vesturamtsins allt að 60,000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 pCt. á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta endurborgist, auk vaxta, á 5—10 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Nd. **214. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings.

Nefndin hefur íhugað þetta mál vandlega og verður að viðurkenna, að fyllsta ástæða sje til þess, að vernda hross og sauðfje, sem selt er til útflutnings, fyrir illri meðferð, með því að öllum, sem til þekkja, er það kunnugt, að misbrestur vill opt verða á því, að allrar þeirrar nærgætni og varúðar sje gætt, sem gæta þarf í meðferð fjenaðarins, bæði á ferð til skips, í geymslu og við flutning hans á skip.

Það er og hverjum manni ljóst, að heilbrigðisástand fjenaðar, sem út úr landinu er fluttur, einkum sauðfjárins, er einkar mikilsvert atriði, og verður nefndin því að telja nauðsynlegt, að sem tryggilegast sje um það búið, að sjúkt fje sje ekki flutt út úr landinu, þar sem það gæti haft hinar skaðlegustu afleiðingar fyrir þessa arðsömu verzlun landsins. Nefndin telur í þessu skyni æskilegt, að almenn skoðun á sauðfje fari fram, áður en það er rekið burt til útflutnings.

Með því að oss þykir frumvarpið í heild sinni vera allgóð rjettarbót í þessa

átt, verðum vjer að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja það, þó með þeim breytingum og viðaukum, sem hjer segir:

1. Eptir 1. gr. bætist ný grein, sem verði 2. gr., svo hljóðandi:

   Í hreppi hverjum, þar sem sauðfje er selt eða sent til útflutnings, skulu 2 eða fleiri skoðunarmenn rannsaka heilbrigðisástand fjárins, áður en það er rekið af stað úr hreppnum. Komi fyrir sauðkind með óþrifum, meiðslum eða sýki skal hún gerð apturræk.

2. Í stað 2. og 3. greinar komi svo látandi

   3. gr. Þegar hross, eða sauðfje er haft í gæzlu á þeim tíma, er það bíður skips, skal þess gætt, að það hafi næga haga, að byrgi, er fjenaður er geymdur í á nóttu sje rúmgóð og þur, og að fjenaðinum sje ekki á neinn hátt misboðið með illri meðferð.

   Þegar á útflutningsstað kemur, skal allur fjenaður skoðaður af tilkvöddum skoðunarmönnum, áður en hann er fluttur á skip. Ef hross þá reynast hófgengin, meidd, munnsár, eða á annan hátt ber vott um illa meðferð, eða sauðskepnur eru meiddar af illri meðferð, þá skal hjúkra þeim skepnum og lækna á kostnað eiganda, ef hann kýs eigi heldur að slátra þeim.

   Flutningur fjenaðar á skip skal ávallt fara fram undir umsjón tilkvaddra eptirlitsmanna.

3. 4. gr. orðist þannig:

   Skoðunarmenn þá og eptirlitsmenn, sem nefndir eru í 2. og 3. gr., skipar hlutaðeigandi lögreglustjóri og fá þeir laun fyrir starfa sinn eptir samngjörnum reikningi; launin greiðast af þeim, er fyrir kaupum standa á fjenaðinum.

Neðri deild alþingis 26. júlí 1895.

Þorlákur Guðmundsson	Jón Þórarinsson	Pjetur Jónsson.
formaður.	skrifari.	

Nd. **215. Nefndarálit**

um stjórnarskipunarmálið.

Vjer undirritaðir, er hin háttv. neðri deild hefur kosið í nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um stjórnarskipunarmálið, höfum haft til meðferðar:

1. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Frumvarp þetta er orðrjett samhljóða samkynja frumvarpi, er samþykkt var á þingunum 1893 og 1894.
2. Tillögu til þingsályktunar um stjórnarskrármálið.

Vjer höfum rækilega og ýtarlega athugað mál þetta á nefndarfundum og leitað glöggra yfirlýsinga af hálfu þingmanna um ýms atriði málsins og leyfum oss nú að láta uppi eptirgreint álit vort.

Vjer erum að vísu á eitt sáttir um það, að ágreiningur sá, er nú á sjer stað í þessu máli, snerti eigi aðalefni málsins, eða þær kröfur, er halda eigi fram af hálfu þings og þjóðar um sjálfsforræði, eins og að undanförnu, heldur er ágreiningurinn að eins um það, að 6 menn úr nefndinni álíta heppilegra og vænlegra til árangurs, að samþykkja tillöguna, í öllu falli eins og málið nú horfir við á þinginu, en 1 úr nefndinni vill heldur, að frumvarpið sje samþykkt.

Vjer, meiri hluti nefndarinnar, sem eigi getum lagt það til, að frumvarpið verði að þessu sinni samþykkt og afgreitt frá deildinni, en þar á móti viljum ráða deild-

inni til að samþykkja hina fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar, leyfum oss að færa til þær ástæður fyrir þessum tillögum vorum, er nú skal greina.

Á þingmálafundum, er haldnir voru í kjördæmum landsins litlu fyrir þing, hafa yfirlýsingar manna farið í nokkuð ólíkar stefnur í þessu máli, þar sem 6 kjördæmi hafa mælt eindregið móti því, að þetta frumvarp væri afgreitt í lagaformi frá þinginu, 7 kjördæmi hafa í nokkuð óákveðnum orðum óskað þess, að málinu væri framhaldið á sama grundvelli eða í sömu stefnu og áður, en 8 kjördæmi hafa bundið yfirlýsing sína við, að halda fram þessu frumvarpi óbreyttu. Jafnframt hafa einstök kjördæmi látið þá ósk í ljósi, að frumvarpinu væri breytt eða það tekið til gagngjörðrar endurskoðunar.

Það er því augljóst, að síðan mál þetta var síðast til meðferðar á alþingi, hafa vaknað hjá þjóðinni allmargar raddir, er eigi telja það hyggilegt nje heppilegt, að halda að svo stöddu lengra fram á þenna veg, eða einskorða sig við að þreyta þessa aðferð til hins ýtrasta.— Sje þessu eigi gaumur gefinn í tíma, óttumst vjer að af því geti leitt óeðlilegan og of mikinn apturkipp hjá þjóðinni í þessu máli. Menn gjöra sjer eigi neina von um, að frumvarpið fái staðfesting nje neina von um árangur af að samþykkja það nú. Þess vegna láta menn sjer vaxa í augum kostnað þann, er þessu er samfara, við þingrof, kosningastríð innbyrðis hjá þjóðinni og aukaþinghald, og er það í raun rjettri eðlilegt, þegar eigi er von um neinn árangur af slíku.

Vjer álítum þetta eigi vott um það, að menn vilji að efni til víkja frá þeim kröfum um sjálfsforræði, er þjóðin ætíð hefur haldið fram, en þessar raddir, er vaknað hafa gegn því, að halda áfram þing af þingi að samþykkja þannig lagað frumvarp, eru augljós vottur þess, að þjóðin er að hallast að þeirri skoðun, að þessi aðferð sje eigi heppileg nje hyggileg nje til verklegs árangurs. Vjer álítum einnig, að það sje eigi rjett að binda sig einskorðað við þetta frumvarp eða þessa aðferð, þar sem hjer liggur fyrir önnur aðferð, sem að voru áliti er bæði heppilegri, eins og nú horfir við, hyggilegri í pólitisku tilliti og mikið líklegri til árangurs.

Oss dylst það eigi, að mjög sterkar ástæður mæla með því, að taka nú þegar hið fyllsta tillit til þess, er þannig er fram komið, til þess að fyrirbyggja þann óeðlilega apturkipp í þessu máli, er hætt kann að vera við þegar lengra sækir fram, þann, að menn láti bitna á málinu sjálfu og aðalefni þess þá óánægju, er hefur lýst sjer gegn þessari aðferð.

Vjer verðum því eindregið að láta í ljósi þá sannfæring vora, að það sje fyrir beztu bæði þjóðinni og þessu mikils varðandi áhugamáli hennar, að deildin afgreiði það eigi frá sjer að þessu sinni í frumvarpsformi, en snúi sjer heldur að tillögu þeirri, er fyrir liggur. Bæði er sú aðferð, eins og þegar er tekið fram, líklegri til að vinna málinu gagn, og þótt svo færi, að þessi tilraun yrði árangurslaus, eins og fyrirsjáanlegt er um frumvarpið, þá leiðir þar af að eins það, að þjóðin stendur þá enn betur að vígi í baráttu sinni fyrir þessu máli á eptir, án þess að hafa sleppt einu einasta atriði af kröfum sínum um sjálfsforræði.

Enn fremur vill meiri hluti nefndarinnar leggja mikla áherzlu á það, að hin háttv. efri deild hefur þegar samþykkt þingsályktun um þetta mál, sem er nær því orðrjett samhljóða tillögu þeirri, er hjer liggur fyrir, og þannig fyrir sitt leyti ráðið þessu máli til lykta að þessu sinni. Af þessu leiðir, að vjer getum alls engar líkur talið til þess, að frumvarpið geti náð samþykki þeirrar deildar, en þar sem útsjeð virðist þannig um það, að frumvarpið að þessu sinni nái samþykki þingsins í heild sinni, þá getum vjer eigi sjeð neina ástæðu, er mæli með því, að hin háttv. neðri deild láti það ganga fram. Af þessu leiðir einnig það, að hin háttv. neðri deild getur nú með atkvæði sínu, ef hún

samþykkir þingsályktunartillöguna, fengið því framgengt, að kröfur þjóðarinnar um sjálfsforræði komi nú fram einhljóða frá þinginu í heild sinni, bæði þjóðkjörnum mönnum og þeim þingmönnum, er stjórnin sjálf hefur kosið. Þetta verðum vjer að telja sjerlega þýðingarmikið atriði, þar sem þetta hlýtur að vera stjórninni vottur um, að mótspyrna hennar gegn sjálfsforræði voru á enga stoð, og hún mun eigi geta sjeð sjer fært að hnekkja kröfum vorum, þegar hún sjer, að hún eigi getur fengið neinn þingmann úr þeim flokki, er hún sjálf hefur kosið, til þess að fylgja skoðun sinni á þessu máli framvegis. Það mundi því vera gjörsamlega gagnstætt allri pólitiskri venju, ef stjórnin virti þannig lagaða yfirlýsing löggjafarþingsins að vettugi.

Um innihald hins fyrirliggjandi frumvarps finnum vjer eigi ástæðu til að fara neinum orðum, eins og málið nú liggur fyrir og með tilliti til þess, er hjer er tekið fram að ofan.

Að því er þingsályktunina snertir, þá skulum vjer taka fram, að í henni eru innifalin undirstöðuatriðin úr kröfum þjóðarinnar um sjálfs-forræði, eins og þessar kröfur hafa komið fram í baráttu undanfarinna ára. Frumvörp þau, er í þessu efni hafa verið samþykkt, sumpart til fullnaðar, hafa verið hver öðrum nokkuð frábrugðin í ýmsar stefnur, en aðalkjarni þeirra hefur verið og er sá, að stjórn ríkisins, ríkisráðið, hefði ekki atkvæði um okkar sjerstöku mál, að ráðherrastjórn okkar sjerstöku mála bæri ábyrgð beinleiðis fyrir alþingi á öllum stjórnarathöfnum, væri hjer búsett og mætti á alþingi, og að sjerstakur landsdómur verði skipaður. — Um fyrirkomulag æðstu stjórnarinnar hjer, tölu ráðherra, skipun landsdóms og fl., hafa komið fram mjög skiptar skoðanir, en um það hefur eigi verið og er eigi ágreiningur, að hitt, sem að ofan er talið, sjeu aðalatriðin. Þær kröfur verða að fást uppfylltar, ef þjóðin á að geta sjálf ráðið sínum málum. Og fáist þessar kröfur uppfylltar, þá hefur þjóðin fengið frjáls og óháð völd til að skipa málum sínum á hvern þann hátt, er henni virðist bezt. Í þessum atriðum felst því hin sanna mynd málsins, eins og hún hefir vakað fyrir þjóðinni, og þingsályktunin grípur þannig í fám orðum yfir þær kröfur, er hafa haldið sjer óbreyttar hjá þjóðinni og nauðsynlegar eru til sjálfsforræðis.

Samkvæmt þessu getum vér, eins og þegar er tekið fram, eigi ráðið til að samþykkja hið fyrirliggjandi frumvarp, en ráðum deildinni til að samþykkja tillögu þá til þingsályktunar, er upp hefur verið borin.

Neðri deild alþingis 29. júlí 1895

Jón Jensson, formaður.	Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögum.	Jón Jónsson, þm. A.-Sk.
Jens Pálsson.	Ólafur Briem.	Valtýr Guðmundsson.

Þar sem jeg hefi ekki getað orðið sammála hinum háttvirta meiri hluta nefndarinnar í stjórnarskrármálinu um framanritað nefndarálit og þá sjerstaklega niðurlagsatriðin, leyfi jeg mjer sem minni hluti nefndarinnar að gera hjer grein fyrir tillögum mínum um málið og helztu ástæðum fyrir þeim.

1. Frumvarp það til stjórnarskipunarlaga, sem fyrir liggur, hefur fjórum sinnum verið samþykkt af báðum deildum alþingis, því nær samhljóða, nefnil. 1885, 1886, 1893 og 1894, og af neðri deild alþingis tvívegis, nefnil. 1887 og 1891. Öll aðalatriði þessa frumvarps voru og innifalin í frumvarpi því, er neðri deild alþingis samþykkti 1889. Þessi fasti rekspölur, sem alþingi sjerstaklega neðri deild þess, hefur fylgt sleitulaust síðan 1885, eða í 10 ár, bæði í því að bera málefni þetta fram í frumvarpsformi, stöðugt, og svo að því er efni frumvarpsins snertir, bendir til þess, að hvorttveggja

þetta sje næst skapi sjálfrar þjóðarinnar, og hinar mörgu þingkosningar sem farið hafa fram á þessu tímabili, styrkja ályktun þessa kröptuglega.

2. Sama ályktun verður og dregin af fundargerðum flestra þingmálafunda þeirra, sem haldnir hafa verið í vor og sumar fyrir þing. Að vísu eru 6 kjördæmisfundir, sem leggja á móti því að stjórnarskrármálið sje tekið upp í frumvarpsformi í þetta sinn. En úr hinum kjördæmunum eru raddir þessara funda ýmist beint og skýlaust með fyrirliggjandi frumvarpi óbreyttu, eða með málinu í frumvarpsformi, og á sama grundvelli og á undanförnum þingum. Og loks hafa þessi síðarnefndu kjördæmi tekið af tvímælin um hinar ríkjandi skoðanir í þeim á þessu efni með fulltrúum þeim, er þau sendu á þingvallafundinn 28. f. mán.

3 Það er hvorttveggja, að mjer þykir þingsályktunarvegurinn óviðkunnanlegur fyrir löggjafarþing, sjerstaklega í þessu máli, og svo hefi jeg enga trú á að sjálfsstjórnarkröfur vorar fái betri árangur hjá konungi eða stjórn, ef hann er farinn. Atvik það, að neðri deild alþingis hvarflar nú frá þeim vegi, sem hún hefur haldið að minnsta kosti 7 næstliðin þing í röð og þótt hinn eini rjetti, hygg jeg að stjórnin skoði sem þreytu og dignun hjá þingi og þjóð, þrátt fyrir það, þótt aðalatriði málsins væri tekin upp í þingsályktunartillögu. En þessi skoðun hjá stjórninni væri bæði röng, af því óánægjan með stjórnarskrá vora og stjórnarfar fer einmitt sívaxandi, og skaðleg af því, að stjórnin er vön að rjettlæta synjanir sínar gagnvart oss með tvísýni á þjóðarviljanum, hvenær sem hún sjer átyllu til þess.

Jeg get því ekki ráðið hinni háttvirtu deild til, að samþykkja þingsályktunartillögu í þessu máli, heldur ræð henni þvert á móti eindregið til að samþykkja fyrirliggjandi frumvarp.

Neðri deild alþingis 29. júlí 1895.

Pjetur Jónsson.

Nd. 216. **Skýrsla**

um bænarskrár og aðrar málaleitanir, sem afhentar hafa verið fjárlaganefndinni í neðri deild alþingis 1895.

(Fylgiskjal við álit fjárlaganefndarinnar).

1. Bænarskrá frá Akurnesingum um 500 kr. styrk til bryggjugjörðar.
2. Bænarskrá frá sýslunefnd Mýrasýslu um 2000 kr. styrk til þess að brúa Langá.
3. Bænarskrá frá sýslunefnd Vestur-Skaptafellssýslu um 800 kr. styrk til að gjöra veg upp frá lendingunni í Vík.
4. Erindi frá Þorsteini Magnússyni á Húsafelli og Jósep Elíeserssyni um sæluhúsbyggingu á Arnarvatnsheiði.
5. Bænarskrá um, að mannvirkjafræðingur verði látinn skoða ströndina frá Ölfusá að Loptsstöðum.
6. Bænarskrá frá sýslunefnd Ísfirðinga um 4000 kr. árlegan styrk til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp.
7. Erindi frá þingmanni Mýramanna um 1000 kr. árlegan styrk til gufubáts á Hvítá.
8. Bænarskrá frá Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum um 25,000 kr. lán, vaxtalaust í 5 ár, til að setja á stofn tóvinnuvjelar á Húsavík.
9. Bænarskrá frá Guttormi Jónssyni í Hjarðarholti um 600 kr. styrk til að kaupa torfpressu.
10. Bænarskrá frá Guðjóni Jónssyni frá Ketilsstöðum í Hörðadal um allt að 500 kr. styrk til smíðatólakaupa og verkstæðis fyrir jarðyrkjusmíðar.
11. Skýrsla um búnaðarskólann á Hólum.

12. Skýrslur um búnaðarskólann á Hvanneyri, og beiðni um aukinn fjárstyrk til þess skóla.
13. Skýrslur um búnaðarskólann í Ólafsdal.
14. Skýrsla um búnaðarskólann á Eiðum.
15. Bænarskrá um 6000 kr. til kvennaskólans á Laugalandi til hússbyggingar.
16. Skýrsla um hag kvennaskólans á Ytri-Ey.
17. Bænarskrá frá frú Elínu Eggertsdóttur í Reykjavík um 1200 kr. styrk til að koma á stofn hússstjórnar- og matreiðslu-skóla í Reykjavík, og 600 kr. árlegan styrk til kennslu og viðhalds á skólanum.
18. Bænarskrá frá 2. þingmanni Norðurmúlasýslu um styrk til fyrirhugaðs kvennaskóla á Austurlandi.
19. Skýrsla um Flensborgarskólann.
20. Beiðni um 10.000 kr. fjárveitingu til vitabyggingar á Garðskaga og Gróttu.
21. Erindi frá O. Watne um vita á Dalatanga.
22. Bænarskrá frá stjórn landsjóðskirkna í Vestur-Skaptafellssýslu um fjárveiting til aðgjörðar og orgelkaupa m. m. í nefndar kirkjur, að upphæð alls 2045 kr.
23. Erindi frá biskupi um 225 kr. styrk til að gefa út tillögur handbókarnefndarinnar.
24. Bænarskrá frá síra Helga Árnasyni í Ólafsvík um endurgjald á tekjumissi.
25. Bænarskrá frá síra Birni Þorlákssyni um 1500 kr. eptirgjöf á landsjóðsláni til Vestdalseyrarkirkju.
26. Bænarskrá frá sóknarnefnd Kálfafellsstaðarsóknar um uppgjöf á eptirstöðvum af láni (200 kr.) úr landsjóði til kirkjunnar þar.
27. Erindi frá prófastinum í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi um 450 kr. til Bjarnaness prestakalls.
28. Bænarskrá um aukalækni á Eyrarbakka.
29. Bænarskrá um aukalækni í austurhluta Húnavatnssýslu.
30. Bænarskrár frá þingmönnum Suðurmúlasýslu um aukalækni í þeirri sýslu.
31. Beiðni frá búendum í Borgarhreppi í Mýrasýslu um að breyting verði gjörð á takmörkum aukalæknishjeraðsins á Mýrunum.
32. Bænarskrá frá Öræfingum um 150 kr. aukaþóknun til hjeraðslæknis fyrir 2 læknisferðir til sín á ári.
33. Bænarskrá frá sýslunefnd Skagfirðinga um 5000 kr. fjárstyrk til spítalastofnunar á Sauðárkrók.
34. Erindi frá landshöfðingja um útsending Stjórnartíðindanna.
35. Bænarskrár frá revisor Indriða Einarssyni um 1000—1200 kr. fyrir útlagðan kostnað við skrifstofuhald árin 1890—95, og 600 kr. árlega fyrir aðstoð við endurskoðunina.
36. Bænarskrá frá Skúla Thoroddsen um að fá endurgreitt 9388 kr. 54 a., sem haldið hefur verið eptir af launum hans frá 1. sept. 1892 — 31. maí 1895, svo og að eptirlaun hans verði ákveðin $\frac{2}{3}$ af launum hans.
37. Bænarskrá frá Árna hjeraðslækni Jónssyni á Vopnafirði um, að sjer verði veittar 115 kr. af launum hjeraðslæknisins í 14. læknishjeraði fyrir árið 1893, sem settum lækni í því hjeraði.
38. Beiðni frá formanni landsbókasafnsins um 20,000 kr. fjárveitingu til þess að kaupa fyrir handritasafn bókmenntafjelagsins.
39. Bænarskrá frá stjórn hins íslenzka náttúrufræðisfjelags um aukinn fjárstyrk.

40. Bænarskrá frá stórstúku Good-templara um 2000 kr. árlegan styrk til eflingar og útbreiðslu bindindis.
41. Erindi frá stúdentum í Kaupmannahöfn og Reykjavík um 2500 kr. árlegan styrk til útgáfu íslenzkra kennslubóka handa latínuskólanum.
42. Skýrsla frá rektor Jóni Þorkelssyni um útgáfu orðabókar hans.
43. Bænarskrá frá kand. Bjarna Sæmundssyni um 1000 kr. styrk hvort árið til að rannsaka fiskiveiðamál.
44. Bænarskrá frá kand. Helga Jónssyni í Kaupmannahöfn um 1200 kr. styrk á ári til gróðrarrannsókna á Íslandi.
45. Bænarskrá frá Magnúsi Einarssyni organista á Akureyri um 400 kr. styrk til að kenna orgelspil.
44. Bænarskrá frá síra Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði um 1000 kr. til að safna íslenzkum þjóðlögum.
47. Bænarskrá frá Páli barnakennara Jónssyni á Akureyri um styrk til að kynna sjer barnaskóla og annað, er að kennslu lýtur í Danmörku, að upphæð 300—500 kr.
48. Bænarskrá frá Pjetri Guðmundssyni kennara á Eyrarbakka, um 100—200 kr. ferðastyrk til kennarafundar í Stokkhólmi.
49. Bænarskrá frá kand. Einari Benediktssyni um 1200 kr. styrk til útgáfu Íslands lýsingar fyrir enska ferðamenn.
50. Bænarskrá frá kand. Ólafi Davíðssyni í Kaupmannahöfn um 800 kr. styrk á ári til að semja íslenzka bókmenntasögu.
51. Bænarskrá frá Einari Jónssyni frá Galtafelli um 500 kr. styrk hvort árið, til að læra myndasmíði.
52. Bænarskrá frá bókbindara Þóraini B. Þorlákssyni í Reykjavík um 700 kr. styrk hvort árið, til að læra málaralist erlendis.
53. Bænarskrá frá Guðmundi Magnússyni í Reykjavík um 1000 kr. styrk til að læra hraðritun erlendis.
54. Bænarskrá frá Jóni B. Thorarensen frá Stórholti um 1000 kr. styrk til að læra hraðritun erlendis.
55. Bænarskrá frá Stefáni Eiríkssyni á Blöndudalshólum um allt að 1000 kr. styrk til að læra hraðritun erlendis.
56. Bænarskrá frá Stefáni Egilssyni múrara í Reykjavík um uppbót fyrir steingarðsbyggingu kringum hegningarhúsið, að upphæð 56 kr.
57. Bænarskrá frá Jóhanni Jónssyni aukapósti í Geirdal um 1000 kr. ellistyrk, eða 100—200 kr. styrk á ári.
58. Bænarskrá frá Ólöfu Hjálmarsdóttur yfirsetukonu í Stykkishólmi um ellistyrk.
59. Bænarskrá frá Sigríði Árnadóttur í Reykjavík um 200 kr. ellistyrk á ári.
60. Bænarskrá frá Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, um aukinn ellistyrk.

Nd. 217. **Frumvarp**

til laga um sjerstök eptirlaun handa yfirkennara Halldóri Kr. Friðrikssyni. Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Eptirlaun yfirkennara Halldórs Kr. Friðrikssonar af landsjóði skulu vera árlega 2650 kr.

Nd. 218 **Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur vísað til undirskrifaðra nefndarmanna ofannefndu frumvarpi, til þess að vjer gjörðum um það tillögur vorar og leyfum vjer oss hjer með, að skýra frá áliti voru á þessa leið:

Við 2. gr. Árgjaldsskuld þessi frá Staðarprestakalli á Reykjanesi, að upphæð 800 kr., er fyrir 2 ár og er að minnsta kosti 2.– 3. ára gömul, áfallin fyrir fardaga 1893. Vjer teljum það mjög óheppilegt að árgjaldsskuldir skulu þannig safnast fyrir, og álítum að til þess megi ekki og þurfi alls ekki að koma, þar sem hlutaðeigandi yfirvöld hafa vald til þess að kyrsetja það sem nægjir af tekjum prestsins, er árgjaldið greiðist eigi að liðnu fardagaárinu.

Með hliðsjón af aðgjörðum þingsins í þessu máli 1893, sem vikið er að í athugasemdunum við frv. stjórnarinnar, og með tilliti til þess, að hlutaðeigandi prestur hefur nú fengið lausn frá embætti og er efnalítill maður við lág eptirlaun, getum vjer þó fallizt á, að helmingur þessarar skuldar verði gefinn eptir.

Við 3. gr. Þessa grein ráðum vjer til að fella burt, þar sem sýslunefnd Árnessýslu hefur nýlega tekið húsið við Ölfusárbrúna á leigu til tveggja ára, og í því húsi mun vera nægilegt rúm til að geyma muni þá, er tilheyra brúnni. En að því er kemur til skýlis fyrir brúarvörðinn, þá er það bein skylda hlutaðeigandi sýslunefndar samkvæmt lögum 24. nóv. að koma slíku skýli upp.

Við 4. gr. Vjer föllumst á ástæður stjórnarfrv. fyrir þessari fjárveiting og leggjum til, að greinin sje samþykkt óbreytt.

Þá leggjum vjer til, að bætt sje nýrri grein aptan við frv., sem verður 4. gr.

Úr ýmsum kjördæmum landsins hafa komið fram áskoranir til þingsins að leita einhverra ráða til að afstýra bráðafárinu, sem síðastliðinn vetur gjörði svo hræðilegt eignatjón í mörgum hjeruðum landsins. Vjer teljum þinginu skylt, að leggja örlátlega fram fje til slíkra tilrauna, þar sem um svo stórkostlegt atvinnutjón er að ræða, og teljum þann veg líklegastan, að stjórnin útvegi hingað til landsins einhvern þann mann frá Noregi, er hún álítur færastan, til að rannsaka bráðafárið hjer og leggja ráð við því. Vjer gjörum oss von um, að maður þessi geti komið hingað seint á þessu hausti og dvalið hjer fram eptir vetrinum og ferðast hjer um, og kjósum vjer því heldur vegna hinna bráðu nauðsynjar, að setja fjárveitinguna til þessa inn á fjáraukalögin fyrir 1894 og 1895 en á fjárlögin. Fjárveitinguna verðum vjer að setja nokkuð af handahófi, en ætlum að hún þurfi að vera allt að 2500 kr.

Samkvæmt þessu verða tillögur vorar:

1. Við 1. gr. Fyrir 2,100 kr. komi: 3,700 kr.
2. — 2. gr. Fyrir „Afgjöld þau“ komi Af árgjöldum þeim.
   Fyrir „verða gefin eptir og“ komi: verða gefnar eptir 400 kr., er
3. — 3. gr. Greinin falli burt.
4. — 4. gr 4. gr. verði 3. gr.
5. Aptan við bætist ný grein svo hljóðandi:

4. gr. Til að útvega hæfan mann frá Noregi til að rannsaka og leggja ráð við bráðafári veitist allt að 2500 kr.

Neðri deild alþingis 27. júlí 1895,

Tryggvi Gunnarsson	Þórhallur Bjarnarson	Guðjón Guðlaugsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	
Jón Jónsson þm. A—Sk.	Pjetur Jónsson.	Sigurður Gunnarsson.
	Þórður J. Thoroddsen.	

Ed. 219. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suðurmúlas. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Að Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 220. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í N. d.

Ákvæðin í 3. tölulið 2. gr. í lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknarrjett embættismanna eru úr lögum numin.

Skylda sú, er að lögum hefur hvílt á embættismönnum, að hreinsa sig af ærumeiðandi sakargiptum með dómi, samkvæmt skipun yfirboðara þeirra, er úr lögum numin.

Nd. 221. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um nýja frímerkjagjörð. Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 3. gr. Í staðinn fyrir: »25 og 30 aura«, komi: 1 eða 2 og 25 aura.

2. Við 6. gr. Síðari málsgreinin orðist þannig: Eigi er skylt við þá sölu að láta frímerkin af hendi í minni mæli en heilum örkum og fyrir að minnsta kosti 100 kr. eptir ákvæðisverði.

Ed. 222. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum.

Vér, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, teljum frumvarp þetta þess vert að það verði gjört að lögum. Að vísu eru sum ákvæði þess þannig löguð, að talsverðir agnúar munu verða á eptirlitinu með framkvæmd þeirra, en [illegible] munu þau þó heldur verða til þess að varna útbreiðslu holdsveikinnar, ef hún annars er sóttnæm, þótt slík vörn geti aldrei orðið til hlítar, meðan ekki er stofnaður spítali handa holdsveikum.

Vjer höfum gjört nokkrar breytingar við frumvarpið, sem mestmegnis eru orðabreytingar, og ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

1. við 1. gr. Fyrir »skilin að« komi »skilin«
2. — - — Fyrir »aðskilnað« komi »skilnað«
3. — - — Fyrir »amtmanni« komi: »sýslumanni eða bæjarfógeta«
4. — 2 — Fyrir »amtmaður« komi «sýslumaður eða bæjarfógeti»
5. — - — Fyrir »komið fyrir á þann hátt, er lækni þykir» komi, »komið svo fyrir að lækni þyki«.
6. — - — Fyrir orðin: »fyrirskipunum — — — — — mátti ætlast til« komi: »þeim varúðarreglum, er honum hafa verið settar og ætlast má til«.
7. — - — Önnur málsgrein orðist þannig: »Þegar þannig stendur á, skulu hjón heldur eigi skilin nauðug«.
8. — - — Fyrir: »Amtmaður« komi: »sýslumaður eða bæjarfógeti«
9. — 3. — Síðasta málsgrein orðist þannig: »Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 200 kr. sektum og skal fara með þau sem opinber lögreglumál«.
10. — - — Fyrir: »hver í sínu umdæmi skulu« komi: »skulu, hver í sínu umdæmi«.

Alþingi 30. júlí 1895.

Þorkell Bjarnason,	Sigurður Stefánsson,	Sigurður Jensson,
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Ed. **223. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa. (Eins og það var samp. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Til þess að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlazt rjett til að hafa danskt flagg, verða að minnsta kosti $^{2}/_{3}$ hlutar þess að vera eign innborinna manna, er ekki eru þegnar annars ríkis, eða þeirra manna, er fengið hafa dönsk þegnrjettindi með því að vera orðnir heimilisfastir á Íslandi eða í Danmörku. Sje skipið eign hlutafjelags, þá á stjórn þess að hafa aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku og fjelagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hjer að framan.

2. gr. Um öll skip, sem eiga heima á Íslandi og heimilt er að hafa danskt flagg, og eiga að vera mæld samkvæmt tilskipuninni um skipamælingar, skal höfð skipaskrá.

Um skrásetning skipsins á skipaskrána skal gefið út skjal, þjóðernis- og skrásetningar-skírteini, og skal það, meðan það er í gildi, ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. grein) vera fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, hvenær sem þess er spurt.

Auk aðalskjals þessa þarf sjerhvert skrásett skip, bæði á friðar- og ófriðar-tímum, aðeins að hafa farmskjöl þau, sem með þarf, og skilríki þau um skipshafnir og afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa.

Skip, sem að eins eru 30 smálestir »brúttó« og þaðan af minni og einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, eru undanþegin ákvörðununum hjer að framan um skrásetningar- og þjóðernis-skírteini; skulu þau sett á skrá sjer og að eins fá mælingarskírteini, og ákveður stjórnin, hvernig það skuli vera. Sjeu þau ætluð til siglinga til annara ríkja, skal hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofa annast um, að þau, áður en þau eru búin úr landi, fái þjóðernis skírteini, og ákveður stjórnin hvernig það skuli vera.

Ekkert íslenzkt kaupfar, sem ekki er stjórnarskip, má hjer eptir hafa neitt annað flagg fyrir þjóðernisflagg en hið almenna danska verzlunarflagg, en það er kaupferðarflagg það, sem skipað er fyrir um í tilskipun 11. júlímán. 1748, 1. grein.

3. gr. Á öllum skipum, sem eru skrásett samkvæmt 2. grein, skal »nettó«-smálestatal þess og skrásetningarstafirnir ávallt vera markaðir á þiljubitann í aptari röndinni á stórlúkunni, eða ef því verður ekki komið við, þá einhverstaðar annarstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því.

Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkennt sem skrásett danskt skip.

4. gr. Skrásetning skipa er undir stjórn og umsjón yfirvalds þess, sem konungur skipar til þess, og á Íslandi skulu lögreglustjórarnir annast hana, og hvert lögsagnarumdæmi í landinu vera skrásetningarumdæmi fyrir sig.

Á aðalskrá skrásetningar- og skipamælingar-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, skal einnig rita skip, sem skrásett eru á Íslandi, og skulu þjóðernis- og skrásetningar-skírteini þau, sem um er rætt í annari grein, gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr. Í hverju skrásetningarumdæmi skulu skip í því hjeraði sett á skrá og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett í.

Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem

hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Ekki má rita á íslenzku skipaskrárnar skip þeirra dönsku þegna eða hlutafjelaga, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, nema stjórnin veiti sjerstaklegt leyfi til þess.

Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og allt af skulu vera kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á.

Skrár yfir skip þau, 30 smálestir »brúttó« eða minni, er talað er um í 2. gr. og rjett hafa til að sigla undir dönsku flaggi, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima. Nú á skipseigandi heima erlendis, og má þá taka skipið á skrána, ef hann hefur veitt öðrum, er heimili eigi á Íslandi, umboð til að annast slíkt við skrásetningaryfirvöld og hefur þeim það tilkynnt verið, og skal þá taka skipið á skrá í því umdæmi, þar sem umboðsmaður á heima.

6. gr. Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. grein og haldin er í Kaupmannahöfn, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr. Skrásetningar-bækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum:

1. skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað;
2. hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd);
3. smálestatal skipsins og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út;
4. nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru.

Sje fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hlut hver eigi í skipinu.

Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgjörðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi.

Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr. Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hvenær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi misst rjett til að vera álitið danskt skip, eða að það sje komið undir annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. grein).

9. gr. Eigandinn eða umboðsmaður hans skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sje það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmisins, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í.

Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með:

1. skipasmíðisskírteinið, og hafi orðið eigandaskipti síðan skipið var byggt, þá ennfremur heimildarbrjef þess eða þeirra, er vilja láta skrásetja það sem sína eign. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og í eptirriti, og verður eptirritið kyrrt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar;
2. skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sjeu þess konar menn, sem heimilt sje að eiga skip, er hefur danskt flagg, samkvæmt 1. grein, eða ef skipið er eign hlutafjelags, þá skrifleg yfirlýsing einnig upp á æru og trú frá stjórn fjelagsins um, að skilmálunum, sem settir eru í 1. grein fyrir því að eiga danskt skip, sje

fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið skuli ekki verða vanbrúkuð til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og dönsk skip hafa.

Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningar-embættismanns eða að sjá um, að hún sje staðfest af nótaríus.

Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sje heimilt að eiga skip, er hefir danskt flagg, þá verður hann að sanna það með skýrteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilríki þau, sem hjer eru heimtuð, ef komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt, svo að nægir.

10. gr. Þegar búið er á skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og um mælinguna í skjal, sem gjört er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) þegar í stað til landshöfðingja, og þegar hann ekki hefir neitt fram að færa á móti því, að skipið sje viðurkennt sem danskt, gefur hann út handa því bráðabirgða þjóðernis-skýrteini, er samið sje eptir formála, sem stjórnin nákvæmar til tekur; sendir hann skrásetningarskrifstofunni það til þess, að hún skili því til skipsins og ber henni um leið að sjá um, að markað sje á skipið nettó smálestatalið og skrásetningarstafir þeir, sem landshöfðingi hefir tekið til. Áður en skipið er afgreitt, skal þar að auki á skrásetningarskrifstofunni rita nafn skipstjóra á skýrteinið og upplýsingu um heimild hans til að vera skipstjóri. Skýrslu þá, sem landshöfðingi hefur fengið frá skrásetningarskrifstofunni um gjörðina með fylgiskjölum, skal hann senda skrásetningar og skipamælingar-skrifstofunni í Kaupmannahöfn. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið, og má, ef þess þykir þörf, krefjast þess, að skipið sje mælt um að öllu eða nokkru leyti, svo og fela landshöfðingja að annast um að upplýsingar þær, sem komnar eru fram, sjeu gjörðar fullkomnari eða ítarlegar sannaðar. Þegar öll þessi skilríki eru fengin, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim.

11. gr. Þegar skrásetningin er búin, gefur skrásetningar- og skipamælingar-skrifstofan út þjóðernis- og skrásetningarskýrteini fyrir fullt og allt; skal það lagað eptir formála þeim, sem í hvert skipti gildir fyrir dönsk skip, og mælingarskýrteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar inni að halda, sem tilgreindar eru í skránni samkvæmt 7. grein. Skýrteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) sent landshöfðingja aptur hið bráðasta, til þess að hann þegar í stað sendi það skrásetningar-skrifstofu þeirri sem í hlut á, og skal þar síðan bóka það sem með þarf í skrárnar á hverjum stað um sig (5. grein) og leiðrjetta nettó-smálestatalið og fl. ef rangt er, og skal hlutaðeiganda skipi síðan skilað þessu fullgilda skýrteini, þá er búið er samkvæmt fyrirmælum 10. gr. að rita nafn skipstjóra og fl. á það, móti því, að það skili af sjer bráðabirgðarskýrteininu. Hið síðarnefnda skýrteinið skal sent landshöfðingja ásamt skýrslu um, að búið sje að láta hið fullgilda skýrteini úti.

Sje skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í samræmi við það, sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, er hefur þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, er skipið afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. grein, til þess að skipið geti komizt á skrána í hinu síðarnefnda umdæminu

Skýrteinið skal ávallt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess verður krafizt af dönsku yfirvaldi, hvort sem er borgaralegt yfirvald eða hermaður eða danskur verzlunarfulltrúi.

Það er bannað, að neitt sje ritað á skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gjört af landshöfðingja eða á einhverri skrásetningarskrifstofu í Danmörku eða á Íslandi eða af dönskum verzlunarfulltrúa, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eptir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr. Skip, sem smíðað er erlendis á kostnað íslenzks manns, eða er komið í danska eða íslenzka eign, getur ekki orðið skrásett, fyrr en það er komið í danskt eða íslenzkt skrásetningar-umdæmi.

Þó skal dönsku verzlunarfulltrúunum, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim skilríki þau, sem um er rætt í 9. greinar 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, og skal það hafa sama gildi og fullkomið þjóðernisskýrteini, þangað til skipið verður skrásett fyrir fullt og allt.

Þjóðernis skýrteinið til bráðabirgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda:

1. nafn skipsins, og hverskonar skip það sje,
2. hvenær og hvar skipið sje keypt, og nafn hins íslenzka eða hinna íslenzku eigenda þess samkvæmt kaupbrjefinu eða öðru heimildarskjali;
3. nafn skipstjóra;
4. eins nákvæmar upplýsingar, og fengizt geta eptir atvikum, um smálestatal þess, lögun og lýsingu á því,
5. hversu lengi skýrteinið sje gilt.

Undir eins og verzlunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, sendir hann eptirrit af því til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Slíkt bráðabirgða þjóðernis-skýrteini er samt ekki lengur gilt, en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á danska eða íslenzka höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár, frá því að það er gefið út, ef stjórnin veitir ekki sjerstaklega leyfi til þess.

Skipstjórinn á skrásettu íslenzku skipi, sem smíðað er upp aptur erlendis, getur krafizt af næsta dönskum verzlunarfulltrúa, að hann láti sig fá skýrteini, er veiti sjer heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini sitt eptir sem áður, þangað til hann kemur inn á danska eða íslenzka höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sje breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini. Ekki getur slíkt skýrteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr. Á sjerhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera ritað aptan [illegible] því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu letri að [illegible]tri ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig [illegible] bókstafa [illegible] nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minnsta kosti bil fyrir 1 [illegible] ill orðanna.

Sje [illegible] skipið til annara ríkja skal nafn þess ennfremur á líkan hátt letrað á báðar hliðar þess [illegible] svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa, skal bæði að framan og aptan um fetum. [illegible] ve djúpt það ristí, öðrumegin í «decimetrum» en hinumegin í enzk-

Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burtu, nema í ófriði, til þess [illegible] forðast að fjandmennirnir taki það.

Ekkert skip má nefna öðru nafni en því sem það er skrásett með.

Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskipti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr. Sje þess farið á leit við stjórnina, má í staðinn fyrir áður út gefið þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini láta koma nýtt skýrteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skýrteininu aptur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningar skýrteini skrásetts skips glatazt, má láta úti nýtt skýrteini, ef þess er farið á leit við stjórnina.

Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sje mælt um, skal ekki gjalda neitt fyrir það.

Týnist þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið erlendis, getur næsti danskur verzlunarfulltrúi gefið út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða (13. grein), og skal þess getið með berum orðum, hverra orsaka vegna það sje gefið út. Þegar svo er, á sá, sem biður um skýrteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skýrteinið týndist.

16. gr. Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig að skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu aptur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aptur.

Hafi skipið farizt erlendis, skal dönskum verzlunarfrulltrúa skýrt frá því eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skýrteininu.

Verzlunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeigandi stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmari skýrslu um skiptapann.

17. gr. Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. grein, er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa danskt flagg, á sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan væri fullgjörð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aptur skýrteininu.

Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra danska verzlunarfulltrúanum frá henni og skila honum skýrteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á verzlunarfulltrúinn að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn danskur verzlunarfulltrúi er, verður sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, að útvega sönnun staðfesta af nótaríusi um söluna, og senda skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn skilríki þessi ásamt með skýrteininu.

Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort sölu opinberlega eða að erfðum, á rjettarþjónn sá, sem hefir látið söluna fara fram skipt búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti danskur verzlunarfulltrúi að það, sem með þarf. á á Ís-

Þessar ákvarðanir eiga einnig við um þau tilfelli, er skip, sem he landi, verður dæmt upptækt erlendis, af því það sje óhaffært. sem þó ekki

18. gr. Verði nokkur breyting á eignarrjettinum yfir skipinu, ru af atvikum snertir rjett þess að hafa danskt flagg, og eins verði breytingar á sje annar orðinn þeim, sem skrásett eru samkvæmt 7. grein, þá ber eigandanum, breyting þessi varð, eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því

að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkvæmt 9. grein, þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eptir því.

Þó að eigandaskipti verði eða skipstjóraskipti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skýrteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skýrteininu.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti danskur verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskipti, senda skýrslu um þau.

Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu um, hvers konar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skýrteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skýrteini.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti danskur verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (smbr. 13. gr.).

Sjerhver skrásetningarskrifsstofa á Íslandi skal tafarlaust senda landshöfðingja, skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan, og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu. Skal skýrsla þessi síðan send skrásetningar- og skipamælingar-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

19. gr. Vilji maður flyta skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gjöra það, ef eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á.

Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu, sem fyr hefur verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða hinu nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skýrteini verði gefið út.

20. gr. Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðzt er upplýsinga um.

Sömuleiðis má með sömu skilmálum fá hjá landshöfðingjanum eptirrit af þjóðernisskýrteini til bráðabirgða, sem fyr er útgefið og enn er gilt, og frá skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og skrásetningarskýrteini; skal embættismaður sá, sem í hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var látið í tje.

21. gr. Ef eigandinn sjerstakra orsaka vegna æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi, áður en það er skrásett, fara hafna á milli á Íslandi, þá getur hlutaðeigandi háyfirvald, ef þess er farið á leit, leyft það og gefið út leiðarbrjef, eða skriflegt [illegible] sem hefur sama gildi innan tjeðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningar[illegible]ni.

eigi 22. gr Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem sekt fyrptir lögum þessum rjett til þess að hafa danskt flagg, varðar allt að 2 kr. að önnur erja smálest af netto-smálestatali skipsins, ef slík athöfn ekki er svo vaxin, 23. yngri refsing liggi við henni.

setningarskýrte Ef það sannast, þegar búið er að gefa út og skila þjóðernis- og skrá- þá skal goldin af að það hefur verið svikið út handa skipi, sem ekki hefur rjett til þess, ð 4 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk

hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin, til þess að koma þessu fram og saknæm eru eptir hegningarlögunum.

Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið sje ógilt, og skal það gert upptækt, undir eins og verður.

24. gr. Láti maður fyrirfarast að skýra frá breytingum á skipi, er svipta það rjetti til að hafa danskt flagg, þá varðar það sekt allt að 50 kr. Láti maður fyrirfarast að skýra frá þessu og það er gert í því skyni, að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt allt að 4 kr. fyrir hverja smálest af nettó smálestatali skipsins.

25. gr. Láti maður fyrirfarast að skila aptur þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, eptir því sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr. án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, þá varðar það allt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins.

Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið — ef skipið er enn til — sje ógilt.

26. gr. Amtmaður tiltekur upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25 gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gjört á hendur mönnum sektir, allt að 20 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs eðlis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum og í samhljóðan við þau.

27. gr. Fyrir sektum þessum er eigandinn, og sjeu þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafjelög, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr. Ef nokkur, sem krafizt er af sektar samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sje sekur, og hverja hegningu hann eigi að þola, ef svo er þar að auki er það amtmaður, sem ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Sektir allar renna í landsjóð.

29. gr. Reglugjörðir þær, sem þurfa til að fylgja lögum þessum fram, gefur yfirvald það út, sem nefnt er 4. gr.

30. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlímán. 1896 og er tilskipun fyrir Ísland 25. júní 1869 um skrásetning skipa um leið úr lögum numin.

Ed. 224. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Eins og það var samþykkt við 2. umr. Ed.

Við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 225. **Frumvarp**

til laga um undirbúning verðlagsskráa. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður kosinn af hreppsnefnd eða bæjarstjórn, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfjelagi í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok, semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningagangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfjelags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar.

Nú er einhver tegund landaura, sem hefur ekki gengið kaupum nje sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, þótt hún sje þar til og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum, má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um, að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða samskonar vörutegund hefir gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Nú hefur einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga, en með óvanalega lágu eða háu verði, sem sjerstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningu verðlagsskýrslunnar. Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða. Skýrsla þessi undirskrifuð af öllum semjendum skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfjelaginu í tvær vikur.

2. gr. Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfjelaga skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eptir þeim eina aðalskýrslu fyrir hjerað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna, en stiptsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landsjóði. Nú er eigi verðlag sett á einhverja vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur.

3. gr. Verðlagsskrá gildir frá 16. maímánaðar til jafnlengdar næsta ár, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi.

4. gr. Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsúrskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi og konungsúrskurður 2. marz 1853.

Nd. 226. **Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Ed. 227. **Frumvarp**

til laga um hagfræðisskýrslur. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Landstjórninni ber að annast um, að samdar sjeu árlega hagfræðislegar skýrslur um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun, og skulu þær samdar og útgefnar á kostnað landsjóðs.

2. gr. Um fyrirkomulag á skýrslunum og undirbúning til þeirra ákveður landshöfðingi með reglugjörð, og annast hann um, að út sje gefin á kostnað landsjóðs nauðsynleg eyðublöð, er stjórnarvöldum þeim, sem hann fyrirskipar, ber að láta útfylla.

3. gr. Skyldur er hver búandi og hver sá, er nokkurn fjenað hefur, til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í tje, þegar þess er krafizt, nákvæma skýrslu um það, hve margt nautgripa, sauðfjár, geitfjár og hrossa, á hverjum aldri sem er, hann hefur undir höndum, hvort sem hann sjálfur er eigandi að eða ekki.

Bændur og aðrir þeir, er nokkra jarðrækt stunda, eru á sama hátt skyldir til að láta árlega í tje skýrslur, svo nákvæmar, sem kostur er á, um stærð túna þeirra og sáðlands, um jarðabætur, er unnar hafa verið og jarðargróða, er þeir hafa fengið á árinu, svo sem töðu, úthey, maturtir, mótekju, hrísrif og skógarhögg.

4. gr. Skipstjórar á þilskipum og formenn á opnum bátum, sem til nokkurs veiðiskapar ganga, skulu skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje skýrslur, svo nákvæmar sem föng eru til, um það, hve mikið hafi aflazt á skipum þeim eða bátum, er þeir hafa farið með. Skýrslna þessara má einnig, ef þurfa þykir, krefjast af útgerðarmönnum skipanna eða bátanna.

5. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eður sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hjer á landi og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands hjeðan, allt eptir því sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landshöfðingi útgefur.

6. gr. Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu skyldir til að senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um eignir og skuldir stofnananna, eptir formi, er hann fyrirskipar.

7. gr. Heimta má, að hlutaðeigendur votti upp á æru og trú, að skýrslur þær, sem um ræðir í 3.—5. gr., sjeu gefnar eptir beztu vitund.

8. gr. Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorð upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 króna. Tregðist nokkur við að láta í tje skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 10 kr. á dag.

9. gr. Um aðrar landshagsskýrslur en þær, sem atvinnuvegina snerta, gilda sömu reglur og fylgt hefur verið til þessa.

10. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Ed. 228. **Frumvarp**

til laga um fjárráð giptra kvenna. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Rjett er, að giptar konur sjeu hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna; skal hjúskaparmáli vera skriflegur og gerður í tveggja votta viðurvist með áritaðu vottorð viðkomandi sýslumanns eða bæjarfógeta um, að hann sje löglega gerður, og ná að öðru leyti hin almennu ákvæði laganna um gildi samnings til slíkra hjúskaparmála. Nefnt vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta veitist ókeypis.

3. gr. Nú gera hjónaefni hjúskaparmála; skal hann, áður en brullaup fer

fram þinglesinn eða fyrirfram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi, skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í, lýsa hjúskaparmála sínum.—Nú hljóðar hjúskaparmáli um fasteignir, og skal hann, áður en brullaup fer fram, fyrirfram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. lið 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn, eða fyrirfram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvort hjóna skuli bera ábyrgð skulda; enda skerðir slíkur hjúskaparmáli, þótt þinglesinn sje, í engu rjett þeirra, er áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjörður, nema sannað verði, að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir, að það skuli sjereign vera, er öðru hvoru hjóna hlotnast að arfi eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu, nema öðruvísi sje um samið í hjúskaparmála. Hvorugt hjóna má þó gefa, selja, veðbinda nje leigja fasteignir búsins, nema samþykki hins komi til.

Nú hefur annaðhvort hjóna gjört slíkan samning að hinu fornspurðu, og er hann þá ógildur. Ef helmingarfjelag er með hjónum, getur hvorugt þeirra, svo að gilt sje, tekizt á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna, nema samþykk hins komi til.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu, en þó gegn endurgreiðslu við fjárskipti búsins, ef það hjóna, er ekki átti hið óskilgetna barn, hefur mælt svo fyrir.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu, og hefur hún þá ein rjett, til að ráða yfir, hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbús ns, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi, má ekki taka atvinnuarð þenna til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað, án þess samþykki konunnar komi til.

11. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtumönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastur samningur.— Þó er gjöf ógild, nema sannað verði, að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti andvirði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin.— Þessi ákvæði ná þó eigi til smágjafa þeirra sem hjón gefa hvort öðru, og sem ætlaðar eru því hjóna, sem gjöf þiggur, til eigin afnota.

12. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum, eða fyrir aldurs sakir eigi fullráð

fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds- eða tilsjónarmanns.

13. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr lögum numnar.

Nd. 229. **Frumvarp**

til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Á kostnað landsjóðs skal kaupa eimskip, er sje að minnsta kosti 600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 60 manns í 1. farrými og 40 í 2. farrými. Allt sje skipið yfirbyggt og hafi að minnsta kosti 11 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Skipinu skal fylgja lítill eimbátur, er nota megi til flutninga frá og að skipinu á höfnum. Til þess að kaupa slíkt skip má verja allt að 350,000 kr.

2. gr. Eimskip það, er um ræðir í 1. gr., skal haft í förum milli Íslands og útlanda og kringum strendur landsins samkvæmt ferðaáætlun, er farstjóri með ráði landshöfðingja ákveður.

3. gr. Árleg útgjöld til útgerðar skipsins skal veita á fjárlögunum, enda renni allar tekjur þess í landsjóð.

4. gr. Kaup á skipinu og útgerð þess skal falin á hendur farstjóra undir yfirumsjón fargæzlumanna. Heimili þess skal vera í Reykjavík og skal farstjóri hafa aðalskrifstofu sína þar og taka þar móti lögsókn í öllum þeim málum, er höfðuð kunna að verða gegn honum sem farstjóra.

5. gr. Í farstjórninni eru auk farstjóra tveir fargæzlumenn, er alþingi kýs í sameinuðu þingi til tveggja ára í senn. Deyi annarhvor þeirra milli þinga, eða fatlist á annan hátt, kýs landshöfðingi með ráði hins til bráðabirgða mann í hið auða sæti.

6. gr. Landshöfðingi skipar farstjóra með ráði fargæzlumanna og víkur honum frá, þegar ástæða þykir til. Farstjóri setur hæfilegt veð eptir því, sem landshöfðingi ákveður.

7. gr. Farstjórinn annast ráðningu yfirmanna á skipið, farþjóna á skrifstofur sínar og fargreiðslumenn á þeim stöðum, er þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Hann ákveður og fargjald og farmeyri, verð á vistum og öllu, er þar að lýtur. Þó skal hann hafa samþykki fargæzlumanna, að því er snertir laun, fargjald, farmeyri og allar verðskrár.

8. gr. Farstjórinn skal semja nákvæma reikninga yfir tekjur og útgjöld skipsins á hverjum ársfjórðungi, og senda þá með fylgiskjölum til landshöfðingja, og fer svo um endurskoðun þeirra og úrskurð á þeim, sem um aðra landsreikninga.

9. gr. Farstjórinn skal hafa í föst laun 3000 krónur á ári og auk þess 4% af öllum fargjöldum og farmeyri skipsins. Fargæzlumenn skulu hafa 500 króna þóknun hvor á ári. Farstjóri og fargæzlumenn skulu hafa ókeypis far með skipinu hvert er þeir vilja á ferðum þess samkvæmt áætlun.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi sama dag og þau eru staðfest.

Nd. 230. **Breytingar- og viðaukatillögur**
við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. tölul. 7. Fyrir: 1000 kr. komi: 1100 kr.
2. — — — 22. — 2100 — — 2000 —
3. Aptan við greinina bætist nýr tölul:
»35. Leirvogstungu í Kjósar- og Gullbringusýslu kr. 2600,00.

Nd. 231. **Breytingartillögur**
við frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. jan. 1872. Frá Einari Jónssyni, Ólafi Briem, Sigurði Gunnarssyni, Skúla Thoroddsen, Guðjóni Guðlaugssyni og Jóni Jónssyni, þm. Eyf.

Við 1. gr. a. Aptan við orðin: »jörðu eða jarðarhluta« bætist: Þó eru undan skilin afnot af ítökum, svo og engjalán eða beitar, eldiviðartak og torfrista, er litlu verði nemur, eða jörð verður að fá aðkeypt, sakir þess að hana vantar það.

b. Á eptir orðunum: »Hafi þar eigi fast aðsetur« komi: »Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, er leyst hafa borgarabrjef og hafa sölubúð, má einnig gjald leggja, að því leyti sem þau hafa þar vörur til sölu.

c. Fyrir: »árlegum arði« komi: »árlegri veltu og arði«.

Við 2. gr. Á eptir »nr. 12« komi: »9. ág. 1889«.

Sþ. 232. **Skýrsla**
um gjöf Jóns Sigurðssonar á tímabilinu frá 27. júlí 1893 til 27. júlí 1895.

Tekjur:

		kr.	a.
1.	Eign sjóðsins eptir skýrslu, dags. 27. júlí 1895.		
	a. Innritunarskýrteini Ltr. A. fol. 93	kr. 8400,00	
	b. Veðskuldabrjef	— 1000,00	kr. a.
	c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 1835,67	11235,67
2.	Tekjur á ofannefndu tímabili:		
	a. Ársvextir af innritunarskírteini til 11. júní 1894	— 294,00	
	b. Ársvextir af sama til 11. júní 1895	— 294,00	
	c. Ársvextir af veðskuldabrjefum til 11. júní 1894	— 73,38	
	d. Ársvextir af sömu til 11. júní 1895	— 92,00	
	e. Ársvextir af fje í landsbankanum til 31. desember 1893	— 50,07	
	f. Ársvextir af sama til 31. des. 1894	— 28,12	— 831,57
		Samtals kr.	12067,24

Útgjöld:

		kr.	a.
1.	Fyrir auglýsingar í Ísafold		10,50
2.	Verðlaun til dr. Björns Ólsens		500,00
3.	Verðlaun til Jóns prófasts Jónssonar á Stafafelli		200,00
4.	Eign sjóðsins 27. júlí 1895		
	a. Innritunarskýrteini Ltr. A. fol. 93	kr. 8400,00	
	b. Veðskuldabrjef	— 2300,00	
	c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 656,74	— 11356,74
		Samtals kr.	12067,24

Reykjavík 27. júlí 1895.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Ed. 233. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um birting hinna opinberu auglýsinga. Frá Halligr. Sveinssyni, Lárusi Sveinbjörnssyni, Kristjáni Jónssyni og Þork. Bjarnasyni.

Meginmál frv. orðist á þessa leið:

Stjórninni veitist heimild til að birta auglýsingar þær, sem ræðir um í opnu brjefi 27. maí 1859 í stjórnartíðindunum fyrir Ísland o. s. frv.

Nd. 234. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. Frá Valtý Guðmundssyni, Klemens Jónssyni, Jóni Þórarinssyni, Jens Pálssyni, Skúla Thóroddsen og Guðjóni Guðlaugssyni.

Í stað orðanna: »og fer svo um endurskoðun þeirra« og til enda greinarinnar (8. gr.) komi: »og skulu þeir endurskoðaðir af manni, er hið sameinaða alþingi kýs til tveggja ára í senn, en landshöfðingi úrskurðar þá. Endurskoðandi skal fá 500 kr. á ári í þóknun fyrir starfa sinn«.

Nd. 235. **Viðaukatillaga**

við breytingartill. fjárlaganefndar tölulið 35. Frá Guðl. Guðmundssyni Þórði Guðmundssyni, Þorláki Guðmundssyni og Sighvati Árnasyni.

Aptan við skilyrðisgreinina bætist: »Að því er snertir styrkinn undir staflið b, má þó haga þeirri fjárveiting á sama hátt og 1894—95, (12, C. b. og c.) ef eigi getur fengizt til ferðanna bátur, er fullnægi ofangreindu skilyrði, að því er stærð snertir«.

Nd. 236. **Tillaga**

til þingsályktunar (eins og hún var samþ. við eina umr. í E.d.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um, að komið verði á stofn gagnfræðakennslu í tveim neðstu bekkjum hins lærða skóla í Reykjavík, að latína og gríska verði aðeins kennd í 4 efri bekkjunum og kennslan í þeim málum minnkuð sem mest má verða.

Nd. 237. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs (þingskjal 229). Frá Tryggva Gunnarssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Sighvati Árnasyni, Þorláki Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni og Halldóri Daníelssyni.

Upphaf 1. gr. orðist þannig:

1. »Á kostnað landsjóðs skal taka á leigu í tvö ár eða kaupa eimskip, er sje« o. s. frv.
2. 4. gr. Í stað: »kaup á skipinu«, komi: »umráð eða kaup á skipinu«.
3. 9. gr. Í stað: »4%«, komi: »2%«.
4. Í fyrirsögn frv. Fyrir: »kaup«, komi: »að leigja eða kaupa«.

Ed. 238. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Hin háttvirta efri deild kaus oss undirskrifaða í nefnd til þess að íhuga og segja álit vort um frumvarp þetta. Vjer höfum farið yfir það nákvæmlega og erum að öllu leyti samþykkir því að efninu til; en oss hefur fundizt þörf á að breyta nokkuð orðfærinu. Fyrir því viljum vjer ráða hinni háttvirtu deild að samþykkja frumvarp þetta með þeim breytingum, sem hjer fara á eptir:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: er taka skal til meðferðar af hálfu hins opinbera, komi: þeirra, er yfirvöld skulu verja almenning.
2. — — — Í stað: skyldar eru, komi: skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og.
3. — — — Í stað: er á ferðum, komi: vofir yfir.
4. — 2. — Upphaf greinarinnar orðist þannig: Ætíð skulu yfirvöld verja almenning fyrir þessum sjúkdómum: kóleru, gulu.
5. — — — Í stað: meðferðar, komi: varna.
6. — — — Í stað: þeir eru teknir . . . hins opinbera, komi: Yfirvöld hafa sett varnir við þeim.
7. — — — Í stað: að því leyti, komi: svo framarlega sem.
8. — — — Í stað: og skal hann þá skýra landshöfðingja frá ráðstöfunum svo fljótt sem verða má, og skal hann senda, komi: skal hann þá skýra landshöfðingja, svo fljótt sem verða má frá ráðstöfunum sínum og senda
9. — — — Í stað: er hið opinbera er skylt að taka til meðferðar, komi: er yfirvöldunum er skylt að hafa varnir við.
10. — — — Í stað: opinberum, komi: almennum.
11. — 3. — Í stað: taka skuli . . . hins opinbera, komi: yfirvöld skuli setja sóttvarnir.
12. — 4. — Í stað: skylt er . . . hins opinbera, komi: yfirvöldum er skylt að setja sóttvarnir við.
13. — 5. — Í stað: er samkvæmt auglýsingu . . . hins opinbera, komi: er yfirvöld hafa samkvæmt auglýsingu sett varnir við.
14. — — — Í stað: hreppsnefndarmanni, komi: hreppstjóra, hreppsnefnd, sýslumanni eða
15. — — — Í stað: þurfi hreppsnefndarmaður, komi: þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður.
16. Við 6. gr. Í stað: opinbert, komi: almennt.
17. — — — Á eptir orðunum: hægt er að fá, strykist út orðin: til þess.
18. — 7. — Í stað: óviðkomandi, komi: nema heimilismönnum.
19. — — — Í stað: er á ferðum, komi: vofir yfir.
20. — 8. — Í stað: að fylgja þessu boði með nákvæmni, komi: að fylgja nákvæmlega þessu boði.
21. — — — Í stað: eigi eru teknir ...hins opinbera, komi: og yfirvöld hafa eigi sett sóttvarnir við.
22. — 9. — Í stað: tekinn er ...hins opinbera, komi: er yfirvöld hafa sett sóttvarnir við.
23. — — — Í stað: þótt sjúkdómurinn ...hins opinbera, komi: þótt yfirvöld hafi eigi sett varnir við sjúkdóminum.
24. — — — Í stað: tekinn er ...hins opinbera, komi: er yfirvöld hafa sett varnir við.
25. — 10. — Milli »þeim« og »svo« setjist,

26. — 11. — Í stað: þá er næmur ...hins opinbera, komi: þegar yfirvöld hafa sett varnir við næmum sjúkdómi.
27. — — — Í stað: hins opinbera, komi: almennings.
28. — — — Í stað: embættiseptirlitsferðir, komi: aðrar eptirlitsferðir.
29. — 12. — Í stað: teknir eru ...hins opinbera, komi: yfirvöld hafa sett varnir við.
30. — — — Í stað: lögtaki tekinn að öðrum kosti, komi: ella tekinn lögtaki.
31. — — — Í stað: hið opinbera og hinir, er í hlut eiga, komi: yfirvöld og hinir, er hlut eiga að máli.

Alþingi 1. ágúst 1895.

Jón A. Hjaltalín, formaður og framsögumaður. Jón Jakobsson, skrifari. Jón Jónsson.

Ed. 239. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1., 5., 6. og 8. grein í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

1. gr. Til hreppstjóra í hverjum hrepp skal ár hvert greiða úr landsjóði þóknun, er nemi 50 aurum fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og ennfremur 50 aura fyrir hvern innanhreppsmann, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en ½ lausafjárhundrað. Þóknun til hreppstjóra má þó aldrei vera undir 24 krónum.

2. gr. Þá er tveir hreppstjórar eru í sama hreppi, skal þóknuninni skipt milli þeirra á þann hátt, að sá hreppstjóranna, sem er formaður undirskattanefndar, fái tvo hluti, en hinn þriðjung.

Leggi hreppstjóri niður sýslan sína eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, fær hann eða dánarbú hans $\frac{1}{12}$ hluta af árspóknuninni fyrir hvern heilan mánuð, er hann hefur í sýslan verið.

3. gr. Þóknun þá, er ákveðin er í 1. grein, skal sýslumaður greiða hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert umliðið fardagaár af tekjum landsjóðs gegn lögmætri kvittun í fyrsta sinn á manntalsþingum 1896 fyrir fardagaárið 1895—1896.

4. gr. Fyrir fjárnám eða lögtaksgjörðir ber hreppstjóra 1 kr. fyrir hvern þann, er fjárnám eða lögtak fer fram hjá, og auk þess ferðakostnaður, svo sem fyrir er mælt í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 3, 13. jan. 1882.

5. gr. Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskipt, sje þau ekki hærri en 8 kr. Fari uppboðslaunin fram úr 8 kr., rennur það, sem umfram er, í landsjóð, enda haldi sýslumaður sjálfur þau uppboð, sem ætla má að hlaupi meira en 200 kr., nema forföll banni.

6. gr. Fyrir skoðun og virðingu á lausafje borgist til jafnra skipta milli virðingarmanna eptir fjárhæð gjörðarinnar:

allt að 500 kr.	3 kr.
yfir 500 — allt að 1000 kr.	4 —
— 1000 — — — 2000 —	5 —
— 2000 —	6 —

og auk þess ferðakostnaður, svo sem fyrir er mælt í 8. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 3, 13. jan. 1882.

Nd. 240. **Nefndarálit**

um Hólmaprestakall o. fl.

Vjer undirritaðir, sem skipaðir vorum í nefnd af hinni heiðruðu neðri deild, til að segja álit vort um nokkur mál viðvíkjandi prestaköllum, höfum meðal annars fengið til meðferðar frumvarp frá hinni heiðruðu efri deild um Hólmaprestakall í Suðurmúlasýslu, og bænaskrár um árgjaldslækkun frá 2 prestum að vestan.

Vjer höfum allir orðið sammála um það, að presturinn að Hólmum hafi fyllstu sanngirniskröfu til að losast við að greiða af tekjum brauðsins eptirlaun uppgjafarprestsins, með því að það er mjög eðlilegt, að hann hafi, er hann sótti um brauðið, skilið svo orðin í l. 27. febr. 1880, 6. gr.: »þá skal greiða uppgjafapresti svo eptirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr.«, að hann þyrfti ekkert að borga uppgjafaprestinum, þar sem tekjurnar voru ekki einu sinni orðnar 1200 kr. í raun rjettri, þótt þær væru meiri á pappírnum. Oss hefði því í rauninni þótt rjettast, að landsjóður hefði endurgoldið prestinum að Hólmum það, sem hann hefir þegar greitt til uppgjafaprestsins, síðan honum var veitt brauðið, en komum þó ekki með breytingartillögu í þá átt, af því að hann verður aðnjótandi nokkurrar ívilnunar samkvæmt frumvarpi því, er hjer liggur fyrir.

Óskum prestanna að Miklaholti og Staðarhrauni um niðurfærslu á árgjöldum af prestaköllum þeirra sá nefndin sjer ekki fært að sinna, með því að hún vill ekki stuðla til þess, að sú venja komist á, að árgjöld sje gefin eptir prestum þeim, er hafa gengið vakandi að þessum kvöðum, er þeir sóttu um brauðin, enda þótti nefndinni sumt í ástæðunum miður heppilegt, og hinsvegar skortur á tilhlýðilegum fylgiskjölum svo sem umsögn hjeraðsfunda og biskups.

Neðri deild alþingis 1. d. ágústm. 1895.

Þórður Guðmundsson	Guðl. Guðmundsson	Jón Jónsson þm. A—Sk.
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Nd. 241. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 8, 13. apríl 1894. Flutningsmenn: Eiríkur Gíslason og Sigurður Gunnarsson.

Auk þjóðvega þeirra, er taldir eru í 5. gr. laga 13. apríl 1894, skal þjóðvegur vera: Frá Reykjavík til Stykkishólms.

Nd. 242. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

Við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 243. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. Frá Birni Sigfússyni, Guðl. Guðmundssyni, Sighv. Árnasyni, Eiríki Gíslasyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk. og Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Á eptir 7. gr. bætist inn ný grein, svo hljóðandi:

»8. gr. Á kostnað landsjóðs skal leigja, fyrst um sinn til 2 ára, tvo eimbáta,

að minnsta kosti 40 tons (netto) hvorn, með að minnsta kosti 40 farþegarúmum undir þaki. Báta þessa skal hafa í förum umhverfis strendur landsins, og fer um stjórn þeirra, ferðaáætlun og öll umráð yfir þeim, eins og fyrir er mælt í lögum þessum um eimskip það, er nefnt er í 1. gr.«.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. Við 8. gr. Á eptir: »skipsins«, bætist inn: »og bátanna«.
3. Við 9. gr. Á eptir: »skipinu«, bætist inn: »og bátunum«, »þess«, breytist í: »þeirra«.

Ed.

244. Nefndarálit

í málinu um stofnun lagaskóla.

Vjer, sem efri deild alþingis kaus í nefnd til, að athuga ofangreint frumv., höfum tekið það til íhugunar og skulum láta uppi álit vort um það á þessa leið.

Eins og alkunnugt er, er stofnun innlendrar lögfræðiskennslu ein af þeim óskum, sem einna lengst hefur verið hreyft af hendi þjóðarinnar og það eigi að ástæðulausu, enda verður því eigi neitað, að þörf sjerstakrar innlendrar lagamenntunar verður æ brýnni, eptir því sem hin sjerstaka íslenzka löggjöf verður æ meira mismunandi frá hinni almennu dönsku lagasetningu. Svo vegur það og mikið í þessu efni, að íslenzk lög eru eigi kennd við K.hafnarháskóla, og engin líkindi til,að á því verði breyting um sinn. Af þessum ástæðum og til þess að gefa hvöt til sjálfstæðrar rannsóknar á rjettarfarssögu landsins og ýmsum atriðum snertandi lagasetningu þess — en til þess hyggjum vjer lagakennslustofnun mjög þýðingarmikið spor — verðum vjer að fallast á meginatriði hins fyrirliggjandi frumvarps.

Aptur virðast oss laun þau of lág, sem kennurum lagaskólans eru ætluð í frumvarpinu, og þykir oss rjettast að miða launin við það, sem á sjer stað við prestaskólann. Enn fremur hyggjum vjer óumflýjanlegt að ætla nokkurt fje til aukakennslu, með því að hinum 2 föstu kennurum mun reynast ofætlun að kenna allar þær námsgreinar, sem kenna þarf. Til þessa starfa hyggjum vjer dómendur landsyfirrjettarins best fallna, enda sennilegt að þeir fengjust til að taka þann starfa að sjer gegn hæfilegri þóknun.

Vjer teljum það æskilegt, að sjerstaklega efnilegum mönum verði veittur námsstyrkur til framhaldsmenntunar í lögfræði erlendis, er þeir hefðu lokið prófi á lagaskólanum, en með því að slíkan styrk er hægast og eðlilegast að veita á fjárlögunum, eptir því sem ástæður eru til í hvert skipti, þykir oss eigi þurfa að hafa nein ákvæði um það í lögunum.

Síðustu grein frumv. þykir oss rjettast að fella burtu. Hún var sett í samskonar frumv. 1887 af sjerstökum fjárhagslegum ástæðum, sem nú eru eigi fyrir hendi.

Samkvæmt framangreindu ráðum vjer hinni háttv. efri deild alþingis að fallast á frumv. með þessum breytingum:

1. Við 3 gr. fyrir 3000 komi 4000.
2. — — — — 2500 komi 2800
3. Aptan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Til aukakennslu má verja allt að 2500 á ári hverju.
4. 6. gr. frumv. falli burt.

Efri deild alþingis 1. águst 1895.

L. E. Sveinbjörnsson,	Hallgr. Sveinsson,	Þorleifur Jónsson,
form.	skrifari.	framsögum.

Nd. 245 **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur-kaupstað.

Vjer undirritaðir, sem hin heiðraða neðri deild hefur kosið í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, viljum hjer með skýra frá áliti voru á þessa leið:

Eins og tekið hefur verið fram í umræðunum um málið, virðist það ekki eiga sem bezt við, að setja ný lög um eldsvoðaábyrgð í Reykjavík einmitt nú, meðan verið er að undirbúa stofnun innlends brunabótafjelags. En með því það hlýtur að hafa nokkurn tíma í för með sjer, að koma slíku fjelagi á fastan fót, þykir eigi næg ástæða til að hafna frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, enda verður það að skoðast sem bráðabirgðarráðstöfun, þangað til brunamálum landsins er skipað með lögum. Með þessum fyrirvara sjáum vjer ekkert á móti því, að frumvarpið nái fram að ganga, og ráðum hinni háttvirtu deild til að samþykkja það, ásamt viðaukatillögu á þingskjali 143, með þessum breytingum:

1 Við 3. gr. c Á eptir orðunum «hafi heimild til» bætist inn í: ef samningurinn við fjelagið stendur svo lengi.
2. — — — — Fyrir «fjelagins» komi: þess
3. — 9 — Á eptir orðinu «skal» bætist inn í: ef gildi þessara laga skyldi verða framlengt.
4. — 11. — Greinin orðist þannig:

Ákvæði þessi gilda frá 1. apríl 1896 til 31. marz 1900, og er tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur-kaupstað o. fl. numin úr gildi um þann tíma.

Alþingi 1. ágúst 1895.

Kl. Jónsson. Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen. skrifari og framsögum.
Valtýr Guðmundsson.

Með því að það er auðsætt, að frumvarp það er hjer er spurning um að gjöra að lögum, mundi af sjálfu sjer falla úr gildi, jafnskjótt og út kæmu lög um innlent brunabótafjelag, er næði til Reykjavíkur, get jeg alls enga ástæðu sjeð til breytinga þeirra á frumvarpinu, er meiri hluti nefndarinnar stingur upp á, en legg til að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið óbreytt, ásamt viðaukatill. á þingskj. 143.

Reykjavík 1. ágúst 1895.

Jón Jensson.

Ed. 246. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. grein. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1. Geirland í Kirkjubæjar-hreppi í Skaptafellssýslu . . . . . 3,200 kr.
2. Syðri-Vík í sama hreppi . . . . . 500 —

3.	Litlu Breiðuvík í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu	1,800 —
4.	Skúta í Glæsibæjar-hrepp í Eyjafjarðarsýslu	1,800 —
5.	Þverá í Skriðu-hrepp í sömu sýslu . .	3,200 —
6.	½ Borgarlæk í Skefilsstaða-hrepp í Skagafjarðarsýslu , ...	500 —
7.	Húsavík í Kirkjubóls-hrepp í Strandasýslu	1,100 —
8.	Selvelli í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu	850 —
9.	Gvendareyjar í Skógarstrandar-hrepp í sömu sýslu	2,700 —
10.	Dal í Miklaholts-hrepp í sömu sýslu . .	1,500 —
11.	Hrísakot í Helgafellssveit í sömu sýslu . .	1,050 —
12.	Hrísnes í Skaptafellssýslu . .	1,400 —
13.	Glúmstaði í Ísafjarðarsýslu . .	150 —
14.	Horn í Nesjum í Skaptafellssýslu (að frá-skildum ítaksfjörum Bjarnaneskirkju, er leggj-ast til Bjarnanes-prestakalls.)	2,500 —
15.	Efri-vík í sömu sýslu . .	1,000 —
16.	Ásgarð með Kárstöðum í sömu sýslu.	1,000 —
17.	Hraunkot í sömu sýslu . .	700 —
18.	Dalbæ eystri með ½ Uppsölum í sömu sýslu.	550 —
19	Nes með Neshjáleigu í Norðurmúlasýslu	3,500 —
20.	Árnastaði í sömu sýslu . . .	1,100 —
21.	Stakkahlíð í sömu sýslu . . .	2,600 —
22.	Hlaði í Eyjafjarðarsýslu . . .	2,000 —
23.	Varmaland í Skagafjarðarsýslu . .	1,250 —
24.	Hamar í Rípurhreppi í sömu sýslu .	1,100 —
25.	Skefilsstaði í sömu sýslu . . .	2,400 —
26.	½ Hindisvík í Húnavatnssýslu . .	1,700 —
27.	Breiðabólstað í Sveinstaðahr. í sömu sýslu	3,100 —
28.	Húnstaði í sömu sýslu . . .	1,800 —
29.	Kolbeinsvík í Strandasýslu . . .	250 —
30.	Söðulsholt í Hnappadalssýslu . .	1,700 —
31.	Hrútsholt í sömu sýslu . . .	1,350 —
32.	Dalsmynni í sömu sýslu . . .	1,400 —
33.	Rauðá í Suðurþingeyjarsýslu , .	2,200 —
34.	Bjarnastaði í sömu sýslu . .	2,200 —
35.	Leirvogstungu í Kjósar- og Gullbringusýslu	2,600 —

2. grein. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. grein. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6%, í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að öllu. Kaupandi gefur út skulda-

brjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. grein. Stjórninni veitist og heimild til að selja jörðina Varmá í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir að minnsta kosti 2000 kr. með sömu borgunarskilmálum, sem til eru teknir í 3. gr.

5. grein. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1900.

Ed. **247. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. grein. Niðurjöfnun sú eptir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. grein í lögum 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1873, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. — Sömuleiðis má leggja gjald á afnot af jörðu eða jarðarhluta. Þó eru undan skilin afnot af ítökum. Gjald má og leggja á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, er leyst hafa borgarabrjef og hafa sölubúð, má einnig gjald leggja, að því leyti sem þau hafa vörur til sölu. Á þessa stofna skal leggja gjald eptir því, er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja, eða eigna þess, sem í hlut á.

Lög þessi ná eigi til ákvæða annarar greinar í lögum 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum.

2. grein. Hjer með eru úr lögum numin lög nr. 12, 9. ág. 1889 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Ed. **248. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um fjárhald landsjóðskirkna (þingskj. 196). Frá Hallgr. Sveinssyni.

Fyrir: „27. febr. 1880“ komi: „nr. 13. frá 12. maí 1882“.

Ed. **249. Frumvarp**

til laga um nýja frímerkjagjörð. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Í minningu þess, að fyrir 25 árum síðan var komið á fót lögbundinni skipun póstmála á Íslandi, skal 1. janúar 1897 leiða í gildi íslenzk frímerki með nýrri gjörð, bæði almenn og þjónustufrímerki, og falla þá um leið hin eldri frímerki úr gildi.

2. gr. Landstjórnin sjer um gjörð hinna nýju frímerkja og gjörir nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að almenningi verði breytingin kunn í tíma, og að hin nýju frímerki sjeu til sölu hjá póstmönnum fyrir ársbyrjun 1897.

3. gr. Hin nýju frímerki skulu vera sem einkennilegust og fegurst að allri gjörð. Verðgildum skal öllum haldið sömu og áður, að viðbættum 1 eða 2 og 25 aura almennum frímerkjum.

4. gr. Frímerki þessi skulu að eins gilda sjálft minningarárið 1897; skal landstjórnin þá aptur leiða í gildi ný frímerki, 1. janúar 1898, en þó frábrugðin þeim er voru í gildi fyrir ársbyrjun 1897.

5. gr. Ónotuð og óskemmd frímerki, sem úr gildi eru fallin við frímerkjabreytingarnar, skulu allir póstmenn taka jöfnum skiptum fyrir ný og gildandi frímerki fyrsta missirið eptir að breytingin komst á.

6. gr. Landstjórnin skal á sem haganlegastan hátt og á sem hentugustum tíma selja leifar frímerkja þeirra, sem úr gildi eru gengin og hjá henni geymast, en þó eigi undir ákvæðisverði. Eigi er skylt við þá sölu að láta frímerkin af hendi í minna mæli en heilum örkum og fyrir að minnsta kosti 100 kr. eptir ákvæðisverði.

7. gr. Allur ágóði af sölu frímerkjaleifanna og sömuleiðis fje það, er á árinu 1897 greiðist póstsjóði fyrir seld frímerki fram yfir þær tekjur sjóðsins að meðaltali 3 næstliðnu ár 1894—1896 að frádregnum kostnaðinum við gjörð frímerkjanna í bæði skiptin, geymist í sjerstökum sjóði og býður nánari ráðstöfunar fjárveitingarvaldsins.

Ed. 250. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Ytri-Neshrepp í Snæfellsnessýslu. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Á Hjallasandi í Ytri-Neshrepp í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 251. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Þórhalli Bjarnarsyni, Birni Sigfússyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Ólafi Briem og Eiríki Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Orðin: »og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor«, falli burt.
2. 3. gr. falli burt.

Nd. 252. **Viðaukatillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Halldóri Daníelssyni.

Við 10. gr. C. 4. Nýr stafl. bætist við, sem verður stafl. d.
»Styrkur til bryggjugerðar við Steinsvör á Skipaskaga 500 kr.«.

Við 12. gr. C. Nýr stafl. bætist við, sem verður stafl. e:
»Styrkur til gufubátsferða frá Borgarnesi upp eptir Hvítá 1000 kr.«.

Ed. 253. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

1. gr. Áður en ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, innkalla með auglýsing, er einu sinni skal birt í stjórnartíðindunum, deildinni B, handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, er lög þessi öðlast gildi, og sem þá finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigöndum, — en þar með skal ávalt talinn eigandi hinnar veðsettu

eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri, eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn áður en lögin öðlast gildi.

2. gr. Um veðskuldabrjef þau, er ræðir um í 1. gr., gilda ákvæðin í 3. gr. laga 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

3. gr. Í málum þeim, sem ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða, og auglýsingar, sem þar ræðir um, skulu teknar ókeypis upp í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed. 254. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Ákvæðin í 3. tölulið 2. gr. í lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknarrjett embættismanna eru úr lögum numin.

Skylda sú, er að lögum hefur hvílt á embættismönnum, að hreinsa sig af ærumeiðandi sakargiptum með dómi samkvæmt skipun yfirboðara þeirra, er úr lögum numin.

Nd. 255. **Frumvarp**

til laga um birting hinna opinberu auglýsinga. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

Stjórninni veitist heimild til að birta auglýsingar þær, sem ræðir um í opnu brjefi 27. maí 1859 í stjórnartíðindunum fyrir Ísland, deildinni B., í stað löggilts þjóðblaðs, er kemur út í Reykjavík, svo sem fyrir er mælt í brjefi þessu.

Ed. 256. **Frumvarp**

til laga um eyðing sela. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

Í öllum ám og vötnum á Íslandi, sem lax eða silungur gengur í, og hálfa mílu út frá ósum þeirra, skal selur rjettdræpur. Þó ná lög þessi ekki til Breiðafjarðar.

Nd. 257. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jóni Þórarinssyni, Ólafi Briem, Jens Pálssyni og Einari Jónssyni.

1. Við 13. gr. B VI. Liðirnir c, d og e falli burt.
2. Við sömu grein. Aptan við VII bætist svohljóðandi nýr liður:

VIII. Til alþýðu- gagnfræða- og kennarafræðslu í Flensborgarskóla.

a, til launa handa 3 kennurum ... . 4,400 — 4,400.

b, önnur útgjöld ... .1896 — 1897.

1. til áhaldakaupa ..... 400 — 200.
2. fyrir eldivið, ræsting og vátrygging skólahússins .. 250 — 250.
3. til styrkveitingar þeim, er próf taka í uppeldisfræði 30 kr. handa hverjum ... 300 — 300 950 — 750

5,350 — 5,150 10,500.

Nd. 258. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jóni Þórarinssyni.

Við 13. gr. C. Eptir 15. lið komi svohljóðandi 16. liður: til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málaraíþrótt 500 — 500.

Nd. 259. **Breytingartillaga**

Við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Þorláki Guðmundssyni og Þórði Guðmundssyni.

Við 13. gr. C. tölulið 17. Töluliðurinn falli burt.

Nd. 260. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla. Frá Eiríki Gíslasyni og Sighvati Árnasyni.

Fyrsta grein frumvarpsins orðist þannig:

1. gr. Eyvindarhólaprestakall skal fyrst um sinn vera sameinað við Holtsprestakall undir Eyjafjöllum til fardaga 1897.

Nd. 261. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 97. Frá Kl. Jónssyni og Jóni Jónssyni, þm. Eyfirðinga.

Við 13. gr. B. VI. a. Aptan við bætist nýr töluliður:

5. Styrkur til að byggja nýtt skólahús á Akureyri handa kvennaskólanum, sem hingað til hefur verið á Laugalandi . . . . kr. 6000,00

Á eptir 13. gr. C. 17. komi tveir nýir liðir svohljóðandi:

18. Styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði til að safna íslenskum þjóðlögum kr. 1000,00

19. Til skáldsins Þorsteins Erlingssonar í Kaupmannahöfn. kr. 600,00 — 600,00

Nd. 262. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 97 (=F) og breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við það frumvarp (=N). Frá Valtý Guðmundssyni.

1. Við 11. gr. 5. f. (N). Í staðinn fyrir: »þar af 1200 kr. til læknis fyrir að ferðast«, komi: »Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis til að fara«.
2. Við 13. gr. B. III c. 5 (N). Í staðinn fyrir: »5000—5000«, komi: »5000—4500«.
3. Við 13. gr. B. III (N). Í staðinn fyrir: »600—600« í hinum nýja lið komi: »1000—1000.
4. Við 13. gr. C. 1. d. (F). Fyrir: »2500—2500«, komi: »12,500—12.500«.
5. Við 13. gr. C. 3. b. (F). Aptan við orðið: »fornbrjefasafni«, bætist: »eða sem því svarar af registri«.
6. Við 13. gr. C. 22 (N). Í staðinn fyrir: »600«, komi: »allt að 600«.
7. Við 13. gr. C. Á eptir tölulið 22 (N) bætist tveir nýir töluliðir:

»styrkur til kand. Þorsteins Erlingssonar í Khöfn til ritstarfa 600 kr.—600 kr.«.

»styrkur til bókbindara Þórarins B. Þorlákssonar í Rvík til að stunda málaralist erlendis 500 kr.— 500 kr.«.

Nd. 263. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 97. Frá samgöngumálanefndinni.

Við 12. gr. B. b. Fyrir: »45,000 — 45,000« komi: »30,000 — 30,000«.

Nd. 264. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 97. Frá Valtý Guðmundssyni og Skúla Thoroddsen.

Við 13. gr. C. Á eptir 22. tölulið komi nýr liður svo hljóðandi:

til þess að útvega norskan járnbrautafræðing, er rannsaki og geri lauslega áætlun um gerð þriðjungsbrauta (tertiærbaner) hjer á landi fyrra árið allt að 5000 kr.

Ed. 265. **Frumvarp**

til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Á kostnað landsjóðs skal kaupa eimskip, er sje að minnsta kosti 600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 60 manns í 1. farrými og 40 í 2. farrými. Allt sje skipið yfirbyggt og hafi að minnsta kosti 11 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Skipinu skal fylgja lítill eimbátur, er nota megi til flutninga frá og að skipinu á höfnum. Til þess að kaupa slíkt skip má verja allt að 350,000 kr.

2. gr. Eimskip það, er um ræðir í 1. gr., skal haft í förum milli Íslands og útlanda og kringum strendur landsins samkvæmt ferðaáætlun, er farstjóri með ráði landshöfðingja ákveður.

3. gr. Árleg útgjöld til útgerðar skipsins skal veita á fjárlögunum, enda renni allar tekjur þess í landsjóð.

4. gr. Kaup á skipinu og útgerð þess skal falin á hendur farstjóra undir yfirumsjón fargæzlumanna. Heimili þess skal vera í Reykjavík og skal farstjóri hafa aðalskrifstofu sína þar og taka þar móti lögsókn í öllum þeim málum, er höfðuð kunna að verða gegn honum sem farstjóra.

5. gr. Í farstjórninni eru auk farstjóra tveir fargæzlumenn, er alþingi kýs í sameinuðu þingi til tveggja ára í senn. Deyi annarhvor þeirra milli þinga, eða fatlist á annan hátt, kýs landshöfðingi með ráði hins til bráðabirgða mann í hið auða sæti.

6. gr. Landshöfðingi skipar farstjóra með ráði fargæzlumanna og víkur honum frá, þegar ástæða þykir til. Farstjóri setur hæfilegt veð eptir því, sem landshöfðingi ákveður.

7. gr. Farstjórinn annast ráðningu yfirmanna á skipið, farþjónar á skrifstofur sínar og fargreiðslumenn á þeim stöðum, er þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Hann ákveður og fargjald og farmeyri, verð á vistum og öllu, er þar að lýtur. Þó skal hann hafa samþykki fargæzlumanna, að því er snertir laun, fargjald, farmeyri og allar verðskrár.

8. gr. Farstjórinn skal semja nákvæma reikninga yfir tekjur og útgjöld skipsins á hverjum ársfjórðungi, og senda þá með fylgiskjölum til landshöfðingja, og skulu þeir endurskoðaðir af manni, er hið sameinaða alþingi kýs til tveggja ára í senn, en landshöfðingi úrskurðar þá. Endurskoðandi skal fá 500 kr. á ári í þóknun fyrir starfa sinn.

9. gr. Farstjórinn skal hafa í föst laun 3000 krónur á ári og auk þess 4% af öllum fargjöldum og farmeyri skipsins. Fargæzlumenn skulu hafa 500 króna þóknun hvor á ári. Farstjóri og fargæzlumenn skulu hafa ókeypis far með skipinu hvert er þeir vilja á ferðum þess samkvæmt áætlun.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi sama dag og þau eru staðfest.

Nd. **266. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa. (Eins og það var samp. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Til þess að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlazt rjett til að hafa danskt flagg, verða að minnsta kosti $^{8}/_{8}$ hlutar þess að vera eign innborinna manna, er ekki eru þegnar annars ríkis, eða þeirra manna, er fengið hafa dönsk þegnrjettindi með því að vera orðnir heimilisfastir á Íslandi eða í Danmörku. Sje skipið eign hlutafjelags, þá á stjórn þess að hafa aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku og fjelagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hjer að framan.

2. gr. Um öll skip, sem eiga heima á Íslandi og heimilt er að hafa danskt flagg, og eiga að vera mæld samkvæmt tilskipuninni um skipamælingar, skal höfð skipaskrá.

Um skrásetning skipsins á skipaskrána skal gefið út skjal, þjóðernis- og skrásetningar-skírteini, og skal það, meðan það er í gildi, ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. grein), vera fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, hvenær sem þess er spurt.

Auk aðalskjals þessa þarf sjerhvert skrásett skip, bæði á friðar- og ófriðar-tímum, aðeins að hafa farmskjöl þau, sem með þarf, og skilríki þau um skipshafnir og afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa.

Skip, sem að eins eru 30 smálestir »brúttó« og þaðan af minni og einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, eru undanþegin ákvörðununum hjer að framan um skrásetningar- og þjóðernis-skírteini; skulu þau sett á skrá sjer og að eins fá mælingarskírteini, og ákveður stjórnin, hvernig það skuli vera. Sjeu þau ætluð til siglinga til annara ríkja, skal hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofa annast um, að þau, áður en þau eru búin úr landi, fái þjóðernis skírteini, og ákveður stjórnin hvernig það skuli vera.

Ekkert íslenzkt kaupfar, sem ekki er stjórnarskip, má hjer eptir hafa neitt annað flagg fyrir þjóðernisflagg en hið almenna danska verzlunarflagg, en það er kaupferðarflagg það, sem skipað er fyrir um í tilskipun 11 júlímán. 1748, 1. grein.

3. gr. Á öllum skipum, sem eru skrásett samkvæmt 2. grein, skal »nettó«-smálestatal þess og skrásetningarstafirnir ávallt vera markaðir á þiljubitann í aptari röndinni á stórlúkunni, eða ef því verður ekki komið við, þá einhversstaðar annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því.

Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkennt sem skrásett danskt skip.

4. gr. Skrásetning skipa er undir stjórn og umsjón yfirvalds þess, sem konungur skipar til þess, og á Íslandi skulu lögreglustjórarnir annast hana, og hvert lögsagnarumdæmi í landinu vera skrásetningarumdæmi fyrir sig.

Á aðalskrá skrásetningar- og skipamælingar-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, skal einnig rita skip, sem skrásett eru á Íslandi, og skulu þjóðernis- og skrásetningar-skírteini þau, sem um er rætt í annari grein, gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr. Í hverju skrásetningarumdæmi skulu skip í því hjeraði sett á skrá og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett í.

Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem

hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Ekki má rita á íslenzku skipaskrárnar skip þeirra dönsku þegna eða hlutafjelaga, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, nema stjórnin veiti sjerstaklegt leyfi til þess.

Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og allt af skulu vera kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á.

Skrár yfir skip þau, 30 smálestir »brúttó« eða minni, er talað er um í 2. gr. og rjett hafa til að sigla með dönsku flaggi, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima. Nú á skipseigandi heima erlendis, og má þá taka skipið á skrána, ef hann hefur veitt öðrum, er heimili eigi á Íslandi, umboð til að annast slíkt við skrásetningaryfirvöld og hefur þeim það tilkynnt verið, og skal þá taka skipið á skrá í því umdæmi, þar sem umboðsmaður á heima.

6. gr. Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. grein og haldin er í Kaupmannahöfn, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr. Skrásetningar-bækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum:

1. skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað;
2. hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd);
3. smálestatal skipsins og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út;
4. nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru.

Sje fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hlut hver eigi í skipinu.

Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðalaðsetur stjórnar þess og nafn útgjörðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi.

Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr. Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hvenær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi misst rjett til að vera álitið danskt skip, eða að það sje komið undir annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. grein).

9. gr. Eigandinn eða umboðsmaður hans skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sje það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmisins, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í.

Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með:

1. skipasmíðisskírteinið, og hafi orðið eigandaskipti síðan skipið var byggt, þá ennfremur heimildarbrjef þess eða þeirra, er vilja láta skrásetja það sem sína eign. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og í eptirriti, og verður eptirritið kyrrt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar;
2. skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sjeu þess konar menn, sem heimilt sje að eiga skip, er hefur danskt flagg, samkvæmt 1. grein, eða ef skipið er eign hlutafjelags, þá skrifleg yfirlýsing einnig upp á æru og trú frá stjórn fjelagsins um, að skilmálunum, sem settir eru í 1. grein fyrir því að eiga danskt skip, sje

fullnægt. I yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið skuli ekki verða vanbrúkuð til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og dönsk skip hafa.

Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningar-embættismanns eða að sjá um, að hún sje staðfest af nótaríus.

Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sje heimilt að eiga skip, er hefir danskt flagg, þá verður hann að sanna það með skýrteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilríki þau, sem hjer eru heimtuð, ef komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt, svo að nægir.

10. gr. Þegar búið er á skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og um mælinguna í skjal, sem gjört er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) þegar í stað til landshöfðingja, og þegar hann ekki hefir neitt fram að færa á móti því, að skipið sje viðurkennt sem danskt, gefur hann út handa því bráðabirgða þjóðernis-skýrteini, er samið sje eptir formála, sem stjórnin nákvæmar til tekur; sendir hann skrásetningarskrifstofunni það til þess, að hún skili því til skipsins og ber henni um leið að sjá um, að markað sje á skipið nettó smálestatalið og skrásetningarstafir þeir, sem landshöfðingi hefir tekið til. Áður en skipið er afgreitt, skal þar að auki á skrásetningarskrifstofunni rita nafn skipstjóra á skýrteinið og upplýsingu um heimild hans til að vera skipstjóri. Skýrslu þá, sem landshöfðingi hefur fengið frá skrásetningarskrifstofunni um gjörðina með fylgiskjölum, skal hann senda skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið, og má, ef þess þykir þörf, krefjast þess, að skipið sje mælt að nýju að öllu eða nokkru leyti, svo og fela landshöfðingja að annast um að upplýsingar þær, sem komnar eru fram, sjeu gjörðar fullkomnari eða ítarlegar sannaðar. Þegar öll þessi skilríki eru fengin, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim.

11. gr. Þegar skrásetningin er búin, gefur skrásetningar- og skipamælingarskrifstofan út þjóðernis- og skrásetningarskýrteini fyrir fullt og allt; skal það lagað eptir formála þeim, sem í hvert skipti gildir fyrir dönsk skip, og mælingarskýrteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar inni að halda, sem tilgreindar eru í skránni samkvæmt 7. grein. Skýrteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) sent landshöfðingja aptur hið bráðasta, til þess að hann þegar í stað sendi það skrásetningarskrifstofu þeirri sem í hlut á, og skal þar síðan bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. grein) og leiðrjetta nettó-smálestatalið og fl., ef rangt er, og skal hlutaðeiganda skipi síðan skilað þessu fullgilda skýrteini, þá er búið er samkvæmt fyrirmælum 10. gr. að rita nafn skipstjóra og fl. á það, móti því, að það skili aptur bráðabirgðarskýrteininu. Hið síðarnefnda skýrteinið skal sent landshöfðingja ásamt með skýrslu um, að búið sje að láta hið fullgilda skýrteini úti.

Sje skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefur afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. grein, til þess að skipið geti komizt á skrána í hinu síðarnefnda umdæminu.

Skýrteinið skal ávallt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess verður krafizt af dönsku yfirvaldi, hvort sem er borgaralegt yfirvald eða hermaður eða danskur verzlunarfulltrúi.

Það er bannað, að neitt sje ritað á skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gjört af landshöfðingja eða á einhverri skrásetningarskrifstofu í Danmörku eða á Íslandi eða af dönskum verzlunarfulltrúa, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eptir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr. Skip, sem smíðað er erlendis á kostnað íslenzks manns, eða er komið í danska eða íslenzka eign, getur ekki orðið skrásett, fyrr en það er komið í danskt eða íslenzkt skrásetningar-umdæmi.

Þó skal dönsku verzlunarfulltrúunum, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim skilríki þau, sem um er rætt í 9. greinar 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, og skal það hafa sama gildi og fullkomið þjóðernisskýrteini, þangað til skipið verður skrásett fyrir fullt og allt.

Þjóðernis skýrteinið til bráðabirgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda:

1. nafn skipsins, og hverskonar skip það sje;
2. hvenær og hvar skipið sje keypt, og nafn hins íslenzka eða hinna íslenzku eigenda þess samkvæmt kaupbrjefinu eða öðru heimildarskjali;
3. nafn skipstjóra;
4. eins nákvæmar upplýsingar, og fengizt geta eptir atvikum, um smálestatal þess, lögun og lýsingu á því;
5. hversu lengi skýrteinið sje gilt.

Undir eins og verzlunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, sendir hann eptirrit af því til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Slíkt bráðabirgða þjóðernis-skýrteini er samt ekki lengur gilt, en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á danska eða íslenzka höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár, frá því að það er gefið út, ef stjórnin veitir ekki sjerstaklega leyfi til þess.

Skipstjórinn á skrásettu íslenzku skipi, sem smíðað er upp aptur erlendis, getur krafizt af næsta dönskum verzlunarfulltrúa, að hann láti sig fá skýrteini, er veiti sjer heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningar skýrteini sitt eptir sem áður, þangað til hann kemur inn á danska eða íslenzka höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sje breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini. Ekki getur slíkt skýrteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr. Á sjerhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera ritað aptan til á því, þar sem hægt er að koma a ga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku letri ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit, þannig að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minnsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna.

Sigli skipið til annara ríkja skal nafn þess ennfremur á líkan hátt letrað á báðar hliðar þess og svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa, skal bæði að framan og aptan markað á skipið hve djúpt það ristí, öðrumegin í «decimetrum» en hinumegin í enzkum fetum.

Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burtu, nema í ófriði, til þess að forðast að fjandmennirnir taki það.

Ekkert skip má nefna öðru nafni en því sem það er skrásett með.

Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskipti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr. Sje þess farið á leit við stjórnina, má í staðinn fyrir áður út gefið þjóðernis og skrásetningar-skýrteini láta koma nýtt skýrteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skýrteininu aptur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningar skýrteini skrásetts skips glatazt, má láta úti nýtt skýrteini, ef þess er farið á leit við stjórnina

Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sje mælt um, skal ekki gjalda neitt fyrir það.

Týnist þjóðernis og skrásetningar-skýrteinið erlendis, getur næsti danskur verzlunarfulltrúi gefið út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða (13. grein), og skal þess getið með berum orðum, hverra orsaka vegna það sje gefið út Þegar svo er, á sá, sem biður um skýrteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skýrteinið týndist.

16. gr. Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig að skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu aptur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aptur.

Hafi skipið farizt erlendis, skal dönskum verzlunarfrulltrúa skýrt frá því eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skýrteininu.

Verzlunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeigandi stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmari skýrslu um skiptapann.

17. gr. Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. grein, er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa danskt flagg, á sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan væri fullgjörð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aptur skýrteininu.

Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra dönskum verzlunarfulltrúanum frá henni og skila honum skýrteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á verzlunarfulltrúinn að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn danskur verzlunarfulltrúi er, verður sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, að útvega sönnun staðfesta af nótaríusi um söluna, og senda skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn skilríki þessi ásamt með skýrteininu.

Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, á rjettarþjónn sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skipt búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti danskur verzlunarfulltrúi að sjá um það, sem með þarf.

Þessar ákvarðanir eiga einnig við um þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því það sje óhaffært.

18. gr. Verði nokkur breyting á eignarrjettinum yfir skipinu, en sem þó ekki snertir rjett þess að hafa danskt flagg, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkvæmt 7. grein, þá ber eigandanum, og sje annar orðinn eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð,

að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkvæmt 9. grein, þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eptir því.

Þó að eigandaskipti verði eða skipstjóraskipti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skýrteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skýrteininu.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti danskur verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskipti, senda skýrslu um þau.

Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu um, hvers konar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skýrteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skýrteini.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti danskur verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (smbr. 13. gr.).

Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda landshöfðingja, skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan, og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu; skal skýrsla þessi síðan send skrásetningar- og skipamælingar-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

19. gr. Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gjöra það, ef eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á.

Þegar svo er, skal skila þjóðernis og skrásetningar-skýrteininu, sem fyr hefur verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða hinu nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skýrteini verði gefið út.

20. gr. Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðzt er upplýsinga um.

Sömuleiðis má með sömu skilmálum fá hjá landshöfðingjanum eptirrit af þjóðernisskýrteini til bráðabirgða, sem fyr er útgefið og enn er gilt, og frá skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og skrásetningarskýrteini; skal embættismaður sá, sem í hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var látið í tje.

21. gr. Ef eigandinn sjerstakra orsaka vegna æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi, áður en það er skrásett, fara hafna á milli á Íslandi, þá getur hlutaðeigandi háyfirvald, ef þess er farið á leit, leyft það og gefið út leiðarbrjef, eða skriflegt leyfi, sem hefur sama gildi innan tjeðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningarskýrteini.

22. gr Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem eigi hefir eptir lögum þessum rjett til þess að hafa danskt flagg, varðar allt að 2 kr. sekt fyrir hverja smálest af netto-smálestatali skipsins, ef slík athöfn ekki er svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr. Ef það sannast, þegar búið er að gefa út og skila þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, að það hefur verið svikið út handa skipi, sem ekki hefur rjett til þess, þá skal goldin allt að 4 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk

hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin, til þess að koma þessu fram og saknæm eru eptir hegningarlögunum.

Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið sje ógilt, og skal það gert upptækt, undir eins og verður.

24. gr. Láti maður fyrirfarast að skýra frá breytingum á skipi, er svipta það rjetti til að hafa danskt flagg, þá varðar það sekt allt að 50 kr. Láti maður fyrirfarast að skýra frá þessu og það er gert í því skyni, að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt allt að 4 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr. Láti maður fyrirfarast að skila aptur þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, eptir því sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, þá varðar það allt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins.

Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið — ef skipið er enn til — sje ógilt.

26. gr. Amtmaður tiltekur upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25 gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gjört á hendur mönnum sektir, allt að 20 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs eðlis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum og í samhljóðan við þau.

27. gr. Fyrir sektum þessum er eigandinn, og sjeu þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafjelög, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr. Ef nokkur, sem krafizt er af sektar samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal amtmaður hlutast til um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sje sekur, og hverja hegningu hann eigi að þola, ef svo er. Þar að auki er það amtmaður, sem ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Sektir allar renna í landsjóð.

29. gr. Reglugjörðir þær, sem þurfa til að fylgja lögum þessum fram, gefur yfirvald það út, sem nefnt er 4. gr.

30. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlímán. 1896 og er tilskipun fyrir Ísland 25. júní 1869 um skrásetning skipa um leið úr lögum numin.

Nd. 267. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Ólafi Briem.

Við 11. gr. 5. Á eptir staflið e. komi nýr liður:

Styrkur til sjúkrahússtofnunar á Sauðarkrók, með því skilyrði, að sýslunefnd skuldbindi sig til að halda þar sjúkrahús, er rúmi að minnsta kosti 10 sjúklinga ....5000 kr.

Ed. 268. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til laga um stofnun lagaskóla (þingskj. 130 og 244). Frá nefndinni.

1. Upphaf 3. gr. orðist þannig:
   Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi, og sje annar þeirra jafnframt o. s. frv.
2. Hin nýja málsgrein, er bætist aptan við 3. gr. (sbr. breytingartillögu nr. 3. á þgskj. 244) orðist þannig: Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 2500 krónum. Öll útgjöld til skólans greiðast úr landsjóði.

Ed. 269. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (þingskjal 160). Frá Hallgrími Sveinssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir orðin: »að taka skuli aðra næma sjúkdóma til meðferðar á sama hátt«, komi: »að vörnum skuli og beita gegn öðrum næmum sjúkdómum«.
2. Við 2. gr. Fyrir orðið: »húðsjúkdómar« síðast í 2. málsgrein, komi: »hörundssjúkdómar«.
3. Við 2. gr. Upphaf 3. málsgreinar orðist þannig: »Eptir samráði við landlæknir gefur landshöfðingi út« o. s. frv.
4. Við 2. gr. Í stað orðanna í næstsíðustu málsgrein: »birta það opinberlega . . . er í hlut á«, komi: »gjöra þær ráðstafanir almenningi kunnar á hinn hagkvæmasta og tryggilegasta hátt, á því svæði, sem þurfa þykir«.
5. Við 2. gr. Fyrir síðustu orð greinarinnar: »birt opinberlega«, komi: »gjört almenningi kunnugt«.
6. Við 3. gr. Fyrir: »og það skorið upp, ef til kemur« — komi: »og jafnvel skera það upp«.
7. Við 5. gr. Fyrir orðin: »Þá er sjúkdómur sá kemur«, — komi: »Nú kemur slíkur sjúkdómur«.
8. Við 5. gr. Fyrir orðin: »er forstöðumaður eða sá, er þar ræður mestu, skyldur«,—komi: »og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt«.
9. Við 5. gr. Orðið: »hlutaðeigandi« fyrir framan skipstjóri falli burt.
10. Við 5. gr. Fyrir: »þann kostnað«, komi: »kostnaðinn«.
11. Við 7. gr. Fyrir: »umsjón læknis«, komi: »læknisumsjón«.
12. Við 7. gr. Fyrir: samþykki læknis«, komi: »samþykki læknisins«.
13. Við 7. gr. Fyrir: »þær ráðstafanir um samgöngubann, er gjöra þarf«, komi: »nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubann«.
14. Við 8. gr. Fyrir: »banna öðrum«, komi: »banna mönnum«.
15. Við 12. gr. Fyrir: »hinni seinni gjörð«, komi: »hinni síðari gjörð«.
16. Við 14. gr. Fyrir: »eða almennum«, komi: »eða gegn almennum«.

Ed. 270. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 12. jan. 1888 um þurrabúðarmenn.

Vjer nefndarmenn höfum eigi getað orðið á eitt sáttir í máli þessu. Aðalákvæði frumvarpsins eru, að nema úr gildi fyrirmælin í 12. gr. tilskip. 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn, og 2. gr. laga um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 um að enginn megi gjörast húsmaður nje þurrabúðarmaður, nema hann hafi fengið til þess leyfi sveitarstjórnar. — Þessa breyting á gildandi lögum þ. e. afnám samþykktar-atkvæðis sveitastjórna í þessu efni, getum vjer ekki álitið nauðsynlega nje ráðlega; nauðsynleg er hún

ekki, með því að úrskurðum hreppsnefnda má skjóta til sýslumanns og amtmanns, og hafa þær því ekki einar völdin í þessu efni. Ráðlegt virðist okkur það ekki, að taka áminnst vald af sveitarstjórnunum og láta það eingöngu vera komið undir geðþekkni húsbænda, því að um það geta eigi verið skiptar meiningar, að í sjáfarsveitunum, þar sem mestur er fjöldi tómthúsmanna og húsmanna, geta orðið mikil þyngsli leitt af tómthúsmönnum og húsmönnum fyrir sveitarfjelagið, og gæti eigi orðið bætt úr því til nokkurrar hlítar, nema með því að ákveða, að þessar persónur skulu, að því er framfærslu þeirra snertir, vera á ábyrgð húsbænda þeirra, eins og þær væru vinnuhjú. Slík ákvæði eru eigi í frumvarpinu, og eptir því hvernig við lítum á málið í heild þess, þykir okkur ekki ástæða til að gjöra þau að tillögu okkar. 2. gr. frumvarpsins fer ekki nærri því nógu langt í þessu efni. — Vjer getum eigi annað sjeð, en að það sje á rjettum rökum byggt, að sveitarstjórnirnar skuli hafa atkvæði um það, hverjum leyfa skuli að setjast að í tómthús- eða húsmennsku í sveitunum eða bæjarfjelögunum, og leggjum það því til, að frumvarp þetta verði fellt.

Efri deild alþingis 3. ágúst 1895.

Krisján Jónsson, skrifari. Guttormur Vigfússon.

Jeg get ekki verið samdóma hinum heiðruðu samnefndarmönnum mínum um frumv. þetta. Mjer finnst það vera eðlilegur rjettur sjerhvers manns, ekki síst er hann hefur stofnað familíu, að hann megi setjast að, hvar á landinu sem hann vill, ef hann hefur til þess leyfi hlutaðeigandi húsbónda, án íhlutunar nokkurs stjórnarvalds, meðan hann eigi nýtur sveitarstyrks, en getur bjargað sjer sjálfur. Þurrabúðar- og tómthúsmenn hljóta að vita bezt sjálfir, eins og aðrir menn, hvar þeim er bezt að vera og mest líkindi til, að þeir geti bjargast. Fyrir þessa menn má því eigi leggja neinar hömlur, sem geti hnekkt atvinnu þeirra, en það er gjört, meðan sveitarstjórnir hafa leyfi til að banna þeim bólfestu. Menn þessir, sem frumv. ræðir um, eru venjulega hinir fátækustu heimilisfeður þessa lands, sem þurfa því óhindrað að geta neytt krapta sinna. Landinu í heild, eins og þeim sjálfum, er því fyrir beztu að þeir geti, ef þeir á annað borð eru þess umkomnir að fá sjer samastað, verið þar, sem bezt fer um þá og þeir geta bezt unnið fyrir sjer og sínum.

Af þessum ástæðum vil jeg leyfa mjer að æskja þess, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Efri deild alþingis, 3. ágúst 1895.

Þorkell Bjarnason,
formaður.

Ed. 271. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um stofnun lagaskóla. Frá Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni

Aptan við 5. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Eptir að skóli þessi er stofnaður, má eigi skipa neinn í þau embætti hjer á landi, er lögfræðispróf þarf til, nema hann hafi tekið próf í íslenzkum lögum og íslenzkri réttarsögu við lagaskólann.

Ed. 272 **Nefndarálit.**

í málinu: frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Nefndin hefur eigi getað orðið sammála um frv. Meiri hlutinn hefur þá skoðun, að það geti orðið til nokkurra bóta, ef það yrði að lögum, með nokkrum breytingum, sem okkur virðist æskilegt að gera á því.

Það er kunnugt, að sendimenn frá Ameríku hafa ferðast hjer um land og ginnt ýmsa til að flytja af landi burt til Ameríku. Þessir ferðalangar frá Ameríku hafa eigi verið löggiltir útflutningastjórar, og þess vegna eigi hægt, að láta þá sæta ábyrgð fyrir ginningar sínar og tælingar, enda þótt slíkt hefði varðað við lög fyrir löggilta útflutningastjóra. Frv. vill sporna við þessu, með því að ákveða, að engir aðrir en löggiltir útflutningastjórar megi hafa á hendi «nokkurn starfa í þarfir slíks útflutnings» (1. gr.). Þetta ákvæði þykir okkur þó of víðtækt, og leggjum því til, að í staðinn fyrir orðið «starfa» komi: atvinnu.

Eptir núgildandi lögum verða eigi aðrir en löggiltir útflutningastjórar látnir sæta ábyrgð fyrir að tæla menn með ósönnum fortölum til að flytja af landi burt, en með niðurlagi 1. gr. frv. eiga allir að sæta ábyrgð fyrir slíkt, og getum við ekkert sjeð á móti því.

Sömuleiðis föllumst við á, að afnumin sje undanþága hins konunglega danska póstgufuskips, sem nefnd er í 2. gr. frv. Eptirlit lögreglustjórnarinnar, sem ákveðið er í 7. gr. laga 14. jan. 1876, miðar til að vernda vesturfara, og sú vernd virðist eigi óþarfari eða ástæðuminni, þótt útflutningsskipið sje «konunglegt danskt póstgufuskip».

Í lögum 14. jan. 1876, 7. gr. er svo ákveðið, að lögreglustjórinn á þeim stað, er útflutningaskipið fer síðast frá, skuli gefa leyfi það, sem ræðir um í 3. gr. frv., en í þess stað ákveður sú grein, að leyfi þetta skuli gefið af lögreglustjóranum á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á, til að taka útfara. Okkur virðist það bæði fara betur og vera eðlilegra.

Orðið «rannsókn» í 2. línu 4. gr. er allt of óákveðið; með því orði mun vera átt við rannsókn þá, sem síðar er talað um í greininni og læknisrannsókn þá, sem ákveðin er í 8. gr. laga 14. jan. 1876. Við leggjum því til að orða 4. gr. öðruvísi en nú er gert í frv.

Það hefur stundum komið fyrir, að vesturfarar hafa farið á laun af landi burt, án þess að fullnægja þeirri skyldu, sem þeim er lögð á herðar með lögum nr. 12, 7. febr. 1890. Svo hafa og margir strokið burt frá skuldum sínum og stundum hefur jafnvel kona og börn útfarans eigi vitað fyr en hann hefur verið farinn. Með ákvæðunum í síðara hluta 4. gr. frv. er reynt að aptra þessu. Með skírteini því, sem þar er nefnt, ætti að fást nokkur trygging fyrir því, að menn fari eigi af landi burt, án þess að hafa fullnægt ákvæðum laga nr. 12, 7. febr. 1890, en þó teljum við rjettara, að þetta sje beinlínis tekið fram í skírteininu. Að vísu getur skírteini þetta engan veginn spornað beinlínis við því, að nokkur maður strjúki frá skuldum sínum, en það getur þó orðið til þess, að kunnugt verði fyrirfram, að útfarinn ætli af landi burt og þannig gert skuldheimtumönnum hans mögulegt, að ná skuldum sínum hjá honum eða fá hann kyrsettan að öðrum kosti.

Samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, leyfum við okkur að ráða til að samþykkja frv. með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir: «nokkurn starfa» komi: nokkra atvinnu.
2. — 4. — Greinin orðist þannig:

Á hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda, skal lögreglustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbrjef útfara og ganga úr skugga um, að tala útfara sje eigi hærri en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti á skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að lög, nr. 12, 7. febr. 1890 sjeu för hans eigi til fyrirstöðu og að hann sje að öðru leyti að lögum frjáls til útfarar. Skipstjóri og útflutningsstjóri bera ábyrgð á, að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til slíkrar rannsóknar, svo og til læknisrannsóknar þeirrar, sem ákveðin er í 8. gr. laga nr. 3, 14. jan. 1876. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum.

Efri deild alþingis 3. ágúst 1895.

Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður. Jón Jónsson.

ÁLIT

minni hluta nefndarinnar.

Jeg get fellt mig við 2., 3. og 4. gr. frv. af þeim ástæðum og með þeirri breytingu á 4 gr., sem tilgreind er í áliti meiri hlutans. Þar á móti get jeg ekki fallizt á 1. gr. frv.; þykja mjer sum ákvæði í henni of víðtæk og of óákveðin, sem sje þessi: »Enginn má . . . á nokkurn hátt hafa á hendi nokkurn starfa í þarfir slíks útflutnings«, og »Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings«. Þó að sett sje eptir tillögu meiri hlutans: »nokkura atvinnu« fyrir: »nokkurn starfa« tel jeg það til lítilla bóta. Þessi ákvæði álít jeg að fari miklu lengra en prohibitiv (bannandi) lög vor yfir höfuð fara og mega fara, þegar um hepting á persónulegu frelsi er að ræða, og á hinn bóginn tel jeg ómögulegt af hálfu valdstjórnarinnar að framfylgja slíkum laga-ákvæðum, svo að gagni verði. — Auk þess vil jeg leggja það til að formi frv. verði nokkuð breytt, sem kemur til af því, að jeg legg til að 1. gr. falli burt, og að frv. að öðru leyti sje tengt nánar við útflutningslögin 14. jan. 1876. — Breytingartillögur mínar eru þessar:

1. við 1. gr. Þessi grein falli burt.
2. — 2. — Þessi grein verði 3. grein.
3. — 3. — Þessi grein verði 1. grein.
4. — 4. — Niðurlagsorðin: »Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum« falli burt.
5. — 4. — Verði 2. gr.
6. Viðbætist ný grein, er verði 4 gr. svolátandi: Brot gegn ákvæðum laga þessara sæta sömu meðferð og varða sektum, eins og ákveðið er í lögum nr. 3, 14, jan. 1876.

E. d. alþs, 3. ágúst 1895.

Kristján Jónsson
formaður.

Nd. 273. **Breytingartillaga**
við frv. fyrir árin 1896 og 1897. Frá Skúla Thoroddsen.
Aptan við 13. gr. B. V. b. bætist nýr liður svo látandi:
7, til styrkveitingar námspiltum 600 kr.

Nd. 274. **Viðaukatillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Eiríki Gíslasyni, þingmanni Snæfellinga.
Aptan við 13. gr. C 22 bætist nýr töluliður svo hljóðandi:
Styrkur til Bjarna Þorkelssonar, bátasmiðs í Ólafsvík, til þess að fara til Noregs, að kynna sér báta og skipagerð og annað það, er að sjávarútveg lýtur, 800 kr. fyrra árið.

Nd. 275. **Atkvæðaskrá**
við 2. umr. í n. d. um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897.

Þingskjölin eru:
Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar.
Álit fjárlaganefndar neðri deildar, þskj. 212.
Skýrsla um bænarskrár, málaleitanir o. s. frv., þskj. 216.
Breyt. og viðaukatillögur: þingskj. 235, 252, 257, 258. 259, 261 262, 263, 264, 267, 273, 274.

I. kafli.
Tekjur.

1. 1. gr. frumv. (með breytingum eptir atkvæðagreiðslunni).
2. Við 2. gr. 2. Breyt.till. nefndarinnar (213). Fyrir 4200 — 4200 — 8400.
komi: 4500 — 4500 — 9000
3. — 2. — 6. Breyt.till. nefnd. (213). Fyrir: 7000 — 7000 — 14000
komi: 7500 — 7500 — 15000
4. — 2. — 8. Breyt.till. nefnd. (213). Fyrir: 30,000 — 30,000 — 60,000
komi: 35,000 — 35,000 — 70,000
5. — 2. — 10. Breyt.till, nefnd. (213). Fyrir: 60,000 — 60,000 — 120,000
komi: 65.000 — 65,000 — 130.000
6. — 2. — 11. Breyt.till.nefnd.(213). Fyrir: 130.000 — 130,000 — 260,000
komi: 140,000 — 140,000 — 280,000
7. — 2. — 12. Breyt.till. nefnd. (213). Fyrir: 22,000 — 22,000 — 44.000
komi: 25,000 — 25,000 — 50,000
8. 2. gr. frumv. breytt eða óbreytt.
9. 3. — frumv. óbreytt.
10. 4. — frumv. óbreytt.
11. 5. — frumv. óbreytt.
12. 6. — frumv. óbreytt.

II. kafli:
Gjöld.

13. 7. — frumv. óbreytt.
14. 8. — frumv. óbreytt.
15. Við 9. gr. Breyt.till. nefndar (213). Fyrir: 32,000
komi: 38,000
og fyrir: 33,600
komi: 39,600
16. 9. gr. frumv. breytt eða óbreytt.
17. Við 10. gr. A. 3. b. Breyt.till. nefnd. (213). Aptan við bætist:
„og skrifstofukostnaður“
og fyrir: 500
komi: 800
18. — 10. — B. 1. a. Breyt.till. nefnd. (213).
Fyrir: 68,853.49 — 68.853.49
komi: 68,100.00 — 68.100.00
19. — 10. — C. 4. a. 1. Breyt.till. nefnd. (213) Fyrir: (1896) 2500
komi: 3,000
20. — 10. — C. 4. a. 3. Breyt.till. nefnd. (213). Fyrir (1896) 2,000
komi: 3000
21. — 10. — C. 4. a. 4. Breyt.till. nefnd. (213). Fyrir: (1896) 2000
komi: 4000
22. — 10. — C. 4. b. Breyt.till. nefnd. (213). Fyrir: 12,000 — 12,000
komi: 13,000 — 15,000
Athugasemdin falli burt.
23. — 10. — C. 4. Breyt.till. nefnd. (213). Á eptir b. komi nýr liður:
c. til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 — 2000
og að auki, í eitt skipti fyrir öll, með því skilyrði, að hin ömtin gangi í samband við suðuramtið um eitt búnaðarfjelag fyrir land allt, 4000.
24. — 10. — C. 4. Breyt.till. Halldórs Daníelssonar (252) Nýr stafl. bætist við er verði stafl.
d. Styrkur til bryggjugjörðar við Steinsvör á Skipaskaga 500
25. — 10. — C. 4. d. Breyt.till. nefnd. (213). Stafliðurinn sje 5. í tölu og breytist þannig:
til að járnklæða Langholts- og Þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu.
26. — 10. — C. 4. e. Breyt.till.nefnd.(213). Stafliðurinn sje 6. í röðinni og aptan við bætist:
Þar af verða 2000 kr. eign þeirra, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.
27. — 10 — C Breyt.till. nefnd. (213). Á eptir e. komi nýr liður, hinn 7. í röðinni, og orðist þannig:
Fyrir að eignast lóðina undir fröpsku fiskimannahúsunum

í Reykjavík, með því að flytja þau á annan stað, allt að 4500 kr.

28. — 10. — C. 6. Breyt.till. nefnd. (213). Töluliðurinn orðist svo:
til annara vita:
a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu 11,000.
b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita 500.
c. til árlegra útgjalda við Gróttuvita 400.
d. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð 500
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.

29. — 10. — C. Breyt.till. nefnd. (213). Á eptir 7. tölulið frumv. komi nýr liður hinn 11. svohljóðandi:
Til Skúla Thoroddsens fyrra árið 5000 kr.

30. 10. gr. frv. breytt eða óbreytt.

31. Við 11. gr. 1. Breyt.till. nefnd. (213).
Í st. f.: 39,058 — 39,058 — 78,116
komi: 38,458 — 38,458 — 76,916

32. — 11. — 2. Breyt.till. nefnd. (213). Stafliður h. orðist svo:
„Til læknis milli Haffjarðarár í Hnappadalssýslu og Gljúfurár í Mýrasýslu".

33. Við 11. gr. 2. Br.till. nefnd. (213) Fyrir aptan stafliðinn komi:
„o. til læknis í Bólstaðarhlíðar, Engihlíðar, Vindhælis, Torfalækjar og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu".

34. — — — Br.till. nefnd. (213) Fyrir: 14000 — 14000 — 28000
komi: 15000 — 15000 — 30000
Fyrir: 14 aukalækna.
komi: 15 aukalækna.

35. — — — Br.till. nefnd. (213) Aptan við tölul. 2. bætist nýr töluliður:
„3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga 100—100—200".

36. — — — 4. Br.till. nefnd. (213): Töluliðurinn falli burt.

37. — — — 5. e. Br.till. nefnd. (213) Fyrir: „500"
komi: „400".

38. — — — 5. Br.till. frá Ól. Briem (267). Á eptir staflið e. komi nýr liður:
„Styrkur til sjúkrahússtofnunar á Sauðárkrók, með því skilyrði, að sýslunefnd skuldbindi sig til að halda þar sjúkrahús, er rúmi að minnsta kosti 10 sjúklinga,—5000 krónur".

39. — — — 5. f. Br.till. nefnd. (213). Í staðinn fyrir þennan lið komi:
„Til undirbúnings holdsveikisspítala 1800 kr.
Þar af 1200 kr. til læknis fyrir að ferðast til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala".

40. — — — 5. f. Br.till. við br.till. nefnd. (213) frá Valt. Guðm. (262).
Í staðinn fyrir: „Þar af 1200 kr. til læknis fyrir að

ferðast“ komi: „Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis til að fara“.

41. 11. gr. frumv.s. breytt eða óbreytt.

42. Við 12. gr. B. a. Br.till. nefnd. (213). Stafliðurinn orðist þannig: „Til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur“.

43. — — — B. b. Br till við br.till. nefnd. (213) frá samgöngumálanefndinni (263):
Fyrir: „45,000 — 45,000“
komi: „30,000 — 30,000“

44. — — — B. b. Br.till. nefnd. (213) Fyrir: „50,000 — 50,000“
komi: 45,000 — 55,000“.

45. — — — B. c. Br.till. nefnd. (213). Fyrir: 15,000 — 15,000“
komi: 20,000 — 20,000“.

46. — — — B. Br.till. nefnd. (213). Orðið: „aðalvega“ breytist í „þjóðvega“. Aftan við stafl. d. bætist nýr liður: e. styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu — 1000 kr.

47. — — — C. a. Br.till. nefnd. (213). Fyrir: „til hins sameinaða gufuskipafjelags“ . . . . . 18,000“
komi: „til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins“ . . . . . 45,000“

48. — — — C. b. og c. Br.till nefnd. (213). Fyrir: „til gufubátsferða á Faxaflóa“ . . . . . allt að 3,000
komi: „b. til gufubáts í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa“ . . . . . allt að 6,000

49. — — — C. Br.till. nefnd. (213). Á eptir þessum lið komi 3 nýir stafliðir:
c. til gufubáts í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa allt að 10,000
d. til gufubáts í Norðlendingafjórðungi . . allt að 10,000
e. til gufubáts í Austfirðingafjórðungi . . allt að 6,000

50. Við 12. gr. C. Br till. nefnd. (213). Í stað hinna 4 skilyrðisgreina komi: Styrkurinn undir staflíðunum b—e greiðist aðeins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti ¼ á móti ¾ úr landsjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds. Loks er styrkurinn bundinn því skilyrði, að batarnir sjeu eigi minni en 35 smálestir að farmrúmi og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 25 manns undir þaki.

51. Við 12. gr. C. Viðaukatill. við br.till. nefnd. á tölul. 35 frá Guðl. Guðm.ss. o. fl. (235). Aftan við skilyrðisgreinina bætist: „Að því er snertir styrkinn undir stafl. b, má þó haga þeirri fjár-

veiting á sama hátt og 1894—95 (12, C. b og c), ef eigi getur fengist til ferðanna bátur, er fullnægi ofangreindum skilyrðum. að því er stærð snertir".

52. — — — C. Viðaukatill. frá Halld. Dan. (252). Nýr stafl. bætist við, sem verður stafl. e:
„Styrkur til gufubátsferða frá Borgarnesi upp eptir Hvítá 1000 kr.".

53. — — — C. Br.till. nefnd. (213). Bætist við nýr stafl.:
„f. til fiskifjelagsins „Dan" fyrir að flytja póst 14. hvern dag, um sumarmánuðina, milli útlanda annarsvegar, og Reykjavíkur og Vestfjarða hinsvegar 5000 kr.

54. — 12. gr. frv. breytt eða óbreytt.

55. — 13. gr. B. I. b. 1. Breyting.till. nefndarinnar (213)
Fyrir: „Handa 16 lærisveinum 1896 og 20 1897"
komi: „Handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897"
og fyrir: „1280 — 1600",
komi: „960 — 1280".

56. — — — B. I. b. 2. Br.till. nefnd. (213)
Fyrir: „600 — 600",
komi: „400 — 400".

57. — — — B. I. b. 7. Breyt.tillaga nefndarinnar (213)
Fyrir: „200 — 200",
komi: „2 0 — 250".

58. — — — B. I. b. 9. Breyt.till. nefndar. (213)
Töluliðurinn falli burt.

59. — — — B. II. b. 1. Breyt.till. nefndar. (213)
Fyrir: „4 ölmusur 200 kr. hver 800 — 800",
komi: „3 ölmusur 200 kr. hver 600 — 600"

60. — — — B. II. b. 5. Fyrir: „húsaleiga handa 10 lærisveinum 800 — 800",
komi: „Húsaleiga handa 8 lærisveinum 640 — 640".

61. — — — B. III. b. „til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans 300 kr." falli burt.

62. — — — B. III. c. 4. Fyrir: „1700 — 1700"
komi: „1600 — 1600"

63. — — — B. III. c. 5. Breyt.tillaga frá Valtý Guðmundss. (262) við breytingartill. nefndarinnar (213).
Í staðinn fyrir: „5000 — 5000",
komi: „5000 — 4500".

64. — — — B. III. c. 5. Breytingartill. nefndarinnar (213)
Fyrir: „5500 — 5500",
komi: „5000 — 5000".

65. — — — B. III. c 10. Breytingartill. nefndar. (213).
Þessi töluliður falli burt.

66. — — — B. III. c 11. Breyt till. nefndar. (213).
Töluliðurinn falli burt.

67. — — — B. III. Breyting till. frá Valtý Guðmundssyni (262) við breytingartill. nefndarinnar (213).
Í staðinn fyrir: „600 — 600“ í hinum nýja lið, komi: „1000 — 1000“.

68. — — — B. III. Breytingartill. nefndar. (213)
Aptan við bætist nýr liður: „Til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 — 600“.

69. — — B. IV. b. 1. Breytingartill. nefndar. (213)
Fyrir: „400 — 400“,
komi: „300 — 300“.

70. — — — B. IV. b 4. Breyt till. nefndar. (213)
Fyrir: „500 — 500“,
komi: „300 — 300“.

71. — — — B. V. a. Breyt till. nefnd. (213).
Fyrir: „1800 — 1800“,
komi: „2000 — 2000“.

72. — — — B. V. b. 1. Breytingartill. nefndar. (213).
Fyrir: „170“, komi: 600“.

73. — — — B V. b. 4—6. Breytingartill nefndar. (213).
Tölulíðirnir 4—6 falli burt.

74. — — — B. V. b. Breytingartill. frá Skúla Thoroddsen (273).
„Aptan við 13. gr. B. V. b. bætist nýr liður:
7, til styrkveitingar námspiltum 600“.

75. — — — B. VI. a. 1. Breytingartill nefndar. (213).
Fyrir: „2500“ komi: „1800“.

76. — — — B. VI. a. 4. Breytingartill. nefndar. (213).
„Aptan við athugasemdina bætist: Leggist Laugalandsskólinn niður annað eða bæði árin, ganga $^2/_3$ hlutir þessarar upphæðar til Ytri-Eyjarskólans.

77. — — — B. VI. a. Breyt till frá Kl. Jónss. og Jóni Jónss., þm Eyf. (261)
Aptan við bætist nýr töluliður:
„5. Styrkur til að byggja nýtt skólahús á Akureyri handa kvennaskólanum, sem hingað til hefur verið á Laugalandi . . . . kr. 6 000“.

78. — — — B. VI. a. Breyt till. nefndar. (213). Aptan við bætist nýr töluliður:
„5. Til kvennaskólans á Austurlandi síðara árið 1200. Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896“.

79 Við 13. gr B VI. b. 1. Breytingartill. nefndar. (213).
Fyrir: „4000 --- 4000“ komi: „4500 --- 4500“
í athugasemdinni breytist orðin: „annarar tillögu“
í „annars tillags“.

80 --- --- --- B. VI. b. 2. Breytingartill. nefnd. (213).
Fyrir: „allt að 60 kr“ komi: „allt að 80 kr.“
Fyrir: „4800 --- 4800“
komi: „5500 --- 5500“.

81 --- --- --- B. VI. Breyt till. frá Jóni Þórarinss. og fl (257).
„Liðirnir c. d. og e. falli burt“.

82 --- --- --- B. VI. h. Breyt.till. nefnd. (213)
„Þessi liður falli burt“.

83 --- --- --- B. VII. b. Breyt.till. nefnd (213)
Fyrir: „800 -- 800“
komi: „1000 --- 1000“.

84 --- --- --- B. VII Breyt till frá Jóni Þórarinssyni o fl. (257)
„Aptan við VII. bætist svohljóðandi nýr liður:
VIII. Til alþýðu-, gagnfræða- og kennarafræðslu
Flensborgarskóla:

a, til launa handa 3 kennurum	4,400 --- 4,400	
b, önnur útgjöld . .	1896---1897	
1. til áhaldakaupa . .	400---200	
2. fyrir eldivið, ræsting og vátrygging skólahússins	250---250	
3. til styrkveitingar þeim, er próf taka í uppeldisfræði, 30 kr handa hverjum	300---300	950 --- 750
		5,350 --- 5,150
		10,500

85. --- --- --- C. 1. Breyt.till. nefndar. (213)
Orðin: “og fyrir umsjón . . . . milli þinga“ falli burt.

86. --- --- --- C. 1. c Breyt.till. nefnd. (213).
„Þessi liður falli burt“.

87. --- --- --- C. 1. d. Breyt.till. frá Valtý Guðmundss. (262)
Fyrir: „2,500---2,500“ komi: „12,500---12,600“.

88. --- --- -- C. 3. a. Breyt.till. nefndar. (213).
Fyrir: „1000---1000“ komi: „1500---1500“.

89. við 13. gr. C. 3. b. Breytingartillaga frá Valtý Guðmundssyni (262).
Aptan við orðið „fornbrjefasafni“ bætist: „eða sem því svarar af registri“

90. — — — C. 4. Breyt. till. nefndar (213)
„Fyrir: 500 — 500. komi: „750 — 750“.

91. — — — C. 5. a. Breyt.till nefnd. (213).
Aptan við „áhalda“ bætist við: „þar af, eptir þörfum, til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með

myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð.
Fyrir: 1000, komi: 1200.

92. — — — C. 5. b. Breyt.till. nefndar (213).
Fyrir: 800, komi: 400.
Aptan við bætist nýr liður:
c. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá, fyrra árið 400 kr.

93 — — — C. 10. Breyt till. nefnd. (213).
Fyrir: 400 — 400, komi: 500 — 500.
Aptan við bætist svohljóðandi athugasemd:
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.

94. — — — C. 14. Breytingartill. nefndar (213).
Fyrir. „500 — 500 komi: „800 — 800".

95. — — — C. 15. Breyt.till. nefndar (213): „Falli burt".

96. — — — C. Breyt till frá Jóni Þórarinssyni (258)
Eptir 15 lið komi svohljóðandi 16. liður:
Til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málaraíþrótt 500 — 500.

97. — — — C 16. Breytingartill. nefndar (213): „Falli burt".

98. — — — C. 17. Breyt.till. frá Þorl. Guðmundss. og Þórði Guðmss. (259): Töluliðurinn falli burt

99. — — — C. Breyt.till. frá Kl. Jónssyni og Jóni Jónss., þm. Eyf. (261):
„Á eptir 13. gr C. 17 komi tveir nýir liðir svohljóðandi:
18. Styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði til að safna íslenzkum þjóðlögum kr. 1000.
19. Til skáldsins Þorsteins Erlingssonar í Kaupmannahöfn kr. 600 — 600.

100 — — — C. 22. Breyt.till. við breyt.till. nefnd. (213) frá Valtý Guðmundssyni (262):
Í staðinn fyrir „600" komi: „allt að 600 kr."

101. — — — C. Breyt.till. nefndar (213):
„Á eptir tölulið 17, sem verður 15., komi þessir töluliðir:
16 Til rektors Jóns Þorkelssonar, til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að 300 — 300.
17. Til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar 25 kr. fyrir örkina, allt að 125.
18. Til frú Elínar Eggertsdóttur til að koma á fót hússtjórnar- og matreiðsluskóla í Reykjavík 1200

í eitt skipti fyrir öll, og til kennslu og viðhalds á skólanum 500 kr. hvort árið 1700 - - 500,

19. Til kandidats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna 800 --- 800.

20. Til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði 500 --- 500.

21. Styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík 1200.

22. Til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins 600.

102. — ---- ---- C. Viðaukatill. við breytingartill. nefnd. (213) frá Eiríki Gíslasyni (274):

„Aptan við 13. gr. C. 22 bætist nýr töluliður svo hljóðandi:

„Styrkur til Bjarna Þorkelssonar, bátasmiðs í Ólafsvík, til þess að fara til Noregs, að kynna sjer báta- og skipagerð og annað það, er að sjáfarútveg lýtur, 800 kr. fyrra árið".

103. ---- --- -- C. Breyt.till. við breyt.till. nefndar (213) frá Valtý Guðmundss. og Skúla Thoroddsen (264).

„Við 13. gr. C. Á eptir 22. tölulið komi nýr liður svo hljóðandi:

Til þess að útvega norskan járnbrautafræðing. er rannsaki og geri lauslega áætlun um gerð þriðjungsbrauta (tertiærbaner) hjer á landi, fyrra árið allt að 5000 kr.

104 ---- --- ---- C. Breytingartill. við breytingartill. nefndar (213) frá Valtý Guðmundssyni (262).

Á eptir tölulið 22 (N) bætist tveir nýir töluliðir:

Styrkur til kand. Þorsteins Erlingsssonar í Kaupmannahöfn til ritstarfa 600 kr. --- 600 kr."

Styrkur til bókbindara Þórarins B. Þorlákssonar í Reykjavík til að stunda málaralist erlendis 500 kr. - - 500 kr.

105. 13. gr. frumv. breytt eða óbreytt.

106. 14. gr. frumv. óbreytt.

107. --- 15. gr. Breytingartill. nefnd. (213):

Á eptir „ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr." bætist: til viðbótar við eptirlaun Skúla Thoroddsens 500 kr, til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr

108. 15. gr. frumv. breytt eða óbreytt.

109. 16. --- ---- óbreytt.

110. 17. gr. Breyt.till. nefndarinnar (213): greinin breytist eptir því, hvernig atkvæðagreiðslan fellur.

111. 18. gr. frumv. óbreytt.

112. Viðaukatillögur nefndarinnar (213):

Aptan við frumvarpsgreinarnar bætast svo hljóðandi athugasemdir:

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20.000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40.000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Úr viðlagasjóði má veita amtsráði vesturamtsins allt að 60,000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 pCt. á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30.000 kr. lán til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta endurborgist, auk vaxta, á 5--10 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað

Nd. 276. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga 1896—1897. Frá Einari Jónssyni.

Við 10. gr. C., 4., a. 3. Í staðinn fyrir 2000 kr. síðara árið, komi: 2500 kr.

Við 11. gr. 2. Aptan við liðinn bætist nýr liður:
Til læknis í efri hluta hins 14. læknishjeraðs fyrir ofan Eyvindará, Þorleifará og Gilsá á Jökuldal, og í Skriðdal.

Við 11. gr. 3. bætist nýr undirliður:
b. styrkur til hins sama manns til að fara lækningaferð til Seyðisfjarðar fyrra árið, allt að kr. 300,00, er greiðast samkvæmt reikningi. Liðurinn sjálfur verði undirliður: a.

Við 13. gr. Aptan við liðinn bætist nýr töluliður:
styrkur til endurbyggingar Dvergasteinskirkju 800 kr. fyrra árið.

Nd. 277. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Sighvati Árnasyni.

Við 13. gr. C. Á eptir 17. lið bætist nýr töluliður, þannig hljóðandi:
»Til að stofna norrænukennslu í Reykjavík veitast á fjárhagstímabilinu hvort árið kr. 2000«.

Nd. 278. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald (þgskj). 167). Frá Tryggva Gunnarssyni.

Af hverjum 100 pd. heilagfiskis er útflutningsgjald 5 aurar.

Af hverjum 100 pd. kola er útflutningsgjald 3 aurar.

Nd. 279. **Tillaga**

til þingsályktunar um fjárhald landsjóðskirkna. (Eins og hún var samþ. við eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora enn af nýju á landstjórnina, að leita samninga við hlutaðeigandi söfnuði samkv. lögum nr. 13 frá 12. maí 1882 um það, með hverjum kjörum þeir vilja taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landsjóður á, og sjeu undirtektir safnaðanna síðan lagðar fyrir alþing 1897.

Ed. 280. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 1., 5., 6. og 8. gr. í lögum 13. jan. 1882, um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Frumvarp þetta hefur tekið nokkrum breytingum í h. neðri deild. Úr 3. grein frumvarpsins, eins og það var samþykkt hjer í deildinni, hefur verið felld ákvörðunin um það, að hreppstjórar þeir, sem fengið hafa hærri þóknun eptir áðurgildandi lögum en þeir mundu fá eptir þessum lögum, skyldu einkis í missa. Þessu ákvæði telur og nefndin að megi sleppa, með því að slík tilfelli munu ekki koma fyrir, þar sem launin eru hækkuð að miklum mun. Þá hefur h. neðri deild bætt þremur nýjum greinum aptan við frumvarpið, sem breyta nokkuð 5., 6. og 8. grein í lögunum nr. 3. 13. jan. 1882. Þessar breytingar teljum vjer til bóta, og föllumst á þær; ráðum vjer því h. efri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það nú er.

Alþingi 5. ágúst 1895.

Kristján Jónsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. Guttormur Vigfússon.

Ed. 281. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. Frá Þorleifi Jónssyni.

Við 1. gr. Á eptir orðunum „er einu sinni skal birt“, kom: með árs og dags fyrirvara.

Við fyrirsögnina: Fyrir: „lögum 16. sept. 1893“, komi: lögum nr. 16, 16. sept. 1893.

Ed. 282. **Frumvarp**
til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra tvö samhljóða frumrit og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus, hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn þangað

til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr. Með lögum má afnema öll eptirlaun.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annað hvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó eigi lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár eptir að það var rofið. Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það skuli eiga.

15. gr. Landstjórinn getur lagt fyrir alþingi frumvarp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög ekki koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabyrgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjöld til almennra þarfa;

b. embættismenn;

c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þesshättar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;

2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur. Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess að rannsaka mikilsvarðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn, verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði

þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og þeir eiga rjett á, að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að

5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími, meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá, að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal af taka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera tak örkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur, Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eptir því sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur og tign, má aldrei lögleiða.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed. 283. **Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum. (Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í Ed.)

1. gr. Holdsveikum mönnum, er njóta sveitarstyrks, skal fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða þeim komið fyrir á þann hátt, er hlutaðeigandi læknir þykir nægileg trygging í.

Ef því verður við komið, skal holdsveikum mönnum komið svo fyrir, að hjón sjeu eigi skilin, ef það er á móti vilja þeirra. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan skilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af sýslumanni eða bæjarfógeta, enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, er sveitarstyrks njóta, skal ávallt koma fyrir til uppeldis á öðrum heimilum.

Kostnað allan, er ákvæði þessarar greinar hafa í för með sjer, skal greiða úr sveitarsjóði þeim eða bæjarsjóði, er hlut á að máli.

2. gr. Sýslumaður eða bæjarfógeti getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum sveitarstjórnar og hlutaðeigandi læknis, lagt fyrir, að einnig öðrum holdsveikum mönnum verði fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða komið svo fyrir, að lækni þyki nægileg trygging í. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki óhlýðnast þeim varúðarreglum, er honum hafa verið settar, og ætlast má til, að hann gæti hlýtt, eða hlutaðeigandi læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til, að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til, að einangra sjúklinginn á þennan hátt.

Þegar þannig stendur á, skulu hjón heldur eigi skilin nauðug, nema brýna nauðsyn beri til.

Sýslumaður eða bæjarfógeti getur og lagt fyrir, að börnum holdsveikra foreldra, er ræðir um í þessari grein, sje komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum, ef hlutaðeigandi læknir álítur nauðsyn bera til þess.

Kostnað þann, er leiðir af ákvæðum greinar þessarar, skal greiða að helmingi úr landsjóði, en hinn helminginn skal hinn holdsveiki greiða, ef hann er svo efnum búinn; að öðrum kosti sveitarsjóður.

3. gr. Íbúðarhús og herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikissjúklingar hafa notað, mega menn eigi nota eða láta aðra fá, fyr en búið er að hreinsa þau á þann hátt, er hlutaðeigandi læknir skipar fyrir.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 200 kr. sektum, og skal fara með þau sem opinber lögreglumál.

4. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis, sjá um, að lögum þessum sje hlýtt.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1896.

Nd. 284. **Frumvarp**

til laga um að landstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í Brjámslæk til handa Brjámslækjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Landstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í prestsetrinu Brjámslæk í Barðastrandarprófastsdæmi, sem er þriðjungur eignarinnar, eða 10 hdr. að fornu mati, ásamt hjáleigunni Moshlíð, 6 hdr. að fornu mati, til handa Brjámslækjarprestakalli fyrir 2000 krónur.

2. gr. Kaupverðið greiðist úr landsjóði. Frá sama tíma og kaupin eru gjörð falla niður 80 kr. af uppbót þeirri, er Brjámslækjarprestakalli er ákveðin í lögum nr 3. frá 27. febr. 1880, 1. gr. tölul. 78.

Ed. 285. **Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum skal úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor.

3. gr. Samkvæmt 3. gr. í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, skal leitað samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins um fyrirmæli þau, sem gjörð eru í 1. gr. þessara laga.

Nd. 286. **Frumvarp**

til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Öll þau hross, tamin eða ótamin, er seld eru eða send til útflutnings, og reka þarf til útskipunarstaðar dagleið eða lengra, skulu tryggilega járnuð, áður en lagt er af stað með þau þaðan, er þau eru keypt.

Ef hross týna járnum á leiðinni til útskipunarstaðarins, skulu þau járnuð í næsta áfangastað.

2. gr. Í hreppi hverjum, þar sem sauðfje er selt eða sent til útflutnings, skulu 2 eða fleiri skoðunarmenn rannsaka heilbrigðisástand fjárins, áður en það er rekið af stað úr hreppnum. Komi fyrir sauðkind með óþrifum, meiðslum eða sýki skal hún gerð apturræk.

3. gr. Þegar hross, eða sauðfje er haft í gæzlu á þeim tíma, er það bíður skips, skal þess gætt, að það hafi næga haga, að byrgi, er fjenaður er geymdur í á nóttu, sjeu rúmgóð og þur, og að fjenaðinum sje ekki á neinn hátt misboðið með illri meðferð.

Þegar á útflutningsstað kemur, skal allur fjenaður skoðaður af tilkvöddum skoðunarmönnum, áður en hann er fluttur á skip. Ef hross þá reynast hófgengin, meidd, munnsár, eða á annan hátt bera vott um illa meðferð, eða sauðskepnur eru meiddar af illri meðferð, þá skal hjúkra þeim skepnum og lækna á kostnað eiganda, ef hann kýs eigi heldur að slátra þeim.

Flutningur fjenaðar á skip skal ávallt fara fram undir umsjón tilkvaddra eptirlitsmanna.

4. gr. Skoðunarmenn þá og eptirlitsmenn, sem nefndir eru í 2. og 3.gr., skipar hlutaðeigandi lögreglustjóri og fá þeir laun fyrir starfa sinn eptir sanngjörnum reikningi; launin greiðast af þeim, er fyrir kaupum standa á fjenaðinum.

5. gr. Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum 2 til 200 kr., nema þyngri hegning liggi við, eptir hinum almennu hegningarlögum.

6. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 287. **Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 13. gr. C. Á eptir tölulið 19 komi: 20. Til stúd. mag. Helga Jónssonar í Kaupmh. til gróðrarrannsókna á Íslandi . . kr. 800 — 800.

Næstu töluliðir breytist samkvæmt þessu.

Nd. 288. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Af hverjum 100 pd. heilagfiskis er útflutningsgjald 5 aurar.

Af hverjum 100 pd. kola er útflutningsgjald 3 aurar.

2. gr. Ákvæði nefndra laga í 1. gr., tölulið 1 og 2, eru með lögum þessum numin úr gildi.

Nd. 289. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Frá Þórh. Bjarnarsyni.

Við 1. gr. Orðin: „til heimilisnotkunar“ falli burt.

Ed. 290. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um eyðing sela. Frá Jóni Jakobssyni, Jóni Jónssyni og Guttormi Vigfússyni.

Í staðinn fyrir „og hálfa mílu út frá ósum þeirra“, komi: „ósum þeirra og hálfa mílu út frá þeim“.

Ed. 219. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Guttormi Vigfússyni.

Við 1. gr. tölul. 3. Í stað: „1800 kr“. komi: „1600 kr.“.

Ed. 292. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. Norður-Múlasýslu.

Við 1. gr. tölulið 19. Í stað: »3500 kr.«, komi: »3300 kr.«.

Ed. 293. **Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi, og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefir hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 2500 kr. Öll útgjöld til skólans greiðast úr landssjóði.

4 gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Ed. **294. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Jóni A. Hjaltalín.

Við 1. gr. 22. Í stað tölul. eins og hann stendur, komi: Hlaðir í Eyjafjarðarsýslu 1800.

Nd. **295. Frumvarp**

til laga um eyðing sela. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

Í öllum ám og vötnum á Íslandi, sem lax eða silungur gengur í, ósum þeirra og hálfa mílu út frá þeim skal selur rjettdræpur. Þó ná lög þessi ekki til Breiðafjarðar.

Ed. **296. Frumvarp**

til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og landshöfðingja, sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þeirra, er yfirvöld skulu verja almenning. Fari svo, að hlutaðeigandi læknir geti eigi leyst það starf af hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal landshöfðingi sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum hjálp til að koma fram ráðstöfunum þeim til varnar útbreiðslu sjúkdómsins, er nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eptir atvikum og ástæðum á hverjum stað.

Þá er mikil hætta vofir yfir, skal landlæknir sjálfur fara þangað, sem sjúkdómurinn gengur og líta eptir, hvort gerðar sjeu þær ráðstafanir, er þörf er á.

2. gr. Ætíð skulu yfirvöld verja almenning fyrir þessum sjúkdómum: kólera, gulri hitasótt (febris flava), útbrota taugaveiki (typhus exanthematicus), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis).

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur landshöfðingi fyrirskipað, að vörnum skuli og beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, svo sem influenzu, barnaveiki (diftheritis, kroup), taugaveiki (febris typhoidea) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess. Undanskildir eru þó langvarandi næmir hörundssjúkdómar.

Eptir samráði við landlækni gefur landshöfðingi út almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er yfirvöld hafa sett varnir við þeim, og skal birta þær reglur í Stjórnartíðindunum deildinni B.

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og, að beita þeim til bráðabirgða, þá er aðrir næmir sjúkdómar koma upp, svo framarlega sem honum kann að þykja þörf á því, enda gjöri hann ráðstafanir sínar almenningi kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa

Nú hefur læknir tekið upp sóttvarnir samkvæmt lögum þessum; skal hann þá skýra landshöfðingja frá ráðstöfunum sínum svo fljótt sem verða má, og senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til. Kveður þá landshöfðingi á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi lækni, svo fljótt sem verða má; skal læknirinn þegar í stað gjöra þær ráðstafanir almenningi kunnar á hinn hagkvæmasta og tryggilegasta hátt á því svæði, sem þurfa þykir. Sleppa má þó auglýsingunni, meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 5. gr. í lögum 17 des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands Auglýsingunni má einnig sleppa, meðan vafasamt þykir, hvort sjúkdómurinn teljist til sjúkdóma þeirra, er yfirvöldunum er skylt að hafa varnir við.

Þá er almennum sóttvörnum er lokið, skal það einnig gjört almenningi kunnugt.

3. gr. Þá er ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, er talinn er í 1. lið 2 gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu, og jafnvel skera það upp, ef til kemur, ef lækninum virðist þörf á því, til þess að geta ákveðið, hvort yfirvöld skuli setja sóttvarnir.

4. gr. Farþegjaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga, er þjást af sjúkdómum, sem yfirvöldum er skylt að setja sóttvarnir við, nje þá, er hafa barnaveiki eða taugaveiki, nema fylgt sje þeim fyrirmælum, er skipum þeim ber að fara eptir við slíkan flutning.

5 gr. Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einn af þeim sjúkdómum, er taldir eru í 2. gr. 1. lið, eða annar sjúkdómur, er yfirvöld hafa samkvæmt auglýsingu sett varnir við, og skal þá húsráðanda þegar í stað skylt að skýra lækni sínum frá því. Þó er húsráðanda heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra, hreppsnefndarmanni, sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfjelagi, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita um sjúkdóminn. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn, þeir er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi, eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá honum.

Verði einhver þess var, að eigi hefur verið skýrt frá slíku sjúkdómstilfelli, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður samkvæmt grein þessari að takast lengri ferð á hendur en 2 mílur alls fram og aptur, fær hann kostnaðinn endurgoldinn úr sveitarsjóði eptir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

6. gr Nú er eigi unnt að hafa sjúkling svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sje við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá lækni heimilt að láta flytja hann á almennt sjúkrahús, eða í eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unnt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútbreiðslu.

7. gr. Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eptir tillögu læknis bannað öllum nema heimilismönnum að koma á bústað hans, hús eða bæ. Þá er svo stendur á, má ekki flytja sjúklinginn frá heimili hans, þar sem hann er undir læknis umsjón, nema fengið sje skriflegt samþykki læknisins.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri eptir tillögum læknis skipað fyrir, að afkvía skuli heila kaupstaði, kauptún og þorp eða hluti þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubann.

8. gr. Heimilt er lækni að skipa svo fyrir að fram skuli fara sóttnæmishreinsun á bústöðum manna, húsum og herbergjum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, er ræðir um, og ef læknir leggur fyrir mann, er hefur slíkan sjúkdóm eða álitið er að gangi með hann eða hefur staðið honum svo nærri, að hætt er við að hann beri hann út, að hann skuli sjálfur ganga undir sóttnæmishreinsun eða leggja muni sína undir slíka hreinsun, þá er hann skyldur að fylgja nákvæmlega þessu boði. Heimilt er og lækninum að banna mönnum að neyta fæðu, sjerstaklega mjólkur, er staðið hefur hjá sjúklingnum.

Sje það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur læknirinn látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda

Heimilt er og hlutaðeigandi lækni, að skipa fyrir sóttnæmishreinsun gegn næmum sjúkdómum, er aðeins stinga sjer niður á einstöku stað og yfirvöld hafa eigi sett sóttvarnir við.

Kostnaður við allar sóttnæmishreinsanir eptir þessari grein skal greiddur af almanna fje. Landshöfðingi sjer um, að ætíð sje á kostnað landsjóðs fyrirliggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því, vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar birgðir af efnum þeim, er þurfa til sóttnæmishreinsunar, og sje þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum

9 gr. Nú hefur sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett sóttvarnir við gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá eigi koma í skólann, fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefið skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki gjört vart við sig á einhverju heimili, skal þessa og gætt, þótt yfirvöld hafi eigi sett varnir við sjúkdóminum. Nú gjörir barnaveiki eða einhver annar sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett varnir við, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kennslu í skólanum, þangað til læknir hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út.

10. gr. I sveitum og bæjum, þar sem sjúkdómurinn gengur, svo og í nærsveit-

unum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, ef læknir fer fram á það, skipað að loka skuli skólum (almennum eða einstakra manna) og bannað almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveizlur og þess háttar), þar sem margir koma saman í sama húsi. Einnig má banna messur og líkfylgdir. Ráðstafanir þessar skal auglýsa á venjulegan hátt og skal æðri yfirvöldum skýrt frá þeim, svo fljótt sem unnt er

11 gr. Þegar yfirvöld hafa sett varnir við næmum sjúkdómi samkvæmt lögum þessum, skal greiða lækni sömu borgun sem fyrir ferðir og störf í þarfir almennings, nema öðruvísi sje um samið milli hans og hlutaðeigandi yfirvalds. Greiðist það af almanna fje.

Takist landlæknir ferð á hendur eptir lögum þessum, fær hann dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað úr landsjóði eins og fyrir aðrar eptirlitsferðir.

12. gr. Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar eru samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, ennfremur öll útgjöld til læknis, aðhjúkrunar sjúkra manna og til meðala í sjúkdómum, er yfirvöld hafa sett varnir við og skal slík útgjöld aldrei telja fátækra styrk Þó skulu þeir, er fengið hafa læknis hjálp, aðhjúkrun og meðöl í heimahúsum í slíkum tilfellum, endurborga þann kostnað, ef sveitarstjórn álítur þá til þess færa og skal hann ella tekinn lögtaki.

Skaðabætur þær. er greiða skal samkvæmt 8 gr. laga þessara, skulu ákveðnar með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Kostnað við virðingargjörðina skal greiða af almanna fje. Bæði yfirvöld og hinir, er hlut eiga að máli, geta krafizt yfirmatsgjörðar og meta þá 4 dómkvaddir menn. Fái sá, er heimtað hefur yfirmat, eigi hærri skaðabætur eptir hinni síðari gjörð en eptir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þenna greiða af almanna fje.

13. gr. Útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr landsjóði (8. gr. 4. lið og 11. gr. 2. lið) eða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið), skal, ef þau eigi fara fram úr 100 kr., greiða úr hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóði. Úr landsjóði skal greiða það, er framyfir er 100 kr.

Útgjöld við meðferð sjúklinga í húsi því, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. desember 1875 um mótvarnir gegn því að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands, skal þó eptirleiðis greiða eins og ákveðið er í nefndum lögum.

14. gr. Brot gegn lögum þessum, eða gegn almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.

Með mál. er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

15. gr. Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu er úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1896.

Ed. 297. **Nefndarálit**

í málinu frumv. til laga um hagfræðisskýrslur.

Vjer undirskrifaðir, sem háttv. efri deild kaus í nefnd til þess að íhuga frumv. til laga um hagfræðisskýrslur, höfum verið á einu máli um það, að frumv. væri til mikilla bóta. Vjer þykjumst sem sje fullvissir um, að ef frumv. yrði að lögum, mundi töluvert greiðast úr þeirri óvissu og þeim ruglingi, sem enn er á öllu því, sem að hagfræði landsins lýtur; en jafnframt álítum vjer nauðsynlegt, að hinar fyrirhuguðu hagfræðisskýrslur verði sem fullkomnastar og fjölbreyttastar að unnt er, og í þeim tilgangi höfum vjer stungið upp á, að bætt væri inn í frumv. nokkrum atvinnugreinum, er vjer álítum að taka ætti inn í hagfræðisskýrslurnar, að öllu sjálfsögðu. Breytingar á sjálfu frumv. hefur nefndin ekki sjeð ástæðu til að gjöra, nema að því leyti, sem vjer álítum dagsektir þær, er ákveðnar eru í frumv., óþarflega og ósanngjarnlega háar, og leggjum til að lækka þær að mun.

Vjer leyfum oss því að ráða hinni háttv. deild til, að samþykkja frumv. með eptirfylgjandi viðauka og breytingu.

1. Við 4. gr. Aptan við greinina bætist ný málsgrein:
»Svo skulu þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvaldi í tje, skýrslu um þessar atvinnugreinar, er þess er krafizt«.
2. Við 8. gr. Í staðinn fyrir »10 kr. á dag«, í enda greinarinnar, komi: 2 kr. á dag.

Alþingi 6. ágúst 1895.

Guttormur Vigfússon, skrifari og framsögumaður. — Sigurður Stefánsson. — Þorkell Bjarnason, formaður.

Ed. 298. **Viðaukatillaga**

við frumv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Frá Guttormi Vigfússyni, Jóni Jónssyni og Jóni Jakobssyni.

Við 2. gr. Á eptir orðunum: »barnaveiki (diftheritis, kroup)«, komi: »kíghósti (pertussis)«.

Ed. 299. **Breytingartillaga**

við frumv. um breyting á lögum nr. 16 frá 16. septbr. 1893 um sjerstaka heimild o. s. frv. (þingskj. 253). Frá Hallgr. Sveinssyni.

Fyrir orðin í 1. gr.: »innkalla með auglýsing . . . . . deildinni B« — komi: með auglýsingu, er einu sinni skal birt í Stjórnartíðindunum deildinni B, innkalla með árs og dags fyrirvara.

Ed. 300. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum (þingskjal 283). Frá Hallgr. Sveinssyni, Jóni Jónssyni og Þorleifi Jónssyni.

Fyrir: »sýslumaður og bæjarfógeti«, — komi: »amtmaður« á öllum 3 stöðum.

Ed. 301. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um nýja frímerkjagjörð (þingskj. 249). Frá Hallgrími Sveinssyni, Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni.

Við 7. gr. Fyrir orðin: »3 næstliðnu ár 1894—1896«, komi: »3 næstliðin ár 1894—1896«.

Ed. 302. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Áður en ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með auglýsingu, er einu sinni skal birt í stjórnartíðindunum, deildinni B, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, er lög þessi öðlast gildi, og sem þá finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigöndum, — en þar með skal ávalt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri, eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

2. gr. Um veðskuldabrjef þau, er ræðir um í 1. gr., gilda ákvæðin í 3. gr. laga 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

3. gr. Í málum þeim, sem ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða, og auglýsingar, sem þar ræðir um, skulu teknar ókeypis upp í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. 303. **Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum. (Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.)

1. gr. Holdsveikum mönnum, er njóta sveitarstyrks, skal fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða þeim komið fyrir á þann hátt, er hlutaðeigandi lækni þykir nægileg trygging í.

Ef því verður við komið, skal holdsveikum mönnum komið svo fyrir, að hjón sjeu eigi skilin, ef það er á móti vilja þeirra. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan skilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af sýslumanni eða bæjarfógeta, enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, er sveitarstyrks njóta, skal ávallt koma fyrir til uppeldis á öðrum heimilum.

Kostnað allan, er ákvæði þessarar greinar hafa í för með sjer, skal greiða úr sveitarsjóði þeim eða bæjarsjóði, er hlut á að máli.

2. gr. Sýslumaður eða bæjarfógeti getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum sveitarstjórnar og hlutaðeigandi læknis, lagt fyrir, að einnig öðrum holdsveikum mönnum verði fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða komið svo fyrir, að lækni þyki nægileg trygging í. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki óhlýðnast þeim varúðarreglum, er honum hafa verið settar, og ætlast má til, að hann gæti hlýtt, eða hlutaðeigandi læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til, að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til, að einangra sjúklinginn á þennan hátt.

Þegar þannig stendur á, skulu hjón heldur eigi skilin nauðug, nema brýna nauðsyn beri til.

Sýslumaður eða bæjarfógeti getur og lagt fyrir, að börnum holdsveikra foreldra, er ræðir um í þessari grein, sje komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum, ef hlutaðeigandi læknir álítur nauðsyn bera til þess.

Kostnað þann, er leiðir af ákvæðum greinar þessarar, skal greiða að helmingi úr landsjóði, en hinn helminginn skal hinn holdsveiki greiða, ef hann er svo efnum búinn; að öðrum kosti sveitarsjóður.

3. gr. Íbúðarhús og herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikissjúklingar hafa notað, mega menn eigi nota eða láta aðra fá, fyr en búið er að hreinsa þau á þann hátt, er hlutaðeigandi læknir skipar fyrir.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 200 kr. sektum, og skal fara með þau sem opinber lögreglumál.

4. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis, sjá um, að lögum þessum sje hlýtt.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1896.

Nd. 304. **Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og þau voru samþ. við 2. umr. í Nd).

1. kafli.

Tekjur:

1. gr. Á árunum 1896 og 1897 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,210,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 936,000 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34 000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,500	4,500	9,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	7,500	7,500	15,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000	140,000	280,000
12. tekjur af póstferðum	25,000	25,000	50,000
13. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
samtals...	468 000	468,000	936,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landsjóðs, alls 34,000 kr.			
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —			
	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals...	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	34,000	34,000	68,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1896 22,770 kr. 62 a.			
- — 1897 22,094 — 17 -			
44,864 kr. 79 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 135,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	8,500	6,500	15,000
samtals...	68,500	66,500	135,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1896 og 1897 veitast til útgjalda 1,275,429.66 samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1896: 12,400 kr., og árið 1897: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr..

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 326,474 kr. 66 a.

A.	1896.	1897.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,300	18,316.66	36,616.66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofu kostnaður 800 —	3,300	3,300	6,600
	25,400	25,416.66	50,816.66
flyt...			50,816 66

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
B.	fluttar	... .	.....	50,816 66
Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. laun:				
a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
b. til hreppstjóra.....		6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:				
	1896. 1897.			
a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..	200 — 200 —			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
Þóknun handa lækni..	60 — 60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 — 1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 — 230 —			
þvottur	30 — 30 —			
til eldiviðar og ljósa ..	520 — 520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa, og áhöld.....	400 — 400 —			
til þess að útvega verkefni.	500 — 500 —			
ýmisleg útgjöld...	150 — 150 —			
	4,215 kr. 4,215 kr.			
arður af verkum, talinn	615 — 615 —			
	3,600 kr. 3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 — 100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o.fl.	60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —			
		5,200	5,200	
		84,400	84,400	168,800
	flyt			219,616.66

			1886.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar:			219.616. 66
C.					
Ýmisleg útgjöld:					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 28 arkir og deildarinnar C. 25 arkir		2,279 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		350 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —			
			3,829	3,829	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,900	1,900	
3. brunabótargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			1,200	1,200	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
	1896. kr.	1897. kr.			
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans í Ólafsdal	3,000	2,500			
2. til skólans á Hólum	3,500	3,500			
3. — — - Eiðum	3,000	2,000			
4. — — - Hvanneyri	4,000	2,000			
b. til búnaðarfjelaga	13,000	15,000			
c. til búnaðarfjelags suðuramtsins og að auki í eitt skipti fyrir öll, með því skilyrði, að hin ömtin gangi í samband við suðuramtið um eitt búnaðarfjelag fyrir land allt 4000	2,000	2,000			
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240	240			
5. til að járnklæða Langholts og þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu	800	»			
6. styrkur til ábyrgðarfjelags fyrir fiskiskip við Faxaflóa	5,000	»	34,540	27,240	
flyt:			41,469	34,169	219,616. 66

			1896.	1897.	alls:
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	41,469	34,169	219,616.66
	Þar af verða 2000 kr. eign þeirra, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.				
7	Fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík, með því að flytja þau á annan stað, allt að	4500	4,500		
8.	til vitans á Reykjanesi:				
	a. til launa vitamannsins..	1,200			
	b. til eptirlits með vitanum.....	60			
	c. til að kaupa olíu	1,200			
	d. — — lampakveiki o. fl. .	150			
	e. til að kaupa steinkol..	120			
	f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200			
	g. eptirgjald eptir lóðina.....	30	2,960	2,960	
9.	til annara vita:				
	a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu..	11,000			
	b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita.	500			
	c. til árlegra útgjalda við Gróttuvita	400			
	d. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....	500	12,400	1,400	
	Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
10.	til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði ...		1,000	1,000	
11.	Til Skúla Thoroddsen		5,000		
			67,329	39,529	106,858
		samtals..			326,474.66

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 121,264 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	38,458	38,458	76,916
2. styrkur til 15 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu og sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða-, og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar-, og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið :.....	15,000	15,000	30,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
4. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar, sem augnlæknis í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til að fara lækningaferð til Seyðisfjarðar, fyrra árið allt að 300 kr., er greiðist samkvæmt reikningi . . .	300		300
flyt...	55,858	55,558	111,416

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar	55,858	55,558	111,416
5. önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri	400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.	24 —			
d. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —	4,024	4,024	8,048
f. til undirbúnings holdsveikisspítala	1,800 —	1,800		1,800
Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis, til að fara til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala.				
	Samtals .	61,682	59,582	121,264

12. gr. Til samgöngumála veitast 405,500 kr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

		1896	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum.....	2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum	6,200 —			
c. — brjefhirðingarmönnum	4,000 —	12,600	12,600	25,200
2. póstflutningur		36,000	36,000	72,000
3. önnur útgjöld	1896. 1897.			
	kr. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	1,500 1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi $1^0/_{00}$ um	200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	800 800			
e. til áhalda	700 700			
f. 1 brjefberi í Reykjavík..... ...	50 50			
g. óviss útgjöld	200 200	3,650	3,650	7,300
	samtals...	52,250	52,250	104,500

B.

Til vegabóta:	1896. kr.	1897. kr.			
a. til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og héraðstjórnum við hinar stærri samgöngubætur.....	3,000	3,000			
b. til flutningabrauta	45,000	45,000			
c. til þjóðvega.....	20,000	20,000			
d. til fjallvega	2,000	2,000			
e. styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu	1,000		71,000	70,000	141,000
	flutt...		123,250	122,250	245,500

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar..	123,250	122,250	245,500
C.				
Til strandferða:	kr.			
a. til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins.....	45,000			
b. til gufubáts í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að.....	6,000			
c. til gufubáts í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að	10,000			
d. til gufubáts í Norðlendingafjórðungi, allt að	10,000			
e. til gufubáts í Austfirðingafjórðungi, allt að	6,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b—e greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti ¼ á móti ¾ úr landsjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds. Loks er styrkurinn bundinn því skilyrði, að bátarnir sjeu eigi minni en 35 smálestir að farmrúmi og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 25 manns undir þaki.				
Að því er snertir styrkinn undir stafl. b, má þó haga þeirri fjárveiting á sama hátt og 1894—95 (12. gr. C., b. og c.), ef eigi getur fengizt til ferðanna bátur, er fullnægi ofangreindum skilyrðum, að því er stærð snertir.				
		77,000	77,000	154,000
f. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að.....	6,000			
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ¼ til móts við landsjóðsstyrkinn.				
		6,000	»	6,000
	samtals...	206,250	199,250	405,005

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 267,591 kr.

			1896.	1896.	alls
A.					
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			kr.	kr.	kr.
a. laun til biskupsins			7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi			200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafa-prestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum			3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað			1,000	1,000	46,100
			22,800	23,300	
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897, 80kr. handa hverjum	1896. 960 kr.	1897. 1280 kr.			
2. ölmusu styrkur	400 —	400 —			
3. til tímakennslu	100 —	100 —			
4. til bókakaupa	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —			
9. til þess að kaupa »harmonium« til notkunar við kennslu í tónlist og sálmasöng	250 —		2,710	2,780	
			11,910	11,980	23,890
		flyt...			69,990

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			69,990
II. til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: 1896. 1897.			
1. 3 ölmusur, 200 kr. hvor 600 kr. 600 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 150 — 150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra . . . . . 500 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 8 lærisveinum . . . . . 640 — 640 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði . 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að . . . 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld . . . 100 — 100 —	2,590	2,390	
	5,790	5,590	11,380
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennaranum . . . 700 —			
— dyraverði . . . . . 1,000 —	2,300	2,300	
1896. 1897.			
c. önnur útgjöld.			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan . . 1,400 — 1,000 —			
4. til tímakennslu . 1,700 — 1,700 —			
5. ölmusur . . . . 5,000 — 5,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk. . 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:			
a. í náttúrusögu ... 200 — 200 —			
b. í eðlisfræði . . 400 — 400 —			
10. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25. kr. fyrir örkina . 600 — 600 —	12,048	11,648	
	33,548	33,148	66,696
flyt...			148,066

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar...			148,066
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1896. 1897.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	300 kr. 300 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 — 400 —	1,900	1,900	
		8,500	8,500	17,000
V. til stýrimannaskólans.				
a. laun		2,000	2,000	
b. önnur útgjöld.				
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa	600 kr.			
2. til tímakennslu	800 —			
3. til áhaldakaupa o. fl..	200 —	1,600	1,600	
		3,600	3,600	7,200
VI. til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ...	1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi	1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... ... Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja. Leggist Laugalandsskólinn niður annað eða bæði árin, ganga $\frac{2}{3}$ hlutir þessarar upphæðar til Ytri-Eyjar-skólans.	2,000 —			
5. til kvennaskóla á Austurlandi síðara árið	1,200 —	6,200	7,400	
	flyt...	6,400	7,400	172,266

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar..	6,200	7,400	172,266
Styrkur þessi greiðist því að eins að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896.			
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum	4,500	4,500	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers.	5,500	5,500	
Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslu nefnda og stiptsyfirvaldanna.			
c. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík ...	1,000	1,000	
d. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
e. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	17,650	18,850	36,500
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ... . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarstaðar ... ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,200	1,200	2,400
VIII. til alþýðu-, gagnfræða- og kennarafræðslu í Flensborgarskóla:			
a. til launa handa 3 kennurum	4,400	4,400	
b. önnur útgjöld:			
1. til áhaldakaupa	400	200	
2. fyrir eldivið, ræsting og vátrygging skólahússins	250	250	
	5,050	4,850	9,900
flyt..			221,066

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			221,066
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500	500	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
4. til þjóðvinafjelagsins	750	750	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda, þar af eptir þörfum, til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð 1200 kr.			
b. til umsjónar ... ... 400 —			
c. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá, fyrra árið ... ... 400 —	2,000	1,600	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við fyrsta bindið, komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
flyt...	11,900	11,500	221,066

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	11,900	11,500	221,066
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið...	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins ... ... Útborgist því að eins, að Árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300	300	
10. til náttúrufræðisfjelagsins . ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
15. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.....	600	600	
16. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	500	500	
17. styrkur handa cand. jur. aðstoðarm. í stjórnarráði Íslands, Steingr. Jónssyni, til að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum	1,200	1,200	
18. til skáldsins Þorsteins Erlingssonar í Kaupmannahöfn	600	600	
19. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að	300	300	
20. til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar, 25 kr. fyrir örkina, allt að	125		
21. til frú Elínar Eggertsdóttur til að koma á fót hússtjórnar- og matreiðsluskóla í Reykjavík 1200 í eitt skipti fyrir öll, og til kennslu og viðhalds á skólanum 500 kr. hvort árið	1,700	500	
22. til kandidats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
23. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	500	500	
24. styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík	1,200		
25. til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins, allt að	600		
	25,025	21,500	46,525
Samtals...	....	.....	267,591

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 80,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40. a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr., til viðbótar við eptirlaun Skúla Thoroddsens 500 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. Til allra þeirra hvert árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 64,629.66, skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Úr viðlagasjóði má veita amtsráði vesturamtsins allt að 60,000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 pCt. á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta endurborgist, auk vaxta, á 5—10 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Ed. 305. **Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Engir aðrir en þeir, sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara, hvort heldur er munnlega eða skriflega, um flutning í aðrar heimsálfur, eða á nokkurn annan hátt hafa á hendi nokkra atvinnu í þarfir slíks útflutnings. Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum 100—4000 kr., eða fangelsi.

2. gr. Undanþága sú frá eptirliti lögreglustjórnarinnar, er 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal úr lögum numin.

3. gr. Eigi má taka útfara á skip til flutnings til útlanda, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka útfara, hefur gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltekið, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið er hentugt til útfaraflutnings á þann hátt, er segir í 7. gr. laga 14. jan. 1876.

4. gr. Á hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda, skal lögreglustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbrjef útfara og ganga úr skugga um, að tala útfara sje eigi hærri en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti á skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að lög nr. 12, 7. febr. 1890 sjeu för hans eigi til fyrirstöðu og að hann sje að öðru leyti að lögum frjáls til útfarar. Skipstjóri og útflutningsstjóri ber ábyrgð á, að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til slíkrar rannsóknar, svo og til læknisrannsóknar þeirrar, sem ákveðin er í 8. gr. laga nr. 3, 14. jan. 1876. Brot gegn ákvæðum þessar greinar varða sektum.

Nd. 306. **Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. (Eins og það var samp. við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefir hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 2500 kr. Öll útgjöld til skólans greiðast úr landsjóði.

4 gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Nd. 307. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Guðl. Guðmundssyni, Jens Pálssyni, Þórði Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni, Þorláki Guðmundssyni, og Jóni Þórarinssyni.

			1896	1897.
1.	Við 10. gr. C.	Á eptir staflið 4 bætist nýr stafliður 5. »Til að kaupa »harmonia« í Prestsbakka- og Langholtskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu	kr. 450,00	»
2.	— 12. gr. C. b.:	Í stað »Til gufubáts«, komi: »Til gufubátaferða«.		
3.	— — — — —	Í stað »6000«, komi: »7500,00«.		

Nd. 308. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 97, eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild. Frá Jóni Þórarinssyni, Einari Jónssyni, Jens Pálssyni, Halldóri Daníelssyni, Guðl. Guðmundssyni og Jón Jenssyni.

Við 13. gr. B. VIII. 1. Aptan við liðinn bætist:

3. til styrkveitingar þeim, er próf taka í uppeldisfræði 30 kr. handa hverjum. 300—300

2. Orðið: »alþýðu« falli burt.

Nd. 309. **Frumvarp**

til laga um nýja frímerkjagjörð. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Í minningu þess, að fyrir 25 árum síðan var komið á fót lögbundinni skipun póstmála á Íslandi, skal 1. janúar 1897 leiða í gildi íslenzk frímerki með nýrri gjörð, bæði almenn og þjónustufrímerki, og falla þá um leið hin eldri frímerki úr gildi.

2. gr. Landstjórnin sjer um gjörð hinna nýju frímerkja og gjörir nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að almenningi verði breytingin kunn í tíma, og að hin nýju frímerki sjeu til sölu hjá póstmönnum fyrir ársbyrjun 1897.

3. gr. Hin nýju frímerki skulu vera sem einkennilegust og fegurst að allri gjörð. Verðgildum skal öllum haldið sömu og áður, að viðbættum 1 eða 2 og 25 aura almennum frímerkjum.

4. gr. Frímerki þessi skulu að eins gilda sjálft minningarárið 1897; skal landstjórnin þá aptur leiða í gildi ný frímerki, 1. janúar 1898, en þó frábrugðin þeim, er voru í gildi fyrir ársbyrjun 1897.

5. gr. Ónotuð og óskemmd frímerki, sem úr gildi eru fallin við frímerkjabreytingarnar, skulu allir póstmenn taka jöfnum skiptum fyrir ný og gildandi frímerki fyrsta missirið eptir að breytingin komst á.

6. gr. Landstjórnin skal á sem haganlegastan hátt og á sem hentugustum tíma selja leifar frímerkja þeirra, sem úr gildi eru gengin og hjá henni geymast, en þó eigi undir ákvæðisverði. Eigi er skylt við þá sölu að láta frímerkin af hendi í minna mæli en heilum örkum og fyrir að minnsta kosti 100 kr. eptir ákvæðisverði.

7. gr. Allur ágóði af sölu frímerkjaleifanna og sömuleiðis fje það, er á árinu 1897 greiðist póstsjóði fyrir seld frímerki fram yfir þær tekjur sjóðsins að meðaltali 3 næstliðin ár 1894—1896, að frádregnum kostnaðinum við gjörð frímerkjanna í bæði skiptin, geymist í sjerstökum sjóði og bíður nánari ráðstöfunar fjárveitingarvaldsins.

Nd. 310. **Frumvarp**

til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.)

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og landshöfðingja, sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þeirra, er yfirvöld skulu verja almenning. Fari svo, að hlutaðeigandi læknir geti eigi leyst það starf af hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal landshöfðingi sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum hjálp til að koma fram ráðstöfunum þeim til varnar útbreiðslu sjúkdómsins, er nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eptir atvikum og ástæðum á hverjum stað.

Þá er mikil hætta vofir yfir, skal landlæknir sjálfur fara þangað, sem sjúkdómurinn gengur og líta eptir, hvort gerðar sjeu þær ráðstafanir, er þörf er á.

2. gr. Ætíð skulu yfirvöld verja almenning fyrir þessum sjúkdómum: kól-

eru, gulri hitasótt (febris flava), útbrotataugaveiki (typhus exanthematicus), hólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis).

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur landshöfðingi fyrirskipað, að vörnum skuli og beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, svo sem influenzu, barnaveiki (diftheritis, kroup), kíghósta (pertussis) taugaveiki (febris typhoidea) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess. Undanskildir eru þó langvarandi næmir hörundsjúkdómar.

Eptir samráði við landlækni gefur landshöfðingi út almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er yfirvöld hafa sett varnir við þeim, og skal birta þær reglur í Stjórnartíðindunum deildinni B.

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og, að beita þeim til bráðabirgða, þá er aðrir næmir sjúkdómar koma upp, svo framarlega sem honum kann að þykja þörf á því, enda gjöri hann ráðstafanir sínar almenningi kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa

Nú hefur læknir tekið upp sóttvarnir samkvæmt lögum þessum; skal hann þá skýra landshöfðingja frá ráðstöfunum sínum svo fljótt sem verða má, og senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til.. Kveður þá landshöfðingi á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi lækni, svo fljótt sem verða má; skal læknirinn þegar í stað gjöra þær ráðstafanir almenningi kunnar á hinn hagkvæmasta og tryggilegasta hátt, á því svæði, sem þurfa þykir. Sleppa má þó auglýsingunni, meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er, í húsum þeim, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands Auglýsingunni má einnig sleppa, meðan vafasamt þykir, hvort sjúkdómurinn teljist til sjúkdóma þeirra, er yfirvöldunum er skylt að hafa varnir við.

Þá er almennum sóttvörnum er lokið, skal það einnig gjört almenningi kunnugt.

3. gr. Þá er ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, er talinn er í 1. lið 2 gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu, og jafnvel skera það upp, ef lækninum virðist þörf á því, til þess að geta ákveðið, hvort yfirvöld skuli setja sóttvarnir.

4. gr. Farþegaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga, er þjást af sjúkdómum, sem yfirvöldum er skylt að setja sóttvarnir við, nje þá, er hafa barnaveiki eða taugaveiki, nema fylgt sje þeim fyrirmælum, er skipum þeim ber að fara eptir við slíkan flutning.

5 gr. Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einn af þeim sjúkdómum, er taldir eru í 2. gr. 1. lið, eða annar sjúkdómur, er yfirvöld hafa samkvæmt auglýsingu sett varnir við, og skal þá húsráðanda þegar í stað skylt að skýra lækni sínum frá því. Þó er húsráðanda heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra, hreppsnefndarmanni, sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfjelagi, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita um sjúkdóminn. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði Nú kemur slíkur sjúkdómur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómur-

inn upp á skipi, eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá honum.

Verði einhver þess var, að eigi hefur verið skýrt frá slíku sjúkdómstilfelli, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður samkvæmt grein þessari að takast lengri ferð á hendur en 2 mílur alls fram og aptur, fær hann kostnaðinn endurgoldinn úr sveitarsjóði eptir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

6. gr Nú er eigi unnt að hafa sjúkling svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sje við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá lækni heimilt að láta flytja hann á almennt sjúkrahús, eða í eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unnt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútbreiðslu.

7. gr. Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eptir tillögu læknis bannað öllum nema heimilismönnum að koma á bústað hans, hús eða bæ. Þá er svo stendur á, má ekki flytja sjúklinginn frá heimili hans, þar sem hann er undir læknisumsjón, nema fengið sje skriflegt samþykki læknisins.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri eptir tillögum læknis skipað fyrir, að afkvía skuli heila kaupstaði, kauptún og þorp eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubann.

8. gr. Heimilt er lækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sóttnæmishreinsun á bústöðum manna, húsum og herbergjum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, er ræðir um, og ef læknir leggur fyrir mann, er hefur slíkan sjúkdóm eða álitið er að gangi með hann eða hefur staðið honum svo nærri, að hætt er við að hann beri hann út, að hann skuli sjálfur ganga undir sóttnæmishreinsun eða leggja muni sína undir slíka hreinsun, þá er hann skyldur að fylgja nákvæmlega þessu boði. Heimilt er og lækninum að banna mönnum að neyta fæðu, sjerstaklega mjólkur, er staðið hefur hjá sjúklingnum.

Sje það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur læknirinn látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Heimilt er og hlutaðeigandi lækni, að skipa fyrir sóttnæmishreinsun gegn næmum sjúkdómum, er aðeins stinga sjer niður á einstöku stað og yfirvöld hafa eigi sett sóttvarnir við.

Kostnaður við allar sóttnæmishreinsanir eptir þessari grein skal greiddur af almanna fje. Landshöfðingi sjer um, að ætíð sje á kostnað landsjóðs fyrirliggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum, að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar birgðir af efnum þeim, er þurfa til sóttnæmishreinsunar, og sje þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum

9. gr. Nú hefur sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett sóttvarnir við, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá eigi koma í skólann, fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefið skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki gjört vart

við sig á einhverju heimili, skal þessa og gætt, þótt yfirvöld hafi eigi sett varnir við sjúkdóminum. Nú gjörir barnaveiki eða einhver annar sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett varnir við, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kennslu í skólanum, þangað til læknir hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út

10. gr. Í sveitum og bæjum, þar sem sjúkdómurinn gengur, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, ef læknir fer fram á það, skipað, að loka skuli skólum (almennum eða einstakra manna) og bannað almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveizlur og þess háttar), þar sem margir koma saman í sama húsi. Einnig má banna messur og líkfylgdir. Ráðstafanir þessar skal auglýsa á venjulegan hátt, og skal æðri yfirvöldum skýrt frá þeim, svo fljótt sem unnt er.

11. gr. Þegar yfirvöld hafa sett varnir við næmum sjúkdómi samkvæmt lögum þessum, skal greiða lækni sömu borgun sem fyrir ferðir og störf í þarfir almennings, nema öðruvísi sje um samið milli hans og hlutaðeigandi yfirvalds. Greiðist það af almanna fje.

Takist landlæknir ferð á hendur eptir lögum þessum, fær hann dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað úr landsjóði eins og fyrir aðrar eptirlitsferðir.

12. gr. Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar eru samkvæmt lögum þessum, skal greiða af almanna fje, ennfremur öll útgjöld til læknis, aðhjúkrunar sjúkra manna og til meðala í sjúkdómum, er yfirvöld hafa sett varnir við, og skal slík útgjöld aldrei telja fátækrastyrk. Þó skulu þeir, er fengið hafa læknishjálp, aðhjúkrun og meðöl í heimahúsum í slíkum tilfellum, endurborga þann kostnað, ef sveitarstjórn álítur þá til þess færa, og skal hann ella tekinn lögtaki.

Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8 gr. laga þessara, skulu ákveðnar með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Kostnað við virðingargjörðina skal greiða af almanna fje. Bæði yfirvöld og hinir, er hlut eiga að máli, geta krafizt yfirmatsgjörðar, og meta þá 4 dómkvaddir menn. Fái sá, er heimtað hefur yfirmat, eigi hærri skaðabætur eptir hinni síðari gjörð en eptir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þenna greiða af almanna fje.

13. gr. Útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr landsjóði (8. gr. 4. lið og 11. gr. 2. lið) eða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið), skal, ef þau eigi fara fram úr 100 kr., greiða úr hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóði. Úr landsjóði skal greiða það, er framyfir er 100 kr.

Útgjöld við meðferð sjúklinga í húsi því, er talað er um í 5. gr. í lögum 17. desember 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrir næmir sjúkdómar flytjist til Íslands, skal þó eptirleiðis greiða eins og ákveðið er í nefndum lögum.

14. gr. Brot gegn lögum þessum, eða gegn almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

15. gr. Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum með al alþýðu er úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1896.

Nd. 311. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Áður en ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með auglýsingu, er einu sinni skal birt í stjórnartíðindunum, deildinni B, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, er lög þessi öðlast gildi, og sem þá finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigöndum, — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri, eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

2. gr. Um veðskuldabrjef þau, er ræðir um í 1. gr., gilda ákvæðin í 3. gr. laga 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

3. gr. Í málum þeim, sem ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða, og auglýsingar, sem þar ræðir um, skulu teknar ókeypis upp í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. 312. **Breytingar og viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jens Pálssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Skúla Thoroddsen, Jóni Jónssyni, þingm. Eyf., Halldóri Daníelssyni og Þórði J. Thoroddsen.

Við 10. gr. C. 4. a. 1. Í staðinn fyrir: „til skólans í Ólafsdal 3000 — 2500
komi: „til skólans í Ólafsdal 3300 — 2800
þar af 300 kr. hvort árið til jarðyrkjufæra-verkstæðis.

Nd. 313. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá landsreikninganefndinni.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi:

Til endurgreiðslu á varðhaldskostnaði í sakamáli Jóns Sigurðssonar frá Mýri veitast 403 kr. 18 aur.

Nd. 314. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Skúla Thoroddsen, Valtý Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Jens Pálssyni, Jóni Jenssyni og Þ. Guðmundssyni.

13. gr. C. 21. töluliður orðist svo:

Til frú Elínar Eggertsdóttur í Reykjavík til að koma á fót heimiliskennslu í hússtjórn og matreiðslu 1000 kr. fyrra árið.

Nd. 315. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Kl. Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. Eyfirðinga, Einari Jónssyni, Pjetri Jónssyni, Þórði Guðmundssyni og Halldóri Daníelssyni.

Við 13. gr. C. Í staðinn fyrir: „til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði

600 kr. — 600 kr.“, komi: „til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði 500 kr. — 500 kr.“.

Við 13. gr. C. Í staðinn fyrir; „styrkur handa cand. jur. Steingr. Jónssyni o. s. frv.“, komi:

Styrkur handa lögfræðingi, til að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum 800 kr. — 800 kr.

Nd. 316. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Þórði J. Thoroddsen, Sk. Thoroddsen, Eiríki Gíslasyni, Valtý Guðmundssyni og Pjetri Jónssyni.

1. Við 10. gr. C. 11. Á eptir orðunum, „til Skúla Thoroddsen“, bætist inn í: greiðist.
2. Við 12. gr. B. b. Í staðinn fyrir: „45,000. — 45,000“ komi: 40,000. — 40,000.
3. Við 12. gr. B. c. Í staðinn fyrir: „20,000. — 20,000“. komi: 25,000. — 25,000.

Nd. 317. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 (við 3. umr.) — Frá fjárlaganefndinni.

Við 10. gr. C. 6. Athugasemdin orðist svo:

Þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra í fjelagssjóðinum, sem eru o. s. frv.

Við 11. gr. 4. Upphafsorð stafliðsins a. breytist þannig:

styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík o. s. frv.

Stafliðurinn b. orðist þannig:

styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kring um landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að ... ... 300 — 300.

Við 12. gr. B. a. Aptan við bætist:

Ferðakostnaður greiðist honum eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar, þó eigi fæðispeningar nema á strandskipum.

Við 12. gr. C. e. Aptan við bætist nýr stafliður:

f. Til fiskifjelagsins Dan ... ... 5000.

Styrkur þessi er bundinn þeim skilyrðum, að skip fjelagsins flytji póst bæði frá og að landinu hvern 14. dag, að minnsta kosti 5 mánuði ársins, og að fardagar skipanna sjeu fastákveðnir og auglýstir fyrirfram með nægum fyrirvara.

Stafliður f. verður stafl. g.

Við 13. gr. B. III. 10. Fyrir: 600—600 komi: 800—800

Við 13. gr. B. V. b. Aptan við bætist nýr liður svo látandi:

4. til styrkveitingar námspiltum 300 kr.

Við 13. gr. B. VI. a. Síðari athugasemdin orðist þannig.

Leggist annarhvor skólinn niður annað eða bæði árin, ganga $\frac{2}{3}$ hlutir þessarar upphæðar til hins skólans.

Þá bætist við nýr töluliður, hinn
5. styrkur til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir norðurland, er komi í stað þeirra tveggja, sem nú eru, sje byrjað á þeirri byggingu á fjárhagstímabilinu, síðara árið 2500 kr.
Töluliður 5. verði tölul. 6.

Við 1. athugasemdina aptan við frumvarpsgreinarnar: Niðurlag aths. á eptir »20,000 kr. til hvers« orðist þannig:
ávaxtist lán þetta með 3½% og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Við 2. aths. Síðari málsgreinin orðist þannig:
Lán þetta ávaxtist með 3½% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. Lánið veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4000 kr. til hvers skips.

Við 4. aths. Síðari málsgreinin orðist þannig:
Lán þetta ávaxtist með 3½% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 5—10 árum, og veitist o. s. frv.

Nd. 318. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897 (þgskj. 304). Frá Valtý Guðmundssyni, Jóni Jenssyni, Sk. Thoroddsen, Eiríki Gíslasyni, Jens Pálssyni, Þórði Thoroddsen.

1. Við 11. gr. Á eptir 4. tölul. komi nýr töluliður, sem verði 5. töluliður, svo hljóðandi: „Styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík 500 kr. — 500 kr.“.
„Töluliður 5 verði 6. töluliður“.

2. Við 13. gr. B. III. c. Á eptir 10. tölul. bætist nýr töluliður, sem verði 11. töluliður, svo hljóðandi: „Styrkur til fimleikakennarans til þess að fara utan og fullkomna sig í list sinni erlendis 800 kr.“.

3. Við 13. gr. C. 3. a. Fyrir: „1500—1500“ komi: „1000—1000“.

4. Við 13. gr. C. Á eptir tölulið 25 bætist nýr liður, sem verði 26. töluliður, svo hljóðandi:
„Til þess að útvega norskan járnbrautafræðing, er rannsaki og geri lauslega áætlun um gerð mjóbrauta (tertiærbaner) hjer á landi, fyrra árið allt að 4000 kr.“,

---

Nd. 319. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jóni Jenssyni, Kl. Jónssyni, Eiríki Gíslasyni, Þorláki Guðmundssyni, Ólafi Þriem og Jóni Jónssyni þm. Eyf.

10. gr. C. 1. b. orðist þannig: til pappírs og prentunar B-deildar Stjórnartíðindanna (28 arkir) og landshagsskýrslna (25 arkir) ... ... 2,279 kr.

Nd. 320. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1892—1893. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 5,974 kr. 49 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—3. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. c. 5. veitast:

Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1892: 130 kr. 71 e.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:

Undir A. til útgjalda við póststjórnina:

undir 2. lið: póstflutningur 1893	1,511 kr.	75 au.
undir 3. lið: önnur útgjöld:		
d. fyrir prentun á ýmsu 1892	1,046 —	98 —
1893	121 —	79 —
e. til áhalda 1892	337 —	97 —
1893	112 —	22 —
g. óviss útgjöld 1892	255 —	82 —
samtals . .	3,386 kr.	53 au.

Undir B. til vegabóta:

undir b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . .	1,814 —	25 —

4. gr. Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1892

a. til aðalviðgjörðar á hliði og grindum við brúna fyrir framan landshöfðingjahúsið	200 kr.
b. fyrir áhöld við kennarakennslu við Flensborgarskólann . . .	200 —

fyrir árið 1893

c. styrkur til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar	80 —
d. fyrir brjefavog til Skagafjarðarsýslu	20 —
e. ferðakostnaður 2 presta til sáttaumleitunar milli prests og safnaðar á Seyðisfirði	143 —
	643 —

Ed. 321. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Af hverjum 100 pd. heilagfiskis er útflutningsgjald 5 aurar.

Af hverjum 100 pd. kola er útflutningsgjald 3 aurar.

2. gr. Ákvæði nefndra laga í 1. gr., tölulið 1 og 2, eru með lögum þessum numin úr gildi.

Ed. 322. **Frumvarp**
til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.)

Rjett er sjerhverjum hjónaefnum, sem hafa þjóðkirkjutrú, að láta veraldlegan valdsmann gefa sig í borgaralegt hjónaband, samkvæmt þeim reglum, er settar eru í lögum 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Nd. 323. **Frumvarp**
til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1892 og 1893. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

	Fjárveiting	Reikningur.
I. Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	80,000 „	99,136 10
2. Húsaskattur	8,000 „	8,639 75
3. Tekjuskattur	25,000 „	28,289 35
4. Aukatekjur	40,000 „	42,829 49
5. Erfðafjárskattur	3,400 „	4,010 99
6. Gjöld af fasteignasölum	2,000 „	1,990 47
7. Vitagjald	12,000 „	14,673 70
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000 „	4,391 50
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frádregnum 2% í innheimtulaun	50,000 „	71,040 15
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2% í innheimtulaun	190,000 „	213,227 53
11. Aðflutningsgjald af tóbaki að frádregnum 2% í innheimtulaun	86,000 „	120,363 45
12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000 „	261,182 68
13. Tekjur af póstferðum	40,000 „	45,699 01
14. Óvissar tekjur	6,000	5,707 64
15. Tekjur af fasteignum landsjóðs að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	5,000 „	56,096 56
16. Tekjur af kirkjum	600 „	429 63
17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	62,000 „	62,428 92
Borgað upp í lán, veiting: 50,583 kr. 99 a., reikningur: 55,678 kr. 78 a.		
18. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	8,600 „	11,079 07
19. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000 „	4,781 49
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200 „	2,132 29
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 „	1,948 50
22. Tillag úr ríkissjóði	151,000 „	151,000 „
alls	1,069,800 „	1,211,078 27

II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 „	26,800 „
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 „	43,824 62
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál . .	51,416 66	44,636 42
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995 14	170,285 24
C. Ýmisleg útgjöld	74,482 „	73,857 63
4. Til útgjalda við læknaskipunina	100,844 „	100,188 69
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	94,700 „	97,936 22
B, Til vegabóta	78,400 „	79,834 68
C. Til strandferða	72,000 „	3,000 „
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	49,800 „	46,449 63
B. Til kennslumálefna	176,296 „	171,684 78
C. Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta . .	36,200 „	33,783 33
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200 „	8,510 91
8. Eptirlaun og styrktarfje	86,000 „	86,468 31
9. Til óvissra útgjalda	3,000 „	2,167 11
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	5,461 65	5,461 65
11. Tekjuafgangur	15,066 20	216,189 05
Alls .	1,081,261 65	1,211,078 27

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1893 920,354 kr. 20 a.
Tekjueptirstöðvar landsjóðs 31. desbr. 1893 43,747 — 04 -
Peningaforði landsjóðs 31. desember 1893 235,948 — 27 -

Nd. 324. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jóni Jenssyni, Þorláki Guðmundssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Eiríki Gíslasyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Sighvati Árnasyni.

Við 13. gr. C. 15. Töluliðurinn falli burt.
— — — — 17. Töluliðurinn falli burt.

Nd. 325. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Sighvati Árnasyni, Þorláki Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Eiríki Gíslasyni, Birni Sigfússyni.

Við 12. gr. C. e. Fyrir: »gufubáts«, komi: »gufubátaferða«.
— — — — bætist aptan við: »Styrknum undir staflið e. má og skipta í 2 eða fleiri staði, ef með því fást hagfelldari ferðir um hið tilgreinda svæði eða nokkurn hluta þess«.

Ed. **326. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir. Frá Sigurði Jenssyni, Þorleifi Jónssyni og Jóni Jakobssyni.
Orðin: „Skylda sú, er að lögum . . . . . er úr lögum numin“, falli burt.

Nd. **327. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir 1896 og 1897. Frá Birni Sigfússyni, Þórði Guðmundssyni, Sigh. Árnasyni, Þorláki Guðmundssyni, Eiríki Gíslasyni og Halldóri Daníelssyni.
Við 10 gr. C. 4. b. Fyrir: 13,000
komi: 15,000
Við 13. gr. B. VIII. 1. Fyrir: 400 kr. (1896)
komi: 200 kr.
200 kr. (1897) falli burt.

Nd. **328. Atkvæðaskrá**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Við 3. umr. í Nd.

1. Við 10. gr. C. 1. b. Br.till. á þskj. 319 frá Jóni Jenssyni o. fl.
Greinin orðist þannig: til pappírs og prentunar B-deildar Stjórnartíðindanna (28 arkir) og landshagsskýrslna (25 arkir) 2,279 kr.
2. — — — C. 4. a. 1. Br.till. á þskj. 312, frá Jens Pálssyni o. fl,
Í staðinn fyrir: „til skólans í Ólafsdal 3000 — 2500
komi: „til skólans í Ólafsdal 3300 — 2800
Þar af 300 kr. hvort árið til jarðyrkjufæraverkstæðis.
3. — — — C. 4. b. Br.till. á þskj. 327 frá Birni Sigf. o. fl.
Fyrir: 13,000
komi: 15,000.
4. — — — C. Br.till. á þskj. 307, frá Guðl. Guðm. o. fl.
Á eptir staflið 4 bætist nýr stafliður 5. 1896 1897.
„Til að kaupa „harmonia“ í Prestsbakka- og Langholtskirkjur í Vestur Skaptafellssýslu kr. 450,00 „
5. — — — C. 6. Br.till. nefnd. á þskj. 317.
Athugasemdin orðist svo:
Þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra í fjelagssjóðinum, sem eru o. s. frv.
6. — — — C. 11. Br.till. á þskj. 316, frá Guðj. Guðl. o. fl.
Á eptir orðunum: „til Skúla Thoroddsen“, bætist inn í: greiðist.
7. Við 11. gr. C. 4. Br.till. nefnd. á þsk. 317.
Upphafsorð stafliðsins a. breytist þannig:
styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík o. s. frv.
Stafliðurinn b. orðist þannig:

styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kring um landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 — 300.

8. Við 11. gr. Brtill. á þskj. 318 frá Valtý Guðmundssyni o. fl.
Á eptir 4. tölul. komi nýr töluliður, sem verði 5. tölul.ður, svo hljóðandi: „Styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík 500 kr. — 500 kr.“
„Töluliður 5 verði 6. töluliður“.

9. Við 12. gr. B. a. Brtill. nefnd. á þgskj. 317.
Aptan við bætist: „Ferðakostnaður greiðist honum eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar, þó eigi fæðis peningar nema á strandskipum“.

10. — — — B. b. Brtill. á þskj. 316 frá Guðj. Guðlaugssyni o. fl.
Í staðinn fyrir: „45,000. — 45,000“,
komi: 40,000. — 40.000.

11. — — — B. c. Brtill. á þskj. 316 frá Guðj. Guðlaugssyni o. fl.
Í staðinn fyrir: „20,000 — 20.000“:
komi: 25,000 — 25,000.

12. — — — C. b. Brtill. á þskj. 307 frá Guðl. Guðmundssyni o fl.
Í stað „Til gufubáts“ komi: „Til gufubátaferða“.
Í stað „6000“, komi: „7500“.

13. — — — C. e. Brtill. á þskj. 325 frá Jóni Jónssyni þm. A. Sk. o. fl.
Fyrir „gufubáts“, komi: „gufubátaferða“.
Aptan við liðinn bætist: „Styrknum undir staflið e má og skipta í 2 eða fleiri staði, ef með því fást hagfelldari ferðir um hið tilgreinda svæði eða nokkurn hluta þess“.

14. — — — C. e. Brtill. nefnd. þskj. 317.
Aptan við liðinn bætist:
f. Til fiskifjelagsins Dan 5000 kr.
Styrkur þessi er bundinn þeim skilyrðum, að skip fjelagsins flytji pós bæði frá og að landinu hvern 14. dag, að minnsta kosti 5 mánuði ársins, og að fardagar skipanna sjeu fastákveðnir og auglýstir fyrirfram með nægum fyrirvara.
Stafliðurinn f verður stafl. g.

15. Við 13. gr. B. III. c. 10. Brtill. nefnd. á þskj. 317.
Fyrir: 600 - 600
komi: 800 - 800

16. — — — B. III. c. Brtill. þskj. 318 frá Valtý Guðmundssyni o. fl.
Á eptir 10. tölulið bætist nýr töluliður, sem verði 11. töluliður svo hljóðandi: »Styrkur til fimleikakennarans til þess að fara utan og fullkomna sig í list sinni erlendis 800 kr.«.

17. — — — B. V. b. 3. Brtill. nefnd. á þskj. 317.
Aptan við bætist nýr liður svo látandi:
4 til styrkveitingar námspiltum 300 kr.

18. — — — B. VI. a. Brtill. nefnd. á þskj. 317.
Síðari athugasemdin orðist þannig:
Leggist annarhvor skólinn niður annað eða bæði árin, ganga $^2/_3$ hlutir þessar upphæðar til hins skólans.
Þá bætist við nýr töluliður hinn
5. styrkur til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir norðurland, er komi í stað þeirra tveggja, sem nú eru, sje byrjað á þeirri byggingu á fjárhagstímabilinu, síðara árið 2500 kr.
Töluliður 5. verði tölul. 6.

19. — — — B. VIII. Brtill. á þskj. 308 frá Jóni Þórarinssyni o. fl.
Orðið: „alþýðu“ falli burt.

20. — — — B. VIII. b. 1. Brtill. á þskj. 327 frá Birni Sigfússyni o. fl.
Fyrir: 400 kr. (1896) komi: 200 kr.
200 kr. (1897) falli burt.

21. — — — B. VIII. b. 2. Brtill. á þskj. 308 frá Jóni Þórarinssyni o. fl.
Aptan við liðinn bætist:
3. til styrkveitingar þeim, er próf taka í uppeldisfræði 300 kr. 300 — 300

22. — — — C. 3. a. Brtill. á þskj. 318 frá Valtý Guðmundssyni o. fl.
Fyrir: „1500 — 1500“ komi: „1000 — 1000“.

23. — — — C. 15. Brtill. á þskj. 324 frá Jóni Jenssyni o. fl.
Töluliðurinn falli burt.

24. — — — C Brtill. á þskj. 315 frá Kl. Jónssyni o. fl.
I staðinn fyrir: „til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði 600 kr. — 600 kr.“, komi: „til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði 500 kr. — 500 kr.“

25. Við 13. gr. C. 17. Brtill. á þskj. 324, frá Jóni Jenssyni o. fl.
Töluliðurinn falli burt.

26. — — — C. 17. Brtill. á þskj. 315. frá Kl. Jónssyni o. fl.
I staðinn fyrir: „styrkur handa cand. jur. Steingr. Jónssyni o. s. frv.“, komi:
Styrkur handa lögfræðingi, til að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum 800 kr. — 800 kr.

27. — — — C. 21. Brtill. á þskj. 314, frá Sk. Thoroddsen o. fl.
21. töluliður orðist svo:
Til frú Elínar Eggertsdóttur í Reykjavík til að koma á fót heimiliskennslu í hússtjórn og matreiðslu 1000 kr. fyrra árið.

28. — — — C. Brtill. á þskj. 318, frá Valtý Guðms. o. fl.

Á eptir tölulið 25 bætist nýr liður, sem verði 26. tölulið-ur. svo hljóðandi.

„Til þess að útvega norskan járnbrautafræðing, er rannsaki og geri lauslega áætlun um gerð mjóbrauta (tertiærbaner) hjer á landi, fyrra árið allt að 4000 kr.“.

29. 13. gr. frumv. breytt eða óbreytt.

30. Br.till. nefnd. á þskj. 317, við athugas. í niðurlagi frumvarpsins:

Við 1. athugasemdina aptan við frumvarpsgreinarnar: Niðurlag aths. á eptir »20,000 kr. til hvers« orðist þannig:

ávaxtist lán þetta með $3^1/_2$% og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Við 2. aths. Síðari málsgreinin orðist þannig:

Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. Lánið veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4000 kr. til hvers skips.

Við 4. aths. Síðari málsgreinin orðist þannig:

Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 5—10 árum, og veitist o. s. frv.

Nd. 329. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings (þskj. 286). Frá nefndinni.

1. við 2. gr. bætist aptan við greinina:

Skoðunarmenn þessir gefa vottorð um tölu og heilbrigðisástand fjárins, er þeir sanni með eiði, ef krafizt verður. Vottorðin afhendist eptirlitsmönnum á útflutningsstöðunum.

2. — 3. — Í staðinn fyrir: „skoðunarmönnum“ komi: „eptirlitsmönnum“.

3. — 3. — Í stað orðanna: „eru meiddar af illri meðferð“ o. s. frv. til enda málsgreinar, komi: meiddar af illri meðferð eða sjúkar, þá skal eigandi hjúkra þeim skepnum og lækna, ef hann kýs eigi heldur að slátra þeim. Vanræki hann þessa skyldu sína, skal lögreglustjóri annast um hjúkrun þeirra á hans kostnað.

4. — 4. — Greinin orðist þannig:

„Skoðunarmenn (sbr. 2. gr.) tilnefnir hreppstjóri, en eptirlitsmenn (sbr. 3. gr.) hlutaðeigandi lögreglustjóri, og fá þeir laun fyrir starfa sinn eptir sanngjörnum reikningi; launin greiðast af þeim, er fyrir kaupum eða útflutningi á fjenaðinum standa.

Nd. 330. **Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Engir aðrir en þeir, sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara, hvort heldur er munnlega eða skriflega, um flutning í aðrar heimsálfur, eða á nokkurn annan hátt hafa á hendi nokkra atvinnu í þarfir slíks útflutnings. Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum 100—4000 kr., eða fangelsi.

2. gr. Undanþága sú frá eptirliti lögreglustjórnarinnar, er 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal úr lögum numin.

3. gr. Eigi má taka útfara á skip til flutnings til útlanda, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka útfara, hefur gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltekið, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið er hentugt til útfaraflutnings á þann hátt, er segir í 7. gr. laga 14. jan. 1876.

4. gr. Á hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda, skal lögreglustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbrjef útfara og ganga úr skugga um, að tala útfara sje eigi hærri en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti á skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að lög nr. 12, 7. febr. 1890 sjeu för hans eigi til fyrirstöðu og að hann sje að öðru leyti að lögum frjáls til útfarar. Skipstjóri og útflutningsstjóri ber ábyrgð á, að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til slíkrar rannsóknar, svo og til læknisrannsóknar þeirrar, sem ákveðin er í 8. gr. laga nr. 3, 14. jan. 1876. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum.

Nd. 331. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um meðferð á hrossum og sauðfje o. fl. (þingskj. 286). Frá Jóni Jónssyni þm. Eyf., Sigurði Gunnarssyni, Sk. Thoroddsen, Einari Jónssyni, Guðjóni Guðlaugssyni og Þórði Guðmundssyni.

1. gr. falli burtu.

Ed. 332. **Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd).

1. kafli.

Tekjur:

1. gr. Á árunum 1896 og 1897 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,210,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 936,000 kr.

	1896.	1897.	alls.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:	kr.	kr.	kr.
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34 000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,500	4,500	9,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	7,500	7,500	15,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.	2,000	2,000	4,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000	140,000	280,000
12. tekjur af póstferðum	25,000	25,000	50,000
13. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
samtals...	468,000	468,000	936,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landsjóðs, alls 34,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals...	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	34,000	34,000	68,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1896 22,770 kr. 62 a.			
- — 1897 22,094 — 17 -			
44,864 kr. 79 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 135,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	8,500	6,500	15,000
samtals...	68,500	66,500	135,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1896 og 1897 veitast til útgjalda 1,307,079.66 samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1896: 12,400 kr., og árið 1897: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 330,924 kr. 66 a.

A.	1896.	1897.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,300	18,316 66	36,616.66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður 800 —	3,300	3,300	6,600
	25,400	25,416.66	50,816.66
flyt...			50,816 66

			1896.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
B.		fluttar	... .	.....	50,816.66
Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna			68,100	68,100	
b. til hreppstjóra.....			6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
	1896.	1897.			
a. laun umsjónarmannsins	800 kr.	800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..	200 —	200 —			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni..	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa ..	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa, og áhöld.....	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni.	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld...	150 —	150 —			
	4,215 kr.	4,215 kr.			
arður af verkum, talinn	615 —	615 —			
	3,600 kr.	3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o.fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —			
			5,200	5,200	
			84,400	84,400	168,800
		flyt			219,616.66

			1886.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
C. fluttar:					219,616. 66
Ymisleg útgjöld:					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (28 arkir) og landshagsskýrslna (25 arkir)		2,279 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		350 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —			
			3,829	3,829	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef...			1,900	1,900	
3. brunabótargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			1,200	1,200	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
	1896.	1897.			
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.			
1. til skólans í Ólafsdal	3,000	2,500			
2. til skólans á Hólum	3,500	3,500			
3. — — - Eiðum	3,000	2,000			
4. — — - Hvanneyri	4,000	2,000			
b. til búnaðarfjelaga.....	13,000	15,000			
c. til búnaðarfjelags suðuramtsins ..... og að auki í eitt skipti fyrir öll, með því skilyrði, að hin ömtin gangi í samband við suðuramtið um eitt búnaðarfjelag fyrir land allt 4000	2,000	2,000			
	4,000				
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240	240			
5. til að kaupa »harmonia« í Prestbakka- og Langholtskirkjur í Vestur-Skaptafellss.	450				
6. til að járnklæða Langholts og Þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu.	800	»			
7. styrkur til ábyrgðarfjelags fyrir fiskiskip við Faxaflóa	5,000	»	38,990	27,240	
flyt:			45,919	34,169	219,616. 66

			1896.	1897.	alls:
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	45,919	34,169	219,616.66
	Þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra í fjelagssjóðinum, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.				
7.	fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík, með því að flytja þau á annan stað, allt að	4500	4,500		
8.	til vitans á Reykjanesi:				
	a. til launa vitamannsins.....	1,200			
	b. til eptirlits með vitanum.....	60			
	c. til að kaupa olíu	1,200			
	d. — — lampakveiki o. fl. .	150			
	e. til að kaupa steinkol..	120			
	f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200			
	g. eptirgjald eptir lóðina.....	30	2,960	2,960	
9.	til annara vita:				
	a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu..	11,000			
	b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita.	500			
	c. til árlegra útgjalda við Gróttuvita	400			
	d. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....	500	12,400	1,400	
	Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
10.	til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði ...		1,000	1,000	
11.	til Skúla Thoroddsen greiðist..... ...		5,000		
			71,779	39,529	111,308.00
		samtals..			330 924.66

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 122,564 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	38,458	38,458	76,916
2. styrkur til 15 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu og sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða-, og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar-, og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	15,000	15,000	30,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
4. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið, allt að 300 kr.	300	300	600
flyt...	55,858	55,858	111,716

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar	55,858	55,858	111,716
5. styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík		500	500	1,000
6. önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri	400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.	24 —			
d. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —	4,024	4,024	8,048
f. til undirbúnings holdsveikisspítala	1,800 —	1,800		1,800
Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis, til að fara til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala.				
	Samtals .	62,182	60,382	122,564

12. gr. Til samgöngumála veitast 428,500 kr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

		1896	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum.....	..2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum	...6,200 —			
c. — brjefhirðingarmönnum	.....4,000 —	12,600	12,600	25,200
2. póstflutningur		36,000	36,000	72,000
3. önnur útgjöld	1896. 1897.			
	kr. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans..	1,500 1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰ um	200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	800 800			
e. til áhalda	700 700			
f. 1 brjefberi í Reykjavík....	50 50			
g. óviss útgjöld	200 200	3,650	3,650	7,300
	samtals...	52,250	52,250	104,500

B.

Til vegabóta:	1896. kr.	1897. kr.			
a. til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðstjórnum við hinar stærri samgöngubætur..... 3,000		3,000			
Ferðakostnaður greiðist honum eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar, þó eigi fæðispeninga, nema á strandskipum.					
b. til flutningabrauta	45,000	45,000			
c. til þjóðvega	25 000	25,000			
d. til fjallvega	2,000	2,000			
e. styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu	1,000		76.000	75,000	151,000
		flutt...	128,250	127,250	255,500

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	128,250	127,250	255,500
C.				
	Til strandferða:	kr.		
a.	til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins	45,000		
b.	til gufubátaferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að	7,500		
c.	til gufubáts í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að	10,000		
d.	til gufubáts í Norðlendingafjórðungi, allt að	10,000		
e.	til gufubátaferða í Austfirðingafjórð., allt að	6,000		
	Styrkurinn undir stafliðunum b—e greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti ¼ á móti ¾ úr landsjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds. Loks er styrkurinn bundinn því skilyrði, að bátarnir sjeu eigi minni en 35 smálestir að farmrúmi og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 25 manns undir þaki.			
	Að því er snertir styrkinn undir stafl. b, má þó haga þeirri fjárveiting á sama hátt og 1894—95 (12. gr. C., b. og c.), ef eigi getur fengizt til ferðanna bátur, er fullnægi ofangreindum skilyrðum, að því er stærð snertir.			
	Styrknum undir staflið e má og skipta í 2 eða fleiri staði, ef með því fást hagfelldari ferðir um hið tilgreinda svæði eða nokkurn hluta þess.			
f.	til fiskifjelagsins »Dan«	5000	83,500	83,500	167,000
	Styrkur þessi er bundinn þeim skilyrðum, að skip fjelagsins flytji póst, bæði frá og að landinu hvern 14. dag, að minnsta kosti 5 mánuði ársins, og að fardagar skipanna sjeu fast ákveðnir og auglýstir fyrir fram með nægum fyrirvara.			
g.	til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6,000		
	Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ¼ til móts við landsjóðsstyrkinn.			
			6,000	»	6,000
	samtals...		217,750	210,750	428,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 269,091 kr.

	1896.	1897.	alls
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:	kr.	kr.	kr.
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
4. bráðabirgðar uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafa-prestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1.000	46,100
	22,800	23,300	
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:			

	1896.	1897.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897, 80kr. handa hverjum	960 kr.	1280 kr.			
2. ölmusustyrkur	400 —	400 —			
3. til tímakennslu	100 —	100 —			
4. til bókakaupa	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —			
9. til þess að kaupa »harmonium« til notkunar við kennslu í tónlist og sálmasöng	250 —				
			2,710	2,780	
			11,910	11,980	23,890
		flyt			69,990

			1896.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...			69,990
II. til læknaskólans.					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1896.	1897.			
1. 3 ölmusur, 200 kr. hver	600 kr.	600 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	500 —	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 8 lærisveinum	640 —	640 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði .	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að . . .	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld . . .	100 —	100 —	2,590	2,390	
			5,790	5,590	11,380
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum . . .		700 —			
— dyraverði		1,000 —	2,300	2,300	
	1896.	1897.			
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan . .	1,400 —	1,000 —			
4. til tímakennslu .	1,700 —	1,700 —			
5. ölmusur	5,000 —	5,000 —			
6. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld .	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk. .	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu ...	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði . .	400 —	400 —			
10. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25 kr. fyrir örkina .	600 —	600 —	12,048	11,648	
			33,548	33,148	66,696
		flyt...			148,066

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar...			148,066
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld: 1896. 1897.				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	300 kr. 300 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 — 400 —			
		1,900	1,900	
		8,500	8,500	
V. til stýrimannaskólans.				17,000
a. laun		2,000	2,000	
b. önnur útgjöld:				
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa	600 kr.			
2. til tímakennslu	800 —			
3. til áhaldakaupa o. fl..	200 —			
4. til styrkveitingar námspiltum	300 —	1,900	1,900	
		3,900	3,900	
VI. til annarar kennslu:				7,800
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ...	1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi	1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... ... Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja. Leggist annarhvor skólinn niður annað eða bæði árin, ganga $\frac{2}{3}$ hlutir þessarar upphæðar til hins skólans	2,000 —			
5. styrkur til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir Norðurland, er komi í stað þeirra tveggja, sem nú eru, sje byrjað á þeirri byggingu á fjárhagstímabilinu, síðara árið	2,500 —			
6. til kvennaskóla á Austurlandi síðara árið	1,200 —	6,200	9,900	
	flyt...	6,200	9,900	172,866

	1896,	1897,	Alls,
	kr.	kr.	kr.
fluttar..	6,200	9,900	172,866
Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje bygt fyrir árslok 1896.			
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum	4,500	4,500	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslu nefnda og stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík ...	1,000	1,000	
d. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
e. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	17,650	21,350	39,000
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.			
b. til sundkennslu annarstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.			
	1,200	1,200	2,400
VIII. til gagnfræða- og kennarafræðslu í Flensborgarskóla:			
a. til launa handa 3 kennurum	4,400	4,400	
b. önnur útgjöld:			
1. til áhaldakaupa	400	200	
2. fyrir eldivið, ræsting og vátrygging skólahússins ... ..., ...	250	250	
3. til styrkveitingar þeim, er próf taka í uppeldisfræði, 30 kr. hverjum...	300	300	
	5,350	5,150	10,500
flyt..			224,766

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			224,766
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ... ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til þjóðvinafjelagsins	750	750	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda, þar af eptir þörfum, til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð 1200 kr.			
b. til umsjónar ... ... 400 —			
c. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá, fyrra árið ... ... 400 —			
	2,000	1,600	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið .. .. Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800	800	
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við fyrsta bindið, komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
flyt...	11,900	11,500	224,766

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	11,900	11,500	224,766
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið...	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins ... ... Útborgist því að eins, að Árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300	300	
10. til náttúrufræðisfjelagsins .. .. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. til stórstúku Good templara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
15. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.....	500	500	
16. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	500	500	
17. styrkur handa lögfræðingi til að stunda löggjöf Íslands á síðari tímum	800	800	
18. til skáldsins Þorsteins Erlingssonar í Kaupmannahöfn	600	600	
19. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að	300	300	
20. til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar, 25 kr. fyrir örkina, allt að	125		
21. til frú Elínar Eggertsdóttur til að koma á fót heimiliskennslu í hússtjórn og matreiðslu.....	1,000		
22. til kandidats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
23. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	500	500	
24. styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík	1,200		
25. til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins, allt að	600		
	23,825	20,500	44,325
Samtals...	....	....	269,091

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 81,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40. a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr., til viðbótar við eptirlaun Skúla Thoroddsens 500 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. Til allra þeirra hvert árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3 000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 96,279.66, skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, ávaxtist lán þetta með 3½%, og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist með 3½%, og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. Lánið veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita amtsráði vesturamtsins allt að 60,000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 pCt. á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta ávaxtist með 3½% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 5—10 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Nd. 333. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Einari Jónssyni.

Aptan við frumv. bætist ný grein svo hljóðandi:

5. gr. Til borgunar fyrir læknisþjónustu í 14. læknishjeraði í ágústmánuði 1893 veitast 62 kr. 50 a.

Ed. 334. **Nefndarálit**

í málinu: frv til laga um kaup á eimskipi o. s. frv. (þingskjal 265).

Vjer, sem hin heiðr. efri deild alþingis kaus í nefnd til þess að taka nefnt frv. til athugunar, höfum á allmörgum fundum leitazt við að íhuga það svo rækilega, sem kostur var á, á hinum stutta tíma, sem nefndin hefir haft til umráða, og skulum nú láta uppi álit vort um það.

Eins og vjer í öllum aðalatriðum verðum að vera heiðr. neðri deild samdóma um nauðsyn þess, að alþingi hafi nú nánari og beinni afskipti af skipun samgöngumála vorra á sjó heldur en að undanförnu, þar eð fyrirkomulag það, sem á þeim hefir verið til þessa, getur ekki lengur talizt fullnægjandi, svo verðum vjer og að taka undir það með neðri deild, að með því að engin boð liggja nú fyrir þinginu um viðunandi eimskipaferðir oss til handa fyrir ákveðna borgun, þá sje ekki um aðrar leiðir að ræða en að landið taki sjálft að sér að koma slíkum ferðum á, á kostnað landsjóðs og hafi sjálft útgerðina á hendi.

En þar sem hið fyrirliggjandi frv. vill framkvæma þetta á þann hátt, að landsjóður kaupi nú þegar skip til þessara ferða, þá getum vjer eigi dulizt þess, að hjer sje um töluverða áhættu að ræða, með því að oss skortir alla reynslu í þessum efnum og vjer verðum að byggja allt á ágizkunum og ef til vill miður áreiðanlegum áætlunum um tilkostnað, arðsvon og allt fyrirkomulag útgerðarinnar. Áhættan verður ávallt nokkur, en minna er þó óneitanlega í húfi, sje skip til ferðanna ekki keypt, á meðan alla reynslu vantar um hið hentugasta fyrirkomulag þess, heldur aðeins tekið á leigu í 2 ár fyrst um sinn. Og það er þetta, sem vjer verðum að ráða hinni heiðr. deild til að gjöra, enda verðum vér að ætla, eptir þeim skýringum, sem vér höfum átt kost á að afla oss, að verulegir erfiðleikar muni ekki vera á því, að fá skip til leigu, sjeu skilmálarnir viðvíkjandi stærð, hraða og farþegarúmi ekki mjög einskorðaðir. Þó virðist oss ráðlegra að halda kaupunum sem vara-ráðstöfun, til þess að verða eigi á flæðiskeri staddir, ef eigi skyldi heppnast að fá hæfilegt leiguskip.

Samkvæmt þessari meginskoðun höfum vjer, jafnframt og vjer föllumst á aðalefni og flest ákvæði frv. í heild sinni, gjört verulega efnisbreytingu á 1. gr. og nokkrar minni háttar breytingar á ýmsum hinna greinanna, er vjer nú skulum gjöra frekari grein fyrir.

Breytingin á 1. gr. stafar af því, að vjer, svo sem sagt er að ofan, teljum varlegra og hyggilegra, að taka leiguskip fyrst um sinn, ef þess verður kostur, og tökum því upp í greinina helztu ákvæðin þessu viðvíkjandi.

Í 2. gr. bætum vjer inn nánari ákvæðum um starfsvæði skipsins, og gefum fargæzlumönnunum færi til að hafa áhrif á ferðaáætlunina ásamt farstjóra og landshöfðingja.

Í 4. gr. þykir oss rjett vera að gjöra ráð fyrir, að landstjórnin láti farstjóra aðstoð sína í tje við útvegun skipsins, hvort sem heldur verður um leigu eða kaup að ræða, og hlýtur slík aðstoð að geta verið honum til mikils gagns við lögformlegan útbúning á samningum m. fl. Aptur sjáum vjer eigi, að fargæzlumenn geti í þessu efni verið í neinni samvinnu við farstjóra. Fyrir því greinum vjer þau 2 atriði sundur: útvegun og útgerð. — Um heimilisstöðvar skipsins o. fl. ætlum vjer að gjöra megi ákvæði frv. greinarinnar nokkuð styttri og einfaldari. Aptur þykir oss þarft að bæta við ákvæði um forföll farstjóra, sem fyrir gætu komið, eins og gjört er í 5. gr. að því er fargæzlumenn snertir.

Í 5. grein þykir oss rjettara, að fargæzlumenn, sem vera eiga nokkurskonar fulltrúar af þingsins hálfu, sjeu, eins og gæzlustjórar landsbankans kosnir sinn af hvorri deild, en ekki í sameinuðu þingi.

Í 8. gr. viljum vjer setja lítið eitt nánari ákvæði um reikningshald og reikningsskil, bæði um ársreikning og um yfirlit fyrir styttri tíma, sem vér þó, eptir því sem málinu er varið, ætlum að eigi megi styttri vera en ársþriðjungur.

Að endingu skal því viðbætt, að enda þótt oss dyljist eigi, að eitt skip fær eigi unnið oss allar þær samgöngubætur, sem vjer þörfnumst, hyggjum vjer eigi ráðlegt eða gjörlegt, að fara lengra í þetta sinn, enda er það álit vort, að allmikið megi gjöra með

einu vel hraðskreiðu og rúmgóðu skipi, sem eigi tefur sig á neinum Færeyjaferðum og opt fer hjeðan aðeins til Englands, ef það heppnast, sem vjer verðum að vona, að fá góðan og ötulan farstjóra og að setja heppilega ferðaáætlun, með hliðsjón af öðrum reglulegum eimskipaferðum, sem vænta má að uppi verði haldið.

Stórmikla framför mundum vjer þó telja það, ef fjárhagur vor og önnur atvik leyfðu, auk aðalskipsins, að hafa annað skip minna í förum umhverfis landið, og að til þess væri kostandi töluverðu fje, svo sem 35 þús. króna, jafnvel á næsta fjárhags tímabili, ef slíkt stæði til boða.

Samkvæmt framanrituðu gjörum vjer þessar tillögur:

1. 1. gr. orðist þannig:

Á kostnað landsjóðs skal fyrst um sinn til tveggja ára, taka á leigu eimskip, er sje 400—600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir 40—60 manns í æðra farrúmi og fyrir 30—40 manns í óæðra farrúmi. Allt sje skipið yfirbyggt, traust og vel útbúið, og hafi 10—12 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Til leigugjalds fyrir slíkt skip svo og til nauðsynlegs kostnaðar við útgerð þess m. fl., má verja allt að 150 þús. kr. hvort árið.

Nú fæst eigi slíkt skip til leigu með aðgengilegum kostum, og skal þá á kostnað landsjóðs kaupa eimskip traust og vandað að allri gerð, er sje að minnsta kosti 600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 60 manns í æðra farrúmi og fyrir eigi færri en 40 manns í óæðra rúmi. Allt sje skipið yfirbyggt og að öllu vel út búið, og hafi að minnsta kosti 11 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Skipinu skal fylgja lítill eimbátur, er nota megi til flutninga að og frá skipinu á höfnum. Til þess að kaupa slíkt skip má verja allt að 350,000 kr.

2. 2. gr. orðist þannig:

Eimskip það, sem um ræðir í 1. gr., skal haft í förum milli Íslands og annara landa og kringum strendur landsins, til að flytja póstflutning, fólk og varning, samkvæmt ferðaáætlun, er farstjóri ákveður með ráði fargæzlumanns og landshöfðingi samþykkir.

3. Við 3. gr. Fyrir: »árleg« komi: »öll«.

4. 4. gr. orðist þannig:

Útvegun skipsins samkvæmt 1. gr. skal falin á hendur farstjóra með tilsjón landstjórnarinnar. Útgerð þess hefir farstjóri á hendi undir yfirumsjón fargæzlumanna. Farstjóri skal hafa skrifstofu í Reykjavík og er þar varnarþing hans í öllum þeim málum, er snerta farstjórnina. Ef farstjóri vegna sjúkdóms eða annara forfalla fær eigi um stund gegnt störfum sínum, setur landshöfðingi með ráði fargæzlumanna annan mann til að gegna störfum hans um stundarsakir.

5. 5. gr. orðist þannig:

Fargæzlumenn skulu vera tveir og skal annar þeirra kosinn af efri deild alþingis, en hinn af neðri deild, hvor um sig til tveggja ára í senn. Deyi annarhvor þeirra milli þinga, eða fatlist á annan hátt, kýs landshöfðingi með ráði hins, mann til bráðabirgða í hið auða sæti.

6. Upphaf 6. gr. orðist þannig:

Með ráði fargæzlumanna skipar landshöfðingi farstjóra

7. Við 7. gr. Fyrir: »farstjórinn« komi: »farstjóri«

8. Við 7. gr. Fyrir: »og fargreiðslumenn« — komi: »og setur fargreiðslumenn.

9. Við 7. gr. Fyrir: »hafa samþykki« komi: »fá samþykki«.

10. 8. gr. orðist þannig:

Farstjóri skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipsins, og rita hann í bók, sem landshöfðingi löggildir til þess. Fyrir marzmánaðar lok skal farstjóri hafa sent landshöfðinga nákvæman reikning með fylgiskjölum fyrir næstliðið almanaksár, er glögglega sýni allan fjárhag skipsútgerðarinnar. Reikningur þessi skal endurskoðaður af manni, sem hið sameinaða alþingi kýs til þess starfa til tveggja ára í senn; því næst úrskurðar landshöfðingi reikninginn. Fyrir endurskoðun reikningsins greiðist 500 kr. þóknun.

Að liðnum hverjum 4 mánuðum skal farstjóri þar að auki tímanlega í maí, september og janúarmánuðum ár hvert semja og senda landshöfðingja stutt yfirlit yfir útgerðina og fjárhag skipsins á hinum næstliðnu 4 mánuðum. Rita skulu fargæzlumenn vottorð sitt bæði á aðalreikninginn og yfirlitið.

11. Við 9. gr. Fyrir: »farstjórinn« komi: »farstjóri«.

12. Í fyrirsögninni komi í stað orðanna: »um kaup« — »um leigu eða kaup«.

Efri deild alþingis, 12. ágúst 1895.

Sigurður Jensson form. | Hallgr. Sveinsson skrifari og framsögum. | Sigurður Stefánsson.

Jón Jakobsson. | Jón A. Hjaltalín.

Ed. 335. **Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1892 og 1893. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

	Fjárveiting kr. a.	Reikningur. kr. a.
I. Tekjur:		
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	80,000 „	99,136 10
2. Húsaskattur	8,000 „	8,639 75
3. Tekjuskattur	25,000 „	28,289 35
4. Aukatekjur	40,000 „	42,829 49
5. Erfðafjárskattur	3,400 „	4,010 99
6 Gjöld af fasteignasölum	2,000 „	1,990 47
7. Vitagjald	12,000 „	14,673 70
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000 „	4,391 50
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frádregnum 2% í innheimtulaun	50,000 „	71,040 15
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2% í innheimtulaun	190,000 „	213,227 53
11. Aðflutningsgjald af tóbaki að frádregnum 2% í innheimtulaun	86,000 „	120,363 45
12 Aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000 „	261,182 68
13. Tekjur af póstferðum	40,000 „	45,699 01
14. Óvissar tekjur	6,000	5,707 64
15. Tekjur af fasteignum landsjóðs að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	5 ',000 „	56,096 56
16. Tekjur af kirkjum	600 „	429 63
17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	62,000 „	62,428 92
Borgað upp í lán, veiting: 50,583 kr. 99 a., reikningur: 55,678 kr. 78 a.		
18. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	8,600 „	11,079 07
19. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000 „	4,781 49
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200 „	2,132 29
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 „	1,948 50
22. Tillag úr ríkissjóði	151,000 „	151,000 „
alls	1,069,800 „	1,211,078 27

II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 „	26,800 „
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 „	43,824 62
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál . .	51,416 66	44,636 42
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995 14	170,285 24
C. Ýmisleg útgjöld	74,482 „	73,857 63
4. Til útgjalda við læknaskipunina	100,844 „	100,188 69
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	94,700 „	97,936 22
B. Til vegabóta	78,400 „	79,834 68
C. Til strandferða	72,000 „	3,000 „
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	49,800 „	46,449 63
B. Til kennslumálefna	176,296 „	171,684 78
C. Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta . .	36,200 „	33,783 33
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200 „	8,510 91
8. Eptirlaun og styrktarfje	86,000 „	86,468 31
9. Til óvissra útgjalda	3,000 „	2,167 11
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	5,461 65	5,461 65
11. Tekjuafgangur	15,066 20	216,189 05
Alls .	1,081,261 65	1,211,078 27

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1893 920,354 kr. 20 a.
Tekjueptirstöðvar landsjóðs 31. desbr. 1893 43,747 — 04 -
Peningaforði landsjóðs 31. desember 1893 235,948 — 27 -

Nd. 336. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892—1893. Frá Skúla Thoroddsen, Jóni Jenssyni, Jóni Jónssyni þm. Eyf., Þórði J. Thoroddsen, Valtý Guðmundssyni og Birni Sigfússyni.

1. Við 4. gr. c. Stafliðurinn falli burt.
2. — — — d. Sömuleiðis,
3. — — — e. Sömuleiðis.

Nd. 337. **Breytingartillaga**
við tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1892 og 1893, tölulið 4. Frá Jens Pálssyni, Sigurði Gunnarssyni, Sk. Thoroddsen, Guðjóni Guðlaugssyni, Eiríki Gíslasyni og Birni Sigfússyni.

Í stað orðanna: »Þar sem eigi er á annan hátt unnt, að fá menn til að taka þær að sjer fyrir hæfilega borgun«

komi: »fyrir sem lægst kaup«.

Nd. 338. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun lagaskóla. Frá Þorláki Guðmundssyni og Þórði Guðmundssyni.

Við 3. gr. Í staðinn fyrir: »2500«, komi: »2000«.

Ed. 339. **Frumvarp**

til laga um hagfræðisskýrslur. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Landstjórninni ber að annast um, að samdar sjeu árlega hagfræðislegar skýrslur um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun, og skulu þær samdar og útgefnar á kostnað landsjóðs.

2. gr. Um fyrirkomulag á skýrslunum og undirbúning til þeirra ákveður landshöfðingi með reglugjörð, og annast hann um, að út sje gefin á kostnað landsjóðs nauðsynleg eyðublöð, er stjórnarvöldum þeim, sem hann fyrirskipar, ber að láta útfylla.

3. gr. Skyldur er hver búandi og hver sá, er nokkurn fjenað hefur, til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í tje, þegar þess er krafizt, nákvæma skýrslu um það, hve margt nautgripa, sauðfjár, geitfjár og hrossa, á hverjum aldri sem er, hann hefur undir höndum, hvort sem hann sjálfur er eigandi að eða ekki.

Bændur og aðrir þeir, er nokkra jarðrækt stunda, eru á sama hátt skyldir til að láta árlega í tje skýrslur, svo nákvæmar, sem kostur er á, um stærð túna þeirra og sáðlands, um jarðabætur, er unnar hafa verið og jarðargróða, er þeir hafa fengið á árinu, svo sem töðu, úthey, maturtir, mótekju, hrísrif og skógarhögg.

4. gr. Skipstjórar á þilskipum og formenn á opnum bátum, sem til nokkurs veiðiskapar ganga, skulu skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje skýrslur, svo nákvæmar sem föng eru til, um það, hve mikið hafi aflazt á skipum þeim eða bátum, er þeir hafa farið með. Skýrslna þessara má einnig, ef þurfa þykir, krefjast af útgerðarmönnum skipanna eða bátanna.

Svo skulu þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvaldi í tje, skýrslu um þessar atvinnugreinar, er þess er krafizt.

5. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eður sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hjer á landi og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands hjeðan, allt eptir því sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landshöfðingi útgefur.

6. gr. Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu skyldir til að senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um eignir og skuldir stofnananna, eptir formi, er hann fyrirskipar.

7. gr. Heimta má, að hlutaðeigendur votti upp á æru og trú, að skýrslur þær, sem um ræðir í 3.—5. gr., sjeu gefnar eptir beztu vitund.

8. gr. Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorð upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 króna. Tregðist nokkur við að láta í tje skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 2 kr. á dag.

9. gr. Um aðrar landshagsskýrslur en þær, sem atvinnuvegina snerta, gilda sömu reglur og fylgt hefur verið til þessa.

10. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Ed. 340. **Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um fjárráð giptra kvenna.

Oss, sem kosnir vorum til að íhuga frv. þetta, virðist það að sumu leyti ísjárvert, einkum 1., 6. og 12. gr., og teljum nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar og viðauka við það.

Það sem vjer teljum nauðsynlegt í þessu máli, er að fá lög, sem tryggi giptar konur betur en lög nú gera gegn ráðdeildarleysi og fjársóun eiginmanna þeirra, en þar sem eins lítið er eptir af þingtímanum eins og nú er, virðist oss ekki tími til á þessu þingi að gera þær breytingar á frv., sem vjer teljum nauðsynlegar, en álítum að stjórnin ætti að undirbúa málið til næsta þings.

Vjer leggjum því, til að fella þetta frv. í þetta sinn, en að þingið í þess stað samþykki svohljóðandi

TILLÖGU

til þingsályktunar.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing lagafrumvarp, er tryggi betur en lög nú gera rjett giptra kvenna gegn ráðdeildarleysi eða fjársóun eiginmanna þeirra á fjelagsbúinu.

Eíri deild alþingis 12 ágúst 1895.

Jón A. Hjaltalín, formaður og framsögum. Þorleifur Jónsson, skrifari. Sigurður Jensson.

L. E. Sveinbjörnsson. Kristján Jónsson.

Nd. 341. **Tillaga**

til þingsályktunar. Frá nefndinni um samþykktir, er banna verzlun með áfenga drykki.

Neðri deild alþingis skorar á stjórnina að hlutast til um, að innleidd verði í alþýðu- gagnfræða- og barnaskólum, er njóta styrks úr landsjóði, fræðsla um áfengi og áhrif þess á mannlegan líkama.

Ed. 342. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. Frá Sigurði Jenssyni, Jóni Jakobssyni og Þorleifi Jónssyni.

3. gr. frumvarpsins falli burt.

Nd. 343. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun lagaskóla. Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Við 5. gr. Á eptir „þeir“ í upphafi gr. bætist „einir“.
2. — - - — Í stað: „í skólanum“, komi: „við skólann“.
3. — — — Á eptir: „embættum“ bætist inn: „hjer á landi“.

Nd. 344. **Nefndarálit**

um frv. til laga um áfangastaði.

Vjer undirskrifaðir, sem hin háttvirta neðri deild kaus til þess að íhuga frv. til laga um áfangastaði, leyfum oss að láta uppi álit vort á þessa leið.

Vjer höfum íhugað lagafrumvarp þetta og álítum, að rjett sje að gefa sýslunefndum heimild til að ákveða áfangastaði, þar sem þess þarf við, og þá um leið ákveða þeim ákveðna fasta þóknun, er fyrir átroðningi verða af þeim sökum, og verður sú þóknun að takast úr sýslusjóði, þó hann auðvitað hafi nóg útgjöld, en í önnur hús er ekki að venda. Þessi ákvæði álítum vjer nægja til þess að ná þeim tilgangi, er flutningsmenn frumvarpsins hafa haft, og ráðum því til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. gr. falli burt.
2. gr. falli burt.
3. gr. verði 1. grein með þessum breytingum:
   Orðið: »nýja« í fyrstu línu falli burt.
   Fyrir orðið: »veita«, *komi:* »greiða«.
   Fyrir orðin: »nýja áfangastaði — til enda greinarinnar, komi: »ágang þann, er leiðir af því, að fastir áfangastaðir eru teknir upp«.
4. gr. verði 2. gr.

Alþingi 12. ágúst 1895.

Tryggvi Gunnarsson, framsögumaður. Kl. Jónsson, skrifari. Einar Jónsson.

Nd. 345. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun lagaskóla. Frá Þórhalli Bjarnasyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk. og Birni Sigfússyni.

Fyrri hluti 3. greinar orðist svo:

Við skóla þennan skal vera einn fastur kennari, er veitir skólanum forstöðu, og hefur hann 4000 kr. í árleg laun.

Ed. 346. **Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um nýbýli.

Vjer, sem skipaðir vorum í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, teljum það til mikilla bóta. Tilskipun frá 15. apríl 1876 um nýbýli er orðin úrelt bæði að efni og orðfæri. Með þessu frumvarpi er landeigendum gjört miklu hægra fyrir en áður að gæta rjettar síns gagnvart upptöku nýbýla, og því meiri trygging fyrir því, að nýbýli sjeu ekki upptekin þar, sem það getur verið öðrum til verulegs baga. Auk þess eru með frumvarpi þessu afnumin ýms hlunnindi, er nýbýlingt

um voru veitt með áðurnefndri tilskipun, en sem nú eru með öllu óþörf orðin. Vjer ráðum því hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja frumvarp þetta óbreytt.

Efri deild alþingis 13. ágúst 1895.

L. E. Sveinbjörnsson, form.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.	Þorleifur Jónsson.

Ed. 347. **Frumvarp**

til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Öll þau hross, tamin eða ótamin, er seld eru eða send til útflutnings, og reka þarf til útskipunarstaðar dagleið eða lengra, skulu tryggilega járnuð, áður en lagt er af stað með þau þaðan, er þau eru keypt.

Ef hross týna járnum á leiðinni til útskipunarstaðarins, skulu þau járnuð í næsta áfangastað.

2. gr. Í hreppi hverjum, þar sem sauðfje er selt eða sent til útflutnings, skulu 2 eða fleiri skoðunarmenn rannsaka heilbrigðisástand fjárins, áður en það er rekið af stað úr hreppnum. Komi fyrir sauðkind með óþrifum, meiðslum eða sýki skal hún gerð apturræk. Skoðunarmenn þessir gefa vottorð um tölu og heilbrigðisástand fjárins, er þeir sanni með eiði, ef krafizt verður. Vottorðin afhendist eptirlitsmönnum á útflutningsstöðunum.

3. gr. Þegar hross, eða sauðfje er haft í gæzlu á þeim tíma, er það bíður skips, skal þess gætt, að það hafi næga haga, að byrgi, er fjenaður er geymdur í á nóttu, sjeu rúmgóð og þur, og að fjenaðinum sje ekki á neinn hátt misboðið með illri meðferð.

Þegar á útflutningsstað kemur, skal allur fjenaður skoðaður af tilkvöddum eptirlitsmönnum, áður en hann er fluttur á skip. Ef hross þá reynast hófgengin, meidd, munnsár, eða á annan hátt bera vott um illa meðferð, eða sauðskepnur eru meiddar af illri meðferð eða sjúkar, þá skal eigandi hjúkra þeim skepnum og lækna, ef hann kýs eigi heldur að slátra þeim. Vanræki hann þessa skyldu sína, skal lögreglustjóri annast um hjúkrun þeirra á hans kostnað.

Flutningur fjenaðar á skip skal ávallt fara fram undir umsjón tilkvaddra eptirlitsmanna.

4. gr. Skoðunarmenn (sbr. 2. gr.) tilnefnir hreppstjóri, en eptirlitsmenn (sbr. 3. gr.) hlutaðeigandi lögreglustjóri, og fá þeir laun fyrir starfa sinn, eptir sanngjörnum reikningi; launin greiðast af þeim, er fyrir kaupum eða útflutningi á fjenaðinum standa.

5. gr. Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum 2 til 200 kr., nema þyngri hegning liggi við, eptir hinum almennu hegningarlögum.

6. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál.

Ed. 348. **Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Vjer undirritaðir, sem kosnir höfum verið af efri deild alþingis til að íhuga og segja álit vort um frumvarp til laga um viðauka við sveitarstjórnarlögin, höfum

athugað frv. þetta, og leyfum oss nú að koma fram með álit vort, sem er svo hljóðandi:

Frumvarp það, sem hjer er um að ræða, hefur inni að halda tvenn ákvæði hið fyrra um breyting á lögum 9. ág. 1889, og er aðalbreytingin í því fólgin, að í stað þess, sem nefnd lög leyfa að leggja útsvar á þá, sem hafa „ábúð á jörðu eða jarðarhluta", þótt eigendur þeirra hafi eigi „fast aðsetur í hreppnum", er þessu ákvæði breytt þannig í frv. að fyrir ábúð á jörðu eða jarðarhluta komi: „afnot af jörðu eða jarðarhluta".

Hið annað ákvæði frv. er það að leyfa að leggja útsvar á pöntunarfjelög og kaupfjelög, ef þau hafa leyst borgarbrjef, hafa sölubúð, og vörur til sölu.

Nefndin var öll á einu máli um það, að hið fyrnefnda ákvæði frv. væri í engu betra en hin gildandi lög um þetta efni, og jafnvel enn þá óákveðnara. Það hefur verið fært fram frv. þessu til stuðnings, að eptir gildandi lögum gæti landsdrottinn, sem byggi í annari sveit, byggt jörð sína einhverjum með því skilyrði að mega hafa sjálfur afnot jarðarinnar að miklu eða mestu leyti, án þess að vera skrifaður sem ábúandi, til þess að komast hjá að greiða útsvar. En það er nú hvorttveggja að slíkt mun vera undantekning, og þó svo væri að slíkt ætti sjer stað, álítur nefndin sennilegast, að dómstólarnir mundu dæma slík afnot sem ábúð, ef til þeirra kasta kæmi. En ef ákvæði frv. yrðu að lögum, mundi mega heimfæra undir afnot svo ákaflega margt t. d. engjalán, torfristu, hagagöngu fyrir gripi yfir sumarið, vetrarbeit bæði fyrir hross* og sauðfje o. fl. og mundi slíkt valda miklu meiri þrætum og ójöfnuði við einstaka menn, heldur en hin gildandi lagaákvæði um þetta efni. Nefndin ræður því eindregið til að fella þetta ákvæði frumvarpsins.

Að því er snertir ákvæði frv. um að leyfilegt sje að leggja útsvar á pöntunarfjelög og kaupfjelög, að því leyti sem þau hafa vörur til sölu, þá var meiri hluti nefndarinnar á þeirri skoðun, að það væri heppilegt ákvæði. Um þetta hefur hingað til verið nokkur rjettaróvissa, sem valdið hefur deilum og málaþrasi, og virðist því meiri hluta nefndarinnar æskilegt að fá föst og ótvíræð lagafyrirmæli um útsvarsskyldu pöntunarfjelaganna, til að koma í veg fyrir slíkt framvegis.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því til að frv. orðist þannig:

„Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð, og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, í söludeild fjelagsins".

Alþingi 13. ágúst 1895

Kristján Jónsson, form.	Sigurður Jensson.	Jón Jónsson, skrifari og framsögum.

(Undirskrifar með fyrirvara að því er síðara atriði nefndarálitsins snertir).

Nd. 349. **Frumvarp**

til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Öll hús í Reykjavík, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna — hinir svonefndu bæir (hús úr grjóti og torfi), þó því að eins að eigendur

þeirra æski þess — skulu vátryggð í hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hjer á eptir.

2. gr. Eigendur hinna vátryggðu húsa skulu jafnt og aðrir hluttakendur í tjeðu brunabótafjelagi takast á hendur einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldbindingar þær, sem hvíla á fjelaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. gr. Að svo miklu leyti sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist, á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafjelagið;

b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 14 aurar af hverjum 100 krónum fyrir hús með þaki úr trje eða öðru efni jafn eldfimu, og 8 aurar af hverjum 100 krónum fyrir önnur hús;

c. að stjórn brunabótafjelagsins hafi heimild til, ef samningurinn við fjelagið stendur svo lengi, að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð á öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð þess, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðir og virða hús að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura á dag og virðingarmönnum hverjum fyrir sig 2 krónur á dag, og jafnast þessir dagpeningar á hús þau, er skoðuð eru, að tiltölu við ábyrgðarupphæð þeirra, en aukaábyrgðargjald það, sem samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir brunabótafjelagið, er greitt, þá er tryggt er að nýju, fellur þá burt;

d. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nje hafi fulltrúa sjer í fjelaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

4 gr. Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð eða breyta vátryggingu þeirra, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en bæjarstjórnin álítur hæfilega.

5. gr. Brunabótagjaldið til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna hvílir á eignum þeim, sem í ábyrgðinni eru, með forgangsrjetti fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það er eigi greitt á rjettum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á landsjóðsköttum.

6. gr. Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839, sjer í lagi að því er snertir millibilið milli húsanna, nema samið sje um það við fulltrúa brunabótafjelagsins.

7. gr. Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; þó skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti er snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er papp-

þak á húsið, og að því er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, þó ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

8. gr. Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

9 gr. Fulltrúum brunabótafjelagsins skal, ef gildi þessara laga skyldi verða framlengt, áskilinn rjettur til að breyta að tíu árum liðnum með samþykki dómsmála stjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b. og d.

10 gr. Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafjelaginu, — en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendur ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða sjerstaks sjóðs brunabótafjelagsins.

11 gr. Til útvegunar og viðhalds á slökkvitólum, svo og til varasjóðs, er vera skal sjerstök eign Reykjavíkur kaupstaðar, skal bæjarstjórninni heimilt, að láta innheimta hjá húseigendum aukagjald, er nemi allt að þriðjungi iðgjalda þeirra, er greiða ber af hverri húseign til brunabótafjelags dönsku kaupstaðanna.

Aukagjald þetta hefur forgangsrjett þann og lögtaksrjett, er ræðir um í 5. grein laga þessara.

12. gr. Ákvæði þessi gilda frá 1. apríl 1896 til 31. marz 1900 og er tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað o. fl. numið úr gildi um þann tíma

---

Ed. 350. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um hagfræðisskýrslur. Frá nefndinni.

Við 8. gr. Fyrir: „2 kr. á dag“, komi: „1—5 kr á dag“.

Ed. 351. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir.

Frumvarp þetta er komið frá hinni háttvirtu neðri deild og var borið þar upp samkvæmt töluvert almennum óskum landsmanna. Lög þau, sem hér er farið fram á að breyta, eru orðin 17 ára gömul, en það eru að eins 2—3 ár síðan að nokkrar raddir hafa heyrst um það, að nauðsyn væri á að breyta þeim eins og hjer er farið fram á. Nefndin viðurkennir að vísu, að nokkur ástæða kunni að vera til þess, að landsmenn eru nú orðnir óánægðir yfir gjafsóknum embættismanna, en að áliti hennar er þessi óánægja þó fremur sprottin af því, hvernig gjafsóknarrjettinum hefur verið beitt hin síðustu ár in og þeim kostnaði, sem af því hefur leitt fyrir landsjóðinn, heldur en af því, hvernig lögin sjálf eru. Kostnaður sá, sem gjafsóknir hafa bakað landsjóði, er að vísu vart teljandi fyr en 3 síðastliðin ár, og þessi kostnaður er ekki eingöngu gjafsóknum embættismanna að kenna, heldur stafar hann að nokkru leyti frá gjafsóknum kirkna og annara opinberra stofnana, og að því leyti minnkar hann ekkert framvegis, þótt þessi breyting komist á, þar sem hún einungis snertir gjafsóknir embættismanna.

En þrátt fyrir það, þótt landstjórnin kunni að hafa farið lengra en skyldi í því að veita embættismönnum gjafsóknir þessi síðustu 2—3 ár, þá verður nefndin að telja algert afnám gjafsókna fyrir embættismenn að ýmsu leyti varhugavert. Það er í þessu efni ekki alveg eins ástatt með embættismenn eins og aðra borgara þjóðfjelagsins. Landstjórninni er skylt að hafa eptirlit með allri embættisfærslu þeirra, en þar af leiðir, að hún hlýtur að láta það til sín taka, að þeir öðrum fremur varðveiti það traust og virðingu, sem þeim er nauðsynlegt að hafa hjá samborgurum sínum, til þess að geta gegnt embættisköllun sinni þjóðfjelaginu til gagns og uppbyggingar. Þegar embættismennirnir því verða fyrir þeim áburði eða ummælum, sem mjög hljóta að skerða virðingu þeirra, eða enda meiða mannorð þeirra, sjeu þau óhrakin, þá virðist það í alla staði eðlilegt, að þeir sjeu að lögum skyldir til að hreinsa sig með dómi af slíkum sakargiptum, þar sem öðrum borgurum þjóðfjelagsins er það í sjálfsvald sett. Á þessu mun og það ákvæði laganna byggt, að skipa megi embættismönnum að hreinsa sig með dómi af ærumeiðandi ummælum. En þá virðist það ekki ósanngjart eða óeðlilegt, að þeim sje af hinu opinbera hjálpað til að reka rjettar síns.

Að vísu má segja, að embættismenn sjeu eins færir og enda færari en aðrir til að heyja slík mál, en gjafsóknarrjetturinn miðast ekki við sjerstakar ástæður og efni embættismannsins, heldur einkum og sjer í lagi við það, að embættismanninum er skipað að fara í mál, án tillits til þess hvort hann sjálfur álítur það þörf fyrir sig eða ekki, og verður þannig að gjöra það eptir skipun yfirboðara sinna, sem aðrir limir þjóðfjelagsins geta látið ógjört, ef þeir svo vilja. Gjafsóknarrjetturinn og skyldan til að höfða mál virðist því ekki verða skilin svo vel fari. Þetta hefur og h. neðri deild fundið og þess vegna í frumv. því, sem hjer liggur fyrir, afnumið skyldu embættismanna að lögum til að höfða mál út af niðrandi og ærumeiðandi áburði, um leið og hún nam burt gjafsóknarrjettinn. — Þetta telur nefndin varhugavert. Þegar svo er komið, að embættismenn eru að lögum ekki skyldugir til að hreinsa sig með dómi af niðrandi eða ærumeiðandi ummælum, þá hafa yfirboðarar þeirra ekki lengur vald til að skipa þeim slíkt. Hin æðri stjórnarvöld verða því annaðhvort að láta það alveg afskiptalaust, þótt embættismaður liggi þegjandi undir þeim ummælum, sem mjög kunna að rýra álit hans og virðingu og

enda gjöra hann óhæfilegan til að hafa á hendi embætti, ef sönn væru, eða þá þau verða að grípa til þess að víkja honum frá embætti og láta opinbera rannsókn skera úr því, hvort hann sje sekur eða sýkn af því, sem á hann er borið. En þetta verður nefndin að álíta, að sje mörgum og miklum annmörkum bundið og geti haft verri afleiðingar fyrir embættissjettina og landsjóðinn en ákvæði þau, sem frumvarp þetta vill nema úr lögum. Þess ber að gæta, að í gjafsóknarmálum er sá, sem málið fellur á, vanalega dæmdur til að borga málskostnaðinn eins og málið ekki væri gjafsóknarmál og þannig losast landsjóður í mörgum tilfellum við allan málskostnaðinn. En í hvert skipti, sem opinber rannsókn leiddi til sýknudóms fyrir embættismanninn, yrði landsjóður að bera allan málskostnað.

Af framantöldum ástæðum getur nefndin ekki ráðið hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarp þetta að svo stöddu, en hinsvegar telur hún fulla ástæðu til þess, að þingið brýni það fyrir stjórninni að beita gjafsóknarlögunum mjög gætilega; beri slíkt engan ávöxt, er alþingi jafnan innan handar, að breyta lögunum í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja svolátandi

TILLÖGU

til þingsályktunar:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að beita valdi því, er hún hefur til að veita gjafsóknir, mjög gætilega og ekki nema brýna nauðsyn reki til.

Alþingi 13. ágúst 1895.

Jón A. Hjaltalín	Sigurður Stefánsson	Sigurður Jensson
form.	skrifari og framsögumaður.	

Ed. 352. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1892—1893. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 5,831 kr. 49 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—3. gr hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. c. 5. veitast:

Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1892: 130 kr. 71 e.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:

Undir A. til útgjalda við póststjórnina:

undir 2. lið: póstflutningur 1893 . . . . . 1,511 kr. 75 au.

undir 3. lið: önnur útgjöld:

d. fyrir prentun á ýmsu 1892	1,046 — 98 —	
1893	121 — 79 —	
e. til áhalda 1892	337 — 97 —	
1893	112 — 22 —	
g. óviss útgjöld 1892	255 — 82 —	
samtals . .	3,386 kr. 53 au.	

Undir B. til vegabóta:

undir b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . . 1,814 — 25 —

4. gr. Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1892

a. til aðalviðgjörðar á hliði og grindum við brúna fyrir framan landshöfðingjahúsið . . . . . 200 kr.
b. fyrir áhöld við kennarakennslu við Flensborgarskólann . . . 200 —

fyrir árið 1893

c. styrkur til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar . . . . . 80 —
d. fyrir brjefavog til Skagafjarðarsýslu . . . . . 20 —

500 kr.

Nd. 353. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í nd.)

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 veitast 3,762 kr. 50 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Af árgjöldum þeim af Staðar-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi, er áfallin voru í fardögum 1893 og enn eru ógoldin, að upphæð 800 kr., verða gefnar eptir 400 kr., er dragast frá tekjum þeim, er taldar eru í 1. lið í 5. grein fjárlaganna, að greiddar verði frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. undir lið A. b: „önnur útgjöld", veitist sóknarprestinum í Stóruvalla-prestakalli í Rangárvalla-prófastsdæmi 800 kr. styrkur til að byggja prestsetur handa brauðinu.

4. gr. Til að útvega hæfan mann frá Noregi til að rannsaka og leggja ráð við bráðafári veitist allt að 2500 kr.

5. gr. Til borgunar fyrir læknisþjónustu í 14. læknishjeraði í ágústmánuði 1893 veitast 62 kr. 50 a.

Sþ. 354. **Skýrsla**

um alþingishúss-byggingarsjóðinn (þjóðhátíðarsjóðinn).

Eign hans var 31. des. 1892 í vöxtum á landsbankanum (sbr. þingskjal 440 1893) . . . . . kr. 2509.67

Síðan hefur honum bæzt:

Ársvextir til 31. des. 1893	—	82.38
Vextir til 31. ágúst 1894	—	25.81
Samtals kr.		2617.86

Samkvæmt þingsályktun 1894 (þingskjal 152, tölul. 1) hefur öllum sjóðnum verið varið til að greiða áfallinn kostnað við þinghúsgarðinn.

Alþingi 13. ágúst 1895,
Ólafur Briem.

Sþ. 355. **Skilagrein**

fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1893 og 1894.

A. Sölureikningur.

Tekjur.

		kr. a.
1. Alþingistíðindi 1893	80 eintök á 3,00	240,00
2. — 1894	62 — - 2,00	124,00
3. Ávísað úr landsjóði		116.80
Samtals		480,80

Gjöld.

1. Ómakslaun við afhendingu 470 eint. af alþingist. 1893,	15 00 af 1410,00	211,50
2. Ómakslaun við afhendingu 473 eint. af alþingist. 1894,	15 0/0 - 946,00	141,90
3. Sölulaun af alþingistíðindum 1893	35 0/0 - 240.00	84,00
4. — — — 1894	35 0/0 - 124,00	43,40
Samtals		480,80

B. Afhendingarskýrsla.

	1893	1894
1. Alþingistíðindi afhent ókeypis:		
a. til sveitarfjelaga	376	380
b. — alþingismanna	36	36
c. — landshöfðingja	18	18
d. — bókasafns alþingis	30	30
e. — annara bókasafna innanlands	7	7
f. — safna í útlöndum	2	2
g. — afnota við samningu registurs	1	
2. Seld alþingistíðindi	80	62
3. Óseld —	50	165
Samtals	600	700

Alþingi 13. ágúst 1895.
Árni Thorsteinsson. B. Sveinsson.

Nd. 356. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun lagaskóla (þingskj. 306). Frá Jens Pálssyni.

5. grein orðist þannig:

Þá er skólinn hefur staðið fimm ár, eiga þeir einir, sem leyst hafa af hendi burtfararpróf í skólanum, aðgang að þeim embættum á Íslandi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Nd. 357. **Nefndarálit**

um ferðir landpóstanna

Vjer, sem kosnir vorum í nefnd til athuga ferðir landpóstanna í því skyni að þær gætu orðið haganlegri en þær eru nú, höfum vandlega íhugað það mál og látum hjer uppi álit vort.

Vjer viljum fyrst geta þess, að vjer álítum það mjög miklu skipta fyrir samgöngumál landsins í heild sinni, að ferðir landpóstanna og ferðir póstgufuskipanna bæði milli Íslands og útlanda og umhverfis landið, geti orðið settar í sem bezt samband sín á milli, og að ferðum landpóstanna geti því eigi orðið komið í æskilegt horf, fyr en samgöngurnar á sjó hafa fengið ákveðið fyrirkomulag. En því miður eru þær samgöngur enn þá mjög óákveðnar, svo að aldrei er hægt að vita um þingtímann og venjulega ekki fyr en undir lok hvers árs, hvernig samgöngum á sjó verði hagað hið næsta ár, og aldrei hafa þessar samgöngur verið í meiri óvissu en einmitt á þessu þingi, þar sem enn er ekkert ákveðið um þær. Þess vegna er svo, að þótt vjer teljum sjálfsagt að setja eigi ferðir landpóstanna í sem haganlegast samband við póstferðirnar á sjó, þá verðum vjer alveg að sleppa því sambandi í þessu áliti voru, svo óheppilegt sem oss þykir það, og verðum í því tilliti að láta oss nægja að leggja það til, að landstjórnin gjöri sjer far um, að fá sem allra fyrst ákveðið, hvernig póstferðunum á sjó verði hagað næsta ár, og setji svo ferðir landpóstanna í svo hentugt samband við þær ferðir sem unnt er.

Með því vjer nú getum eigi tekið neitt tillit til samgangnanna á sjó, eins og nú stendur á, verðum vjer að eins að skoða ferðir landpóstanna út af fyrir sig, eins og þær eru nú, og athuga hvernig þær verði bættar. En með því að vjer álítum það aðalatriði í þessu máli, að ferðir landpóstanna verði settar í nákvæmt samband við póstferðirnar á sjó, en vonum, að því verði við komið áður en langt líður, getum vjer eigi ráðið til neinnar gagngerðrar breytingar á ferðum landpóstanna frá því, sem þær eru nú. Vjer teljum það að vísu æskilegt, að póstferðunum verði áður en langt líður, komið í það horf, að aðalferðir yrðu hafnar frá endastöðvum póstleiðanna einu sinni á hverjum hálfum mánuði; en af ofangreindum ástæðum viljum vjer eigi ráða til þess að þessu sinni, og einnig vegna þess að sú breyting mundi heimta hálfu fleiri pósta en nú eru og því valda miklum kostnaðarauka.

En þó að vjer leggjum það eigi beinlínis til, að hálfsmánaðarferðir sjeu teknar upp að þessu sinni, viljum vjer þó leyfa oss að gjöra nokkrar athugasemdir um það mál bæði til undirbúnings fyrir ókomna tímann og til glöggvunar, ef hið háttv alþingi kynni að verða á öðru máli en vjer og vilja nú þegar taka upp hálfsmánaðarferðir.

Vjer viljum þá fyrst geta þess, að póstar þeir, er nú eru, hafa mjög mikinn tíma afgangs póstferðunum, og sýnir eptirfarandi skrá, hversu mikill hann er.

SKRÁ

yfir það, hversu marga daga landpóstarnir hafa afgangs póstferðunum eptir núgildandi ferðaáætlun, samtals yfir árið.

Pósturinn	milli	Reykjavíkur	og	Hjarðarholts	216 daga
——	—	Ísafjarðar	—	Hjarðarholts	198 —
——	—	Reykjavíkur	—	Staðar	220 —
——	—	Akureyrar	—	Staðar	171 —
——	—	Akureyrar	—	Grímsstaða	245 —
——	—	Seyðisfjarðar	—	Grímsstaða	219 —
——	—	Reykjavíkur	—	Odda	236 —
——	—	Prestsbakka	—	Odda	201 —
——	—	Prestsbakka	—	Bjarnarness	213 —
——	—	Eskifjarðar	—	Bjarnarness	209 —

Skrá þessi sýnir ljóst, að þessir póstar hafa nægan tíma, hver fyrir sig, til þess að taka að sjer 24 ferðir á ári í stað þeirra 14 og 15 ferða, er þeir hafa nú. En við það er þess að gæta, að hæfir menn mundu tvímælalaust fást til þess að taka að sjer svo tíðar ferðir, þar sem sumir þeirra yrðu þá að vera hjer um bil allt árið á ferð. Og svo er annað, sem mestu skiptir, að brjef og sendingar mundu yfir höfuð verða seinni á ferðinni en nú á sjer stað. Mundi þess kenna um allt land á þann hátt, að aukapóstar þeir, sem ganga út frá endastöðvunum, þegar aðalpóstarnir koma á þær úr ferðum sínum, gætu fæstir verið komnir aptur, þegar aðalpósturinn byrjar næstu ferð sína, og brjef þau, sem þeir koma með, til þess að flytjast með honum, yrðu því að bíða á endastöðvunum til næstu ferðar. En auk þess mundi þess verða vart á annan hátt á aðalpóstleiðunum sjálfum milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar og Reykjavíkur og Eskifjarðar. Brjef og sendingar gætu að vísu gengið með jöfnum hraða og nú frá Reykjavík til endastöðvanna eystra, en þar á móti ekki að austan aptur til Reykjavíkur, af þeirri orsök að pósturinn, sem gengur frá Akureyri að Grímsstöðum, þegar Staðarpósturinn kemur að vestan á Akureyri, gæti eigi verið kominn aptur til Akureyrar, þegar Staðarpósturinn legði í nýja ferð, sökum þess, hversu stuttan tíma hann stæði þar við, og yrðu því brjef þau og sendingar, er hann kæmi með, að bíða á Akureyri til næstu ferðar og sama er að segja um póstinn, sem gengur frá Prestsbakka að Bjarnarnesi eptir komu sunnanpóstsins frá Odda; hann gæti eigi verið kominn aptur að Prestsbakka, þegar Oddapósturinn yrði að fara af stað frá Prestsbakka í nýja ferð.

Þessar misfellur koma þegar í stað fram á póstleiðinni frá Reykjavík um Akureyri til Seyðisfjarðar, ef ferðunum væri fjölgað um 2 frá því sem nú er og gerðar 16 á ári; höfum vjer fullvissað oss um það með því að semja ársáætlun um 16 ferðir á þessari leið með hjer um bil sama hraða og póstunum er nú ætlað að hafa. Vjer álítum eigi nauðsynlegt, að láta þá áætlun fylgja hjer með, en getum þess, að hún sýnir bæði það, að aukapósturinn, sem gengur frá Akureyri að Hraunum í Fljótum eptir komu Staðarpóstsins, mundi sjaldan geta náð aptur að Akureyri að vetrinum áður en Staðarpósturinn legði aptur af stað vestur, og einnig það, að aðalpósturinn, sem gengur frá Akureyri að Grímsstöðum, mundi aldrei geta náð Staðarpóstinum, áður en hann byrjar næstu ferð frá Akureyri.

Ætti því að taka upp hálfsmánaðarferðir, án þess að brjef og sendingar tefjist á leiðinni, mætti að vísu koma því við á aðalpóstleiðinni milli Reykjavíkur og Ísafjarðar

án þess að fjölga póstum, ef hæfir menn gætu fengizt til þess að taka að sjer svo tíðar ferðir, en breyta yrði þá að mun göngu ýmsra aukapósta, er standa í sambandi við þá póstleið og sumstaðar mundi verða að taka upp nýja aukapósta Aptur á móti yrði því ekki viðkomið á aðalpóstleiðunum milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar og Reykjavíkur og Eskifjarðar, nema annaðhvort með því að skipta í tvennt hverjum póstleiðarkafla á þeim leiðum og fjölga póstunum þannig um helming, eða þá taka upp nýtt póstakerfi með sama fyrirkomulagi sem nú er, þar sem aðalpóstarnir, er við væri bætt, legðu af stað frá endastöðvunum hálfum mánuði síðar en póstar þeir, er nú eru, og hefðu hvorir póstflokkarnir 12 ferðir.

Það liggur í augum uppi, að væri þessi tilhögun á póstferðunum tekin upp, mundi ferðir landpóstanna verða mjög miklu dýrari en nú, og getum vjer eigi ráðið til að leggja út í þann kostnað, eins og vjer höfum áður bent á, meðan samgöngurnar á sjó komast eigi í nokkurnvegin fast horf, með því að það mundi geta haft veruleg áhrif á ferðir póstanna.

Aptur á móti ráðum vjer til þess, að póstar þeir, er nú eru, fari svo margar ferðir, sem þeir geta, án þess að hraði sendinga fram og aptur um landið hindrist og án þess að raskað sje því sambandi milli aðalpóstanna, sem nú er sett. Þess vegna leggjum vjer það til, að teknar sje upp 15 aðalferðir á öllum póstleiðunum. Til þess að sanna, að því verði viðkomið, látum vjer fylgja ferðaáætlun, er sýnir, að í stað 7., 8., 9. og 10. ferðar landpóstanna frá Reykjavík til Seyðisfjarðar, þar sem erfiðast er að koma þessu við, megi að ósekju taka upp 5 ferðir, án þess að nokkuð sje haggað hinum ársferðum póstanna, og má þá muna þeim dálítið til.

Oss hafa eigi borizt óskir um að breyta aðalpóstferðunum annarsstaðar en á milli Akureyrar og Seyðisfjarðar. Um breyting á þeirri leið hafa komið 2 bænarskrár samhljóða úr Vopnafirði, er fara fram á, að aðalpóstleiðin frá Grenjaðarstað til Seyðisfjarðar sje færð til og lögð um aðalbyggðir í Þingeyjarsýslu nær sjó. En með því að viðkomandi amtsráð hafa fyrir skömmu haft á móti þeirri breytingu og engin bænarskrá hefur borizt þinginu úr Þingeyjarsýslu í ár um að koma henni á, og svo enn fremur af því, að vjer álítum, að bezt ætti við að taka upp þá breytingu um leið og gagngerð breyting væri gerð á póstferðunum yfir höfuð, þá viljum vjer eigi að þessu sinni ráða til þess að nein breyting sje gerð á nefndri póstleið.

Aptur á móti hafa komið margar óskir víðsvegar að, um að auka við ferðir aukapóstanna eða breyta þeim og taka upp nýjar brjefhirðingar og höfum vjer álitið rjett að taka þær til greina, með því að fjölgun aukapósta greiðir mjög fyrir brjefaskiptum einkum um annatímann, þegar önnur ferðalög manna á milli eru sem minnst. Breytingar þær, er vjer því ráðum til að gerðar sje á hinu núverandi póstfyrirkomulagi, verða því mest fólgnar í því að auka ferðir aukapósta og taka upp nýjar brjefhirðingar.

Að svo mæltu leyfum vjer oss að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja eptirfylgjandi tillögu til þingsályktunar:

TILLAGA

til þingsályktunar um ferðir landpóstanna.

Alþingi skorar á landstjórnina að sjá um:

1. að teknar verði upp 15 aðalpóstferðir milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og Reykjavíkur og Seyðisfjarðar norðanlands, svo að 15 ársferðir verði á öllum aðalpóstsleiðum landsins, og sett verði sem haganlegast samband milli allra aðalpóstleiðanna

óg sömuleiðis milli póstferðanna á landi og póstferðanna á sjó eptir því sem því verður við komið.

2. að þegar svo ber við, að póstskip, sem á að koma til Reykjavíkur að vetrinum, áður en póstferð hefst þaðan á landi, kemur eigi fyr en póstar eru farnir, þá sje sent á eptir honum með brjef þau, er koma frá útlöndum, eptir því sem líkindi þykja til, að komið geti að liði.
3. að póstafgreiðslan á Höfða í Suðurmúlasýslu sje flutt að Egilsstöðum.
4. að aðalpósturinn frá Reykjavík til Odda verði látinn koma við í Kálfholti, meðan eigi er lagður þjóðvegurinn frá Þjórsárbrúnni að Ytri-Rangá.
5. að aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Hjarðarholts verði látinn koma við í Vigur í báðum leiðum.
6. að aukapóstur sje látinn ganga frá Ási í Holtum eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Hof í Hálshverfi og Hábæ í Þykkvabæ að Grímsstöðum í Vestur-landeyjum og sömu leið til baka, og brjefhirðing stofnuð á Grímsstöðum.
7. að aukapósturinn frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd verði á vetrum látinn ganga niður á Akranes einnig eptir komu aðalpóstanna að sunnan og ný brjefhirðing stofnuð í Vogatungu.
8. að aukapóstur verði látinn ganga frá Hesti að Lundi í Lundarreykjadal eptir komu sunnanpóstsins að Hesti, og brjefhirðing stofnuð á Lundi.
9. að aukapóstur gangi á sumrum frá Búðum fyrir sunnan Snæfellsjökul til Ólafsvíkur.
10. að 3 aukapóstferðum sje bætt við frá Stykkishólmi til Flateyjar að vetrinum.
11. að aukapósturinn milli Bæjar í Króksfirði og Staðar í Hrútafirði verði látinn ganga frá Kleifum í Gilsfirði að Stað.
12. að ný brjefhirðing verði stofnuð á Vattarnesi í Múlasveit í Barðastrandarsýslu.
13. að aukapósturinn milli Bæjar í Króksfirði og Bíldudals verði látinn ganga að Selárdal og þar stofnuð brjefhirðing.
14. að aukapóstur verði látinn ganga frá Ísafirði að Tröð í Álptafirði eptir komu vestanpóstsins og þar sje stofnuð brjefhirðing.
15. að aukapóstur verði látinn ganga á sumrum frá Ísafirði að Hóli í Bolungarvík eptir komu vestanpóstsins og þar stofnuð brjefhirðing.
16. að aukapóstur gangi frá Arngerðareyri að Ármúla, eptir komu vestanpóstsins að sunnan og þar sett brjefhirðing.
17. að brjefhirðing verði stofnuð á Skarði í Bjarnarfirði í Strandasýslu.
18. að brjefhirðingin á Kálfanesi í Steingrímsfirði sje færð að Hrófbergi.
19. að brjefhirðing sje stofnuð á Kirkjubóli í Tungusveit í Strandasýslu.
20. að brjefhirðingin á Kollafjarðarnesi sje flutt að Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði.
21. að aukapósturinn, sem nú gengur milli Bæjar í Króksfirði og Kálfaness, verði látinn ganga frá Bæ eptir komu aðalpóstsins frá Ísafirði um Tröllatungu að Kirkjubóli í Tungusveit og þaðan aptur um Stóra-Fjarðarhorn og Kleifar í Gilsfirði að Bæ.
22. að aukapóstur verði látinn ganga frá Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu, eptir komu sunnanpóstsins þangað, að Undirfelli í Vatnsdal, og þar stofnuð brjefhirðing.
23. að aukapósturinn frá Sveinsstöðum að Auðkúlu verði látinn ganga frá Blöndudósi um Reyki á Reykjabraut að Auðkúlu og þaðan að Guðlaugsstöðum í Blöndudal og þar sett brjefhirðing.

24. að aukapóstur verði látinn ganga frá Ljósavatni að Halldórsstöðum í Birðardal og þar sett brjefhirðing
25. að aukapóstur verði látinn ganga frá Grenjaðarstað, eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri, um Laxárdal að Skútustöðum og þaðan aptur um Reykjadal að Grenjaðarstað og brjefhirðing sett á Skútustöðum
26. að brjefhirðing verði sett á Víkingavatni í Kelduhverfi.
27. að aukapósturinn frá Höfða að Kirkjubæ í Norður-Múlasýslu verði lagður niður, en Vopnafjarðarpósturinn látinn ganga um Hjaltastað, Kirkjubæ, Sleðbrjót í Jökulsárhlíð og Torfastaði á Vopnafjörð, en brjefhirðing á þeirri leið að eins höfð á Kirkjubæ.
28. að aukapósturinn frá Prestsbakka að Borgarfelli verði látinn ganga að Mýrum í Álptaveri um Borgarfell.
29. að brjefhirðing sje stofnuð á Eyjarhólum í Mýrdal.

Alþingi 13. ágúst 1895.

Kl. Jónsson	Einar Jónsson	Þórhallur Bjarnarson
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Guðjón Guðlaugsson. Sighv. Árnason.

Nd. 358. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.
Frá Pjetri Jónssyni og Þórhalli Bjarnarsyni.

Við 2. gr. Aptan við greinina bætist: uppbót þessi úr landsjóði fellur úr gildi við næstu prestaskipti í prestakallinu.

Nd. 359. **Áætlun**

um sumarferðir aðalpóstsins milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar.

Póststöðvar.	7. ferð.	8. ferð.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.
Frá Reykjavík . .	9 júní	30 júní	20 júlí	7 ág.	25 ág.
— Leirvogstungu .	9 —	30 —	20 —	7 —	25 —
— Fossá	9 —	30 —	20 —	7 —	25 —
— Saurbæ . . .	10 —	1 júlí	21 —	8 —	26 —
— Hesti	10 —	1 —	21 —	8 —	26 —
— Arnarholti . .	11 —	2 —	22 —	9 —	27 —
að Stað	12 —	3 —	23 —	10 —	28 —
Frá Stað	14 júní	4 júlí	24 júlí	11 ág.	29 ág.
— Arnarholti . .	15 —	5 —	25 —	12 —	30 —
— Hesti	15 —	5 —	25 —	12 —	30 —
— Saurbæ . . .	16 —	6 —	26 —	13 —	31 —
— Fossá	16 —	6 —	26 —	13 —	31 —
— Leirvogstungu .	16 —	6 —	26 —	13 —	31 —
í Reykjavík . . .	17 —	7 —	27 —	14 —	1 sept.

Póststöðvar.	7. ferð.	8. ferð.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.
Frá Akureyri . . .	7 júní	28 júní	18 júlí	6 ág.	24 ág.
— Möðruvöllum .	7 —	28 —	18 —	6 —	24 —
— Steinsstöðum .	7 —	28 —	18 —	6 —	24 —
— Miklabæ . . .	8 —	29 —	19 —	7 —	25 —
— Víðimýri . . .	8 —	29 —	19 —	7 —	25 —
— Bólstaðarhlíð .	9 —	30 —	20 —	8 —	26 —
— Blönduósi . . .	9 —	30 —	20 —	8 —	26 —
— Sveinsstöðum .	10 —	1 júlí	21 —	9 —	27 —
— Lækjamóti . .	10 —	1 —	21 —	9 —	27 —
— Staðarbakka . .	11 —	2 —	22 —	10 —	28 —
að Stað	12 —	3 —	23 —	10 —	28 —
Frá Stað	14 júní	4 júlí	24 júlí	11 ág.	29 ág.
— Staðarbakka . .	14 —	4 —	24 —	11 —	29 —
— Lækjamóti . .	14 —	4 —	24 —	11 —	29 —
— Sveinsstöðum .	15 —	5 —	25 —	12 —	30 —
— Blönduósi . . .	15 —	5 —	25 —	12 —	30 —
— Bólstaðarhlíð .	16 —	6 —	26 —	13 —	31 —
— Víðimýri . . .	16 —	6 —	26 —	13 —	31 —
— Miklabæ . . .	16 —	6 —	26 —	13 —	31 —
— Steinsstöðum .	17 —	7 —	27 —	14 —	1 sept.
— Möðruvöllum .	18 —	8 —	28 —	15 —	2 —
að Akureyri . . .	18 —	8 —	28 —	15 —	2 —
Frá Akureyri . . .	20 júní	10 júlí	29 júlí	16 ág.	3 sept.
— Hálsi	20 —	10 —	29 —	16 —	3 —
— Ljósavatni . .	20 —	10 —	29 —	16 —	3 —
— Grenjaðarstað .	21 —	11 —	30 —	17 —	4 —
— Reykjahlíð . .	22 —	12 —	31 —	18 —	5 —
að Grímsstöðum .	23 —	12 —	31 —	18 —	5 —
Frá Grímsstöðum .	24 júní	13 júlí	1 ág.	19 ág.	6 sept.
— Reykjahlíð . .	25 —	14 —	2 —	20 —	7 —
— Grenjaðarstað .	25 —	14 —	2 —	20 —	7 —
— Ljósavatni . .	26 —	15 —	3 —	21 —	8 —
— Hálsi	26 —	15 —	3 —	21 —	8 —
að Akureyri . . .	27 —	16 —	4 —	22 —	9 —
Frá Seyðisfirði . .	19 júní	9 júlí	28 júlí	15 ág.	2 sept.
— Egilsstöðum .	20 —	10 —	29 —	16 —	3 —
— Bót	20 —	10 —	29 —	16 —	3 —
— Fossvöllum . .	20 —	10 —	29 —	16 —	3 —
— Skjöldólfsstöðum	21 —	11 —	30 —	17 —	4 —
að Grímsstöðum .	23 —	12 —	31 —	18 —	5 —
Frá Grímsstöðum .	24 júní	13 júlí	1 ág.	19 ág.	6 sept.
— Skjöldólfsstöðum	25 —	14 —	2 —	20 —	7 —
— Fossvöllum . .	26 —	15 —	3 —	21 —	8 —
— Bót	26 —	15 —	3 —	21 —	8 —
— Eigilsstöðum . .	27 —	15 —	3 —	21 —	8 —
á Seyðisfirði . .	27 —	16 —	4 —	22 —	9 —

Nd. 360. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um birting hinna opinberu auglýsinga. Frá Skúla Thoroddsen og Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Orðin: „Stjórninni veitist heimild til að birta“ falli burt.
2. Á eptir orðin: „27. maí 1859“, bætist inn: „skal birta“.
3. Aptan við frumvarpsgreinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Skylt er hreppstjórum, hverjum í sínum hreppi, að birta á sem haganlegastan hátt þær auglýsingar, sem að einhverju leyti geta varðað menn í þeirra hreppi.

Ed. 361. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Vjer, sem ritum nöfn vor hjer undir og sem kosnir vorum af efri deild alþingis til að segja álit vort um þjóðjarðasölufrumvarpið, höfum nú nákvæmlega farið yfir það, og reiknað út, hvert yrði söluverð jarðanna, eptir þeirri reglu, er nefndin setti, sem kosin var í þetta mál í neðri deild (sbr. þingskj. 126) og þótt oss sýnist allvíða vera vikið frá þeirri reglu, sem þar var sett, um söluverð jarðanna, og það allmikið á ýmsum stöðum, þá höfum vjer þó í öllu verulegu getað fallist á frv. eins og það kom frá neðri deild, eptir að vjer höfum kynnt oss nákvæmlega skýrslur þær um jarðirnar, sem liggja fyrir þinginu, og leitað álits kunnugra þingmanna um þær.

Vjer viljum því ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frv. með lítilli breytingu á verðlagi þriggja jarða, og að 5. gr. breytist þannig, að söluheimildin gildi aðeins til 31. des. 1898.

Breytingar nefndarinnar eru þannig:

1. við 1. gr. tölul. 3. Í staðinn fyrir: „1800 kr.“, komi: „1600 kr.“
2. — — — — 19. Í staðinn fyrir: „3500 kr.“, komi: „3300 kr.“
3. — — — — 28. Í staðinn fyrir: „1800 kr.“, komi: „1700 kr.“
4. — 5. gr. Í staðinn fyrir: „31. des. 1900“, komi: „31. des. 1898.

Alþingi, 14. ágúst 1895.

Guttormur Vigfússon, formaður. Jón Jónsson, skrifari og framsögum. Þorleifur Jónsson.

Nd. 362. **Tillaga til þingsályktunar**

um skipun nefndar til að semja ávarp til konungs. Frá Pjetri Jónssyni, Einari Jónssyni, Þórhalli Bjarnarsyni og Skúla Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd til að semja ávarp til konungs.

Nd. 363. **Tillaga**

til þingsályktunar um nýja skipun læknahjeraðanna. Frá Þórði J. Thoroddsen og Einari Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta alþing frumvarp til laga um nýja skipun læknahjeraðanna.

Nd. 364. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895, eins og það var samþykkt við 2. umr. Nd. Frá landshöfðingja.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein (6. gr.), svo látandi:

»Sem viðbót við gjöldin til eptirlauna og styrktarfjár í 15. gr. fjárlaganna veitist til fröken Sigríðar Árnadóttur 100 kr. styrkur fyrir síðara missiri ársins 1895.

Nd. 365. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um stjórnarskrármálið. Frá Einari Jónssyni og Pjetri Jónssyni.

1. Við inngangsorð tillögunnar: Á eptir orðunum: „undanförnum þingum“ komi: „og frumvarp það til stjórnarskipunarlaga byggist á, er deildin hefur samþykkt á þessu þingi“.
2. Í staðinn fyrir „stjórnina“ í upphafi tillögunnar, komi: „landstjórnina“,
3. Í stað 2. og 3. liðs tillögunnar komi einn liður sem orðist þannig: „2. að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga, er meðal annars geri þá breyting á fyrirkomulagi hinnar æðstu stjórnar Íslands sjerstöku mála, að alþingi geti ávallt, er ástæða þykir til og fyrir sjerhverja stjórnarathöfn, er til þess gefur tilefni, komið fram ábyrgð beina leið á hendur hjer búsettum innlendum manni, er mæti á alþingi, og hafi einnig inni að halda ákvarðanir um, að stofnaður verði sjerstakur dómstóll hjer á landi, skipaður innlendum mönnum (landsdómur) er dæmi í málum þeim, er neðri deild alþingis eða konungur lætur höfða gegn hinum æðsta stjórnanda hjer á landi“.

Ed. 366. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.) Frá Þork. Bjarnasyni.

1. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig: Útvegun skipsins samkv. 1. gr. skal falin á hendur landstjórninni. Útgerð þess hefir farstjóri á hendi undir yfirumsjón fargæzlumanna.
2. 5. gr. orðist þannig: Í farstjórninni eru farstjóri og tveir fargæzlumenn. Farstjóra og fargæzlumenn skipar landshöfðingi og víkur þeim frá, er ástæða þykir til. Farstjóri setur hæfilegt veð eptir því, sem landshöfðingi ákveður.
3. 6. gr. falli burt, og greinatalan á eptir breytist samkvæmt því.
4. Við 9. gr., sem verður 8. gr. Í stað: „3000 kr.“ komi: „2500 kr.“.

Nd. 367. **Frumvarp**

til laga um hagfræðisskýrslur. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Landstjórninni ber að annast um, að samdar sjeu árlega hagfræðislegar skýrslur um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun, og skulu þær samdar og útgefnar á kostnað landsjóðs.

2. gr. Um fyrirkomulag á skýrslunum og undirbúning til þeirra ákveður lands-

höfðingi með reglugjörð, og annast hann um, að út sje gefin á kostnað landsjóðs nauðsynleg eyðublöð, er stjórnarvöldum þeim, sem hann fyrirskipar, ber að láta útfylla.

3. gr. Skyldur er hver búandi og hver sá, er nokkurn fjenað hefur, til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í tje, þegar þess er krafizt, nákvæma skýrslu um það, hve margt nautgripa, sauðfjár, geitfjár og hrossa, á hverjum aldri sem er, hann hefur undir höndum, hvort sem hann sjálfur er eigandi að eða ekki.

Bændur og aðrir þeir, er nokkra jarðrækt stunda, eru á sama hátt skyldir til að láta árlega í tje skýrslur, svo nákvæmar, sem kostur er á, um stærð túna þeirra og sáðlands, um jarðabætur, er unnar hafa verið og jarðargróða, er þeir hafa fengið á árinu, svo sem töðu, úthey, maturtir, mótekju, hrísrif og skógarhögg.

4. gr. Skipstjórar á þilskipum og formenn á opnum bátum, sem til nokkurs veiðiskapar ganga, skulu skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje skýrslur, svo nákvæmar sem föng eru til, um það, hve mikið hafi aflazt á skipum þeim eða bátum, er þeir hafa farið með. Skýrslna þessara má einnig, ef þurfa þykir, krefjast af útgerðarmönnum skipanna eða bátanna.

Svo skulu þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvaldi í tje, skýrslu um þessar atvinnugreinar, er þess er krafizt.

5. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfjelaga og pöntunarfjelaga og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eður sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hjer á landi og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands hjeðan, allt eptir því sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landshöfðingi útgefur.

6. gr. Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu skyldir til að senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um eignir og skuldir stofnananna, eptir formi, er hann fyrirskipar.

7. gr. Heimta má, að hlutaðeigendur votti upp á æru og trú, að skýrslur þær, sem um ræðir í 3.—5. gr., sjeu gefnar eptir beztu vitund.

8. gr. Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorð upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 króna. Tregðist nokkur við að láta í tje skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1—5 kr. á dag.

9. gr. Um aðrar landshagsskýrslur en þær, sem atvinnuvegina snerta, gilda sömu reglur og fylgt hefur verið til þessa.

10. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Ed. 308. **Nefndarálit**

í fjárlagamálinu.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, viljum hjer með stuttlega skýra frá áliti voru.

Vegna þess, hve efri deild er afmarkaður naumur tími til meðferðar

þessa máls. hefur nefndin orðið að fara fljótar yfir það en hún ella hefði gjört og getur hún ekki varist þess að láta þess getið, að henni virðist h. neðri deild taka helst til lítið tillit til atkvæðisrjettar efri deildar í fjárhagsmáli landsins, með því að afgreiða ekki þetta mál til hennar fyr en í lok hins reglulega þingtíma; leiðir af þessu, að fjárlögin verða ef til vill miður en skyldi íhugað og rædd af þinginu í heild sinni.

Nefndinni vex töluvert í augum hinn mikli tekjuhalli á frumvarpinu eins og það kemur frá h. neðri deild, en með því að tekjuhalli þessi stafar mestmegnis af hinni miklu hækkun, sem h. neðri deild hefur samþykkt á útgjöldum til samgöngubóta á sjó, þá hefur nefndin ekki sjeð sjer fært að gjöra neinar stórkostlegar breytingar í þá átt að minnka þennan tekjuhalla. En sakir þessa hefur hún stungið upp á mjög fáum breytingum, er hækka útgjöldin að nokkrum mun, en aptur á móti lagt til að lækka og nema í burtu ýms útgjöld, þar sem hún áleit, að slíkt gæti orðið án verulegs baga fyrir landið í heild sinni. — Breytingar nefndarinnar fara því flestar í sparnaðaráttina. Það eru að eins þrjár breytingartillögur hennar, sem hafa í för með sjer nokkra verulega hækkun á útgjöldunum, sem sje 3 þús. krónur til byggingar hjúkrahúss á Sauðárkrók, 1 þús. krónur hvert árið til aukalæknis í Fljótsdalshjeraði, og 8 þús. krónur til kaups á húsi fyrir stýrimannaskólann í Rvík. Þessar fjárveitingar hafa allar verið á dagskrá h. neðri deildar og ástæður með þeim og móti því kunnar, en nefndin mun í framsögu málsins gjöra grein fyrir ástæðum sínum bæði fyrir þessum útgjalda hækkunum og eins þeim tillögum sínum, sem miða í sparnaðarattina. Að svo mæltu ræður nefndin h. deild til að samþykkja eptirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

við Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897.

1. við 10. gr. C. 4. c. Töluliðurinn falli burt.
2. — 11. — 2. Á eptir stafl. o. bætist inn nýr stafliður þ.: til læknis í Skriðdals-, Valla-, Fljótdals-, Fella- fyrir ofan Þórleifará, og Jökulsdalshreppi fyrir ofan Gilsá.
3. — 11. — 6. Á eptir staflið f. komi nýr stafliður g. styrkur til sjúkrahússbyggingar á Sauðárkrók 3000 kr. með því skilyrði, að sýslunefndin skuldbindi sig til að hafa rúm í húsinu fyrir 8 sjúklinga að minnsta kosti.
4. — 12. — B. b. í stað: 45,000—45,000 komi: 40,000 40,000.
5. — 12. — — e. stafliðurinn falli burt.
6. — 12. — C. Upphaf þriðju málsgreinar á eptir stafliðnum e. orðist þannig: Styrknum undir c d og e, má skipta í 2 eða fleiri staði hverjum.
7. — 12. — — f. Töluliðurinn falli burt.
8. — 13. — IV. b 1 í stað: 300—300 komi: 400—400.
9. — 13. — V. Töluliðurinn allur orðist þannig:
   a. laun . . . . . 1800—1800
   b. önnur útgjöld:

1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa . . .	170 kr.			
2. til timakennslu . .	800 —			
3. til áhaldakaupa o. fl.	200 —			
4. útgjöld til skólahússins og húsbúnaðar .	100 —			
5. ýmisleg útgjöld .	100 —			
6. til þess að kaupa skólahús, fyrir árið 1896	8000 —			
7. til að auka húsrúm skólans	1600 —	10.970	1.370	
		12,770	3,170	15,940

10. — 13. — VI, B, b. 2. Á eptir þessum tölul. komi:
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg 2,500—2,500
d. til kennarafræðslu . . . . . 1,600—1,600
e. til skólaiðnaðarkennslu . . . . . 500— 500
Eptirfylgjandi töluliðir breytist samkvæmt þessu.
11. — 13. — VIII. Töluliðurinn falli burt
12. — 13. — C. 5. b. í stað: 400 komi: 600.
13. — 13. — C. 5. c. Tölurnar við útfærsluna á eptir þessum staflið verði 2200—1800.
14. — 13. — C. 17. Töluliðurinn falli burt.
15. — 13. — C. 18. sömuleiðis.
16 — 13. — C. 21. sömuleiðis.
17. — 13. — C. 25. sömuleiðis.
18. — 15. — Orðin: til viðbótar við eptirlaun Skúla Thoroddsens 500 kr., falli burt.
19. — 18. — Í stað: „amtsráði vesturamtsins“, komi: „sýslunefndum í vesturamtinu“.
20. Aptan við frumvarpið bætist þessi athugasemd:
Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fje sje fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Efri deild alþingis 15. ágúst 1895.

Hallgr. Sveinsson	Jón A. Hjaltalín	Sigurður Stefánsson
form.	skrifari.	framsögumaður
Jón Jakobsson.	Guttormur Vigfússon.	

Nd. 369. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um nýja frímerkjagjörð.

Fjárlaganefndin hefur ekkert að athuga við frumvarp til laga um nýja frímerkjagjörð, eins og það er komið aptur til neðri deildar frá h. efri deild, þar sem engin breyting var gjörð á frumvarpinu, en að eins leiðrjett prentvilla í 7. gr. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Nd. 370 **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum (Eins og það var samþykkt við 3 umr. í efri deild).

Auk nokkurra óverulegra orðabreytinga hefur hin heiðraða efri deild gjört þá aðalbreytingu á ákvæðum frumvarps þessa, að hún veitir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta í hverju einstöku tilfelli úrskurðarvald um aðgreining holdsveikra hjóna, er sveitarstyrks njóta, svo og um aðgreining annara holdsveikra og uppeldi barna þeirra á öðrum heimilum, þar sem neðri deild hafði sett amtmanni þetta vald á hendur.

Þó að nú nefndinni virðist efalaust, að þrátt fyrir þessi ákvæði frumvarpsins, geti amtmaður eins í þessum málum og öðrum fátækramálum haft hið æzta úrskurðarvald, ef máli um þetta efni er skotið til hans, álítur nefndin, þar sem hjer er um jafn mikils varðandi málefni að ræða eins og það, að hepta persónulegt frelsi manna, auk þess sem ákvæði laganna hafa að sjálfsögðu talsverð gjöld fyrir landsjóð í för með sjer, þó heppilegra og eðlilegra, að amtmaður hafi undantekningarlaust úrskurðarvald það, sem hjer um ræðir.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að leggja til, að frumvarpið sje samþykkt með þessum breytingum:

1. Fyrir: „sýslumanni eða bæjarfógeta“ í 1. grein. komi „amtmanni“.
2. Fyrir: „sýslumaður eða bæjarfógeti“ í byrjun 2. gr. komi: „Amtmaður“.
3. Fyrir: „sýslumaður eða bæjarfógeti“ í 3. lið 2. gr. komi: „Amtmaður“.

Neðri deild alþingis 14. ágúst 1895.

Valtýr Guðmundsson formaður. Jón Þórarinsson skrifari. Þorlákur Guðmundsson.

Þórður Guðmundsson. Þórður J. Thoroddsen framsögumaður.

Nd. **371. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. (Eins og það var samp. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefir hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 2500 kr. Öll útgjöld til skólans greiðast úr landsjóði.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir einir, sem leysa af hendi burtfararpróf við skólann, eiga aðgang að þeim embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Nd. **372. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um flutning þurfamanna.

Aðalbreytingin á hinni núgildandi löggjöf um flutning þurfamanna, er frumvarpið fer fram á, er í því fólgin, að afnema skylduflutning frá hreppstjóra til hreppstjóra, en fela lögreglustjóra, þar sem þurfamaður verður vegalaus, að gjöra ráðstöfun fyrir flutningnum alla leið. Þessa tilhögun álítur nefndin eigi að eins þægilegri fyrir þurfamanninn, heldur einnig umsvifaminni og ódýrari, þegar á allt er litið.

Að því er snertir flutningskostnaðinn er svo ráð fyrir gjört í frumvarpinu að hann greiðist af framfærslusveit þurfamannsins. Jafnvel þó nefndin viðurkenni, að þetta fyrirkomulag sje rjett í sjálfu sèr, þykist hún sjá fram á, að af því mundi leiða afarþunga útgjaldabyrði fyrir einstök sveitarfjelög, og álítur því haganlegra, að skipta kostnaðinum jafnt niður á hlutaðeigandi sýslufjelög líkt eins og nú á sjer stað um sjóvegsflutninga.

Nefndin leyfir sjer því að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir: „hreppa á milli“ komi: til átthaga sinna“.
2. — - — Fyrir: „hann“ komi: „þeir“.
3. — 3. — Fyrir: „illri meðferð“ komi: „illum aðbúnaði eða skeytingarlausri meðferð“.
4. — - — Á eptir „sektum“ bætist inn í: „allt að 100 kr“.
5. — - — Aptan við greinina bætist: Sektir renna í fátækrasjóð fram[illegible]sveitar þurfamannsins.
6. — 4. — Greinin orðist þannig:
   Kostnað við flutning þurfamanna skal að hálfu [illegible] þess sýslufjelags eða bæjarfjelags, þar sem fyrst er [illegible] stöfun fyrir flutningnum, en hinn helmingur kostnaðar[illegible] greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, þar sem þurfamaður á framfærslurjett.

Neðri deild alþingis 13. ág. 1895.

Sighvatur Árnason formaður. Guðl. Guðmundsson framsögum. Ólafur Briem skrifari.

Nd. **373. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (þgskj. 236). Frá Valtý Guðmundssyni.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um, að komið verði á stofn gagnfræðakennslu við hinn lærða skóla í Reykjavík, þannig að í skólanum verði 7 bekkir og fari gagnfræðakennslan fram í 3 neðri bekkjunum, en latína og gríska verði að eins kennd í 4 efri bekkjunum og kennslan í þeim málum minnkuð sem mest má verða, án þess að það verði því til fyrirstöðu, að stúdentar frá skólanum eigi óskertan aðgang að háskólanum í Kaupmannahöfn.

Ed. 374 **Tillögur**
yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1892 og 1893. (Eins og þær voru samþ. við síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að landsreikningnum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvernig þau eru greidd.

2. Að hverjum landsreikningi fylgi sundurliðuð skýrsla um allan málskostnað greiddan úr landsjóði, og um endurgjald hans.

3. Að lán sje eigi veitt úr viðlagasjóði gegn fasteignarveði, nema fyrir liggi virðingargjörðir á fasteignum.

4. Að reynt sje með undirboði að fá hæfa menn til að taka að sjer póstferðir fyrir sem lægst kaup.

Nd. 375. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um stjórnarskrármálið. Frá Einari Jónssyni og Pjetri Jónssyni.

Í staðinn fyrir orðin »að alþingi geti«, komi: »að neðri deild alþingis geti«.

Nd. 376. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá fjárlaganefndinni.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi:

Til endurgreiðslu á varðhaldskostnaði í sakamáli Jóns Sigurðssonar frá Mýri veitast 318 kr. 18 aur.

Nd. 377. **Frumvarp**
til laga um brúargerð á Jökulsá í Axarfirði. Flutningsmenn: Jón Jónsson þm. Eyfirðinga og Pjetur Jónsson.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Jökulsá í Axarfirði á kostnað landsjóðs hjá Ferjubakkaferju og verja til þess allt að 35,000 kr.

Nd. 378. **Tillaga**
til þingsályktunar um sjerstakan erindsreka fyrir Ísland. Frá Skúla Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd, til að íhuga, hvort ekki sje gjörlegt, að skipaður verði sjerstakur erindsreki, er flytji íslenzk löggjafarmál fyrir stjórn Íslands sjerstöku mála í Kaupmannahöfn, á meðan stjórnarfyrirkomulag það helzt, sem nú er.

Nd. 379. **Breytingartillaga**
við viðaukatillögu við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. (þingskj. 376). Frá Jóni Jenssyni.

Í stað upphæðarinnar 318 kr. 18 aur. komi: 163 kr. 50 aur.

Nd. 380. **Tillaga**

til þingsályktunar um eyðing refa. Frá Þorláki Guðmundssyni, Birni Sigfússyni, Þórði Guðmundssyni og Þórhalli Bjarnarsyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landshöfðingjann að skipa svo fyrir, að sýslunefndir og amtsráð láti í ljósi álit sitt um það fyrir næsta alþingi, hvort eigi væri unnt að gjöra frekari ráðstafanir en nú eiga sjer stað, til eyðingar refum hjer á landi.

Nd. 381. **Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Holtsprestakall undir Eyjafjöllum tekur yfir Ásólfsskála-, Stóradals-, og Eyvindarhólasóknir.

Frá brauði þessu greiðast 100 krónur í landsjóð.

2. gr. Jörðin Hrafnagil (heimajörðin) leggist til Grundarþinga prestakalls. Til Akureyrarprestakalls greiðist 150 kr. úr landsjóði. Uppbót þessi úr landsjóði fellur úr gildi við næstu prestaskipti í prestakallinu.

3. gr. Kirkjubæjarklausturs prestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi tekur yfir Prestsbakkasókn. Kálfafellssókn skal vera sjerstakt prestakall, eins og áður, og nefnist Kálfafell á Síðu.

Ed. 382. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband. Frá Jóni Jónssyn, Jóni A. Hjaltalín og Jóni Jakobssyni.

1. Í stað: Rjett er sjerhverjum hjónaefnum, sem hafa þjóðkirkjutrú, komi: Heimilt er hjónaefnum, þótt eigi sjeu þau utan þjóðkirkju.
2. Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um heimild þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband.

Ed. 383. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 veitast 4,180 kr. 68 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Af árgjöldum þeim af Staðar-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi, er áfallin voru í fardögum 1893 og enn eru ógoldin, að upphæð 800 kr., verðá gefnar eptir 400 kr., er dragast frá tekjum þeim, er taldar eru í 1. lið í 5. grein fjárlaganna, að greiddar verði frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. undir lið A. b: „önnur útgjöld", veitist sóknarprestinum í Stóruvalla-prestakalli í Rangárvalla-prófastsdæmi 800 kr. styrkur til að byggja prestsetur handa brauðinu.

4. gr. Til að útvega hæfan mann frá Noregi til að rannsaka og leggja ráð við bráðafári veitist allt að 2500 kr.

5. gr. Til borgunar fyrir læknisþjónustu í 14. læknishjeraði í ágústmánuði 1893 veitast 62 kr. 50 a.

6. gr. Sem viðbót við gjöldin til eptirlauna og styrktarfjár í 15. gr. fjárlaganna veitist til fröken Sigríðar Árnadóttur 100 kr. styrkur fyrir síðara missiri ársins 1895.

7. gr. Til endurgreiðslu á varðhaldskostnaði í sakamáli Jóns Sigurðssonar frá Mýri veitast 318 kr. 18 a.

Ed. **384. Frumvarp**

til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Öll hús í Reykjavík, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna — hinir svonefndu bæir (hús úr grjóti og torfi), þó því að eins að eigendur þeirra æski þess — skulu vátryggð í hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hjer á eptir.

2. gr. Eigendur hinna vátryggðu húsa skulu jafnt og aðrir hluttakendur í tjeðu brunabótafjelagi takast á hendur einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldbindingar þær, sem hvíla á fjelaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. gr. Að svo miklu leyti sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist, á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafjelagið;

b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 14 aurar af hverjum 100 krónum fyrir hús með þaki úr trje eða öðru efni jafn eldfimu, og 8 aurar af hverjum 100 krónum fyrir önnur hús;

c. að stjórn brunabótafjelagsins hafi heimild til, ef samningurinn við fjelagið stendur svo lengi, að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð á öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð þess, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðir og virða hús að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura á dag og virðingarmönnum hverjum fyrir sig 2 krónur á dag, og jafnast þessir dagpeningar á hús þau, er skoðuð eru, að tiltölu við ábyrgðarupphæð þeirra, en aukaábyrgðargjald það, sem samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir brunabótafjelagið, er greitt, þá er tryggt er að nýju, fellur þá burt;

d. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nje hafi fulltrúa sjer í fjelaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

4 gr. Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð eða breyta vátryggingu þeirra, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en bæjarstjórnin álítur hæfilega.

5. gr. Brunabótagjaldið til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna hvílir á eignum þeim, sem í ábyrgðinni eru, með forgangsrjetti fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það er eigi greitt á rjettum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á landsjóðssköttum.

6. gr. Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839, sjer í lagi að því er snertir millibilið milli húsanna, nema samið sje um það við fulltrúa brunabótafjelagsins.

7. gr. Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; þó skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti er snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, þó ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

8 gr Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

9 gr. Fulltrúum brunabótafjelagsins skal, ef gildi þessara laga skyldi verða framlengt, áskilinn rjettur til að breyta að tíu árum liðnum með samþykki dómsmála stjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b. og d.

10 gr. Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafjelaginu, — en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendur ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða sjerstaks sjóðs brunabótafjelagsins.

11. gr. Til útvegunar og viðhalds á slökkvitólum, svo og til varasjóðs, er vera skal sjerstök eign Reykjavíkur kaupstaðar, skal bæjarstjórninni heimilt, að láta innheimta hjá húseigendum aukagjald, er nemi allt að þriðjungi iðgjalda þeirra, er greiða ber af hverri húseign til brunabótafjelags dönsku kaupstaðanna.

Aukagjald þetta hefur forgangsrjett þann og lögtaksrjett, er ræðir um í 5. grein laga þessara.

12. gr. Ákvæði þessi gilda frá 1. apríl 1896 til 31. marz 1900 og er tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað o fl. numið úr gildi um þann tíma

Nd. 385. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um stofnun lagaskóla. Frá Skúla Thoroddsen, Guðjóni Guðlaugssyni, Jóni Jónssyni þm. Eyf., Eiríki Gíslasyni, Valtý Guðmundssyni og Sighvati Árnasyni.

1. Við 5. gr. Orðið „einir“ á eptir: „þeir“ í upphafi greinarinnar falli burtu.
2. Í stað orðanna: „við skólann“ komi: „í skólanum“.
3. Orðin „hjer á landi“ á eptir „embættum“ falli burtu.

Nd. 386. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla (þingskj. 148). Frá Þórði Guðmundssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Eiríki Gíslasyni, Halldóri Daníelssyni, Sigurði Gunnarssyni og Guðl. Guðmundssyni.

1. grein frumvarpsins falli burt.

Nd. 387. **Frumvarp**
til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólmaprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Eptirlaun núverandi uppgjafaprests í Hólma prestakalli skulu frá fardögum 1895 greiðast að öllu leyti úr landsjóði.

Nd. 388. **Tillaga**
til þingsályktunar. Frá Þórhalli Bjarnarsyni, Jens Pálssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk. og Þórði J. Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að leita samninga við yfirstjórn háskólans í Kaupmannahöfn um það, að framvegis sje fækkað að mun námsstyrkum íslenzkra stúdenta við háskólann, en að sama skapi veittur styrkur af fje háskólans til kandídata frá embættaskólunum á Íslandi, er þess eru sjerstaklega maklegir, og dvelja að minnsta kosti árlangt við háskólann og færa sjer kennslu hans í nyt til að fullkomnast í námsgreinum sínum.

Nd. 389. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Pjetri Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. Eyf., Birni Sigfússyni, Þórði J. Thoroddsen og Sk. Thoroddsen.

3 gr. frumv. falli burtu.

Nd. 390. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Frá nefndinni.

Aptan við 3. gr. bætist: Þessu brauði leggjast 150 krónur.

Ed. **391. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í Efri deild).

1. grein. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Geirland í Kirkjubæjar-hrepp í Skaptafellssýslu	3,200 kr.
2.	Syðri-Vík í sama hrepp	500 —
3.	Litlu Breiðuvík í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu	1,600 —
4.	Skúta í Glæsibæjar-hrepp í Eyjafjarðarsýslu	1,800 —
5.	Þverá í Skriðu-hrepp í sömu sýslu . .	3,200 —
6.	½ Borgarlæk í Skefilsstaða-hrepp í Skagafjarðarsýslu	500 —
7.	Húsavík í Kirkjubóls-hrepp í Strandasýslu	1,100 —
8.	Selvelli í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu	850 —
9.	Gvendareyjar í Skógarstrandar-hrepp í sömu sýslu	2,700 —
10.	Dal í Miklaholts-hrepp í sömu sýslu . .	1,500 —
11.	Hrísakot í Helgafellssveit í sömu sýslu . .	1,050 —
12.	Hrísnes í Skaptafellssýslu . .	1,400 —
13.	Glúmstaði í Ísafjarðarsýslu . .	150 —
14.	Horn í Nesjum í Skaptafellssýslu (að frádskildum ítaksfjörum Bjarnaneskirkju, er leggjast til Bjarnanes-prestakalls.)	2,500 —
15.	Efri-vík í sömu sýslu . .	1,000 —
16.	Ásgarð með Kárstöðum í sömu sýslu.	1,000 —
17.	Hraunkot í sömu sýslu . .	700 —
18.	Dalbæ eystri með ½ Uppsölum í sömu sýslu	550 —
19	Nes með Neshjáleigu í Norðurmúlasýslu	3,300 —
20.	Árnastaði í sömu sýslu . . .	1,100 —
21.	Stakkahlíð í sömu sýslu . . .	2,600 —
22	Hlaðir í Eyjafjarðarsýslu	1,800 —
23	Varmaland í Skagafjarðarsýslu . .	1,250 —
24.	Hamar í Rípurhreppi í sömu sýslu .	1,100 —
25.	Skefilsstaði í sömu sýslu . . .	2,400 —
26.	½ Hindisvík í Húnavatnssýslu . .	1,700 —
27.	Breiðabólstað í Sveinstaðahr. í sömu sýslu	3,100 —
28	Húnstaði í sömu sýslu . . .	1,800 —
29.	Kolbeinsvík í Strandasýslu . . .	250 —
30.	Söðulsholt í Hnappadalssýslu . .	1,700 —
31.	Hrútsholt í sömu sýslu . . .	1,350 —
32.	Dalsmynni í sömu sýslu . . .	1,400 —
33.	Rauðá í Suðurþingeyjarsýslu . .	2,200 —

34. Bjarnastaði í sömu sýslu . . 2,200 —
35 Leirvogstungu í Kjósar og Gullbringusýslu 2,600 —

2 grein Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. grein. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðunni Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að öllu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. grein. Stjórninni veitist og heimild til að selja jörðina Varmá í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir að minnsta kosti 2000 kr. með sömu borgunarskilmálum, sem til eru teknir í 3. gr.

5. grein. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1898.

Ed. 392. **Breytingartillögur**
við frum arp til laga um að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Sigurði Stefánssyni, Þorkeli Bjarnasyni og Jóni A. Hjaltalín.

1. Við 1. gr. tölul. 1. fyrir: „3,200“ komi: „1000“.
2. — — — — 2. fyrir: „500“ komi: „800“.

Ed. 393. **Frumvarp**
til laga um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Á kostnað landsjóðs skal, fyrst um sinn til tveggja ára, taka á leigu eimskip, er sje 400—600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir 40—60 manns í æðra farrúmi og fyrir 30—40 manns í óæðra farrúmi. Allt sje skipið yfirbyggt, traust og vel útbúið, og hafi 10—12 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Til leigugjalds fyrir slíkt skip svo og til nauðsynlegs kostnaðar við útgerð þess m. fl., má verja allt að 150 þús. kr. hvort árið.

Nú fæst eigi slíkt skip til leigu með aðgengilegum kostum, og skal þá á kostnað landsjóðs kaupa eimskip traust og vandað að allri gerð, er sje að minnsta kosti 600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 60 manns í æðra farrúmi og fyrir eigi færri en 40 manns í óæðra rúmi. Allt sje skipið yfirbyggt og að öllu vel útbúið, og hafi að minnsta kosti 11 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Skipinu skal fylgja lítill eimbátur, er nota megi til flutninga að og frá skipinu á höfnum. Til þess að kaupa slíkt skip má verja allt að 350,000 kr.

2. gr. Eimskip það, sem um ræðir í 1. gr., skal haft í förum milli Íslands og annara landa og kringum strendur landsins, til að flytja póstflutning, fólk og varning, samkvæmt ferðaáætlun, er farstjóri ákveður með ráði fargæzlumanna og landshöfðingi samþykkir.

3. gr. Öll útgjöld til aðgerðar skipsins skal veita á fjárlögunum, enda renni allar tekjur þess í landsjóð.

4. gr. Útvegun skipsins samkvæmt 1. gr. skal falin á hendur farstjóra með tilsjón landstjórnarinnar. Útgerð þess hefur farstjóri á hendi undir yfirumsjón fargæzlu-

manna. Farstjóri skal hafa skrifstofu í Reykjavík og er þar varnarþing hans í öllum þeim málum, er snerta farstjórnina. Ef farstjóri vegna sjúkdóms eða annara forfalla fær eigi um stund gegnt störfum sínum, setur landshöfðingi með ráði fargæzlumanna annan mann til að gegna störfum hans um stundarsakir.

5. gr. Fargæzlumenn skulu vera tveir, og skal annar þeirra kosinn af efri deild alþingis, en hinn af neðri deild, hvor um sig til tveggja ára í senn. Deyi annarhvor þeirra milli þinga, eða fatlist á annan hátt, kýs landshöfðingi, með ráði hins, mann til bráðabirgða í hið auða sæti.

6. gr. Með ráði fargæzlumanna skipar landshöfðingi farstjóra og víkur honum frá, þegar ástæða þykir til. Farstjóri setur hæfilegt veð eptir því, sem landshöfðingi ákveður.

7. gr. Farstjóri annast ráðningu yfirmanna á skipið, farþjóna á skrifstofur sínar og fargreiðslumenn á þeim stöðum, er þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Hann ákveður og fargjald og farmeyri, verð á vistum og öllu, er þar að lýtur. Þó skal hann fá samþykki fargæzlumanna, að því er snertir laun, fargjald, farmeyri og allar verðskrár.

8. gr. Farstjóri skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipsins, og rita hann í bók, sem landshöfðingi löggildir til þess. Fyrir marzmánaðarlok skal farstjóri hafa sent landshöfðingja nákvæman reikning með fylgiskjölum fyrir næstliðið almanaksár, er glögglega sýni allan fjárhag skipsútgerðarinnar. Reikningur þessi skal endurskoðaður af manni, sem hið sameinaða alþingi kýs til þess starfa til tveggja ára í senn; því næst úrskurðar landshöfðingi reikninginn. Fyrir endurskoðun reikningsins greiðist 500 kr. þóknun.

Að liðnum hverjum 4 mánuðum skal farstjóri þar að auki tímanlega í maí, september og janúarmánuðum ár hvert semja og senda landshöfðingja stutt yfirlit yfir útgerðina og fjárhag skipsins á hinum næstliðnu 4 mánuðum. Rita skulu fargæzlumenn vottorð sitt bæði á aðalreikninginn og yfirlitið.

9. gr. Farstjóri skal hafa í föst laun 3000 krónur á ári og auk þess 4% af öllum fargjöldum og farmeyri skipsins. Fargæzlumenn skulu hafa 500 króna þóknun hvor á ári. Farstjóri og fargæzlumenn skulu hafa ókeypis far með skipinu hvert er þeir vilja á ferðum þess samkvæmt áætlun.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi sama dag og þau eru staðfest.

Ed. 394. **Frumvarp**
til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1892 og 1893. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

	Fjárveiting	Reikningur.
I. Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje .	80,000 „	99,136 10
2. Húsaskattur	8,000 „	8,639 75
3. Tekjuskattur	25,000 „	28,289 35
4. Aukatekjur	40,000 „	42,829 49
5. Erfðafjárskattur	3,400 „	4,010 99
6. Gjöld af fasteignasölum	2,000 „	1,990 47
7. Vitagjald	12,000 „	14,673 70
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000 „	4,391 50
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frádregnum 2% í innheimtulaun	50,000 „	71,040 15
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2% í innheimtulaun	190,000 „	213,227 53
11. Aðflutningsgjald af tóbaki að frádregnum 2% í innheimtulaun	86,000 „	120,363 45
12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000 „	261,182 68
13. Tekjur af póstferðum	40,000 „	45,699 01
14. Óvissar tekjur	6,000	5,707 64
15. Tekjur af fasteignum landsjóðs að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	52,000 „	56,096 56
16. Tekjur af kirkjum	600 „	429 63
17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs . . . . Borgað upp í lán, veiting: 50,583 kr. 99 a., reikningur: 55,678 kr. 78 a.	62,000 „	62,428 92
18. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans . . .	8,600 „	11,079 07
19. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000 „	4,781 49
20. Endurborganir skyndilána til embættismanna . .	1,200 „	2,132 29
21. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . .	4,000 „	1,948 50
22. Tillag úr ríkissjóði	151,000 „	151,000 „
alls . .	1,069,800 „	1,211,078 27

II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 „	26,800 „
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 „	43,824 62
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	51,416 66	44,636 42
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995 14	170,285 24
C. Ýmisleg útgjöld	74,482 „	73,857 63
4. Til útgjalda við læknaskipunina	100,844 „	100,188 69
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	94,700 „	97,936 22
B. Til vegabóta	78,400 „	79,834 68
C. Til strandferða	72,000 „	3,000 „
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	49,800 „	46,449 63
B. Til kennslumálefna	176,296 „	171,684 78
C. Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta	36,200 „	33,783 33
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200 „	8,510 91
8. Eptirlaun og styrktarfje	86,000 „	86,468 31
9. Til óvissra útgjalda	3,000 „	2,167 11
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	5,461 65	5,461 65
11. Tekjuafgangur	15,066 20	216,189 05
Alls	1,081,261 65	1,211,078 27

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1893 920,354 kr. 20 a
Tekjueptirstöðvar landsjóðs 31. desbr. 1893 43,747 — 04 -
Peningaforði landsjóðs 31. desember 1893 235,948 — 27 -

Ed. 395. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð, og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, í söludeild fjelagsins.

Ed. 396. **Tillaga**

til þingsályktunar um ávarp til konungs. Frá Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni, Jóni Jónssyni og Guttormi Vigfússyni.

Efri deild alþingis ályktar að skipa þriggja manna nefnd til að semja ávarp til konungs.

Nd. 397. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um ferðir landpóstanna. Frá Birni Sigfússyni.

Við tölulið 22. Fyrir: „Undirfelli“ komi: Ási.

— — 23. Orðin: „frá Blönduósi“ falli burt.

Ed. 398. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd. Frá L. E. Sveinbjörnsson, Kristjáni Jónssyni og Þorkeli Bjarnasyni.

1. Við 10. gr. C 11. Töluliðurinn falli burt.
2. - - 13. gr. B VI. a. 6. Töluliðurinn falli burt.

Nd. 399. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um stofnun lagaskóla. Frá Jens Pálssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Þorláki Guðmundssyni, Jóni Þórarinssyni og Þórh. Bjarnarsyni.

5. grein orðist þannig:

Þá er skólinn hefur staðið 4 ár, eiga þeir einir, sem leyst hafa af hendi burtfararpróf frá skólanum, aðgang að þeim embættum á Íslandi, sem lögfræðingar eru skipaðir í

Ed. 400. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897, eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild. Frá landshöfðingja.

Útgjaldaliðurinn 10. gr. C 5. orðist þannig:

til að kaupa »harmonia« í Prestsbakka-, Langholts- og Bjarnaneskirkjur í Skaptafellssýslu ... ... 600 kr.

Nd. 401. **Nefndarálit**

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir vorum af h. neðri deild til að íhuga frumv til laga um hagfræðisskýrslur, höfum nú fengið til umsagnar frumv. þetta, eins og það hefur verið samþykkt af h. efri deild.

Breytingar þær, er h. efri deild hefur gjört á frumv., eru 2, og er önnur sú, að við 4. gr. er bætt ákvæði, er heimilar landstjórninni að heimta skýrslur um selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, af þeim mönnum, er njóta arðs af þessum atvinnugreinum, en hin breytingin er fólgin í því, að dagsektir samkv. 8. gr. frumv. eru færðar niður úr 10 kr. í 1—5 kr.

Nefndin ætlar ekki að hin fyrri breytingin sje neitt varhugaverð og vill því leggja til að hún verði samþykkt af h. deild og sömuleiðis vill hún ráða til að aðhyllast síðari breytinguna, enda samþykkti h. neðri deild einmitt mjög líkt ákvæði í þessu efni við 2. umr. (1—10 króna dagsektir), sbr. þgskj. 142, og það var aðeins fyrir prentvillu í frumv. eins og það var sent h. efri deild, sem menn

eigi hafa tekið eptir, að 10 króna dagsektarákvæðið, sem h. efri deild hefur breytt, komst inn í frumv.

Þorlákur Guðmundsson, formaður. Jón Jensson, skrifari og framsögum. Björn Sigfússon.

Halldór Daníelsson. Ólafur Briem.

Ed. 402. **Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. (Eins og það var samp. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefir hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 2500 kr. Öll útgjöld til skólans greiðast úr landssjóði.

4 gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Ed. 403. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1892—1893. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 5,831 kr. 49 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—3. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. c. 5. veitast:

Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1892: 130 kr. 71 e.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:

Undir A. til útgjalda við póststjórnina:

undir 2. lið: póstflutningur 1893		1,511 kr. 75 au.
undir 3. lið: önnur útgjöld:		
d. fyrir prentun á ýmsu 1892		1,046 — 98 —
1893		121 — 79 —
e. til áhalda 1892		337 — 97 —
1893		112 — 22 —
g. óviss útgjöld 1892		255 — 82 —
samtals		3,386 kr. 53 au.

Undir B. til vegabóta:

undir b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . . 1.814 — 25 —

4. gr. Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1892

a. til aðalviðgjörðar á hliði og grindum við brúna fyrir framan landshöfðingjahúsið . . . . . 200 kr.

b. fyrir áhöld við kennarakennslu við Flensborgarskólann . . . 200 —

fyrir árið 1893

c. styrkur til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar . . . . . 80 —

480 kr.

Ed. 404. **Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum. (Eins og það var samþykkt við eina umræðu í Nd.).

1. gr. Holdsveikum mönnum, er njóta sveitarstyrks, skal fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða þeim komið fyrir á þann hátt, er hlutaðeigandi lækni þykir nægileg trygging í.

Ef því verður við komið, skal holdsveikum mönnum komið svo fyrir, að hjón sjeu eigi skilin, ef það er á móti vilja þeirra. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan skilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni, enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, er sveitarstyrks njóta, skal ávallt koma fyrir til uppeldis á öðrum heimilum.

Kostnað allan, er ákvæði þessarar greinar hafa í för með sjer, skal greiða úr sveitarsjóði þeim eða bæjarsjóði, er hlut á að máli.

2. gr. Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum sveitarstjórnar og hlutaðeigandi læknis, lagt fyrir, að einnig öðrum holdsveikum mönnum verði fengið sjerstakt íbúðarhús eða herbergi, eða komið svo fyrir, að lækni þyki nægileg trygging í. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki óhlýðnast þeim varúðarreglum, er honum hafa verið settar, og ætlast má til, að hann gæti hlýtt, eða hlutaðeigandi læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til, að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til, að einangra sjúklinginn á þennan hátt.

Þegar þannig stendur á, skulu hjón heldur eigi skilin nauðug, nema brýna nauðsyn beri til.

Amtmaður getur og lagt fyrir, að börnum holdsveikra foreldra, er ræðir um í þessari grein, sje komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum, ef hlutaðeigandi læknir álítur nauðsyn bera til þess.

Kostnað þann, er leiðir af ákvæðum greinar þessarar, skal greiða að helmingi úr landsjóði, en hinn helminginn skal hinn holdsveiki greiða, ef hann er svo efnum búinn; að öðrum kosti sveitarsjóður.

3 gr. Íbúðarhús og herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikissjúklingar hafa notað, mega menn eigi nota eða láta aðra fá, fyr en búið er að hreinsa þau á þann hátt, er hlutaðeigandi læknir skipar fyrir.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 200 kr. sektum, og skal fara með þau sem opinber lögreglumál.

4. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis, sjá um, að lögum þessum sje hlýtt.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1896.

Nd. 405. **Framhaldsálit**

frá nefndinni í málinu um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Nefnd sú, er skipuð var í neðri deild alþingis til að athuga frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, hefur athugað breytingar þær, er gjörðar hafa verið á frv. í h. efri deild, og eru þær að mestu orðabreytingar einar og þó að þær sjeu ekki allar til bóta, þá ræður nefndin til að samþykkja frv., eins og það nú liggur fyrir.

Neðri deild alþingis 16. ágúst 1895.

Einar Jónsson, formaður. Þórður Thoroddsen, skrifari og framsögumaður. Kl. Jónsson.

Þórh. Bjarnarson. Skúli Thoroddsen.

Ed. 406. **Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Þorkeli Bjarnasyni og Hallgrími Sveinssyni.

Efri deild alþingis skorar á stjórnina að hlutast til um, að innleidd verði í alþýðu- gagnfræða- og barnaskólum, er njóta styrks úr landsjóði, fræðsla um áfengi og áhrif þess á mannlegan líkama.

Nd. 407. **Tillaga**

til þingsályktunar um ferðir landpóstanna. (Eins og hún var samþykkt við fyrri umr. í Nd.).

Alþingi skorar á landstjórnina að sjá um:

1. að teknar verði upp 15 aðalpóstferðir milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og Reykjavíkur og Seyðisfjarðar norðanlands, svo að 15 ársferðir verði á öllum aðalpóstsleiðum landsins, og sett verði sem haganlegast samband milli allra aðalpóstleiðanna og sömuleiðis milli póstferðanna á landi og póstferðanna á sjó eptir því sem því verður við komið.
2. að þegar svo ber við, að póstskip, sem á að koma til Reykjavíkur að vetrinum, áður en póstferð hefst þaðan á landi, kemur eigi fyr en póstar eru farnir, þá sje sent á eptir honum með brjef þau, er koma frá útlöndum, eptir því sem líkindi þykja til, að komið geti að liði.
3. að póstafgreiðslan á Höfða í Suðurmúlasýslu sje flutt að Egilsstöðum.
4. að aðalpósturinn frá Reykjavík til Odda verði látinn koma við í Kálfholti, meðan eigi er lagður þjóðvegurinn frá Þjórsárbrúnni að Ytri-Rangá.
5. að aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Hjarðarholts verði látinn koma við í Vigur í báðum leiðum.
6. að aukapóstur sje látinn ganga frá Ási í Holtum eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Háf í Háfshverfi og Hábæ í Þykkvabæ að Grímsstöðum í Vesturlandeyjum og sömu leið til baka, og brjefhirðing stofnuð á Grímsstöðum.

7. að aukapósturinn frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd verði á vetrum látinn ganga niður á Akranes einnig eptir komu aðalpóstanna að sunnan og ný brjefhirðing stofnuð í Vogatungu.
8. að aukapóstur verði látinn ganga frá Hesti að Lundi í Lundarreykjadal eptir komu sunnanpóstsins að Hesti, og brjefhirðing stofnuð á Lundi.
9. að aukapóstur gangi á sumrum frá Búðum fyrir sunnan Snæfellsjökul til Ólafsvíkur.
10. að 3 aukapóstferðum sje bætt við frá Stykkishólmi til Flateyjar að vetrinum.
11. að aukapósturinn milli Bæjar í Króksfirði og Staðar í Hrútafirði verði látinn ganga frá Kleifum í Gilsfirði að Stað.
12. að ný brjefhirðing verði stofnuð á Vattarnesi í Múlasveit í Barðastrandarsýslu.
13. að aukapósturinn milli Bæjar í Króksfirði og Bíldudals verði látinn ganga að Selárdal og þar stofnuð brjefhirðing.
14. að aukapóstur verði látinn ganga frá Ísafirði að Tröð í Álptafirði eptir komu vestanpóstsins og þar sje stofnuð brjefhirðing.
15. að aukapóstur verði látinn ganga á sumrum frá Ísafirði að Hóli í Bolungarvík eptir komu vestanpóstsins og þar stofnuð brjefhirðing.
16. að aukapóstur gangi frá Arngerðareyri að Ármúla, eptir komu vestanpóstsins að sunnan og þar sett brjefhirðing.
17. að brjefhirðing verði stofnuð á Skarði í Bjarnarfirði í Strandasýslu.
18. að brjefhirðingin á Kálfanesi í Steingrímsfirði sje færð að Hrófbergi.
19. að brjefhirðing sje stofnuð á Kirkjubóli í Tungusveit í Strandasýslu.
20. að brjefhirðingin á Kollafjarðarnesi sje flutt að Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði.
21. að aukapósturinn, sem nú gengur milli Bæjar í Króksfirði og Kálfaness, verði látinn ganga frá Bæ eptir komu aðalpóstsins frá Ísafirði um Tröllatungu að Kirkjubóli í Tungusveit og þaðan aptur um Stóra-Fjarðarhorn og Kleifar í Gilsfirði að Bæ.
22. að aukapóstur verði látinn ganga frá Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu, eptir komu sunnanpóstsins þangað, að Ási í Vatnsdal, og þar stofnuð brjefhirðing.
23. að aukapósturinn frá Sveinsstöðum að Auðkúlu verði látinn ganga um Reyki á Reykjabraut að Auðkúlu og þaðan að Guðlaugsstöðum í Blöndudal og þar sett brjefhirðing.
24. að aukapóstur verði látinn ganga frá Ljósavatni að Halldórsstöðum í Bárðardal og þar sett brjefhirðing
25. að aukapóstur verði látinn ganga frá Grenjaðarstað, eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri, um Laxárdal að Skútustöðum og þaðan aptur um Reykjadal að Grenjaðarstað og brjefhirðing sett á Skútustöðum.
26. að brjefhirðing verði sett á Víkingavatni í Kelduhverfi.
27. að aukapósturinn frá Höfða að Kirkjubæ í Norður-Múlasýslu verði lagður niður, en Vopnafjarðarpósturinn látinn ganga um Hjaltastað, Kirkjubæ, Sleðbrjót í Jökulsárhlíð og Torfastaði á Vopnafjörð, en brjefhirðing á þeirri leið að eins höfð á Kirkjubæ.
28. að aukapósturinn frá Prestsbakka að Borgarfelli verði látinn ganga að Mýrum í Álptaveri um Borgarfell.
29. að brjefhirðing sje stofnuð á Eyjarhólum í Mýrdal.

Nd. 408. **Nefndarálit**

í hinu svo nefnda »Skúlamáli«.

Vjer, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefir skipað í nefnd, til þess að rannsaka aðgerðir stjórnarinnar og tildrögin til rannsóknar gegn Skúla Thoroddsen, fyrverandi sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, »suspensionar« hans og lausnar frá embætti, höfum nú lokið starfi voru og birtum hjer álit vort og tillögur.

Vjer viljum fyrst geta þess, að vjer höfum fengið í hendur öll þau brjef viðvíkjandi máli þessu, er vjer höfum kunnað um að biðja, og viðkomandi yfirvöld hafa sagt, að til væru í vörzlum þeirra, og leyfum oss að birta hin helztu þeirra í meðfylgjandi fylgiskjölum og munum vitna til þeirra í áliti voru, eptir því sem þurfa þykir. Með því að brjef þau, er farið hafa milli landshöfðingjans og ráðgjafans eru á dönsku, höfum vjer álitið rjettara að þýða þau á íslenzku og birta þau þannig.

Þá viljum vjer rekja sögu þessa máls með tilliti til aðgjörða landstjórnarinnar og gjöra jafnhliða þær athugasemdir, er oss þykir vert.

Rannsókn sú, er hafin var gegn fyrverandi sýslumanni Skúla Thoroddsen, er rannsókn um meðferð hans á sakamáli gegn manni, sem grunaður var um morð, Sigurði Jóhannssyni. Þá er landshöfðingi ritar ráðgjafa fyrst um þetta mál 10. maí 1892, er það meðferð Sk. Th. á þessu máli og e k k e r t a n n a ð, er hann finnur að embættisfærslu hans og byggir á tillögur sínar um að víkja honum frá embætti um stundarsakir, og setja annan í hans stað, eða láta setudómara rannsaka málið, eða mann með konunglegu erindisbrjefi, án þess honum væri vikið frá. (Sjá brjef Lh. fskj. I).

Þess skal getið, að meðferð Sk. Th. á nefndu sakamáli hafði eigi verið kærð af neinum, enda segir og landsh. í brjefi til vor 22. f. mán. til svars upp á þá fyrirspurn vora, »hver verið hefði hin fyrsta orsök til þess, að það þótti nauðsynlegt að rannsaka meðferð Sk. Th. á sakamálinu gegn Sigurði Jóhannssyni«: »Orsökin til þess að hafin var rannsókn um meðferð fyrrum sýslumanns Skúla Thoroddsens á sakamálsrannsókn hans gegn Sigurði Jóhannssyni, var ekki kæra frá Sigurði þessum nje öðrum mönnum, heldur sjálf meðferð tjeðs embættismanns á rannsókn þessari, sem mjer var kunn af prófseptirriti, er amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu hafði látið mjer í tje«.

Það er nú auðvitað ekkert á móti því, að landshöfðinginn komi því til vegar, að slík rannsókn sje hafin gegn embættismanni, þó að enginn hafi kært hann, ef landsh. sjer, að full ástæða er samt sem áður til þess. En þegar svo stendur á, að enginn af hlutaðeigendum kærir, og landsh. verður málið kunnugt að eins af því að hann sjer eptirrit af prófum sýslumanns í málinu, er viðkomandi amtmaður sýndi honum, þá kemur það nokkuð kynlega fyrir, að hann skyldi eigi tala um það við amtmann, sem var hinn næsti yfirboðari Sk. Th., hvað gjöra skyldi.

Að vísu segir landsh. í brjefi til ráðgjafans 10. maí 1892: »Eptir að rannsóknardómarinn hafði sent amtinu eptirrit af prófunum, áleit það, að málið í ýmsum atriðum væri ekki nægilega upplýst og fyrirskipaði þá ný próf, sem eigi eru enn til lykta leidd, en jafnframt gjörði amtið mjer kunnugt hið meðtekna prófseptirit, sumpart til þess að leiða í ljós hina miður heppilegu meðferð málsins í heild sinni af hálfu blutaðeigandi rannsóknardómara, sumpart til þess að leiða í ljós aðferð hans gagnvart fanganum«. Og benda þessi orð til, að þeir hafi talað um prófin nákvæmlega og amtmaður verið að finna að meðferð Sk. Th. á málinu og aðferð hans við fangann. Og fyrir augum ókunnugs manns koma orðin svo fyrir í brjefi landshöfðingja, eins og tilgangur amtmanns hafi verið að kæra sýslumann; en bæði hefir landsh. neitað því, að hann hafi verið kærður, og svo hefur maður sá, er þá gegndi amtmannsstörfum, Kristján Jónsson yfirdómari, skýrt svo frá í brjefi, er hann ritaði oss 3. ág. þ. á. út af fyrirspurn vorri um það, á hvern hátt

og í hvaða tilgangi hann hefði sýnt landshöfðingja prófseptirritið: »Þegar jeg fjekk eptirrit þetta, sýndi jeg landshöfðingjanum það, af því að málið var orðið hjer allhljóðbært og talaði þá við hann um málið fram og aptur. En skömmu síðar bað landshöfðingi mig að lána sjer prófin og það gjörði jeg, án þess að grennslast neitt eptir því, eða jeg hefði neina hugmynd um það, í hvaða tilgangi hann lánaði þau. Prófin afhenti jeg honum »brevi manu« eptir munnlegri beiðni hans«, og síðar í brjefinu segir hann: »Það var alls eigi tilgangur minn að kæra Skúla Thóroddsen fyrir landshöfðingja, með því að afhenda honum prófin, enda held jeg að landshöfðingi hafi ekki skilið það á þá leið«.

Samtal landshöfðingja og amtmanns um prófin virðist því hafa verið um atburðinn sjálfan, er tilefni gaf til þeirra, og um málið að því leyti, hvað því liði, hvað fram væri komið, og eflaust jafnframt um það, hvort rannsókn dómarans í málinu hefði verið heppileg og fullnægjandi. Fyrir hinum æðstu yfirvöldum landsins hlaut það að standa sem aðalatriði, að hjer var um stórglæp að ræða, og því væri undir því komið, að rjettvísinni væri þar nægilega og rjettilega beitt. Og með því að talsverðar líkur eru til þess, að hinn sakborni maður væri sannur að morði, þá var eðlilegt, að yfirvöldin áliti nauðsynlegt að gengið væri svo stranglega að rannsóknninni, sem lög leyfa framast, og að því væri það afsakanlegt, þó að rannsóknin væri í strangara lagi, meðan ekki væri beinlínis beitt lagalausri hörku, og að eigi ætti við að taka til mjög strangra refsingarmeðala gegn sýslumanni, nema sök hans væri talsvert veruleg.

Nú kemur það fram í brjefi hlutaðeigandi amtmanns til sýslumanns Skúla Thoroddsens út af þefndu sakamáli, dags. 1. marz 1892, sem vjer höfum haft í höndum og sem hann ritaði, eptir að hann hafði fengið eptirrit af þeim prófum í máli þessu, er Sk. Thoroddsen sýslumaður hafði haldið fram að 4. febr. 1892, að hann álítur eigi rannsókn þessa máls gallalausa, og bendir sýslumanninum í því tilliti á, »að líkskoðun (skoðun á líki Salómons Jónssonar, er haldið var að Sigurður Jóhannsson hefði myrt) hafi að sínu áliti dregist of lengi; að próf af sýslumanns hálfu hafi byrjað of seint, og að tæplega hafi verið, eptir því sem skýrslur málsins upplýstu um, næg ástæða til að beita þeirri harðneskju við inquisitus, Sigurð Jóhannsson, sem sýslumaður hafi beitt«. Þó virðist hann eigi álíta þessa galla svo verulega, að hann finni ástæðu til að tala meira um þá, en gerir þar á móti ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að sýslumaður haldi málsrannsókn þessari áfram til enda, því að hann leggur fyrir hann í sama brjefi, »að senda sjer sem fyrst gagngjört eptirrit af öllum prófum í málinu, þegar hann hefði lokið þeim«, svo að hann geti þá gjört þær ráðstafanir, er honum þætti þurfa.

Þegar svo sýslumaður ritar honum aptur 21. marz s. á., og sendir honum eptirrit af öllum prófum sínum í málinu til þess tíma, og leggur til, að amtið samþykki, að málssókn þessi megi niður falla, þá ritar amtmaður honum aptur, að eigi geti verið umtal um það, heldur »að eins um að halda áfram rannsókninni«, og að sjer »þyki rjett að hann gjöri það«, og bendir svo á nokkur atriði, sem hann óskar að rannsökuð verði. Þetta brjef er dagsett 20. apríl 1892. Um það leyti eða á tímabilinu frá þeim degi og þangað til landshöfðingi skrifar ráðgjafanum kærubrjef sitt yfir meðferð Sk. Thoroddsen á sakamálinu. 10. maí s. á. hefur fyr nefnt samtal milli amtmanns og landshöfðingja átt sjer stað, og það samtal hefur verið þannig lagað, að landshöfðinginn hefur eigi tekið orð amtmanns sem kæru, eins og vjer höfum áður bent á, og tilgangur amtmanns með því að sýna honum prófin og tala við hann um málið eigi heldur verið sá, að kæra sýslumann. Og skömmu síðar lánar hann landshöfðingja prófseptirritið eptir beiðni hans, og veit ekkert um, í hvaða tilgangi hann fær þau lánuð.

Það virðist nú svo sem landshöfðinginn hafi eigi haft neitt að athuga við aðgerðir amtmanns í máli þessu og þá ekki við þá ráðstöfun hans, að leggja fyrir Sk. Thor-

oddsen sýslumann að halda prófunum áfram, og þykir oss það eðlilegt, því að vjer höfum heldur ekkert við framkomu amtmanns að athuga. Að vísu má sjá af fyr greindum brjefum amtmanns, að honum þykir ýmislegt aðfinningarvert og ófullnægjandi í rannsókn sýslumanns, en þó ekki svo, að hann láti uppi nokkurn vafa um það, að hann sje eigi hæfur til að halda rannsókninni áfram, og finnur heldur eigi ástæðu til, að láta sýslumann sæta sektum fyrir neitt það, er hann hefur gert í málinu eða ógert látið. Vjer getum að vísu eigi dæmt um það, hvort amtmaður hefur verið of vægur í þessu efni, en látum oss nægja að benda á það, að hæstirjettur hefur á sínum tíma komizt að þeirri niðurstöðu, að framkoma sýslumanns Sk. Thoroddsens í þessu sakamáli hafi eigi verið sektaverð, með öðrum orðum verið samdóma gjörðum amtmanns.

En landshöfðinginn hefur nú skoðað það öðruvísi, því að í brjefinu til ráðgjafans 10. maí 1892 (Fskj. I.) álítur hann, að eigi verði hjá því komizt, að Skúli sýslumaður Thoroddsen verði látinn sæta ábyrgð fyrir brot á 127. gr. íslenzkra hegningarlaga. Það sem hann gefur honum að sök, er það, að hann hafi úrskurðað í rjetti 21. jan. 1892 fanganum Sigurði Jóhannssyni, »vatn og brauð sakir þess að hann hafi verið þrjózkur og ekki viljað svara spurningum þeim, er fyrir hann hafi verið lagðar, en án þess að það sjáist, að þrjózka hans hafi verið í öðru fólgin en því, að hann vildi ekki játa sig sekan í glæp þeim, er á hann var borinn, og án þess það sjáist, hverjum spurningum hann hafi neitað að svara og loks án þess að fanganum hafi verið gefið til kynna og það bókað, að greindu þvingunarmeðali yrði beitt við hann. Fanginn hafi síðan setið við vatn og brauð í 6 daga það er að segja til 27. s. m. incl., jafnvel þótt hann bæði hinn 23. og 25. væri yfirheyrður, án þess það sjáist, að hann hafi neitað að svara nokkurri spurningu, er fyrir hann var lögð«. Síðan hafi fanginn aptur verið settur á venjulegt fangaviðurværi þann 27. jan. »en hann gefið í skyn, að hann mundi aptur verða settur á vatn og brauð nema hann gæfi von bráðar fullkomna skýrslu (o: fullkomna játningu) og þessi hótun síðan verið framkvæmd í rjettinum 30. jan., þegar hann af nýju var settur á vatn og brauð til 4. febr., án þess að nokkuð væri bókað um það, að hann hafi neitað að svara spurningum þeim, er fyrir hann voru lagðar við það rjettarhald«.

Þessi aðferð sýslumanns mun nú vera sú »harðneskja«, sem amtmaður álítur í brjefi sínu 1. marz 1892, sem áður er á minnzt, að »tæplega hafi verið ástæða til að beita« og sem hæstirjettur er honum samdóma um, að ekki hafi verðskuldað sektir. En landshöfðingi álítur þessar aðgjörðir sýslumanns svo saknæmar, að hann bendir á í brjefi sínu 10. maí 1892 (Fskj. I.), að »ástæða muni til, að víkja sýslumanni Thoroddsen þegar frá embætti um stundarsakir og setja annan mann í hans stað, er þá gæti rannsakað og dæmt hið umrædda dómsmál«, eða þá að »kvaddur væri setudómari til að rannsaka málið og Thoroddsen eigi vikið frá um stundarsakir fyr en að rannsókn lokinni og höfðun dómsmáls væri ákveðin, eða loks að útvega skyldi allrahæst »kommissorium« til rannsóknar og meðferðar málsins, án þess að Thoroddsen væri »suspenderaður«.

Þetta eru þá þær afleiðingar, sem landshöfðinginn álítur að tilgreindar yfirsjónir sýslumanns eigi þegar í stað að hafa, en þær yfirsjónir hans eru í stuttu máli fólgnar í því, að hann beitir fangelsi við vatn og brauð tvisvar sinnum við fanga, sem grunaður er um morð, fyrir þrjózku og fyrir það, að hann hafi ekki viljað svara spurningum sýslumanns, eða gefa fullkomna skýrslu (sem landshöfðingi leggur út »fullkomna' játning«), án þess að bókað sje, í hverju þrjózkan hafi verið fólgin, eða hverju fanginn hafi eigi viljað svara.

Við þetta viljum vjer gjöra þá athugasemd, að oss þykir óvanalega hart tekið á þessum yfirsjónum sýslumanns og það svo hart, að fá eða engin dæmi munu til á síðari tímum hjer á landi, einkum þá er litið er á þá tillögu landsh. að víkja Skúla sýslumanni

frá um stundarsakir þegar í stað. Eptir þeirri línkind að dæma, sem beitt er við sýslumenn venjulega, þó að þeim verði eitthvað á, svo sem yfirsjónir í meðferðum mála, ótilhlýðilegur dráttur á skiptum í dánarbúum, vanskil á lögskipuðum gjöldum o. s. frv., þá hefði mátt búast við vægari aðferð í þessu máli. Vjer erum eigi með þessu að finna að því, að landstjórnin beiti hæfilegri mannúð og mildi við undirmenn sína, því að vjer teljum það sjálfsagt, en vjer álítum einnig sjálfsagt, að allir sje látnir njóta jafnrjettis, en það álítum vjer, að alls eigi hafi verið hjer gjört. Vjer hefðum þó eigi lagt svo mikla áherzlu á þetta, ef hinn umræddi sýslumaður hefði opt áður sýnt vanrækslu eða yfirsjónir í embættisfærslu sinni, og opt legið nærri að beita yrði hörðu við hann, en þessu er hjer eigi þannig varið, því að aldrei áður hafði verið fundið að embættisfærslu þessa manns. Í sambandi við þetta viljum vjer geta þess, að nálægt sama tíma hafði annar sýslumaður, sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, beitt svo óvanalegu harðfylgi í rannsókn þjófnaðarmála, að hann var kærður mörgum kærum, án þess yfirmenn hans fyndu ástæðu til að beita við hann neinu slíku, sem þá var beitt við Skúla sýslumann Thoroddsen. Vjer erum eigi með þessu að finna að því, en getum þess til að sýna misrjetti það, sem hjer kemur fram.

Þá er nú landshöfðingi hafði ritað ráðgjafanum brjefið 10. maí 1892 (Fskj. I.), svarar ráðgjafinn þegar aptur 2. júní s. á. (sjá fskj. II.) og gengur inn á kæru landshöfðingja og hina síðustu tillögu hans, að senda allrahæst kommissorium, án þess að víkja Skúla sýslumanni Thoroddsen frá embætti um stundarsakir. Erindisbrjef þetta er út gefið af ráðaneytinu ad mandatum 2. júní 1892 (Fskj. III), og er samkvæmt tillögu landshöfðingja í brjefinu 10. maí 1892 fengið í hendur settum málsfærslumanni L. K. Bjarnason í Reykjavík, og á hann samkvæmt því að rannsaka meðferð Skúla sýslumanns á sakamálinu gegn S. Jóhannssyni og ekki annað.

Við þessa ráðstöfun ráðgjafans höfum vjer það að athuga, að oss þykir hinn konunglegi erindsreki mjög óheppilega valinn, en um það verður að kenna landshöfðingja, en miklu síður ráðgjafanum, því að landshöfðingi telur manninn í brjefinu 10. maí 1892 (Fskj. I) »að sinni ætlan vel fallinn til og sömuleiðis fúsan á, að taka að sjer greindan starfa«.

Viðvíkjandi þessu viljum vjer taka það fram, að oss kemur það undarlega fyrir, að landshöfðinginn skyldi alls ekkert tala um þá fyrirætlan sína, er fram kemur í brjefinu 10. maí, við hlutaðeigandi amtmann, áður en hann framkvæmdi hana, en sjer í lagi furðar oss það, að hann skyldi eigi tala við hann um mann þann, er taka skyldi að sjer rannsókn þá, er honum þótti óhjákvæmileg, heldur fara í kyrþey til nefnds málaflutningsmanns og semja fyrir fram við hann um að taka rannsóknina að sjer. Því næst viljum vjer geta þess, að oss virðist það engum efa bundið, að rjettast hefði verið, að velja til rannsóknarinnar gætinn, glöggan og reyndan lögfræðing, helzt einhvern valinkunnan sýslumann, svo framarlega sem ekkert annað hefði verið haft fyrir augum en það, að fá sannleikann leiddan í ljós, eins og auðvitað átti að vera. Þess vegna verðum vjer að álíta það mjög óhyggilega ráðið, að velja til starfsins ungan mann, alveg óreyndan og þar á ofan embættislausan mann, sem gat jafnvel gert sjer von um að komast að embætti hins sakborna sýslumanns, ef hann missti það fyrir fullt og allt, og gat því haft talsverða freistingu til þess, að gera málstað hans sem verstan. Það kom einnig fram í rannsókn hans og öllum málarekstrinum á eptir, að hann hafði eigi þá stillingu og lægni til að bera, er slíkt starf krafði, og síðast í dómi hans, þar sem hann dæmir Skúla sýslumann frá embætti., en sem hæstirjettur fellir hjer um bil að öllu leyti úr gildi.

Þá er rannsókn hins konunglega erindsreka er lokið afhendir hann landshöfðingja

skýrslu um próf þau, er hann hafði haldið og landshöfðingi sendir eptirrit af þeim til ráðgjafans með brjefi dags. 26. júlí 1892 (Fylgiskj. IV.), og þar í leggur hann það til, »að fullkomin ástæða sje til að höfða dómsmál á hendur sýslumanni og bæjarfógeta Sk. Thoroddsen fyrir brot á 127. gr. hegningarlaganna og að þar af leiðandi beri að víkja honum frá embætti þar til málinu sje ráðið til lykta með dómi«. Enn fremur minnir hann þar á »að ástæða gæti verið til að rannsaka embættisfærslu sýslumanns Thoroddsens einnig í öðrum greinum, þegar litið væri til framburðar hans við prófið 18. júní 1892 um það, að bókun hans við rannsóknina gegn S. Jóhannssyni hafi í fleiru en einu atriði verið röng«.

Út af þessu ritar ráðgjafinn landshöfðingja brjef, dags. 15. ágúst 1892, (Fskj. V.) og kveður þar svo á, að setja skuli Skúla sýslumann Thoroddsen frá embætti um stundarsakir og höfða mál á móti honum að lokinni rannsókn fyrir brot gegn 125., 127., 135., 142. og 144. gr. hinna íslenzku hegningarlaga og felur síðan landshöfðingjanum að hlutast til um, að embætti hans verði á meðan gegnt viðunanlega, með því að setja í það hæfan mann og beri einnig að fela honum hina frekari meðferð fyrgreinds máls og að fella væntanlegan dóm í undirrjetti.«

Þessa skipun framkvæmir landshöfðingi með 2 brjefum dags. 29. ágúst 1892, þar sem hann í því fyrra setur hinn sama málsfærslumann, L. K. Bjarnason, til þess að gegna sýslumanns- og bæjarfógetaembættinu, þangað til önnur ráðstöfun verði gjörð, með launum þeim, er þar eru ákveðin, en í hinu síðara(Fskj. VI.) felur hinum sama manni að halda áfram rannsókn gegn Skúla sýslumanni Thoroddsen, »sjerstaklega að því er snerti það atriði, hvort fanginn Sigurður Jóhannsson hafi með framkomu sinni gefið löglegt tilefni til þess, að beitt væri við hann vatns og brauðs þvingun í þessi 2 skipti, sem honum var úrskurðað slíkt, og auk þess, að rannsaka allt það, er honum kynni tortryggilegt að þykja viðvíkjandi embættisfærslu Skúla Thoroddsens og framkomu hans sem dómara einnig í öðrum málum.

Við þessar ráðstafanir ráðgjafans og landshöfðingja höfum vjer þetta að athuga: Hið konunglega kommissorium er eingöngu miðað við sakamálið gegn Sigurði Jóhannssyni og síðast í því ákveðið, að ef kommissarius þurfi að fá aukið umboð sitt, þá skuli hann snúa sjer til ráðgjafans, en það leyfi virðist eingöngu miðað við nefnt sakamál. Sömuleiðis miðar ráðgjafinn í brjefi sínu 15. ág. 1892 (Fskj. V.) málshöfðunina út af broti á hinum 5 greinum hegningarlaganna, er þar eru nefndar, beinlínis við þetta sama sakamál. En með því að oss þótti nokkuð óljóst sambandið milli þess máls og 135. og einkum 142. greinar hegningarlaganna, þá spurðumst vjer fyrir um það með brjefi 14. þ. m. hjá landshöfðingja, hvort nokkuð annað en meðferð Skúla Thoroddsen á sakamálinu, hefði gefið tilefni til þess, að hann var kærður fyrir brot á hinum 5 lagagreinum og svarar landshöfðingi því svo í brjefi sama dag, að »sjer sje ekki kunnugt um neitt, sem bendi á að svo hafi verið». Verðum vjer því að álíta svo, sem eitthvað það hafi komið fram við próf hins konunglega kommissarii, er ráðgjafinn hafði fyrir sjer, þá er hann reit sitt brjef 15. ág., er hafði gefið honum tilefni til að saka Skúla Thoroddsen um brot gegn þessum 5 lagagreinum, en prófin sjálf höfum vjer eigi rannsakað.

Aptur á móti verður það sjeð af brjefi ráðgjafans 15. ág., að hann álítur ekki málsfærslumann L. Kr. Bjarnason lengur sjálfsagðan til að reka málið gegn Sk. Thoroddsen, þar sem hann nefnir hann ekki til þess. En landshöfðingi sýnir með brjefi sínu 29. ág., að hann álítur hann til þess hæfan, þar sem hann þá setur hann bæði til að gegna sýslumanns og bæjarfógetaembættinu á Ísafirði og rannsaka og dæma mál Skúla Thoroddsens samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans, sem aðeins eru miðuð við optnefnt sakamál.

En þar sem landshöfðinginn felur hinum setta sýslumanni »auk þess að rann-

saka allt það, er honum kunni tortryggilegt að þykja viðvíkjandi embættisfærslu Skúla Thoroddsens og framkomu hans sem dómara einnig í öðrum málum«, þá fáum vjer eigi sjeð, að hann hafi haft heimild til þess frá ráðgjafanum, en teljum djarft til tekið af honum, að bæta slíkri skipun við frá sjálfum sjer í svona lögnðu máli.

Með þessu valdi frá ráðgjafanum að einu leyti og landshöfðingjanum að öðru leyti rak svo hinni setti sýslumaður L. K. Bjarnason málið gegn Skúla Thoroddsen til enda og dæmdi það að lokum þannig, að hann skyldi missa embættið og greiða allan málskostnað; landsyfirrjettur lækkaði dóminn í 600 kr. sekt og málskostnað, en hæstirjettur sýknar manninn og dæmir honum að eins einn áttunda málskostnaðar, sem mun hafa verið byggður á einum formgalla í meðferð hans á sakamálinu gegn Sigurði Jóhannssyni.

Vjer höfum eigi grennslazt neitt eptir aðgjörðum stjórnarinnar að því er sjálfan málsrekstrinn snertir, með því að það var eigi hlutverk vort, og lítum í því efni einungis á úrslitin fyrir dómi hæstarjettar.

Vjer lítum því þá fyrst aptur á aðgerðir stjórnarinnar, er hæstarjettardómur er fallinn og verður þá fyrst fyrir brjef ráðgjafans, er hann ritar landshöfðingjanum 28. febr. 1895 (Fskj. VII.) út af dómi hæstarjettar og beiðist »umsagnar hans um það, hvað rjettast kynni að vera að gjöra, eptir því sem fram hafi farið, að því er snerti stöðu bæjarfógeta Thoroddsen«. Þessu brjefi svarar landshöfðingi aptur með brjefi dags. 30. marz 1895 (Fskj. VIII.), þar sem hann fyrst minnir á það, að Skúli sýslumaður Thoroddsen hafi verið sýknaður í hæstarjetti, af því að við rannsóknir þær, er haldnar voru, hafi eigi fengizt »næg sönnun, er dómfelling yrði byggð á, fyrir því, að hann hefði gjört sig sekan í embættisbrotum þeim, er hann var sakaður um, en með því sje engan veginn sannað, að framkoma hans sem embættismanns hafi verið svo fullnægjandi, að hann geti álitizt hæfur til að halda áfram að gegna embætti því, er hann hafi verið leystur frá að þjóna um stundarsakir, þvert á móti sje fyrir hendi, að sinni ætlan, nægar sannanir fyrir því, að hann hafi í embættisfærslu sinni sýnt mjög mikinn skort á þeirri reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni, sem heimta verði af hverjum embættismanni«.

Með því að oss þótti ekki alveg víst, að það sem landshöfðingi hjer álítur »nægar sannanir fyrir mjög miklum skorti á reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni« væru hin sömu atriði, sem hæstirjettur áleit ekki nægar sannanir og ekki meiri sakir en svo, að eigi bæri að leggja á sakborning nema einn áttunda hluta málskostnaðar, þá gerðum vjer fyrirspurn um það með brjefi 14. þ. m. (Fskj. IX.), hvort landshöfðinginn ætti hjer við nokkur önnur sakaratriði en þau, sem hæstirjettur hafði haft um að fjalla og fengum aptur brjef, dags. sama dag, sem vjer höfum fyr getið um (Fskj. X.), og má ráða af því, að það hafi ekki verið, því að landshöfðingi segir þar, að orð sín eigi að skiljast svo, að »þó hæstirjettur hefði í dómi sínum ekki álitið sakaratriði þau, sem málið gegn Skúla Thoroddsen var höfðað út af, svo vaxin, að á þeim yrði byggður áfellisdómur til hegningar, þá sjeu undir rekstri málsins komnar fram nægar sannanir fyrir því, að hann hafi ekki í embættisfærslu sinni við haft þá reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni, sem heimta verði af embættismönnum«.

Við þetta höfum vjer það að athuga, að oss þykir landshöfðingi og gjöra of lítið úr dómi hæstarjettar, að því er það snertir að meta sakaratriði þau, er um er að ræða og getum engan veginn fallizt á, að fram hafi komið nægar sannanir fyrir þeim undir rekstri málsins, þar sem dómur hæstarjettar segir beinlínis hið gagnstæða, og álítum, að vafalaust beri að meta dóm hæstarjettar meira en álit landshöfðingja í þessu efni og að því hafi alls ekki verið fyrir hendi svo miklar sakir, að valdið gætu fullkominni afsetning frá em-

bætti, einkum þar sem ætla má, að ekkert muni hafa verið vanrækt af rannsóknardómaranum í máli Skúla Thoroddsens til að fá þær sakir sannaðar, er á hann voru bornar.

Þess vegna verðum vjer að álíta, að engin næg ástæða hafi verið til að víkja Skúla Thoroddsen frá embætti fyrir fullt og allt fyrir þau brot á hegningarlögunum, er hann var sakaður um, og að rannsóknin gegn honum frá upphafi með þar af leiðandi málshöfðun og afsetning um stundarsakir hafi verið óþörf, með því að yfirsjónir nefnds embættismanns hafi eigi verið meiri en svo, að aðferð sú, er amtmaður hafði gegn honum, hafi verið hæfileg.

Vjer viðurkennum það auðvitað, að þegar um einhverjar ávirðingar er að ræða hjá embættismanni, þá geti það verið álitamál, hvernig með þær skuli fara og jafnvel geti þær verið á því stigi, að það geti verið álitamál, hvort höfða skuli mál gegn viðkomandi embættismanni út af þeim, en það getum vjer aptur eigi fallizt á, að þegar málið er búið að fara fyrir alla dómstóla og hæstirjettur hefur sýknað manninn, að þá sjeu sakir eigi látnar falla niður, heldur því enn haldið fram, að nægar sannanir sjeu fyrir þeim embættisbrotum, er hann var sakaður um, og sakirnar sjeu álitnar svo miklar, að hann verði að missa embætti sitt.

En eins og sjest á tilfærðum orðum landshöfðingja úr brjefi hans 30. marz þ. á. (Fskj. VIII.), virðist hann ekki vera á sama máli, því að auðsjáanlega virðist hann gjöra svo mikið úr þeim skorti, er Skúli Thoroddsen hafi sýnt í embættisfærslu sinni, á þeirri reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni, er heimta verði af hverjum embættismanni, að hann geti þess vegna eigi við embætti verið, einkum þar sem hann neitar honum ekki um gáfur þær og þekkingu, er nauðsynleg sje til þess að gegna sýslumannsembætti; því þegar hann í nýnefndu brjefi leggur það til, að Skúli Thoroddsen skuli eigi aptur settur inn í embættið, þá leggur hann alla aðaláherzluna á ofangreinda galla á embættisfærslu hans; því að þar sem hann talar um »tilhneiging hans til að gefa sig við málum, er sjeu óviðkomandi embættisstöðu hans« svo sem það, að hann hafi tekið þátt í ritstjórn blaðs, verið forstjóri verzlunarfjelags, og sjer í lagi haldið fram harðsnúnum pólitiskum æsingum gegn stjórninni, þá er það sett fram sem sönnun fyrir því, að þessi störf hafi leitt huga hans svo frá embættisstörfunum og haft svo mikil áhrif á embættisþjónustu hans, að af því hafi leitt þann skort á reglusemi hans, samvizkusemi og óhlutdrægni, sem áður er talað um, enda segir hann og með berum orðum, að yrði hann settur inn í embættið aptur, mundi hann eflaust halda þessu þrefalda starfi áfram og »sakir þess vanrækja embættisskyldur sínar«, og að hann »þegar af þeirri ástæðu geti eigi ráðið til, að hann verði aptur settur inn í embætti sitt«.

Það er því auðsætt, að landshöfðingi álítur þær sakir, er hæstirjettur telur ekki saknæmar, nægar til þess út af fyrir sig, að Skúla Thoroddsen sje vikið frá embætti og verðum vjer að álíta það alls ekki rjett.

En í brjefinu 30. marz þ. á. kemur landshöfðingi fram með nýja ástæðu til þess að setja Skúla Thoroddsen frá embætti, sem aldrei er áður minnzt á í brjefum þeim, er vjer höfum sjeð, og hún er sú, að Skúli Thoroddsen hafi sett sjer það fyrir mark og mið, að vekja óánægju hjá þjóðinni með athafnir stjórnarinnar og beinlínis gjört sjer far um, að sýna yfirboðurum sínum lítilsvirðingu« og »það mundi brjóta niður alla hlýðni og virðingu hjá undirgefnum embættismönnum gagnvart yfirboðurum þeirra, ef stjórnin veitti fulla uppreisn manni eins og honum«.

Með því nú að vjer getum eigi viðurkennt, að þær sakir, er bornar voru á Skúla Thoroddsen fyrir embættisfærslu hans og hæstirjettur sýknaði hann af, hafi verið nægar til þess að víkja honum frá embætti fyrir fullt og allt, verðum vjer að skoða þessa síðastnefndu pólitisku ástæðu sem aðalástæðu fyrir því, að honum var vikið frá embætti.

Þessi ástæða til þess, að víkja manni frá embætti, er nú svo alveg ný hjer á landi, að vjer erum eigi enn búnir að læra að sjá, að það sje nauðsynlegt að beita henni eins og hjer hefur verið gjört, til þess að ekki falli niður »öll hlýðni og virðing hjá undirgefnum embættismönnum gagnvart yfirboðurum þeirra«. Vjer verðum að álíta, að öllu fremur megi búast við, að það verði til þess, að skapa ófrjálsan kúgunaranda hjá embættislýðnum. En með því að vjer álítum, að embættismannaflokkurinn eigi að ganga á undan þjóðinni í frjálslegri framsókn til að efla drenglyndan, sjálfstæðan hugsunarhátt og framkvæmdarsaman kjark, með hina æðstu stjórnendur lands í broddi fylkingar, þá teljum vjer það mikla óhamingju fyrir land vort, ef hjer skyldi fara að tíðkast að beita pólitiskum ástæðum á þann hátt, eins og gjört hefur verið að þessu sinni.

Vjer þykjumst einnig sjá, að stjórnin er í raun og veru á þessari skoðun, því að hún hefur auðsjáanlega kveinkað sjer við að taka til þessa bragðs, fyr en í síðustu lög, með því að ætla má, að henni hafi misfallið hin pólitiska framkoma Skúla Thoroddsen fyr en á þessum síðustu tímum. Og með því að landshöfðinginn talar um það í brjefinu 30. marz þ. á., að Sk. Thoroddsen hafi »sumpart leynilega, sumpart opinberlega« tekið þátt í útgáfu blaðs þess á Ísafirði, er honum hefur fallið svo illa, hlýtur hann með orðinu »leynilega« að eiga við blaðið »Þjóðviljann«, sem fjelag eitt á Ísafirði gaf út 1886—1892, og með orðinu »opinberlega« við »Þjóðviljann unga«, er Sk. Thoroddsen gjörðist ritstjóri að, eptir að honum var vikið frá embætti um stundarsakir. En þar sem hið síðara blaðið hefur komið miklu vægilegar fram gagnvart stjórninni í pólitiskum efnum en hið fyrra blaðið, og yfir höfuð ekki fundið harðara að athöfnum stjórnarinnar en títt er um þau blöð, er ekki halda beinlínis hennar taum, þá virðist ástæðan til að beita pólitiskum ástæðum við afsetning Skúla sýslumanns hafa farið rjenandi, og að því hafi verið minna tilefni til að leggja áherzlu á hina pólitisku andæfing hans á síðari tímum en meðan hið eldra blað kom út. Og með því að það blað fór mjög geyst fram gegn stjórninni og opt með ósæmilegum rithætti og hún eignar Sk. Thoroddsen það, þó að örðugt sje að sanna, hvern þátt hann hefur átt í því, þá ætlum vjer, að gremja stjórnarinnar við hann í pólitiskum efnum stafi aðallega frá þeim tímum.

Þar sem vjer nú höfum áður lýst því, að sakir þær, er bornar voru á Skúla Thoroddsen, þá er byrjað var að rannsaka meðferð hans á sakamálinu gegn Sigurði Jóhannssyni, hafi alls eigi verið svo miklar, að nauðsyn bæri til að taka málið fyrir á þann hátt, sem gert var, og álítum, að það mundi alls eigi hafa verið gert, ef ekkert annað hefði knúð til þess, þá er það ætlun vor, að hin pólitiska ástæða hafi þá þegar verið aðalorsökin til þess, að tekin var upp sú aðferð gegn honum, sem beitt hefur verið; en sakir þess, að það gat verið erfiðleikum bundið að sanna, að Skúli Thoroddsen væri rithöfundur að hinum svæsnu greinum í »Þjóðviljanum«, og þó einkum að ætlun vorri af því, að stjórnin hafi hikað sjer við að ganga beint að honum með hina pólitisku ástæðu af fyr greindum orsökum, þá hafi hún tekið það ráð, er hún tók, að reyna að fá hann frá embætti fyrir galla á embættisfærslu hans og gripið því hið fyrsta tækifæri, enda þótt sakirnar væru talsvert veikar. Þessa skoðun styður að nokkru leyti sú ófrjálslega hulda, sem er yfir fyrstu aðgjörðum landshöfðingja viðvíkjandi rannsókninni gegn Skúla Thoroddsen, sem virðist benda á, að hann hafi eigi viljað hefja máls á henni hjer við amtmann, fyr en hann sæi, hvort ráðgjafinn vildi ganga inn á sínar tillögur.

En sje nú þetta þannig, sem ekki eru svo litlar líkur til, þá þykir oss hjer koma fram skortur á virðingu fyrir því, hvernig rjettvísinni ber að beita.

Þegar landshöfðingi eignar Skúla Thoroddsen ritstjórn »Þjóðviljans« eldra og gremst framkoma hans þar, sem vjer engan veginn láum honum, svo framarlega sem

hann hefur ritað hinar svæsnustu greinar þar, þá lá beinast við, að snúa sjer beint að honum með það mál og skipa honum að hætta þeirri starfsemi eða breyta þar framkomu sinni, ef hann hugsaði til að vera við embætti sitt. Virtist það hafa átt miklu betur við þá en nú, úr því pólitiskri framkomu hans í blöðunum er á annað borð beitt sem aðalástæðu við afsetning hans, með því að hin pólitiska andæfing hans hefur komið miklu vægra fram síðan.

Með því oss þótti eðlilegt og jafnvel sjálfsagt, að landshöfðingi gæfi Skúla Thoroddsen alvarlega áminning um það, sem að þótti í framferði hans, svo sem blaðstjórnina, kaupfjelagsstjórnina og hinar pólitisku æsingar, áður en til harðari ráða væri tekið gegn honum, spurðumst vjer fyrir um það hjá landshöfðingja, hvort það hefði verið gert, og svarar hann því svo í brjefi 14. þ. m., að »hann hafi fyrir nokkrum árum munnlega brýnt fyrir Skúla Thoroddsen, að það væri ekki sæmilegt fyrir embættismann í hans stöðu, að taka þátt í ritstjórn blaðs, sem flytti aðrar eins greinir gegn stjórninni, eins og blað það, sem þá kom út á Isafirði, bar á borð fyrir lesendur sína«. En með því að Skúli Thoroddsen neitar því alveg, að þetta hafi átt sjer stað, nema landshöfðingi eigi við samtal þeirra um einhverja grein í »Þjóðviljanum.« sumarið 1888, sem fram fór heima hjá sýslumanni á sama hátt sem menn minnast á blaðagreinar í daglegu tali og sem landshöfðingi var að mæla á móti, þá vitum vjer eigi, hvað satt er, en þykjumst sjá, að landshöfðingi hafi aldrei gefið honum áminningu í embættisnafni á venjulegan hátt, úr því hann minnist þess ekki í brjefi sínu; hefði þó verið fyllsta ástæða til þess eptir því áliti, sem landshöfðingi hefur á aukastörfum Sk. Thoroddsen í brjefinu 30. marz; en það álit verður auðvitað að miðast við tímann áður en rannsókn var hafin gegn Thoroddsen, því að þótt hann hafi gefið sig við verzlunarmálefnum og öðrum störfum, sem eigi koma sýslumannsembætti við, síðan honum var vikið frá embætti um stundarsakir, þá sjáum vjer eigi neina ástæðu til að saka hann um það, einkum þar sem hann var neyddur til að verjast í máli sínu með miklum kostnaði. Vjer sjáum heldur eigi ástæðu til þeirrar fullyrðingar landshöfðingja í brjefinu 30. marz þ. á. að Skúli Thoroddsen mundi vafalaust halda áfram blaðstjórn, kaupfjelagsstjórn og pólitiskum æsingum, ef hann yrði aptur settur inn í embætti sitt á Ísafirði, með því að það lá beint við, að stjórnin bannaði honum slík störf, um leið og hún setti hann inn í embættið aptur, úr því hún áleit þau hafa ill áhrif á embættisfærslu hans, og legði við embættismissi, ef hann eigi hlýddi.

Í sambandi við þetta getum vjer þess, að skömmu áður en Thoroddsen er vikið frá embætti var sýslumanninum í Rangárvallasýslu veitt amtmannsembætti, sem vjer auðvitað höfum ekkert að athuga við. Báðir voru kaupfjelagsstjórar, hvor í sínu hjeraði, en öðrum er gefið það að sök til afsetningar, en ekki minnzt á það við hinn, eins og ekki var heldur ástæða til, þar sem það mun eigi hafa hindrað embættisstörf hans.

En þetta sýnir glöggt, að þar rekur að á alla vegu, að aðalorsökin til lausnar Skúla Thoroddsens frá embætti sje aðallega hin pólitiska framkoma hans og að öllum líkindum eina orsökin til hinnar upphaflegu rannsóknar gegn honum eptir því sem embættisfærsla hans horfði þá við.

Það er enn eitt atriði, sem styrkir þessa skoðun. Landshöfðingi sakar Skúla Thoroddsen meðal annars um það í brjefinu 30. marz þ. á., að hann hafi »beinlínis gjört sjer far um að sýna yfirboðurum sínum lítilsvirðing«. Og þegar vjer spurðum hann að með brjefinu 14. þ. m., í hverju það hefði komið fram, sjer í lagi, hvort það hefði komið fram í viðskiptum hans við yfirboðara sína í embættismálefnum, þá svarar hann því, í brjefi sínu 14. þ. m. (Fskj. X.), þannig, að orð sín, er vjer nýlega nefndum, »eigi sjerstaklega við framkomu Skúla Thoroddsens gagnvart yfirboðurum sínum í blaði því, sem hann hefur verið útgefandi og ábyrgðarmaður að síðastliðin ár«. — Þessi orð benda því

aptur á blaðamennsku hans, og eiga auðsjáanlega við »Þjóðviljann unga«, en með því að vjer höfum eigi tíma til að ganga í gegn um hann, til að sjá við hversu mikil rök þessi orð hafa að styðjast, þá segjum vjer ekkert ákveðið álit um það, en getum þess að eins, að fyrir minni voru stendur það svo, sem hann hafi í því blaði sjaldan beitt hörðum orðum í stjórnarinnar garð, nema helzt að því er málsrekstrinn gegn honum snertir, sem hann talar mikið um í blaðinu og getum vjer virt honum það til nokkurrar vorkunnar, eptir því sem oss virðist mál hans allt til komið.

Eptir að landshöfðingi hefur fært þær ástæður fyrir því, að Skúli Thoroddsen skuli eigi settur aptur inn í embætti sitt á Ísafirði, sem vjer höfum nú athugað, lýsir hann því yfir, að hann »álíti hann eigi, út af fyrir sig, óhæfan til að gegna sýslumannsembætti, svo framarlega sem hann notaði tíma sinn og hæfileika til gæzlu embættis síns, en ekki til annara óviðkomandi starfa«, en lætur jafnframt í ljósi, að hann muni eigi geta slitið sig frá þeim störfum meðan hann dvelji á Ísafirði, en heldur væri það hugsandi, »ef hann yrði fluttur í annað embætti, sjerstaklega sýslu uppi í landi« og tekur þar til Rangárvallasýslu, sem laus var. Álítur hann, að hann »muni þá láta reynsluna kenna sjer að hætta við hina fyrri starfsemi sína, er ekki snerti embættið, og helga starfsþrek sitt gæzlu embættisins, svo að við megi hlíta«.

Þessa röksemdafærslu getum vjer engan veginn þýðst. Hún fer því aptur fram, að embættisfærsla hans á Ísafirði hafi verið óhæfileg, sökum fyrnefndra aukastarfa. Þó er ekkert gjört, til þess að hindra þessi aukastörf, aldrei fundið að þeim, og þeirra ekki getið að neinu, þegar farið er að rannsaka embættisfærslu hans. En fyrst landshöfðinginn er sannfærður um, að hann muni engan veginn fást til að leggja þessi störf niður á á Ísafirði, án þess þó að hafa fyrir sjer nokkra tilraun, er til þess hafi verið gjörð og orðið árangurslaus, þá fáum vjer eigi sjeð, hvernig hann getur búizt við, að hann sleppi þeim fremur, þó að hann sje fluttur í Rangárvallasýslu. Það liggur því nærri að hugsa sjer þetta eins og eins konar krókaleið til þess að fá hann frá embætti, einkum þar sem Rangárvallasýsla er miklu tekjuminni en sýslumanns- og bæjarfógetaembættið á Ísafirði, og getum vjer því eigi fallizt á, að það hafi verið rjett ráðið.

Þá er eigi annað eptir í sögu þessa máls, en að geta þess, að landshöfðingi leggur það til síðast í brjefinu 30. marz þ. á., að Skúli Thoroddsen verði ekki settur aptur inn í embætti sitt á Ísafirði, heldur gefi ráðaneytið honum kost á, að verða skipaður í annað sýslumanns-embætti, svo sem Rangárvallasýslu, ef hann sækti um hana, en að hann, svo framarlega sem hann vildi eigi þiggja slíkan flutning yrði leystur frá embætti með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögunum. Ráðgjafinn samþykkir alveg þessa tillögu í brjefi 22. apr. þ. á. (Fskj. XI.) og kveðst eigi finna ástæðu til, að setja hann aptur inn í sýslumanns- og bæjarfógetaembættið á Ísafirði, »en álíti nauðsynlegt, ef það á annað borð eigi að geta komið til mála, að hann verði í þjónustu ríkisins, að hann, í þess þágu, flytjist í annað sýslumannsembætti, er hann, eptir því sem þá liggi fyrir, ekki geti talizt ófallinn til að gegna«. Slíkt embætti telur hann svo sýslumannsembættið í Rangárvallasýslu, sem þá var laust og segir, að »ef hann sæki um það, muni það verða lagt til, að honum verði veitt það«, en að öðrum kosti muni hann verða leystur frá embætti með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögunum.

Landshöfðingi tilkynnir Skúla Thoroddsen þetta brjef 7. maí þ. á. Skúli neitar að þiggja Rangárvallasýslu 12. maí. Landshöfðingi skýrir ráðgjafanum frá því í brjefi 15. maí, og síðan tilkynnir ráðgjafinn 31. maí, að honum sje veitt lausn frá embætti með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögunum.

Að síðustu viljum vjer geta þess, að Skúli Thoroddsen sótti um það í brjefi til ráðgjafans beina leið 25. apr. þ. á., að »sjer yrðu endurgreidd laun þau, sem haldið hafi

verið eptir þann tímann, sem hann hafi verið suspenderaður«, sem hann telur c. 8600 kr., en ráðgjafinn kveðst »eigi finna ástæðu til þess, að gjöra neitt út af þeirri beiðni« í brjefi til landshöfðingja 30. maí þ. á.

Þegar vjer nú lítum á hið síðasta aðalatriði í máli þessu, launn Skúla Thoroddsens frá embætti með eptirlaunum, þá virðist í fljótu bragði verða að heimfæra það undir þá ákvörðun í 4. gr. stjórnarskrárinnar, er talar um flutning embættismanna úr einu embætti í annað og er þessi athöfn stjórnarinnar þá auðsjáanlegt brot á þeirri grein, með því að Rangárvallasýsla, sem á að flytja hann í og hann er talinn hæfur til að gegna, er ekki nærri eins launaháeins og það embætti sem hann hafði. En eptir því sem undirbúningi undir frávikninguna er hagað, samkvæmt brjefi ráðgjafans 22. apr. þ. á., þar sem það er látið uppi ótvírætt, að Skúli Thoroddsen geti eigi fengið aptur embætti það, er hann hafði verið leystur frá um stundarsakir, og það gefið í skyn, að hann ætti helzt ekkert embætti að hafa á hendi í þjónustu ríkisins, en er þó gefinn kostur á öðru embætti, sem líklegra þykir, að hann geti gegnt viðunandi, sem hann á svo að velja um, hvort hann vill heldur en eptirlaunin, — þá mun mega heimfæra lausnina undir það ákvæði í 4. gr. stjórnarskrárinnar, að »konungur geti vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það«, og skoða þetta tilboð um embætti eigi sem flutning í annað embætti. En sje afsetningin heimfærð undir þessa ákvörðun, þá liggur fyrir sú spurning, hvort eptirlaun hans hafi verið ákveðin á rjettan hátt eptir eptirlaunalögunum, sem 4. gr. stjórnarskrárinnar skipar að fara skuli eptir við slík tækifæri.

Nú virðast eptirlaun Skúla Thoroddsens ákveðin eptir 1. gr. eptirlaunalaganna 31. maí 1855, en þar er að eins talað um eptirlaun þeirra manna, sem leystir eru frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem þeim er ósjálfrátt, og getur hann eigi heimfærst undir þennan flokk, nema það, ætti að vera hinn síðasti. En nú er svo fjarri því, að landshöfðinginn álíti það eptir brjefi hans að dæma 30. marz þ. á., þar sem hann leggur aðaláherzlu á sakir þær, er honum máttu vera sjálfráðar, og annað verður eigi sjeð, en að ráðgjafinn sje á sama máli. Þess vegna virðist eiga að heimfæra eptirlaunaspurninguna undir 6. gr. í eptirlaunalögunum, sem talar um það, þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi (o: sem ekki eru svo vaxnar, að hann verði dæmdur frá embætti fyrir þær), en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans. Því að, þótt hvorki ráðgjafinn nje landshöfðinginn telji hann alls óhæfan til að hafa sýslumannsembætti á hendi yfir höfuð að tala, þá telja þeir hann óhæfan til þess í Ísafjarðarsýslu, og draga mikið í efa, að það geti komið til mála, að hann geti haft nokkurt embætti á hendi í ríkisins þjónustu.

En ætti þessi eptirlaunaspurning að heimfærast undir 6. grein eptirlaunalaganna, þá er þar ákveðið, að í slíkum tilfellum eigi að ákveða eptirlaunin með sjerstöku lagaboði, og hefur þá það lagaákvæði verið brotið og þar með 4. grein stjórnarskrárinnar. En verði eptirlaunaspurningin ekki heimfærð undir 1. nje 6. grein eptirlaunalaganna, þá vitum vjer ekki hvar hún á heima, en verðum að álíta henni þá svo haganlega fyrir komið, að hún geti smogið á milli allra ákvarðana í stjórnarskránni og eptirlaunalögunum, og sýnir það þá meðal annars, hversu allar ákvarðanir um ábyrgð ráðgjafans eru ófullkomnar.

Þó að því hjer sje, að voru áliti, helzt að ræða um brot á 4. gr. stjórnarskrárinnar, þá getum vjer eigi ráðið til þess, að reynt sje að koma fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum fyrir það, sakir þess hve ábyrgð hans er illa tryggð með lögum. Eigi sjáum vjer heldur fært að ráða til þess, að reynt sje að koma fram ábyrgð á hendur landshöfð-

ingjanum fyrir misbeiting á valdi sínu, þó að oss þyki hann eigi hafa beitt því rjettilega.

Þar á móti verðum vjer að líta svo á þetta mál í heild sinni, að landshöfðinginn hafi frá upphafi lagt það fram fyrir ráðgjafann með dökkvari litum en rjett var, og þannig gefið honum tilefni til þess, að taka strangari ákvarðanir, en hann hann annars kynni að hafa gjört. Ráðgjafinn, sem er hjer ókunnugur, hlaut að líta á málið eins og landshöfðingi lagði það fyrir hann, og fara yfir höfuð eptir tillögum hans, enda hefur hann og enga fyrirskipun gjört í málinu, nema beint eptir tillögum landshöfðingja og sýnir það, að hann hefur viljað láta hann ráða mestu um málið. En vjer fáum ekki betur sjeð, en framsetning landshöfðingja á málavöxtum geri þá í ýmsum atriðum ískyggilegri en oss virðist hafa verið ástæða til.

Til þess teljum vjer þessi atriði:

1. Í brjefinu 10. maí 1892 (Fylgiskj. I.) skýrir hann ráðgjafanum frá því, að jafnframt og amtmaður hafi skipað sýslumanni Sk. Thoroddsen að halda áfram rannsókn í sakamáli gegn Sigurði Jóhannssyni, hafi hann »látið sjer verða kunnugt« («gjorde Amtet mig bekjendt med») prófseptirritið, sumpart til þess að leiða í ljós (til Oplysning om) hina miður heppilegu meðferð viðkomandi rannsóknardómara á málinu, og sumpart til þess, að leiða í ljós aðferð hans gagnvart »fanganum«. En þessi orð hlutu að gefa ráðgjafanum hugmynd um, að tilgangur amtmanns með því að láta landshöfðingja verða kunnug prófin, hafi verið sá, að kæra sýslumann, eða að minnsta kosti leiða athygli landshöfðingja að því, að hjer væri nokkuð sem þyrfti að athuga, og þeir mundu því vera sammála um embættisbrot það, sem landshöfðingi talar síðar um í brjefinu. En eins og bent er á að framan kannast hvorugur við, að hjer hafi verið um kæru að ræða.

2. Þegar landshöfðingi kemur svo með tillögur um að víkja sýslumanni þegar í stað frá embætti um stundarsakir, eða senda konungl. kommissarius, til þess að rannsaka aðgjörðir hans, sakir þess að hann hafi eigi gætt að öllu rjetts forms við það, að setja á vatn og brauð fanga, sem grunaður var um morð, þá hlaut ráðgjafinn að fá hugmynd um það, að því aðeins mundi landshöfðingi koma með svona lagaðar tillögur út af þessu atriði, að eitthvað fleira væri athugavert við embættisfærslu þessa manns og landshöfðingi mundi ekki ráðast í að koma með slíkar tillögur fyr en knýjandi ástæða væri til.

3. Á hið sama, að hjer væri um eitthvert verul. embætisbrot aðræða, hlaut og að benda sá hraði, sem landshöfðingja þykir nauðsynlegur, bæði þegar hann óskar að fá komið á rannsókn um meðferð Skúla Thoroddsens í sakamálinu, og þegar hann óskar að mál sje höfðað á móti honum fyrir brot á 127 gr. hegnignarlaganna, sem sjá má af 2 fyrstu brjefum hans um þetta mál (Fskj. I. og IV.).

4. Þegar landshöfðingi svo ræður til þess í brjefinu 30. marz þ. á. að leysa Skúla Thoroddsen frá embætti sínu fyrir fullt og allt, leggur hann mjög mikla áherzlu á það, að hann áliti vera fyrir hendi »nægar sannanir fyrir því, að hann hafi í embættisfærslu sinni sýnt mjög mikinn skort á þeirri regluemi, samvizkusemi og óhlutdrægni, sem heimta verði af hverjum embættismanni (tvertimod foreligge der, efter min Formening tilstrækkelige Beviser for, at han i sin Embedsförelse i höj Grad har ladet det mangle paa den Ordentlighed, Samvittighedsfuldhed og Upartiskhed, som maa forlanges af en Embedsmand«). Þetta hlaut að styrkja það álit hjá ráðgjafanum, að þó að svo færi fyrir dómstólunum sem fór, að Skúli Thoroddsen væri sýknaður í hæstarjetti, þá hlyti að vera meira en lítið að í embættisfærslu hans. Það hlaut jafnvel mjög eðlilega að vekja þá hugsun hjá honum, að það væri líklega að kenna ónýtri eða óheppilegri rannsókn hjer-

aðsdómarans, að eigi varð meira sannað upp á sýslumann en reynd varð á, og átti þá mjög vel heima, að minnast þess að hjeraðsdómarinn var ungur og óreyndur maður.

5. Í sama brjefi (30. marz þ. á.) gjörir hann einnig svo mikið úr aukastörfum Thoroddsens, eins og það sje ómögulegt fyrir hann að gegna vel embættisskyldum sínum sakir þeirra og er það mjög villandi.

6. Og að endingu leggur hann ofmikla áherzlu á hinar pólitisku æsingar hans, sem engan veginn geta talizt svo miklar, síðan hann tók við ritstjórn »Þjóðviljans unga«, sem landshöfðingi gefur í skyn.

Þó að vjer þannig álítum, að framsetning landshöfðingja á málavöxtunum hafi getað gjört þá ískyggilegri en ástæða var til í augum ráðgjafans, svo framarlega sem það hefur eigi verið báðum sameiginlegt áhugamál að fá Skúla Thoroddsen leystan frá embætti fyrir pólitiskar sakir, þá verðum vjer að eigna ráðgjafanum aðallega hin síðustu úrslit málsins, er oss virðast vera brot á stjórnarskránni, samkvæmt áðursögðu, því að þess bar honum sjer í lagi að gæta, að það væri eigi í frammi haft.

Að síðustu getum vjer þess, að oss þykir stjórnin eigi hafa gætt tilhlýðilega hagsmuna landsjóðs, þar sem leystur er frá embætti með eptirlaunum fyrir ekki meiri sakir en oss virðast hjer fyrir hendi, ungur maður, sem lengi má búast við að njóti eptirlauna úr landsjóði, auk þess sem landsjóður hefur þegar haft eigi svo lítinn kostnað af málarekstrinum.

Samkvæmt því er vjer nú höfum sagt, ráðum vjer hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja eptirfylgjandi tillögu til þingsályktunar.

Tillaga til þingsályktunar.

Um leið og neðri deild alþingis lýsir megnri óánægju yfir aðgerðum stjórnarinnar, sjer í lagi landshöfðingja, í málinu gegn fyrverandi sýslumanni og bæjarfógeta Skúla Thoroddsen og yfir fjártjóni því, er landsjóði hefur verið bakað með rekstri þess máls og endalokum frá stjórnarinnar hálfu, ályktar hún að skora á ráðgjafa Íslands, að hafa mikla varúð við, áður en hann samþykkir tillögur hins núverandi landshöfðingja í samskonar málum, ef þau kynnu að koma fyrir framvegis.

Alþingi 18. ágúst 1895.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Einar Jónsson, skrifari og framsögumaður. Guðjón Guðlaugsson.

Sighv. Árnason. Þórður J. Thoroddsen.

Nd. 409. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 386 við frv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Frá Sighv. Árnasyni og Þórði Guðmundssyni.

Ef breytingartillagan „1. gr. frv. falli burt“ verður samþ., komi: „1. gr. Árgjaldið af Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi (100 kr.) skal vera frá fardögum 1895 úr lögum numið“.

Ed. 410. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Frá Sigurði Jenssyni).

Við 10. gr. C. 11. Í staðinn fyrir: „Til Skúla Thoroddsen greiðist 5000 kr“ komi: „Til Skúla Thoroddsens greiðist sem uppbót fyrir fjártjón, er hann hefir beðið við málareksturinnn gegn honum 3000 kr.“

Við 11. gr. Á eptir tölul. 2. komi svo hljóðandi athugasemd:
Styrkveitingarnar til hinna nýju aukalækna koma ekki til útborgunar, fyr en læknar eru skipaðir í hin eldri aukalæknisdæmi.

— — — Á eptir tölul. 3. komi nýr töluliður:
4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Eyjahrepps og Múla- og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu, meðan þar er ekki skipaður aukalæknir — — 200 — — 200 — — 400
Eptirfylgjandi töluliðir breytist samkvæmt því.

Nd.

411. Fylgiskjöl

við nefndarálitið í „Skúlamálinu“.

Fylgiskjal I.

Til
ráðaneytisins fyrir Island
Lh. Rvík, 10. maí 1892.

Svo sem þóknanlegast má sjá af innlögðu, hafði maður nokkur 22. des. f. á. fundist dauður á fjallveginum milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar í Ísafjarðarsýslu með þeim atvikum, að hlutaðeigandi sýslumaður fann ástæðu til að rannsaka málið, og með því að við próf þau, sem út af þessu voru haldin, grunur fjell á mann nokkurn, að nafni Sigurður Jóhannsson, fyrir að vera banamaður hins látna, var hann settur í varðhald 5. jan. þ. á., og haldið í varðhaldi til 20. febr. næst á eptir, en þann dag var hann látinn laus, með því að ekkert varð upplýst er styrkja mætti grun þann, er á hann var fallinn.

Eptir að rannsóknardómarinn hafði sent amtinu eptirrit af prófunum, áleit það, að málið í ýmsum atriðum væri ekki nægilega upplýst, og fyrirskipaði því ný próf, sem eigi eru enn til lykta leidd, en jafnframt gjörði amtið mjer kunnugt hið meðtekna prófseptirrit, sumpart til þess, að leiða í ljós hina miður heppilegu meðferð málsins í heild sinni af hálfu hlutaðeigandi rannsóknardómara, sumpart til þess að leiða í ljós aðferð hans gagnvart fanganum.

Af prófseptirritinu kemur það sem sje í ljós, að rannsóknardómarinn hefur í rjetti 21. jan. þ. á. (eptirritið bls. 22) úrskurðað fanganum vatn og brauð, sakir þess að hann hafi verið þrjózkur, og ekki viljað svara spurningum þeim, er fyrir hann hafi verið lagðar, en án þess það sjáist, að þrjózka hans hafi verið í öðru fólgin en því, að hann hann vildi ekki játa sig sekan í glæp þeim, er á hann var borinn, og án þess það sjáist, hverjum spurningum hann hafi neitað að svara, og loks án þess að fanganum hafi á undan verið gefið til kynna og það bókað, að greindu þvingunarmeðali yrði beitt við hann.

Fanginn situr síðan við vatn og brauð í 6 daga, það er að segja, til 27. s. m. incl., jafnvel þótt hann, bæði hinn 23. og 25. sje yfirheyrður, án þess það sjáist, að hann hafi neitað að svara nokkurri spurningu, er fyrir hann var lögð. Fyrir rjettinum hinn 27. jan. er fanginn settur aptur á venjulegt fangaviðurværi, en honum er gefið í skyn, að hann muni verða aptur settur á vatn og brauð, nema hann gefi von bráðar fullkomna skýrslu (o: fullkomna játningu), og þessi hótun er síðan framkvæmd í rjettinum 30. jan., þegar hann að nýju er settur á vatn og brauð til 4. febr., án þess að nokkuð sje bókað um það, að hann hafi neitað að svara spurningum þeim, er fyrir hann voru lagðar við það rjettarhald.

Með því að aðferð sú, er sýslumaður í Ísafjarðarsýslu Skúli Thoroddsen hefir þannig beitt við fangann Sigurð Jóhannsson, virðist ekki geta rjettlætst af ákvörðununum í allrahæstum úrskurði 23. okt. 1795, verður að líkindum ekki hjá því komist, að hann verði látinn sæta ábyrgð fyrir brot á 127. gr. íslenzkra hegningarlaga, og leyfi jeg mjer út af því undirgefnast að óska leiðbeiningar hins háa ráðaneytis um það, hversu haga skuli rannsókn og meðferð þess máls, er út af þessu bar, að höfða, einkum, hvort ástæða mundi til að víkja sýslu-

manni Thoroddsen þegar frá embætti um stundarsakir. og setja annan mann í hans stað. er þá gæti rannsakað og dæmt greint dómsmál. eða hvort tök muni á. að kveðja setudómara til að rannsaka málið og Thoroddsen eigi vikið frá um stundarsakir. fyr en að rannsókn lokinni og höfðun dómsmáls /væri ákveðin, eða loks, hvort útvega skuli allrahæst „kommissorium“ til rannsóknar og meðferðar málsins án þess að Thoroddsen sje súspenderaður.

Jeg skal bæta við, að einkum sakir manntals-þingahalda mundi ekki vera heppilegt að setja neinn af næstu sýslumönnum til að reka mál það, er hjer ræðir um, og að jeg mundi þess vegna telja rjettast, að meðferð þess væri falin öðrum málsfærslumannanna við landsyfirrjettinn, kand. jur. L. Bjarnason, sem er, að minni ætlan, vel fallinn til og sömuleiðis fús á að taka að sjer greindan starfa.

Loks skal jeg taka fram, að mjer mundi vera það mjög kært að fá svar hins háa ráðaneytis með póstskipsferðinni til baka, með því heppilegt mundi vera. að maður sá, er falinn er rekstur greinds máls, gæti farið hjeðan til Ísafjarðar með póstskipinu „Laura“ 16. júní næstkomandi.

Fylgiskjal II.

Ráðaneytið fyrir Ísland.

Kaupmannahöfn 2. júní 1892.

Jafnframt því að senda hingað í þýðingu eptirrit af prófum, höldnum af sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafjarðarkaupstað, Skúla Thoroddsen, til upplýsingar um atvikin við dauða Salómons Jónssonar, húsmanns á Eyri, í desembermán. f á, er bera með sjer, að Thoroddsen hafi fleirum sinnum, meðan á tjeðum rannsóknum stóð, látið setja tjeðan sakborning á vatns- og brauðs-viðurværi í þeim tilgangi, að því er virðist eptir því sem tilgreint er í rjettarbókinni, að fá með þessu fram játning tjeðs manns, hefir herra Landshöfðinginn í þóknanlegu brjefi frá 10. f. m, eptir að hafa tekið það fram, að tjeður embættismaður geti að líkindum eigi komist hjá að sæta ábyrgð fyrir brot gegn 127. gr. hinna íslenzku hegningarlaga, lagt það undir úrskurð ráðaneytisins, að hve miklu leyti ástæða kynni að vera til þess, að víkja bæjarfógeta Thoroddsen þegar frá embætti um stundarsakir, og setja annan í hans stað, er þá gæti gjört hinar nauðsynlegu rannsóknir, er hjer að lúta og dæma dómsmál það, er þar af kynni að leiða, eða hvort tök muni á að skipa setudómara til að rannsaka málið, án þess að Thoroddsen sje vikið frá um stundarsakir, meðan á rannsókninni stendur, eða loks, hvort útvega skuli allrahæst kommissorium til rannsóknar og meðferðar málsins, sömuleiðis án þess Thoroddsen sje vikið frá um stundarsakir. Þjer hafið auk þess, svo framarlega sem hinn síðast nefndi vegur þætti bezt fallinn, lagt það til, að meðferð málsins sje falin á hendur settum yfirdómsmálsfærslumanni, kand. jur. L. Bjarnason, sem að yðar ætlan er vel fallinn til og sömuleiðis fús á, að taka að sjer greindan starfa.

Í tilefni af þessu, og um leið og það athugast, að ráðaneytið, eptir því sem nú liggur fyrir, ekki finnur alveg nægja ástæðu til að víkja bæjarfógeta Thoroddsen frá embætti um stundarsakir, sendist yður hjermeð þjónustusamlega allrahæst kommissorium, útgefið af ráðaneytinu »ad mandatum,» til handa settum málfærslumanni Bjarnason, til þess

sem rannsóknardómari að hefja rannsókn að því er snertir þann ólöglega verknað, sem Thoroddsen, samkvæmt framangreindu, væntanlega hefir framið, og umbiðst kommissorium þetta án tafar afhent Bjarnason málfærslumanni, og honum gefið til vitundar, að eptirrit af prófum þeim, er hann heldur sem slíkur, beri, eptir lok rannsóknarinnar, tafarlaust að senda hingað fyrir milligöngu yðar.

J. Nellemann.

John Finsen.
Ass.

Til Landshöfðingjans yfir Íslandi.

Fylgiskjal III.

. . . . . .

(Konunglegt Kommissorium).

Kristján níundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda- og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Lauenborg og Aldinborg.

Vita skalt þú, settur málfærslumaður við Vorn konunglega íslenzka landsyfirrjett candidatus juris L. Bjarnason, að með því að Oss hefur allra þegnsamlegast verið tjáð, að Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað innan Vesturamtsins á Voru landi Islandi, hafi, sem rannsóknardómari í sakamáli nokkru, til upplýsingar um atvikin við dauða Salómons húsmanns Jónssonar á Eyri í desembermán. f. á., beitt ólöglegri þvingun til þess að kúga fram játningu eða skýrslu, þá er það Vor allra náðugasti vilji og skipun, að þú sjert til þess búinn, að hefja rjettarrannsókn um framkomu tjeðs dómara í máli þessu.

Til framkvæmdar starfa þessum, sem þjer þannig er falinn, viljum Vjer allra náðugast veita þjer vald til þess, að setja rjett í hverju því lögsagnarumdæmi og á hverjum þeim stað, er þjer kynni að þykja ástæða til, sem og til þess, að undangenginni löglegri málsmeðferð og samkvæmt lagareglum þeim, er í því efni gilda, að taka þá menn fasta, er nauðsyn kynni að þykja til, samkvæmt gangi rannsóknarinnar, sem og að halda þeim í gæzlu á þeim stað, er í hvert skipti kynni að þykja haganlegast, málinu til upplýsingar og til að koma í veg fyrir skaðlegar samgöngur („skadelig Kommunikation").

Svo skal og hver sá, sem þjer kynni að þykja ástæða til að kalla, til þess að gefa skýrslu, og sem dvelur innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem prófið er haldið, eða sem að öðru leyti ekki dvelur í meira en 3 mílna fjarska frá þeim stað, vera skyldur til þess sine exceptione fori* að mæta fyrir þjer í rjettinum.

Loks viljum Vjer veita þjer vald til þess að taka sem rjettarvotta hvern þann, sem þú kynnir að álíta til þess fallinn.

Skyldi þjer, meðan á rannsókninni stendur, þykja ástæða til að sækja um einhverja frekari ráðstöfun, að því er kemur til starfa þess, sem þjer er á hendur falinn, og sem eigi má þegar teljast heimiluð með hinu ofangreinda, áttu

því viðvíkjandi, með milligöngu landshöfðingjans yfir Islandi. að snúa þjer til ráðaneytis Vors fyrir Island.

Þetta er vilji Vor!

Felandi þig guði!

Ritað í aðsetursstað Vorum,
Kaupmannahöfn 2. júní 1892.

Undir Voru Konunglega innsigli
(L. S.)

Samkvæmt allra náðugastri skipun hans Konunglegu Hátignar.
J. Nellemann.

Jóhn Finsen
ass.

Til setts málfærslumanns við hinn Konunglega íslenzka landsyfirrjett cand. jur. L. Bjarnason.

---

* Án tillits til varnarþings.
Þýð.

Fylgiskjal IV.

Landshöfðinginn yfir Islandi
Reykjavík, 26. júlí 1892.
Til
ráðaneytisins fyrir Island.

Eptir að settur málfærzlumaður við landsyfirrjettinn L. Bjarnason samkvæmt allrahæztu kommissorio dags. 2. f. m. hefur framkvæmt rjettarrannsókn út af aðferð sýslumanns í Isafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Isafirði, sem rannsóknardómara í glæpamáli til að fá upplýst þau atvik er lágu að dauða Salómons Jónssonar húsmanns, og þessari rannsókn er nú lokið, skal jeg leyfa mjer undirgefnast að senda eptirrit af prófum þeim, er þannig hafa verið haldin, ásamt danskri þýðingu, svo og fylgiskjali in originali.

Um leið og jeg að öðru leyti skýrskota til brjefs míns dags. 10. maí þ. á. um þetta mál, skal jeg leyfa mjer að taka fram, að jeg sje ekki betur en fullkomin ástæða sje til að höfða dómsmál á hendur sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen fyrir brot á 127. grein hegningarlaganna, og að þar af leiðandi beri að víkja honum frá embætti þar til málinu er ráðið til lykta með dómi, og í sambandi við þetta hlýtur það að líkindum að koma til álita, hvort ekki mundi vera ástæða til að höfða mál gegn nokkrum af vitnum þeim, sem við rannsókn þá, er hjer ræðir um, voru yfirheyrð, fyrir rangan framburð fyrir rjettinum. Jeg skal í því tilliti leiða athygli að því „fakto“, að vitni þau, er sýslumaður og bæjarfógeti Thoroddsen hafði við prófin yfir Sigurði Jóhannssyni, en annað þeirra er fjósamaður hans á vetrum, hafa skýrt svo frá við fyrsta prófið sem málfærzlumaður L. Bjarnason hjelt, að greindur S. Jóhannsson hafi ekki neitað, að svara neinni þeirri spurningu, er rannsókn-

ardómarinn lagði fyrir hann, og ekki sýnt neinn mótþróa, en að þau, að loknu prófi, hafa, eptir áskorun sýslumanns Thoroddsens komið á fund hans, og eptir að hafa skýrt honum frá höfuðágripinu af framburði sínum fyrir rjettinum, undirskrifað yfirlýsingu, tilbúna af honum (Thoroddsen) og með hans eigin hendi skrifaða, þar sem þau undir eiðstilboð vitna beint hið gagnstæða því, er þau höfðu borið í rjettinum sama dag. svo sem þau og hafa síðar, í samræmi við þetta, að nokkru leyti kallað aptur fyrir rjetti sinn fyrra framburð. Að lokum gæti verið ástæða til að rannsaka embættisfærslu sýslumanns Thoroddsen einnig í öðrum greinum, þegar litið er til framburðar hans við prófið 18. f. m. um það, að bókun hans við rannsóknina gegn S. Jóhannssyni hafi í fleiru en einu atriði verið röng.

Með því að póstskipið Laura á að fara til Isafjarðar næstu ferð sína frá Kaupmannahöfn, væri mjer kært, að fá úrskurð hins háa ráðaneytis í máli þessu með greindri póstskipsferð.

Hið frumritaða fylgirit sem hjer með fylgir, óskast endursent.

Fylgiskjal V.

Ráðaneytið fyrir Island.
Kaupmannahöfn 15. ágúst 1892.

Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 26.f. m. meðtekið eptirrit það, sem hingað var sent af prófum þeim, sem samkvæmt allra hæstu kommissorio frá 2. júní þ. á. hafa verið haldin af yfirdómsmálfærslumanni L. Bjarnason, til upplýsingar um framkomu Skúla Thoroddsens, sýslumanns í Isafjarðarsýslu og bæjarfógeta í Isafjarðarkaupstað, sem rannsóknardómara í glæpamáli til upplýsingar um atvikin við dauða Salómons húsmanns Jónssonar, er ekki látið hjá líða. að gefa yður hjer með þjónustusamlega til kynna til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðaneytið, samkvæmt því, sem þannig er upplýst orðið, verður að vera yður samdóma um það, að málið gegn tjeðum sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen eigi að rekast við dómstólana, og álízt að hann, að lokinni rannsókn, eigi að ákærast fyrir brot gegn 125., 127., 135., 142. og 144. grein hinna íslenzku hegningarlaga. Þar sem þjer því næst leiðið athygli að því, hvort ekki kynni að vera ástæða til að höfða mál gegn nokkrum af vitnum þeim, sem yfirheyrð voru við rannsókn þá, er hjer um ræðir, fyrir rangan framburð fyrir rjettinum, þá þykir það, sem fram hefur komið við prófin, ekki gefa alveg næga ástæðu til þessa.

Með því nú fyrst um sinn á, samkvæmt ofansögðu, að vikja sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen frá embætti um stundarsakir, eruð þjer hjer með þjónustusamlega beðinn að hlutast þóknanlega til um, að nefndu embætti verði á meðan gegnt viðunanlega með því, að setja í það hæfan mann, og ber einnig að fela honum hina frekari meðferð fyrgreinds máls, og að fella væntanlegan dóm í undirrjetti.

Fylgiskjal það í frumriti, er fylgdi brjefi yðar, endursendist hjer með, og eruð þjer jafnframt þóknanlega beðinn að afhenda sýslumanni og bæjarfó-

geta Thoroddsen meðfylgjandi 3 fylgiskjöl í frumriti, er send hafa verið hingað beina leið.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.

Til
landshöfðingjans yfir Islandi.

Fylgiskjal VI.

Landsh. Rvík, 29. ágúst 1892.

Til
setts sýslumanns í Isafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Isafirði Lárusar K. Bjarnasonar.

Eptir að ráðgjafanum fyrir Island hafði verið sent eptirrit af prófum þeim, er þjer samkvæmt allra hæstu Commissorio dags. 2. júní þ. á. hjelduð í sumar út af grein. um að sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen hefði beitt ólöglegri þvingun til þess að koma sakborningi til að játa á sig glæp, hefur ráðgjafinn í brjefi dags. 15. þ. m. mælt svo fyrir, að framhaldið skuli rannsókn gegn greindum Skúla Thoroddsen, er samkvæmt því, er þegar er framkomið, virðist hafa brotið gegn 125., 127., 135., 142. og 144. grein hinna almennu hegningarlaga.

Jeg skal því, jafnframt því að senda yður frumpróf þau, er þjer áður hafið hingað sent ásamt 12 fylgiskjölum og með skýrskotun til annars brjefs míns til yðar dags í dag, þjónustusamlega skora á yður að halda áfram hinni byrjuðu rannsókn, sjerstaklega að því er snertir það atriði, hvort fanginn Sigurður Jóhannsson hafi með framkomu sinni gefið löglegt tilefni til þess, að beitt væri við hann vatns og brauðs þvingun í þau tvö skipti, sem honum var úrskurðað slíkt, og auk þess rannsakð allt það, er yður kann tortryggilegt að þykja viðvíkjandi embættisfærzlu Skúla Thoroddsens og framkomu hans sem dómara einnig í öðrum málum.

Eptirrit af prófunum ber að senda hingað á sínum tíma.

Fylgiskjal VII.

Ráðaneytið fyrir Island.

Kaupmannahöfn 28. febrúar 1895.

Jafnframt því að senda meðfylgjandi eptirrit af dómi hæstarjettar, uppkveðnum 15.þ.m., sem sýknað hefur suspenderaðan bæjarfógeta Skúla Thoroddsen af kæru sóknarans í sakamáli því, er gegn honum hafði verið höfðað fyrir ýms embættisbrot, en þó svo, að á hann er lagður $^1/_8$ af kostnaði sakarinnar, og um leið og því er við bætt, að fyrir hönd Thoroddsens hefur verjandi hans við

hæstarjett farið þess á leit, að súspension hans verði hafin og hann aptur settur inn í embætti sitt, sem bæjarfógeti í Ísafarðarkaupstað og sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, vill ráðaneytið hjer með þjónustusamlega beiðast þóknanlegrar umsagnar herra landshöfðingjans um það, hvað rjettast kynni að vera að gjöra, eptir því sem fram hefur farið, að því er snertir stöðu bæjarfógeta Thoroddsen, sem hefur veitingu fyrir nefndu embætti, en sem, eins og stendur, er súspenderaður.

Fyrir hönd ráðaneytisins
A. Dybdal.

Óláfur Halldórss.

Til
landshöfðingjans yfir Islandi.

Fylgiskjal VIII.

Til
ráðaneytisins fyrir Ísland
Lb. Rvík, 30. marz 1895.

Í þóknanlegu brjefi dags. 28. þ. m. hefur hið háa ráðaneyti sent hingað eptirrit af dómi hæstarjettar uppkveðnum 15. f. m., þar sem súspenderaður bæjarfógeti Skúli Thoroddsen er sýknaður af kæru sækjanda í dómsmáli því, er höfðað hafði verið gegn honum fyrir ýmisleg embættisafglöp, þó þannig, að honum er gjört að greiða $\frac{1}{4}$ málskostnaðar, jafnframt og ráðaneytið getur þess, að verjandi Thoroddsens fyrir hæstarjetti hafi sótt hans vegna um það, að hann yrði settur aptur inn í embætti sitt sem bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað og sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, og hefur svo hið háa ráðaneyti óskað álits míns um það, hvað mundi, samkvæmt því er fram hefir farið, vera rjettast að gjöra með tilliti til stöðu Thoroddsens, sem nú er suspenderaður, en hefir veitingu fyrir greindu embætti.

Út af þessu skal eg leyfa mjer undirgefnast að taka fram það, sem nú skal greina.

Af ástæðum þeim, er fylgja áðurnefndum dómi hæstarjettar kemur í ljós, að sýslumaður og bæjarfógeti Thoroddsen er sýknaður af kæru sækjanda í dómsmáli því, er gegn honum var höfðað, með því, að við rannsóknir þær, er haldnar voru, ekki þótti næg sönnun, er dómfelling yrði byggð á, fengin fyrir því, að hann hefði gjört sig sekan í embættisbrotum þeim, er hann var sakaður um, en með því er engan veginn sannað, að framkoma hans sem embættismanns hafi verið svo fullnægjandi, að hann geti álitist hæfur til að halda áfram að gegna embætti því, er hann hefir verið leystur frá að þjóna um stundarsakir; þvert á móti eru fyrir hendi, að minni ætlan, nægar sannanir fyrir því, að hann hefur í embættisfærslu sinni sýnt mjög mikinn skort á þeirri reglusemi samvizkusemi og óhlutdrægni, sem heimta verður af hverjum embættismanni. Þessir gallar á embættisfærslu hans stafa ekki af því, að hann skorti gáfur þær og þekkingu, sem nauðsynleg er til að geta gegnt sýslumannsembætti á fullnægjandi hátt, heldur af tilhneigingu hans til að gefa sig við málum, sem eru óviðkomandi embættisstöðu hans, og verja mestum tíma sínum til þeirra; þannig hefir hann, nálega

frá því hann tók við embætti, sumpart leynilega, sumpart opinberlega verið ritstjóri blaðs, sem komið hefir út á Ísafirði, svo og aðalforstjóri verzlunarfjelags (eins konar kaupfjelags) í Ísafjarðarsýslu, en sjer í lagi hefur hann jafnt og þjett haldið fram harðsnúnum pólitiskum æsingum í fjandsamlega stefnu gagnvart stjórninni, sem, auk þess að vera ósamrýmanlegar við embættisstöðu hans, hafa og leitt huga hans frá embættisstörfunum og haft áhrif á embættisþjónustu hans. Væri nú Thoroddsen settur aptur inn í embætti sitt sem bæjarfógeti á Ísafirði og sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, er enginn efi á því, að hann mundi, ef ekki opinberlega, þá samt leynilega, halda áfram starfi sínu, sem ritstjóri, verzlunarstjóri og pólitiskur æsingamaður, og, sakir þessarar prefölduu starfsemi, vanrækja embættisskyldur sínar, en eins og jeg þegar af þessari ástæðu ekki get ráðið til að hann verði settur inn í embætti sitt, svo verð jeg og að leggja sjerlega áherslu á, að veiti stjórnin fulla uppreisn manni eins og Thoroddsen, sem hefir sett sjer það fyrir mark og mið, að vekja óánægju hjá þjóðinni með athöfnir stjórnarinnar og beinlínis gjört sjer far um að sýna yfirboðurum sínum lítilsvirðingu, mundi það brjóta niður alla hlýðni og virðingu hjá undirgefnum embættismönnum gagnvart yfirboðurum þeirra.

Jafnvel þótt það þannig, eptir minni ætlan, mundi hafa óheppilegar afleiðingar, ef Thoroddsen væri settur aptur inn í stöðu sína, svo sem ekkert hefði í skorizt, álít jeg hann eigi, út af fyrir sig, óhæfan að gegna sýslumannsembætti, svo framarlega sem hann notaði tíma sinn og hæfileika til gæzlu embættis síns, en ekki til annara óviðkomandi starfa, og þó ekki verði búist við slíku meðan hann dvelur á þeim stað, er hann hingað til hefir rekið sín margháttuðu störf, virðist mega vænta þess, að hann, ef hann yrði fluttur í annað embætti, sjerstaklega sýslu upp í landi, svo sem Rangárvallasýslu, mundi þá láta reynsluna kenna sjer að hætta við hina fyrri starfsemi sína, er ekki snertir embættið, og helga starfsþrek sitt gæzlu embættisins, svo við megi hlíta.

Með skýrskotun til þess, sem jeg þannig hef tekið fram, leyfi jeg mjer undirgefnast að leggja til, að áðurgreindur Skúli Thoroddsen verði ekki settur aptur inn í embætti sitt sem bæjarfógeti á Ísafirði og sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, heldur að hið háa ráðaneyti, með tilkynningu til hans embættisveginn, gefi honum kost á, að verða skipaður í annað sýslumannsembætti svo sem Rangárvallasýslu sem nú er laus, ef hann sækti um hana og að hann, svo framarlega sem hann þiggur ekki slíkan flutning, verði leystur frá embætti með eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögunum.

Fylgiskjal IX.

Eptir að vjer höfum farið yfir skjöl þau, er vjer höfum fengið frá yður, háv. h. lh., viðvíkjandi hinu svo nefnda «Skúlamáli», þykir oss nauðsynlegt, áður en vjer komum fram með tillögur vorar í því máli, að biðja yður um skýringar á nokkrum atriðum, er nefnd skjöl hafa gefið oss sjerstakt tilefni til að athuga nákvæmar.

Þessi atriði, er vjer virðingarfyllst óskum skýringar á eru:

1. Hvort nokkuð annað en prófin í hinu svonefnda «Skurðsmáli», þau er fyrv. sýslum. og bæjarfóg. Sk. Thoroddsen hjelt, hafi gefið tilefni til þess, að ráðgjafinn fyrir Ísland álítur í brjefi sínu til yðar, dags. 15 ág. 1892, að Sk. Thoroddsen eigi, að lokinni rannsókn á meðferð hans á nefndu «Skurðsmáli», að ákærast fyrir brot gegn 125. 127., 135., 142. og 144. gr. hinna ísl. hegningarlaga og sje svo, óskar nefndin upplýs-

ingar um hvað það hafi verið.

2. Hver þau atriði eru, sem þjer í brjefi yðar til ráðaneytisins 30. marz þ. á. álítið vera «tilstrækkelige Beviser for, at Sk. Thoroddsen i sin Embedsförelse i höj Grad har ladet det mangle paa den Ordentlighed, Samvittighedsfuldhed og Upartiskhed, som maa forlanges af enhver Embedsmand». Þó skal það tekið fram, í þessu sambandi, að vjer eigum ekki við nein þau sakaratriði, er hæstirjettur hefir haft um að fjalla og eigi álitið nægilega sönnuð.

3. á hverju þau ummæli yðar í fyrnefndu brjefi yðar eru byggð, «at det ikke kan betvivles, at Sk. Thoroddsen, om ikke aabenlyst, saa dog hemmelig vildi fortsætte sin Virksomhed som Redaktör, Handelsbestyrer og politisk Agitator og for denne tredobbelte Virksomheds Skyld forsömme sine Embedspligter», hvort nokkuð hefir verið gert af stjórnarinnar hálfu til þess, að fá Sk. Thoroddsen til að hætta þessum störfum og hafa sjer samkvæmara því, er stjórninni hefir þótt betur eiga við af honum sem embættismanni, og

4. í hverju það hefir komið fram; að hann hafi «ligefrem lagt an paa at vise sine Foresatte Ringeagt», sjer í lagi, hvort það hafi komið fram í viðskiptum hans við yfirboðara sína í embættismálefnum.

Ofannefndar skýringar er oss kært að geta fengið sem allra fyrst.

Alþingi 14. ágúst 1895.

Fyrir hönd nefndarinnar í Skúlamálinu.

Sigurður Gunnarsson.

Einar Jónsson.

Fylgiskjal X.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Reykjavík 14 ágúst 1895.

Í brjefi, dagsettu í dag, hefur hin heiðraða nefnd í „Skúlamálinu" beiðzt skýringa um nokkur atriði, sem henni virðist skjöl, er hún hefur fengið í hendur snertandi tjeð mál, gefa tilefni til að athuga nákvæmar.

Út af þessu skal jeg geta þess, er hjer fer á eptir:

1. Mjer er ókunnugt um það, hvort nokkuð annað en próf þau, sem fyrverandi sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen hafði haldið í hinu svonefnda Skurðsmáli, hefur gefið tilefni til þess, að ráðgjafinn í brjefi sínu til mín 15. ágúst 1892 úrskurðaði, að tjeður Skúli Thoroddsen skyldi ákærast fyrir brot gegn þar til færðum 5 greinum í hegningarlögunum, en á hinn bóginn er mjer ekki kunnugt um neitt, sem bendi á, að svo hafi verið.

2. Þar sem jeg ekki hef í höndum brjef mitt til ráðgjafans 30. marz þ. á. nje eptirrit af því, er mjer ekki auðvelt að gefa skýringar um einstakar setningar í því rifnar út úr samanhengi við það, sem á undan er farið og eptir fer; en setning sú, sem hin heiðraða nefnd hefur fært til undir þessum tölulið, mun eptir öllu sambandinu eiga að skiljast svo, að þó hæstirjettur hefði í dómi sínum ekki álitið sakaratriði þau, sem málið gegn Skúla Thoroddsen var höfðað út af, svo vaxin, að á þeim yrði byggður áfellisdómur til hegningar, þá sje undir rekstri málsins komnar fram nægar sannanir fyrir

því, að hann hafi ekki í embættisfærslu sinni viðhaft þá reglusemi, samvizkusemi og óhlutdrægni, sem heimta verði af embættismönnum.

3. Ummæli mín, þau er tilfærð eru undir þessum tölulið, eru, eins og þau líka bera með sjer, byggð á persónulegri sannfæringu minni, sem aptur er byggð á öllu því, sem mjer er kunnugt um framferði Skúla Thoroddsens undanfarin ár. Að öðru leyti skal þess getið, að jeg hef fyrir nokkrum árum munnlega brýnt fyrir Skúla Thoroddsen, að það væri ekki sæmilegt fyrir embættismann í hans stöðu, að taka þátt í ritstjórn blaðs, sem flytti aðrar eins greinir gegn stjórninni, eins og blað það, sem þá kom út á Ísafirði, bar á borð fyrir lesendur sína.

4. Orð þau, sem eru tilfærð undir þessum tölulið, eiga sjerstaklega við framkomu Skúla Thoroddsens gagnvart yfirboðurum sínum í blaði því, sem hann hefur verið útgefandi og ábyrgðarmaður að síðastliðin ár.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Til
Nefndarinnar í »Skúlamálinu«.

Fylgiskjal XI.

Ráðaneytið fyrir Ísland.
Kaupmannahöfn 22. apríl 1895.

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef herra landshöfðingjans frá 30. f. mán., eruð þjer hjer með þjónustusamlega beðinn að tjá súspenderuðum bæjarfógeta á Ísafirði og sýslumanni í Ísafjarðarsýslu Skúla Thoroddsen það þóknanlega, að ráðaneytið fyrir Ísland ekki finni ástæðu til þess, að setja hann aptur inn í ofangreint embætti, en álíti nauðsynlegt, ef það á annað borð eigi að geta komið til mála, að hann verði í þjónustu ríkisins, að hann, í þess págu, flytjist í annað sýslumanns embætti, er hann, eptir því sem nú liggur fyrir, ekki geti talist ófallinn til að takast á hendur. Slíkt embætti telur ráðgjafinn sýslumannsembættið í Rangárvallasýslu, sem nú er laust, og ef hann því sækir um það, mun það verða lagt til, að honum verði veitt það. En, ef slík umsókn sje ekki komin til ráðaneytisins í seinasta lagi með póstskipi því, sem eptir ferðaáætluninni á að koma til Kaupmannahafnar 4. júlí næstkomandi, hefur ráðaneytið í huga að leggja til að honum verði veitt lausn frá embætti því, sem hann nú hefur, með eptirlaunum samr kvæmt eptirlaunalögunum.

J. Hellemann.

Ólafur Halldórsson.

Til
landshöfðingjans yfir Íslandi.

Nd. **412. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um eyðing sela.

Vjer, sem hin háttvirta neðri deild skipaði í nefnd til þess að íhuga mál þetta, skýrum hjer með frá áliti voru.

Vjer nefndarmenn erum allir á sömu skoðun um það, að mikið mæli með því, að gjöra selinn rjettdræpan í laxveiðiám og á sem flestum stöðum umhverfis strendur landsins, þar sem það er sannað, að selurinn er rándýr, sem leggst á ýmsar þær fiskitegundir, er landsmenn hafa mestan arð af; en á hinn bóginn blandast nefndinni heldur eigi hugur um það, að selveiðin á ýmsum stöðum sje veruleg tekjugrein fyrir þá, er hennar njóta, svo að eigi sje gjörlegt að eyðileggja hana án nokkurs endurgjalds, þar sem eigi er fullkomin vissa fyrir því, að tekjur þeirra af annari veiði aukist að sama skapi.

Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, fer fram á það, að selur skuli rjettdræpur í öllum þeim ám og vötnum, ósum þeirra og hálfa mílu út frá þeim, sem lax eða silungur gengur í, að undanskildum Breiðafirði. Nefndin er þessu samdóma að því er snertir laxveiðiár, nema hvað henni þykir of langt farið, ef selurinn er gjörður rjettdræpur hálfa mílu út frá ósum þeirra, enda er sjáanlegt, að hið mesta er fengið við það, að styggja selinn úr sjálfum ánum og ósum þeirra; en þar sem nefndin komst að þessari niðurstöðu, álítur hún, að óþarft sje að undanskilja Breiðafjörð, með því að þar er um fáar laxár að ræða og enga mjög nálægt selalátrum. Nefndin er þeirrar skoðunar, að laxveiði sje svo veruleg tekjugrein, að hlynna ætti að henni á allan hátt, en aptur á móti álítur nefndin, að silungsveiði í ám sje fremur lítil atvinnugrein og á sumum stöðum næsta óveruleg, svo að eigi sje gjörlegt, að eyðileggja annan þýðingarmikinn atvinnuveg vegna hennar, enda vill nefndin að svo stöddu eigi fara lengra en svo, að selur sje rjettdræpur að eins í þeim ám og ósum, sem laxveiði er.

Einn nefndarmanna (Þórður Guðmundsson) kveðst mótfallinn því, að ákvæði frumvarps þessa nái til Þjórsár af þeirri ástæðu, að í á þessari sje mikil selveiði, en að eins tveir laxveiðendur við hana, svo að skaðabætur þær, sem laxveiðendur við Þjórsá yrðu að greiða, hlytu að verða mjög þungur skattur. Fjellst nefndin því á, að ákvæði frumvarpsins nái eigi til Þjórsár.

Af framangreindum ástæðum leyfir nefndin sjer, að leggja til, að hin háttvirta neðri deild alþingis samþykki frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum og viðaukum:

1. Í staðinn fyrir orðin: „Vötnum — út frá þeim“, komi: „árósum, sem laxveiði er í“.
2. Í staðinn fyrir orðin: „þó ná lög þessi“ o. s. frv., komi: „svo langt er sjór fellur út“.

   Grein þessi verði 1. gr.

   Á eptir hana komi 4 nýjar greinar.

3. Við 2. gr. Skotmaður á hálfa veiði, en hinn helminginn á sá, er landsnytjar hefur.
4. — 3. — Selveiðaeigendur geta krafist bóta fyrir þann skaða, er þeir bíða fyrir rýrnun eða gjöreyðing sels fyrir landi þeirra. Hlutaðeigandi sýslunefnd ákveður bæturnar fyrir hvert 5 ára tímabil þannig, að

hún að fengnum nægilegum upplýsingum metur jörð þá, er selveiðina á, til eptirgjalds með selveiðinni og án hennar, og er mismunurinn upphæð þess gjalds, sem ber að greiða þeim, er selveiðina missa. Sýslunefndin jafnar þessu gjaldi niður að rjettu hlutfalli við laxveiði hvers eptir síðustu 5 ára reynzlu á alla þá, er laxveiði stunda í á þeirri, er selveiðinni er eytt í, svo og ám þeim, sem lax gengur í, og renna í aðalána.

5. — 4. — Skaðabætur þær, er laxveiðaeigendum ber að greiða samkvæmt 3. gr., innnheimtir sýslumaður á manntalsþingum og afhendir þær selveiðaeigendum fyrir lok ágústmánaðar sama ár.

6. — 5. — Lög þessi ná eigi til Þjórsár.

Neðri deild alþingis 19. ágúst 1895.

Eiríkur Gíslason, formaður. Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögum. Þórður Guðmundsson. Björn Sigfússon. Tryggvi Gunnarsson.

Nd. 413. **Tillaga**

til þingsályktunar um kennslu í íslenzkri tungu. Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson.

Neðri deild alþingis skorar á stjórnina að hlutast til um:

1. Að skipuð sje nefnd manna til þess að gjöra tillögur um, hverri rjettritun kuli fylgja við kennslu í íslenzkri tungu.

2. Að öllum kennslustofnunum og kennurum, sem njóta styrks af almannafje, sje gjört að skyldu, að kenna þá rjettritun eina, er nefndin hefur álitið heppilegasta og stjórnin síðan samþykkt.

3. Að samdar sjeu ýtarlegar ritreglur eða orðabók með hinni fyrirskipuðu rjettritun til leiðbeiningar fyrir kennara og þá aðra, er rjetta stafsetning vilja nema tilsagnarlaust.

4. Að fyrirskipað verði, að kennarar í íslenzkri tungu noti ekki einvörðu fornrit vor við kennsluna, heldur láti lærisveinana einnig lesa valda kafla úr ritum seinni alda, einkum úr ritum hinna beztu skálda og rithöfunda 19. aldarinnar.

5. Að við kennsluna í íslenzkri málfræði sje aðaláherzlan lögð á að kenna rjetta orðaskipun og sögu tungunnar.

6. Að lagt sje fyrir kennara í íslenzku, að hafa það eigi fyrir aðalreglu við íslenzka stýlagjörð, að láta lærisveina snúa köflum úr útlendum ritum á íslenzku.

7. Að yfirstjórn kennslumálanna skýri frá því opinberlega, hverjar íslenzkar kennslubækur hún álíti hæfar í hverri fræðigrein eða vilji helzt mæla með, ef um fleiri er að velja.

Ed. 414. **Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólmaprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Eptirlaun núverandi uppgjafaprests í Hólma prestakalli, skulu frá ardögum 1895 greiðast að öllu leyti úr landsjóði.

Nd. 415. **Frumvarp**

til laga um flutning þurfamanna. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Þurfamenn má eigi flytja til átthaga sinna, nema áður sje sannað, hvar þeir eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar, eða fullnaðarúrskurði yfirvalds.

2. gr. Ef þurfamaður á að flytjast til framfærslusveitar sinnar, skal sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar flutt er, svo og hve margt fólk er í förinni, ef um fjölskyldu er að ræða. Enn fremur gjörir lögreglustjóri allar nauðsynlegar ráðstafanir fyrir flutningnum.

3. gr. Þurfamenn skal flytja sem næst beinni leið, hvort heldur landveg eða sjóveg. Svo skal haga flutningi þurfamanna, að lífi þeirra eða heilsu sje eigi stofnað í hættu. Ef þurfamaður sætir illum aðbúnaði eða skeytingarlausri meðferð í flutningi, varðar það sektum, allt að 100 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir renna í fátækrasjóð framfærslusveitar þurfamannsins.

4. gr. Kostnað við flutning þurfamanna skal að hálfu greiða úr sjóði þess sýslufjelags eða bæjarfjelags, þar sem fyrst er gjörð ráðstöfun fyrir flutningnum, en hinn helmingur kostnaðarins greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, þar sem þurfamaður á framfærslurjett.

5. gr. Hjer með er úr lögum numin 8. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834 um fátækramálefni og opið brjef 17. apríl 1868 um kostnað við flutning þurfamanna.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1896.

Ed. 416. **Frumvarp**

til laga um breytingu á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

Jörðin Hrafnagil (heimajörðin) leggist til Grundarþinga prestakalls. Til Akureyrarprestakalls greiðist 150 kr. úr landsjóði. Uppbót þessi úr landsjóði fellur úr gildi við næstu prestaskipti í prestakallinu.

Nd. 417. **Frumvarp**

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.

1. gr. Á Íslandi skal vera bannað að búa til vínandadrykki og áfenga maltdrykki og sjerhverja aðra áfengisvökva, er ætlaðir sjeu til drykkjar.

Þó skal leyft að brugga öltegundir, er eigi hafa meira en 2° styrkleika.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til landsjóðs 10—2000 kr., og skulu vínföng þau, er búin hafa verið til og áhöld þau, er notuð hafa verið við tilbúninginn, upptæk, og rennur andvirðið í landsjóð.

Ed. 418. **Tillaga**

til þingsályktunar um ferðir landpóstanna. (Eins og hún var samþykkt við síðari umr. í Nd.).

Alþingi skorar á landstjórnina að sjá um:

1. að teknar verði upp 15 aðalpóstferðir milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og Reykjavíkur og Seyðisfjarðar norðanlands, svo að 15 ársferðir verði á öllum aðalpóstsleiðum landsins, og sett verði sem haganlegast samband milli allra aðalpóstleiðanna og sömuleiðis milli póstferðanna á landi og póstferðanna á sjó eptir því sem því verður við komið.
2. að þegar svo ber við, að póstskip, sem á að koma til Reykjavíkur að vetrinum, áður en póstferð hefst þaðan á landi, kemur eigi fyr en póstar eru farnir, þá sje sent á eptir honum með brjef þau, er koma frá útlöndum, eptir því sem líkindi þykja til, að komið geti að liði.
3. að póstafgreiðslan á Höfða í Suðurmúlasýslu sje flutt að Egilsstöðum.
4. að aðalpósturinn frá Reykjavík til Odda verði látinn koma við í Kálfholti, meðan eigi er lagður þjóðvegurinn frá Þjórsárbrúnni að Ytri-Rangá.
5. að aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Hjarðarholts verði látinn koma við í Vigur í báðum leiðum.
6. að aukapóstur sje látinn ganga frá Ási í Holtum eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Háf í Háfshverfi og Hábæ í Þykkvabæ að Grímsstöðum í Vestur-landeyjum og sömu leið til baka, og brjefhirðing stofnuð á Grímsstöðum.
7. að aukapósturinn frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd verði á vetrum látinn ganga niður á Akranes einnig eptir komu aðalpóstanna að sunnan og ný brjefhirðing stofnuð í Vogatungu.
8. að aukapóstur verði látinn ganga frá Hesti að Lundi í Lundarreykjadal eptir komu sunnanpóstsins að Hesti, og brjefhirðing stofnuð á Lundi.
9. að aukapóstur gangi á sumrum frá Búðum fyrir sunnan Snæfellsjökul til Ólafsvíkur.

10. að 3 aukapóstferðum sje bætt við frá Stykkishólmi til Flateyjar að vetrinum.
11. að aukapósturinn milli Bæjar í Króksfirði og Staðar í Hrútafirði verði látinn ganga frá Kleifum í Gilsfirði að Stað.
12. að ný brjefhirðing verði stofnuð á Vattarnesi í Múlasveit í Barðastrandarsýslu.
13. að aukapósturinn milli Bæjar í Króksfirði og Bíldudals verði látinn ganga að Selárdal og þar stofnuð brjefhirðing.
14. að aukapóstur verði látinn ganga frá Isafirði að Tröð í Álptafirði eptir komu vestanpóstsins og þar sje stofnuð brjefhirðing.
15. að aukapóstur verði látinn ganga á sumrum frá Ísafirði að Hóli í Bolungarvík eptir komu vestanpóstsins og þar stofnuð brjefhirðing.
16. að aukapóstur gangi frá Arngerðareyri að Ármúla, eptir komu vestanpóstsins að sunnan og þar sett brjefhirðing.
17. að brjefhirðing verði stofnuð á Skarði í Bjarnarfirði í Strandasýslu.
18. að brjefhirðingin á Kálfanesi í Steingrímsfirði sje færð að Hrófbergi.
19. að bjefhirðing sje stofnuð á Kirkjubóli í Tungusveit í Strandasýslu.
20. að brjefhirðingin á Kollafjarðarnesi sje flutt að Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði.
21. að aukapósturinn, sem nú gengur milli Bæjar í Króksfirði og Kálfaness, verði látinn ganga frá Bæ eptir komu aðalpóstsins frá Ísafirði um Tröllatungu að Kirkjubóli í Tungusveit og þaðan aptur um Stóra-Fjarðarhorn og Kleifar í Gilsfirði að Bæ.
22. að aukapóstur verði látinn ganga frá Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu, eptir komu sunnanpóstsins þangað, að Ási í Vatnsdal, og þar stofnuð brjefhirðing.
23. að aukapósturinn frá Sveinsstöðum að Auðkúlu verði látinn ganga um Reyki á Reykjabraut að Auðkúlu og þaðan að Guðlaugsstöðum í Blöndudal og þar sett brjefhirðing.
24. að aukapóstur verði látinn ganga frá Ljósavatni að Halldórsstöðum í Bárðardal og þar sett brjefhirðing.
25. að aukapóstur verði látinn ganga frá Grenjaðarstað, eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri, um Laxárdal að Skútustöðum og þaðan aptur um Reykjadal að Grenjaðarstað og brjefhirðing sett á Skútustöðum.
26. að brjefhirðing verði sett á Víkingavatni í Kelduhverfi.
27. að aukapósturinn frá Höfða að Kirkjubæ í Norður-Múlasýslu verði lagður niður, en Vopnafjarðarpósturinn látinn ganga um Hjaltastað, Kirkjubæ, Sleðbrjót í Jökulsárhlíð og Torfastaði á Vopnafjörð, en brjefhirðing á þeirri leið að eins höfð á Kirkjubæ.
28. að aukapósturinn frá Prestsbakka að Borgarfelli verði látinn ganga að Mýrum í Álptaveri um Borgarfell.
29. að brjefhirðing sje stofnuð á Eyjarhólum í Mýrdal.

Ed. 419. **Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed).

1. kafli.

Tekjur:

1. gr. Á árunum 1896 og 1897 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,210,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 936,000 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34 000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,500	4,500	9,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	7,500	7,500	15,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000	140,000	280,000
12. tekjur af póstferðum	25,000	25,000	50,000
13. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
samtals	468,000	468,000	936,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landsjóðs, alls 34,000 kr.			
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —			
	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	34,000	34,000	68,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1896 22,770 kr. 62 a.			
- — 1897 22,094 — 17 -			
44,864 kr. 79 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 135,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	8,500	6,500	15,000
samtals...	68,500	66,500	135,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1896 og 1897 veitast til útgjalda 1,287,669.66 samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1896: 12,400 kr., og árið 1897: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 325,074 kr. 66 a.

A.	1896.	1897.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,300	18,316.66	36,616.66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður 800 —	3,300	3,300	6,600
	25,400	25,416.66	50,816.66
flyt...			50,816 66

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
B.	fluttar	.....	.....	50,816.66
Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. laun:				
a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
b. til hreppstjóra.....		6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:				
	1896. 1897.			
a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..	200 — 200 —			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
Þóknun handa lækni...	60 — 60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 — 1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 — 230 —			
Þvottur	30 — 30 —			
til eldiviðar og ljósa ..	520 — 520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa, og áhöld.....	400 — 400 —			
til þess að útvega verkefni.	500 — 500 —			
ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
	4,215 kr. 4,215 kr.			
arður af verkum, talinn	615 — 615 —			
	3,600 kr. 3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 — 100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o.fl.	60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —	5,200	5,200	
		84,400	84,400	168,800
	flyt			219,616.66

	1886.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
C. fluttar:			219,616. 66
Ymisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 300 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (28 arkir) og landshagsskýrslna (25 arkir) ... ... 2,279 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 350 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina ..... 900 —			
	3,829	3,829	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,900	1,900	
3. brunabótargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,200	1,200	
4. styrkur til eflingar búnaði:			

	1896.	1897.		
	kr.	kr.		
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal	3,000	2,500		
2. til skólans á Hólum	3,500	3,500		
3. — — - Eiðum	3,000	2,000		
4. — — - Hvanneyri	4,000	2,000		
b. til búnaðarfjelaga.....	13,000	15,000		
c. til búnaðarfjelagssuðuramtsins	2,000	2,000		
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240	240		
5. til að kaupa »harmonia« í Prestbakka-, Langholts- og Bjarnaness kirkjur í Vestur-Skaptafellss.	600			
6. til að járnklæða Langholts og Þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu.	800	»		
7. styrkur til ábyrgðarfjelags fyrir fiskiskip við Faxaflóa	5,000	»	35,140	27,240
flyt;			42,069	34,169	219,616. 66

			1896.	1897.	alls:
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	42,069	34,169	219,616.66
Þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra í fjelagssjóðinum, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.					
7. fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík, með því að flytja þau á annan stað, allt að	4500		4,500		
8. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitamannsins.....		1,200			
b. til eptirlits með vitanum.....		60			
c. til að kaupa olíu		1,200			
d. — — lampakveiki o. fl. .		150			
e. til að kaupa steinkol..		120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum		200			
g. eptirgjald eptir lóðina		30	2,960	2,960	
9. til annara vita:					
a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu..		11,000			
b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita.		500			
c. til árlegra útgjalda við Gróttuvita		400			
d. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....		500			
Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			12,400	1,400	
10. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði ...			1,000	1,000	
11. til Skúla Thoroddsen greiðist sem uppbót fyrir fjártjón, er hann hefur beðið við málarekstur-inn gegn honum			3,000		
			65,929	39,529	105,458.00
		samtals..			325,074.66

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 127,964 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	38,458	38,458	76,916
2. styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandas.;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu og sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða-, og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar-, og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals- Valla- Fljótsdals- Fellafyrir ofan Þórleifará, og Jökuldalshrepp fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Eyjahrepps og Múla- og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu, meðan þar er ekki skipaður aukalæknir	200	200	400
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið, allt að 300 kr.	300	300	600
flyt...	57,058	57,058	114,116

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	57,058	57,058	114,116
6. styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík	500	500	1,000
7. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa. . . . . 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna . . . . . 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 400 —	4,024	4,024	8,048
f. til undirbúnings holdsveikisspítala 1,800 — Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis, til að fara til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala.	1,800		1,800
g. styrkur til sjúkrahússbyggingar á Sauðárkrók 3000 kr. með því skilyrði, að sýslunefndin skuldbindi sig til að hafa rúm í húsinu fyrir 8 sjúklinga að minnsta kosti	3,000		3,000
Samtals	66,382	61,582	127,964

12. gr. Til samgöngumála veitast 407,500 kr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

	1896	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum . . . . . 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum . . . . . 6,200 —			
c. — brjefhirðingarmönnum . . . . . 4,000 —	12,600	12,600	25,200
2. póstflutningur	36,000	36,000	72,000
3. önnur útgjöld	1896. kr.	1897. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi $1^0/_{00}$ um	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu	800	800	
e. til áhalda	700	700	
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50	
g. óviss útgjöld	200	200	
		3,650	3,650	7,300
samtals...		52,250	52,250	104,500

B.

Til vegabóta:	1896. kr.	1897. kr.		
a. til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðstjórnum við hinar stærri samgöngubætur	3,000	3,000		
Ferðakostnaður greiðist honum eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar, þó eigi fæðispeningar, nema á strandskipum.				
b. til flutningabrauta	40,000	40,000		
c. til þjóðvega	25,000	25,000		
d. til fjallvega	2,000	2,000	70,000	70,000	140,000
flutt...			122,250	122,250	244,500

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	122,250	122,250	244,500
C.				
Til strandferða:	kr.			
a. til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins	45,000			
b. til gufubátaferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að	7,500			
c. til gufubáts í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að	10,000			
d. til gufubáts í Norðlendingafjórðungi, allt að	10,000			
e. til gufubátaferða í Austfirðingafjórð., allt að	6,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b—e greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti ½ á móti ½ úr landsjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds. Loks er styrkurinn bundinn því skilyrði, að bátarnir sjeu eigi minni en 35 smálestir að farmrúmi og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 25 manns undir þaki.				
Að því er snertir styrkinn undir stafl. b, má þó haga þeirri fjárveiting á sama hátt og 1894—95 (12. gr. C., b. og c.), ef eigi getur fengizt til ferðanna bátur, er fullnægi ofangreindum skilyrðum, að því er stærð snertir.				
Styrknum undir staflið c., d. og e. má og skipta í 2 eða fleiri staði hverjum, ef með því fást hagfelldari ferðir um hið tilgreinda svæði eða nokkurn hluta þess.		78,500	78,500	157,000
g. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6,000			
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ½ til móts við landsjóðsstyrkinn.		6,000	»	6,000
	samtals...	206,750	200,750	407,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 272,131 kr.

	1896.	1897.	alls
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:	kr.	kr.	kr.
a. laun til biskupsins....	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum .	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti .	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafa prestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ...	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1.000	46,100
	22,800	23,300	
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun.....	9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:			

	1896.	1897.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897, 80kr. handa hverjum	960 kr.	1280 kr.			
2. ölmusustyrkur.....	400 —	400 —			
3. til tímakennslu.....	100 —	100 —			
4. til bókakaupa	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —			
9. til þess að kaupa »harmonium« til notkunar við kennslu í tónlist og sálmasöng	250 —		2,710	2,780	
			11,910	11,980	23,890
flyt...			....	....	69,990

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			69,990
II. til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: 1896. 1897.			
1. 3 ölmusur, 200 kr. hver 600 kr. 600 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 150 — 150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra . . . . . 500 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 8 lærisveinum . . . . . 640 — 640 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði . 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að . . . 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld . . . 100 — 100 —	2,590	2,390	
	5,790	5,590	11,380
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennaranum . . . 700 —			
— dyraverði . . . . . 1,000 —	2,300	2,300	
1896. 1897.			
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan . . 1,400 — 1,000 —			
4. til tímakennslu . 1,700 — 1,700 —			
5. ölmusur . . . . 5,000 — 5,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk. . 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:			
a. í náttúrusögu ... 200 — 200 —			
b. í eðlisfræði . . 400 — 400 —			
10. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25 kr. fyrir örkina . 600 — 600 —	12,048	11,648	
	33,548	33,148	66,696
flyt...			148,066

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar...			148,066
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1896. 1897.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 — 400 —	2,000	2,000	
		8,600	8,600	
V. til stýrimannaskólans.				17,200
a. laun		1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:				
1. til eldiviðar og ljósa	170 kr.			
2. til tímakennslu	800 —			
3. til áhaldakaupa o. fl..	200 —			
4. útgjöld til skólahússins og húsbúnaðar	100 —			
5. ýmisleg útgjöld	100 —			
6. til þess að kaupa skólahús, fyrir árið 1896	8,000 —			
7. til að auka húsrúm skólans ..	1,600 —	10,970	1,370	
		12,770	3,170	15,940
VI. til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ...	1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi	1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... ... Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja. Leggist annarhvor skólinn niður annað eða bæði árin, ganga ⅔ hlutir þessarar upphæðar til hins skólans	2,000 —			
5. styrkur til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir Norðurland, er komi í stað þeirra tveggja, sem nú eru, sje byrjað á þeirri byggingu á fjárhagstímabilinu, síðara árið	2,500 —			
6. til kvennaskóla á Austurlandi síðara árið	1,200 —	6,200	9,900	
	flyt...	6,200	9,900	181,206

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar..	6,200	9,900	181,206
Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896.			
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum	4,500	4,500	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og söngl ist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík...	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	22,250	25,950	48,200
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.			
b. til sundkennslu annarstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.			
	1,200	1,200	2,400
flyt..			231,806

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			231,806
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ... ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til þjóðvinafjelagsins	750	750	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda, þar af eptir þörfum, til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð 1200 kr.			
b. til umsjónar ... ... 600 —			
c. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá, fyrra árið ... ... 400 —	2,200	1,800	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið .. .. Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800	800	
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við fyrsta bindið, komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
flyt...	12,100	11,700	231,806

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	12,100	11,700	231,806
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið...	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins ... ... Útborgist því að eins, að Árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300	300	
10. til náttúrufræðisfjelagsins .. .. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
15. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.....	500	500	
16. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	500	500	
17. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að	300	300	
18. til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar, 25 kr. fyrir örkina, allt að	125		
19. til kandidats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
20. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	500		
21. styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík	1,200	500	
	20,825	19,300	40,125
Samtals...	....	.....	271,931

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 80,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40. a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. Til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 76,669.66, skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, ávaxtist lán þetta með 3½%, og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist með 3½%, og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. Lánið veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita sýslunefndum í vesturamtinu allt að 60 000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 pCt. á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta ávaxtist með 3½% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 5—10 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fje sje fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 420. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1892—1893. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 5.811 kr. 49 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—3. gr hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. c. 5. veitast:

Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1892: 130 kr. 71 e.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:

Undir A. til útgjalda við póststjórnina:

undir 2. lið: póstflutningur 1893 . . . . . 1.511 kr. 75 au.

undir 3. lið: önnur útgjöld:

d. fyrir prentun á ýmsu	1892	1.046 —	98 —
	1893	121 —	79 —
e. til áhalda	1892	337 —	97 —
	1893	112 —	22 —
g. óviss útgjöld	1892	255 —	82 —
	samtals	3.386 kr.	53 au.

Undir B. til vegabóta:

undir b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . . 1,814 — 25 —

4. gr. Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1892

a. til aðalviðgjörðar á hliði og grindum við brúna fyrir framan landshöfðingjahúsið . . . . . 200 kr.

b. fyrir áhöld við kennarakennslu við Flensborgarskólann . . . 200 —

fyrir árið 1893

c. styrkur til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar . . . . . 80 —

480 kr.

Nd. **421. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Efri deild).

1. grein. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Geirland í Kirkjubæjar hrepp í Skaptafellssýslu	4,000 kr.
2.	Syðri-Vík í sama hrepp	600 —
3.	Litlu Breiðuvík í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu	1,600 —
4.	Skúta í Glæsibæjar-hrepp í Eyjafjarðarsýslu	1,800 —
5.	Þverá í Skriðu hrepp í sömu sýslu . .	3,200 —
6.	½ Borgarlæk í Skefilsstaða-hrepp í Skagafjarðarsýslu	500 —
7.	Húsavík í Kirkjubóls-hrepp í Strandasýslu	1,100 —
8.	Selvelli í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu	850 —
9.	Grendareyjar í Skógarstrandar-hrepp í sömu sýslu	2.700 —
10.	Dal í Miklaholts-hrepp í sömu sýslu . .	1.500 —
11.	Hrísakot í Helgafellssveit í sömu sýslu . .	1,050 —
12.	Hrísnes í Skaptafellssýslu . .	1,400 —
13.	Glúmstaði í Ísafjarðarsýslu . .	150 —
14.	Horn í Nesjum í Skaptafellssýslu (að frá-	

skildum ítaksfjörum Bjarnaneskirkju, er leggjast til Bjarnanes-prestakalls.) . . . . . 2,500 —
15. Efri-vík í sömu sýslu . . 1,000 —
16. Ásgarð með Kárstöðum í sömu sýslu. 1,000 —
17. Hraunkot í sömu sýslu . . 700 —
18. Dalbæ eystri með ½ Uppsölum í sömu sýslu 550 —
19 Nes með Neshjáleigu í Norðurmúlasýslu 3.300 —
20. Árnastaði í sömu sýslu . . . 1,100 —
21. Stakkahlíð í sömu sýslu . . . 2,600 —
22 Hlaðir í Eyjafjarðarsýslu . . . 1,800 —
23 Varmaland í Skagafjarðarsýslu . . 1,250 —
24. Hamar í Rípurhreppi í sömu sýslu . 1,100 —
25. Skefilsstaði í sömu sýslu . . . 2,400 —
26. ½ Hindisvík í Húnavatnssýslu . . 1,700 —
27. Breiðabólstað í Sveinstaðahr. í sömu sýslu 3,100 —
28. Húnstaði í sömu sýslu . . . 1,700 —
29. Kolbeinsvík í Strandasýslu . . . 250 —
30. Söðulsholt í Hnappadalssýslu . . 1,700 —
31. Hrútsholt í sömu sýslu . . . 1,350 —
32. Dalsmynni í sömu sýslu . , . 1,400 —
33. Rauðá í Suðurþingeyjarsýslu , . 2,200 —
34. Bjarnastaði í sömu sýslu . . 2,200 —
35. Leirvogstungu í Kjósar- og Gullbringusýslu 2,600 —

2. grein. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. grein. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðunni Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að öllu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4 grein. Stjórninni veitist og heimild til að selja jörðina Varmá í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir að minnsta kosti 2000 kr. með sömu borgunarskilmálum, sem til eru teknir í 3. gr.

5. grein. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1898

Nd. 422. **Tillaga**

til þingsályktunar um rjett giptra kvenna. (Eins og hún var samþykkt við eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing lagafrumvarp, er tryggi betur en lög nú gera rjett giptra kvenna gegn ráðdeildarleysi eða fjársóun eiginmanna þeirra á fjelagsbúinu.

Ed. 423. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum.

Þótt nefndin verði að telja, að breytingar þær, sem hin háttvirta neðri deild hefur gjört á frumvarpinu, sjeu alls ekki til bóta, ræður hún h. efri deild tímans vegna til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi 9. ágúst 1895.

Þorkell Bjarnason,	Sigurður Stefánsson,	Sigurður Jensson,
formaður.	skrifari.	framsögum.

Ed. 424. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1894—95. Frá Guttormi Vigfússyni.

Aptan við frv. bætist ný gr., sem verði 8. gr.:

„Til sjera Magnúsar Bl. Jónssonar í Vallanesi, endurgreiðsla á glataðri peningasendingu úr póstflutningi í maí 1894 kr. 130,00

Ed. 425. **Viðaukatillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895, þingskjal 383. Frá Hallgr. Sveinssyni.

Aptan við frumv. bætist 2 nýjar greinir svo hljóðandi:

8. gr. Fyrir tekjumissi veitast prestinum í Bjarnanesprestakalli 450 kr.

9. gr. Til að endurreisa $2^1/_2$ fallin kúgildi tilheyrandi fyrverandi Laugarbrekkukirkju veitast Nesþinga prestakalli 186 kr. 60 a.

Ed. 426. **Framhalds-nefndarálit**

í málinu frumv. til laga um stofnun lagaskóla.

Á frumv. því, sem efri deild samþykkti við 3. umræðu, hefur hin h. neðri deild gjört þá eina breytingu, að hún hefur í 5. gr. bætt inn orðunum „hjer á landi". Þessi nánari ákvörðun lögfræðingaembætta þeirra, sem um er að ræða, virðist oss að vísu eigi nauðsynleg, með því að eigi getur um annað verið að tala í þessu sambandi en embætti hjer á landi; en hinsvegar getur breytingin að engu leyti verið athugaverð, og ráðum vjer hinni heiðr. efri deild til að samþykkja frumv. eins og það er prentað á þingskjali 402.

Alþingi 20. ágúst 1895.

L. E. Sveinbjörnsson,	Hallgr. Sveinsson,	Þorleifur Jónsson,
formaður.	skrifari:	framsögum.

Nd. 427. **Tillaga**

til þingsályktunar um útibú landsbankans. Frá Einari Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landshöfðingjann, að hlutast til um, að landsbankinn stofni sem fyrst útibú samkvæmt 9. gr. bankalaganna 18. sept. 1883.

Ed. 428. **Viðaukatillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897, eins og þau voru samþykkt við 2. umr. í efri deild. Frá nefndinni.

Við 13. gr. B. III. c.

Á eptir tölul. 10 bætist inn nýr töluliður (11) svo hljóðandi:

Til áhalda við leikfimiskennslu 300 kr.

Á undan síðustu málsgrein frv. bætist inn ný málsgrein svo hljóðandi: Landstjórninni veitist heimild til að lána hafnarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar úr viðlagasjóði 90.000 kr., til þess að koma upp öflugri stórskipabryggju í Reykjavík úr stáli eða járni; lánið ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum.

Ed. 429. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.) Frá Þorkeli Bjarnasyni, L. E. Sveinbjörnsson og Jóni A. Hjaltalín..

1. Við 13. gr. C. 15. Töluliðurinn falli burt.
2. — — — — 16. Sömuleiðis.
3. — — — — 19. Sömuleiðis.
4. — — — — 20. Sömuleiðis.
5. — — — — 21. Sömuleiðis.

Nd. 430. **Framhaldsálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893.

Í hinni háttvirtu efri deild hefur verið felld úr frumvarpinu 20 kr. fjárveiting fyrir brjefavog handa sýslumannsembætti, en með því samskonar upphæðir hafa áður verið greiddar með samþykki þingsins af fje því, sem ætlað er til óvissra útgjalda í 16. gr. fjárlaganna, og hjer er að eins um litla upphæð að ræða, leggur nefndin það til, að aptan við 4. gr. bætist:

d. fyrir brjefavog til Skagafjarðarsýslu 20 kr.

Alþingi 20. ágúst 1895.

Ólafur Briem. Einar Jónsson. Jón Jensson.

Ed. 431. **Nefndarálit**

um málið: Frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Við undirskrifaðir nefndarmenn, sem áður á öndverðum þingtímanum höfum haft mál þetta til meðferðar eptir umboði h. efri deildar, höfum nú aptur fengið það til íhugunar, með því að h. neðri deild hefur gjört breytingar á lagafrumvarpinu, eins og það var snmþykkt af efri deild. Breytingarnar eru þessar;

1. Það er bætt við nýrri grein, 11. gr., en eptir henni má bæjarstjórnin í Reykjavík leggja á húseigendur a u k a g j a l d, er nemi allt að þriðjungi iðgjalda þeirra, sem greiða ber af hverri húseign til brunabótafjelags dönsku kaupstað-

anna, og er þetta gjald ætlað til að stofna varasjóð, og til að útvega slökkviáhöld, og viðhalda þeim.

2. Eptir 12. gr. eiga ákvæði þessa lagafrumvarps aðeins að gilda frá 1. apríl 1896 til 31. marz 1900.

Í sambandi við þessar aðalbreytingar eru smábreytingar á 3. gr. c og 9. gr. Nefndin er mótfallin þessum breytingum, og þykist mega fullyrða, að bæjarstjórnin í Reykjavík sje einnig mótfallin þeim, en til Reykjavíkur eða bæjarstjórnar hennar taka lögin einkanlega. Aukagjaldið eptir 11. gr. er mjög þungur skattur, sem mun vera bæjarbúum mjög ógeðfelldur, og þykir oss ekki ástæða vera til þess að leggja þennan nýja skatt á bæjarbúa að þeim fornspurðum.

Þá þykir okkur eigi ástæða til þess nú þegar að binda gildi laganna við 4 ára tíma, því að það má afnema lögin á 4 árum liðnum, ef þess þykir þá þörf, þótt slíkt ákvæði sje eigi nú samþykkt. Vjer álítum að frumv. þetta innihaldi verulega rjettarbót fyrir Reykjavíkurkaupstað, sem kaupstaðurinn óskar að fá, og er þá eigi rjett, að setja þau ákvæði í frumv., sem virðist hljóta munu verða því til falls.

Breytingartillögur nefudarinnar við frumv. eru samkv. þessu:

1. Við 3. gr. c. Orðin: „ef samningurinn við fjelagið stendur svo lengi", falli burt.
2. — — — — Í staðinn fyrir: „þess" á eptir „ábyrgð" komi: fjelagsins.
3. — 9. gr. Orðin: „Ef gildi þessara laga skyldi verða framlengt", falli burt.
4. — 11. gr. Þessi grein falli burt.
5. 12. gr. orðist þannig: „Ákvæði þessi öðlast gildi 1. apríl 1896, og er tilsk. 14. febr. 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað o. fl. numið úr gildi frá þeim degi.

Það skal athugað, að frumv. hefur misprentast mjög. og mun verða skýrt frá því við framsöguna.

Reykjavík, 20. ágústmán., 1895.

L. E. Sveinbjörnsson, formaður. Kristján Jónsson, framsögum. Jón Jónsson.

Ed. 432. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897, eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild. Frá nefndinni.

Við 10 gr. C. 11. Orðin: „sem uppbót fyrir fjártjón — — gegn honum" falli burt.

Nd. 433. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð, og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Nd. 434. **Frumvarp**

til laga um heimild þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

Heimilt er hjónaefnum, þótt eigi sjeu þau utan þjóðkirkju að láta veraldlegan valdsmann gefa sig í borgaralegt hjónaband, samkvæmt þeim reglum, er settar eru í lögum 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Nd. 435 **Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1892 og 1893. (Eins og þær voru samþ. við eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að landsreikningnum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvernig þau eru greidd.

2. Að hverjum landsreikningi fylgi sundurliðuð skýrsla um allan málskostnað greiddan úr landsjóði, og um endurgjald hans.

3. Að lán sje eigi veitt úr viðlagasjóði gegn fasteignarveði, nema fyrir liggi virðingargjörðir á fasteignum.

Nd. 436. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykktir, er banna verzlun með áfenga drykki.

Vjer, sem hin háttv. deild hefur falið að íhuga og láta uppi álit um hið ofannefnda frumvarp, höfum rætt það ítarlega, en eigi getað orðið á eitt mál sáttir um tillögur vorar.

Um hina almennu hlið málsins, að útbreiðsla drykkjuskapar sje fjelögunum skaðleg og að fjölgun verzlana, er selja áfengi, leiði með sjer aukinn drykkjuskap, þurfum vjer eigi neinum orðum að fara, því um það eru allir samdóma, svo og um það, að það sje rjett, að veita borgurum hvers eins fjelags rjett til að reisa hæfilegar skorður gegn þessari verzlun. En að því leyti greinir á meiri og minni hluta nefndarinnar, hvað í þessu efni sje hæfilegt og nauðsynlegt, hversu víðtækan rjett veita megi fjelögunum í þessu efni, án þess að raska rjetti annara, sjerstaklega áfengisverzlana, er þegar eru settar á fót.

Vjer, meiri hluti nefndarinnar álítum, að veita eigi fjelögunum fullkominn rjett til að banna alla verzlun með áfengi, hverju í sínu umdæmi. Teljum vjer allar aðrar ráðstafanir hálfverk og ætlum það bæði seinvirkt og að litlu gagni, þótt fjelögunum væri veittur rjettur til að banna aðeins stofnun nýrra áfengisverzlana. Vjer sjáum heldur eigi, að atvinnu-jafnrjetti kaupmanna sje með þessu á neinn hátt raskað, en hið annað fyrirkomulagið mundi koma á miklu misrjetti meðal kaupmanna, þar sem hinar eldri verzlanir mundu við það fá nokkurskonar einkarjett til brennivínsverzlunar, sumar um all-langan aldur, meðan þær eru í höndum sömu eigenda, og sumar um aldur og æfi, og eru það þau verzlunarhús, er stofnuð eru undir hinum eldri lögum, fyrir 1879, og eigi þurfa að endurnýja verzlunarleyfi sín við eigendaskipti. Þetta fyrirkomulag, að banna mætti að eins stofnun nýrra áfengisverzlana, mundi því eigi rjettlátt fyr-

irkomulag, nje heldur gagnlegt til að stemma stigu fyrir brennivínsverzlan Vjer verðum því eindregið að halda oss við ákvæði frumvarpsins í þessu efni

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frv. með þessum breytingum:

1. Við 2. gr. Aptan við gr. bætist:
   Þá er fundur lögmætur, ef að minnsta kosti helmingur þeirra manna, er atkvæðisrjett eiga um málið, eru mættir á fundinum.
2. Við 5. gr. Aptan við gr. bætist: og kaupstaðarbúar atkvæðisrjett á sama hátt og fyrir er mælt í undanfarandi greinum.

Þess er getið, að nefndin hefur álitið, að nauðsynlegt væri, að auka sem mest þekking hjá þjóðinni á þessu málefni, og því í einu hljóði borið upp tillögu til þingsályktunar um að innleiða í öllum alþýðu- gagnfræða- og barnaskólum, er njóta styrks af landsjóði, fræðslu um áfengi og áhrif þess á mannlegan líkama.

Neðri deild 20. ág. 1895.

Einar Jónsson. Guðl. Guðmundsson skrifari og framsögum. Þórður J. Thoroddsen.

Ósamþykkir:
Þórhallur Bjarnason. Jón Jónsson — þm. Eyf.

Ed. 437. **Breytingar- og viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jóni Jakobssyni, Guttormi Vigfússyni og Sigurði Stefánssyni.

1. Við 11. gr. 2 p. Liðurinn orðist svo:
   Til læknis í Skriðdals- Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá.
2. Á eptir 13. gr. C. 14. komi nýr liður svo hljóðandi:
   Styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði til að safna íslenzkum þjóðlögum kr. 1000.00.

Ed. 438. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Sigurði Jenssyni.

Við 2. gr. Fyrir orðin: „Af árgjöldum þeim af Staðarprestakalli . . . . . verða gefnar eptir 400 kr. eru komi: „Árgjöld þau af Staðarprestakalli í Barðarstrandarprófastsdæmi, er áfallin voru í fardögum 1893 og enn eru ógoldin, að upphæð 800 kr., verða gefin eptir og“.

Nd. 439. **Tillaga**

til innanþingsályktunar um lagning á steinstjett meðfram framhlið og austurgafli alþingishússins. Frá Halldóri Daníelssyni og Þ. J. Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela forsetum sínum að ávísa með öðrum alþingiskostnaði þessa árs allt að 800 kr. til að leggja stjett meðfram framhlið og austurgafli alþingishússins.

Ed. 440. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um leigu eða kaup á eimskipi o. s. frv. Þingskjal 393. Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Orðin: »til tveggja ára« — falli burtu.
2. — — — Orðin: »hvort árið« síðast í fyrstu málsgrein verði: »á ári«.
3. — — — Á eptir fyrri málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi:
»Heimilt er farstjóra að leigja auk aðalskipsins annað skip um nokkurn hluta ársins, ef nauðsyn krefur, þó svo, að allur leigu- og útgerðarkostnaður fyrir bæði skipin fari eigi fram úr 170,000 kr. um árið.
4. — — — Orðið »slíkt« í upphafi 2 málsgreinar falli burt.
5. — 9. — Síðasta málsgrein: »Farstjóri og fargæzlumenn« o. s. frv. falli burtu.

Ed. 441. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Þorkeli Bjarnasyni.

Við 7. gr. Í stað 318 kr. 18 aur. komi: 163 kr. 50 aur.

Nd. 442. **Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed).

1. kafli.

Tekjur:

1. gr. Á árunum 1896 og 1897 telst svo til, að tekjur Islands verði 1,210,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 936,000 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34 000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,500	4,500	9,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	7,500	7,500	15,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000	140,000	280,000
12. tekjur af póstferðum	25,000	25,000	50,000
13. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
samtals	468,000	468,000	936,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landsjóðs, alls	34,000 kr.			
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —			
		25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli		1,000	1,000	2,000
samtals		26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1896 22,770 kr. 62 a.			
- — 1897 22,094 — 17 -			
44,864 kr. 79 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880...	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna.....	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 135,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag...	60,000	60,000	120,000
Aukatillag.	8,500	6,500	15,000
samtals...	68,500	66,500	135,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1896 og 1897 veitast til útgjalda 1,287,969.66 samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1896: 12,400 kr., og árið 1897: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 325,074 kr. 66 a.

A.	1896.	1897.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,300	18,316.66	36,616.66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.....	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður 800 —	3,300	3,300	6,600
	25,400	25,416.66	50,816.66
flyt...	.....	.....	50,816 66

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
B.	fluttar	... .	.....	50,816.66
Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. laun:				
a. til dómara og sýslumanna		68,100	68,100	
b. til hreppstjóra.....		6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:				
	1896. 1897.			
a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núver-				
andi umsjónarmann ..	200 — 200 —			
Þóknun handa dóm-				
kirkjuprestinum	100 — 100 —			
Þóknun handa lækni...	60 — 60 —			
b. viðurværi handa föng-				
um, 42 a. á dag	1,225 — 1,225 —			
3 skammtar af miðdags-				
mat handa fangaverði				
á 21 e.	230 — 230 —			
þvottur	30 — 30 —			
til eldiviðar og ljósa ...	520 — 520 —			
útgjöld við byggingunа				
sjálfa, og áhöld.....	400 — 400 —			
til þess að útvega verk-				
efni.	500 — 500 —			
ýmisleg útgjöld...	150 — 150 —			
	4,215 kr. 4,215 kr.			
arður af verkum, tal-				
inn	615 — 615 —			
	3,600 kr. 3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald				
fangelsanna	100 — 100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum mála-				
flutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o.fl.	60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglu-				
mál	3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15				
kr. fyrir hverja örk	150 —	5,200	5,200	
		84,400	84,400	168,800
	flyt			219,616.66

	1886.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
C. fluttar:			219,616. 66
Ymisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 300 kr.			
b. til pappírs og prentunar B deildar stjórnartíðindanna (28 arkir) og landshagsskýrslna (25 arkir) ... ... 2,279 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum 350 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina .. .. 900 —	3,829	3,829	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef...	1,900	1,900	
3. brunabótargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,200	1,200	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:	1896. kr.	1897. kr.	
1. til skólans í Ólafsdal	3 000	2,500	
2. til skólans á Hólum	3.500	3,500	
3. — — - Eiðum	3,000	2,000	
4. — — - Hvanneyri	4,000	2,000	
b. til búnaðarfjelaga.....	13,000	15,000	
c. til búnaðarfjelags suðuramtsins	2,000	2,000	
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240	240	
5. til að kaupa »harmonia« í Prestbakka-, Langholts- og Bjarnaness kirkjur í Vestur-Skaptafellss.	600		
6. til að járnklæða Langholts og þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu.	800	»	
7. styrkur til ábyrgðarfjelags fyrir fiskiskip við Faxaflóa	5,000	»	
		35,140	27,240
flyt:		42,069	34,169	219,616. 66

			1896.	1897.	alls:
			kr.	kr.	kr.
		fluttar..	42,069	34,169	219,616.66
	Þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra í fjelagssjóðinum, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.				
7.	fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík, með því að flytja þau á annan stað, allt að	4500	4,500		
8.	til vitans á Reykjanesi:				
	a. til launa vitamannsins..	1,200			
	b. til eptirlits með vitanum.....	60			
	c. til að kaupa olíu	1,200			
	d. — — lampakveiki o. fl. .	150			
	e. til að kaupa steinkol..	120			
	f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200			
	g. eptirgjald eptir lóðina	30	2,960	2,960	
9.	til annara vita:				
	a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu..	11,000			
	b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita.	500			
	c. til árlegra útgjalda við Gróttuvita	400			
	d. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.... .	500	12,400	1,400	
	Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
10.	til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði ...		1,000	1,000	
11.	til Skúla Thoroddsen greiðist		3,000		
			65,929	39,529	105,458.00
		samtals..			325,074.66

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 127,964 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	38,458	38,458	76,916
2. styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandas.;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu og sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða-, og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar-, og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará, og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Eyjahrepps og Múla- og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu, meðan þar er ekki skipaður aukalæknir	200	200	400
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið, allt að 300 kr.	300	300	600
flyt...	57,058	57,058	114,116

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
flutt.	57,058	57,058	114,116
6. styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík	500	500	1,000
7. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa. . . . . 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna . . . . . 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 400 —	4,024	4,024	8,048
f. til undirbúnings holdsveikisspítala 1,800 —	1,800		1,800
Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis, til að fara til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala,			
g. styrkur til sjúkrahússbyggingar á Sauðárkrók 3000 kr. með því skilyrði, að sýslunefndin skuldbindi sig til að hafa rúm í húsinu fyrir 8 sjúklinga að minnsta kosti	3,000		3,000
Samtals	66,382	61,582	127,964

12. gr. Til samgöngumála veitast 407,500 kr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

	1896	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... ..2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum ....6,200 —			
c. — brjefhirðingarmönnum .....4,000 —	12,600	12,600	25,200
2. póstflutningur	36,000	36 000	72,000

3. önnur útgjöld	1896. kr.	1897. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans..	1,500	1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰ um	200	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200	200			
d. fyrir prentun á ýmsu.....	800	800			
e. til áhalda	700	700			
f. 1 brjefberi í Reykjavík..... ...	50	50			
g. óviss útgjöld	200	200	3,650	3.650	7,300
samtals...			52,250	52,250	104,500

B. Til vegabóta:	1896. kr.	1897. kr.			
a. til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðstjórnum við hinar stærri samgöngubætur.....3,000	3,000				
Ferðakostnaður greiðist honum eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar, þó eigi fæðispeningar, nema á strandskipum.					
b. til flutningabrauta ... .40,000	40,000				
c. til þjóðvega.....25,000	25,000				
d. til fjallvega 2,000	2,000	70,000	70,000	140,000
flutt...		122,250	122,250	244,500

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	122.250	122,250	244,500
C.				
Til strandferða:	kr.			
a. til gufuskipsferða frá útlöndum og með ströndum landsins.....	45,000			
b. til gufubátaferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að.....	7,500			
c. til gufubáts í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að	10,000			
d. til gufubáts í Norðlendingafjórðungi, allt að	10,000			
e. til gufubátaferða í Austfirðingafjórð., allt að	6,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b—e greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að *minnsta kosti* ¼ á *móti* ¾ úr landsjóði, *og* að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds. Loks er styrkurinn bundinn því skilyrði, að bátarnir sjeu eigi minni en 35 smálestir að farmrúmi og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 25 manns undir þaki.				
Að því er snertir styrkinn undir stafl. b, má þó haga þeirri fjárveiting á sama hátt og 1894—95 (12. gr. C., b. og c.), ef eigi getur fengizt til ferðanna bátur, er fullnægi ofangreindum skilyrðum, að því er stærð snertir.				
Styrknum undir staflið c., d. og e. má og skipta í 2 eða fleiri staði hverjum, ef með því fást hagfelldari ferðir um hið tilgreinda svæði eða nokkurn hluta þess.		78,500	78,500	157,000
g. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að.....	6,000			
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ¼ til móts við landsjóðsstyrkinn		6,000	»	6,000
	samtals...	206,750	200,750	407,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 272,131 kr.

	1896.	1897.	alls
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:	kr.	kr.	kr.
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	46,100
	22,800	23,300	
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:			

	1896.	1897.		
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897, 80kr. handa hverjum	960 kr.	1280 kr.		
2. ölmusustyrkur	400 —	400 —		
3. til tímakennslu	100 —	100 —		
4. til bókakaupa	300 —	300 —		
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —		
6. til umsjónar	100 —	100 —		
7. ýmisleg útgjöld	250 —	250 —		
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —		
9. til þess að kaupa »harmonium« til notkunar við kennslu í tónlist og sálmasöng	250 —		2.710	2,780
			11.910	11.980	23,890
		flyt...			69,990

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			69,990
II. til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: 1896. 1897.			
1. 3 ölmusur, 200 kr. hver 600 kr. 600 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 150 — 150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra . . . . . 500 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 8 lærisveinum . . . . . 640 — 640 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði . 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að . . . 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld . . . 100 — 100 —	2,590	2,390	
	5,790	5,590	11,380
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennaranum . . . 700 —			
— dyraverði . . . . . 1,000 —	2,300	2,300	
1896. 1897.			
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan . . 1,400 — 1,000 —			
4. til tímakennslu . 1,700 — 1,700 —			
5. ölmusur . . . . 5,000 — 5,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk. . 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:			
a. í náttúrusögu ... 200 — 200 —			
b. í eðlisfræði . . 400 — 400 —			
10. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25 kr. fyrir örkina . 600 — 600 —			
11. til áhalda við leikfimiskennslu ... 300 —	12,348	11,648	
	33,548	33,148	66,996
flyt...			148,366

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar...			148,366
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld: 1896. 1897.				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 — 400 —			
		2,000	2,000	
		8,600	8,600	
V. til stýrimannaskólans.				17,200
a. laun		1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:				
1. til eldiviðar og ljósa	170 kr.			
2. til tímakennslu	800 —			
3. til áhaldakaupa o. fl..	200 —			
4. útgjöld til skólahússins og húsbúnaðar	100 —			
5. ýmisleg útgjöld	100 —			
6. til þess að kaupa skólahús, fyrir árið 1896	8,000 —			
7. til að auka húsrúm skólans ..	1,600 —	10,970	1,370	
		12,770	3,170	15,940
VI. til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ...	1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi	1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... ... Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja. Leggist annarhvor skólinn niður annað eða bæði árin, ganga ⅔ hlutir þessarar upphæðar til hins skólans	2,000 —			
5. styrkur til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir Norðurland, er komi í stað þeirra tveggja, sem nú eru, sje byrjað á þeirri byggingu á fjárhagstímabilinu, síðara árið	2,500 —			
6. til kvennaskóla á Austurlandi síðara árið	1,200 —	6,200	9,900	
	flyt...	6,200	9,900	181,506

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar..	6,200	9,900	181,506
Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896.			
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum	4,500	4,500	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers.	5,500	5,500	
Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.			
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík...	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	22,250	25,950	48,200
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.			
b. til sundkennslu annarstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.			
	1,200	1,200	2,400
flyt..			232,106

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			232,106
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ... ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til þjóðvinafjelagsins	750	750	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda, þar af eptir þörfum, til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð 1200 kr.			
b. til umsjónar ... ... 600 —			
c. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá, fyrra árið ... ... 400 —			
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið .. .. Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	2,200	1,800	
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við fyrsta bindið, komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
flyt...	12,100	11,700	232,106

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	12,100	11,700	232,106
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið...	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins ... ... Útborgist því að eins, að Árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300	300	
10. til náttúrufræðisfjelagsins ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
15. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.....	500	500	
16. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	500	500	
17. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að	300	300	
18. til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar, 25 kr. fyrir örkina, allt að	125		
19. til kandidats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
20. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	500	500	
21. styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík	1,200		
	20,825	19,300	40,125
Samtals...	....	.....	272,231

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 80,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40. a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. Til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 77,169.66, skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, ávaxtist lán þetta með 3½%, og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist með 3½%, og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. Lánið veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita sýslunefndum í vesturamtinu allt að 60,000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 pCt. á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta ávaxtist með 3½% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 5—10 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Landstjórninni veitist heimild til að lána hafnarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar úr viðlagasjóði 90,000 kr. til þess að koma upp öflugri stórskipabryggju í Reykjavík úr stáli eða járni; lánið endurborgist með 6% á 28 árum.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fje sje fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 443. **Frumvarp**

til laga um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Á kostnað landsjóðs skal, fyrst um sinn taka á leigu eimskip, er sje 400—600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir 40—60 manns í æðra farrúmi og fyrir 30—40 manns í óæðra farrúmi. Allt sje skipið yfirbyggt, traust og vel útbúið, og hafi 10—12 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Til leigugjalds fyrir slíkt skip svo og til nauðsynlegs kostnaðar við útgerð þess m. fl., má verja allt að

150 þús. kr.hvort árið. Heimilt er farstjóra að leigja auk aðalskipsins annað skip um nokkurn hluta ársins, ef nauðsyn krefur, þó svo, að allur leigu- og útgerðarkostnaður fyrir hæði skipin fari eigi fram úr 170,000 kr. um árið.

Nú fæst eigi skip til leigu með aðgengilegum kostum, og skal þá á kostnað landsjóðs kaupa eimskip traust og vandað að allri gerð, er sje að minnsta kosti 600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 60 manns í æðra farrúmi og fyrir eigi færri en 40 manns í óæðra rúmi. Allt sje skipið yfirbyggt og að öllu vel útbúið, og hafi að minnsta kosti 11 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Skipinu skal fylgja lítill eimbátur, er nota megi til flutninga að og frá skipinu á höfnum. Til þess að kaupa slíkt skip má verja allt að 350,000 kr.

2. gr. Eimskip það, sem um ræðir í 1. gr., skal haft í förum milli Íslands og annara landa og kringum strendur landsins, til að flytja póstflutning, fólk og varning, samkvæmt ferðaáætlun, er farstjóri ákveður með ráði fargæzlumanna og landshöfðingi samþykkir.

3. gr. Öll útgjöld til útgerðar skipsins skal veita á fjárlögunum, enda renni allar tekjur þess í landsjóð.

4. gr. Útvegun skipsins samkvæmt 1. gr. skal falin á hendur farstjóra með tilsjón landstjórnarinnar. Útgerð þess hefur farstjóri á hendi undir yfirumsjón fargæzlumanna. Farstjóri skal hafa skrifstofu í Reykjavík og er þar varnarþing hans í öllum þeim málum, er snerta farstjórnina. Ef farstjóri vegna sjúkdóms eða annara forfalla fær eigi um stund gegnt störfum sínum, setur landshöfðingi með ráði fargæzlumanna annan mann til að gegna störfum hans um stundarsakir.

5. gr. Fargæzlumenn skulu vera tveir, og skal annar þeirra kosinn af efri deild alþingis, en hinn af neðri deild, hvor um sig til tveggja ára í senn. Deyi annarhvor þeirra milli þinga, eða fatlist á annan hátt, kýs landshöfðingi, með ráði hins, mann til bráðabirgða í hið auða sæti.

6. gr. Með ráði fargæzlumanna skipar landshöfðingi farstjóra og víkur honum frá, þegar ástæða þykir til. Farstjóri setur hæfilegt við eptir því, sem landshöfðingi ákveður.

7. gr. Farstjóri annast ráðningu yfirmanna á skipið, farþjóna á skrifstofur sínar og fargreiðslumenn á þeim stöðum, er þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Hann ákveður og fargjald og farmeyri, verð á vistum og öllu, er þar að lýtur. Þó skal hann fá samþykki fargæzlumanna, að því er snertir laun, fargjald, farmeyri og allar verðskrár.

8. gr. Farstjóri skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipsins, og rita hann í bók, sem landshöfðingi löggildir til þess. Fyrir marzmánaðarlok skal farstjóri hafa sent landshöfðingja nákvæman reikning með fylgiskjölum fyrir næstliðið almanaksár, er glögglega sýni allan fjárhag skipsútgerðarinnar. Reikningur þessi skal endurskoðaður af manni, sem hið sameinaða alþingi kýs til þess starfa til tveggja ára í senn; því næst úrskurðar landshöfðingi reikninginn. Fyrir endurskoðun reikningsins greiðist 500 kr. þóknun.

Að liðnum hverjum 4 mánuðum skal farstjóri þar að auki tímanlega í maí, september og janúarmánuðum ár hvert semja og senda landshöfðingja stutt yfirlit yfir útgerðina og fjárhag skipsins á hinum næstliðnu 4 mánuðum. Rita skulu fargæzlumenn vottorð sitt bæði á aðalreikninginn og yfirlitið.

9. gr. Farstjóri skal hafa í föst laun 3000 krónur á ári og auk þess 4% af öllum fargjöldum og farmeyri skipsins. Fargæzlumenn skulu hafa 500 króna þóknun hvor á ári.

10. gr. Lög þessi öðlast gildi sama dag og þau eru staðfest.

Nd. 444. **Tillaga**
til þingsályktunar. Frá Einari Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landshöfðingjann, að útvega fyrir næsta þing skýrslur um laxveiði og selveiði um land allt, og áliti um það, hvar líkindi sje til þess, að laxveiði vaxi eða komi upp, ef sel væri eytt.

Nd. 445. **Framhalds-nefndarálit**
í málinu: frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Vjer höfum á fundi í dag íhugað og rætt frumvarp þetta eins og það var samþykkt við 3. umræðu í hinni háttvirtu efri deild.

Þrátt fyrir það, þótt vjer ekki getum talið breytingar þær, er frumvarpið hefur hlotið í háttv. efri deild, heppilegar eður til bóta, viljum vjer hlífast við breytingartillögur við það, þar sem starfstími þingsins er orðinn svo naumur, og ráðum vjer til, að hin háttv. neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi 20. ágúst 1895.

Þorlákur Guðmundsson formaður. Björn Sigfússon. Jens Pálsson skrifari.

Ólafur Briem. Guðl. Guðmundsson.

Ed. 446. **Frumvarp**
til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Á Íslandi skal vera bannað að búa til vínandadrykki og áfenga maltdrykki og sjerhverja aðra áfengisvökva, er ætlaðir sjeu til drykkjar.

Þó skal leyft að brugga öltegundir, er eigi hafa meira en 2° styrkleika.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til landsjóðs 10—2000 kr., og skulu vínföng þau, er búin hafa verið til og áhöld þau, er notuð hafa verið við tilbúninginn, upptæk, og rennur andvirðið í landsjóð.

Nd. 447. **Tillaga**
til þingsályktunar um sölu landsjóðsjarða á erfðafestu. Frá þjóðjarðasölunefndinni í n. d.

Um leið og neðri deild alþingis lýsir yfir því, að hún álíti rjett og heillavænlegt, að selja jarðir landsjóðsins á erfðafestu, ályktar hún að skora á landstjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er innihaldi öll nauðsynleg almenn ákvæði um rjettindi landsjóðs gagnvart erfðafestueigendum og erfðafestueigenda gagnvart landsjóði, að því er snertir væntanlega sölu landsjóðsjarða á erfðafestu.

Ed. 448. **Frumvarp**
til laga um flutning þurfamanna. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Þurfamenn má eigi flytja til átthaga sinna, nema áður sje sannað, hvar

þeir eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar, eða fullnaðarúrskurði yfirvalds.

2. gr. Ef þurfamaður á að flytjast til framfærslusveitar sinnar, skal sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar flutt er, svo og hve margt fólk er í förinni, ef um fjölskyldu er að ræða. Enn fremur gjörir lögreglustjóri allar nauðsynlegar ráðstafanir fyrir flutningnum.

3. gr. Þurfamenn skal flytja sem næst beinni leið, hvort heldur landveg eða sjóveg. Svo skal haga flutningi þurfamanna, að lífi þeirra eða heilsu sje eigi stofnað í hættu. Ef þurfamaður sætir illum aðbúnaði eða skeytingarlausri meðferð í flutningi, varðar það sektum, allt að 100 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir renna í fátækrasjóð framfærslusveitar þurfamannsins.

4. gr. Kostnað við flutning þurfamanna skal að hálfu greiða úr sjóði þess sýslufjelags eða bæjarfjelags, þar sem fyrst er gjörð ráðstöfun fyrir flutningnum, en hinn helmingur kostnaðarins greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, þar sem þurfamaður á framfærslurjett.

5. gr. Hjer með er úr lögum numin 8. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834 um fátækramálefni og opið brjef 17. apríl 1868 um kostnað við flutning þurfamanna.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1896.

Nd. 449. **Tillaga**

til þingsályktunar um gjafsóknir.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að beita valdi því, er hún hefur til að veita gjafsóknir mjög gætilega og ekki nema brýna nauðsyn reki til.

Ed. 450. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 veitast 4,180 kr. 68 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Af árgjöldum þeim af Staðar-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi, er áfallin voru í fardögum 1893 og enn eru ógoldin, að upphæð 800 kr., verða gefnar eptir 400 kr., er dragast frá tekjum þeim, er taldar eru í 1. lið í 5. grein fjárlaganna, að greiddar verði frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. undir lið A. b: „önnur útgjöld", veitist sóknarprestinum í Stóruvalla-prestakalli í Rangárvalla-prófastsdæmi 800 kr. styrkur til að byggja prestsetur handa brauðinu.

4. gr. Til að útvega hæfan mann frá Noregi til að rannsaka og leggja ráð við bráðafári veitist allt að 2500 kr.

5. gr. Til borgunar fyrir læknisþjónustu í 14. læknishjeraði í ágústmánuði 1893 veitast 62 kr. 50 a.

6. gr. Sem viðbót við gjöldin til eptirlauna og styrktarfjár í 15. gr. fjárlaganna veitist til fröken Sigríðar Árnadóttur 100 kr. styrkur fyrir síðara missiri ársins 1895.

7. gr. Til endurgreiðslu á varðhaldskostnaði í sakamáli Jóns Sigurðssonar frá Mýri veitast 163 kr. 50 a.

8. gr. Til sjera Magnúsar Bl. Jónssonar í Vallanesi, endurgreiðsla á glataðri peningasendingu úr póstflutningi í maí 1894, 130 kr.

Nd. 451. **Framhalds-álit**

þjóðjarðasölunefndarinnar í neðri deild.

Enda þótt oss, sem hin heiðraða n. d. kaus í nefnd til þess að íhuga frumv. til laga um sölu þjóðjarða, þætti of viðurhlutamikið að þvertaka í þetta skipti fyrir sölu á þeim landsjóðsjörðum, er ábúendur þeirra höfðu eptir áskilinn undirbúning lagt fölur á, og þætti því ekki annað tiltækilegt en að ráða hinni h. deild til að samþykkja frumv., þá getum vjer eigi dulizt þess, að hjá oss vaknaði við rækilega íhugun þess sterkur efi um, hvort stefna sú, sem að undanförnu fylgt hefur verið í þjóðjarðasölumálinu, sje svo heppileg sem æskilegt væri.

Út af þessu tókum vjer þá ákvörðun að íhuga og rannsaka hver fyrir sig sem rækilegast þessa vafaspurning, og eiga síðan fundi með oss og bera saman, er liði á þingtímann.

Þetta höfum vjer nú gjört, og erum allir á eitt sáttir um, að rekspölur sá, sem mál þetta hefur komizt á, sje svo verulegum annmörkum bundinn, að brýn þörf sje á, að hrinda því ef unnt er inn á tryggari og affarasælli veg, án þess þó að aptra því á nokkurn hátt að ábúendur landsjóðsjarða geti fengið sjálfseignarrjettindi yfir ábýlum sínum, og þarmeð hina eðlilegustu og sterkustu hvöt til búnaðar- og jarðabóta.

Meðal annara annmarka við núverandi rekspöl þjóðjarðarsölunnar eru þeir: 1. að í henni felst engin trygging fyrir því að andvirði jarðanna verði föst arðberandi innstæða landsjóðs, og 2. ekki næg trygging fyrir varanlegri sjálfsábúð á hinum seldu jörðum, og eru þessir ókostir þess eðlis, að þjóðarsalan getur ekki, nema hjá þeim verði komizt, náð til hlítar þeim aðaltilgangi sínum að efla búnaðarlegar framfarir í landinu.

Hjá hinum fyrri annmarkanum má auðvitað komast, með því að hætta algjörlega við þjóðjarðasölu, en það getum vjer eigi álitið ráðlegt bæði vegna þess að leiguliða búskapur er svo miklu óvænlegri til búnaðarframfara en sjálfsábúð, og hins, að hinn mikli umboðskostnaður og önnur afföll á eptirgjöldum jarðanna skerða um of arð landsjóðs af þessum eignum hans.

Hjá þessum vandkvæðum álítum vjer að mætti komast að mestu leyti með því að selja landsjóðsjarðirnar ekki fullnaðarsölu, eins og við hefur gengizt, heldur aðeins á erfðafestu, nema því að eins að sjerstakar ástæður í einstökum tilfellum sjeu því til fyrirstöðu.

Sala lands á erfðafestu hefur viðgengizt hjer á landi einkum í Reykjavík, og gefizt mjög vel. Hefur það sýnt sig, að lönd þau, er þannig hafa seld verið, hafa þegar eptir söluna verið kappsamlega ræktuð, þótt almenn leigulönd á sama svæði hafi vanrækt verið og í engu bætt.

Erfðafestusölunni ætti að vera áliti að haga þannig, að kaupanda fyrir árlegt erfðafestugjald væri afhent jörðin til fullkominnar erfðafestueignar, sem feldi í sjer fullan rjett kaupanda til að selja, veðsetja og ráðstafa eign sinni á annan hátt innan ákveðinna takmarka, er setja þyrfti með sjerstökum lögum.

Samkvæmt þessu teljum vjer æskilegt, að frv. til slíkra laga yrði samið af hálfu **stjórnarinnar, og lagt fyrir næsta alþingi, og leyfum oss að taka fram nokkur atriði, sem**

auk þess, er þegar er tekið fram, þyrfti að voru áliti að kveða á um. 1. Erfðafestugjaldið sje ákveðið í álnum og nemi að minnsta kosti meðaltali eptirgjaldsins fimm síðustu árin. 2. Það hvílir um aldur og æfi á jörðunni sem vextir af óuppsegjanlegu láni með fyrsta veð- og forgangsrjetti á undan öllum öðrum veðskuldum og eignarböndum. 3. Eindagi erfðafestugjaldsins sje ákveðinn. 4. Erfðafestueigandi missi rjettinn til eignarinnar, ef þær misfellur eru á meðferð jarðarinnar eður ábúð á henni, sem útbyggingu valda eptir þeim lögum um ábúð jarðar, er nú gilda eður sett kunna að verða. Falli eignin þá til landsjóðs aptur. 5. Erfðafestueigandi sje skyldaður til að svara eður svara láta öllum opinberum gjöldum af eign sinni landsjóði kostnaðarlaust. 6. Fyrir umsjón af landsjóðshálfu með ábúð á erfðafestujörðunum og innheimtu erfðafestugjaldsins sje leyft að verja allt að 4% af upphæð þess.

Þá er slík lög væru fengin, yrði það framvegis hlutverk löggjafarvaldsins að veita samkvæmt þeim stjórninni heimild til að selja hinar einstöku jarðir á erfðafestu fyrir á kveðið erfðafestugjald, og að áskildum öllum hinum sama undirbúningi, sem nú útheimtist.

Samkvæmt því, sem nú er tekið fram, ráðum vjer hinni háttv. deild til þess, að samþykkja eptirfarandi tillögu til þingsályktunar:

Tillaga til þingsályktunar:

Um leið og neðri deild alþingis lýsir yfir því, að hún álíti rjett og heillavænlegt, að selja jarðir landsjóðsins á erfðafestu, ályktar hún að skora á landstjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er innihaldi öll nauðsynleg almenn ákvæði um rjettindi landsjóðs gagnvart erfðafestueigendum og erfðafestueigenda gagnvart landsjóði, að því er snertir væntanlega sölu landsjóðsjarða á erfðafestu.

Neðri deild alþingis 21. ág. 1895.

Þorlákur Guðmundsson
formaður.

Jens Pálsson	Ólafur Briem
skrifari.	framsögum.
Guðl. Guðmundsson.	Björn Sigfússon.

Ed. **452. Framhalds-nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um breyt. á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Vjer undirskrifaðir nefndarmenn verðum að láta í ljósi megnustu óánægju yfir því, hvernig þetta frv. hefur verið limlest í Nd., þar sem þar hafa verið felldar bæði 1. og 3. gr. frumvarpsins og að eins ein grein fengið að standa eptir, og þó með svo óheppilegri breytingu, að frv. verður naumast aðgengilegt. Úr því sem komið er, ef enginn tími til að fá þessu frv. breytt til bóta, og neyðumst vjer því til að leggja það til, að það verði samþykkt óbreytt af h. Ed.

Efri deild 21. ágúst 1895.

Hallgr. Sveinsson	Sigurður Jensson	Guttormur Vigfússon.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. 453. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897, (eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.). Frá Jóni Jónssyni þm. Eyf., Klemens Jónssyni og Valtý Guðmundssyni.

Við 13. gr. C. Á eptir tölulið 13 bætist inn nýr liður svo hljóðandi:

»Til Þorsteins Erlingssonar 600 — 600«.

Nd. 454. **Nefndarálit**

um frv. til laga um skrásetning skipa.

Vjer, sem kosnir vorum til að íhuga frv. til laga um skrásetning skipa, höfum íhugað frumvarpið og leyfum oss að láta uppi álit vort þannig:

Enda þótt það sje álit vort, að heppilegast væri, að aðalskrásetningarskrifstofan yrði hjer á landi, þá viljum vjer þó eptir atvikum og eins og nú stendur á, eigi fara fram á breytingu í þessa átt, og þar sem sú einasta verulegasta breyting, sem frumvarpið fer fram á, á gildandi lögum, er sú, að skipta þeim störfum, sem hingað til hafa hvílt á 6 lögreglustjórum landsins, milli allra lögreglustjóranna hjer á landi, þá ráðum vjer til, að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 21. ágúst 1895.

Jón Jensson	Skúli Thoroddsen.	Kl. Jónsson
form.		framsögum. og skrifari.

Nd. 455. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga árin 1896—'97, frá Guðjóni Guðlaugssyni, Klemens Jónssyni, Pjetri Jónssyni og Sk. Thoroddsen.

Við 12. gr. C. Í athugasemdum við gufubátana 3 liðir falli burt: »c. d. og e«.

Nd. 456. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1896—'97, frá Guðjóni Guðlaugssyni, Pjetri Jónssyni, Jóni Jónssyni (þingm. Eyf.) og Sighvati Árnasyni.

Við 10. gr. C, 11. í stað: »3000« komi: »5000«.

Nd. 457. **Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Halldóri Daníelssyni.

Aptan við 12. gr. B. d. bætist nýr liður, sem verði stafl. e:

Styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu 1000 kr.

Ed. 458. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, er selt er til útflutnings.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem komið er frá hinni h. neðri deild, og fellst algerlega á þá aðalstefnu þess, að koma sem auðið er í veg fyrir það með lögum, að hross og sauðfje, er selt er til útflutnings, sæti illri eða ómannúðlegri meðferð. Við nákvæma athugun frumvarpsins virðist nefndinni samt ekki bera nauðsyn til ákvæða

þeirra um járning á markaðshrossum, sem 1. gr. frumvarpsins hefur inni að halda; telur nefndin ákvæði greinar þessarar að sumu leyti varhugaverð, þar sem þau í sumum tilfellum geti haft í för með sjer óþarfa ómök og kostnað, og að sumu leyti telur hún þau óþörf, því að með eptirliit því, sem fyrirskipað er í hinum öðrum greinum frumvarpsins, er að ætlun hennar sett nokkurnvegin næg trygging gegn illri meðferð á útflutningshrossum, hvort sem hún stafar af járnaleysi eða öðru. Nefndin ræður því til að fella 1. grein frumvarpsins. Að öðru leyti eru breytingar þær, er hún stingur upp á aðeins orðabreytingar, og ræður hún h. efri deild því til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

1. 1. gr. frumvarpsins falli burt og greinatalan breytist eptir því.
2. Við 2. gr. Fyrir: »hún gerð apturræk« komi: »eigi send til útflutnings«.
3. — 3. gr. Fyrir: »á þeim tíma, er það bíður skips« komi: »á undan útskipun«.
4. — 4. gr. Orðið: »hlutaðeigandi« falli burt.
5. — 4. gr. Fyrir: »sanngjörnum reikningi« komi: »reikningi, er lögreglustjóri úrskurðar«.

Efri deild alþingis 20. ágúst 1895.

Hallgr. Sveinsson	Sigurður Stefánsson	Jón Jakobsson
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Nd. 459 **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs (eins og það var samþykkt við 3. umr. í E. d.) Frá Guðl. Guðmundssyni og Þorláki Guðmundssyni.

1. við 2. gr. orðin: «með ráði fargæzlumanna» falli burt.
2. — 4. gr. orðin: «undir umsjón fargæzlumanna» falli burt.
— — — orðin: «með ráði fargæzlumanna» í seinustu málsgrein greinarinnar falli burt.
3. 5. gr. falli burt.
4. við 6. gr. Greinarupphafið orðist þannig: Landshöfðingi skipar farstjóra og víkur honum frá, þegar ástæða þykir til.
5. við 7. gr. seinasta málsgrein: »Þó skal hann — — — allar verðskrár« falli burt.
6. — 8. — seinasta málsgreinin: «Rita skulu — — — yfirlitið« falli burt.
7. — 9. — Seinni málsgreinin: «Fargæzlumenn — — — á ári» falli burt.

Nd. 460. **Nefndarálit**

við frumvarp til fjárlaga 1896 og 1897. (Eptir 3. umræðu í efri deild).

Fjárlaganefnd neðri deildar hefur tekið til íhugunar þetta frumvarp eins og það kom frá h. Ed. og leggur til, að eptirfylgjandi breytingar sjeu gjörðar á því:

1. Við 11. gr. 4. Fyrir: „2 læknisferðir“
komi: 3 læknisferðir.
Aptan við bætist svo hljóðandi athugasemd:
Styrkirnir undir 3. og 4. tölulið veitast með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlataðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.
2. — 11. — 7. g. Stafliðurinn falli burt.
3. — 12. — A. 2. Fyrir: 36,000 — 36,000
komi: 37,000 — 37,000

4. — 12. — A. 3. e Fyrir: 700 — 700
komi: 1200 — 700

5. — 12. — B. b. Fyrir: 40.000 — 40.000
komi: 45.000 — 4 ,000

6. — 12. — C. Í stað yfirskriptarinnar „Til strandferða“
komi: Til gufubátaferða.

7. — 12. — C. a. Stafliðurinn falli burt.

8. — 12. — C. b. c. d. e. Orðin „til gufubátaferða“ og „til gufubáts“ í upphafi þessara 4 stafliða falli burt.
Stafliðirnir b.—e. verði stafliðir a.—d.

9. Við 13. gr. B. V. a. Fyrir: 1800 — 1800
komi: 2000 — 2000.

10. — 13. — B. V. b. Stafliðurinn orðist þannig:

b. önnur útgjöld:	1896.	1897.
1. til timakennslu	800 kr.	800 kr.
2. — áhaldakaupa o. fl.	200 —	200 —
3. — eldiviðar og ljósa	200 —	200 —
4. — til húsnæðis	300 —	
5. — að byggja skólahús	8000 —	
6. ýmisleg útgjöld við skólahúsið		250 —
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans . . .	600 —	
Tölurnar við útfærsluna á eptir þessum staflið verði	10100 —	1450 —

11. Við 13. gr. C. 5. b. Fyrir: 600
komi: 400
Aptan við bætist nýr stafliður, sem verður c:
til viðbótar við hinn núverandi umsjónarmann 200 kr.
Stafliðurinn c verði stafliður d.

12. Við 13. gr. C. 15. Töluliðurinn falli burt.

13. — 13. — C. 16. Töluliðurinn falli burt.

14. — 13. — C. 20. Töluliðurinn falli burt.

15. — 13. — C. Á eptir 21. tölulið komi nýr töluliður svo hljóðandi:
til að rannsaka hafnir og þrautalendingar með fram suðurströnd landsins, allt að 600 kr.

16. Niðurlagsorð hinnar 3. athugasemdar aptan við frumvarpsgreinarnar, sem hljóðar um lánleyfi til sýslunefnda í vesturamtinu, orðist þannig:
og ávaxtist lán þetta með 3½% og endurborgist á 25 árum.

17. Hin 5. athugasemd, sem hljóðar um lánleyfi til hafnarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar orðist þannig:

Úr viðlagasjóði má veita allt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar, til þess að koma upp öflugri stórskipabryggju í Reykjavík; lánið ávaxtist með 3½ % og endurborgist á 25 árum.

Neðri deild alþingis 21. ágúst 1895.

Tryggvi Gunnarsson formaður. Þórhallur Bjarnarson skrifari og framsögumaður.
Guðjón Guðlaugsson. Jón Jónsson þm., A.-Sk.
Pjetur Jónsson. Sigurður Gunnarsson. Þórður J. Thoroddsen.

Nd. **461. Tillaga**

til þingsályktunar. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson og Þórður Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um, að leitað verði samninga við útlend ríki um, að flóar og firðir á Íslandi sjeu friðaðir fyrir fiskiveiðum útlendinga.

Nd. 462. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Birni Sigfússyni og Valtý Guðmundssyni.
Við 13. gr. B. VI. tölul. 6. e. Fyrir: 500—500, komi: 200—200.

Nd. 463. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896—97; frá Einari Jónssyni og Jens Pálssyni.
Við 13. gr. B. VI. d. í stað: 1600 — 1600, komi: 2200 — 2200.

Nd. 464. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.). Frá Tryggva Gunnarssyni.
Við 10. gr. C, 11. Töluliðurinn falli burt.

Nd. 465. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk.
1. Við 13. gr. C. 15. Fyrir: »500—500« komi: »300—300«.
2. — — — — 16. Fyrir: »500—500« komi: »400—400«.
3. — — — — 20, Fyrir: »500—500« komi: »300—300«.

Nd. 466. **Tillaga**

til þingsályktunar um steinhúsbyggingu fyrir æðri menntastofnanir landsins og söfn þess. Frá Sigurði Gunnarssyni, Ólafi Briem, Tryggva Gunnarssyni, Pjetri Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að reisa skuli byggingu úr steini fyrir æðri menntastofnanir landsins og söfn þess í minningu 50 ára afmælis alþingis.

Ed. 467. **Tillaga**
til þingsályktunar. Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Efri deild ályktar að reisa skuli byggingu úr steini fyrir æðri menntunarstofnanir landsins og söfn þess í minningu 50 ára afmæli alþingis.

Nd. 468. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1896 og 1897. Frá Skúla Thoroddsen.
Við 12. gr. C. e. Orðin: »Loks er styrkurinn« ..... til »að því er stærð snertir« í athugasemdinni falli burt.

Nd. 469 **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga 1896—97. Frá Guðl. Guðmundssyni.
1. Við 10. gr. C. 5. Orðið »Vestur« falli burt.
2. Við 12. gr. C. ath. 3. lið. Orðið »hverjum« falli burt, ef breytingartillagan á þingskj. 455 verður samþykkt.

Nd. 470. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um leigu eða kaup á eimskipi o. s. frv. (þgskj. 443). Frá Guðl. Guðmundssyni.
Við 1. gr. Í stað »150 þús. kr. hvort árið« komi: »150 þús. kr. á ári«.

Nd. 471. **Nefndarálit**
í málinu: Frumvarp til fiskimannalaga.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga þetta frumvarp; en með því að nefndin var skipuð seint á þingtímanum, og með því að annir þingsins hafa verið mjög miklar síðan, hefur oss eigi gefist tækifæri til þess að íhuga frumvarpið og ákvæði þess eins rækilega og nauðsynlegt hefði verið.

Vjer könnumst við það, að ýms ákvæði farmannalaganna eru miður hentug fyrir fiskimenn, eins og að líkindum ræður, þar sem þau eru sjerstaklega samin handa þeim skipum, sem eru í siglingum landa milli. Og enda þó að vjer verðum að játa það, að frumvarp það, er hjer liggur fyrir, sje að ýmsu leyti betur sniðið eptir þörfum íslenzkra fiskimanna, þá þykir oss það eigi svo úr garði gert, að vjer getum ráðið hinni háttvirtu deild til að samþykkja það eins og það er; en enginn tími til að koma fram breytingum á því á þessu þingi.

Neðri deild alþingis 21. ágúst 1895.

Jón Jensson form. — Jón Þórarinsson skrifari. — Kl. Jónsson

Þórh. Bjarnarson. — Skúli Thoroddsen.

Nd. 472. **Framhalds-álit**
um tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1892 og 1893.

Af tillögum þessum hefur efri deild fellt tölul. 4 um undirboð á póstferðum. Nefndin finnur ekki ástæðu til að taka þann lið upp aptur, og ræður því deildinni til að samþykkja tillögurnar óbreyttar, eins og þær nú liggja fyrir.

Alþingi 22. ágúst 1895.

Ólafur Briem. Einar Jónsson. Jón Jensson.

Nd. 473. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárl. 1896 og 1897. Frá Guðl. Guðmundssyni.
Við 12. gr. C.: 3. liður ath. falli burt.

Nd. 474. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1896 og 1897. Frá Kl. Jónssyni.
Við 12. gr. C. e. Síðasti liðurinn í athugasemdunum »Styrkurinn undir staflið c. d. og e.« o. s. frv. falli burt.

Nd. 475. **Tillaga**
til þingsályktunar um lagning á steinstjett meðfram framhlið og austurgafli alþingishússins. Frá Halldóri Daníelssyni og Þórði J. Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela forsetum sínum að ávísa með öðrum alþingiskostnaði þessa árs allt að 800 kr. til að leggja stjett meðfram framhlið og austurgafli alþingishússins.

Nd. 476 **Atkvæðaskrá**
við fjárlögin 1896—1897 (við eina umræðu)

1. Við 10. gr. C. 5. Breytingartill. frá Guðl. Guðmundss. (469)
Orðið »Vestur« falli burt.
3. — 10. — C. 11 Breytingartill. frá Guðjóni Guðlaugss. (456)
Í stað »3000« komi: »5000«.
2. — 10. — C. 11. Breyttill. frá Tryggva Gunnarss. (464)
Töluliðurinn falli burt.
4. — 11. — 4. Breyttill. nefndar (460)
Fyrir: »2 læknisferðir«
komi: »3 læknisferðir«
Aptan við bætist svo hljóðandi athugasemd:
Styrkirnir undir 3. og 4. tölulið veitast með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.
5. — 11. 7. g. Breyttill. nefnd: (460)
Staflíðurinn falli burt
6. — 12. A. 2. Breyttill. nefnd. (460)

Fyrir «36000» — 36000
komi: 37000 — 37000

7. — 12. A. 3. e. Breyttill. nefnd. (460)
Fyrir 700 — 700
komi: 1200 — 700

8. — 12. B. b. Breyttill. nefnd. (460)
Fyrir: 40,000 — 40,000
komi: 45,000 — 45,000

9. — 12. B. d. Breyttill. frá Halld. Dan. (457)
Aptan við 12. gr. B. d. bætist nýr liður, sem verði stafl. e.:
Styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu 1000 kr.

10. — 12. C. Breyttill. nefnd. (460)
Í stað yfirskriptarinnar: «til strandferða»
komi: «Til gufubátaferða».

11. — 12. C. a. Breyttill. nefnd. (460)
Stafliðurinn falli burt

12. — C. b. c. d. e. Breyttill. nefnd. (460)
Orðin: «til gufubátaferða» og «til gufubáts» í upphafi þessara 4 staflíða falli burt.
Stafliðirnir b.—e. verði:
stafliðir a.—d.

13. Við 12. gr. C. e: Breyt.till. frá Skúla Thoroddson (468)
Orðin: »Loks er styrkurinn . . . . . »til« að því er stærð snertir« í athugasemdinni falli burt.

14. Við 12. gr. C. e: Breyt.till. frá Kl. Jónssyni (474)
Síðasti liðurinn í athugasemdunum »Styrkurinn undir staflið c. d. og e« o. s. frv. falli burt.

15. Við 12. gr. C. Breyt.till. frá Guðjóni Guðl. o. fl. (455)
Í athugasemdum við gufubátana 3 liðir falli burt: »c d og e«.

16. Við 12. gr. C. Breyt.till. frá Guðl. Guðmundss. (469)
Orðið »hverjum« falli burt, ef breyt.till. á þgskj. 455 verður samþykkt.

17. Við 12. gr. C. Breyt.till. frá Guðl. Guðmundss. (473)
3. liður ath. falli burt.

18. Við 13. gr. B V. a. Breyt.till. nefndar (460)
Fyrir: 1800—1800
komi: 2000—2000

19. Við 13. gr. B. V. b. Breyt.till. nefndar (460)
Stafliðurinn orðist þannig:

b. önnur útgjöld:	1896	1897
1. til tímakennslu	800 kr.	800 kr.
2. — áhaldakaupa o. fl.	200 —	200 —
3. — eldiviðar og ljósa	200 —	200 —
4. — húsnæðis	300 —	
5. — að byggja skólahús	8000—	
6. ýmisleg útgjöld við skólahúsið . .		250 —
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara fyrir undan-		65

genginn byggingarkostnað
í þarfir skólans 600 —
Tölurnar við útfærsluna á eptir
þessum staflið verði 10100— 1450—

20. Við 13. gr. B. VI. d: Breyt.till. frá Einari Jónss. og Jens Pálss. (463)
Í stað: »1600—1600«.
komi. »2200—2200«.

21. Við 13. gr. B. VI. e. Breyt.till. frá Birni Sigfúss. og Valtý Guðm. (462)
Fyrir: 500—500,
komi: 200—200.

22. Við 13. gr. C. 5. b. Breyt.till. nefndar (460).
Fyrir: »600«
komi: »400«.
Aptan við bætist nýr stafliður, sem verður c:
til viðbótar við hinn núverandi umsjónarmann 200 kr.
Stafliðurinn c. verði stafliður d.

3. Við 13. gr. C. Breyt.till. frá Jóni Jónssyni, þm. Eyf. o. fl. (453):
Á eptir tölulið 13 bætist inn nýr liður svo hljóðandi:
»Til Þorsteins Erlingssonar 600—600«.

24. — 13. — C. 15. Breyt.till. nefnd. (460).
Tölulíðurinn falli burt.

25. — — — C. 15. Breyt.till. frá Jóni Jónss. þm. A.-S. (465):
Fyrir: «500—500«,
komi: »300—300«.

26. — 13. — C. 16. Breyt.till. nefndar (460):
Tölulíðurinn falli burt.

27. — 13. — C. 16. Breyt.till. frá Jóni Jónss. þm. A.-S. (465):
Fyrir: »500—500«,
komi: »400—400«.

28. — 13. — C. 20. Breyt.till. nefnd. (460):
Tölulíðurinn falli burt.

29. — 13. — C. 20. Breyt.till. frá Jón Jónss. A.-S. (465):
Fyrir: »500—500«,
komi: »300—300«.

30. — 13. — C. 21. Breyt.till. nefndar (460):
Á eptir 21. tölulið komi nýr liður svo hljóðandi:
til að rannsaka hafnir og þrautalendingar með fram suðurströnd landsins, allt að 600 kr.

31. Við athugas. aptan við frumv. Breyt.till. nefnd. (460):
Niðurlagsorð hinnar 3. athugasemdar aptan við frumvarpsgreinarnar, sem hljóðar um lánleyfi til sýslunefnda í vesturamtinu, orðist þannig:
og ávaxtist lán þetta með 3½% og endurborgist á 25 árum.

32. — — — — — Breyt.til. nefnd. (460):

Hin 5. athugasemd, sem hljóðar um lánleyfi til hafnarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar, orðist þannig:
Úr viðlagasjóði má veita allt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar, til þess að koma upp öflugri stórskipabryggju í Reykjavík; lánið ávaxtist með 3½ % og endurborgist á 25 árum.

Nd. 477. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs (þgskj. 443). Frá Birni Sigfússyni.
Við 5. gr. Í stað orðanna: »og skal annar þeirra kosinn .. ..hvor um sig,« komi: »og skulu þeir kosnir af sameinuðu alþingi.

Ed. 478. **Framhalds-nefndarálit**
fjárlaganefndarinnar í efri deild.

Þar eð margar hinar verulegustu breytingar, sem gjörðar hafa verið á frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897, eru gjörðar með vitund fjárlaganefndarinnar í efri deild, leggur hún ekki svo mikla áherzlu á hinar smærri breytingar, að henni þyki ástæða til að gjöra ágreiningsatkvæði við hina háttv. neðri deild um þær. Sökum þessa vill nefndin ráða deildinni til þess að fallast á fjárlagafrumvarpið óbreytt, eins og það koma frá neðri deild.

Efri deild alþingis 22. ágúst 1895.

Hallgr. Sveinsson form. | Jón A. Hjaltalín skrifari. | Sigurður Stefánsson framsögumaður.

Guttormur Vigfússon. | Jón Jakobsson.

Ed. **479. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Nd).

1. kafli.

Tekjur:

1. gr. Á árunum 1896 og 1897 telst svo til, að tekjur Islands verði 1,210,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 936,000 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,500	4,500	9,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	7,500	7,500	15,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000	140,000	280,000
12. tekjur af póstferðum	25,000	25,000	50,000
13. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
samtals	468,000	468,000	936,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landsjóðs, alls 34,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34 000	68,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1896 22,770 kr. 62 a.			
— — 1897 22,094 — 17 -			
44,864 kr. 79 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880...	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna.....	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.... ...	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 135,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag...	60,000	60 000	120,000
Aukatillag.	8,500	6,500	15,000
samtals...	68,500	66,500	135 000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1896 og 1897 veitast til útgjalda 1,287,969.66 samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1896: 12,400 kr., og árið 1897: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 327,074 kr. 66 a.

A.	1896.	1897.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,300	18,316.66	36,616.66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.....	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun .... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður 800 —	3,300	3,300	6,600
	25,400	25,416.66	50,816.66
flyt...	.....	.....	50,816 66

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
B. fluttar	.....	.....	50,816.66
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,100	68,100	
b. til hreppstjóra.....	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
1896. 1897.			
a. laun umsjónarmannsins 800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ... 200 — 200 —			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum .... 100 — 100 —			
Þóknun handa lækni... 60 — 60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag ..... 1,225 — 1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e. .... 230 — 230 —			
þvottur ..... 30 — 30 —			
til eldiviðar og ljósa ... 520 — 520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa, og áhöld..... 400 — 400 —			
til þess að útvega verkefni. ..... 500 — 500 —			
ýmisleg útgjöld..... 150 — 150 —			
4,215 kr. 4,215 kr.			
arður af verkum, talinn ..... 615 — 615 —			
3,600 kr. 3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna ..... 100 — 100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn 50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum 40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o.fl. 60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál .... 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál..... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk ..... 150 —	5,200	5,200	
	84,400	84,400	168,800
flyt			219,616.66

			1886.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
C.		fluttar:			219,616. 66
Ýmisleg útgjöld:					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (28 arkir) og landshagsskýrslna (25 arkir)		2,279 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		350 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —	3,829	3,829	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef...			1,900	1,900	
3. brunabótargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			1,200	1,200	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
	1896.	1897.			
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans í Ólafsdal	kr. 3,000	kr. 2,500			
2. til skólans á Hólum	3,500	3,500			
3. — — - Eiðum	3,000	2,000			
4. — — - Hvanneyri	4,000	2,000			
b. til búnaðarfjelaga.....	13,000	15,000			
c. til búnaðarfjelagssuðuramtsins	2,000	2,000			
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240	240			
5. til að kaupa »harmonia« í Prestbakka-, Langholts- og Bjarnaness kirkjur í Skaptafellss.	600				
6. til að járnklæða Langholts og Þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu.	800	»			
7. styrkur til ábyrgðarfjelags fyrir fiskiskip við Faxaflóa	5,000	»	35,140	27,240	
flyt:			42,069	34,169	219,616. 66

			1896.	1897.	alls:
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	42,069	34,169	219,616.66
Þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra í fjelagssjóðinum, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.					
7. fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík, með því að flytja þau á annan stað, allt að	4500		4,500		
8. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitamannsins..		1,200			
b. til eptirlits með vitanum.....		60			
c. til að kaupa olíu		1,200			
d. — — lampakveiki o. fl. .		150			
e. til að kaupa steinkol..		120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum		200			
g. eptirgjald eptir lóðina		30	2,960	2,960	
9. til annara vita:					
a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu..		11,000			
b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita.		500			
c. til árlegra útgjalda við Gróttuvita		400			
d. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.... .		500			
			12,400	1,400	
Þar af 800 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.					
10. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði ...			1,000	1,000	
11. til Skúla Thoroddsen greiðist			5,000		
			67,929	39,529	107,458.00
		samtals..			327,074.66

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 124,964 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	38,458	38,458	76,916
2. styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandas.;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu og sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða-, og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar-, og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará, og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
4. Fyrir 3 læknisferðir á ári til Eyjahrepps og Múla og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu, meðan þar er ekki skipaður aukalæknir	200	200	400
Styrkirnir undir 3. og 4. tölulið veitast með því skilyrði, að ferðir þessar sje auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið, allt að 300 kr.	300	300	600
flyt...	57,058	57,058	114,116

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar	57,058	57,058	114,116
6. styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík		500	500	1,000
7. önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri	400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa	24 —			
d. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —	4,024	4,024	8,048
		1,800		1,800
f. til undirbúnings holdsveikisspítala. Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis, til að fara til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala.	1,800 —			
	Samtals	63,382	61,582	124,964

12. gr. Til samgöngumála veitast 331,000 kr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

		1896	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum	6,200 —			
c. — brjefhirðingarmönnum	4,000 —	12,600	12,600	25,200
2. póstflutningur		37,000	37,000	74,000

3. önnur útgjöld	1896. kr.	1897. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰ um	200	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200			
d. fyrir prentun á ýmsu	800	800			
e. til áhalda	1,200	700			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50			
g. óviss útgjöld	200	200	4,150	3,650	7,800
	samtals		53,750	53,250	107,000

B.

Til vegabóta:

	1896. kr.	1897. kr.			
a. til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðstjórnum við hinar stærri samgöngubætur. Ferðakostnaður greiðist honum eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar, þó eigi fæðispeningar, nema á strandskipum.	3,000	3,000			
b. til flutningabrauta	45,000	45,000			
c. til þjóðvega	25,000	25,000			
d. til fjallvega	2,000	2,000			
e. styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu	1,000		75,000	75,000	150,000
	flutt		129,750	128,250	258,000

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar...		129,750	128,250	258,000
C.				
Til gufubátaferða:	kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að	7,500			
b. í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að	10,000			
c. í Norðlendingafjórðungi, allt að.....	10,000			
d. í Austfirðingafjórð., allt að.....	6,000			
Styrkurinn undir stafliðunum a—d greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti ½ á móti ½ úr landsjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.		33,500	33,500	57,000
g. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að.....	6,000			
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ½ til móts við landsjóðsstyrkinn.		6,000	»	6,000
samtals...		169,250	161,750	331,000

18. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 274,341 kr.

			1896.	1897.	alls
A.					
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			kr.	kr.	kr.
a. laun til biskupsins			7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi			200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafa-prestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum			3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað			1,000	1,000	46,100
			22,800	23,300	
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
	1896.	1897.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897, 80kr. handa hverjum	960 kr.	1280 kr.			
2. ölmusustyrkur	400 —	400 —			
3. til tímakennslu	100 —	100 —			
4. til bókakaupa	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —			
9. til þess að kaupa »harmonium« til notkunar við kennslu í tónlist og sálmasöng	250 —		2,710	2,780	
			11,910	11,980	23,890
		flyt...			69,990

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			69.990
II. til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: 1896. 1897.			
1. 3 ölmusur, 200 kr. hver 600 kr. 600 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 150 — 150 —			
3. til bókakaups og verkfæra . . . . . 500 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 8 lærisveinum . . . . . 640 — 640 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði . 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að . . . 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld . . . 100 — 100 —	2,590	2,390	
	5,790	5,590	11,380
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennaranum . . . 700 —			
— dyraverði . . . . . 1,000 —	2,300	2,300	
1896. 1897.			
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan . . 1,400 — 1,000 —			
4. til tímakennslu . 1,700 — 1,700 —			
5. ölmusur . . . . 5,000 — 5,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk. . 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:			
a. í náttúrusögu ... 200 — 200 —			
b. í eðlisfræði . . 400 — 400 —			
10. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25 kr. fyrir örkina . 600 — 600 —			
11. til áhalda við leikfimiskennslu ... 300 —	12 348	11.648	
	33,548	33,148	66,996
flyt...			148,366

			1896.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...			148,3 66
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1896.	1897.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —	2,000	2,000	
			8,600	8,600	
V. til stýrimannaskólans.					17,200
a. laun			1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu	800 kr.	800 kr.			
2. til áhaldakaupa o. fl.. .	200 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa ...	200 —	170 —			
4. til húsnæðis	300 —				
5. til að byggja skólahús	8,000 —				
6. ýmisleg útgjöld við skólahúsið		250 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —		10,100	1,450	
			11,900	3,250	15,150
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.		1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ...		1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi		1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... ... Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja. Leggist annarhvor skólinn niður annað eða bæði árin, ganga $\frac{2}{3}$ hlutir þessarar upphæðar til hins skólans		2,000 —			
5. styrkur til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir Norðurland, er komi í stað þeirra tveggja, sem nú eru, sje byrjað á þeirri byggingu á fjárhagstímabilinu, síðara árið		2,500 —			
6. til kvennaskóla á Austurlandi síðara árið		1,200 —	6,200	9,900	
		flyt...	6,200	9,900	180,616

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar..	6,200	9,900	180,616
Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896.			
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum	4,500	4,500	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	2,200	2,200	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík...	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	22,850	26,560	49,400
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.			
b. til sundkennslu annarstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.			
	1,200	1,200	2,400
flyt..			232,416

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			232,416
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ... ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til þjóðvinafjelagsins	750	750	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda, þar af eptir þörfum, til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð 1200 kr.			
b. til umsjónar ... ... 400 —			
c. til viðbótar við hinn núverandi umsjónarmann . . . 200 —			
d. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá, fyrra árið ... ... 400 —	2,200	1,800	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið .. .. Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800	800	
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við fyrsta bindið, komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
flyt...	12,100	11,700	232,416

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	12,100	11,700	232,416
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið...	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins ... ... Útborgist því að eins, að Árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300	300	
10. til náttúrufræðisfjelagsins ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. til Þorsteins Erlingssonar . . .	600	600	
15. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
16. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.....	500	500	
17. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	500	500	
18. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að	300	300	
19. til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar, 25 kr. fyrir örkina, allt að	125		
20. til kandidats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
21. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	500	500	
22. styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík	1,200		
23. Til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins allt að 600 kr.	600		
	22,805	19,900	41,925
Samtals...	....	.....	274,341

14. gr. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 80,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40. a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. Til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 1,579 kr. 66 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frv. til laga um leigu eða kaup á eimskipi
— — — — — um brúargjörð á Blöndu.
— — — — — breyt. á l. um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.
— — — — — afnám dómsvalds hæstarjettar í ísl. málum.
— — — — — stofnun lagaskóla.
— — — — — eptirlaun sjera Pjeturs Guðmundss. í Grímsey.
— — — — — breyt. á gjöldum, er hvíla á jafnaðarsjóðunum.
— — — — — breyt. á l. Nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. s. frv.

ná staðfestingu á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin eptir því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, ávaxtist lán þetta með 3½%, og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist með 3½%, og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. Lánið veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita sýslunefndum í vesturamtinu allt að 60,000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán með 3½ pCt. þetta og endurborgist á 25 árum.

Ur viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta ávaxtist með 3½% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 5—10 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkur kaupstaðar, til þess að koma upp öflugri skipabryggju í Reykjavík; lánið ávaxtist með 3½% og endurborgist á 25 árum.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fje sje fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.

Nd. 480. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1892—1893. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í E. d.). Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 4. gr. Á eptir c. bætist: ferðakostnaður 2 presta til sáttaumleitunar milli prests og safnaðar á Seyðisfirði ..... 143 kr.

Ed. 481. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og það var samþ. við eina umr. í N. d.). Frá L. E. Sveinbjörnsson og Þork. Bjarnasyni.

1. Við 10. gr. C. 11. Töluliðurinn falli burt.
2. — 12. — — fyrirsögnina, fyrir: »til gufubátaferða«, komi: »til strandferða og gufubátaferða«.
3. — — — — á undan staflið a. bætist inn nýr stafliður, sem verður stafliður a. svohljóðandi: Til gufuskipaferða frá útlöndum og með ströndum landsins 45,000 hvort árið.
4. — — — — Stafliður a. verði b., og framan í línuna bætist: »til gufubátaferða«.
5. — — — — Stafliðirnir b. og c. verði c. og d. og framan við þá báða bætist: »til gufubáts«.
6. — — — — Stafliður d. verði e. og framan við bætist: »til gufubátaferða«.
7. — — — — Staflið a.—d. í aths. breytist í b.—e.

Nd. 482. **Tillaga**

til þingsályktunar um einkaleyfi til að leggja fjettaþráð til Íslands. Frá Valtý Guðmundssyni, Jens Pálssyni, Skúla Thoroddsen, Guðl. Guðmundssyni, Jóni Jónssyni þm. Eyf.

Neðri deild alþingis skorar á stjórnina, að veita þeim manni eða mönnum, er um það kynni að sækja, einkaleyfi um 5 ára bil til þess að leggja frjettaþráð (telegraf) frá hinum brezku eyjum til Reykjavíkur eða einhvers annars staðar á Íslandi, með þeim skilyrðum, sem henni þykir nauðsyn á, og lýsir deildin því jafnframt yfir, að hún mundi fús á að samþykkja allt að 45,000 kr. (pdst. 2500) fjárveiting sem tillag til fjettaþráðarins á ári, eptir að farið væri að nota hann, og með því skilyrði að honum sje haldið í nýtu standi.

Ed. 483. **Tillaga**

til þingsályktunar um einkaleyfi til að leggja frjettaþráð til Íslands. Frá Jóni A. Hjaltalín og Jóni Jakobssyni.

Efri deild alþingis skorar á stjórnina, að veita þeim manni eða mönnum, er um það kynni að sækja, einkaleyfi um 5 ára bil til þess að leggja frjettaþráð (telegraf) frá hinum brezku eyjum til Reykjavíkur eða einhvers annars staðar á Íslandi, með þeim skilyrðum, sem henni þykir nauðsyn á, og lýsir deildin því jafnframt yfir, að hún mundi fús á að samþykkja allt að 45,000 kr. (pdst. 2500) fjárveiting sem tillag til frjettaþráðarins á ári, eptir að farið væri að nota hann, og með því skilyrði að honum sje haldið í nýtu standi.

Nd. 484. **Frumvarp**
til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað. (Eins og það var samþykkt við eina umr. í Ed.)

1. gr. Öll hús í Reykjavík, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna — hinir svonefndu bæir (hús úr grjóti og torfi), þó því að eins að eigendur þeirra æski þess — skulu vátryggð í hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hjer á eptir.

2. gr. Eigendur hinna vátryggðu húsa skulu jafnt og aðrir hluttakendur í tjeðu brunabótafjelagi takast á hendur einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldbindingar þær, sem hvíla á fjelaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. gr. Að svo miklu leyti sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist, á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafjelagið;
b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 14 aurar af hverjum 100 krónum fyrir hús með þaki úr trje eða öðru efni jafn eldfimu, og 8 aurar af hverjum 100 krónum fyrir önnur hús;
c. að stjórn brunabótafjelagsins hafi heimild til, að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð á öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðir og virða hús að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura á dag og virðingarmönnum hverjum fyrir sig 2 krónur á dag, og jafnast þessir dagpeningar á hús þau, er skoðuð eru, að tiltölu við ábyrgðarupphæð þeirra, en aukaábyrgðargjald það, sem samkvæmt reglum þeim, er gilda fyrir brunabótafjelagið, er greitt, þá er tryggt er að nýju, fellur þá burt;
d. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nje hafi fulltrúa sjer í fjelaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

4 gr. Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð eða breyta vátryggingu þeirra, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en bæjarstjórnin álítur hæfilega.

5. gr. Brunabótagjaldið til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna hvílir á eignum þeim, sem í ábyrgðinni eru, með forgangsrjetti fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það er eigi greitt á rjettum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á landsjóðsköttum.

6. gr. Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í

Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839, sjer í lagi að því er snertir millibilið milli húsanna, nema samið sje um það við fulltrúa brunabótafjelagsins.

7. gr. Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; þó skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti er snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, þó ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

8 gr Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

9 gr. Fulltrúum brunabótafjelagsins skal, ef gildi þessara laga skyldi verða framlengt, áskilinn rjettur til að breyta að tíu árum liðnum með samþykki dómsmálastjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b og d.

10 gr. Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafjelaginu, — en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendur ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða sjerstaks sjóðs brunabótafjelagsins.

11. gr. Ákvæði þessi gilda 1. apríl 1896, og er tilskipun 14. febrúar 1874 um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað o fl numið úr gildi um þann tíma

---

Nd. 485. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895 veitast 4,180 kr. 68 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Af árgjöldum þeim af Staðar-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi, er áfallin voru í fardögum 1893 og enn eru ógoldin, að upphæð 800 kr., verða gefnar eptir 400 kr., er dragast frá tekjum þeim, er taldar eru í 1. lið í 5. grein fjárlaganna, að greiddar verði frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. undir lið A. b: «önnur útgjöld», veitist sóknarprestinum í Stóruvalla-prestakalli í Rangárvalla-prófastsdæmi 800 kr. styrkur til að byggja prestssetur handa brauðinu.

4. gr. Til að útvega hæfan mann frá Noregi til að rannsaka og leggja ráð við bráðafári veitist allt að 2,500 kr.

5. gr. Til borgunar fyrir læknisþjónustu í 14. læknishjeraði í ágústmánuði 1893 veitast 62 kr. 50 a.

6. gr. Sem viðbót við gjöldin til eptirlauna og styrktarfjár í 15. gr. fjárlaganna veitast til fröken Sigríðar Árnadóttur 100 kr. styrkur fyrir síðara missiri ársins 1895.

7. gr. Til endurgreiðslu á varðhaldskostnaði í sakamáli Jóns Sigurðssonar frá Mýri veitast 163 kr. 50 a.

8. gr. Til sjera Magnúsar Bl. Jónssonar í Vallanesi, endurgreiðsla á glataðri peningasendingu úr póstflutningi í maí 1894, 130 kr.

Ed. **486. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1892—1893. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 5,974 kr. 49 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. c. 5. veitast:

Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1892: 130 kr. 71 e.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:

Undir A. til útgjalda við póststjórnina:

undir 2. lið: póstflutningur 1893	1,511 kr.	75 au.
undir 3. lið: önnur útgjöld:		
d. fyrir prentun á ýmsu 1892	1,046 —	98 —
1893	121 —	79 —
e. til áhalda 1892	337 —	97 —
1893	112 —	22 —
g. óviss útgjöld 1892	255 —	82 —
samtals . .	3,386 kr.	53 au.

Undir B. til vegabóta:

undir b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . .	1,814 —	25 —

4. gr. Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1892	
a. til aðalviðgjörðar á hliði og grindum við brúna fyrir framan landshöfðingjahúsið	200 kr.
b. fyrir áhöld við kennarakennslu við Flensborgarskólann	200 —
fyrir árið 1893	
c. styrkur til að gefa út athugasemdir við hagskýrslur Baldvins Baldvinssonar	80 —
d. ferðakostnaður 2 presta til sáttaumleitunar milli prests og safnaðar á Seyðisfirði	143 —
e. fyrir brjefavog til Skagafjarðarsýslu	20 —
	643 —

Ed. 487. **Tillaga**
til þingsályktunar um lagning á steinstjett meðfram framhlið og austurgafli alþingishússins. (Eins og hún var samþykkt við eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að fela forsetum sínum að ávísa með öðrum alþingiskostnaði þessa árs allt að 800 kr. til að leggja stjett meðfram framhlið og austurgafli alþingishússins.

Nd. 488. **Framhalds-álit**
fjárlaganefndar neðri deildar um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. (Eptir 3. umræðu í Ed.).

Hin h. Ed. hefur í 7. gr. tekið upp þá breytingartillögu, sem felld var hjer í deildinni og auk þess bætt við nýrri fjárveiting í 8. gr., sem gæti verið nokkuð vafasöm lagakvöð á landsjóði. Tímans vegna sjer þó fjárlaganefndin sjer eigi annað fært en að ráða til að samþykkja frv. óbreytt, auk þess sem breyting kynni að verða frv. til falls, en nefndinni er sjerstaklega sárt um þá einu fjárveitingu, sem hún sjálf setti inn í frv. og felst í 4. gr. þess.

Nd. 489. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Skúla Thoroddsen og Halldóri Daníelssyni.

Við 7. gr. Í stað 163 kr. 50 a., komi: 318 kr 18 a.

Nd. 490. **Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar um einkaleyfi til að leggja frjettaþráð til Íslands. Frá Valtý Guðmundssyni.

Orðin: »eða einhvers annars staðar á Íslandi«, falli burt.

Nd. 491. **Framhalds-nefndarálit**
um frumvarp til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað.

Að vísu er það eindregið álit meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpinu sje mjög spillt með breytingum þeim, sem á því hafa orðið í efri deild, en með því að frumvarpið getur eigi náð fram að ganga á þessu þingi, ef það er fært í samt lag aptur, hafa fleiri atkvæði orðið fyrir því í nefndinni að ráða deildinni til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi 23. ágúst 1895.

Kl. Jónsson. Jón Jensson form. Ólafur Briem.

Valtýr Guðmundsson. Sk. Thoroddsen.

Nd, 492. **Ávarp til konungs**
frá neðri deild alþingis 1895.

Allramildasti herra konungur!

Nú eru full 50 ár liðin síðan fyrirrennari Yðar Hátignar, hinn hásæli konungur Kristján hinn 8., stofnaði ráðgjafarþing Íslands undir hinu forna fræga nafni alþingis, og í minningu þessa finnum vjer oss knúða til, að ávarpa Yðar Hátign allraþegnsamlegast.

Allir Íslendingar eru Yðar Hátign innilega þakklátir fyrir hinn landsföðurlega velgjörning, er veittur var þjóð vorri, er stjórnarskipunarlög fyrir Ísland voru gefin 5. jan. 1874, þar sem hið ótvíræða grundvallaratriði er sett í 1. grein, að Ísland skuli hafa löggjöf og stjórn út af fyrir sig í sjerstökum málum Íslands, þeim, er upp eru talin og einskorðuð í 3. gr. laga 2. jan. 1871 um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Og þó nú stjórnarfyrirkomulag það, sem byggt hefur verið á þessum grundvelli, hafi því miður í reyndinni ekki verið honum samkvæmt, þá var þó í 61. gr. þessara stjórnarskipunarlaga, í samræmi við skýlausan fyrirvara alþingis 1873, þar sem tiltekið var, að hin fyrirhuguðu stjórnarskipunarlög skyldu endurskoðuð á 4. þingi frá því, að þau kæmu út, opnuð bein leið til þess fyrir hið löggefandi alþing, að koma þessu allsherjar velferðarmáli í heillavænlegra horf, eptir því sem reynslan og kröfur tímans sýndi að hollast og hagkvæmast væri fyrir framsókn og framfarir lands vors og þjóðar í andlegum og líkamlegum efnum.

Þessu samkvæmt hefur nú, síðan þessi frestur leið, eða frá því alþingi kom saman 1881, stöðugt komið inn á alþingi frumvörp í þessa átt og alls verið afgreidd frá 4 þingum sem lög nær samhljóða frumvörp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland á þeim grundvelli, er vjer í öndverðu tókum fram.

En vjer hljótum, er vjer nú ávörpum Yðar Konunglegu Hátign, í minningu 50 ára afmælis alþingis, sem vonin um farsæla framtíð vorrar elskuðu fósturjarðar er svo fast tengd við, að finna sárt til þess, að Íslendingum hefur ekki auðnazt að hljóta konunglega staðfestingu Yðar Hátignar á stjórnarbót fyrir land vort, byggða á þeim grundvelli, sem tjeð stjórnarskipunarlagafrumvörp hafa í sjer fólginn, og verðum vjer þó og þjóð vor, að telja slíka stjórnarbót óhjákvæmilega nauðsynlega fyrir allan þjóðlegan þroska hennar, svo andlegan sem líkamlegan. Og þar sem oss nú á einn veg hefur borizt svo ótvíræður vottur um hina konunglegu velvild Yðar Hátignar til lands vors og þjóðar, og vjer á hinn bóginn vitum með oss sjálfum, að ekkert nema einlægur vilji og lifandi áhugi á því, að vinna að sannri heill og hamingju fósturjarðar vorrar hefur knúð oss til þess, að vinna það, er vjer hingað til höfum unnið, á grundvelli gildandi laga, að stjórnarbót fyrir land vort, þá hljótum vjer að álykta, að einungis hið núverandi fyrirkomulag á pólitisku sambandi Danmerkur og Íslands geti verið þess valdandi, að landsföðurlegur vilji og fyrirheiti Yðar Konunglegu Hátignar og þar á byggðar kröfur þjóðarinnar íslenzku hafa eigi þegar getað samrýmzt.

Í sambandi við það, sem nú er sagt, hlýtur að vaka fyrir oss hin mikla fjarlægð vorrar afskekktu eyju frá aðsetursstað Konungs vors, og hve áríðandi það er fyrir vora pólitisku velferð, að milliliðirnir milli þegnanna á Íslandi og Yðar Konunglegu Hátignar, sjeu háðir þeirri ábyrgð í tillögum sínum, sem sönn þingbundin konungsstjórn getur ekki án verið.

Oss fær eigi dulizt að það einkum hljóti að vera sökum þess, bæði að ráðgjafi Íslands er ábyrgðarlaus í þessu efni, og að umboðsmaður hans hjer á landi hefur heldur ekki neina ábyrgð, að vorar þegnlegu kröfur hafa enn ekki unnið áheyrn Yðar Hátignar.

Og þegar vjer nú loks víkjum sjerstaklega að aðgjörðum alþingis á stjórnarskipunarmáli voru að þessu sinni, þá kom að vísu fram skoðunarmunur um það, hvor leið skyldi helzt valin, eða hvor aðferð væri heppilegust til að halda fram sjálfsstjórnarkröfu vorri, en vjer viljum allir samhuga vekja athygli Yðar Hátignar á því, að þessi skoðanamunur er eigi minnsti vottur þess, að vilji og áhugi hinnar íslenzku þjóðar til þess að fá sanna sjálfstjórn í öllum sínum sjerstöku málum sje valtur eða hikandi, og vjer látum í ljós þá innilegu von og sannfæring, sem byggð er á landsföðurlegri umhyggju Yðar Hátignar fyrir þjóð vorri, og konunglegum fyrirheitum, að nú verði á þessum minningarverðu tímamótum að tilhlutun Yðar Hátignar sjálfs breytt sjórnarfyrirkomulagi voru í betra og hag. felldara horf.

Er vjer að þessu sinni sátum að löggjafarstörfum vorum, barst oss fregnin um sjúkdóm Yðar Hátignar, sem fjekk oss sárrar hryggðar, því að öll hin íslenzka þjóð minnist Yðar Hátignar og mun ávallt minnast með hreinskilinni elsku og þakklátsemi, og tekur hina innilegustu hlutdeild í öllum lífskjörum Yðar Hátignar.

Vjer biðjum almáttugan guð að blessa Yðar Konunglegu Hátign, ætt Yðar og ástmenn, ríkisstjórn, lönd og þegna.

---

493. Tillaga

til þingsályktunar um steinhúsbyggingu fyrir æðri menntastofnanir landsins og söfn þess. Samþykkt við eina umr. í báðum deildum.

Neðri deild alþingis ályktar að reisa skuli byggingu úr steini fyrir æðri menntastofnanir landsins og söfn þess í minningu 50 ára afmælis alþingis.

Ed. **494. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1896 og 1897. (Eins og það var samþ. við eina umr. í Ed).

1. kafli.

Tekjur:

1. gr. Á árunum 1896 og 1897 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,210,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 936,000 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,500	4,500	9,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	7,500	7,500	15,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000	140,000	280,000
12. tekjur af póstferðum	25,000	25,000	50,000
13. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
samtals...	468,000	468,000	936,000

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landsjóðs, alls 34,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals...	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1896 22,770 kr. 62 a.			
- — 1897 22,094 — 17 -			
44,864 kr. 79 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880...	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna.....	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 135,000 kr.:

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag.....	60,000	60,000	120,000
Aukatillag....	8,500	6,500	15,000
samtals...	68,500	66,500	135,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1896 og 1897 veitast til útgjalda 1,212,649.66 samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1896: 12,400 kr., og árið 1897: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 327,074 kr. 66 a.

A.	1896.	1897.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,300	18,316.66	36,616.66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.....	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður 800 —	3,300	3,300	6,600
	25,400	25,416.66	50,816.66
flyt...	.....	.....	50,816.66

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
B. fluttar	.....	.....	50,816.66
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,100	68,100	
b. til hreppstjóra.....	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
1896. 1897.			
a. laun umsjónarmannsins 800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ... 200 — 200 —			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum .... 100 — 100 —			
Þóknun handa lækni... 60 — 60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag ..... 1,225 — 1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 a. .... 230 — 230 —			
þvottur ..... 30 — 30 —			
til eldiviðar og ljósa ... 520 — 520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa, og áhöld..... 400 — 400 —			
til þess að útvega verkefni. .... 500 — 500 —			
ýmisleg útgjöld..... .... 150 — 150 —			
4,215 kr. 4,215 kr.			
arður af verkum, talinn ..... 615 — 615 —			
3,600 kr. 3,600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna ..... 100 — 100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn 50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum 40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o.fl. 60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál .... 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál..... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk ..... 150 —	5,200	5,200	
	84,400	84,400	168,800
flyt			219,616.66

			1896.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	C.	**fluttar:**			219,616. 66
	Ýmisleg útgjöld:				
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
	b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (28 arkir) og landshagsskýrslna (25 arkir)	2,279 —			
	c. til kostnaðar við sending með póstum	350 —			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina	900 —			
			3,829	3,829	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burð areyri undir embættisbrjef...		1,900	1,900	
3.	brunabótargjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,200	1,200	
4.	styrkur til eflingar búnaði:				
	a. til búnaðarskóla:	1896. / 1897.			
	1. til skólans í Ólafsdal	kr. 3,000 / kr. 2,500			
	2. til skólans á Hólum	3,500 / 3,500			
	3. — — - Eiðum	3,000 / 2,000			
	4. — — - Hvanneyri	4,000 / 2,000			
	b. til búnaðarfjelaga.....	13,000 / 15,000			
	c. til búnaðarfjelagssuðuramtsins	2,000 / 2,000			
	d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240 / 240			
5.	til að kaupa »harmonia« í Prestbakka-, Langholts- og Bjarnaness kirkjur í Skaptafellssýslu.....	600			
6.	til að járnklæða Langholts og Þykkvabæjarklausturskirkjur í Vestur-Skaptafellssýslu.	800 / »			
7.	styrkur til ábyrgðarfjelags fyrir fiskiskip við Faxaflóa	5,000 / »			
			35,140	27,240	
	flyt:		42,069	34,169	219,616. 66

		1896.	1897.	alls:
		kr.	kr.	kr.
	fluttar...	42,069	34,169	219,616.66
	Þar af verða 2000 kr. sjereign þeirra í fjelagssjóðinum, sem eru fjelagsmenn við ársbyrjun 1896, en 3000 kr. verða varasjóður fjelagsins.			
8.	fyrir að eignast lóðina undir frönsku fiskimannahúsunum í Reykjavík, með því að flytja þau á annan stað, allt að	4,500		
9.	til vitans á Reykjanesi:			
	a. til launa vitamannsins..	1,200		
	b. til eptirlits með vitanum.....	60		
	c. til að kaupa olíu	1,200		
	d. — — lampakveiki o. fl. .	150		
	e. til að kaupa steinkol..	120		
	f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200		
	g. eptirgjald eptir lóðina..... ...	30	2,960	2,960
10.	til annara vita:			
	a. til að byggja vita á Skagatá og Gróttu..	11,000		
	b. til árlegra útgjalda við Skagatáarvita.	500		
	c. til árlegra útgjalda við Gróttuvita	400		
	d. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð.....	500		
	Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
			12,400	1,400
11.	til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði ...		1,000	1,000
12.	til Skúla Thoroddsen greiðist		5,000	
			67,929	39,529	107,458.00
	samtals..				327,074.66

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 124,964 kr.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	38,458	38,458	76,916
2. styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandas.;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu og sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsnes-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða-, og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar-, og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará, og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
4. Fyrir 3 læknisferðir á ári til Eyjahrepps og Múla- og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu, meðan þar er ekki skipaður aukalæknir.....	200	200	400
Styrkirnir undir 3. og 4. tölulið veitast með því skilyrði, að ferðir þessar sje auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið, allt að 300 kr.	300	300	600
flyt...	57,058	57,058	114,116

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar	57,058	57,058	114,116
6. styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík		500	500	1,000
7. önnur útgjöld:				
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200 kr.			
b. — — — á Akureyri	400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa	24 —			
d. til náms yfirsetukvenna	2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —	4,024	4,024	8,048
f. til undirbúnings holdsveikisspítala. Af þessari upphæð greiðist ferðastyrkur til læknis, til að fara til Noregs til að búa sig undir læknisstörf við hinn fyrirhugaða spítala		1,800		1,800
	Samtals	63,382	61,582	124,964

12. gr. Til samgöngumála veitast 331,000 kr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

		1896	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum	6,200 —			
c. — brjefhirðingarmönnum	4,000 —	12,600	12,600	25,200
2. póstflutningur		37,000	37,000	74,000
3. önnur útgjöld	1896. 1897.			
	kr. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500 1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1°/₀₀ um	200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu	800 800			
e. til áhalda	1,200 700			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50 50			
g. óviss útgjöld	200 200	4,150	3,650	7,800
	samtals	53,750	53,250	107,000

B.

Til vegabóta:	1896. kr.	1897. kr.		
a. til verkfræðings til aðstoðar landstjórn og hjeraðstjórnum við hinar stærri samgöngubætur	3,000	3,000		
Ferðakostnaður greiðist honum eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar, þó eigi fæðispeningar, nema á strandskipum.				
b. til flutningabrauta	45,000	45,000		
c. til þjóðvega	25,000	25,000		
d. til fjallvega	2,000	2,000		
e. styrkur til brúargjörðar á Langá í Mýrasýslu	1,000		76,000	75,000	151,000
		flutt	129,750	128,250	258,000

		1896.	1897.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar...		129,750	128,250	258,000
C.				
Til gufubátaferða:	kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að	7,500			
b. í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að	10,000			
c. í Norðlendingafjórðungi, allt að	10,000			
d. í Austfirðingafjórðungi, allt að	6,000			
Styrkurinn undir stafliðunum a—d greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti ½ á móti ½ úr landsjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.		33,500	33,500	67,000
e. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6,000			
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ½ til móts við landsjóðsstyrkinn.		6,000	»	6,000
samtals...		169,250	161,750	331,000

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 274,611 kr.

			1896.	1897.	alls
A.					
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			kr.	kr.	kr.
a. laun til biskupsins			7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi			200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafa-prestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum			3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað			1,000	1,000	
			22,800	23,300	46,100
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:	1896.	1897.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1896 og 16 1897, 80kr. handa hverjum	960 kr.	1280 kr.			
2. ölmusustyrkur	400 —	400 —			
3. til tímakennslu	100 —	100 —			
4. til bókakaupa	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —			
9. til þess að kaupa »harmonium« til notkunar við kennslu í tónlist og sálmasöng	250 —				
			2,710	2,780	
			11,910	11,980	23,890
		flyt...			69,990

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			69,990
II. til læknaskólans.			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: 1896. 1897.			
1. 3 ölmusur, 200 kr. hver 600 kr. 600 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 150 — 150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra . . . . . 500 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . . . . 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 8 lærisveinum . . . . . 640 — 640 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði . 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að . . . 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld . . . 100 — 100 —	2,590	2,390	
	5,790	5,590	11,380
III. til hins lærða skóla:			
a. laun	19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum . . . . 600 kr.			
— fimleikakennaranum . . . 700 —			
— dyraverði . . . . . 1,000 —	2,300	2,300	
1896. 1897.			
c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan . . 1,400 — 1,000 —			
4. til tímakennslu . 1,700 — 1,700 —			
5. ölmusur . . . . 5,000 — 5,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld . 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk. . 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:			
a. í náttúrusögu ... 200 — 200 —			
b. í eðlisfræði . . 400 — 400 —			
10. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum 25 kr. fyrir örkina . 600 — 600 —			
11. til áhalda við leikfimiskennslu ... 300 —	12,348	11,648	
	33,848	33,148	66,996
flyt...			148,366

			1896.	1897.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...			148,366
IV.	til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
	a. laun		6,600	6,600	
	b. önnur útgjöld:	1896. 1897.			
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr. 400 kr.			
	2. til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
	3. til skólahússins utan og innan..	200 — 200 —			
	4. ýmisleg útgjöld	500 — 500 —			
	5. til styrkveitingar námspiltum	400 — 400 —	2,000	2,000	
			8,600	8,600	
V.	til stýrimannaskólans.				17,200
	a. laun		1,800	1,800	
	b. önnur útgjöld:				
	1. til tímakennslu	800 kr. 800 kr.			
	2. til áhaldakaupa o. fl.. .	200 — 200 —			
	3. til eldiviðar og ljósa ...	200 — 170 —			
	4. til húsnæðis	300 —			
	5. til að byggja skólahús	8,000 —			
	6. ýmisleg útgjöld við skólahúsið	250 —			
	7. þóknun til hins núverandi fasta kennara fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —	10,100	1,420	
			11,900	3,220	15,120
VI.	til annarar kennslu:				
	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík ... þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,800 kr.			
	2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ...	1,200 —			
	3. til kvennaskólans á Laugalandi	1,200 —			
	4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... ... Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja. Leggist annarhvor skólinn niður annað eða bæði árin, ganga ⅔ hlutir þessarar upphæðar til hins skólans	2,000 —			
	5. styrkur til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir Norðurland, er komi í stað þeirra tveggja, sem nú eru, sje byrjað á þeirri byggingu á fjárhagstímabilinu, síðara árið...	2,500 —			
	6. til kvennaskóla á Austurlandi síðara árið	1,200 —	6,200	9,900	
		flyt...	6,200	9,900	180,686

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar..	6,200	9,900	180,686
Styrkur þessi greiðist því að eins, að skólinn sje stofnaður og hæfilegt skólahús sje byggt fyrir árslok 1896.			
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, öðrum en kaupstöðum	4,500	4,500	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers	5,500	5,500	
Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslu nefnda og stiptsyfirvaldanna.			
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	2,200	2,200	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík...	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	22,850	26,550	49,400
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík	200	200	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.			
b. til sundkennslu annarstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.			
	1,200	1,200	2,400
flyt..			232,486

	1896.	1897.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...			232,486
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500	500	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
4. til þjóðvinafjelagsins	750	750	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda, þar af eptir þörfum, til að gefa út skrá á íslenzku og ensku með myndum af merkustu og ásjálegustu gripunum, 4—5 arkir að stærð 1200 kr.			
b. til umsjónar ... ... 400 —			
c. til viðbótar við hinn núverandi umsjónarmann . . . 200 —			
d. fyrir að semja og búa undir prentun á íslenzku og ensku ofannefnda gripaskrá, fyrra árið ... ... 400 —	2,200	1,800	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við fyrsta bindið, komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
flyt...	12,100	11,700	232,486

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	12,100	11,700	232,486
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið...	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins ... ... Útborgist því að eins, að Árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300	300	
10. til náttúrufræðisfjelagsins ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. til Þorsteins Erlingssonar . . .	600	600	
15. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
16. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.....	500	500	
17. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	500	500	
18. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að	300	300	
19. til prentunar á tillögum til endurskoðaðrar handbókar, 25 kr. fyrir örkina, allt að	125		
20. til kandidats Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
21. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	500	500	
22. styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og og endurbættar tóvinnuvjelar á Húsavík	1,200		
23. Til að rannsaka hafnir og þrautalendingar meðfram suðurströnd landsins allt að 600 kr.	600		
	22,225	19,900	42,125
Samtals...	....	.....	274,611

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 80,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40. a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 160 kr., til fröken Sigríðar Árnadóttur 200 kr. Til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 1,849 kr. 66 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frv. til laga um leigu eða kaup á eimskipi,
— — — — — um brúargjörð á Blöndu,
— — — — — breyt. á lögum um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk,
— — — — — afnám dómsvalds hæstarjettar í ísl. málum,
— — — — — stofnun lagaskóla,
— — — — — eptirlaun sjera Pjeturs Guðmundss. í Grímsey,
— — — — — breyt. á gjöldum, er hvíla á jafnaðarsjóðunum,
— — — — — breyt. á lögum Nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. s. frv.,
ná staðfestingu á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin eptir því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, ávaxtist lán þetta með 3½%, og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist með 3½%, og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 8—10 árum. Lánið veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita sýslunefndum í vesturamtinu allt að 60,000 kr. lán til gufubátskaupa, og ávaxtist lán þetta með 3½ pCt. og endurborgist á 25 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga, eða einstakra manna, er byggt hafa ísgeymsluhús. Lán þetta ávaxtist með 3½% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaust, en endurborgist síðan á 5—10 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 8000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 90,000 kr. lán til Reykjavíkur kaupstaðar, til þess að koma upp öflugri skipabryggju í Reykjavík; lánið ávaxtist með 3½% og endurborgist á 25 árum.

Öll þessi lán veitist þó því að eins, að fje sje fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera.